

Árbók Háskóla Íslands 2008

Efnisyfirlit

FORMÁLI	7
STJÓRN OG SKIPULAG HÁSKÓLA ÍSLANDS	9
Skipurit	12
HELSTU VIÐBURÐIR 2008	
Ár breytinga og árangurs	17
Rekstur Háskólans	20
Jafnréttismál	21
Húsnæðismál	21
Háskólaþing	22
Alþjóðlegt samstarf	22
Samstarf við íslenskt atvinnulíf og stofnanir	25
Innlendir og erlendir styrkir, verðlaun og viðurkenningar	26
Fræðasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni	30
Heimsóknir	31
Opinn Háskóli	31
Ýmsir viðburðir	32
Afmæli	34
Háskóli Íslands í hnotskurn 2008	36
STARFSNEFNDIR HÁSKÓLARÁÐS	39
Fjármálanefnd	39
Gæðanefnd	40
Jafnréttisnefnd	41
Kennslumálanefnd	41
Samráðsnefnd um kjaramál	42
Vísindanefnd	42
STJÓRNSÝSLA	45
Skrifstofa rektors	45
Markaðs- og samskiptamál	46
Kennslumál, stúdentar og brautskráningar	51
Kennslumiðstöð	56
Náms- og starfsráðgjöf	59
Jafnréttismál	62
Tungumálamiðstöð	65
Skjalasafn	65
Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands	67
Rannsóknir	74
Rannsóknatengdir sjóðir	77
Starfsmanna- og starfsþróunarmál	83
Rekstur og framkvæmdir	87
Fjárreiður og rekstur	88
Ársreikningur Háskóla Íslands 2008	91
Styrktarsjóðir Háskóla Íslands	94
DEILDIR	105
Félagsvísindadeild og stofnanir hennar	105
Félagsvísindastofnun	109
Mannfræðistofnun	112
Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála	113
Guðfræðideild og stofnanir hennar	117
Guðfræðistofnun	117
Hjúkrunarfræðideild og stofnanir hennar	119
Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala ..	121
Hugvísindadeild og stofnanir hennar	123
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós	124
Hugvísindastofnun	126
Bókmenntafræðistofnun	128
Heimspækistofnun	129
Málvísindastofnun	129
Sagnfræðistofnun	132
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	133
Þýðingasetur Háskóla Íslands	137
Lagadeild og stofnanir hennar	141
Lagastofnun	143
Lyfjafræðideild og stofnanir hennar	146
Rannsóknastofnun um lyfjamál (RUL)	147
Læknadeild og stofnanir hennar	151

Læknisfræði	151
Geisla- og lífeindafræði	156
Sjúkrþjálfun	156
Miðstöð í lýðheilsuvísindum	158
Lífeðlisfræðistofnun	160
Lífefna- og sameindalíffræðistofa	161
Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði	162
Rannsóknastofa í lyfja- og eitrefnafræði	163
Raunvísindadeild og stofnanir hennar	166
Líffræðistofnun	167
Land- og ferðamálafræðistofa	168
Raunvísindastofnun Háskólans	169
Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun	170
Eðlisfræðistofa	170
Efnafræðistofa	174
Lífefnafræðideild efnafræðistofu	174
Reiknifræðistofa	175
Stærðfræðistofa	176
Jarðvísindastofnun	176
Rannsóknastofa í matvælaefnafræði	183
Tannlæknadeild og stofnanir hennar	185
Tannlækningastofnun	185
Verkfræðideild og stofnanir hennar	187
Viðskipta- og hagfræðideild og stofnanir hennar	191
Hagfræðistofnun	192
Viðskiptafræðistofnun	193
FRÆÐASVIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS	197
Val á forsetum fræðasviða. Ávarp rektors við tilkynningu um val á fimm forsetum fræðasviða Háskóla Íslands 9. september 2008	197
Félagsvísindasvið	201
Heilbrigðisvísindasvið	210
Hugvísindasvið	214
Menntavísindasvið	218
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	224
RANNSÓKNASTOFNANIR Í TENGLUM VIÐ HÁSKÓLANN	227
Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur um smáriki	227
Mannréttindastofnun	232
Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði	234
Rannsóknastofa Krabbameinsfélags Íslands og Háskóla Íslands í sameinda- og frumulíffræði	237
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum	238
Rannsóknastofa um mannlegt atferli (RMA)	241
Rannsóknastofa Háskólans í meinafræði	242
Rannsóknastofa í næringarfræði	242
Rannsóknastofa í ónæmisfræði	243
Rannsóknastofa í sýklafræði	245
Rannsóknastofa í veirufræði	245
Rannsóknastöðin í Sandgerði	247
Siðfræðistofnun	247
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	249
Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands	251
Fræðasetrið á Hornafirði	252
Rannsóknasetur Vestmannaeyja	253
Háskólasetrið í Hveragerði	253
Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði	255
Háskólasetur Snæfellsness, Stykkishólmi	256
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Bolungarvík	256
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík	257
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum	258
Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir	258
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum	262
ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	265
Endurmenntun Háskóla Íslands	265
Happdrætti Háskóla Íslands	267
Háskólaútgáfan	269
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	270
Listasafn Háskóla Íslands	273
Rannsóknþjónusta Háskólans	274
Reiknistofnun	276

Þekkingarnet	280
BRAUTSKRÁNINGARRÆÐUR HÁSKÓLAREKTORS OG ÁVÖRP	
VIÐ ÖNNUR HÁTÍÐLEG TÆKIFÆRI	283
Ávarp rektors við brautskráningu kandiðata 23. febrúar 2008	283
Ávarp rektors við brautskráningu kandiðata 14. júní 2008	285
Ávarp rektors við brautskráningu kandiðata 25. október 2008	288
Ávarp rektors við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands 1. júlí 2008	292
BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR	295
DOKTORSPRÓF	311
HEIÐURSDOKTORAR	313
NÝ OG BREYTT STÖRF	315
KENRARAR HÁSKÓLA ÍSLANDS	319
HELSTU SÍMANÚMER, FAXNÚMER, NETFÖNG OG VEFFÖNG HÁSKÓLA ÍSLANDS	329





Formáli



Árið 2008 var tími árangurs og breytinga í starfi Háskóla Íslands. Þrennt stendur upp úr: Í fyrsta lagi nýtt skipulag og stjórnkerfi skólans, í öðru lagi sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og í þriðja lagi afar góður árangur við framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011.

Eftir stjórnskipulagsbreytinguna og sameiningu háskólanna, sem hvort tveggja tók gildi 1. júlí, skipast Háskóli Íslands í fimm fræðasvið, Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið og skiptist hvert þeirra í nokkrar deildir. Markmiðið með þessari nýskipan er að styrkja í senn grunneiningar skólans og Háskólann sem heild og gera honum þannig enn betur kleift að ná metnaðarfullum vísindamarkmiðum sínum, íslenskri þjóð til hagsbóta.

Mikilvægum áfanga í sókn Háskóla Íslands að markmiðum sínum var náð með undirritun árangurstengds samnings við menntamálaráðuneytið í ársbyrjun 2007 um fjármögnun stefnu skólans. Árangurinn hefur sannarlega ekki látið á sér standa. Eftir fyrstu þrjú ár gildistíma stefnunnar hefur Háskólinn náð öllum árangursmarkmiðum sínum og í sumum tilvikum gott betur.

Með því að setja skýr markmið í starfinu og sækja að þeim af ósérhlífni og metnaði hafa starfsfólk og stúdentar sýnt að skólanum er treystandi til að ávaxta vel það fé sem þjóðin leggur honum til.

Marga fleiri viðburði mætti nefna frá árinu 2008. Tvær nýjustu byggingar Háskólans, Háskólatorg og Gimli, voru teknar í fulla notkun, innleiddur var nýr og öflugur háskólavefur, ný lög um opinbera háskóla tóku gildi, nýtt háskólaráð tók til starfa og ráðnir voru fimm forsetar hinna nýju fræðasviða. Háskólinn hlaut fulla viðurkenningu menntamálaráðuneytisins fyrir öll fræðasvið sín og heimild til að bjóða upp á doktorsnám á þeim. Allt mun þetta styrkja innviði, aðstöðu og umgjörð starfseminnar.

Enn eitt árið hafa skoðanakannanir sýnt að þjóðin treystir Háskóla Íslands best allra stofnana í landinu. Starfsfólk og stúdentar eru ákaflega stolt af þessari einkunnagjöf. Hún er okkur hvati til áframhaldandi sóknar, hvati til að vinna áfram í samræmi við skýr árangursmiðuð stefnumarkmið. Hvati til að spyrja áfram hvernig skólinn geti best þjónað íslensku samfélagi.

Kristín Ingólfssdóttir
rektor Háskóla Íslands



Stjórn og skipulag Háskóla Íslands

Stjórnskipulag

Mælt er fyrir um stjórnskipulag Háskóla Íslands í lögum nr. 63/2006 um háskóla og lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, en síðarnefndu lögin komu til framkvæmdar 1. júlí 2008 og leystu af hólmi lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. Frá sama tíma tóku gildi lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem einnig höfðu áhrif á skipulag Háskólans. Ítarlegri umfjöllun um skipulag og stjórnkerfi Háskólans er að finna í reglum nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands sem háskólaráð setti á grundvelli eldri laganna um Háskóla Íslands. Haustið 2008 hófst heildarendurskoðun reglnanna á grundvelli nýju laganna um opinbera háskóla og lýkur þeirri vinnu um mitt ár 2009.

Rektor

Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði og rektor. Háskólarektor er yfirmaður stjórnábyrgð Háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum Háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum Háskólans. Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs að undangengnum almennum kosningum í Háskólanum. Rektor Háskóla Íslands er dr. Kristín Ingólfssdóttir prófessor.

Háskólaþing

Háskólaþing er samráðsveitvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskólans. Háskólaþing fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu Háskólans að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvað eina sem varðar starfsemi háskóla, einstakra skóla eða stofnana. Háskólaráð getur einnig falið háskólaþingi umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Á háskólaþingi eiga sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og viðbótarfulltrúar fræðasviða, kjörnir samkvæmt reglum þar að lútandi, og fulltrúar helstu stofnana, kennarafélaga og stúdenta, auk fulltrúa starfsmanna stjórnábyrgð og fulltrúa úr háskólaráði. Háskólaþing er haldið a.m.k. einu sinni á misseri og sitja það um 80 manns. Haldin voru tvö háskólaþing á árinu 2008.

Háskólaráð

Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknnum, mótar skipulag Háskóla Íslands og setur honum reglur eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi Háskólans í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að Háskólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð skiptir fé milli rekstrareininga, hefur eftirlit með rekstri háskólans og hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, félögum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra fræðasviða og stofnana sem honum tengjast og heyrar undir háskólaráð, fræðasvið eða deildir.

Háskólaráð var skipað samkvæmt lögum nr. 41/1999 um Háskóla Íslands fram til 30. júní en frá 1. júlí var skipað nýtt háskólaráð skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Haldnir voru 18 háskólaráðsfundir á árinu 2008.

Skipan háskólaráðs til 30. júní:

- Kristín Ingólfssdóttir prófessor, rektor og forseti ráðsins.
- Birna Arnbjörnsdóttir dósent, fulltrúi Guðfræðideildar og Hugvísindadeildar.
- Erna Kristín Blöndal laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Helgi Þorbergsson dósent, fulltrúi Raunvísindadeildar og Verkfræðideildar.

- Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur, fulltrúi þjóðlífs.
- Ólafur Þ. Harðarson prófessor, fulltrúi Félagsvísindadeildar, Lagadeildar og Viðskipta- og hagfræðideildar og varaforseti ráðsins.
- Rúnar Vilhjálmsson prófessor, fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora.
- Valgerður Bjarnadóttir, viðskiptafræðingur og sviðsstjóri á Landspítala, fulltrúi þjóðlífs.
- Þórir Hrafn Gunnarsson laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Þórdís Kristmundsdóttir prófessor, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Lyfjafræðideildar, Læknadeildar og Tannlæknadeildar.

Skipan háskólaráðs frá 1. júlí :

- Kristín Ingólfssdóttir prófessor, rektor og forseti ráðsins.
- Anna Agnarsdóttir, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Hugvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Elín Ósk Helgadóttir laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Gunnar Einarsson, stjórnunar- og menntunarfræðingur og bæjarstjóri í Garðabæ, fulltrúi menntamálaráðherra.
- Gunnlaugur Björnsson, vísindamaður í stjarnfræðisfræði við Raunvísindastofnun Háskólans, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Hilmar B. Janusson, efnifræðingur og framkvæmdastjóri rannsókn- og þróunarsviðs Össurar hf., fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Sigríður Ólafsdóttir, lífefnafræðingur og ráðgjafi, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Sigrún Ingibjörg Gísladóttir laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Valgerður Bjarnadóttir, viðskiptafræðingur og sviðsstjóri á Landspítala, fulltrúi menntamálaráðherra.
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, námssálfræðingur og borgarfulltrúi, fulltrúi menntamálaráðherra.
- Þórður Sverrisson, viðskiptafræðingur og forstjóri Nýherja, fulltrúi menntamálaráðherra.

Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri Háskólans, var ritari háskólaráðs og sat fundi án atkvæðisréttar.

Stjórn fræðasviða og deilda

Fram til 30. júní var Háskóla Íslands skipað í 11 deildir sem lutu stjórn kjörinna deildarforseta. Samkvæmt hinu eldra stjórnskipulagi fór deildarfundur með ákvörðunarvald í málefnum hvernar deildar og var deildarforseti framkvæmdastjóri hennar. Deildarfundir gátu framselt ákvörðunarvald sitt í einstökum málum eða málaflokkum til deildarráða. Deildarforseti átti m.a. frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, hafði eftirlit með starfi og stjórnsýslu deildar, réð starfslíð að stjórnsýslu hennar og bar ábyrgð á fjármálum deildar gagnvart háskólaráði og rektor.

Deildir og deildarforsetar Háskóla Íslands til 30. júní:

- Félagsvísindadeild: Ólafur Þ. Harðarson prófessor, deildarforseti.
- Guðfræðideild: Hjalti Hugason prófessor, deildarforseti.
- Hugvísindadeild: Oddný G. Sverrisdóttir dósent, deildarforseti.
- Hjúkrunarfræðideild: Sóley S. Bender dósent, deildarforseti.
- Lagadeild: Björg Thorarensen prófessor, deildarforseti.
- Lyfjafræðideild: Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Læknadeild: Stefán B. Sigurðsson prófessor, deildarforseti.
- Raunvísindadeild: Lárus Thorlacius prófessor, deildarforseti.
- Tannlæknadeild: Inga B. Árnadóttir dósent, deildarforseti.
- Verkfræðideild: Ebba Þóra Hvannberg prófessor, deildarforseti.
- Viðskipta- og hagfræðideild: Ingjaldur Hannibalsson prófessor, deildarforseti.

Frá 1. júlí skipast Háskóli Íslands í fimm fræðasvið sem eru meginskipulagseiningar hans og lúta stjórn forseta og stjórnar fræðasviðanna. Skiptist hvert fræðasvið í 3-6 deildir sem eru grunneiningar Háskólans og lúta stjórn deildarforseta og deildarfundar. Forseti fræðasviðs er ráðinn af rektor, sem er yfirmaður hans, og ber ábyrgð gagnvart rektor og háskólaráði. Forseti fræðasviðs stýrir daglegri starfsemi sviðsins og er akademískur leiðtogi þess og talsmaður. Hann ber ábyrgð á útfærslu stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs, öflugri líðsheid og faglegu samstarfi,

tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila, gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu, stjórnáslu og stoðþjónustu fræðasviðsins, fjármálum og rekstri fræðasviðs og stofnana sem undir það heyra og starfsmannamálum sviðsins. Forseti fræðasviðs, deildarforsetar og fulltrúi stúdenta mynda stjórn sviðsins sem fjallar um sameiginleg málefni þess. Þing fræðasviðs er haldið a.m.k. einu sinni á ári. Fræðasviðsþing er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni fræðasviðsins.

Deildarforseti er kjörinn faglegur forystumaður deildar og ber ábyrgð gagnvart forseta fræðasviðs, sem er yfirmaður hans. Deildarforseti ber í samráði við forseta fræðasviðs ábyrgð á mótun stefnu fyrir deild, skipulagi náms og gæðum kennslu og rannsókna, tengslum við samstarfsaðila og á því að starfsemi deildar og starfseininga hennar sé í samræmi við fjárhagsáætlun fræðasviðsins. Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum deildar en á milli deildarfunda fer deildarforseti með ákvörðunarvald í öllum málum deildarinnar. Deild er heimilt að mynda stjórnarnefnd, deildarráð, og að skipa deildinni í námsbrautir. Innan námsbrauta skulu að jafnaði vera nokkrar námsleiðir sem mynda faglega heild.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða, deildir og deildarforsetar frá 1. júlí:

Félagsvísindasvið: Ólafur Harðarson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Félags- og mannvísindadeild, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir dósent, deildarforseti.
- Félagsráðgjafardeild: Guðný B. Eydal dósent, deildarforseti.
- Hagfræðideild: Gylfi Zoëga prófessor, deildarforseti.
- Lagadeild: Björg Thorarensen prófessor, deildarforseti.
- Stjórn málafræðideild: Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, deildarforseti.
- Viðskiptafræðideild: Ingjaldur Hannibalsson prófessor, deildarforseti.

Heilbrigðisvísindasvið: Sigurður Guðmundsson, forseti fræðasviðs.

- Hjúkrunarfræðideild: Sóley S. Bender dósent, deildarforseti.
- Lyfjafræðideild: Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Læknadeild: Stefán B. Sigurðsson prófessor, deildarforseti.
- Matvæla- og næringarfræðideild: Inga Þórsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Sálfræðideild: Jörgen Pind prófessor, deildarforseti.
- Tannlæknadeild: Inga B. Árnadóttir dósent, deildarforseti.

Hugvísindasvið: Ástráður Eysteinnsson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: Julian Meldon D'Arcy prófessor, deildarforseti.
- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Hjalti Hugason prófessor, deildarforseti.
- Íslensku- og menningardeild: Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, deildarforseti.
- Sagnfræði- og heimspekideild: Eggert Þór Bernharðsson dósent, deildarforseti.


Menntavísindasvið: Jón Torfi Jónasson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild: Erlingur Jóhannsson prófessor, deildarforseti.
- Kennaradeild: Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarforseti.
- Uppeldis- og menntunarfræðideild: Hanna Ragnarsdóttir dósent, deildarforseti.


Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti fræðasviðs.

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild: Ólafur Pétur Pálsson prófessor, deildarforseti.
- Jarðvísindadeild: Magnús Tumi Guðmundsson prófessor, deildarforseti.
- Líf- og umhverfivísindadeild: Sigurður Sveinn Snorrason prófessor, deildarforseti.
- Rafmagns- og tölvuverkfræðideild: Karl Sölvi Guðmundsson dósent, deildarforseti.
- Raunvísindadeild: Guðmundur Gunnar Haraldsson prófessor, deildarforseti.
- Umhverfis- og byggingarverkfræðideild: Sigurður Magnús Garðarsson prófessor, deildarforseti.

SKIPURIT HÁSKÓLA ÍSLANDS TIL 30. JÚNÍ 2008



SKIPURIT HÁSKÓLA ÍSLANDS FRÁ 1. JÚLÍ 2008



Stjórnsýsla

Stjórnsýsla Háskólans fer annars vegar fram á fræðasviðum og hins vegar er sameiginleg stjórnsýsla. Rekstrarstjórar annast daglega fjármálastjórn fræðasviða og daglega stjórnun skrifstofu sviðanna í umboði forseta fræðasviða. Sameiginleg stjórnsýsla, sem að stærstum hluta er til húsa í Aðalbyggingu, skiptist í sex svið, auk innri endurskoðunar og skrifstofu rektors sem fer m.a. með stefnumótun, þróunar- og gæðamál.

- Próunarstjóri Háskólans og aðstoðarmaður rektors var Jón Atli Benediktsson prófessor.
- Skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri Háskólans var Magnús Diðrik Baldursson.
- Innri endurskoðandi var Gunnlaugur H. Jónsson.

Sviðsstjórar sameiginlegrar stjórnsýslu voru þessir á árinu:

- Fjármálasvið: Sigurður J. Hafsteinsson.
- Framkvæmda- og tæknisvið: Guðmundur R. Jónsson.
- Kennslusvið: Þórður Kristinsson.
- Markaðs- og samskiptasvið: Jón Örn Guðbjartsson.
- Starfsmannasvið: Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir.
- Vísindasvið: Halldór Jónsson.





Helstu viðburðir 2008

Ár breytinga og árangurs

Árið 2008 einkenndist af miklum breytingum og grósku í starfi Háskóla Íslands. Af þeim fjölmörgum viðburðum í starfi skólans sem gert verður stuttlega grein fyrir í þessum kafla Árbókar Háskóla Íslands 2008 stóð þrennt upp úr: Í fyrsta lagi framkvæmd heildarendurskoðunar á skipulagi og stjórnkerfi skólans, í öðru lagi sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og í þriðja lagi mikill árangur við framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011.

Nýtt skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands

Fyrsti stóri viðburðurinn á árinu var formleg gildistaka og innleiðing nýs skipulags og stjórnkerfis fyrir Háskóla Íslands 1. júlí. Meginmarkmiðið með hinu nýja stjórnskipulagi er að styrkja stjórnun og bæta vinnuumhverfi, aðstöðu og þjónustu við kennara og nemendur og gera Háskólanum þannig betur kleift að ná markmiðum sínum um framúrskarandi kennslu, rannsóknir, stjórnun og stoðþjónustu. Unnið hafði verið að undirbúningi hins nýja stjórnskipulags innan Háskólans um nokkurt skeið og með gildistöku nýrra laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla fékkst nauðsynleg lagastoð fyrir hinu nýja skipulagi. Samkvæmt hinu nýja stjórnskipulagi skipast Háskólinn í fimm fræðasvið sem hvert um sig skiptist í 3-6 deildir. Fræðasviðin eru Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Fræðasviðunum er stjórnað af forsetum fræðasviða og var gengið frá ráðningu þeirra um haustið. Heildarfjöldi deildanna er 25 og er þeim stýrt af deildarforsetum sem eru kjörnir. (Sjá nánari lýsingu í kaflanum Stjórn og skipulag Háskóla Íslands hér að framan.)

Sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands

Annar stóri viðburðurinn á árinu var sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sem tók formlega gildi 1. júlí, sama dag og hið nýja stjórnskipulag. Myndar Kennaraháskóli Íslands stofninn í einu hinna nýju fræðasviða, Menntavísindasviði. Sameining þessara tveggja menntastofnana er sú stærsta sinnar tegundar sem gerð hefur verið á Íslandi og er hinn sameinaði Háskóli Íslands langfjölmennasti háskóli landsins með um 13.500 nemendur. Markmið sameiningarinnar er að bæta kennaramenntun í landinu og efla rannsóknir og nýsköpun á sviði uppeldis- og menntavísinda. Sameiningin mun væntanlega efla öll skólastig í landinu og um leið skapa nýja möguleika á þverfræðilegri nálgun í kennslu og rannsóknum. Gert er ráð fyrir að Menntavísindasvið verði um sinn með aðsetur við Stakkahlíð í Reykjavík, auk þeirrar starfsemi sem fram fer á Laugarvatni, en á næstu árum flytjist starfsemin á háskólalóðina á Melunum.

Framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011

Þriðji stóri viðburðurinn á árinu var sá mikli árangur sem náðist við framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Kjarni stefnu Háskólans er að bjóða upp á framúrskarandi kennslu, rannsóknir, stjórnun og stoðþjónustu og langtíma-markmið skólans er að komast í hóp bestu háskóla á alþjóðavísu. Í ársbyrjun 2007 undirrituðu háskólarektor og menntamálaráðherra samning um fjármögnun stefnunnar sem gerir ráð fyrir stighækkandi framlögum út samningstímann. Samningurinn er árangurstengdur og með skýrum tölu- og tímasettum markmiðum. Hér að framan hefur þegar verið gerð grein fyrir innleiðingu nýs skipulags og stjórnkerfis Háskólans sem byggist á stefnu hans en hér á eftir verður tæpt á helstu árangursþáttum hinnar akademísku starfsemi.

Ný lög

Ný lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 tóku gildi 1. júlí. Með því fékkst nauðsynleg lagastoð fyrir nýju skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Lögin gilda um tvo háskóla, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, og við gildistöku þeirra féllu úr gildi lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og lög nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Hinn 1. júlí öðluðust jafnframt gildi lög nr. 37/2007 um sameiningu

Framúrskarandi rannsóknir

Árangur í rannsóknum er forsenda nýsköpunar á öllum sviðum og kveikjan að einkaleyfum og stofnun sprotafyrirtækja. Stefna Háskóla Íslands hefur nú þegar skilað miklum árangri á þessum sviðum og skapað mörg ný störf. Nokkrar kennitölur sýna glögg þann árangur sem náðst hefur á aðeins tveimur árum:

- Birtingum vísindamanna Háskólans í bestu vísindatímaritum heims (svonefndum ISI-tímaritum) hefur fjölgað um 40%.
- Tilvitnunum í vísindaverk Háskólans hefur fjölgað um 27%.
- Fjárhæð rannsóknastyrkja úr erlendum samkeppnissjóðum hefur hækkað um 46%.
- Doktorsnemum hefur fjölgað um 37%.
- Nýdoktorum hefur fjölgað um 50%.
- Störfum við fræðasetur Háskólans á landsbyggðinni hefur fjölgað um 67%.

Aukinn stuðningur við nýsköpun á öllum fræðasviðum

Háskóli Íslands leggur mikla áherslu á nýsköpunarverkefni á öllum sviðum vísinda og fræða innan skólans. Markmiðið er að skólinn geti ungað út hugmyndum, verkefnum og sprotafyrirtækjum sem verði nýr þáttur í atvinnulífinu. Til að þetta gerist mun skólinn styrkja enn umgjörð nýsköpunarverkefna til að hraða þróun þeirra og auka líkur á að þau verði að fullburða fyrirtækjum sem láti að sér kveða í atvinnulífi og verðmætaskapandi starfsemi. Á sínum tíma varð stórfyrirtækið Marel til sem afsprengi rannsóknaverkefnis innan Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Fólk sem þekkti til í fiskvinnslu og nemendur og kennarar í eðlisfræði og tölvutækni tóku höndum saman og samræða þessa fólks gat af sér hugmynd sem á endanum varð að stóru alþjóðlegu fyrirtæki. Mikil gróska hefur verið í nýsköpun við Háskólann og voru m.a. stofnuð 7 ný sprotafyrirtæki á sl. fimm árum, auk þess sem fleiri fyrirtæki eru í undirbúningi:

- Líf-hlaup – þróun lyfja gegn veirusýkingum, sveppasýkingum og bakteríusýkingum í munni og húð, í samstarfi við erlend lyfjafyrirtæki.
- Atferlisgreining – THEME-hugbúnaðurinn. Greining á einstökum atriðum í mannlegri hegðun með tölvuupptökutækni.
- ReMo – þróun og markaðssetning mælis sem greinir breytingar á öndun vegna lungnasjúkdóma og eftir skurðaðgerðir á brjóstholi. Nýtist í heilbrigðisþjónustu, einkum sjúkrahúsum og endurhæfingarstöðvum.
- Lífeind – nýjar aðferðir í genarannsóknum. Rannsókn- og þróunarfyrirtæki í líf- og erfðatækni. Markmiðið er að þróa og markaðssetja nýjar aðferðir til að einangra DNA-sameindir sem innihalda erfðabreytileika, stökkbreytingar og skemmdir.
- Oxymap – súrefnismælingar í sjónhimnu. Þróun og smíði tækjabúnaðar til greiningar á augnsjúkdómum og notkunar í blinduvörnum.
- Heils-hugar – forvarnir og þróun meðferðar gegn þunglyndi unglunga.
- BP lífefni ehf. – þróun lyfja gegn bakteríusýkingum. Lyf þessi verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og eru þess eðlis að þau má markaðssetja á mun styttri tíma en almennt gerist.

Starfsfólk Háskólans hefur fengið skráð 85 einkaleyfi fyrir uppfinningar og hugverk sín. Eitt glæsilegasta dæmið um árangur Háskóla Íslands er 2,4 milljóna evra styrkur til uppbyggingar rannsókna á sviði kerfislíffræði við skólann. Þetta er stærsti rannsóknastyrkur frá ESB sem komið hefur til Íslands og er kerfislíffræðin af mörgum talin eitt mikilvægasta rannsóknasvið framtíðarinnar. Bundnar eru vonir við að styrkurinn geti skapað tugi nýrra starfa og leitt til stofnunar nýrra sprotafyrirtækja. Í umsóknarferli sem þessu, þar sem 90% umsókna er hafnað, er ljóst að styrkir fást ekki nema að baki þeim búi sterk vísindastofnun sem getur veitt fullnægjandi aðstöðu og móttframlög.

Sérstakur stuðningur við öflugra rannsóknahópa

Til að hvetja enn frekar til árangurs voru auglýstir á árinu sérstakir styrkir til öflugra rannsóknahópa sem hafa burði til að vera í fremstu röð á alþjóðavísu. Mikill fjöldi umsókna barst frá vísindamönnum Háskólans og er gert ráð fyrir að tilkynnt verði um úthlutun á árinu 2009.

Uppbygging meistara- og doktorsnáms

Eitt mikilvægasta atriðið í stefnu Háskóla Íslands er efling rannsókna og rannsóknanáms, meistara- og doktorsnáms við skólann. Forsenda þess að þetta

nái fram að ganga eru öflugir styrktarsjóðir, auk framangreinds árangurs-samnings við menntamálaráðuneytið. Mikilvægustu sjóðirnir sem Háskóli Íslands hefur yfir að ráða í þessu skyni eru Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands og Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, auk Happdrættis Háskóla Íslands sem hefur staðið undir uppbyggingu aðstöðu vegna rannsókna og rannsóknanáms. Framlag styrktarsjóðanna vegna uppbyggingar rannsóknánámsins er ómetanlegt, enda eru styrkir til framhaldsnema forsenda þess að þeir geti helgað sig námi sínu. Tímamót urðu í þessu efni árið 2005 þegar Háskóli Íslands fékk aðgang að Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og hefur sjóðurinn verið nýttur til að styrkja doktorsnema. Árið 2008 voru veittir fjórtán styrkir úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands til doktorsnema við Háskóla Íslands, alls að upphæð 78 milljónir króna. Frá því að fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 2006 hafa 53 doktorsnemar hlotið styrk og hefur námsárangur þeirra sannarlega staðist væntingar.

23 doktorsvarnir árið 2008

Á árinu 2008 fóru fram 23 doktorsvarnir við Háskóla Íslands, 7 frá Heilbrigðisvísindasviði, 2 frá Félagsvísindasviði, 11 frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði og 3 frá Menntavísindasviði. Miðað við fjölda doktorsnema og öflugt styrkja- og stuðningskerfi fyrir þennan hóp má fastlega búast við því að brautskráðum doktorum muni fjölga hratt á næstu árum og að markmið stefnu Háskóla Íslands um fimmfjöldun brautskráðra doktora á tímabilinu 2006-2011 nái fram að ganga.

Ný miðstöð framhaldsnáms

Til að styðja enn frekar við uppbyggingu framhaldsnámsins var markvisst unnið að uppbyggingu Miðstöðvar framhaldsnáms (e. Graduate School) við Háskóla Íslands. Hlutverk Miðstöðvarinnar er að tryggja gæði meistara- og doktorsnáms við Háskólann í samræmi við gildandi viðmið og kröfur skólans.

Framúrskarandi nám og kennsla

Mikið starf hefur verið unnið á síðustu árum við að efla gæði náms og kennslu við Háskóla Íslands. Þessu starfi var markvisst áfram haldið árið 2008.

- Stofnaður var Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta sem hefur það hlutverk að styrkja nýstúdentana við Háskóla Íslands sem náð hafa afburðaárangri á stúdentsprófi. Í júní var úthlutað úr sjóðnum í fyrsta sinn og hlutu 25 afburðastúdentar 300 þús.kr. styrk hver auk niðurfellingar skrásetningargjalds. Við úthlutunina var litið til afburðaárangurs á stúdentsprófi, virkni í félagsstörfum eða árangurs á öðrum sviðum.
- Ráðið var í 19 ný kennarastörf í því skyni að styrkja nám og kennslu á völdum fræðasviðum og bæta hlutfall kennara og nemenda.
- Undirbúningur hófst að endurskoðun á ráðningar- og framgangskerfi Háskólans í því skyni að auka faglegar kröfur og laða til skólans hæfustu kennara sem völ er á.
- Kennslumálanefnd háskólaráðs setti fram heildaráætlun um framkvæmd þeirra þátta í Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 er lúta að námi og kennslu og verður tillögum nefndarinnar hrundið í framkvæmd með skipulegum hætti á næstu misserum.
- Nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr brottfalli og auka ábyrgð nemenda á námi sínu skilaði ítarlegri skýrslu í maí og hófst vinna við að innleiða tillögur nefndarinnar þegar um haustið.
- Með tilkomu Háskólatorgs og þjónustuborðs fyrir nemendur í hjarta byggingarinnar var allri nemendabjónustu komið fyrir á einum stað og hún stórbætt.

Nýr háskólavefur

Hinn 1. júlí var formlega vígður nýr ytri vefur Háskóla Íslands sem verið hafði í undirbúningi um nokkurt skeið. Er vefurinn liður í því markmiði stefnu Háskóla Íslands að efla upplýsingatækni við skólann. Menntamálaráðherra opnaði nýja vefinn við hátíðarsamkomu á Háskólatorgi í tilefni af sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Vefurinn endurspeglar nýtt skipulag hins sameinaða Háskóla Íslands. Samhliða var unnið að þróun innri vefs og Uglu.

Háskóli Íslands viðurkenndur á öllum sviðum

Á fundi sem menntamálaráðherra boðaði til 22. apríl var Háskóla Íslands veitt viðurkenning á fræðasviðum félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og auðlinda- og umhverfisfræða. Með því hefur Háskólinn hlotið viðurkenningu menntamálaráðherra á öllum fræðasviðum sínum og undirflokkum þeirra, því áður höfðu fræðasvið hugvísinda, náttúruvísinda og verk- og tæknivísinda hlotið viðurkenningu. Með tilkomu laga um háskóla nr. 63/2006 og reglna um viðurkenningu

háskóla nr. 1067/2006 veitir menntamálaráðherra háskólum viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum laganna og reglnanna. Reglurnar um viðurkenningu háskóla byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi og þar eru tilgreind þau skilyrði sem háskólar skulu fullnægja til að öðlast viðurkenningu. Viðurkenning háskóla er síðan bundin við tiltekin fræðasvið og erlendir sérfræðingar mynda matshópna.

Í kjölfarið lagði Háskólinn fram umsókn um heimild til þess að bjóða upp á doktorsnám á fræðasviðum sínum, sbr. reglur nr. 37/2007 um doktorsnám í háskólum. Að undangenginni faglegri úttekt erlendra sérfræðinga veitti menntamálaráðherra Háskólanum heimild til að bjóða upp á doktorsnám á þeim fræðasviðum sem fyrst hlutu viðurkenningu en reiknað er með að ákvörðun verði tekin um fræðasviðin sem síðar hlutu viðurkenningu um mitt ár 2009.


Íslenska þjóðin treystir Háskóla Íslands

Gallup hefur frá árinu 1993 kannað traust almennings til helstu stofnana þjóðarinnar. Frá upphafi hefur Háskóli Íslands notið mests trausts og það verið mjög stöðugt síðastliðin ár eða á milli 85-87%. Í könnuninni árið 2008 jókst traustið enn og naut Háskólinn nú trausts 90% þjóðarinnar.

Rekstur Háskólans

Helstu kennitölur um rekstur Háskóla Íslands án Kennaraháskóla Íslands árið 2008 eru þessar: Tekjur hækkuðu um 6,1% frá fyrra ári og námu 10.870,2 m.kr. samanborið við 10.243,6 m.kr. árið áður. Tekjurnar skiptust í fjárveitingu 7.142,4 m.kr. og sértekjur 3.727,8 m.kr.

Fjárveitingar og sértekjur á verðlagi ársins 2008*




* Á árunum 2003 og 2007 var framlag HHÍ til nýbygginga mun hærra en venjulega

Gjöld námu 10.852,4 m.kr. samanborið við 10.244,3 m.kr. árið áður. Rekstrarliðir hækkuðu um 22,0% úr 8.167,1 m.kr. í 9.965,2 m.kr. en framkvæmdaliðir lækkuðu um 57,3% úr 2.077,2 í 887,3 m.kr. Þessi mikla lækkun framkvæmdaliða endurspeglar að framkvæmdum við Háskólatorgið lauk að mestu á árinu 2007. Ársverk voru 1.065,9 og hafði fjölgað um 6,7% milli ára. Laun á hvert ársverk jukust um 9,1% og launakostnaður alls úr 5.700,4 m.kr. í 6.635,0 m.kr. Fjölgun starfsmanna og aukning launa- og annars reksturskostnaðar á undanförmum árum er mun minni en sem nemur fjölgun nemenda og verðlagshækkunum.

Háskóli Íslands var rekinn með 246,0 m.kr. tekjuafgangi samanborið við 9,4 m.kr. halla árið áður. Hagnaðurinn skiptist þannig að af reglulegri starfsemi var 17,8 m.kr. afgangur samanborið við 0,7 m.kr. tap árið áður. Fjármunatekjur námu 228,3 m.kr. samanborið við 8,7 m.kr. tap árið áður. Verulegur hluti þessara fjármunatekna á árinu er vegna gengisbreytinga og því um að ræða óreglulegar tekjur. Þá var lagt fram 100 m.kr. hlutafé til Vísindagarða.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur nemendum fjölgað mikið á undanförmum árum og á árinu 2008 fjölgaði þeim um 6,6% og voru rúmlega 10

Þúsund fyrir sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Eftir sameininguna var heildarfjöldi nemenda orðinn 12.412. Þá sýnir línuritíð enn fremur að ársverkum starfsmanna hefur ekki fjölgað í takt við aukinn nemendafjölda.



Jafnréttismál

Óhætt er að segja að umfangsmestu verkefni ársins á sviði jafnréttismála í Háskóla Íslands hafi verið stofnun Jafnréttisskólans og Eddu, öndvegisseturs í jafnréttis- og margbreytileikafræðum, sem ýtt var úr vör á árinu og er það Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum sem hefur veg og vanda af þessum verkefnum.

Endurskoðuð jafnréttisáætlun Háskólans var lögð fram á árinu, m.a. í tengslum við þær umfangsmiklu skipulagsbreytingar sem áttu sér stað og sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Áætlunin var samþykkt í upphafi árs 2009 og meðal nýmæla í áætluninni er að gert er ráð fyrir að jafnréttisnefnd starfi á hverju fræðasviði Háskólans. Áætlunina má nálgast á vefgátt jafnréttismála í Háskólanum, jafnretti.hi.is.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands stóð fyrir málþinginu Forskot með fjölbreytileika, í samstarfi við jafnréttisnefnd Kennaraháskóla Íslands og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og var umfjöllunarefni málþingsins jafnrétti í víðum skilningi.

Jafnréttisfulltrúi Háskólans tók á árinu sæti í Jafnréttisráði, tilnefndur af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.

Með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands opnast nýir möguleikar, enda var öflugt jafnréttisstarf í báðum skólum, en innan Kennaraháskóla Íslands má m.a. nefna hið framsækna diplómanám fyrir nemendur með þroskahömlun sem nú er kennt á Menntavísindasviði. Þetta nám á sér tæpast hliðstæðu í öðrum háskólum – innlendum sem erlendum – en um er að ræða tveggja ára starfstengt nám og útskrifast fyrstu nemendurnir vorið 2009.

Húsnæðismál

Háskólatorg og Gimli tekin í notkun að fullu

Nýjustu byggingar Háskóla Íslands, Háskólatorg, Gimli og Tröð, voru vígðar 1. desember 2007. Byggingarnar eru samtals um 10.000 fermetrar og hýsa fjölbætta þjónustu við nemendur, starfsfólk og gesti Háskólans, fræðasvið, deildir og rannsóknastofnanir. Á árinu 2008 var frágangi bygginganna lokið og þær teknar í fulla notkun. Óhætt er að segja að vígsla Háskólatorgs og Gimlis hafi ekki aðeins verið breyting heldur í raun bylting fyrir alla aðstöðu starfsfólks og stúdenta Háskólans. Um 1.500 nemendur og starfsmenn eiga aðstöðu í byggingunum auk þess sem þúsundir leggja þangað leið sína í margvíslegum tilgangi á degi hverjum.

Úrslit samkeppni um hönnun húss íslenskra fræða

Í ágúst var tilkynnt um úrslit í samkeppni um hönnun húss fyrir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Gert er ráð fyrir að kennsla og rannsóknir í íslensku og íslenskum fræðum við Háskóla Íslands hafi aðsetur í hinu nýja húsi. Verðlaunin hlutu Hornsteinar arkítektar ehf.

Salir endurnýjaðir í Háskólabíói

Lokið var gagngerri endurnýjun á sölum í Háskólabíói og er öll aðstaða þar til fyrirlestrahalds og kennslu nú eins og best verður á kosið.

Hönnun nýbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss

Áfram var haldið undirbúningi nýs háskólasjúkrahúss og var á árinu lokið við frumathugun verkefnisins. Fjöldi starfsfólks Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur lagt hönd á plóg við undirbúningsvinnu fyrir hið nýja sjúkrahús og eru mikla vonir bundnar við þá aðstöðubót sem það mun verða fyrir heilbrigðisvísindagreinar.

Undirbúningur nýbyggingar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Síðustu ár hefur verið unnið ötullega að undirbúningi nýbyggingar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Töluvert fé hefur safnast til byggingarinnar og er þess vonandi ekki langt að bíða að draumurinn um alþjóðlega tungumálamiðstöð verði að veruleika.

Framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs

Í kjölfar sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands var ákveðið að stefna að flutningi Menntavísindasviðs á háskólalóðina á næstu árum. Á árinu var unnið að deiliskipulagsbreytingum vestan Suðurgötu þar sem gert er ráð fyrir að Menntavísindasvið verði til húsa í framtíðinni.

Skóflustunga tekin að nýjum stúdentagörðum við Skógarveg

Í lok ársins tók Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, fyrstu skóflustunguna að nýjum stúdentagörðum við Skógarveg í Reykjavík. Á gördunum við Skógarveg munu rísa þrjú fjögurra hæða íbúðarhús og verða í þeim 80 tveggja og þriggja herbergja fjölskylduíbúðir en gert er ráð fyrir að íbúar verði allt að 200.

Stapi

Með tilkomu Háskólatorgs fluttist starfsemi Félagsstofnunar stúdenta úr „FS-húsinu“ við Hringbraut. Húsið fékk á árinu nýtt nafn, „Stapi“, og var tekið undir starfsemi sjúkrahjálfunar, lýðheilsuvísinda, heilbrigðisvísinda og geisla- og lífeindafræði innan Heilbrigðisvísindasviðs.

Háskólaþing

Haldin voru tvö háskólaþing á árinu. Fyrra þingið fór fram 17. apríl og voru þrjú mál á dagskrá, þ.e. umsögn um frumvarp til laga um opinbera háskóla, framkvæmd stefnu Háskóla Íslands á sviði náms og kennslu og hlutverk Háskóla Íslands sem miðstöðvar kennaramenntunar í landinu eftir sameiningu hans og Kennaraháskóla Íslands. Síðara þingið var haldið 25. september og voru þá einnig þrjú mál á dagskrá, umsögn um reglur um skipan og fundarsköp háskólaþingsins sjálfs, tilnefning tveggja fulltrúa og tveggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð og kynning á tillögum nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi.

Alþjóðlegt samstarf

Háskóli Íslands vinnur markvisst að því að byggja upp og treysta skipulegt samstarf við framúrskarandi erlenda háskóla og vísindastofnanir. Mikill árangur náðist á þessu sviði á árinu og eru nokkur dæmi nefnd hér.

Samstarf við California Institute of Technology (Caltech)

Um vorið heimsótti hópur stjórnenda California Institute of Technology (Caltech) í Pasadena í Kaliforníu Háskóla Íslands og var við það tækifæri undirritaður samstarfssamningur milli skólanna um aukið samstarf á sviði kennslu og rannsókna og afhentir styrkir til þriggja nemenda Háskóla Íslands til dvalar við Caltech. Caltech er í hópi fimm fremstu háskóla heims og hafa m.a. 23

nóbelsverðlaunahafar verið meðal starfsmanna skólans. Það er því mikill heiður og viðurkenning fyrir Háskóla Íslands að verða formlegur samstarfsaðili Caltech.

Sumarið 2008 voru þrír nemendur frá Háskóla Íslands styrktir til að vinna 10 vikna svokallað SURF-verkefni við Caltech og bauðst allt að þremur nemendum frá Caltech að fá styrk til að taka þátt í tíu vikna verkefni við Háskóla Íslands. Íslensku nemendurnir sem fóru utan í fyrsta hópnunum voru þau Sara Sigurbjörnsdóttir, nemi í líffræði, Benjamín Sveinbjörnsson, nemi í efnafræði, og Arnar Björn Björnsson, nemi í umhverfis- og byggingaverkfræði.

Við heimsóknina fluttu fulltrúar Caltech fyrirlestra og heimsóttu aðsetur jarðvísinda, örtækni, sameindalíffræði og verkfræði við Háskóla Íslands. Lýstu þeir mikilli hrifningu yfir færni þeirra vísindamanna sem þeir hittu og lýstu yfir eindregnum vilja til enn frekara samstarfs.

Samstarf við Asíu

Mikil gróska hefur verið í samstarfi Háskóla Íslands við háskóla og vísindastofnanir í Asíu og voru á árinu gerðir nokkrir formlegir samstarfssamningar við nokkra af bestu háskólum álfunnar.

Samstarfssamningur við Fudan-háskóla í Shanghai

Háskóli Íslands og Fudan-háskóli í Shanghai undirrituðu samning um rannsóknasamstarf og nemendaskipti. Vilji beggja aðila er að geta veitt sameiginlegar prófgráður (e. joint degrees) bæði á meistara- og doktorsstigi, og stuðla þannig að öflugum rannsóknasamstarfi. Stjórnsýslurektor Fudan-háskóla, prófessor Qin Shaode, og Kristín Ingólfssdóttir skrifuðu undir samninginn, að viðstöddum sendiherra Kína á Íslandi, Zhang Keyuan, og gestum. Við Fudan-háskóla er starfrækt norræn miðstöð háskóla og gerðist Háskóli Íslands aðili að miðstöðinni árið 2007. Norræna miðstöðin við Fudan-háskóla var stofnuð árið 1995 og er hin eina sinnar tegundar á meginlandi Kína. Tuttugu og fjórir norrænir háskólar eru fullgildir aðilar að miðstöðinni, en einungis háskólar sem uppfylla ríkar akademískar kröfur geta gerst aðilar. Hlutverk norrænu miðstöðvarinnar er að efla samstarf háskóla í Shanghai og norrænu aðildarháskólanna í kennslu og rannsóknum. Miðstöðin hefur staðið fyrir rannsóknaráðstefnum, málstofum og menningarviðburðum, bæði í háskólasamfélaginu og norræna viðskiptasamfélaginu í Kína.

Samstarfssamningur við Peking-háskóla

Í desember var skrifað undir samning við Peking-háskóla um gagnkvæmt samstarf á sviði rannsókna og kennara- og nemendaskipta. Peking-háskóli er flaggskip kínverskra háskóla og kröfuharðastur þeirra hvað varðar inntöku stúdenta. Eingöngu afburðanemendur eru teknir inn í skólann. Við útfærslu samstarfssamningsins er því tryggt að við stúdentaskipti koma eingöngu úrvalsnemendur til Háskóla Íslands og jafnframt er nemendum sem fara frá Háskólanum tryggt afburðakennsla og aðbúnaður.

Samningur við Jilin-háskóla í Changchun

Einnig var undirritaður samningur á milli Háskóla Íslands og Jilin-háskóla í Changchun í norðausturhluta Kína. Samningurinn kveður á um nemendaskipti og rannsóknasamstarf, en Jilin-háskóli er stærsti háskólinn í Kína með um 60 þúsund nemendur.

Samvinnuverkefni með Ningbo-háskóla

Átta íslenskir nemendur héldu í skiptinámi við Ningbo-háskólann í Suður-Kína um haustið og er það liður í eflingu samstarfs Háskóla Íslands og kínverskra háskóla.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við Háskóla Íslands

Í maí var opnuð formlega svonefnd Konfúsíusarstofnun við Háskóla Íslands og ber hún heitið Norðurljós. Norðurljós mun standa fyrir námskeiðahaldi í kínversku og kínverskum fræðum og stuðla að fræðslu um kínverska menningu og samfélag. Er þetta mikil viðurkenning fyrir Háskóla Íslands.

Kínverskur sendikennari

Fyrir milligöngu kínverska menntamálaráðuneytisins hefur Háskóli Íslands fengið sendikennarann Linzhe Wang frá Ningbo-háskóla fyrir árin 2007-2009.

Gregor Mendel (1822-1884)



- Established the existence of discrete inherited units now called genes



Asíusetur Íslands – ASÍS

Stofnað var Asíusetur Íslands, ASÍS, sem er samstarfsstofnun Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri með höfuðstöðvar í Háskóla Íslands. Asíusetrinu er ætlað að efla rannsóknir og fræðastörf á Íslandi sem lúta að Asíu og Asíufræðum.

Samstarfssamningur við TERÍ í Nýju-Delí

Í febrúar var undirritaður samstarfssamningur á milli Háskóla Íslands, TERÍ-auðlindastofnunarinnar og TERÍ-háskólans á Indlandi um rannsóknasamstarf á sviði umhverfis- og auðlindafræða, orkuvísinda og jarðvísinda.

Háskóli Íslands og Harvard-háskóli í samstarf um lýðheilsuvísindi

Í maí undirrituðu Lorelei Mucci, lektor við Harvard Medical School, og Katja Fall, vísindamaður við faraldsfræðideild Harvard School of Public Health, gestakennarasamninga við Miðstöð í Lýðheilsuvísindum við Læknadeild Háskóla Íslands. Samningarnir eru liður í samstarfi skólanna um sameiginleg rannsóknarverkefni ásamt uppbyggingu á hágæða framhaldsnámi í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands.

Kínverjar læra íslensku við Beijing Foreign Studies University

Beijing Foreign Studies University (BFSU) bauð um haustið í fyrsta sinn upp á fjögurra ára nám í íslensku og eru 16 nemendur skráðir í námið. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína, heimsóttu BFSU í desember og hittu nemendur, kennara og stjórnendur skólans. Heilsuðu nemendur og kynntu sig á íslensku auk þess sem þau sungu íslenskt jólaglag með glæsibrag.

Sameiginleg íslensk-frönsk doktorsgráða

Fyrsta sameiginlega doktorsgráðan (e. joint degree) sem Háskóli Íslands stendur að í sameiningu með erlendum háskóla var veitt í febrúar. Samstarfsháskólinn var Grenoble Institute of Technology (INPG) í Frakklandi, doktorinn var Mathieu Fauvel og leiðbeinendur þau Jón Atli Benediktsson, prófessor við þáverandi rafmagns- og tölvuverkfræðiskor Verkfræðideildar Háskóla Íslands, og Jocelyn Chanussot, prófessor við INPG.

Sameiginlegt norrænt meistaranám

Á árinu úthlutaði Norræna ráðherranefndin í fyrsta sinn sérstökum styrkjum til að koma á laggirnar sameiginlegu norrænu meistaranámi á sex sviðum. Háskóli Íslands er þátttakandi í þremur þessara verkefna. Eitt þessara sviða er öldrunarfræði og er félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands þátttakandi í því verkefni ásamt Háskólanum í Lundi og Háskólanum í Jyväskylä í Finnlandi. Hin verkefni sem Háskóli Íslands tekur þátt í eru á sviði sjávarvistfræði og loftslagsmála annars vegar og nýsköpunar í sjálfbærri orku hins vegar.

Norrænt öndvegissetur í velferðarrannsóknum

Stefán Ólafsson, prófessor við Félagsvísindasvið, situr, ásamt Guðnýju Björk Eydal, dósentis við Félagsvísindasvið, í stjórn nýs norræns öndvegisseturs í velferðarrannsóknum sem snemma árs hlaut öndvegisstyrk NordForsk til 5 ára að upphæð 410 m.kr.

Samstarf við íslenskt atvinnulíf og stofnanir

Samstarf Félagsráðgjafardeildar og Barnaverndarstofu

Félagsráðgjafardeild Háskólans og Barnaverndarstofa tilkynntu í maí um nýtt diplómanám í barnavernd. Námið er skipulagt í samstarfi við Barnaverndarstofu sem jafnframt veitir veglegan styrk til kennslu og rannsókna. Þetta er í fyrsta sinn sem boðið eru upp á sérstaka námsleið í barnavernd en talsverð eftirspurn hefur verið eftir slíku námi.

Samstarf Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins á sviði jafnréttismála

Í júní undirrituðu Háskóli Íslands og utanríkisráðuneytið viljayfirlýsingu um samstarf á sviði jafnréttismála. Samstarfið felur í sér stofnun jafnréttisseturs og jafnréttisskóla við Háskóla Íslands. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK), sem starfrækt er við Háskóla Íslands, verður hluti af hinu nýja jafnréttissetri.

Samkomulag milli utanríkisráðuneytisins og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og rektor Háskóla Íslands undirrituðu um vorið samkomulag um samstarf ráðuneytisins og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands á sviði fræðslu og rannsóknastarfa í alþjóðamálum.

Styrkur frá Toyota á Íslandi til að efla kennslu í japönsku

Í lok febrúar var skrifað undir samning um styrk frá Toyota á Íslandi til að efla kennslu í japönsku við Hugvísindadeild. Styrkurinn er mikilsvert framlag til að gera deildinni kleift að kenna japönsku næstu tvö ár. Þar með verður í fyrsta sinn mögulegt að ljúka prófi í japönsku sem aðalgrein við Háskóla Íslands. Mikill áhugi er á japönskunámi við skólann.

Háskóli Íslands og Landmælingar Íslands í samstarf

Rektor Háskóla Íslands og forstjóri Landmælinga Íslands undirrituðu á árinu afnotasamning um notkun á IS 50V landfræðilega gagnagrunninum fyrir stofnanir og nemendur Háskólans.

Samningur Háskóla Íslands og ÍSOR

Háskóli Íslands og Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) undirrituðu snemma árs samstarfssamning sem felur m.a. í sér að dr. Ólafur G. Flóvenz, forstjóri ÍSOR, og dr. Guðni Axelsson, deildarstjóri hjá ÍSOR, gegni starfi gestaprófessora við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands.

Samstarf Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsbankans

Fulltrúar Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsbankans undirrituðu á árinu yfirlýsingu um samstarf og stuðning við þróunar- og rannsóknaverkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála um íbúalýðræði, félagsauð, þátttöku og lýðræðiskerfi íslenskra sveitarfélaga árin 2007-2010.

Samningur við Glitni um verkefni í auðlindarétti

Háskóli Íslands og Glitni undirrituðu á árinu styrktarsamning um verkefni í auðlindarétti til þriggja ára. Heildarframlag Glitnis á samningstímabilinu nemur 9 m.kr.

Skapandi samstarf Háskóla Íslands og Símans

Í nóvember var undirritaður samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og Símans til þriggja ára. Samningurinn felur í sér umfangsmikið samstarf, m.a. á sviði rannsókna og nýsköpunar. Samningurinn er afrakstur viðræðna, sem byggðust á ákveðinni aðferðafræði þar sem kortlagðir voru snertifletir í starfsemi beggja aðila með gagnkvæman ávinning þeirra að leiðarljósi. Síminn er fyrst íslenskra fyrirtækja sem Háskólinn gerir samning við undir merkjum þessarar aðferðafræði. Alls eru skilgreind 12 verkefni í samningnum sem aðilar hyggjast koma til framkvæmda á næstu þremur árum.

Samstarfssamningur við Landbúnaðarháskóla Íslands

Í desember var undirritaður samningur á milli Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri um samstarf á sviði náttúruvísinda, auðlinda- og umhverfisfræði, orkuvísinda, matvæla- og næringarfræði, jarðfræði, vistfræði og jarðvegsfræði. Markmiðið með samningnum er að efla nám og vísindastarf við skólana tvo og breikka valkosti nemenda.

Innlendir og erlendir styrkir, verðlaun og viðurkenningar

Fjöldmargir einstaklingar, starfsmenn og stúdentar hlutu styrki, verðlaun og viðurkenningar fyrir störf sín í þágu fræða og vísinda innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

Stærsti rannsóknastyrkur frá ESB sem komið hefur til Íslands

Bernhard Örn Pálsson, gestaprófessor við Háskóla Íslands og prófessor í lífverkefni við University of California í San Diego, hlaut á árinu 2,4 milljóna evra styrk frá Evrópska rannsóknarráðinu (European Research Council, ERC). Styrkurinn rennur alfarið til Háskóla Íslands en þetta er stærsti rannsóknastyrkur sem komið hefur til skólans. Við Háskólann er nú unnið að stofnun Rannsóknaseturs í kerfislíffræði og verður styrkurinn nýttur til að koma rannsóknasetrinu á fót og

vinna að rannsóknum við setrið. Bernhard, sem er einn helsti frumkvöðull á þessu sviði í heiminum, mun veita setrinu forstöðu. Markmið Evrópska rannsóknarráðsins er að styðja við brautryðjandi rannsóknir færustu vísindamanna heims, sem fara ótroðnar slóðir í rannsóknum sínum. Aðeins 10% umsókna eru styrktar af ráðinu. Það er því mikill heiður og viðurkenning fyrir Bernhard og Háskóla Íslands að ERC hafi ákveðið að styrkja rannsóknarverkefni hans við Háskólann. Bernhard hefur verið leiðandi á sínu sviði í aldarfjórðung og marka rannsóknir hans í kerfislíffræði upphaf nýrra tíma á sviði lífvísinda. Rannsóknasetur í kerfislíffræði við Háskóla Íslands er samstarfsverkefni Heilbrigðisvísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, en kerfislíffræði er þverfræðileg í eðli sínu.

Stofnun styrktarsjóðs Watanabe við Háskóla Íslands

Í september varð sá ánægjulegi viðburður að Toshizo Watanabe, japanskur kaup-sýslumaður sem búsettur er í Bandaríkjunum, færði Háskóla Íslands að gjöf 3 milljónir Bandaríkjadala. Þessi fjárhæð er stofnframlag til styrktarsjóðs sem kenndur er við Watanabe og hefur þann tilgang að veita nemendum í grunn- og framhaldsnámi styrki til skiptináms í Japan og á Íslandi, auk þess að stuðla að samvinnu vísindamanna og styrkja menningartengsl Íslands og Japans. Geir H. Haarde forsætisráðherra vottaði stofnskrá hins nýja sjóðs en Watanabe og hann eru skólafélagar frá Brandeis-háskóla í Bandaríkjunum. Stjórn sjóðsins til þriggja ára skipa Toshizo Watanabe, Ingimundur Sigfússon og Már Másson, sem er formaður stjórnar. Mun hinn nýi sjóður verða mikil lyftistöng fyrir samskipti Háskóla Íslands og Japans.

Meirihluti styrkja úr Umhverfis- og orkurannsóknasjóði til vísindamanna Háskólans

Í júní síðastliðinn var tilkynnt um úthlutun úr Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur og náðu vísindamenn Háskóla Íslands þar glæsilegum árangri því meirihluti styrkjanna rann til verkefna þeirra.

Vegleg peningagjöf Bents Scheving Thorsteinssonar

Bent Scheving Thorsteinsson veitti í apríl veglega peningagjöf til styrktarsjóða Háskóla Íslands að upphæð 13 m.kr. Bent Scheving er einn tryggasti velgjörðarmaður Háskóla Íslands og með þessari gjöf hefur hann fært styrktarsjóðum skólans samtals 60 m.kr.

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2008

Árlega eru veitt við Háskóla Íslands hagnýtingarverðlaun til frumkvöðla sem leggja fram tillögur að verkefnum sem orðið geta að gagni í íslensku samfélagi. Hugmyndin sem er verðlaunuð er gjarnan vísir að tæki eða aðferðum sem nýtast oft til frekari nýsköpunar og jafnvel til stofnunar og reksturs þekkingarfyrirtækja. Að hagnýtingarverðlaununum standa Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, Tæknigarður, Einkaleyfastofa og Arnason/Faktor. Sigurvegarinn árið 2008 var svonefndur gönguhermir, sem er tæki til að þjálfa fatlaða einstaklinga, hannað í samstarfi nemenda og kennara í sjúkrþjálfun og verkfræði.

Peningagjöf til að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms

Í desember var stofnaður nýr styrktarsjóður við Háskóla Íslands sem veitir styrki til nemenda í framhaldsnámi í ljósmóður- og hjúkrunarfræðum. Stofnframlagið er 25 m.kr. sem er gjöf frá Soffiu Þuríði Magnúsdóttur sem arfleiddi Háskóla Íslands að meginhluta eigna sinna. Nýi sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda, en þau voru foreldrar Soffiu.

Freymóðs-Danley verðlaunin

Freymóðs-Danley verðlaunin fyrir góðan námsárangur við University of California í Santa Barbara (UCSB) voru afhent í apríl. Verðlaunahafar voru tveir doktorsskiptinemar við UCSB, þau Ásdís Helgadóttir (vélaverkfræði) og Brynjar Grétarsson (tölvunarfræði).

Úthlutun úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar

Á árinu var sex nemendum úr eðlis- og efnafræðiskorum Raunvísindadeildar veitt verðlaun úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar.

Framlag til Styrktarsjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Styrktarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur fékk veglegt framlag í tilefni af eins árs afmæli sjóðsins og 85 ára afmæli Ingibjargar. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Nam gjöfin 2,75 m.kr. en



Ingibjörg gaf 1.75 m.kr. og Sigurður Helgason, prófessor við MIT í Bandaríkjunum, gaf 1 m.kr.

Ástráður Eysteinnsson hlaut alþjóðleg verðlaun Modernist Studies Association

Ástráður Eysteinnsson, prófessor og forseti Hugvísindasviðs, hlaut um haustið alþjóðleg verðlaun Modernist Studies Association sem eru ein virtustu samtök á sviði bókmenntafræði á Vesturlöndum. Verðlaunin hlaut Ástráður fyrir verkið Modernism sem kom út árið 2007 og var valið úr 60 bókmenntafræðiverkum sem tilnefnd voru.

Fyrirverandi heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna sæmd heiðursdoktorsnafnbót

Í júní var dr. Donna E. Shalala sæmd heiðursdoktorsnafnbót frá Háskóla Íslands. Shalala er fyrirverandi heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna og núverandi rektor University of Miami í Flórída. Við þetta tækifæri flutti hún fyrirlestur undir heitinu „The American Presidency.“

Þakkargjöf til Vigdísar Finnbogadóttur

Í júní var frú Vigdís Finnbogadóttur, fyrirverandi forseta Íslands, og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands (SVF) færð þakkargjöf frá íslenskum konum. Gjöfin fólst í sérstaklega gerðum tækifæriskortum sem verða seld til styrktar SVF.

Friðbert Jónasson og Kári Stefánsson hlutu alþjóðleg verðlaun fyrir glákurannsóknir

Í júní hlutu Friðbert Jónasson prófessor og Kári Stefánsson, rannsóknaprófessor og forstjóri Decode Genetics, alþjóðleg verðlaun vegna rannsókna á gláku. Um er að ræða ein virtustu verðlaun á sviði augnlækninga sem veitt eru í heiminum.

Einar Stefánsson hlaut Jules Gonin verðlaunin og heiðursverðlaun Ásu Guðmundsdóttur Wright fyrir rannsóknir í augnlækni

Í september hlaut Einar Stefánsson prófessor Jules Gonin verðlaunin sem veitt eru annað hvert ár þeim einstaklingum í heiminum sem þykja hafa staðið öðrum frammar í rannsóknum í augnlækni, sérstaklega á sviði sjónhimmusjúkdóma. Síðar á árinu fékk Einar enn fremur heiðursverðlaun Ásu Guðmundsdóttur Wright. Einar Stefánsson hefur um árabíl unnið að rannsóknum á blindu vegna gláku og sykursýkisskemmda og er hann mjög kunnur á alþjóðavettvangi fyrir störf sín. Einar er meðhöfundur að meira en 130 ritgerðum í ritryndum vísindatímaritum og höfundur um 400 ritverka og útdráttu um augnlækningafræði.

Björn Guðbjörnsson hlaut verðlaun fyrir rannsóknir á ættlægni sóragigtar

Vísindaráð evrópsku gigtarsamtakanna heiðraði í júní Björn Guðbjörnsson dósent fyrir rannsóknir hans á ættlægni sóragigtar.

Þrír starfsmenn Háskóla Íslands hlutu viðurkenningu á Háskólahátíð

Á háskólahátíð í október var þremur starfsmönnum Háskóla Íslands veitt viðurkenning fyrir lofsverðan árangur í starfi. Viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til vísinda hlaut Höskuldur Þráinsson, prófessor við Hugvísindasvið, viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til kennslu hlaut Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir, dósent við Heilbrigðisvísindasvið, og viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til stoðþjónustu við vísindastarf hlaut Sverrir Guðmundsson, deildarstjóri á vísindasviði.

Tveir sjónskertir stúdentar fengu styrk úr Þórsteinssjóði

Úthlutað var öðru sinni úr Þórsteinssjóði á árinu. Að þessu sinni hlutu styrk tveir sjónskertir stúdentar, þau Páll Þór Sigurjónsson, nemi í Austur-Asíufræðum og Sigríður Björnsdóttir, nemi í norsku og íslensku.

Helgi Björnsson og Árný Erla Sveinbjörnsdóttir sæmd hinni íslensku fálkaorðu

Helgi Björnsson vísindamaður og Árný Erla Sveinbjörnsdóttir vísindamaður voru í júní sæmd hinni íslensku fálkaorðu fyrir vísindastörf sín.

Auður Hauksdóttir sæmd Dannebrogssorðunni

Auður Hauksdóttir, dósent og formaður stjórnar Stofnunar Vigdísar

Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, var í febrúar sæmd Dannebrogorðunni sem er æðsta viðurkenning danska ríkisins og hliðstæða hinnar íslensku fálkaorðu.

Rögnvaldur Ólafsson hlaut viðurkenningu forseta Íslands fyrir frumkvöðlastarf

Í apríl voru Útflutningsverðlaun forseta Íslands veitt í 20. sinn við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Verðlaunin hafa frá árinu 1989 verið veitt einstaklingum eða fyrirtækjum fyrir markvert framlag til eflingar á útflutningsverslun og gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar. Við þetta tækifæri hlutu Rögnvaldur Ólafsson, Einar Benediktsson og Björk Guðmundsdóttir heiðursviðurkenningu forsetans og segir á heimasíðu forseta Íslands að þessir þrír einstaklingar séu fulltrúar fyrir þá fjölmennu sveit í opinberri þjónustu, vísindum og menningu sem á margvíslegan hátt hefur stutt sókn íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegan markað. Rögnvaldur Ólafsson, dósent við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, hlaut viðurkenningu sína fyrir frumkvöðlastarf á sviði vísinda og tækni sem hefur stóreflt íslenskan útflutningsiðnað. Rögnvaldur átti stóran þátt í stofnun fyrirtækisins Marel sem hófst sem nýsköpunarverkefni á rannsóknarstofu Rögnvaldar á Raunvísindastofnun Háskólans. Þar þróaðist verkefnið í fimm ár uns það varð að fyrirtækinu Marel árið 1983. Í dag, liðlega 25 árum síðar, er Marel heimþekkt fyrirtæki sem borið hefur hróður Íslendinga víða.

Sigursælt lið Lagadeildar Háskóla Íslands

Keppnislið Lagadeildar Háskóla Íslands tryggði sér um vorið þátttökurétt í lokakeppni Jessup-málflutningskeppinnar með því að bera sigurorð af liðum frá Lagadeild Háskólans í Reykjavík og Lagadeild Háskólans á Akureyri. Með þessu vann lið Háskóla Íslands sér þátttökurétt sem fulltrúi Íslands í þessari stærstu málflutningskeppni heims, en lið frá 80 löndum tóku þátt í lokakeppninni sem haldin var í Washington D.C. í Bandaríkjunum.

Tannlæknanemar unnu fyrstu verðlaun

Sjötta árs nemar Tannlæknadeildar Háskóla Íslands unnu fyrstu verlaun í rannsóknakeppni tannlæknanema í Norður-Evrópu í lok mars í Kaupmannahöfn. Alls tóku 17 rannsóknarverkefni þátt í keppninni sem ber heitið DENTSPLY og fer fram árlega í Kaupmannahöfn á ársþingi danska tannlæknafélagsins. Er þetta afar glæsilegur árangur og staðfestir sterka stöðu Tannlæknadeildar.

Styrkjum úthlutað úr sjóðnum Gjöf Jóns Sigurðssonar

Í desember var úthlutað úr sjóðnum Gjöf Jóns Sigurðssonar og komu þrír styrkir í hlut kennara Hugvísindasviðs. Í fyrsta lagi hlaut bókin Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula 700.000 kr. styrk en höfundar hennar eru Jón Ma. Ásgeirsson prófessor og Þórður Ingi Guðjónsson, íslenskufraeðingur á Árnastofnun, í öðru lagi fékk Róbert H. Haraldsson prófessor 400.000 kr. styrk fyrir ritin Tveggja manna tal og Frjálsir andar. Ótímabærar hugleiðingar um sannleika, siðferði og trú, og í þriðja lagi hlaut Ragnheiður Kristjánsdóttir 600.000 kr. styrk fyrir doktorsritgerð sína Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalyðsstjórnarmál 1901-1944.

Nemendur Háskólans hlutu norræn nýsköpunarverðlaun fyrir gervigreind

Íslenska sprotafyrirtækið CLARA sem stofnað var árið 2008 í kjölfar frumkvöðlakeppni Innovit hlaut glæsileg verðlaun á Venture Cup Norden ráðstefnunni í lok október. Frumkvöðlar að fyrirtækinu eru núverandi og fyrrverandi nemendur Háskóla Íslands og koma þeir úr ýmsum ólíkum deildum og námsleiðum, meðal annars úr ensku, verkfræði, sálfræði og tölvunarfræði. CLARA vinnur með sjálfvirkum hætti upplýsingar úr skoðanakönnunum á netinu og notar háþróaða gervigreind sem greinir samhengi og tilfinningar í texta. Þannig getur CLARA lækkað kostnað sem fyrirtæki leggja almennt í markaðsrannsóknir og gjörbreytt þekktum aðferðum.

Fræðasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni

Háskóli Íslands starfrækir öflugt net rannsóknar- og fræðasetra á landsbyggðinni. Fræðasetrin eru í Bolungarvík, Húsavík, Hveragerði, Höfn, Sandgerði, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum. Þau eru faglega sjálfstæðar einingar sem eru skipulagðar undir merkjum Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands. Stofnunin er í nánú samstarfi við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á viðkomandi stöðum. Markmið hennar er að skapa aðstöðu til rannsókna, auka

möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Heimsóknir

Al Gore flutti fyrirlestur um áhrif loftslagsbreytinga

Hinn 8. apríl hélt Al Gore, friðarverðlaunahafi Nóbels og fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, fjölsóttan fyrirlestur í Háskólabíói um áhrif loftslagsbreytinga á líf á jörðinni. Fyrirlesturinn var í boði embættis forseta Íslands, Glitnis og Háskóla Íslands og var Kristín Ingólfssdóttir rektor fundarstjóri.

Friðrik, krónprins Danmerkur, heimsótti Háskóla Íslands

Friðrik, krónprins Danmerkur, heimsótti Háskóla Íslands í maí og var heimsóknin liður í fjögurra daga heimsókn hans til landsins. Sótti krónprinsinn, ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, ráðstefnu um jöklafræði og loftslagsbreytingar sem haldin var í Öskju.

Einn fremsti vísindamaður heims andmælandi við doktorsvörn

Rattan Lal, einn fremsti vísindamaður heims á sviði samspils landkosta og loftslagsbreytinga, var andmælandi við doktorsvörn við Háskóla Íslands í júní. Doktorskandídatinn var Marin Ivanov Kardjilov, landmælingaverkfræðingur við Háskólann, og var ritgerðin á sviði landfræði.

Robert Kaplan hélt fyrirlestur

Robert Kaplan, prófessor við Harvard Business School og höfundur hins þekktu Balanced Scorecard-kerfis, kom í september til landsins og flutti erindi í Háskólabíói undir heitinu „The Execution Premium – Linking Strategy to Operations for Competitive Advantage“. Erindið var flutt í boði Capacent og í samstarfi við Háskóla Íslands.

Opinn Háskóli

Háskóli Íslands býður allan ársins hring upp á mikinn fjölda opinna fyrirlestra, málþinga, ráðstefna og umræðufunda um aðskiljanlegustu efni til að mæta þörf fyrir fræðslu og upplýsingar. Þúsundir Íslendinga leggja vikulega leið sína í Háskóla Íslands til að taka þátt í ýmsum viðburðum sem eru auglýstir jafnóðum á heimasíðu Háskólans og á vefsíðum fræðasviða og deilda. Daglega koma vísindamenn og kennarar Háskólans fram í fjölmiðlum landsins til að svara í krafti sérfræðiþekkingar sinnar spurningum sem brenna á almenningsi.

Námskynning

Hinn 16. febrúar var haldin glæsileg námskynning á Háskólatorgi. Á sjötta þúsund gestir lögðu leið sína á Háskólatorg til að kynna sér námsframboð skólans. Lögð var áhersla á að kynna fjölbreytni í námi en um 500 námsleiðir eru í boði við Háskóla Íslands. Að þessu sinni kynntu Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands nám sitt sameiginlega þar sem skólarnir voru sameinaðir 1. júlí. Þar með varð til langstærsti háskóli á Íslandi. Í kjölfarið var haldin námskynning á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.

Hinn 9. apríl var síðan haldin sérstök kynning á framhaldsnámi við Háskólann og sótti hana einnig mikill fjöldi áhugasamra gesta. Félagsvísindadeild, Guðfræðideild, Hugvísindadeild, Lagadeild og Viðskipta- og hagfræðideild stóðu fyrir kynningunni og voru kynntar yfir 60 ólíkar námsleiðir sem þessar deildir bjóða upp á. Kennarar og nemendur sátu fyrir svörum auk þess sem hægt var að leggja inn námsumsóknir á staðnum. Næstu vikur á eftir stóðu aðrar deildir og námsleiðir fyrir hliðstæðum kynningum.

Háskólahátíð

Á háskólahátíð 14. júní voru tæplega 1.100 kandiðatar brautskráðir frá Háskóla Íslands. Aðsókn að skólanum hefur aukist hratt á milli ára. Eftir sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands bættust á fjórða þúsund nýnemar við um haustið en svo margir nýnemar hafa aldrei áður hafið nám við Háskóla Íslands.

Háskóli unga fólksins

Háskóli unga fólksins var haldinn í fimmta sinn í júní. Háskólalóðin bókstaflega iðaði af lífi þegar Háskóli Íslands bauð nemendum á aldrinum 12-16 ára að

stunda vikulangt nám í 38 mismunandi greinum undir leiðsögn kennara Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Um 250 ungmenni tóku þátt í skólanum að þessu sinni sem var meðþátttaka. Háskóla unga fólksins lauk með glæsilegri útskriftarhátíð á Háskólatorgi 13. júní.

Dagskrá Háskóla Íslands á menningarnótt

Mikið fjör var við Háskóla Íslands á menningarnótt. Latabæjarhlaupið fór fram á túninu við Aðalbyggingu og tóku um 4.000 börn á öllum aldri þátt í hlaupinu. Á Háskólatorgi fór fram fjölbreytt dagskrá sem stúdentar og starfsfólk stóðu sameiginlega að og var mjög vel sótt.

Vísindavaka

Háskóli Íslands hefur alltaf leikið stórt hlutverk í Vísindavökunni og var þetta ár engin undantekning. Fjöldi vísindamanna af öllum fræðasviðum kynnti fjölbreyttar rannsóknir og annað spennandi sem er í gangi innan veggja Háskólans. Doktorsnemar frá Jarðvísindastofnun kynntu rannsóknir sínar sem miða að því að dæla koltvísýringi niður í basalt á Helligshéiði og draga þannig úr mengun. Kynnt var japönsk og kínversk menning og Vísindavefurinn kynnti starfsemi sína. Svonefnd eðlisfræðismiðja sló í gegn og verkfræðideildirnar kynntu spennandi verkefni sem snúa meðal annars að vatnsgæðum, vélmennum og ýmsum tækjum og tólum. Mannfræðin kynnti rannsóknir á hundahaldi og deildir Menntavísindasviðs mældu handstyrk gesta og gangandi og leyfðu börnunum að lita og teikna. Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands, Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd kynntu starfsemi sína og aðstandendur CLARA kynntu verkefni sem snýr að markaðsrannsóknum á vefnum. Þjóðfræðin slóst í lið með Þjóðfræðistofu á Ströndum og næringarfræðingar leiddu fólk í sannleikann um góðar neysluvenjur.

student.is – nýr fréttavefur stúdenta

Í október var hleypt af stokkunum nýjum fréttavefnum og þjónustuvefnum fyrir stúdentana. Vefnum er ætlað að vera veftorg sem gefur glögga sýn á fjölskrúðugt mannlíf Háskólans. Frumkvæði að vefnum á Dána Dögg Vígundsdóttir, meistaranemi í blaða- og fréttamennsku, og er vefurinn hluti af lokaverkefni hennar. Meistararnemar í blaða- og fréttamennsku ritstýra vefnum.

Alþjóðadagur Háskóla Íslands

Í október var haldinn alþjóðadagur Háskóla Íslands þar sem nemendum voru kynntir möguleikar til að flétta saman námi sínu við Háskóla Íslands við nám í erlendum háskólum. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og markaðs- og samskiptasvið Háskólans stóðu fyrir deginum með stuðningi franska sendiráðsins.

Japönsk hátíð haldin í fjórða sinn

Í janúar stóðu sendiráð Japans og japönsk fræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands sameiginlega að Japanshátíð. Áætlað er að um 800 gestir hafi komið á japönsku hátíðina. Gestum var boðið að upplifa japanska menningu af ýmsum toga. Japanskar bardagalistar voru sýndar á sviði og auk þess var hægt að taka þátt í fræðandi spurningakeppni um Japan. Þá var boðið upp á sýningu á hefðbundinni te-athöfn, gestir brögðuðu á japönskum réttum í sérstökum matarbás og fengu nafn sitt skrifað með japönsku lettri.

Ýmsir viðburðir

Fjölmennta ráðstefna sem haldin hefur verið við Háskóla Íslands

Fjölmennta ráðstefna sem haldin hefur verið við Háskóla Íslands fór fram á Háskólatorgi í ágúst þegar um eitt þúsund eldfjallasérfræðingar komu saman til að ræða um hamfaragos, eyðingu lífs í eldsumbrotum, loftslagsbreytingar og orsakir eldgosa.

Fulltrúar Háskóla Íslands á Ólympíuleikunum í Peking

Háskóli Íslands átti glæsilega fulltrúa á Ólympíuleikunum í Peking um sumarið. Ásdís Hjálmarsdóttir, nemi í lyfjafræði, keppti í spjótkesti, Jakob Jóhann Sveinsson, nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði, keppti í sundi og Ragna Ingólfsdóttir, nemi í heimspeki og sálfræði, tók þátt í badmintonkeppni leikanna. Það er mikill heiður fyrir Háskóla Íslands að geta státað af slíku afreksfólki úr röðum nemenda sinna.



Háskólahlaup

Í lok apríl var haldið háskólahlaup með góðri þátttöku starfsmanna og nemenda Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Hlaupin var 7 km vegalengd í kringum flugvöllinn í Vatnsmýrinni og var sigurvegari hlaupsins Sigurbjörn Árni Arngrímsson, lektor við Menntavísindasvið á Laugarvatni og margfaldur Íslandsmeistari í hlaupum. Hlaupið var hápunktur heilsumánaðar við Háskólann, en við þetta tækifæri var jafnframt fagnað 60 ára afmæli íþróttahúss skólans.

Átaksverkefni um lyfjamál

Rannsóknarstofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands hratt í maí af stað átaki til að efla vitund almennings um förgun lyfja. Átakið var liður í rannsókn á sóun lyfja.

Knattspyrnumenn ársins 2008 úr röðum nemenda Háskólans

Dóra María Lárusdóttir, knattspyrnukona úr Val, var valin besti leikmaður úrvalsdeildar kvenna í fótbolta. Hún er jafnframt í landsliði Íslands og meistaranemi í fjármálahagfræði. Guðmundur Steinarsson, leikmaður Keflavíkur, var valinn besti leikmaður úrvalsdeildar karla og var hann einnig markahæsti leikmaður deildarinnar. Hann er stundar fjarnám í kennslufræði.

Afmæli

100 ára afmæli Lagadeildar

Lagadeild fagnaði því 1. október að 100 ár voru liðin frá því að lagakennsla hófst á Íslandi. Í tilefni af afmælinu gekkst deildin fyrir fjölbreyttri afmælis dagskrá með hátíðarmálþingi, ráðstefnum og málstofum með helstu fræðimönnum lögfræðinnar á Íslandi og erlendum gestum.

100 ára afmæli Kennaraháskóla Íslands

Kennaraháskóli Íslands fagnaði aldarafmæli sínu 7. júní með veglegri hátíð í Borgarleikhúsinu, en þá voru liðin 100 ár frá setningu fyrstu fræðslulaga og stofnun Kennaraháskóla Íslands. Við þetta tækifæri voru brautskráðir fyrstu þrír doktorarnir frá skólanum og lýst kjöri heiðursdoktora. Eftt var til sýningar í Þjóðarbókhöðunni í maí í tilefni af 100 ára afmælinu og gefið út veglegt afmælisrit.

70 ára afmæli kennslu í viðskiptafræði og hagfræði

Hinn 14. nóvember var haldin vegleg athöfn í Hátíðarsal í tilefni af því að 70 ár voru liðin frá upphafi kennslu í viðskiptafræði og hagfræði á Íslandi. Við þetta tækifæri var lýst kjöri þriggja heiðursdoktora.

25 ára afmæli Endurmenntunarstofnunar 2. október

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands hélt upp á 25 ára afmæli sitt í október með fjölbreyttri afmælis dagskrá. Starfsemi Endurmenntunarstofnunar hefur eflst með ári hverju og hefur hún aldrei verið fjölbreyttari og öflugri en nú.

20 ára afmæli Tæknigarðs

Í tilefni af 20 ára afmæli Tæknigarðs var í nóvember haldin afmælishátíð og jafnframt veitt hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands fyrir bestu tillögur að verkefnum sem geta orðið að gagni í íslensku samfélagi. Á þeim 20 árum sem Tæknigarður hefur starfað hefur hann fóstorað mikinn fjölda sprotafyrirtækja sem mörg hver hafa orðið að öflugum og framsæknum þekkingarfyrirtækjum.

Afmælisnefnd Háskóla Íslands skipuð

Hinn 17. júní 2011 verða liðin 100 ár frá því að Háskóli Íslands var stofnaður á Alþingi á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Til að undirbúa þennan merka áfanga skipaði háskólaráð í apríl afmælisnefnd Háskóla Íslands. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar Háskólans, auk eins fulltrúa Alþingis og eins fulltrúa menntamálaráðherra, þau Guðrún Nordal prófessor, sem er formaður, Börkur Hansen, prófessor við Menntavísindasvið, Helgi Bernóðsson skrifstofustjóri, fulltrúi Alþingis, Hörður Sigurgestsson rekstrarhagfræðingur, fulltrúi menntamálaráðherra, Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið, Sigurður R. Gíslason, vísindamaður við Raunvísindastofnun, og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Félagsvísindasvið. Þá er hafin ritun aldarsögu Háskóla Íslands sem kemur út á afmælisárinu.

Blikur á lofti

Um haustið reið alþjóðleg fjármálakreppa yfir Ísland með meiri þunga en dæmi eru um. Háskóli Íslands brást þegar í stað til með samstilltu átaki:



- Opnað var fyrir umsóknir um grunn- og framhaldsnám í fjölmörgum deildum Háskólans um áramótin 2008/2009.
- Gripið var til margvíslegra sparnaðaraðgerða, s.s. afnáms kennsluafsláttar vegna aldurs, aðhalds vegna rannsóknamissara og ferðalaga erlendis, aðhalds vegna endurnýjunar tækja- og tölvubúnaðar, endurskoðunar fastlaunasamninga og yfirvinnugreiðslna og hagræðingar í launakostnaði. Við ákvörðun þessara aðgerða var lögð áhersla á að standa vörð um störf, að tryggja stúdentum kennslu í samræmi við gæðakröfur Háskólans og að halda áfram að byggja upp öflugan rannsóknaháskóla í samræmi við stefnu skólans.
- Á háskólavefnum var opnuð sérstök upplýsingagátt með nauðsynlegum upplýsingum um allt grunn- og framhaldsnám sem er í boði við í Háskóla Íslands á vormisseri 2009. Þar var einnig að finna upplýsingar um margvíslega þjónustu fyrir nemendur og krækjur á gagnlega vefi fyrir verðandi og núverandi námsmenn.
- Um áramótin var efnt til fyrirlestraraðar undir heitinu Mannlíf og kreppur. Markmið fyrirlestranna var að fræða ungt fólk á Íslandi um stærsta mál samtímans hér á landi, fjármálakreppuna, og líkleg áhrif hennar á innviði íslensks samfélags á næstu árum. Fullt var út úr dyrum í hringstofu í Háskólatorgi þegar fyrsti hluti fyrirlestraraðarinnar fór þar fram.
- Opnaður var svonefndur geðspekivefur sem er þverfaglegt samstarfsverkefni nemenda og kennara í hjúkrunarfræði, sálfræði og bókasafns- og upplýsingafræði.

Kennarar Háskóla Íslands kallaðir til ábyrgðarstarfa í samfélaginu


Fjöldi sérfræðinga Háskóla Íslands sinnir samfélagslegu ráðgjafahlutverki á hverjum degi á margvíslegum vettvangi. Nokkrir þeirra hafa verið kallaðir til að gegna mikilvægum opinberum störfum:

- Gylfi Magnússon, dósent við Viðskiptafræðideild, gegnir embætti ópólitísku viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Íslands.
- Björg Thorarensen, prófessor og forseti Lagadeildar, hefur verið skipað formaður ráðgjafahóps sem undirbýr frumvarp til stjórnskipunarlaganna fyrir Alþingi.
- Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, hefur verið skipaður formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins.
- Viðar Már Matthíasson, prófessor við Lagadeild, hefur verið settur dómari við Hæstarétt Íslands á meðan á tímabundnu leyfi Páls Hreinssonar, hæstaréttardómara og fyrrverandi forseta Lagadeildar, stendur, en Páll gegnir starfi formanns rannsóknarnefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða.
- Róbert Ragnar Spanó, prófessor við Lagadeild og varadeildarforseti, þáði boð forsætisnefndar Alþingis um að gegna embætti umboðsmanns Alþingis á meðan Tryggvi Gunnarsson starfar í rannsóknarnefnd sem kannar bankahrunið hér á landi.
- Forsætisráðherra skipaði Gylfa Zoëga, prófessor og forseta Hagfræðideildar, fulltrúa í peningastefnunefnd.
- Forsætisnefnd Alþingis skipaði þau Vilhjálm Árnason, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild, og Salvöru Nordal, forstöðumann Siðfræðistofnunar, í nefnd til að rannsaka hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði.


Háskóli Íslands í hnotskurn 2008




Skipting útgjalda 2008



Skipting útgjalda eftir deildum 2008



Tekjur Háskóla Íslands 2000-2008 m. kr.





Starfsnefndir háskólaráðs

Fjármálanefnd

Háskólaráð skipar fjármálanefnd. Rektor tilnefnir formann. Í upphafi árs var nefndin skipuð einum fulltrúa frá hverju af fjórum eldri fræðasviðum Háskólans til tveggja ára í senn. Eftir sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands bættist við fulltrúi fyrir Menntavísindasviðið á haustmisseri. Guðmundur R. Jónsson, prófessor, var formaður árið 2008. Aðrir nefndarmenn á vormisseri voru Aðalheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi Félagsvísindasviðs, Guðrún Kristjánsdóttir, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs, Hannes Jónsson, fulltrúi Verkfræði- og raunvísindasviðs og Valur Ingimundarson, fulltrúa Hugvísindasviðs. Á árinu var ekki skipt um nefndarmenn en háskólaráð framlengdi umboð allra nefndarmanna. Á haustmisseri bættist Guðmundur Ragnarsson og síðar Amalía Björnsdóttir við sem fulltrúi Menntavísindasviðs. Með fjármálanefnd starfaði Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs. Ritari var Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi.

Nefndin hélt 20 fundi á árinu, átta á vormisseri og 12 á haustmisseri. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að vera rektor, háskólaráði og háskólafundi til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að fjármálum og rekstri Háskólans.
- að hafa umsjón með samningum Háskólans við menntamálaráðuneyti um fjármögnun kennslu og rannsókna.
- að vinna fjárhagsáætlun Háskólans fyrir rektor sem ber hana undir háskólaráð til samþykktar.
- að gera tillögu um fjárlagaerindi Háskólans.
- að fylgjast með afgreiðslu menntamálaráðuneytis á fjárlagaerindi skólans og vera rektor til ráðuneytis um frekari rök til að fylgja erindinu eftir.
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um deililíkon sem notuð eru við skiptingu fjárveitinga á deildir, stofnanir og stjórnsýslueiningar.
- að yfirfara ársreikning Háskólans.
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um skiptingu aukafjárveitinga á deildir, stofnanir og stjórnsýslueiningar.
- að leiðbeina deildum, stofnunum og stjórnsýslueiningum við gerð fjárhagsáætlana.
- að móta fjárhagsáætlun Háskólans á grundvelli þeirra og stefnumörkunar rektors og háskólaráðs.
- að framkvæma innra eftirlit með því að útgjöld deilda, stofnana og stjórnsýslueininga fari ekki fram úr fjárveitingum.
- að stuðla að umræðum og málþingum innan Háskólans og utan um fjármál og rekstur Háskólans.

Helstu verkefni á árinu voru að útbúa fjárlagaerindi fyrir árið 2009; vinna að endurskoðun deililíkans; gera tillögu til háskólaráðs um skiptingu fjárveitingar ársins 2009 niður á svið, deildir og aðrar skipulagseiningar; funda með sviðsforsetum og forstöðumönnum um fjárhagsáætlun viðkomandi sviða og stofnana fyrir árið 2009 og fjárhagsstöðu þeirra á árinu 2008; taka afstöðu til erinda um nýráðningar.

Mikil vinna fór í að endurskoða deililíkan Háskólans og skiptingu fjárveitinga ársins 2009. Við það þurfti að taka mið af nýju skipulagi skólans þar sem fimm svið, sem skiptast í þrjár til sex deildir koma í stað 12 deilda Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Þegar fjárlagafrumvarpið kom fram var gert ráð fyrir verulegri samningsbundinni hækkingu á fjárveitingum til Háskóla Íslands. Eftir fjármálahrunið í október var fjárveiting til Háskólans skorin niður um 10%. Þessi niðurskurður gerði vinnu fjármálanefndarinnar mjög erfiða og fjárhagsstöðuna þrönga. Sérstaklega var hugað að því að raunfjárveiting til einstakra sviða skertist

ekki verulega frá árinu áður en að jafnframt væri tekið tillit til árangurs sviðanna við útteilingu fjárveitinga. Preyttu einingarnar eru að 8/10 hlutum miðaðar við þá grein sem kennir viðkomandi námskeið en að 2/10 hlutum miðað við heimagrein nemanda samanborið við 9/10 og 1/10 árið áður. Hlutföllin eru opin fyrir frekari endurskoðun. Fjárveitingar til rannsókna taka eins og áður að hluta mið af fjárveitingu til kennslu og að auki fjölda útskrifaðra meistaranema og doktorsnema, fjölda rannsóknastiga kennara og árangri í öflun innlendra og erlendra styrkja úr samkeppnissjóðum og annarra styrkja. Þá er farið að taka mið af notkun sviða og deilda á húsnæði og verður húsnæðislíkan að fullu tekið inn á árunum 2008 til 2011 fyrir svið, stofnanir og stjórnsýslu. Í stað kassakerfisins hefur komið framlag til „fámennra/þjóðlegra greina“. Deildum er tryggt að þær fái þetta framlag verðbætt með verðlagsforsendum fjárlaga næstu árin. Á árinu 2009 var það verðbætt um 6%. Með þessu móti er deildum tryggð lágmarksfjárveiting en jafnframt er útreikningur á fjárveitingu mun gagnsærri en áður og deildir sem áður voru með fasta fjárveitingu samkvæmt kassakerfinu geta nú fengið aukna fjárveitingu eftir því sem árangur í kennslu og rannsóknum vex.

Gæðanefnd

Gæðanefnd háskólaráðs var fyrst skipuð 26. júní 2006 og lauk skipunartíma hennar árið 2008. Í nýskipaðri gæðanefnd eiga sæti þau Jón Atli Benediktsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, aðstoðarmaður rektors og þróunarstjóri Háskólans, sem er formaður, Börkur Hansen, prófessor við Menntavísindasvið, Bryndís Brandsdóttir, vísindamaður við Raunvísindastofnun, Gylfi Zoëga, prófessor við Félagsvísindasvið og forseti Hagfræðideildar, Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent við Hugvísindasvið, og Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið. Með nefndinni starfar Magnús Díðrik Baldursson, gæðastjóri Háskólans og skrifstofustjóri rektorsskrifstofu.

Í erindisbréfi gæðanefndar er hlutverki hennar lýst svo:

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja gæði kennslu, rannsókna og stjórnunar við Háskóla Íslands. Í því felst m.a. að styrkja gæðakerfi Háskóla Íslands og efla gæðamenningu innan hans. Gæðakerfi Háskóla Íslands miðar að því að mæta væntingum nemenda, starfsmanna, íslensks samfélags og hins alþjóðlega vísindasamfélags.

Verkefni gæðanefndar eru m.a.

- að þróa, viðhalda og hafa eftirlit með gæðakerfi Háskóla Íslands,
- að byggja upp miðstöð framhaldsnáms sem hafi m.a. það hlutverk að fylgja eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands,
- að skilgreina og fylgja eftir hliðstæðum viðmiðum og kröfum um gæði meistaranáms annars vegar og grunnnáms hins vegar,
- að fylgjast með og taka mið af alþjóðlegum viðmiðum og stefnumörkun á sviði gæðamála í háskólastarfi, s.s. á vettvangi EUA (European University Association), ENQA (European Network for Quality Assurance in Higher Education) og í tengslum við Bologna-ferlið,
- að beita sér fyrir því að fram fari reglubundið innra og ytra gæðamat á Háskólanum í heild, einstökum deildum og stjórnsýslu hans. Slíkt gæðaeftirlit verði ávallt í höndum faglegs aðila eða sjálfstæðrar matsstofnunar sem styðst við viðurkennd alþjóðleg viðmið og kröfur,
- að vera rektor, háskólaráði, háskólafundi, deildarforsetum, öðrum starfsnefndum, forstöðumönnum og framkvæmdastjórum til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að gæðamálum Háskólans,
- að sinna öðrum þeim verkefnum sem rektor, háskólaráð eða háskólafundur kunna að fela nefndinni.

Gæðanefnd hélt 12 fundi á árinu. Helstu áherslumál í starfi nefndarinnar á árinu voru þessi:

- Eftirfylgni með Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 á sviði gæðamála.
- Mat á umsóknum deilda og fræðasviða um ráðningu gestakennara m.t.t. þess hvort þær uppfylli akademískar hæfiskröfur.
- Samstarf við kennslumálanefnd háskólaráðs um framkvæmd þeirra atriða í stefnu Háskólans er lúta að námi og kennslu.
- Þátttaka í starfi nefndar háskólaráðs um inntöku nýnema og aðgerðir til að draga úr brottfalli.
- Gerð tillagna fyrir háskólaráð um hvernig staðið verði að skilgreiningu

sterkra rannsóknasviða við Háskóla Íslands.

- Umfjöllun um tillögur vísindanefndar háskólaráðs um endurskoðað matskerfi rannsókna við Háskóla Íslands.
- Umsögn um reglur menntamálaráðuneytisins um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna og áætlun ráðuneytisins um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna.
- Eftirfylgni með lokaskýrslum sérfræðingahópa vegna viðurkenningar fræðasviða Háskóla Íslands og vegna heimildar fræðasviða til að bjóða upp á doktorsnám.
- Umsjón með starfsemi Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands (Graduate School), en hlutverk Miðstöðvarinnar er að tryggja gæði námsins.
- Umfjöllun um þróun gæðamála háskóla á innlendum og erlendum vettvangi.
- Umfjöllun um ýmis erindi sem háskólaráð vísaði til gæðanefndar.

Jafnréttisnefnd

Til 1. júlí 2008 áttu eftirtaldir aðilar sæti í jafnréttisnefnd: Brynhildur Flóvenz, lektor í Lagadeild, formaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í Guðfræðideild, Ólafur P. Pálsson, prófessor í Verkfræðideild, Þórarinn Sveinsson, dósent í Læknadeild, og Steindór G. Jónsson, fulltrúi stúdenta.

Frá og með 30. október var jafnréttisnefnd skipuð eftirtöldum aðilum: Brynhildur Flóvenz, lektor í Lagadeild, formaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Karl Örn Karlsson, lektor í Tannlæknadeild, Ólafur Páll Jónsson, lektor í Uppeldis- og menntunarfræðideild, Rögnvaldur Ólafsson, dósent í Raunvísindadeild, Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, og Raket Adolphsdóttir, fulltrúi stúdenta.

Með nefndinni störfuðu Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi, Bryndís Erna Jóhannsdóttir, starfandi jafnréttisfulltrúi, og Amalía Skúladóttir, ritari nefndarinnar.

Nefndin hélt átta fundi á árinu, og meðal helstu verkefna nefndarinnar voru vinna við gerð jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands 2009-2013; áframhaldandi þróunarvinna vegna rannsóknar um aðsókn og aðstæður kvenna í tilteknum greinum innan Verkfræðideildar og Raunvísindadeildar, en stefnt er að því að rannsóknin hefjist á árinu 2009; og málþingið Forskot með fjölbreytileika um jafnrétti í víðum samhengi þ. 25. apríl í samstarfi við jafnréttisnefnd Kennaraháskóla Íslands og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Á árinu var enn fremur unnið að skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála í Háskóla Íslands 2003-2007 og fól nefndin Félagsvísindastofnun HÍ að vinna skýrsluna, sem kemur út vorið 2009.

Kennslumálanefnd

Kennslumálanefnd fundaði níu sinnum á vormisseri 2008. Unnið var ötullega að tillögum um leiðir til að ná stefnumarkmiðum HÍ í kennslumálum. Tillögurnar voru kynntar og ræddar víða, m.a. á fundum deildarforseta og háskólafundi 17. apríl. Lesa má nánar um tillögurnar í fundargerð háskólafundar en fjórar aðaltillögur voru gerðar:

- Kennslunefndir starfi á öllum sviðum og séu virkar í þróun námsumhverfis og kennslu. Þær séu í góðu samstafi við stjórnslu og kennara.
- Miðlæg gæðastjórn miði eftirlit m.a. við starf kennslunefnda.
- Eflid verði samvinna við Kennslumiðstöð.
- Haldnar verði kennsluferilsskrár kennara í skólanum.

Líkt og fyrr komu mörg mál til umsagnar kennslumálanefndar. Umboð nefndarinnar rann út 1. júlí 2008. Ný nefnd skipuð formönnum kennslunefnda sviða var skipuð á vormisseri 2009 og því fundaði nefndin ekki á haustmisseri 2008. Formaður nefndarinnar, Sigurður J. Grétarsson, tók saman lokaskýrslu um helstu störf nefndarinnar frá 2004 til 2008 og var hún lögð fyrir háskólaráð. Á meðal verkefna sem þar eru talin má nefna: skipan kennslunefnda, mat á kennslu til framgangs, launaauka og eftirlits, kennslukönnun, kennsluferilsskrár, inngöngu-kröfur, námskröfur, meðaleinkunnir, einkunnakvarðar, þróttökureglur, sýning krossaprófa o.fl.

Á meðal annarra umfjöllunarefna nefndarinnar á vormisseri 2008 voru:

- Undirbúningur framkvæmdar nýrrar kennslukönnunar á haustmisseri 2008,
- úthlutun úr kennslumálasjóði,
- eftirfylgni við bætt einkunnaskil,
- tilnefningar til kennsluverðlauna,
- tímasetningar kennslu og prófa.

Auk formanns sátu eftirtaldir fulltrúar í nefndinni: Árelía Guðmundsdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir, Hjálmtýr Hafsteinsson og Ragnheiður Bragadóttir. Kári Hólm Ragnarsson var fulltrúi stúdenta. Sviðsstjóri kennsluviðs, Þórður Kristinsson, prófstjóri, Hreinn Pálsson og formaður stjórnar kennslumiðstöðvar, Guðrún Geirsdóttir, sátu fundi nefndarinnar og unnu með henni.

Samráðsnefnd um kjaramál

Samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál er ætlað að tryggja samstarf og samráð við stéttarfélög og samtök starfsmanna háskólans um kjara- og réttindamál auk þess sem hún gegnir hlutverki samstarfsnefndar samkvæmt 11. kafla kjarasamninga fjármálaráðherra og stéttarfélaga ríkisstarfsmanna.

Á árinu 2008 var meginverkefni nefndarinnar samræming stofnanasamninga Félags háskólakennara og Kjarafélags Kennaraháskóla Íslands vegna sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands þann 1. júlí 2008. Vegna þessa verkefnis starfaði Guðmundur Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kennaraháskólans með nefndinni. Vegna sameiningarinnar vann samráðsnefndin einnig að samræmingu kjara þeirra starfsmanna beggja skólanna sem eru í öðrum stéttarfélögum, aðallega SFR, stéttarfélagi í almannajónustu.

Skipan samráðsnefndar um kjaramál 2008: Guðmundur R. Jónsson, prófessor, formaður, Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, starfsmannastjóri, og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs. Starfsmaður nefndarinnar er Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur starfsmannasviðs.

Vísindanefnd

Drjúgur hluti starfs nefndarinnar fólst í að framfylgja stefnu Háskólans. Ber þar hæst breytingar á vinnuáætlingum Háskólans. Því verki lauk á árinu með því að nefndin skilaði tillögum til rektors.

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskólans. Vinna við úthlutun úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2009 átti sér stað í lok ársins eins og áður og sem fyrr var faglegt mat skilið frá úthlutunavinnu. Til viðbótar umsóknum frá eldri fræðasviðum Háskóla Íslands bárust sjóðnum nú í fyrsta skipti umsóknir frá Menntavísindasviði. Faglegt mat önnuðust fimm fagráð, fagráð fræðasviða skólans. Í hverju fagráði voru 7-8 fulltrúar, þar af voru einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Fagráð mátu allar umsóknir á fagsviðum sínum. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan í höndum vísindanefndar. Við úthlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður. Lögð var áhersla á að styrkja sem best þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda.

Umsóknir voru 209 og voru alls 182 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 172 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2009. Meðalstyrkur var 945 þús. kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Vísindanefnd sá einnig um úthlutun verkefnabundinna styrkja til tækjakaupa eins og áður. Á árinu 2008 voru einnig veittir styrkir til nýðkora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs. Alls voru veittir 23 styrkir (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Tryggt hefur verið fjármagn til þessara styrkja á árinu 2009. Þá voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í framhaldsnámi að upphæð 3,7 m.kr.

Á árinu voru í þriðja sinn veittir styrkir til framhaldsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands (sjá nánar kafla um Háskólasjóð). Faglegt mat á umsóknum var samkvæmt reglum í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsóknarferli stúdents.

Þá voru í annað sinn veittir sérstakir styrkir til doktorsnema úr Rannsóknasjóði svipaðir þeim sem veittir eru úr Háskólasjóði. Mat á þeim umsóknum var í höndum fagráða vísindanefndar, með sama sniði og fyrir umsóknir í Háskólasjóð. Vísindanefnd úthlutaði síðan styrkjum til 26 verkefna í febrúar. Í lok ársins voru umsóknir til sjóðsins vegna úthlutunar 2009 metnar af fagráðum nefndarinnar. Matið fór fram með sama hætti og áður.

Vísindanefnd tilnefndi þrjá vísindamenn til verðlauna vegna árangurs í rannsóknnum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan Höskuld Þráinsson, prófessor í Hugvísindadeild. Honum voru veitt verðlaunin við brautskráningu Háskólans 25. október 2008.

Skipan vísindanefndar 2008:

Til 30. október:

Helga Ögmundsdóttir, prófessor í Læknadeild, formaður, Guðrún Nordal, prófessor í Hugvísindadeild, Jón Gunnar Bernburg, dósent í Félagsvísindadeild, Ingibjörg Harðardóttir, dósent í Læknadeild, Jóhannes R. Sveinsson, prófessor í Verkfræðideild, Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í Raunvísindadeild og Brynhildur Thors, doktorsnemi í Læknadeild, fulltrúi stúdenta.

Á árinu urðu breytingar á nefndinni við breytingar á skipulagi skólans og tók ný nefnd til starfa 30. október 2008.

Formaður: Helga Ögmundsdóttir, prófessor í Læknadeild, Ingibjörg Harðardóttir, prófessor í Læknadeild og Jóhannes R. Sveinsson, prófessor í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild. Þau eru öll skipuð til 1. október 2009.

Eftirtaldir voru skipaðir til þriggja ára: Jón Gunnar Bernburg, dósent í Félags- og mannvísindadeild, Allyson Macdonald, prófessor í Uppeldis- og menntunarfræðideild, Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður á Jarðvísindastofnun, Herdís Sveinsdóttir, prófessor í Hjúkrunarfræðideild, Svavar Hrafn Svavarsson, dósent í Sagnfræði- og heimspekideild.



Stjórnsýsla

Skrifstofa rektors

Hlutverk rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er rektor formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnsýslu Háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum Háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum Háskólans. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu Háskólans og setur því starfslýsingar. Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í Háskólanum.

Skrifstofa rektors

Starfsemi skrifstofu rektors helgast af því að framfylgja lögskipuðu hlutverki háskólarektors, gæta heildarhagsmuna Háskólans og greiða fyrir því eftir bestu getu að stefna Háskóla Íslands megi ganga vel fram, þannig að Háskólinn nái að rækja og rækta hlutverk sitt sem allra best í kennslu og rannsóknum og þjónustu við samfélagið.

Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu Háskólans, háskólaþingi, fundum háskólaráðs, ársfundi Háskólans og fundum rektors með forsetum fræðasviða. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með samskiptum rektors við fulltrúa stjórnvalda, atvinnulífs og innlendra og erlendra háskóla- og rannsóknastofnana og samtaka þeirra, sem og fulltrúa erlendra ríkja. Náin samvinna er við forseta fræðasviða, deildarforseta, aðstoðarmann rektors og þróunarstjóra og sviðsstjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Á rektorsskrifstofu fer ennfremur fram margvísleg önnur regluleg starfsemi, svo sem móttaka og afgreiðsla erinda sem berast Háskólanum, afgreiðsla viðtala eftir pöntun, miðlun upplýsinga til starfsmanna, umsjón með nefndum og starfshópum rektors um einstök málefni, útgáfa Árbókar Háskólans, umsjón með úthlutunum úr Háskólasjóði, brautskráningum kandiðata, doktorsvörnum, viðurkenningum til starfsmanna, málþingum, ráðstefnum og fyrirlestrum á vegum rektors, útgáfa ýmiss kynningarefnis og umsjón með boðum og samkomum á vegum rektors.

Starfslið

Rektor Háskóla Íslands er Kristín Ingólfsdóttir prófessor. Aðrir starfsmenn á skrifstofu rektors eru Jón Atli Benediktsson prófessor, aðstoðarmaður rektors og þróunarstjóri, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri og gæðastjóri, Sæunn Stefánsdóttir sérfræðingur, Guðbjörg Jóhannesdóttir verkefnisstjóri og Margrét Ludwig verkefnisstjóri.

Stefnumótun

Rektor hefur frumkvæði að mótun sameiginlegrar stefnu Háskóla Íslands og stefnu í einstökum málum.

Þróunarmál

Á árinu var áfram unnið markvisst að framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 sem felur m.a. í sér þróun og innleiðingu fjölmargra nýmæla.

Gæðamál

Skrifstofa rektors hefur yfirumsjón með gæðamálum Háskólans.

Áherslumál

Í kaflanum um helstu viðburði 2008 framar í þessari Árbók er vikið að fjölmörgum verkefnum sem með einum eða öðrum hætti var sinnt á rektorsskrifstofu.

Markaðs- og samskiptamál

Markaðs- og samskiptasvið

Hlutverk markaðs- og samskiptasviðs Háskóla Íslands er að miðla upplýsingum til almennings og hagsmunaaðila um fjölbreytta starfsemi Háskóla Íslands og styrkja þannig ímynd hans og orðspor. Sviðið vinnur markvisst að því að almenn- ingur og ytri og innri hagsmunaaðilar skynji stöðu Háskólans á jákvæðan hátt og hafi skýra mynd af hlutverki hans og sérstöðu.

Markaðs- og samskiptasvið byggir upp traust almennings á Háskóla Íslands og virkjar hagsmunahópa skólans í þeim tilgangi að þeir verði virkir talsmenn skólans og komi að eflingu hans inn á við og út á við. Á árinu 2008 naut Háskóli Íslands langmests trausts opinberra stofnana meðal almennings en samkvæmt þjóðarpúlsi Capacents naut Háskólinn trausts 90 prósentu þjóðarinnar. Háskólinn hefur notið mests trausts allra ríkisstofnana undanfarin ár en aldrei notið jafn- mikils trausts í þjóðarpúlsi Capacents og á árinu 2008.

Í starfi sínu leggur markaðs- og samskiptasvið meðal annars áherslu á að:

- vernda og styrkja orðspor Háskóla Íslands,
- móta og miðla stefnu og framtíðarsýn Háskóla Íslands til almennings og til innri og ytri hagsmunahópa.
- móta og þróa kynningar-, markaðs-, samskipta- og mörkunarstefnu fyrir Háskóla Íslands,
- samhæfa kynningar-, markaðs-, samskipta- og mörkunarstarf fræðasviða, deilda og eininga Háskólans,
- tryggja að Háskóli Íslands hafi eina ásjón í sameiginlegu kynningarefni og í kynningarefni eininganna,
- afla, greina og miðla upplýsingum eftir tiltækum boðleiðum um starf innan Háskóla Íslands,
- standa fyrir og stuðla að viðburðum sem tengjast fjölbreyttri starfsemi Háskóla Íslands,
- standa fyrir og kynna úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskólans,
- efla og þróa hollvinastarf.

Helstu verkefni

Helstu verkefni markaðs- og samskiptasviðs ráðast að miklu leyti af framan- greindum áherslum sviðsins. Sviðið mótar markaðs-, kynningar-, mörkunar- og ímyndarstarf Háskólans í heild sinni í samvinnu við rektor Háskóla Íslands, háskólaráð og markaðs- og kynningarráð Háskólans (sem vikið verður að síðar) og samþættir og samhæfir starfið milli einstakra eininga.

Í þessu sambandi má nefna víðtæka upplýsingamiðlun eftir helstu boðleiðum sem tiltækar eru, þar með talið á vefsvæði Háskólans, fjölþætt samskipti við fjölmíðla, gerð, hönnun og útgáfu kynningarefnis, umsjón með stærri viðburðum Háskólans, úthlutun styrkja á vegum skólans, samskipti við hollvini, velunnara og stjórnir styrktarsjóða Háskólans, samfélagslega vísindamiðlun auk ráðgjafar og fræðslu um markaðsmál sem veitt er innan Háskólans.

Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, sem átti sér stað 1. júlí 2008, og opnun á nýju vefsvæði Háskóla Íslands sama dag setti mark á starfsemi sviðsins á árinu.

Þá kallaði breyting á stjórnskipulagi Háskólans á miklar annir en reyndist einnig færi til að innleiða breytingar á viðmóti og útliti á öllum prentgripum og heildar- kynningarefni skólans. Mikil vinna var því lögð í endurhönnun og endurnýjun kynningarefnis á árinu 2008 sem tók mið af breyttum Háskóla Íslands, en að því verður vikið síðar.

Stjórn og starfslið

Markaðs- og samskiptasvið er eitt af sex þjónustu- og stoðsviðum sameigin- legrar stjórnslu Háskólans. Sviðsstjóri er Jón Örn Guðbjartsson. Kynningarmál voru í höndum hans og Guðrúnar J. Bachmann, sem var í námsleyfi. Verkefnis- stjóri viðburða var Björk Hákansson fram á mitt ár þegar Dagný Ósk Aradóttir tók við starfi hennar tímabundið. Vefstjóri á fyrstu mánuðum ársins var Anna Sveinsdóttir en við verkefnum hennar tók Gunnar Grímsson á vormánuðum. Hann leiddi einnig vefhóp sem vann að innleiðingu á nýju ytra vefsvæði Háskól- ans í samvinnu við markaðs- og samskiptasvið og ráðgjafahóp Háskólans um

vefmál. Helga Brá Árnadóttir verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvina fór í leyfi tímabundið sökum veikinda og við starfi hennar tók Ingibjörg Einarsdóttir. Helga Birgisdóttir var ráðin í verkefni í vefmálum í byrjun árs en hún lét af starfi á haustmánuðum. Kristín Ása Einarsdóttir var ráðin tímabundið í ýmis verkefni á haustdögum.

Upplýsingaskrifstofa Háskólans heyrir undir sviðið. Deildarstjóri Upplýsingaskrifstofu er Ása Kolka og þar störfuðu einnig Guðrún Pétursdóttir, Anna Vigdís Ólafsdóttir og Guðbjörg S. Haraldsdóttir.

Vefsvæði Háskóla Íslands

Vefsvæði Háskóla Íslands er eitt það efnismesta og fjölsóttasta á landinu. Nýtt ytra vefsvæði var innleitt frá grunni á árinu og leysti það af hólmi 13 vefsvæði; almennan vef Háskóla Íslands, 11 deildarvefi og vefsvæði Kennaraháskóla Íslands. Hópur sérfræðinga og starfsmanna Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands kom, ásamt sjálfstæðum ráðgjöfum, að því að velja nýtt vefumsjónarkerfi fyrir Háskólann. Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs, leiddi þennan hóp en í honum sátu m.a. Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs, og Dagný Ósk Aradóttir, verkefnisstjóri á sviðinu.

Vefumsjónarkerfið Drupal var valið til að stýra vefjum Háskólans. Því er dreift án þóknunar og sér samfélag notenda um viðhald og þróun kerfisins og ýmsa sérsníða og nýjungar. Vefumsjónarkerfið Drupal gerir Háskólanum kleift að þróa áfram vefsvæði sín án aðkomu ytri aðila og leiðir það til sjálfstæðis og sparnaðar þegar til lengri tíma er litið. Einnig má horfa til þess að unnt verður að nýta kerfið við kennslu innan Háskólans og í sjálfstæðum rannsóknarverkefnum. Reiknistofnun sér um að þjónusta og hýsa nýja vefumsjónarkerfið ásamt þeim vefjum sem Háskólinn rekur en vefsvæðið nýja sækir og sendir gögn í ólíka gagnagrunna og hugbúnaðarkerfi.

Mikið starf fór fram við innleiðingu á nýju vefsvæði Háskólans sem Gunnar Grímsson leiddi í samvinnu við markaðs- og samskiptasvið. Að því starfi komu m.a. Arnkell Logi Pétursson, Linda Erlendsdóttir og Sigurður Jónsson frá Kennaraháskólanum, og Díana Dögg Víglundsdóttir, Helga Birgisdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Sigurður Anton Ólafsson, Hafsteinn Baldvinsson og Jón Örn Guðbjartsson frá Háskóla Íslands. Útlit á nýju vefsvæði Háskólans var hannað af Jonathan Gerlach og var þar tekið mið af litum sem valdir voru fyrir ný fræðasvið Háskólans. Sniðskjöl vefsvæðisins voru unnin af Þórhalli Helgasyri. Þarfagreining var unnin í samvinnu við SJÁ.

Nýja vefsvæðið, sem opnað var 1. júlí 2008, var í stöðugri þróun á árinu. Vefsvæðið gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum frá Háskólanum og einingum hans til stúdenta og starfsfólks, hagsmunahópa, almennings og fjölmiðla. Þá er vefsvæðið mikilvægasta boðgátt upplýsinga til verðandi stúdenta samkvæmt könnunum auk þess sem stúdentar sækja rafrænt um nám á vefsvæðinu.

Fjöldi starfsmanna innan Háskólans hefur umsjón með vefjum einstakra deilda, stofnana og starfseininga. Margir úr þessum hópi leituðu þjónustu, ráðgjafar og fræðslu til markaðs- og samskiptasviðsins og til vefhópsins á árinu til úrlausnar á verkefnum. Nýr innri vefur Háskólans var einnig opnaður á árinu í nánú samstarfi við Reiknistofnun Háskólans. Sá vefur hefur verið í áframhaldandi þróun líkt og nýja ytra vefsvæðið.

Markaðs- og samskiptasvið stuðlaði einnig að innleiðingu á nýju veforgi stúdenta á árinu, student.is, í samvinnu við Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaráð og meistaranám í blaða- og fréttamennsku. Innleiðingunni stýrði Díana Dögg Víglundsdóttir í samvinnu við vefhóp Háskóla Íslands og markaðs- og samskiptasvið. Vefurinn var opnaður á árinu og hefur vakið mikla athygli og nýtur vinsælda innan Háskólans og utan.

Háskóli Íslands í fjölmiðlum

Háskóli Íslands tilheyrir, ásamt Alþingi Íslendinga og Reykjavíkurborg, þeim hópi rekstraraðila sem oftast eru nefndir í íslenskum fjölmiðlum. Markaðs- og samskiptasvið Háskólans starfar náði með öllum íslenskum fjölmiðlum og leggur sig fram við að miðla til þeirra upplýsingum um starfsemi Háskólans sem snerta m.a. vísindarannsóknir, viðburði, námsframboð, alþjóðatengsl, tengsl við atvinnulíf, nýsköpun, úthlutun styrkja, afrek og kennslu. Háskólinn hefur á að skipa fjölda sérfræðinga á ýmsum fræðasviðum sem fjölmiðlar nýta sér í æ ríkari mæli til að



HÁSKÓLA
ÍSLANDS

Stakkahli

Menntavísindasvið



Íðaflokkur	Stærð	Stofun	Stofun	Stofun
1	100-101	100-101	100-101	100-101
2	100-102	100-102	100-102	100-102
3	100-103	100-103	100-103	100-103
4	100-104	100-104	100-104	100-104
5	100-105	100-105	100-105	100-105
6	100-106	100-106	100-106	100-106
7	100-107	100-107	100-107	100-107
8	100-108	100-108	100-108	100-108
9	100-109	100-109	100-109	100-109
10	100-110	100-110	100-110	100-110
11	100-111	100-111	100-111	100-111
12	100-112	100-112	100-112	100-112
13	100-113	100-113	100-113	100-113
14	100-114	100-114	100-114	100-114
15	100-115	100-115	100-115	100-115
16	100-116	100-116	100-116	100-116
17	100-117	100-117	100-117	100-117
18	100-118	100-118	100-118	100-118
19	100-119	100-119	100-119	100-119
20	100-120	100-120	100-120	100-120

varpa ljósi á ólík málefni. Oft tengist nafn Háskólans þannig umfjöllun fjölmiðla þegar sérfræðingar hans tjá sig um málefni þjóðfélagsins. Með þessu miðlar Háskólinn fræðilegri sýn og margbreytilegri túlkun sérfræðinga sinna á málefnum líðandi stundar til almennings. Fræðasvið, deildir og stofnanir Háskólans leita einnig ráðgjafar og þjónustu hjá markaðs- og samskiptasviði um ýmsa þætti fjölmiðlatengsla.

Samhæfing kynningarefnis Háskólans

Markmiðið með útgáfu á kynningarefni Háskólans er að veita skilvirka þjónustu og koma á framfæri upplýsingum um það fjölbreytta starf sem unnið er innan Háskólans, ekki síst í kenngslu og vísindum. Á árinu 2008 var lögð meiri áhersla en áður á að allt kynningarefni myndi nýtast jafnvel fyrir vefbirtingu og prentun. Kannanir sýna að fyrstu kynni væntanlegra nemenda við Háskólann er í yfirgnæfandi tilvika í gegnum vefsvæði hans.

Mikil vinna fór í samhæfingu á útliti kynningarefnis Háskólans á árinu, svo sem á vefsvæði, í prentgripum, bæklingum og í auglýsingaefni. Háskóli Íslands starfaði með Íslensku auglýsingastofnunni að endurhönnun á útliti kynningarefnis og auglýsinga en með Jonathan Gerlach að endurhönnun á útliti vefsvæða skólans. Í nýrri hönnun var áhersla lögð á að fimm litir væru aðgreinandi fyrir fræðasviðin, blágrænn, grænn, gulur, appelsínugulur og ljósgulur en áhersla var lögð á bláan lit Háskólans í sameiginlegu kynningarefni. Markmið samhæfingarinnar var að færa nýjum fræðasviðum sérkenni ásamt því að skapa einsleitt viðmót á heildarkynningarefni Háskólans. Hugmyndin var sú að Háskólinn fengi þannig eina stílhreina ásýnd í kynningarefni sínu sem hefði samhæfð, sterk og vel undirbyggð skilaboð.

Nýjar ljósmyndir voru teknar í lifandi starfi skólans til að auka breiddina í kynningu starfseminnar og voru þær flestar teknar af Kristni Ingvarssyni. Fyrstu auglýsingar í nýju útliti voru birtar í tengslum við námskynningu Háskólans í febrúar 2008 og í nýju kynningarefni einstakra deilda á svipuðum tíma.

Á árinu vann markaðs- og samskiptasvið að smíði á hönnunarstaðli fyrir Háskóla Íslands miðað við nýtt útlit. Áformað er að nýr hönnunarstaðall verði gefinn út á árinu 2009 en sviðið hefur haldið áfram að þróa heildarútlit og kynningarstefnu Háskólans í samvinnu við nýtt markaðs- og kynningarráð skólans og í samvinnu við auglýsingastofur sem starfa með Háskólanum.

Útgáfa kynningarefnis

Árið 2008 kom út í fyrsta sinn efnismikið háskólatímarit með áherslu á starfsemi nýrra fræðasviða og deilda innan Háskóla Íslands. Umbrot var í höndum Tryggva Ólafssonar en ljósmyndun í höndum Kristins Ingvarssonar og Stefáns Helga Valsssonar. Ritstjórar voru Jón Örn Guðbjartsson og Guðrún J. Bachmann. Annað kynningarefni um starfsemi Háskóla var af ýmsum toga, s.s.:

- Yfirlit allra námsleiða í grunnnámi og framhaldsnámi við Háskóla Íslands.
- Efnismikill bæklingur um helstu þætti í starfsemi Háskóla Íslands ásamt yfirliti yfir ný fræðasvið og deildir innan þeirra.
- Kynningarbæklingur á ensku um starfsemi Háskóla Íslands í samvinnu við Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands.
- Upplýsingabæklingur fyrir nýnema við Háskóla Íslands í samstarfi við Félagssstofnun stúdenta.
- Upplýsingabæklingur um styrkhafa Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands.

Fjöl margar deildir og námsleiðir innan Háskólans gáfu jafnframt út eigið kynningarefni um starfsemi sína og námsframboð. Einingarnar leituðu margar eftir ráðgjöf og þjónustu markaðs- og samskiptasviðs við hönnun, útgáfu og prentun á kynningarefni.

Fjölbreyttir viðburðir

Markaðs- og samskiptasvið vann að undirbúningi sameiningarhátíðar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands hinn 1. júlí 2008. Hátíðin, sem var stærsti einstaki viðburður ársins, fór fram í tveimur áföngum, fyrst utan við Kennaraháskóla Íslands í Stakkahlíð og svo á Háskólatorgi þar sem var húsfyllir. Þá stýrði sviðið kynningu á námsframboði Háskóla Íslands á Háskóladeginum á Háskólatorgi í febrúar ásamt kynningum á landsbyggðinni, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Námskynningin á Háskólatorgi var sú fjölsóttasta sem Háskólinn hefur staðið að og komu allar deildir skólans að kynningunni. Markaðs- og samskiptasvið sá um almannatengsl, fréttamiðlun, undirbúning, umsýslu og útfærslu á fjölmörgum viðburðum og tímabundnum verkefnum á

árinu 2008, annaðhvort eitt og sér, eða í samvinnu við aðrar einingar innan Háskólans. Á meðal verkefna á þessu sviði voru:

- Brautskráningar Háskólans, sem voru þrjár á árinu 2008.
- Stofnun Styrktarsjóðs Watanabes sem komið var á fót af Tosjizo Watanabe til að stuðla að bættum samskiptum Íslands og Japans. Stofnframlag Watanabes nam 3 milljónum Bandaríkjadala.
- Vísindavaka í september á degi evrópska vísindamannsins í Listasafni Reykjavíkur. Þar kynnti Háskólinn fjölbreyttar rannsóknir fyrir áhugasömum gestum. Vísindavakan var gríðarlega fjölsótt.
- Stofnsetning kerfislíffræðisetsurs sem dr. Bernhard Örn Pálsson leiðir við Háskóla Íslands. Verkefnið fær styrk frá Evrópska rannsóknaráðinu sem nemur 2,4 milljónum evra.
- Alþjóðadagur þar sem kynntir voru fjölbreyttir möguleikar í skiptinámi í samstarfi við Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands og sendiráð Frakklands á Íslandi.
- Evrópuverkefnið Ungir vísindamenn.
- Úthlutun úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur, úr verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala, úr Þorsteinssjóði til blindra og sjónskertra stúdenta við Háskóla Íslands og úr Selma og Kay Langvads Legat.
- Úthlutun styrkja til doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands.
- Úthlutun úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands.
- Kynning á ráðningu nýrra forseta við fræðasvið Háskóla Íslands.
- Viðburðir á Háskólatorgi og Háskólalóð á menningarnótt Reykjavíkur.
- Doktorsvarnir við Háskólann.
- Kynning á Háskólatónleikum.
- Móttaka íslenskra og erlendra gesta.
- Móttaka nýnema og nýnemadagar.

Vísindamiðlun, fræðsla og tengsl

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að rækta fræðsluhlutverk sitt og miðla vísindum til almennings. Meðal vísindamiðlunarverkefna sem sviðið tók þátt í árið 2008 má nefna Háskóla unga fólksins. Ár hvert koma saman í honum á þriðja hundrað nemendur grunnskólanna sem fá þá að kynna um stund námi og starfi við Háskóla Íslands í raunhæfum kennslustundum. Auk þess fór fram vinna við undirbúning að Tilraunahúsi í samstarfi Háskóla Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Kennaraháskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins.

Innri tengsl og alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn markaðs- og samskiptasviðs starfa náið með starfsmönnum Háskólans á samráðsfundum, svo sem um markaðs-, ímyndar-, kynningar- og samskiptamál auk vefmála. Til að treysta að fjölbreyttar einingar Háskóla Íslands væru samstíga í kynningarstarfi kom markaðs- og samskiptasvið á fót sérstöku markaðs- og samskiptaráði Háskóla Íslands á árinu. Í því sitja oddvitar kynningarmála hjá fræðasviðunum fimm auk sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs. Oddvitarnir eru: Erna Sigurðardóttir, frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Kolbrún Mjöll Hrafnadóttir frá Menntavísindasviði, María Ásdís Stefánsdóttir frá Heilbrigðisvísindasviði, Sif Sigfúsdóttir frá Félagsvísindasviði og Sigurjón Ólafsson frá Hugvísindasviði. Hlutverk ráðsins er að móta og þróa áfram kynningar-, markaðs-, samskipta- og mörkunarstefnu fyrir Háskóla Íslands í samvinnu við rektor Háskóla Íslands og háskólaráð.

Starfsmenn markaðs- og samskiptasviðs sátu einnig í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum um ýmis verkefni innan og utan Háskólans á árinu. Má þar nefna setu í stjórn stýrihóps NUAS um markaðs- og kynningarmál en Guðrún J. Bachmann vann að undirbúningi ráðstefnu NUAS um markaðs- og kynningarmál sem fram fer á Íslandi í maí 2009. Hún sat einnig í undirbúningshópi um Tilraunahús og í starfshópi um móttöku nýnema ásamt Dagnýju Ósk Aradóttur. Dagný Ósk var einnig í starfsnefnd um útfærslu sameiningarháttíðar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands ásamt Jóni Erni Guðbjartssyni.

Þá sat Jón Örn Guðbjartsson í starfshópi um breytingu á brautskráningum, í nefnd sem setti fram tillögur um útfærslu á 100 ára afmæli Háskóla Íslands árið 2011, í starfshóp um sérstök átaksverkefni tengdum aldarafmæli Háskólans, í verkefnisstjórn um ytra og innra vefsvæði Háskóla Íslands auk þess að sitja í nefnd sem setti fram tillögur um upplýsingatæknistefnu Háskóla Íslands. Jón Örn sat jafnframt í sérstökum ráðgjafahóp um þróun vefmála við Háskóla Íslands. Einnig var Jón Örn í vinnuhópi stjórnvalda sem fjallaði um ímyndarmál þjóðarinnar í framhaldi af falli íslensku bankanna.

Kennslumál, stúdentar og brautskráningar

Helstu verkefni kennsluviðs eru eftirlit og umsjón með kennslu- og nemendamálum skólans, kennsluvefnum Uglu, prófahaldi og mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum. Umsjón með reglusetningu og samningagerð, undirbúningur og afgreiðsla ákvarðana háskólaráðs og jafnréttismál eru enn fremur verkefni innan sviðsins.

Sérstakar starfseiningar kennsluviðs voru á árinu 2008: Námsráðgjöf, Nemendaskrá og Þjónustuborð í Háskólatorgi, Kennslumiðstöð, Skjalasafn og Tungumálamiðstöð. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins telst einnig til kennsluviðs og er starfrækt samkvæmt samningi Háskólans við menntamálaráðuneytið. Sama gildir um ENIC/NARIC-upplýsingaskrifstofu um viðurkenningu náms frá öðrum löndum. Á haustmánuðum var ákveðið að Tungumálamiðstöð færðist til Hugvísindasviðs um áramót 2008-2009.

Náms- og upplýsingavefurinn Ugla

Mikilvægur hluti af starfi miðlægrar stjórnsýslu og stjórnsýslu deilda snýr að þjónustu og aðstoð við nemendur, við skráningu, miðlun upplýsinga, skýringar á námsframvindu og reglum og aðstoð við tölvu- og nettengingu. Ugla er innri náms- og upplýsingavefur sem skólinn rekur og auðveldar upplýsingaflæði og samskipti í námi og skipulagi þess með ýmsum hætti. Þróun Uglunnar fer fram í nánu samstarfi kennsluviðs og Reiknistofnunar Háskóla Íslands.

Í framhaldi af sameiningu við Kennaraháskóla Íslands og breytinga á stjórnskipulagi Háskóla Íslands var nýr ytri og innri vefur Háskóla Íslands tekinn í notkun 1. júlí 2008. Undir Uglu samtengjast mörg upplýsingakerfi skólans og er nemendaskrárkerfið þar sýnu mest. Vegna þessa markaðist fyrri hluti ársins af vinnu við sameiningu gagna og ýmissa kerfa og umfangsmiklar breytingar á viðmóti Uglu. Á seinni hluta ársins var unnið að forritun rafrænna skráninga í sjúkra- og upptökupróf. Ný gerð kennslukönnunar var einnig forrituð og var skýrsluhluta kerfisins gjörbreytt. Þá var hafist handa við smíði sk. vöruhúss gagna á haustmisseri. Á meðal næstu forgangsverkefna eru rafrænar umsóknir í framhaldsnám og rafrænar umsóknir erlendra nemenda.

Kennsluskrá

Frá háskólaárinu 2007-2008 hefur kennsluskrá Háskólans einungis verið gefin út á vefnum. Í kennsluskránni (kennsluskra.hi.is) eru m.a. tilgreindar allar námsleiðir og öll námskeið sem kennd eru við skólann og skipulagi námsins lýst. Gerð er grein fyrir hverri námsleið, með yfirliti um námskeið og skiptingu þeirra á námsár. Lýsingum einstakra námskeiða má fletta upp, bæði á íslensku og ensku, auk annarra ítarupplýsinga. Í almennum textaköflum er að finna ýmsar upplýsingar sem snerta skráningu, nám og próf, svo og þjónustu við nemendur, réttindi þeirra og skyldur. Á haustdögum 2007 var í fyrsta sinn ráðinn sérstakur ritstjóri að kennsluskrá Háskólans en fram til þess höfðu starfsmenn kennsluviðs ritstýrt skránni samhliða öðrum verkefnum.

Kennsluskrá háskólaársins 2008-2009 tók mið af sameiningunni við Kennaraháskóla Íslands og nýju skipulagi skólans, sem tók gildi 1. júlí 2008. Efni skrárinnar og yfirlit um námsframboð var sett fram í samræmi við fræðasviðin fimm og nýja deildaskipan innan þeirra. Efnistöð í undirköflum sviða og deilda voru samræmd og ýmsar endurbætur gerðar á útliti og virkni kennsluskrár. Framsetning almenns texta kennsluskrár var einnig endurskipulögð, með viðmið Bologna-handbókar að leiðarljósi.

Vægi námseininga Háskóla Íslands var tvöfaldað (gert jafngilt ECTS) frá 1. júlí 2008 og nýtt númerakerfi námskeiða tekið upp. Hvort tveggja endurspegladist í kennsluskránni og setti á hana nýjan svip. Einnig má nefna að almennur texti kennsluskrár var þýddur á ensku og undirkaflar deilda í mörgum tilvikum sömu-leiðis. Leitast er við að hafa sem mest af efni kennsluskrár aðgengilegt á ensku.

Í kennsluskrá ársins 2008-2009 voru birtar upplýsingar um alls 4600 námskeið (þ.m.t. lesnámskeið, verkefni, málstofur, brautskráningar o.fl.). Þar af voru um 3.700 námskeið með einn eða fleiri nemendur skráða og í rúmlega 2.700 námskeiðum voru nemendur fimm eða fleiri. Í um 250 námskeiðum voru nemendur 100 eða fleiri en 200 eða fleiri í tæplega 70 námskeiðum.



HÍ - MANNFRÆÐI OG NORVEÐJAN
SCHOOL OF VETERINARY SCIENCE

Samantburður á
hundahaldi í Noregi
og á Íslandi



Af um 2.400 kenndum námskeiðum voru rúmlega 1.600 í grunnnámi, tæplega 600 í framhaldsnámi og 170 í grunn- og framhaldsnámi. Af þessum námskeiðum voru 260 kennd á ensku, þar af 144 í grunnnámi. Námskeið í fjarnámi voru riflega 300, þar af 245 í grunnnámi. Tæplega 2/3 fjarnámskeiða voru á vegum hins nýja Menntavísindasviðs.

Birtar voru upplýsingar um alls 375 námsleiðir (aukagreinar og diplómur meðtaldar), þar af um 175 í grunnnámi og 200 í framhaldsnámi. 50 námsleiðir til doktorsprófs voru í boði skólaárið 2008-2009.

Þjónustuborð

Rekstur Þjónustuborðs í Háskólatorgi hófst að fullu þann 7. janúar 2008. Þjónustuborðið er fyrsti staðurinn sem nemendur leita til þegar þeir þurfa þjónustu af einhverju tagi. Starfsmenn Þjónustuborðsins veita fyrstu þjónustu fyrir þær þjónustueiningar sem eru í Háskólatorgi, þ.e. Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Stúdentaráð, Alþjóðaskrifstofu og Félagsstofnun stúdenta. Þar má m.a. fá ýmis vottorð, yfirlit yfir námsferla og afrit brautskráningarskírteina, kaupa prentkvóta og þar eru stúdenta- og strætókort afhent nemendum. Á Þjónustuborðinu skrá nemendur sig á námskeið Náms- og starfsráðgjafar og fá aðgang og lykilorð í Ugluna. Starfsmenn Þjónustuborðsins sjá einnig um bókanir í kennslustofur og fundarherbergi Háskólatorgs og þar kaupa starfsmenn Háskólans matarmiða fyrir Hámu.

Til Þjónustuborðsins leita mörg hundruð manns á dag á annatímum og segja má að aldrei sé dauður tími en afgreiðslan er opin í níu og hálfan tíma alla virka daga.

Á árinu 2008 voru að meðaltali fjórir starfsmenn í 3,5 störfum og var það fyrst fullmannað í október. Þjónustustjóri er Anna Birna Halldórsdóttir.

Nemendaskrá

Nemendaskrá Háskóla Íslands heldur skrá yfir alla nemendur skólans og er skráin sá grunnur sem skipulag háskólastarfsins byggist á, s.s. stundaskrár, skipan í stofur og bókakaup Bóksölu stúdenta. Þar fer fram nýskráning, árleg skráning í námskeið og próf, varðveisla einkunna og innheimta skráningargjalds. Einnig geta stúdentar nálgast margháttáðar upplýsingar um námskeið sín og námsferil hjá Nemendaskrá.

Háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlangdar næsta ár og skiptist kennsluárið í tvö misseri, haustmisseri, sem lýkur 21. desember, og vormisseri, sem lýkur 15. maí. Nýskráning fer fram í lok maí og byrjun júní ár hvert og einnig er tekið við skráningarbeiðnum í byrjun janúar. Þrjár brautskráningar kandiðata voru á árinu, í febrúar, júní og október.

Á ákveðnum tímabilum sem kynnt eru í kennsluálfmanaki skólans geta stúdentar, í auknum mæli, nýtt sér sjálfvirka rafræna skráningu í Uglu. Sjálfvirka þjónustan er nú í boði t.d. við árlega skráningu, skráningu úr prófi, skráningu í sjúkra- og upptökupróf og við endurskoðun skráninga í byrjun bæði haust- og vormisseris. Sjálfvirk þjónusta, t.d. í árlega skráningu, er þó ekki hnökralaus og þurfa enn um 30% nemenda aðstoð starfsmanna Nemendaskrár við hana. Fyrirspurnir og þjónustubeiðni varðandi skráningu nemenda á netfang Nemendaskrár voru 20.358 á árinu 2008. Árið 2007 voru þær 17.610 en 13.852 árið 2006. Þrátt fyrir bættu og aukna sjálfvirka þjónustu stúdenta í Uglu fjölgaði fyrirspurnum og beiðnum til Nemendaskrár, sem kemur m.a. til af fjölgun nemenda við sameiningu háskólanna tveggja, Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, á árinu 2008.

Umsóknir í grunnnám í HÍ hafa verið rafrænar í nokkur ár en afgreiðsla þeirra er í höndum Nemendaskrár. Brautskráning nemenda fer einnig fram í Nemendaskrá í samvinnu við deildir Háskólans.

Þá annast Nemendaskrá enn fremur þjónustu við þá sem brautskráðir eru frá skólanum, svo sem með vottorðum um nám og staðfestum afritum af prófskírteinum.

Skrifstofur deilda og námsbrauta eru tengdar tölvukerfi nemendaskrárinnar beint með tilteknum aðgangsmöguleikum, auk þess sem Nemendaskrá sér um rafrænar sendingar námsframvindu nemenda vegna námslána til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, LÍN. Jafnframt er samvinna á milli Nemendaskrár og Félagsstofnunar stúdenta vegna búseturéttar í námsmannaíbúðum.

Starfsfólk

Fastráðnir starfmenn Nemendaskrár voru sjö, auk skrifstofustjóra, þeim fækkaði um einn 1. desember. Í byrjun árs flutti Nemendaskrá úr Aðalbyggingu á Háskólatorg. Flutningurinn raskaði all lengi daglegri starfsemi Nemendaskrár. Kristín S. Færseth lét af störfum 1. desember sem skrifstofustjóri að eigin ósk. Við starfi hennar tók Kristín Jónasdóttir.

Fjöldi stúdenta og brautskráning

Nemendum hefur fjölgað jafn og þétt undanfarin ár. Haustið 2007 voru skráðir nemendur samtals 9.786 en haustið 2008 voru þeir orðnir 12.236, hafði fjölgað um 20% á milli ára. Þessi mikla fjölgun verður aðallega rakin til sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sem tók gildi 1. júlí 2008. Þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda hefur stöðugildum í Nemendaskrá ekki fjölgað.

Í töflu 1 er að finna yfirlit yfir fjölda stúdenta við Háskóla Íslands háskólaárið 2007-2008 og fjölda brautskráðra árið 2008. Brautskráðir voru samtals 1.779, þar af luku 417 meistaraþrófi. Fimm doktorsvarnir fór fram í Læknadeild á árinu, þrjár í Raunvísindadeild, ein í Hugvísindadeild og ein í Félagsvísindadeild. Þá luku 176 viðbótarnámi (einu ári að loknu BA-/BS-þrófi).

Tafla 1

Fjöldi stúdenta 2007-2008 og brautskráðir á árinu 2008. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá janúar 2008.

	Nemendur alls			Brautskráðir*			Viðbótarnám (lokið)		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Guðfræðideild	58	96	154	9	20	29	1	9	10
Læknadeild	198	397	595	36	56	92			
Lagadeild	301	322	623	66	72	138			
Viðskipta- og hagfræðideild	680	787	1467	121	116	237			
Hugvísindadeild	665	1.402	2.068	75	182	257	1	2	3
Lyfjafræðideild	54	109	163	15	36	51			
Tannlæknadeild	17	42	59	2	4	6			
Verkfræðideild	634	266	900	112	58	170			
Raunvísindadeild	425	555	980	74	120	194	1	0	1
Félagsvísindadeild	598	1.931	2.529	59	384	443	16	135	151
Hjúkrunarfræðideild	17	542	559	1	108	109	1	24	25
Samtals	3.647	6.449	10.097	580	1.211	1.791	20	170	190

* Þar af brautskráðir í meistara- og kandidateitnámi 562 og 20 í doktorsnámi

Tafla 2

Fjöldi skráðra og brautskráðra stúdenta eftir deildum 2007 og 2008 og hlutfallslegar breytingar

	'07	'08	Breyt.	Útskr.	Útskr.	Breyt.
			'07-'08	okt '07	okt'08	'07-'08 %
Guðfræðideild	148	119	-20%	38	29	-24%
Læknadeild	570	591	4%	66	92	39%
Lagadeild	639	751	18%	140	138	-1%
Viðskipta- og hagfræðideild	1.405	1.629	16%	244	237	-3%
Hugvísindadeild	1.986	1.898	-4%	255	257	1%
Lyfjafræðideild	165	165	0%	42	51	21%
Tannlæknadeild	62	70	13%	8	6	-25%
Verkfræðideild	888	923	4%	187	170	-9%
Raunvísindadeild	906	887	-2%	187	195	4%
Félagsvísindadeild	2.447	2.394	-2%	489	562	15%
Hjúkrunarfræðideild	570	545	-4%	123	109	-11%
Samtals	9.786	9.972	2%	1.779	1.846	4%

Tafla 3

Fjöldi stúdenta í meistara- og doktorsnámi 2007-2008 og brautskráðir úr meistara- og doktorsnámi á árinu 2008.

Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá janúar 2008.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Guðfræðideild	12	6	18	1	0	1
Læknadeild	34	114	148	7	16	23
Lagadeild	89	89	178	22	26	48
Viðskipta- og hagfræðideild	253	382	635	55	71	126
Hugvísindadeild	100	262	362	12	39	51
Lyfjafræðideild	20	41	61	7	14	21
Tannlæknadeild	1	1	2	0	0	0
Verkfræðideild	160	86	246	38	20	58
Raunvísindadeild	118	132	250	17	30	47
Félagsvísindadeild	133	431	564	33	77	110
Hjúkrunarfræðideild	3	84	87	0	7	7
Samtals	923	1.628	2.551	192	300	492

Í desember 2008 var ákveðið vegna sérstakra aðstæðna í samfélaginu að taka inn nýja nemendur um áramótin. Alls bárust 893 umsóknir í grunnám og 731 í framhaldsnám. Allir þeir sem uppfylltu inntökuskilyrði voru teknir inn í skólann. Rúmlega 1400 nemendur bættust við nemendahóp Háskóla Íslands um áramótin 2008/2009. Heildarnemendafjöldi 20. janúar 2009 var því orðinn 13.650.

Próf

Á reglulegum lokapróftímabilum á árinu 2008 voru haldin skrifleg próf í rúmlega 1.030 námskeiðum og próftökur í þeim voru u.þ.b. 35.700. Sumarpróf (sjúkra- og upptökupróf) voru haldin í u.þ.b. 700 námskeiðum og próftökur voru tæplega 4.000. Inntökupróf Læknadeildar, 6 tveggja stunda próf voru haldin tvo daga í júní. Samtals voru 299 einstaklingar skráðir í inntökuprófin. Sjúkra- og upptökupróf voru nú haldin í fyrsta sinn í janúar og júní í kjölfar kennslumissera. Að hluta til voru þau einnig haldin í ágúst en væntanlega í síðasta sinn. Hafa ber í huga að fjölmörgum námskeiðum lýkur með verkefnum, ritgerðum eða með prófum sem eru alfarið á vegum kennara og því gefa tölur um próftöku ekki heildarmynd af námsmati við Háskólann. Þá má nefna að starfsmenn kennslusviðs aðstoðuðu við framkvæmd 50 prófa sem haldin voru á kennslutíma en próftökur þar voru u.þ.b. 5.700. Stöðupróf í ensku (TOEFLiBT) sem tekin eru í tölvuverum lögðust af á haustmisseri 2008 en haldin voru fimm hefðbundin TOEFL-próf á árinu 2008. GRE-próf (Graduate Record Examinations) voru haldin haust og vor og þau þreyttu um 30 einstaklingar. Ótalin eru tilfallandi fjarpróf sem Háskólinn annast fyrir erlendar stofnanir en á meðal fastra viðskiptavina vegna fjarnáms Íslendinga eru University of South Africa, Heriot-Watt University í Edinborg og University of London en umsjón er með prófum frá fleiri skólum á hverju ári. Ótalin eru fjarpróf sem send eru frá Háskólanum til umsjónaraðila innan lands og utan.

Þegar lagt er saman er ljóst að starfsmenn kennslusviðs komu að u.þ.b 47.000 próftökum á árinu 2008.

Viðurkenning á doktorsnámi fræðasviða

Samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 ber Háskóla Íslands að sækja um viðurkenningu á því námi sem í boði er við skólann. Kennslusvið hafði yfirumsjón með þessum umsóknum og aðstoðaði deildir eftir þörfum við undirbúning þeirra, en meðal annars þurftu deildir að lýsa hæfnisviðmiðum fyrir allar námsleiðir sem í boði eru. Á árinu 2008 var sótt um viðurkenningu á doktorsnámi á fimm fræðasviðum, hugvísindasviði, náttúruvísindasviði, verk- og tæknivísindasviði, félagsvísindasviði og heilbrigðisvísindasviði. Sótt hafði verið um viðurkenningu á grunn- og meistaranámi 2007 og var hún veitt sama ár.

Skrifstofa kennslusviðs

Á skrifstofu kennslusviðs í Aðalbyggingu er eitt meginverkefnið umsjón með undirbúningi funda háskólaráðs og að ákvörðunum þess og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur skrifstofan umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. Háskóla Íslands, breytingum á lögum og

reglum Háskólans og setningu nýrra reglna. Náð samstarf er við lögfræðing Háskólans sem hefur aðsetur á skrifstofunni. Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna samstarfsnefndar háskólastigsins og stefnunefndar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Skrifstofustjóri hefur umsjón með ráðningarmálum kennsluviðs í tengslum við heildarfrárhagsáætlun sviðsins og skiptingu fjárveitingar á milli starfseininga þess.

Í byrjun árs 2008 var nánast öll þjónusta kennsluviðs við nemendur flutt í Háskólatorg. Nemendaskrá, Námsráðgjöf og Alþjóðaskrifstofa fluttu á 3. hæð og ný eining, Þjónustuborð, var sett upp á 2. hæð hússins. Unnið var með stjórnendum eininganna að samþættingu verkefna þeirra innbyrðis og tengingu þeirra við þjónustuver Menntavísindasviðs. Starfsemi þessara eininga er lýst nánar hér að framan.

Á vormánuðum var tekið upp nýtt verklag við skráningu umsókna erlendra stúdenta vegna kröfu Útlendingastofnunar um að skólinn tilnefndi umboðsmann erlendra nemenda sem sæktu um dvalarleyfi. Settur var á laggirnar starfshópur á sviðinu sem mun gegna þessu hlutverki þar til ákveðið verður hvernig móttöku umsókna erlendra stúdenta verður hagað í framtíðinni. Störfum fjölgaði ekki samhliða þessu verkefni, sem verður ekki sinnt nema ýta til hliðar öðrum verkefnum sviðsins frá miðju vormisseri allt til loka ágústmánaðar.

Lög og reglur

Lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla tóku gildi í júní og jafnframt setti háskólaráð reglur um nýtt skipulag skv. ákvæðum þeirra og eldri lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands féllu úr gildi. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands voru sameinaðir með lögum sem tóku gildi 1. júlí. Endurskoðun á regluverki skólans í kjölfar nýrra laga stóð yfir allt árið og verður haldið áfram. Nýjar reglur voru samþykktar og allmargar breytingar voru gerðar á heildarreglum, sbr. yfirlit sem birt er á heimasíðu Háskólans. Unnið var að verklagsreglum m.a. um einkunnaskil, meðferð umsókna um störf háskólakennara þar sem hæfnisdóms er krafist í samræmi við breytingu á III. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 458/2000.

Nýráðinn lögfræðingur Háskólans, Ingibjörg Halldórsdóttir, tók til starfa um miðjan ágúst. Endurskoðun reglna skólans og stofnana hans í kjölfar sameiningar og skipulagsbreytinga 1. júlí var eitt af stærstu verkefnum hennar og sviðsstjóra sem gert er ráð fyrir að standi yfir á næstu misserum.

Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands býður deildum, skorum og kennurum upp á faglega ráðgjöf og leiðbeiningar um þróun kennslu og kennsluhátta, hvort sem er á sviði upplýsingatækni eða kennslufræði. Boðið er upp á málstofur, vinnustofur, kynningar og námskeið þar sem fjallað er m.a. um kennsluáðferðir, kennslutækni, markmiðasetningu og námsmat. Þá býður Kennslumiðstöð kennurum upp á að taka út kennsluhætti þeirra, annaðhvort með því að koma á staðinn og fylgjast með kennslu eða taka kennslustundina upp á myndband.

Kennslumiðstöð hefur umsjón með fjarkennslu við Háskóla Íslands. Deildir skólans ákveða framboðið en Kennslumiðstöð veitir ráðgjöf um útfærslu og skipulagningu einstakra þátta og á í samskiptum við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og háskólasetur um land allt.

Kennslumiðstöð sér enn fremur um framkvæmd kennslukönnunar, skönnun og útreikning á fjölvalsprófum og tekur þátt í þróunarverkefnum sem styrkt eru af kennslumálasjóði.

Í Kennslumiðstöð hafa kennarar aðgang að ýmiss konar tækjabúnaði s.s. myndbandsupptökuvélum, klippitölvu, mynda- og skjalaskanna og fleira. Starfsfólk hennar aðstoðar við gerð tölvutækra gagna t.d. myndvinnslu, hljóðglæsur, gerð pdf-skjala og vídeotrauma (Video on demand). Einnig geta kennarar fengið lánaðar handbækur og fleira les- og fræðsluefni sem tengist námi og kennslu.

Á leiðbeiningavef Kennslumiðstöðvar www.kemst.hi.is má sjá kennsluleiðbeiningar um kennsluvef Uglunnar sem og Powerpoint, Word og fleiri gagnleg forrit. Vefsíðu Kennslumiðstöðvar má finna á slóðinni www.hi.is/is/skolinn/kennslumidstod.

Námskeið og kynningar

Eftirfarandi námskeið voru haldin á vegum Kennslumiðstöðvar árið 2008:

Vor- og haustmisseri

- Námskeið fyrir nýja kennara. Fjallað var um nám og kennslu á háskólastigi og kynnt sú þjónusta sem kennurum býðst.
- Kynning á kennsluvef Uglunnar. Ítarlega farið í helstu þætti kennsluvefsins og hvaða möguleika hann hefur upp á að bjóða fyrir kennara.
- Kynning á Tölvunám.is fyrir starfsfólk Háskóla Íslands. Farið yfir möguleika kennsluvefsins, uppbyggingu hans og hvernig hægt er að fá aðgang að honum heiman frá.

Vormisseri 2008

- Fjölbreyttar aðferðir við notkun kennslukerfa. Farið var í hvernig hægt er að nýta þau verkfæri sem rafrænt námsumhverfi býður upp á.
- Fyrirlestur um fyrirlestra. Í fyrirlestrinum var leitast við að varpa ljósi á kosti og galla þessarar kennsluaðferðar.
- Samhæft námsskipulag. Á námskeiðinu voru kynntar hugmyndir Biggs um samhæft námsskipulag (curriculum alignment) en við skipulag námskeiða er mikilvægt að gæta þess að námsmarkmið séu skýrt fram sett, þ.e. að sú þekking, geta og hæfni sem nemandi á að búa yfir að námi loknu séu tilgreind. Enn fremur skiptir máli að samræmi sé á milli markmiða námskeiðs, náms- og kennsluaðferða svo og námsmats.
- Gerð prófa og samhengi við annað námsmat. Hér var fjallað um (hlutlægt) námsmat og framkvæmd þess með skriflegum prófum og öðrum aðferðum. Horft á samhengi náms, kennslu og námsmats: Markmið > inntak > nám og kennsla sem ferli > „learning outcomes“ > matsatriði > prófatriði.
- Netstudd námskeið. Farið var yfir þau atriði sem þarf að huga að við uppbyggingu netstuddra námskeiða í samræmi við námsmarkmið þeirra og sýndar leiðir til að gera kennara kleift að aðlaga nýja tækni að eigin kennslustíl.
- Notkun PowerPoint í kennslu. Fjallað var um framsetningu á efni út frá kennslufræðilegu sjónarmiði.

Haustmisseri 2008

- e-mission námskeið fyrir kennara sem nota upptökur við kennslu.
- Foreign teachers at the University of Iceland. Námskeið fyrir nýja erlenda kennara við Háskóla Íslands, sambærilegt við kynningu nýrra kennara.
- Moodle í kennslu. Farið var yfir hvernig hægt er að nota námsumsjónarkerfið Moodle til viðbótar við kennsluvef Uglu.
- Umræður í kennslu – mikilvægi samræðunnar í námi. Fjallað var um samræðuformið sem kennsluaðferð og mikilvægi samræðu í námi.
- Gerð kennsluáætla: Að skipuleggja námskeið. Meginmarkmið námskeiðsins var að kennarar geti sett fram skýrar og vel ígrundaðar námskeiðslýsingar.
- Uglan fyrir starfsfólk. Fjallað var um hvernig Uglan getur nýst starfsfólki Háskóla Íslands.

Námskeið fyrir nýja kennara

Undanfarin misseri hefur Kennslumiðstöð staðið fyrir námskeiðum fyrir nýja kennara um nám og kennslu í háskólum, þar sem m.a. er farið yfir ýmsa þá þætti er snúa að kennurum Háskóla Íslands. Í stefnu Háskólans 2006-2011 er kveðið á um að nýjum kennurum verði gert skylt að sækja námskeið í kennsluaðferðum og tækni á vegum Kennslumiðstöðvar. Námskeiðið er haldið bæði á haustmisseri og á vormisseri. Námskeiðið á haustönn er heldur viðameira og stendur í heilan dag en er hálf dags námskeið á vormisseri.

Helsta markmiðið með námskeiðinu er að styrkja nýja kennara í starfi og veita þeim innsýn í kennslufræði háskólakennslu. Þátttakendur á vörnámsskeiðinu voru 11 og 28 á haustnámskeiðinu. Í kjölfar námskeiðanna var nýjum kennurum boðið að sækja námskeið og kynningar á vegum Kennslumiðstöðvar. Kennurum var einnig boðið upp á að fá úthlutað leiðbeinanda, upptökur og miðsvetrarmat.

Leiðsögn leiðbeinanda (mentors)

Öllum nýjum kennurum sem mæta á námskeið fyrir nýja kennara býðst frekari leiðsögn og aðstoð í kennslu með því að fá úthlutað leiðbeinanda (mentor). Kennslumiðstöð hefur milligöngu um að útvega leiðbeinanda í fagi viðkomandi kennara. Leiðbeinandi og nýr kennari koma sér saman um tímasetningar og

fyrirkomulag. Leiðsögnin er hugsuð til að auðvelda nýjum kennurum fyrstu skrefin í kennarastarfi innan Háskóla Íslands með því að gefa þeim kost á að leita til leiðbeinanda með viðfangsefni og vangaveltur sem upp kunna að koma í tengslum við kennsluna.

Miðsvetrarmat

Í því felst að starfsfólk Kennslumiðstöðvar leggur fyrir nemendur í námskeiðum kennaranna mat á kennslu þar sem könnuð er upplifun nemenda af gæðum kennslunnar. Kennarar fá niðurstöður matsins auk faglegs mats frá starfsfólki Kennslumiðstöðvar.

Uptaka á kennslu

Öllum nýjum kennurum stendur til boða að fá eina kennslustund tekna upp á myndband. Þannig er hægt að skoða kennslustundina og greina hana, annaðhvort í einrúmi eða í samstarfi við leiðbeinanda eða fulltrúa Kennslumiðstöðvar. Kennarar fá endurgjöf á kennslu sína þar sem farið er í þætti eins og fas og framkomu kennarans, hvort og hvernig hann virkjar nemendur og hvaða kennslutækni hann beitir. Ef kennslustundin hefur verið tekin upp á myndband fær kennarinn afhenta upptökuna til eignar.

Málstofur um kennslu og kennsluhætti

Kennslumiðstöð hefur á undanförunum misserum staðið fyrir málstofum um nám og kennslu. Tilgangurinn með þeim er að hvetja til umræðu um kennslu og kennsluhætti innan Háskólans. Haustið 2008 var haldin málstofan Að færa gagnrýna hugsun aftur til fræðigreina: Um áhrif fræðagreina á gagnrýna hugsun. Anna Jones frá Melbourne-háskólanum í Sídney hélt erindi og fjallaði um rannsókn sína á sýn háskólakennara á gagnrýna hugsun innan fræðigreina og hvernig sú sýn er mótuð af þekkingarfræðilegum og faglegum háttum greinarinnar. Kennararnir sem þátt tóku úr rannsókninni komu úr tveimur rannsóknarháskólum í Ástralíu og fimm fræðigreinum, þ.e. sagnfræði, eðlisfræði, hagfræði, lögfræði og læknisfræði. Málstofan var ágætlega sótt.

Fjarnám

Kennslumiðstöð hefur umsjón með fjarkennslu við Háskóla Íslands en deildir ákveða framboðið. Kennslumiðstöð hefur á undanförunum árum veitt fræðilega þekkingu á sviði fjarkennslu en starfsfólk miðstöðvarinnar aðstoðar starfsfólk skólans við uppbyggingu fjarkennslu, gefur ráð um gerð kennsluefnis og nýtingu tækni við fjarkennslu. Útfærsla námskeiða er með mismunandi hætti og leggur Kennslumiðstöð áherslu á að þær aðferðir og kennslutækni sem beitt er hæfi hverju og einu námskeiði.

Á hverju misseri er kennurum boðið upp á námskeið um notkun upplýsinga- og samskiptatækni, þar sem kynnt er sú þjónusta sem þeim stendur til boða, aðferðir og nýjungar. Kennslumiðstöð er í samstarfi við háskólasetur og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni vegna fjarnáms við skólann. Jafnframt er formlegt samstarf á milli hugbúnaðardeildar Reiknistofnunar og Kennslumiðstöðvar vegna þróunar á kennsluvef Uglunnar.

Kennsluárið 2007-2008 voru samtals kennd 279 námskeið í fjarnámi við Háskóla Íslands. Þar af voru kennd 58 á Félagsvísindasviði, 9 á Heilbrigðisvísindasviði, 22 á Hugvísindasviði og 190 á Menntavísindasviði.

Samningar

Háskóli Íslands er með samninga við eftirfarandi aðila og hafði Kennslumiðstöð umsjón með þeim árið 2008: Tölvunám.is þar sem starfsfólki og stúdentum Háskólans gefst tækifæri á að nýta sér gagnvirka kennsluvefinn Tölvunám.is (www.tolvunam.is). Kennsluvefurinn inniheldur kennslu á öll helstu forrit Microsoft Office, s.s. Word, Excel, PowerPoint, FrontPage, Outlook, Access, auk Lotus Notes og Photoshop. Starfsfólk og stúdentar Háskóla Íslands hafa frían aðgang að vefnum í gegnum allar tölvur á háskólasvæðinu auk þess sem aðgangur er einnig opinn heimilum með ADSL- eða VPN-tengingum frá RHÍ.

eMission – Nepal: Þetta er upptökuhugbúnaður sem miðlar kennslustundum til nemenda. Hann keyrir á tölvum kennaranna og tekur upp allt það sem kennarinn segir og gerir á skjánum meðan á kennslustund stendur. Að kennslustund lokinni sendir hugbúnaðurinn upptökuna beint yfir í kennsluvef Uglunnar og er hún þá strax aðgengileg nemendum til afspilunar.

MindManager – Verkefnalausr: Samningurinn felur í sér ókeypis aðgang skráðra nemenda, kennara og starfsfólks að hugbúnaðinum MindManager bæði fyrir PC og Mac. Hugbúnaðurinn byggir á hugmyndum um hugkort en hugkort eru myndræn framsetning á hugmyndum og verkþáttum. Hugbúnaðurinn nýtist vel í skólastarfi bæði fyrir nemendur og kennara. Í kennslustofunni nýtist MindManager annars vegar fyrir kennara til að miðla upplýsingum og hins vegar fyrir nemendur til að taka glósur, skipuleggja, ljúka og kynna verkefni. MindManager auðveldar nemendum og kennurum að skipuleggja og hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem verið er að vinna að hverju sinni.

Ráðstefnur

Á árinu fóru starfsmenn Kennslumiðstöðvar utan á tvær ráðstefnur um notkun upplýsingatækni í kennslu. Þær ráðstefnur sem um ræðir eru:

- TERENA – The Trans-European Research and Education Networking Association.
- Online Educa Berlin 2008 – International Conference on Technology Supported Learning and Training.

Starfsfólk

Í lok árs 2008 voru eftirfarandi stöðugildi í Kennslumiðstöð:

Anna Kristín Halldórsdóttir, fræðslustjóri (100%)

Geir Gunnlaugsson, verkefnastjóri (100%)

Grettir Sigurjónsson, tæknimaður (100%)

Guðrún Geirsdóttir, stjórnarformaður Kennslumiðstöðvar (10%)

Kristbjörg Olsen, verkefnastjóri (80%)

Pétur Valsson, verkefnastjóri (100%)

Náms- og starfsráðgjöf

Inngangur

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ) flutti úr húsnæði Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut á Háskólatorg um áramótin 2008. Ný aðstaða hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfseminu og stórbætt aðgengi nemenda að allri þjónustu. Nálægð við aðrar þjónustueiningar og nemendur, framúrskarandi aðstaða til námskeiðahalds og nýtt tölvuver sniðið að þörfum fatlaðra stúdenta hefur gerbreytt ásýnd og gæðum þjónustunnar. Til að mæta stigvaxandi eftirspurn eftir þjónustu NSHÍ hefur sérstök áhersla verið lögð á hópráðgjöf og námskeið. Árið 2008 nýttu 4.977 nemendur sér þjónustu NSHÍ í formi viðtala, námskeiða og örfyrirlestra. Þá hefur rafrænum fyrirspurnum fjölgað mikið og voru þær ríflega 1500 á árinu.

Starfsmenn

Arnfríður Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri (100%). Aðrir starfsmenn: Auður R. Gunnarsdóttir, sálfræðingur og náms- og starfsráðgjafi (75% til 1. september 2008 en þá lét hún af störfum)), Hrafnhildur Kjartansdóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%, í námsleyfi frá 1. september 2008 til 1. september 2009), Jónína Kárdal, náms- og starfsráðgjafi (100%), María Dóra Björnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (50%), Ingunn Margrét Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Ragna Ólafsdóttir, sálfræðingur (50%), Magnús Stephensen, skrifstofustjóri (100%), Sigrún Edda Theodórsdóttir, táknmálstúlkur (100%), Dröfn Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri (100%), Hildur Katrín Rafnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (75%) og Ásta Gunnlaug Briem, náms- og starfsráðgjafi (100%, leysir Hrafnhildi af í námsleyfi). Fjölbreyttum verkefnum sem starfsmenn sinna er skipt niður í ábyrgðarsvið sem tengjast helstu verkþáttum í starfseminni og hér er gerð grein fyrir hverju ábyrgðarsviði fyrir sig. Einn náms- og starfsráðgjafi hefur svo umsjón með hverju ábyrgðarsviði.

Námstækni og vinnubrögð í háskólanámi

Fjöldi nemenda tók þátt í námskeiðum og fræðslu af ýmsu tagi hjá NSHÍ. Fjöldi námskeiða var haldinn um vinnubrögð og námstækni í háskólanámi en auk þess fengu margir einstaklingsráðgjöf hvað þetta varðar, eða 225 nemendur. Einnig var boðið upp á sérhæfð námskeið í vinnubrögðum og námstækni sem sniðin eru að þörfum mismunandi deilda.

Um 300 nemendur sóttu eftirtalin námskeið: námstækninámskeið, vinnustofur í lokaverkefnum, sjálfstyrkingarnámskeið, prófkviðanámskeið, undirbúningur fyrir atvinnuleit og áhugakönnun Strongs.

VÍSINDASVIÐ

LAGS- OG
VÍSINDAEILD

í mannfræði

í mannfræði

nám:
ning
kami og mer

og diplóm
fræði

MÍ í mannaútsýðun

MÍ í markaðsfræði og alþjóðfræði

MÍ í stjórnmálum og stjórnmálum

Tæplega 600 nemendur sóttu eftirtalda örfyrirlestra en um er að ræða fyrirlestra sem haldnir eru í hádeginu: atvinnuleit og ferilsskrár, hugkort, námsval og ákvörðunartaka, prófundirbúningur, tímastjórnun, undirbúningur fyrir misserislok, vinnubrögð, markmiðasetning og ferilsskrár.

Sérúrræði í námi

Umsjónaraðili ábyrgðarsviðsins „sértæk úrræði í námi“ heldur utan um þjónustu við nemendur sem glíma við einhvers konar hömlun í námi og ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem því tengjast. Þetta geta verið hamlanir á borð við sértæka náms-örðugleika, prófkvíða eða einhvers konar líkamlegar hamlanir eða veikindi.

Nemendur við Háskóla Íslands sem voru með samning um sértæk úrræði í námi háskólaárið 2007-2008 voru 413. Heildarfjöldi nemenda sem komu í ráðgjöf vegna sérúrræða í námi árið 2008 var 514.

Kynningar á námsframboði Háskóla Íslands

Helstu verkþættir innan ábyrgðarsviðsins voru að taka við óskum um kynningar á námsframboði Háskóla Íslands í framhaldsskólum á stór-Reykjavíkursvæðinu og úti á landi, skipuleggja þátttöku náms- og starfsráðgjafa í þeim og hafa umsjón með aðkomu þeirra að árlegri námskynningu Háskólans.

Á vormisseri 2008 sá NSHÍ um ellefu kynningar á Háskóla Íslands í níu framhaldsskólum og tók þátt í fjórum kynningum úti á landi auk þátttöku í árlegri námskynningu Háskólans en frá og með haustmisseri 2008 tók markaðs- og samskiptasvið við þessum málaflokki.

Starfsráðgjöf

Þjónustan sem NSHÍ býður upp á í starfsráðgjöf felst fyrst og fremst í auknum stuðningi við nemendur í lok náms. Náms- og starfsráðgjöf HÍ býður upp á örfyrirlestra, námskeið og vinnustofur í tengslum við gerð ferilsskráa og undirbúning fyrir atvinnulífnið ásamt einstaklingsviðtölum.

Fyrsti örfyrirlestur ársins í nýju húsnæði á Háskólatorgi fjallaði um undirbúning fyrir atvinnulífnið, leiðir til að brúa bilið á milli skóla og atvinnulífs. Alls sóttu 140 nemendur fyrirlesturinn. Í kjölfarið var farið af stað með vinnustofur sem tóku á sama efni en fóru markvisst dýpra í það. Nemendur fengu meðal annars þjálfun og leiðsögn í gerð ferilsskráa og endurgjöf á þær. Vinnustofurnar voru tvær og sóttu nítján manns þessar vinnustofur. Einnig tók NSHÍ þátt í hinum árlegu Framadögum sem haldnir voru í febrúar 2008 á vegum AIESEC, alþjóðlegu stúdentasamtakanna.

Persónuleg og sálfræðileg ráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum stuðning og aðstoða þá við úrlausn á persónulegum og félagslegum vanda. Á árinu 2008 leituðu 418 nemendur sér aðstoðar vegna þessa. Sálfræðileg ráðgjöf felst í að greina sálræn og geðræn vandkvæði hjá háskólastúdentum, veita þeim skammtímameðferð eða vísa þeim áfram til viðeigandi sérfræðinga. Helstu vandkvæðin taka til kvíða, þunglyndis og fælni. Árið 2008 voru veitt 153 einstaklingsviðtöl vegna sálfræðilegrar ráðgjafar. Þrjú prófkvíðanámskeið voru haldin á árinu. Nýtt námskeið var hannað og keyrt á haustmisseri. Sjálfstyrking í námi og starfi. Námskeiðið mæltist vel fyrir og er áformað að halda það tvisvar á ári. Örfyrirlesturinn Prófundirbúningur og prófkvíði var haldinn tvisvar á árinu og var vel sóttur.

Náms- og starfsval

Árið 2008 leituðu 1996 einstaklingar til NSHÍ til að fá ráðgjöf og upplýsingar um námsval, þar af voru 368 einstaklingar sem höfðu ekki enn hafið nám við skólann eða um 20%. Þetta er sá þáttur í starfsemi NSHÍ sem stendur almenningi til boða jafnt og nemendum háskólans.

Helstu verkþættir sem unnið var að veturinn 2007-2008 innan ábyrgðarsviðsins „náms- og starfsval“ var að taka þátt í að móta tillögur að móttöku nýnema við Háskóla Íslands og koma þeim í framkvæmd haustið 2008. Fulltrúi frá NSHÍ sat í undirbúningsnefnd um móttöku nýnema fyrir haustið 2008.

Árið 2008 voru haldin átján STRONG-námskeið með 154 þátttakendum.

Unnið hefur verið að því að bjóða upp á námskeið um starfsþróun (career development) á vegum NSHÍ. Samstarf hefur verið á milli NSHÍ og meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands um þróun þessarar hugmyndar að námskeiði.

Starfsþjálfun

NSHÍ hefur frá árinu 1997 tekið að sér þjálfun nema í námi í náms- og starfsráðgjöf. Markmið starfsþjálfunar er að tengja fræðilegt nám við starfsvettvang. NSHÍ hefur haft umsjón með upphafi starfsþjálfunar að hausti með þriggja daga námskeiði og hefur í kjölfarið tekið að sér þjálfun nema á fyrsta þrepi starfsþjálfunar. Veturinn 2007-2008 voru nítján nemendur á fyrsta þrepi við NSHÍ. Á öðru þrepi starfsþjálfunar fá nemar tækifæri til nánari sérhæfingar í störfum náms- og starfsráðgjafar og fá þjálfun undir handleiðslu. Fimm nemar í náms- og starfsráðgjöf voru í þjálfun á öðru þrepi við NSHÍ og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Aðgengissetur

Árið 2008 var opnað sérstakt tölvuver fyrir fatlaða stúdenta á Háskólatorgi. Tölvuverið er vinnu- og prófaaðstaða fyrir nemendur sem styðjast við sérhæfðan tölvubúnað í námi. Þar er meðal annars að finna búnað sem er sniðinn að þörfum blindra, sjónskertra, hreyfihamlaðra og nemenda með dyslexíu.

Innlend og erlend samstarfsverkefni

Námsráðgjöf Háskóla Íslands tók þátt í eftirtöldum samstarfsverkefnum árið 2008:

- NUAS. Norrænt samstarf námsráðgjafa við háskóla á Norðurlöndum
- NNCD. Norrænt netverk um aðgengi fatlaðra að æðri menntun
- Samstarf við félagsvísindadeild um starfsþjálfun nemenda í námsráðgjöf
- Samstarf við markaðs- og kynningarsvið vegna kynninga á Háskóla Íslands í framhaldsskólum landsins
- NNK (Nordisk Nettverk for Karriereveiledere) – samstarf við starfsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum
- Stjórn Þórsteinssjóðs
- Ráð um málefni fatlaðra
- Þátttaka í vinnuhóp um gerð geðheilbrigðisáætlunar fyrir Háskóla Íslands
- Starfshópur um móttöku nýnema í Háskóla Íslands
- Brottfallsnefnd
- Starfshópur um endurskoðun brautskráningarathafna

Jafnréttismál

Jafnréttisfulltrúi vann á árinu að nýrri vegfátt í jafnréttismálum, sem hefur slóðina www.jafnretti.hi.is, og má þar finna upplýsingar á einum stað um flest það sem tengist jafnréttismálum í Háskóla Íslands.

Á árinu var áfram unnið með starfshópum um jafnréttisáætlun í deildum, stofnunum og sameiginlegri stjórnslu. Fæstir hópanna luku starfi með gerð jafnréttisáætlunar, m.a. vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga innan Háskóla Íslands og sameiningu við Kennaraháskóla Íslands, en lokið var við gerð jafnréttisáætlunar hjá Lagadeild Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (þar sem áætlun bíður samþykktar). Í nýrri jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2009-2013 er gert ráð fyrir að hvert fræðasvið setji sér jafnréttisáætlun, sem og sameiginleg stjórnslu og stofnanir á vegum HÍ með 25 starfsmenn eða fleiri, og skal því starfi lokið fyrir 1. janúar 2010.

Jafnréttisfulltrúi tók saman greinargerð um umsóknir og úthlutanir í Rannsóknasjóð HÍ fyrir árið 2008 í samstarfi við vísindasvið, og má finna hana á vegfátt jafnréttismála í Háskólans á slóðinni www.jafnretti.hi.is. Í meginatriðum var lítil munur á umsóknum og úthlutunum eftir kynjum. 66% umsækjenda voru karlar og 34% konur. Hlutfall karla var ögn hærra meðal þeirra sem fengu úthlutað úr sjóðnum, eða 68%, en konur voru 32% þeirra sem fengu úthlutun úr sjóðnum.

Karlar fengu að jafnaði hærri styrk (meðaltal = 1.000 þús.kr., miðgildi = 1.000 þús.kr.) en konur (meðaltal = 842 þús.kr., miðgildi = 700 þús.kr.). Ekki var mikill munur eftir kynjum á því hversu stórt hlutfall af þeirri upphæð sem sótt var um fékkst við úthlutun. Þeir karlar sem fengu úthlutað úr sjóðnum fengu að jafnaði um 58% af því sem sótt var um, en konur um 56% af því sem sótt var um. Kynjamunur kom fram með margvíslegum hætti þegar horft er til einstakra fræðasviða, en nánari umfjöllun um umsóknir og úthlutanir má finna á vegfátt jafnréttismála, www.jafnretti.hi.is, undir liðnum Jafnrétti í tölum.

Nokkrar lykiltölur Stúdentar

Í október 2008 var hlutfall karla meðal stúdenta HÍ 32% en hlutfall kvenna 68% (og hefur bilið milli kynjanna því aukist frá árinu áður, þegar konur voru 64% stúdenta). Hlutfall karla var ögn hærra þegar eingöngu er litið til framhaldsnáms, eða 35%, og hlutfall kvenna var 65%.


Starfsfólk

Í lok ársins 2008 voru starfsmenn Háskóla Íslands rúmlega 1200; 52% konur og 48% karlar. Próffessorar voru flestir í hópi fastra kennara við Háskóla Íslands eða 38%, en af þeim voru 24% konur og 76% karlar. Í störfum dósentar voru 34% konur og 66% karlar, en 56% konur og 44% karlar í störfum lektora.

Fjöldi og hlutföll karla og kvenna í akademískum störfum innan Háskóla Íslands í árslok 2008

	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Lektorar	94	74	56%	44%
Dósentar	62	119	34%	66%
Próffessorar	51	165	24%	76%
Alls	207	358	37%	63%

Meðal starfsfólks í stjórnarsýslu skólans eru kynjahlutföllin 72% konur og 28% karlar. Af 6 sviðsstjórum í miðlægri stjórnarsýslu árið 2008 voru 5 karlar og 1 kona.



Fjórir af fimm forsetum fræðasviða eru karlar og fjórir af fimm rekstrarstjórum fræðasviða eru konur. Sjálfstæðar valnefndir fjölluðu um umsóknir um hvert starf. Karlar eru tæplega tveir þriðju deildarforseta við Háskólann – af 25 deildarforsetum eru 16 karlar (eða 64%) og 9 konur (eða 36%). Val deildarforseta fer fram með leynilegri kosningu.

Háskólaráð, háskólaþing og starfsnefndir og stofnanir háskólaráðs


Í lok árs 2008 var háskólaráð skipað 11 manns, 7 konum og 4 körlum. Á háskólaþingi haustið 2008 voru 67 fulltrúar með atkvæðisrétt, 31 kona (46%) og 36 karlar (54%).

Í stjórnunum stofnana sem heyra undir háskólaráð sátu í árslok 2008 alls 63 manns, 26 konur (40%) og 37 karlar (60%). Þar af gegna 10 manns hlutverki stjórnarformanns, og fara 2 konur með slíkt hlutverk og 8 karlar. Af 9 forsiððumönnum þessara stofnana voru 5 konur (56%) og 4 karlar (44%).

Í byrjun árs 2009 var ekki fullskipað í allar starfsnefndir háskólaráðs. Ein þeirra (kennslumálanefnd) var óskipuð, í tvær þeirra (gæðanefnd og vísindanefnd) átti eftir að skipa fulltrúa stúdenta, en hinar þrjár (fjármálanefnd, jafnréttisnefnd og samráðsnefnd um kjaramál) voru fullskipaðar.

Í þeim 5 nefndum sem eru að mestu eða öllu leyti skipaðar sitja samtals 29 manns, 14 konur (48%) og 15 karlar (52%), og gegna karlar formennsku í þremur nefndanna (fjármálanefnd, gæðanefnd og samráðsnefnd um kjaramál) og konur í tveimur þeirra (jafnréttisnefnd og vísindanefnd).

Með hverri nefnd starfa 1-2 starfsmenn úr stjórnslu, alls 10 manns. Þar af eru 8 karlar og 2 konur.



Dómnefndir og valnefndir 2008

Í nýráðningum í akademísk störf árið 2008 voru karlar tæplega tveir þriðju meðal formanna dómnefnda og valnefnda, og sömuleiðis hvað varðar sæti í valnefndum, en konur voru hlutfallslega fleiri, eða rúmlega helmingur, meðal þeirra sem sæti áttu í dómnefndum. Þegar kom að framgangsmálum voru kynjahlutföll jafnari, konur voru hlutfallslega fleiri meðal þeirra sem sátu í dómnefndum, en hlutföllin voru körlum í hag að öðru leyti, einkum meðal þeirra sem áttu sæti í valnefnd, en 2 af hverjum 3 sætum voru þar skipuð körlum. Rétt er að taka fram að sami einstaklingur gat gegnt formennsku eða átt sæti í dóm- og valnefndum oftar en einu sinni, og því eru talin sæti, ekki einstaklingar.

Hlutfall karla og kvenna í dómnefndum og valnefndum 2008

	Nýráðningar (35 mál)				Framgangur (20 mál)			
Karlar	63%	46%	66%	66%	55%	45%	60%	67%
Konur	37%	54%	34%	34%	45%	55%	40%	33%

* Að formanni meðtöldum

Í þessum hluta er tekið mið af þeim nýráðningar- og framgangsmálum þar sem álit valnefndar var gefið á árinu 2008, og þar sem bæði dómnefnd og valnefnd störfuðu í málinu. Alls var því um að ræða 35 nýráðningarmál og 20 framgangsmál.

Tungumálamiðstöð

Stjórn og starfslið

Annika Grosse var skipuð í stjórn miðstöðvarinnar í stað Heike Rohman sem lét af störfum hjá HÍ á árinu. Deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar er Eyjólfur Már Sigurðsson. Auk Eyjólfur störfuðu sex nemendur í tímavinnu á árinu: Edda Ýr Meier, Jaroslava Kosinová, Oliver Thiel, Lenka Kovárová, Solveit Lilam Wagner og Katelin Parsons.

Starfsemi

Sem fyrr bauð miðstöðin upp á tungumálanámskeið bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendum gafst kostur á að stunda sjálfsnám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Íslenskunámskeið voru haldin fyrir erlenda starfsmenn háskólans bæði á vormisseri og á haustmisseri og boðið var upp á ensku og dönskunámskeið fyrir starfsmenn. Miðstöðin hélt einnig námskeið fyrir tungumálakennara í samvinnu við Kennslumiðstöð t.a.m. í notkun upplýsingatækni í tungumálanámi og -kennslu.

Tungumálamiðstöðin bauð einnig upp á fjarkennslu í íslensku (Icelandic Online). Í boði voru bæði námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

Auk þessara tungumálanámskeiða hélt miðstöðin alþjóðleg stöðupróf bæði í þýsku og spænsku.

Alþjóðlegt samstarf á árinu

Tungumálamiðstöðin var í margs konar samstarfi við erlenda aðila. Hún er meðlimur í CERCLES (Confédération Européenne des Centres de Langues de l'Enseignement Supérieur) sem eru Evrópusamtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi. Cervantes-stofa er til húsa í Tungumálamiðstöð og er rekin í samstarfi við Menningarstofnun Spánar, Instituto Cervantes.

Þar má nálgast ýmsar upplýsingar um Spán og spænskumælandi lönd s.s. námsgögn og spænskt menningarefni. Elias Portela tók við af Rafael Jesus Esteban Sola sem umsjónarmaður Cervantes-stofu í september 2008.

Deildarstjóri Tungumálamiðstöðvarinnar situr í stjórn ECML (European Centre for Modern Languages) í Graz í Austurríki. Hlutverk Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu. Starfsemi tungumálamiðstöðvarinnar felst m.a. í skipulagningu námskeiða fyrir tungumálakennara.

Skjalasafn

Stjórn og starfslið

Stjórn skjalasafns Háskóla Íslands 2008 skipuðu Ágústa Pálsdóttir dósent, formaður, Amalía Skúladóttir skrifstofustjóri og Már Jónsson prófessor. Stjórn safnsins var lögð niður í október í samræmi við tillögur sameiningarnefndar HÍ og KHÍ. Þá var Sjöfn Hjörvar skjalastjóri Kennaraháskóla Íslands ráðin forstöðumaður, Magnús Guðmundsson skjalavörður, Hanna Zoëga Sveinsdóttir fulltrúi við skráningu stafræna ljósmynda og Nils Kjartan Guðmundsson kerfisstjóri GoPro skjalastjórnarkerfis. Hjördís Kvaran háskólastúdent vann um tvo mánuði um sumarið m.a. við að pakka niður skjölum frá hópinnukerfinu 1999-2008, en fyrir því fékkst styrkur frá samstarfsnefnd um sameiningu HÍ og KHÍ, og Áslaug J. Marinósóttir kom inn í hlutastarf í desember 2008.


Hópvinnukerfið GoPro

Umsjón með málaskrá- og hópinnukerfinu GoPro var eitt af helstu verkefnum skjalasafnsins. Safnið fékk liðsstyrk sumarið 2008 þegar Sveindís Þórhallsdóttir framhaldsskólanemi vann að skráningu erlendra umsókna og undanþága frá stúdentsprófi inn í kerfið, en um þær er fjallað í öllum deildum og í miðlægri stjórnarsýslu og því heppilegt verkefni á meðan Ugly hefur ekki tekið það yfir. Samtals voru 2.375 ný mál skráð í málaskrá á árinu 2008 með 17.785 málsskjölum, sem gera 7,5 færslur á hvert mál að jafnaði, auk þess sem mikið af málsskjölum eru færð undir eldri mál. Málum fjölgaði því talsvert milli ára og málsskjölum jafnframt, en fjöldi skjala á hvert mál fækkaði að sama skapi.

Fjöldi nýrra mála, færslur við þau og meðalfjöldi af málskjölum við hvert mál á árunum 2000-2008.

Ár	Ný mál	Málskjöl	Meðalfjöldi skjala á mál
2000	712	4.760	6.7
2001	666	4.134	6.2
2002	695	5.476	7.8
2003	800	6.000	7.5
2004	843	7.992	9.5
2005	1.048	10.199	9.7
2006	1.404	14.578	10.4
2007	1.488	15.573	10.5
2008	2.375	17.785	7.5

Reglulega voru haldin námskeið um Lotus Notes forritið þar sem kennt var á tölvupóst, dagatal og fleiri möguleika kerfisins. Sérstök námskeið voru einnig um notkun á skjalastjórnarkerfinu GoPro. Námskeiðum var skipt upp í kennslu fyrir byrjendur annars vegar og lengra komna hins vegar. Einnig voru haldin tvö námskeið í GoPro fyrir Menntavísindasvið í húsnæði fræðasviðsins. Nokkuð var um að fólk kæmi á safnið og fengi fræðslu á staðnum en að jafnaði var kennt í kennslustofum í Aðalbyggingu. Þá voru haldin einstaklingsnámskeið fyrir starfsfólk á skrifstofum eftir því sem notendum kerfisins fjölgaði. Guðrún Valgerður Bóasdóttir, kerfisfræðingur hjá Nemendaskrá, starfaði með safninu við uppsetningu á hópvinnukerfinu og ýmsum leiðbeiningum, auk þess sem María Hjaltalín kerfisfræðingur kom reglulega frá fyrirtækinu Hugviti og hjálpaði til við verkefni sem út af stóðu. Samningur við Hugvit var endurnýjaður í árslok 2008 og í stað þess að María kæmi einu sinni í viku til lagfæringa kom hún aðeins einu sinni í mánuði. Nils kerfisstjóri létti af henni störfum. Tveir viðbótarþættir fengust við GoPro-kerfið frá Hugviti, annars vegar E-box sem er geymsluskrá fyrir skjöl sem pakkað er niður og sendi til Þjóðskjalasafns, og sjálfvirk uppfletting í Þjóðskrá.



Nefnd sem fjallaði um sameiningu á skjalakerfum Háskóla Íslands og Kennara-háskóla Íslands skilaði í byrjun árs niðurstöðu til samstarfsnefndar um sameiningu. Rektorar og samstarfsnefnd um sameiningu ákváðu í framhaldi af því að hinn sameinaði skóli, Háskóli Íslands, tæki upp GoPro-skjalastjórnarkerfið. Eftt var til samkeppni í Háskólanum um nafn á kerfið í ársbyrjun 2009 og varð nafnið Náma fyrir valinu. Einnig var samkeppni um nafn á hið stafræna ljósmyndasafn FotoWare sem er aðgengilegt á vefnum, <http://myndasafn.hi.is>, og fékk það nafnið Birtingur. Í framhaldi af nafnasamkeppni var opið hús hjá skjalasafninu hinn 22. janúar 2009. Í tengslum við sameiningu skólanna var ákveðið að pakka niður eldri skjölum þeirra og útbúa nýjan bréfa- eða skjalalykil og fékk hann samþykki Þjóðskjalasafns um haustið. Á haustmísserinu var lögð mikil áhersla á að koma starfsmönnum Menntavísindasviðs inn í nýtt skjalastjórnarkerfi og voru haldin sérstök námskeið fyrir þá. Ný útgáfa af FotoStation-forritinu fékkst á árinu 2008 og hefur Sigurður Örn Magnason

kerfisstjóri hjá Reiknistofnun haft umsjón með uppsetningu þess. Kennsluvið endurnýjaði samning við RHÍ um tölvupjónustu. Samningurinn felur í sér að nýjar tölvur fyrir stjórnsýslu eru m.a. með uppsettu Lotus-forriti og skjalastjórnarkerfinu Námu.

Skil til skjalasafns Háskólans

Ýmsar stærri og smærri sendingar hafa borist skjalasafninu á árinu, sérstaklega frá deildarskrifstofum. Mikið af skjölum barst 2008 vegna flutninga margra skrifstofa í nýtt húsnæði á Háskólatorgi og Gimli. Hér er stiklað á stóru um annað efni:

- Ingjaldur Hannibalsson formaður stjórnar ReykjavíkurApóteks skilaði skjölum, m.a. fundargerðum frá Apótekinu og var þeim komið til Þjóðskjalasafns þar sem skjalasafn ReykjavíkurApóteks er varðveitt.
- 14 skjalakassar af umsóknargögnum meistaranema í Félagsvísindadeild.
- 70 skjalakassar með málafni Félagsvísindadeildar.
- 68 skjalakassar af skjölum um stúdenta- og starfsmannaskipti frá Rannsóknþjónustu Háskólans 1996-2003.
- 24 skjalakassar frá Guðfræðideild og sami fjöldi frá Alþjóðaskrifstofu.
- 5 skjalakassar frá Félagi áhugamanna um heimspeki frá 1976-1996.
- 12 bréfabindi af skjölum frá heimpekiskor frá 1991-1999.
- 12 skjalakassar frá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræði.
- Oddur Benediktsson kom til varðveislu 8 kössum af einkaskjalasafni sínu eftir um 35 ára starf við Háskóla Íslands.

Ýmiss konar þjónusta

- Starfsmenn safnsins fóru í fjölda skjalavitjana á skrifstofur skólans og veittu ráð og leiðbeiningar um skjalastjórn og skjalavörslu, auk þess sem holtráð eru daglega veitt í gegnum síma og með tölvupósti.
- Fjöldi fólks úr stjórnsýslu hefur reglulega samband til að leita skjala og fá ljósmyndir að láni.
- Skráning á stafrænum ljósmyndum í umsjón Hönnu Z. Sveinsdóttur hélt áfram á árinu. Myndirnar eru geymdar á drifi hjá Reiknistofnun og skráðar í FotoStation-forritið.
- Magnús ritstýrði Árbók Háskóla Íslands 2007 ásamt Magnúsi Diðriki Baldurssyni og kom hún út fyrir háskólafund í maí með aðstoð Margrétar Ludwig.
- Magnús vann að útgáfu á Árbókum Háskólans frá árunum 1991-1997 ásamt Sveinbirmi Björnssyni fyrrverandi rektor og Ólafi Grími Björnssyni og komu þær út í tveimur bindum í um áramótin 2007-2008 og var dreift á árinu 2008.

Erlent samstarf

Magnús tók þátt í samstarfi háskólaskjalavarða innan norræna háskólasamstarfsins NUAS og sótti fund nefndarinnar sem haldinn var í Kaupmannahafnarháskóla í lok nóvember, en áður hafði hann setið tvo símafundi með nefndinni. Á vegum alþjóðlega skjalaráðsins, International Council on Archives/Section on University and Research Institutions Archives (ICA/SUV) var haldinn fundur í Uppsöllum í apríl sem Magnús sótti. Þá hélt hann fyrirlestur á ráðstefnu skjalavarða í San Francisco í Bandaríkjunum á vegum SAA (Society of American Archivists) sem haldin var 30. ágúst.

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands annast formleg alþjóðasamskipti Háskóla Íslands, svo sem stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti og gerð samstarfs-samninga við erlenda háskóla. Skrifstofan sinnir þjónustu við stúdenta og starfsmenn HÍ sem fara utan á vegum samstarfsáætlana, annast móttöku umsókna skiptistúdenta og móttöku erlendra skiptistúdenta sem koma til landsins.

Í gildi er samningur Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins sá samningur kveður á um ýmsa þjónustu sem er opin öllum landsmönnum, svo sem rekstur upplýsingaþjónustu um nám erlendis, rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar ESB í samvinnu við Rannsóknarþjónustu HÍ, upplýsingaskrifstofa fyrir Erasmus Mundus og e-twinning

áætlun ESB um rafrænt skólasamstarf, kynningarstarf vegna Bolognaferlisins. Alþjóðaskrifstofan hefur einnig í samstarfi við menntamálaráðuneytið, umsjón með þátttöku íslenskra fulltrúa á vinnustofum/námskeiðum sem haldin eru á vegum tungumálamiðstöðvar Evrópuráðsins í Graz í Austurríki. Skrifstofan hefur einnig í umboði menntamálaráðuneytisins, umsjón með European Label viðurkenningu Evrópusambandsins, sem er veitt fyrir nýjungar í tungumálakennslu. Alþjóðaskrifstofan hefur einnig verið upplýsingaskrifstofa fyrir Þróunarsjóð EFTA hér á landi, þeim þætti er lýtur að menntasamstarfi.

Alþjóðaskrifstofan er landskrifstofa fyrir Nordplus-menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar. Samkvæmt samningi við norrænu ráðherranefndina er Alþjóðaskrifstofan aðalstjórnandi Nordplus tungumála- og menningaráætlunarinnar. Í því felst að skrifstofan tekur við umsóknum frá öllum Norðurlöndunum, metur þær og gerir tillögu um úthlutun til stjórnar sem tekur endanlega ákvörðun um úthlutun. Skrifstofan sér síðan um styrkúthlutanir, samningagerð við styrkhafa, fylgist með framkvæmd verkefna, innheimtir lokaskýrslur, uppgjör og annað sem lýtur að utanumhaldi og framkvæmd áætlunarinnar. Alþjóðaskrifstofan er jafnframt meðstjórnandi í öðrum undiráætlunum Nordplus, (Nordplus junior, vögsen, horisontal og Nordplus fyrir háskólastig). Þáttökulönd í Nordplus eru Norðurlöndin og Eyrstrasaltlöndin. Undanskilin er Nordplus tungumála- og menningaráætlunin en einungis Norðurlöndin taka þátt í henni.

Háskóli Íslands – samningar við erlenda háskóla og samstarfsnet

Við sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans í júlí 2008 tók Alþjóðaskrifstofan yfir utanumhald um samstarfssamninga KHÍ við erlenda háskóla og sinnir þjónustu við stúdenta og starfsmenn Menntavísindasviðs. Alþjóðaskrifstofan vinnur náið með alþjóðafulltrúa Menntavísindasviðsins eins og öðrum fulltrúum sviða sem annast alþjóðasamstarf.

Helstu áætlanirnar sem Háskóli Íslands tekur þátt í eru menntaáætlun Evrópusambandsins einkum undiráætlanirnar Erasmus og Leónardó, Nordplus-áætlun Norðurlandaráðs og International Student Exchange Programme, sem er bandarísk stúdentaskiptaáætlun. Einnig hefur Háskólinn gert tvíhliða samstarfssamninga við fjölmarga háskóla/stofnanir víðs vegar um heiminn. Upplýsingar um alla samninga eru aðgengilegar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofunnar www.ask.hi.is eða á slóðinni www.hi.is/is/skolinn/skiptinam. Háskóli Íslands er einnig þátttakandi í stóru evrópsku samstarfsneti háskóla svonefndu Utrecht-neti. Forstöðumaður Alþjóðaskrifstofunnar var kosinn í stjórn netsins 2004 og endurkosinn í stjórn þess á ársfundi þess í Lille í Frakklandi í maí 2007.

Í gildi eru Erasmus-samningar við um 354 evrópska háskóla. Erasmus-samningar eru gerðir í hverju fagi og því geta verið margir samningar við suma skóla, eða einn opinn samningur. Umfang stúdentaskipta er mikið, en einnig taka kennarar Háskóla Íslands þátt í kennaraskiptum, námsefnisgerð, halda námskeið í samvinnu við evrópska samstarfsaðila, taka þátt í þemanetum o.fl. Utrecht-netið (samstarfsnet um 30 evrópskra háskóla), sem HÍ á aðild að, hefur gert samning við 16 háskóla í Bandaríkjunum um gagnkvæm stúdentaskipti. Þessir bandarísku háskólar mynda samstarfsnet sem í daglegu tali er kallað MAUI-netið (Mid American Universities). Utrecht hefur einnig gert samninga við 7 háskóla í Ástralíu um gagnkvæm stúdentaskipti. Netið hefur einnig skipulagt sumar-námskeið, sem stúdentar Háskóla Íslands hafa sótt og kennarar Háskóla Íslands hafa kennt á þessum námskeiðum.

Þátttaka HÍ í Nordplus-samstarfi er umfangsmikil, en kennarar HÍ eru þátttakendur í um 73 samstarfsnetum á um 15 fræðasviðum. Af netunum eru 26 sem tilheyra fyrrum Kennaraháskólanum. Háskóli Íslands er þátttakandi í einu þverfaglegu Nordplus-neti sem nefnist Nordlys, en starfsmaður á Alþjóðaskrifstofu sér um samskipti við það net. Skólaárið 2008-2009 fékk Nordlys netið 28.800 evrur til að styrkja HÍ stúdenta til að fara í skiptinám til Norðurlandanna, 19 stúdentar hlutu styrki frá Nordlys-netinu. Alþjóðaskrifstofan fékk 5.000 evrur (um 485.000 ísl. kr.) styrk frá Nordplus til að styrkja stúdenta frá Norðurlöndunum til að sækja íslenskunámskeið sem haldið er í ágústmánuði ár hvert.

Háskólinn er í samstarfi innan Nordplus eða Erasmus við alla helstu háskóla á Norðurlöndunum.

Forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu á sæti í „planeringsgruppe for internationalisering“ innan NUAS (Nordisk Universitets Administratørs Samarbejde) og sótti

vinnufundi í hópnum. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar sitja einnig í stjórnnum Nordlys-netsins (norrænt þverfaglegt net) og Norek-netsins (norrænt samstarfsnet í viðskiptafræði), starfsmenn skrifstofunnar eru einnig tengiliðir HÍ við fjölmörg önnur Nordplus-net.


Nýir tvíhliða samningar við erlenda háskóla

Árið 2008 voru gerðir tvíhliðasamningar utan skipulagðra áætlana milli Háskóla Íslands og eftirtalinnna háskóla: Beijing Foreign Studies University, Beijing Normal University, Jilin University Kína, Ningbo University í Zhejiang Kína, Peking University, National Taiwan University og Mahidol University Taílandi. Í gildi eru um 80 samningar við háskóla utan Evrópu og þar af veita sumir samningar eins og Isep og kanadíska Crepuq-netið aðgang, að mörgum skólum.

Stúdentaskipti Háskóla Íslands

Gagnkvæm stúdentaskipti eru umfangsmikill þáttur í alþjóðasamstarfi Háskóla Íslands og í starfi því sem fram fer á Alþjóðaskrifstofunni. Stúdentar Háskóla Íslands sem hyggjast fara utan sem skiptistúdentar fá upplýsingar um þá möguleika sem þeim standa til boða varðandi stúdentaskipti á Alþjóðaskrifstofunni. Umsóknum skila þeir á Alþjóðaskrifstofuna og sjá starfsmenn skrifstofunnar um að koma samþykktum umsóknum til rétttra aðila erlendis. Starfsmenn skrifstofunnar héldu á árinu fjölmarga kynningarfundum um stúdentaskipti, með stúdentum í einstökum deildum og einnig í húsakynnum skrifstofunnar á Háskólatorgi. Árlega stendur Alþjóðaskrifstofan ásamt fleirum fyrir alþjóðadegi, en megintilgangur hans er að kynna stúdentum og kennurum þá möguleika sem standa til boða í stúdenta- og kennaraskiptum. Einnig skipuleggja starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar í samvinnu við Fulbright-stofnunina og kanadíska sendiráðið árlegan upplýsingafund um nám í Norður-Ameríku. Starfsmenn skrifstofunnar taka einnig þátt í opnu húsi Háskólans og öðrum álíka viðburðum eftir því sem við á.


Skólaárið 2008-2009 fóru 199 stúdentar utan sem skiptistúdentar frá Háskóla Íslands og 365 erlendir skiptistúdentar komu til náms í Háskóla Íslands. Inni í þessum tölum eru einnig stúdentar til og frá Kennaraháskóla Íslands sem sameinaðist Háskóla Íslands í júlí 2008. Vegna ótryggs fjárhagsástands í árslok 2008 var nokkuð um að stúdentar drægju umsóknir sínar um skiptinám erlendis til baka og nokkrir komu heim fyrr en þeir höfðu ráðgert.



Kennaraskipti Háskóla Íslands

Fjöldi kennara sem tekur þátt í Erasmus-kennaraskiptum hefur aukist allverulega á undanförunum árum. Þar sem Alþjóðaskrifstofan sér um úthlutun styrkja til Erasmus-kennaraskipta liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda kennara sem taka þátt í þeirri áætlun. Skólaárið 2008-2009 tóku 90 íslenskir háskólakennarar þátt í Erasmus-kennaraskiptum og þar af voru 35 frá Háskóla Íslands. 13 starfsmenn Háskóla Íslands fóru á vegum Erasmus í námsheimsóknir til evrópskra háskóla.

Alþjóðaskrifstofan sér ekki um greiðslu styrkja til kennaraskipta í öðrum áætlunum eða vegna tvíhliðasamninga og hefur þar af leiðandi ekki yfirlit yfir þá starfsemi.



Móttaka erlendra skiptistúdenta

Alþjóðaskrifstofan sér um móttöku erlendra skiptistúdenta. Umsóknir frá erlendum skiptistudentum berast til Alþjóðaskrifstofunnar. Rafrænt umsóknareyðublað fyrir skiptistúdenta, bæði þá sem hyggjast fara utan frá Háskóla Íslands og eins þeirra sem hyggjast koma til Háskólans var sett upp á heimasíðu Alþjóðaskrifstofunnar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og auðveldar deildum að nálgast upplýsingar um þá stúdentu sem sækja um stúdentaskiptin. Deildirnar taka afstöðu til umsókna frá erlendu skiptistudentunum í gegnum þetta kerfi og geta stúdentarnir séð á hverjum tíma hvar umsókn þeirra er stödd í ferlinu.

Háskóli Íslands er samkvæmt samningum skuldbundinn til að aðstoða erlenda skiptistúdenta við útvegum húsnæðis og er það eitt af verkefnum Alþjóðaskrifstofunnar. Einnig kemur það í hlut starfsmanna skrifstofunnar að aðstoða stúdenta utan Evrópu að sækja um dvalarleyfi og annast samskipti við Útlendingastofnun.

Stór hópur skiptistúdenta sem hingað kemur óskar eftir því að fara á námskeið í íslensku áður en hið eiginlega nám við skólann hefst. Sumarið 2008 var auglýst opinberlega eftir viðurkenndum aðilum til að halda íslenskunámskeið fyrir þennan hóp. Gengið var að tilboði Háskólasetursins á Vestfjörðum um að halda námskeiðið fyrir verðandi skiptistúdenta við háskóla á Íslandi. Námskeiðið var haldið í ágúst og fór kennslan fram að Núpi í Dýrafirði. Daglega var boðið upp á rútuferðir til Ísafjarðar. Um 70 stúdentar tóku þátt í námskeiðinu sumarið 2008. Samhliða tungumálanámskeiðinu var skipulögð viðamikil menningardagskrá og farnar fjölmargar ferðir um Vestfirði. Þótti námskeiðið takast ákaflega vel og voru stúdentarnir mjög ánægðir með dvölinu, en þetta var í fyrsta skipti sem „ágústnámskeiðið“ var kennt utan Reykjavíkur. Stúdentar frá öllum háskólum á Íslandi tóku þátt í þessu námskeiði.

Starfsmenn Alþjóðaskrifstofu skipuleggja kynningarfundu um starfsemi og þjónustu við stúdentu HÍ fyrir nýja erlendu stúdentu sem hefja nám við skólann í upphafi missera. Kynningardagskrá um Ísland og íslensk málefni. „Introduction to Iceland“, er fastur liður í móttöku erlendra stúdentu og starfsmanna. Um þrjú til fjórir viðburðir eru skipulagðir á misseri og eru það m.a. skoðunarferðir, fyrirlestrar um íslensk málefni, sýningar o. fl. Dagskráin „Introduction to Iceland“ er opin öllum erlendum stúdentum og starfsmönnum háskóla, sem koma til landsins.

Fyrir nokkrum árum kom Alþjóðaskrifstofan á aðstoðarmannakerfi fyrir erlendu stúdentu sem stunda nám við Háskóla Íslands. Í dag er þetta samvinnuverkefni með Stúdentaráði Háskóla Íslands. Íslenskir stúdentar taka að sér að aðstoða og leiðbeina erlendum stúdentum sem koma til landsins. Tilgangurinn er að veita aðstoð við ýmis hagnýt atriði sem þarf að leysa í upphafi námsdvalar og kynna erlendum nemunum félagslíf stúdentu og koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Kynningarstarf

Árið 2008 annaðist Alþjóðaskrifstofan útgáfu á ýmsu kynningarefni sem ætlað er erlendum stúdentum sem koma til landsins. Leiðbeiningar þessar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skrifstofunnar. Gefinn var út bæklingurinn „Skiptinám“ fyrir HÍ-stúdentana og bæklingurinn „How to apply for a student permit in Iceland“, sem er með leiðbeiningum um hvernig sótt er um dvalarleyfi fyrir stúdentana utan Evrópu. Eft var til myndasamkeppni meðal skiptistúdentana HÍ erlendis. Mikill fjöldi mynda barst í keppnina. Viðurkenningar voru veittar þrem stúdentum og voru myndirnar notaðar í kynningarbækling sem er einnig aðgengilegur á heimasíðu skrifstofunnar.

Alþjóðaskrifstofan tók þátt í sameiginlegri kynningu Norðurlandanna á háskólanámi á Norðurlöndum á ráðstefnu NAFSA-samtakanna í Washington í maí. Auk sameiginlegs kynningarbáss héldu Norðurlöndin sameiginlega móttöku fyrir erlenda samstarfsaðila í House of Sweden, sem er menningarmiðstöð Svíþjóðar í Washington. Mikið fjölmenni var í móttökunni og íslenskir happdrættisvinningar í boði.

Árið 2008 var gefið út nýtt og endurskoðað kynningarefni fyrir Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins og nokkur rafræn fréttabréf sem dreift var hér á landi. Einnig var gefið út kynningarefni fyrir Nordplus-áætlunina og því dreift til viðeigandi markhópa.

Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Bifröst voru með sameiginlegan kynningarbás á árlegri ráðstefnu EAIE (European Association of International Education) sem haldin var í Antwerpen í september 2008. Alþjóðaskrifstofan tók að sér að skipuleggja og halda utan um vinnuna við kynningarbásinn, en starfsfólk háskólanna skipti með sér að manna básinn.

Heimasíða Alþjóðaskrifstofunnar er stöðugt í endurskoðun og hafa ný veflén verið tekin í notkun til að auðvelda aðgang að hinum ýmsu áætlunum sem skrifstofan sér um framkvæmd á. Landskrifstofa menntaáætlunar ESB er með sérstaka heimasíðu undir vefléninu LME.is og einnig eru notuð veflénin Erasmus.is, Comenius.is, Grundtvig.is og Leonardo.is fyrir undiráætlanirnar. Einnig hefur verið tekið í notkun veflénid Nordplus.is fyrir samnefnda norrænu menntaáætlunina og e-twinning.is fyrir samnefnda evrópska áætlun.

Með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans og endurskipulagningu sviða skólans er heimasíða skólans í endurskoðun og einnig sá hluti heimasíðu Alþjóðaskrifstofunnar sem lýtur að Alþjóðaskrifstofu HÍ. Það starf er enn í vinnslu og því ekki lokið.

Upplýsingastofa um nám erlendis

Innan Alþjóðaskrifstofunnar er starfrækt Upplýsingastofa um nám erlendis, sem er öllum opin. Markmið hennar er að safna, skipuleggja og miðla upplýsingum um nám erlendis. Vaxandi þáttur í starfsemiinni er að fylgjast með nýjungum og breytingum á Netinu og tengja gagnlegar slóðir við heimasíðu Alþjóðaskrifstofu/Upplýsingastofu. Starfsmenn Upplýsingastofunnar stóðu fyrir alþjóðadegi sem haldinn var 22. október en þar voru kynntir möguleikar á skiptinámi erlendis. Kynningarfundur um nám í Bandaríkjunum var haldinn í nóvember í samstarfi við Fulgbright-stofnunina. Fjölmargir upplýsingafundir voru haldnir innan og utan HÍ um möguleika á námi erlendis og á skiptinámi. Stærsti notendahópurinn að þjónustu Upplýsingastofunnar eru háskólastúdentar og þeir sem hafa áhuga á stúdentaskiptum. Stór hópur fólks sem hyggur á nám á Norðurlöndunum, aðallega í Danmörku og Svíþjóð, leitar eftir upplýsingum á skrifstofunni.

Menntaáætlun Evrópusambandsins – Landskrifstofa á Íslandi

Í desember 2006 undirrituðu menntamálaráðherra og rektor Háskóla Íslands samning um rekstur nýrrar landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins, þar sem kveðið er á um að Alþjóðaskrifstofan og Rannsóknarþjónusta HÍ sjái í sameiningu um rekstur nýrrar menntaáætlunar ESB. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins mun annast þau verkefni sem áður féllu undir Sókratesáætlun, þ.e. Erasmus fyrir háskólastig, Comenius fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og Grundtvig fyrir fullorðinsfræðslu. Rannsóknarþjónustan mun annast rekstur Leónardó-áætlunarinnar og Jean Monnet. Sameiginlega munu skrifstofurnar sjá um þveráætlanir. Menntamálaráðherra skipaði stjórn menntaáætlunar Evrópusambandsins í henni eiga sæti: Sólrún Jensdóttir, menntamálaráðuneytinu, formaður án tilnefningar, Þorbjörg Kristjánsdóttir, tilnefnd af Samstarfs-

nefnd háskólastigsins, Guðrún Eyjólfsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, Guðrún Pétursdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Halldór Grönvold, Alþjóðsambandi Íslands, Hjördís Jónsdóttir, tilnefnd af nemendum, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, tilnefnd af Leikn, samtökum fullorðinsfræðslu á Íslandi, og Ólafur Jón Arnbjörnsson, tilnefndur af Félagi framhaldsskóla. Halldór Grönvold var valinn varaformaður stjórnar. Matsmenn voru fengnir til að meta umsóknir í undiráætlunum og síðan voru skipaðar nefndir til að gera tillögur að úthlutunum, byggðum á matinu. Tillögurnar voru síðan lagðar fyrir stjórn til upplýsingar og umsagnar. Endanleg ákvörðun um úthlutun er í höndum forstöðumanna landskrifstofu.

Styrkir til úthlutunar menntaáætlunar Evrópusambandsins hér á landi voru árið 2008:

Comenius	616.000 evrur
Erasmus	752.000 evrur
Leónardó da Vinci	1.133.000 evrur
Grundtvig	86.000 evrur
Transversal programmes (study visits)	8.390 evrur
Samtals	2.595.390 evrur

Auk þess fékk Landskrifstofan framlag til reksturs skrifstofunnar að upphæð 398.100 evrur.

Auk hefðbundinna starfa við kynningar, mat á umsóknum og úthlutanir stóðu starfsmenn Landskrifstofunnar fyrir Comeniusar-tengslaráðstefnu í október, 55 manns frá 12 löndum sóttu ráðstefnuna. Ráðstefnu á Hótel Sögu í desember sóttu um 100 manns, þar sem var farið yfir reynslu manna af þátttöku í hinum ýmsu þáttum menntaáætlunarinnar. Fjölmargir kynningarfundir voru haldnir víðs vegar um landið til að kynna menntaáætlunina.

Nordplus-menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar – Landskrifstofa á Íslandi

Eftir lokað útboð á Norðurlöndunum tók Alþjóðaskrifstofan árið 2004 að sér rekstur Nordplus-áætlunar norrænu ráðherranefndarinnar hér á landi. Alþjóðaskrifstofan er aðalstjórnandi Nordplus sprog tungumála- og menningar-áætlunarinnar og meðstjórnandi í Nordplus junior, Nordplus vogsen, Nordplus fyrir háskólastigið og Nordplus Nabo. Sérstakur samningur um rekstur landskrifstofu Nordplus er á milli Alþjóðaskrifstofunnar og norrænu ráðherranefndarinnar.

Nýrri og breyttri Nordplus-áætlun var hleypt af stökkunum í janúar 2008 með opnunaráttíð í Norræna húsinu. Helsta breytingin frá fyrri áætlun er sú að nú hafa Eyrstrasaltlöndin fengið fullan aðgang að Nordplus að undanskilinni norrænu tungumála- og menningaráætluninni, en sem fyrr styrkir hún fyrst og fremst verkefni sem tengjast norrænum tungumálum. Nýrri undiráætlun var bætt við, Nordplus horisontal, og er henni ætlað að tengja saman undiráætlanir og styrkja verkefni sem ekki falla beint undir hinar áætlanirnar. Nordplus Nabo áætlunin var lögð niður. Alþjóðaskrifstofan gegnir áfram hlutverki Nordplus-landskrifstofu á Íslandi. Eins og undanfarin ár verður Alþjóðaskrifstofan aðalstjórnandi Nordplus tungumála- og menningaráætlunarinnar á Norðurlöndunum. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar – Landskrifstofu Nordplus á Íslandi tóku þátt í samstarfsfundum og að þróa umsóknarkerfi fyrir Nordplus-áætlunina. Mikil vinna fór í að þróa umsóknarkerfið ásamt hinum Nordplus-landskrifstofunum og tölvufyrirtæki sem tók að sér að hanna kerfið. Miklir byrjunarörðugleikar voru við notkun kerfisins þegar umsóknarfrestur rann út í byrjun mars og þurfti að framlengja hann af þeim sökum. Eftir mikla eftirgangsmuni fékk Alþjóðaskrifstofan heimild hjá norrænu ráðherranefndinni til að nota gamla umsóknarkerfið sitt sem varalausn fyrir þá umsækjendur sem lentu í miklum erfiðleikum með nýja kerfið.

Tungumálamiðstöðin í Graz

Alþjóðaskrifstofan hefur að ósk menntamálaráðuneytisins verið tengiliður við Tungumálamiðstöðina í Graz og aðstoðað við val á þátttakendum á vinnustofur sem Tungumálamiðstöðin stendur fyrir. Árlega taka um 4-5 íslenskir tungumálakennarar þátt í vinnustofum þessum.

Hlutverk Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu. Starfsemi tungumálamiðstöðvarinnar felst m.a. í skipulagningu námskeiða/vinnustofa í Graz og víðar. Einnig er á vegum stofnunarinnar unnið að margvíslegum þróunar- og rannsóknarverkefnum á sviði tungumálanáms og tungumálakennslu í tengslum við vinnustofur/námskeið. Aðildarlönd geta almennt sent einn þátttakanda á hvert námskeið (vinnustofu) sér að kostnaðarlausu.

Erasmus Mundus

Alþjóðaskrifstofan er upplýsingaskrifstofa fyrir Erasmus Mundus á Íslandi. Áætlunin lýtur að samstarfi a.m.k. 3 háskóla í 3 löndum við að bjóða upp á sameiginlegt meistaranám. Einnig er hægt að sækja um styrki til að standa að sameiginlegum kynningum á Erasmus Mundus námi utan Evrópu. Góðir styrkir eru í boði til handa stúdentum utan Evrópu til að taka Erasmus Mundus meistaranám. Er áætluninni ætlað að laða að afburðanemendur utan Evrópu. Nokkrar umsóknir hafa verið sendar frá háskólum á Íslandi en engin hefur verið samþykkt. Háskóli Íslands tók þátt í Erasmus Mundus verkefni með Utrecht-netinu sem lýtur að kynningu á meistaranámi sem stúdentum utan Evrópu stendur til boða. Ný Erasmus Mundus II áætlun fyrir tímabilið 2009-2013 hefur göngu sína 2009.

E-twinning

E-twinning-áætlunin lýtur að rafrænum samskiptum grunn- og framhaldsskóla í Evrópu. Alþjóðaskrifstofan fékk framlag frá ESB fyrir tímabilið 1.9. 2007 - 31.12. 2008 að upphæð 94.511 evrur til reksturs e-twinning-verkefnisins. Þessi upphæð á að ná yfir 80% af raunkostnaði við áætlunina. Landskeppni e-twinning var haldinn 3. október 2008 og fengu fjórir skólar verðlaun. Auk þess fengu tveir skólar gæðamerki e-twinning fyrir verkefni sín. Árlega eru haldnar málstofur og tengslaráðstefnur víðs vegar um Evrópu fyrir kennara sem hafa áhuga á þátttöku í e-twinning-verkefnum. Árlega er haldin e-twinning-ráðstefna allra þátttökuríkja áætlunarinnar og hafa um fimm kennarar frá Íslandi tekið þátt í henni. Alþjóðaskrifstofan – Landskrifstofa e-twinning hefur styrkt hóp kennara til að sækja þessar viðburði.

Bologna promoters

Framkvæmdastjórn ESB veitti Alþjóðaskrifstofu 12.764 evrur fyrir tímabilið 1.5. 2007-30.4. 2008 og síðan 12.561 evru fjárframlag fyrir tímabilið 1.7. 2008-30.6. 2009 til að standa straum af kostnaði við kynningu á Bologna-samræmingarferli háskóla í Evrópu. Bologna-kynningarfulltrúar voru styrktir til að sækja vinnufundi erlendis og nokkrir fundir voru haldnir með Bologna-fulltrúum hér á landi. 14. mars 2008 var haldin námstefna um framkvæmd Bologna-ferilsins í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands. Námstefnan var ætluð háskólakennurum og einkum þeim sem sjá um skipulagningu námsleiða og gerð námskeiðslýsinga og kennsluskráa. Arne Kjær lektor við Árósháskóla, sem á sæti í dönsku Bologna-nefndinni, var gestur námstefnunnar og miðlaði af reynslu Dana við innleiðingu Bologna-ferilsins í Danmörku.

Þróunarsjóður EFTA – upplýsingamiðlun


Þess var farið á leit við Alþjóðaskrifstofuna að hún tæki að sér að gegna upplýsingahlutverki til menntastofnana hér á landi vegna Þróunarsjóðs EFTA. Sjóðurinn styrkir ýmiss konar verkefni sem aðilar í 16 löndum ESB geta sótt um til samstarfs við EFTA-löndin. Mikið hefur verið um fyrirspurnir frá erlendum aðilum, sem hafa áhuga á samstarfi við íslenskar menntastofnanir. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar hafa sótt nokkra fundi erlendis vegna þessa verkefnis og kynnt þennan möguleika fyrir markhópum hér innanlands, auk þess að vera með upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu skrifstofunnar. Starfsmaður Alþjóðaskrifstofunnar fór á kynningarfund í Riga í Lettlandi þar sem m.a. var fjallað um nám á Íslandi. Einnig fór starfsmaður Alþjóðaskrifstofunnar með hóp frá íslenskum skólum á tengslaráðstefnu í Gdansk í Póllandi í október 2008. Fulltrúar frá landskrifstofum Þróunarsjóðs EFTA í Póllandi og Lettlandi komu í heimsókn til Alþjóðaskrifstofunnar á árinu og ræddu möguleika á samstarfi.

Rannsóknir

Rannsóknir við Háskóla Íslands eru í örur vexti. Háskólinn hefur á öllum fræðasviðum sínum á að skipa metnaðarfullum vísindamönnum á heimsmælikvarða og er því vel í stakk búinn til ná enn betri árangri á þessu sviði en nú.

Í maí 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfulla stefnu til ársins 2011. Stefnan er mikilvægt skref í því langtíamarkmiði Háskólans að komast í raðir bestu háskóla heims. Í þessu skyni hyggst Háskólinn á næstu árum efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Þessu markmiði ætlar Háskólinn að ná með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora, auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna, m.a. með fjölgun birtra greina í ritrýndum, alþjóðlegum tímaritum, auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla, auka sókn í samkeppnissjóði rannsókna, stórefla aðstöðu til rannsókna og auka þverfræðilegar rannsóknir. Síðast en ekki síst hyggst Háskólinn efla nýsköpun og tengsl við rannsóknastofnanir, atvinnulíf og landsbyggð.


Mynd 1. Heildarrannsóknastig Háskóla Íslands 2003-2006




Meðalritvirkni

Á myndum 1. og 2. er að finna yfirlit yfir heildarrannsóknastig Háskóla Íslands og stofnana hans árin 2004-2007. Á mynd 3 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir deildum árin 2004-2007. Þar sést að virkni er mjög mismunandi eftir deildum, frá því að vera um 11 rannsóknastig upp í 36 stig. Einnig sést á myndinni að meðaltalið innan hversrar deildar er talsvert sveiflukennt eftir árum. Þegar litið er til allra deilda Háskólans sést að meðalvirkni hefur minnkað lítillega. Rannsóknvirkni akademískra starfsmanna á stofnunum (mynd 5) er eins og í deildum nokkuð sveiflukennd. Á mynd 4 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna í deildum árið 2007, reiknað á fjölda starfsmanna í deild annars vegar og á fjölda stöðugilda hins vegar. Eins og sjá má er mjög mismunandi eftir deildum hve mikill munurinn er, en almennt má segja að fjöldi hlutastarfa í deild og stærð deildar hafi mest áhrif þar á.


Mynd 2. Meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna 2004-2007. Allir starfsmenn




Mynd 3. Meðaltal rannsóknastiga 2004-2007. Deildir



Mynd 4. Meðaltal rannsóknastiga 2007. Deildir. Fjöldi starfsmanna/stöðugilda



Mynd 5. Meðaltal rannsóknastiga 2004-2007. Stofnanir tengdar Háskóla Íslands




*Orðabók Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar, Íslensk málstöð og Stofnun Sigurðar Nordals sameinuðust á árinu 2006.


Skil á rannsóknaskýrslum

Á myndum 6 og 7 má sjá hve mismunandi skil eru á rannsóknaskýrslum hjá deildum og stofnunum. Skilin jukust frá árinu 2004 eða úr 85% í 91%. Árin 2005 og 2006 voru skilin 84% og 79%. Skilin voru síst í Viðskipta- og hagfræðideild (82%). Skil starfsmanna stofnana Háskólans með sjálfstæðan fjárhag eru heldur minni en starfsmanna deilda þegar kemur að skilum á rannsóknaskýrslum, en 89% þeirra gerði skil árið 2007.

Mynd 6. Skil á rannsóknaskýrslum 2004-2007. Deildir



Mynd 7. Skil á rannsóknaskýrslum 2004-2007. Stofnanir tengdar Háskóla Íslands




* Orðabók Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar, Íslensk málstöð og Stofnun Sigurðar Nordals sameinuðust á árinu 2006.


Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka

Á mynd 8 sést að 24% rannsóknastiga Háskólans árið 2007 eru vegna greina sem birtust í alþjóðlegum tímaritum skráðum í ISI-gagnagrunnum en hlutfallið var 23% árið 2006. ISI-gagnagrunnarnir eru þrír: á sviðum félagsvísinda, hugvísinda og heilbrigðis- og raunvísinda. Hlutfall annarra ritryndra greina í tímaritum var það sama og árið á undan. Erindi gefa 25%, bókakaflar (ritryndar ráðstefnugreinar eru hluti þess flokks) gefa 15% en aðrir flokkar koma alllangt á eftir. Bækur gefa 4% rannsóknastiga og 18% rannsóknastiga eru vegna annars efnis. Á mynd 9 má sjá hlutfall ritryndra greina í heildarritvirkni deilda.

Mynd 8. Ritvirkni 2004-2007. Greind eftir birtingarflokkum



Mynd 9. Hlutfall ritýndra greina 2004-2007. Deildir




Rannsóknatengdir sjóðir

Vinnumatssjóður

Sjóðurinn var stofnaður 1989 og byggist á kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Allir akademískir starfsmenn sem eru í Félagi háskólakennara og í meira en 50% starfi eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum. Vinnumatssjóður greiðir félagsmönnum sem sýnt hafa árangur í rannsóknum í samræmi við mat á ritverkum. Birtar greinar og rit eru metin og fari afköst yfir tiltekin mörk öðlast viðkomandi hlutdeild í Vinnumatssjóði í samræmi við stigafjölda. Á árinu 2008 voru greiddar 127,6 m.kr. úr Vinnumatssjóði fyrir rannsóknarafköst ársins 2007 og er það aukning um 10 m.kr. frá árinu áður. Á mynd 10 má sjá hlutfall fræðasviða í Vinnumatssjóði síðustu ár.

Mynd 10. Hlutfall fræðasviða í Vinnumatssjóði 2005-2008 (%)



Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora


Prófessorar fá greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir vinnu við rannsóknir umfram tiltekið lágmark. Greitt er fyrir birtar greinar og önnur ritverk í samræmi við stigafjölda sem grundvallast á mati á þessum verkum.

Rannsóknasjóður

Vísindanefnd Háskólans fer með stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Úr Rannsóknasjóði geta kennarar og sérfræðingar fengið styrki til vel skilgreindra verkefna, ef þau teljast hafa álitlegt vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaraðila, ef fyrri störf umsækjanda sýna að hann sé líklegur til að ná árangri og full skil hafi verið gerð með framvinduskýrslum um nýtingu fyrri styrkja sem sjóðurinn hefur veitt umsækjanda. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir eða undirsjóði, þ.e. almennan sjóð, skráningarsjóð og lausn frá kennslu. Fyrir árið 2009 var úthlutað 172.078 þús.kr. til 182 verkefna eða að meðaltali 945 þús.kr. á hverja styrkta umsókn (sjá myndir 11-13). Þar af voru þrjú skráningarverkefni styrkt. Þá hlaut einn umsækjandi styrk vegna tímabundinnar lausnar frá kennslu (annarri en leiðbeiningu framhaldsnema).


Einnig veitir sjóðurinn styrki til nýdoktora sem starfa við Háskólann (sjá mynd 14) og ferðastyrki til doktorsnema. Þessar styrkleiðir eru hluti af viðbótarfjárveitingu til styrktar rannsóknarnámi við Háskólann. Þá veitir Rannsóknasjóður launastyrki til doktorsnema, en nánar er fjallað um það í sérkafla um framhaldsnám.

Mynd 11. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Heildarupphæð umsókna og styrkja 2006-2009 (m.kr. á verðlagi hvers árs)




* Fyrir árið 2005 eru umsóknir og styrkir til skráningarverkefna og til lausnar frá kennslu ekki talin með.


Mynd 12. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Meðalupphæð styrkja (þús.kr.) og hlutfall úthlutunar af umbeðnu fé 2006-2008 (%)



Mynd 13. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands (almennur sjóður). Fjöldi umsókna og styrkja og hlutfall styrkra umsókna 2006-2008 (%)



Mynd 14. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Styrkir til nýdoktora. Fjöldi umsókna og styrkja og úthlutunarupphæð 2006-2008 (m.kr.)




Tækjakaupasjóður

Háskólinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði til tækjakaupa en aflar fjár til þeirra með Happraætti Háskólans. Markmið sjóðsins er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Sjóðurinn hafði á árinu 2008 um 22 m.kr. til ráðstöfunar. Sjóðurinn skiptist í tvo undirsjóði, sérhæfðan tækjakaupasjóð og verkefnabundinn tækjakaupasjóð. Sérhæfðu tækjakaupafé er úthlutað á grundvelli umsókna frá kennurum og sérfræðingum, sem forgangsraðað er af deildum. Verkefnabundnu tækjakaupafé er úthlutað af vísindanefnd háskólaráðs samhliða úthlutun úr Rannsóknasjóði.

Verkefnabundin tæki

Til Rannsóknasjóðs má sækja um fé til kaupa á tækjabúnaði sem er nauðsynlegur til einstakra rannsóknarverkefna. Ráðstöfunarfé til kaupa á tækjum í þessu skyni kemur úr Tækjakaupasjóði Háskólans. Fyrir árið 2008 var úthlutað um 6,5 m.kr. eftir þessari leið.


Mynd 15. Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2005-2008 (m.kr. á verðlagi hvers árs)



Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki (90 þús.kr. auk launatengdra gjalda) sem ætlaðir eru til launa aðstoðarmanns á viðkomandi misseri.

Mynd 16. Aðstoðarmannasjóður. Fjöldi umsókna og styrkja 2004-2008



Rannsóknatengt framhaldsnám

Mikilvægasta stefnumál Háskóla Íslands og helsti vaxtarbroddurinn í starfi hans er rannsóknatengt framhaldsnám, meistara- og doktorsnám. Þótt allt háskólanám hvíli að nokkru leyti á rannsóknarvinnu nemenda greinir framhaldsnámið sig frá grunnnáminu þar sem í því er lögð höfuðáhersla á rannsóknir sem nemendur vinna undir handleiðslu leiðbeinenda. Framhaldsnámið er því einnig nefnt rannsóknarnám. Í öllum deildum Háskólans er nú í boði framhaldsnám eða rannsóknarnám eftir fyrsta háskólapróf. Hvatt er til þess að hluti námsins fari fram við erlenda háskóla. Þangað eru einkum sótt sérhæfð námskeið sem Háskólinn getur ekki boðið en rannsóknarverkefni eru yfirleitt unnin hér á landi, stundum í samvinnu við erlenda aðila.

Í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 er meðal annars stefnt að því að stórefla rannsóknatengt framhaldsnám við Háskólann með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora og tvöfalda fjölda brautskráðra meistaranema á tímabilinu. Þá er gert ráð fyrir að styrkjakerfi fyrir doktorsnám verði stóreflt í áföngum fyrir árslok 2011. Rannsóknasjóður Háskólans verði tvöfaldaður á tímabilinu uns árlegt ráðstöfunarfé hans nemur 300 m.kr. og a.m.k. helmingi þeirrar fjárhæðar verði varið í þágu doktorsnáms. Enn fremur er stefnt að því að deildir geti ráðið doktorsnema í aðstoðarkennarastörf.


Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands

Í mars 2008 var úthlutað í þriðja sinn úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands styrkjum til nemenda í rannsóknatengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Alls bárust 99 umsóknir, þar af 75 eftir leið a (leiðbeinandi og stúdent sækja um í sameiningu). Af þeim voru tvær umsóknir í meistaranámi. Umsóknir eftir leið b (leiðbeinandi sækir um án stúdents) voru 24. Úthlutað var styrkjum til 14 verkefna.

Eftirtaldir hlutu styrk til þriggja ára: Gabriel Malenfant, Margrét Bessadóttir og Björn Oddsson.

Eftirtaldir hlutu styrk til tveggja ára: Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, Jón Á. Kalmansson, Kristján Mímisson, Erna Sif Arnardóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Berglind Eva Benediktsdóttir, Tobias Zingg og Helga Dögg Flosadóttir. Eftirtaldir hlutu styrk til eins árs: Kristín Björnsdóttir, Þorgerður H. Þorvaldsdóttir og Bergrún Arna Óladóttir.

Mynd 17. Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands. Fjöldi umsókna og styrkja 2006-2008



Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands og samning Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytis var úthlutað sérstökum doktorsstyrkjum úr Rannsóknasjóði. Styrkirnir eru veittir leiðbeinanda á grundvelli rannsóknaverkefnis (eins og leið b hjá Háskólasjóði Eimskipafélagsins) til að gera honum kleift að greiða doktorsnema styrk til framfærslu. Leiðbeinandi getur einnig sótt um fyrir verkefni þar sem samstarf hans og stúdents er hafið. Alls voru veittir 26 styrkir þar af 13 styrkir eftir leið b.

Eftirtaldir hlutu styrk eftir leið b: Jónína Einarsdóttir, Eiríkur Steingrímsson, Þórarinn Guðjónsson, Gunnar Stefánsson, Sigurður S. Snorrason, Tómas Philip Rúnarsson, Arnar Pálsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Zophonías O. Jónsson, Snorri Ingvarsson, Birgir Hrafnkelsson, Ólafur S. Andrésson og Magnús Þór Jónsson. Eftirtaldir hlutu styrk til þriggja ára: Kristín Loftsdóttir, Elín Soffía Ólafsdóttir og Einar Árnason.

Eftirtaldir hlutu styrk til tveggja ára: Terry Gunnell, Þorvaldur Gylfason, Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Ástráður Eysteinnsson, Pétur Pétursson, Anna Birna Almarsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Kristberg Kristbergsson og Ragnar Sigurðsson.

Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs

Á árinu voru í fyrsta skipti veittir styrkir til ráðstefnuferða meistara- og doktorsnema. Ferðastyrkirnir eru ætlaðir til þess að styrkja nema til þess að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum en ekki til námsferða eða þátttöku í námskeiðum. Þá var ferðum á ráðstefnur erlendis raðað ofar í forgangsröð við mat á umsóknunum. Skilyrði styrkveitingar var að fyrir lægi staðfest framlag nemanda á ráðstefnunni. Alls bárust 112 umsóknir og reyndist unnt að styrkja 74 þeirra.

Aðstoðarkennarastyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands var sett á fót styrkjakerfi aðstoðarkennara. Markmið styrkjanna er að gera meistara- og doktorsnemunum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu. Við fjármögnun styrkjanna er gert ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun úr kennslu- og rannsóknafjárveitingum. Alls voru veittir 33 styrkir á árinu samtals að upphæð 41,6 m.kr.

Rannsóknastöðustyrkir

Á árinu voru veittir í fyrsta sinn rannsóknastöðustyrkir sem eru ætlaðir vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og voru þeir veittir til allt að þriggja ára. Um þessa styrki gátu sótt akademískir starfsmenn Háskóla Íslands í samstarfi við nýdóktor. Veittir voru átta styrkir að upphæð tæplega 37 m.kr. á ári.

Rannsóknagagnasafn

Í samvinnu við Rannsóknarráð Íslands og löntæknistofnun rekur Háskóli Íslands Rannsóknagagnasafn Íslands, RIS. Þar eru skráðar grunnupplýsingar um rannsóknaverkefni háskólamanna, m.a. er þar að finna útdrátt úr verkefnum og hverjir standa að þeim. Gagnasafninu er ekki síst ætlað að auðvelda samskipti milli vísindamanna og auðvelda fjölmiðlum og almennungi aðgang að rannsóknum sem stundaðar eru í Háskólanum. Í safninu eru skráð um 2.700 verkefni. Sjá nánar vefsíðu Rannsóknagagnasafns (<http://www.ris.is>).

Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskráin tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum Háskólans og byggist á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísindasviðs vegna framtals starfa. Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8.


Starfsmanna- og starfsþróunarmál

Hlutverk starfsmannasviðs er að annast sameiginleg mál starfsmanna Háskóla Íslands. Sviðið er eitt af sex sviðum í sameiginlegri stjórnslu skólans og heyrir beint undir rektor. Á árinu 2008 störfuðu þar fimm starfsmenn í 4,55 stöðugildum. Þau eru Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir sviðsstjóri og verkefnastjórnarnir Anna Toher, Elísabet Þorsteinsdóttir, Hildur Halldórsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem einnig er lögræðingur sviðsins.

Auglýsingar og umsóknir

Á árinu voru auglýst 62 akademísk störf og um þau sóttu samtals 299 einstaklingar. 53 önnur störf voru auglýst og um þau sóttu 573 einstaklingar. Sjá mynd 1.

Mynd 1. Fjöldi auglýstra starfa og umsókna 2008



Starfsmenn

Fastráðnir starfsmenn við Háskóla Íslands eftir sameiningu við Kennaraháskóla Íslands, voru um 1.231 í desember 2008. Þar af voru 1.025 frá Háskóla Íslands og 206 frá Kennaraháskóla Íslands. Þá eru ótaldir starfsmenn háskólastofnana með sjálfstæðan fjárhag. Sjá dreifingu hópsins eftir starfsheiti á mynd 2.

Mynd 2. Fjöldi starfsmanna Háskóla Íslands skipt eftir kyni og störfum 2008



Við sameiningu við háskólanna er heildarfjöldi kennara við skólann nú 635 einstaklingar, flestir í fullu starfi sjá nánari skiptingu hópsins á mynd 3.

Mynd 3. Fjöldi fastráðinna kennara skipt eftir sviðum og deildum 2008

Deild	Lektorar			Dósentar			Prófessorar			Aðjuntar			Alls
	KK	KVK	Smt	KK	KVK	Smt	KK	KVK	Smt	KK	KVK	Smt	
Heilbrigðisvísindasvið													
Hjúkrunarfræðideild	0	14	14	1	5	6	2	8	10	1	1	2	32
Læknadeild	3	9	12	41	7	48	28	6	34	0	4	4	98
Lyfjafræðideild	2	1	3	2	2	4	4	3	7	0	0	0	14
Matvæla- og næringarfræðideild	1	0	1	3	1	4	1	2	3	0	0	0	8
Sálfræðideild	1	1	2	4	1	5	4	0	4	0	0	0	11
Tannlæknadeild	9	0	9	4	2	6	2	0	2				17
Hugvísindasvið													
Guðfræði- og trúarfræðideild	3	1	4	0	0	0	5	1	6	0	0	0	10
Íslensku- og menningardeild	2	4	6	4	5	9	7	4	11	4	5	9	35
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	9	4	13	4	5	9	3	1	4	3	4	7	33
Sagnfræði- og heimspekideild	1	3	4	3	1	4	14	1	15	1	1	2	25
Mennta- vísindasvið	18	41	59	9	14	23	11	9	20	13	23	36	138
Verkfræði- og náttúruvísindasvið													
Iðnaðarverkfræði-, vélaverk- fræði- og tölvunarfræðideild	2	0	2	6	1	7	11	1	12	0	0	0	21
Jarðvísindadeild	0	0	0	0	0	0	7	1	8	0	0	0	8
Líf- og umhverfisvísindadeild	2	3	5	5	4	9	9	4	13	0	0	0	27
Rafmagns- og tölvunarverkfræðideild	3	0	3	2	0	2	4	1	5	0	0	0	10
Raunvísindadeild	0	1	1	10	1	11	29	0	29	0	0	0	41
Umhverfis- og byggingar- verkfræðideild	0	0	0	4	1	5	6	0	6	0	0	0	11
Félagsvísindasvið													
Félagsráðgjafardeild	1	3	4	0	2	2	0	1	1	0	1	1	8
Hagfræðideild	2	1	3	2	0	2	5	0	5	0	0	0	10
Lagadeild	7	4	11	3	1	4	4	2	6	0	0	0	21
Viðskiptafræðideild	5	3	8	4	0	4	5	0	5	3	2	5	22
Stjórn málafræðideild	0	0	0	2	0	2	4	0	4	0	2	2	8
Félags- og mannvísindadeild	3	2	5	2	7	9	5	8	13	0	0	0	27
ALLS	74	95	169	115	60	175	170	53	223	25	43	68	635

Stór hluti kennslu við skólann er framlag lausráðinna stundakennara sem kenna samhliða starfi úti í atvinnulífinu (mynd 4. B stundir), alls 1097 einstaklingar. Jafnframt er hluti kennslunnar, eða um 14%, unninn af starfsmönnum Háskólans sem kenna samhliða sérfræðistörfum innan skólans (mynd 4. A stundir), alls 232 einstaklingar. Í heild samsvarar stundakennslan 211 ársverkum aðjunktá. Á mynd 4. má sjá heildardreifingu stundakennslu eftir deildum. Rétt er að taka fram að stundir sem greiddar eru í yfirvinnu (A stundir) eru umtalsvert fleiri en á síðasta ári, munar þar um 23.000 stundum. Þessi aukning milli ára flokkast undir leiðréttingu en ekki aukningu. Heildarársverk, bæði fastráðinna og tímabundinna starfsmanna við Háskóla Íslands, eru 1.066. Þessar tölur miðast við gömlu skiptingu deildanna fyrir sameiningu háskólanna og er Menntavísindasvið því ekki meðtalið.


Mynd 4. Umfang stundakennslu við Háskóla Íslands 2008 utan Menntavísindasviðs

Einstaklingar við stundakennslu 2008 voru 2.159	Stundir			Innan HÍ (A)			Utan HÍ (B)			Fjöldi einstaklinga		Alls
	alls	A	B aðjunktá	Ígildi	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar		
Guðfræðideild	3.338	0	3.338	3	37	11	266	101	2	7	9	
Læknadeild	26.410	2.345	24.066	25			2	7	216	193	409	
Lagadeild	7.518	315	7.203	7	13	9	101	92	54	77	131	
Viðskipta- og hagfræðideild	20.994	3.554	17.439	20	11	6	335	54	36	65	101	
Hugvísindadeild	36.001	729	35.272	34	2	5	52	72	114	101	215	
Lyfjafræðideild	2.721	704	2.017	3	2	2	23	16	25	18	43	
Tannlæknadeild	7.388	319	7.069	7	10	12	206	181	14	17	31	
Verkfræðideild	15.569	4.966	10.603	15	25	55	66	148	15	90	105	
Raunvísindadeild	40.608	14.079	26.529	38	-	2	14	15	91	203	294	
Félagsvísindadeild	46.214	5.119	41.095	43	1	17	14	73	303	112	415	
Hjúkrunarfræðideild	19.792	1.192	18.600	18	7	5	29	60	346	60	406	
	226.552	33.321	193.231	211	108	124	1.108	819	1.216	943	2.159	
Stundir A	Stundakennsla greidd í yfirvinnu											
Stundir B	Stundakennsla greidd í tímavinnu											
Stöðugildi aðjunktá	Stundakennsla A og B umreiknuð í kennslu aðjunktá í fullu starfi = 1072,5 stundir/ári											

Fræðsla og viðburðir

Í heildina sóttu 988 starfsmenn fræðslu á vegum starfsmannasviðs árið 2008, alls 89 námskeið, samtals 2512 vinnustundir. Tölvunámskeið á tolvunam.is gáfust vel með samtals 5573 sóttu kafla. Flestir sóttir kaflar voru Excel og Word 2007. Stjórnendanámskeið voru sniðin að breytingum á stjórnskipulagi og samruna Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Ný námskeið í boði á vor- og haustmíssi voru MindManager hugkortagerð og námskeið fyrir vefritara ytri vefs skólans. Í tungumálum var danska og enska í boði ásamt íslensku fyrir erlent starfsfólk. Mánaðarlegir kaffifundir með erlendu starfsfólki og fyrrverandi

Mynd 5. Umfang fræðslu á vegum starfsmannasviðs í vinnustundum



starfsfólki Háskóla Íslands sem hætt er störfum hafa hvorir tveggja verið vel sóttir og mikil ánægja með gagnlega og áhugaverða fyrirlestra. Heilsuefning var í apríl með mikilli heilsudagskrá í Íþróttahúsinu ásamt fyrirlestrum um hreyfingu, hollmeti og jákvæðni. Dagskrá lauk með Háskólahlaupi sem er opið hlaup fyrir starfsfólk og nemendur. Íþróttahúsið átti 60 ára afmæli og bauð þátttakendum í hollustuveislu að loknu hlaupi. Á árinu voru samtals fimm móttökur nýliða fyrir innlenda og erlenda starfsmenn. Fræðsluáætlun er birt á Uglu – innri vef undir „fræðsla og endurmenntun“.

Mynd 6. Allir starfsmenn HÍ á föstum launum 2008

	Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Aðjuntar	fræðingar	Sér- sóknafólk	Rann- þjónustufólk	Skrifstofu- & Tæknifólk	Samtals
Konur	51	62	94	43	2	104	268	19	643
Karlar	165	119	74	25	11	49	102	41	586
Samtals	216	181	168	68	13	153	370	60	1.229

Rekstur og framkvæmdir

Framkvæmda- og tæknisvið hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að rekstri Háskóla Íslands og framkvæmdum á hans vegum. Sviðsstjóri er Guðmundur R. Jónsson og skrifstofustjóri sviðsins er Sigurlaug I. Lövdahl.

Eftirfarandi einingar heyra undir sviðið:

- Byggingar og tækni sem hefur umsjón með viðhaldi fasteigna og lóða Háskóla Íslands, rekstur verkstæðis o.fl. Byggingastjóri er Valþór Sigurðsson. Ingólfur B. Aðalbjörnsson var ráðinn við hlið Valþórs í árslok og mun taka við sem byggingastjóri á árinu 2009.
- Rekstur fasteigna sem sér um allan almennan rekstur á húsnæði Háskóla Íslands. Verkefni eru m.a. umsjón með byggingum og ræsting húsnæðis, leigusamningar, tryggingar, rafmagn og hiti ásamt bókunum í stofur. Rekstrarstjóri er Sigríður Björnsdóttir.
- Íþróttahús Háskólans þar sem nemendum og starfsfólki er boðið upp á aðstoðu til heilsuræktar í leikfimisal og tækjasal. Rekin eru tvö íþróttahús í Háskóla Íslands sem opin eru nemendum og starfsfólki skólans gegn vægu gjaldi. Annað þeirra er við Sæmundargötu en hitt er á Laugarvatni þar sem Íþróttafræðasetur Menntavísindasviðs er til húsa.

Helstu verkefni á árinu

Háskólatorg og Gimli

Stærsta verkefni sviðsins á árinu var að fylgja eftir lokafrágangi vegna byggingar Háskólatorgs Háskóla Íslands sem var vígt 1. desember 2007.

Hús Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Á árinu 2008 fór fram samkeppni um hönnun húss Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í dómnefnd sat m.a. sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.

Landspítali – háskólasjúkrahús

Framkvæmda- og tæknisvið hefur frá árinu 2006 komið að undirbúningsvinnu vegna nýs háskólasjúkrahúss í samráði við heilbrigðisvísindadeildir skólans. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Landspítala – háskólasjúkrahús. Á árinu 2008 var lokið við frumathugun verkefnisins. Gert er ráð fyrir að heildarfermetrafjöldi heilbrigðisvísindadeilda og Keldna verði um 30 þúsund.

Menntavísindasvið

Á árinu var unnið að deiliskipulagsbreytingum vestan Suðurgötu þar sem gert er ráð fyrir að koma Menntavísindasviði fyrir á horni Hjarðarhaga og Suðurgötu.

Stapi

Með tilkomu Háskólatorgs fluttist starfsemi Félagsstofnunar stúdenta úr „FS-húsinu“ við Hringbraut. Húsið fékk á árinu nýtt nafn, „Stapi“, og var tekið undir starfsemi sjúkráþjálfunar, lýðheilsuvísinda, heilbrigðisvísinda og geisla- og lífeindafræði innan Heilbrigðisvísindasviðs. Byggingar og tækni hafði umsjón með endurskipulagningu og endurbótum á húsnæðinu.

Undirbúningur vegna endurbóta á VRI

Á árinu fór fram hönnunarvinna vegna endurbóta á VRI sem til stendur að ráðist verði í á árinu 2009.

Vísindagarðar í Vatnsmýri

Á árinu var áfram haldið undirbúningi og viðræðum við aðila um flutning á svæðið.

Byggingar og tækni

Byggingar og tækni sér um endurbætur og viðhald á húsnæði Háskóla Íslands. Árlega er unnið að fjölmörgum viðhaldsverkefnum í hinum ýmsu byggingum skólans svo og á lóð Háskóla Íslands. Hjá deildinni starfa um 14 fastráðnir menn og leitað er til verktaka eftir þörfum. Umfang verkefna hefur aukist eftir því sem skólinn hefur stækkað.

Rekstur fasteigna

Rekstur fasteigna sér um almennan rekstur á húsnæði Háskóla Íslands. Þau verkefni sem falla undir rekstur fasteigna eru einkum umsjón með húsnæðinu og ræsting þess. Umfang deildarinnar jókst nokkuð við áramót þegar húsnæði fyrrverandi Kennaraháskóla Íslands á Rauðarárholti og á Laugarvatni bættist við. Starfsmenn deildarinnar eru nú um 20 auk ræstingafólks sem eru að hluta til starfsmenn Háskóla Íslands. Undanfarið hefur þó ræsting á húsnæðinu verið færð að verulegu leyti til utanaðkomandi ræstingaverktaka. Rekstur fasteigna hefur einnig með höndum yfirumsjón með bókunum í stofur og reglum þar að lútandi. Þá heyrir kennslubúnaður, ýmsir leigu- og verksamningar, tryggingamál, rafmagn og hiti undir starfssviðið. Rekstrarstjóri fasteigna er jafnframt starfsmaður öryggisnefndar Háskóla Íslands en aðbúnaður, hollustuhættir og almennt öryggi starfsmanna heyrir undir öryggisnefnd en einnig starfsmannasvið.

Fjárreiður og rekstur

Starfsemi fjármálasviðs

Helstu verkefni fjármálasviðs eru áætlanagerð, fjárvarsla, innkaup, launaafgreiðsla og reikningshald. Þá vinnur sviðið með fjármálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál.

Jón Magnús Sigurðarson lét af störfum sem deildarstjóri reikningshalds um mitt árið og Svala Sigvaldadóttir tók við starfinu.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs vann með fjármálanefnd háskólaráðs eins og áður og var á árinu unnið að ýmsum málum er lúta að endurskipulagningu skólans í fimm fræðasvið.

Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinuðust 1. júlí, en ársreikningurinn er þó settur fram án þess að taka tillit til samrunans og miðað við gamla deildarfyrirkomulagið, til að hægt sé að halda samanburði milli ára.

Heildartölur um rekstur Háskóla Íslands 2008 með samanburði við árið 2007

Tekjuafgangur var upp á 17,8 m.kr. af reglulegri starfsemi Háskóla Íslands á árinu 2007 samanborið við 0,7 m.kr. halla árið 2007. Fjármunatekjur námu 228,3 m.kr. samanborið við 8,7 m.kr. fjármunagjöld árið áður. Fjármunatekjur þessar skýrast að nær öllu leyti af gengishagnaði vegna erlendra innistæðna. Háskóli Íslands er með í vörslu sinni erlenda styrki sem eru uppreiknaðir m.v. áramótangengi. Samanlagður rekstrarafgangur ársins 2008 er því 246 m.kr., samanborið við 9,4 m.kr. halla árið áður.

Fjárveiting á fjárlögum nam 6.659,3 m.kr. Til viðbótar komu fjárheimildir frá menntamálaráðuneytinu vegna sérstakra verkefna, 4 m.kr., og 479,1 m.kr. vegna launabóta, ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora og hækkunar á Háskólasjóði. Samtals námu fjárheimildir 7.142,4 m.kr. og jukust um 19,2% frá fyrra ári.

Greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 7.009,7 m.kr. og batnaði staða Háskóla Íslands gagnvart ríkissjóði um 135,4 m.kr. og skuldaði Háskólinn ríkissjóði 854,8 m.kr. í árslok. Ef skólinn fær að fullu greitt fyrir kennslu árána 2001-2007 verður að fullu hægt að jafna stöðuna við ríkissjóð.

Sértekjur námu alls 3.727,8 m.kr. samanborið við 4.251,9 m.kr. árið áður. Sértekjur minnkuðu um 524 m.kr. sem skýrist alfarið af minnkuðu framlagi frá Happraætti Háskóla Íslands í tengslum við lok framkvæmda við Háskólatorg. Framlag Happraættis Háskóla Íslands minnkaði um 917,7 m.kr. og nam 406,7 m.kr. Skrásetningargjöld námu 400,7 m.kr. Tekjur af endurmenntun og símenntun námu 444,2 m.kr. sem er rúmlega 1% samdráttur frá fyrra ári.

Erlendar tekjur námu 671,5 m.kr. og hækkuðu um 46,3% frá fyrra ári m.a. vegna veikingar krónunnar.

Innlendir styrkir voru 948,5 m.kr. og lækkuðu um 2,2%. Rekstrartekjur alls hækk - uðu um 6,1% og námu 10.870,2 m.kr. samanborið við 10.243,6 m.kr. árið áður.

Útgjöld námu alls 10.852,4 m.kr. samanborið við 10.244,3 m.kr. árið áður.

Afgangur var af reglulegum rekstri sem nam 17,8 m.kr. samanborið við 0,7 m.kr. halla árið áður.

Heildarútgjöld hækkðu um 608 m.kr. eða 5,9% milli ára. Þetta skiptist þannig að rekstrarútgjöld hækkðu um 1.798,2 m.kr. eða 22,0% milli ára en framkvæmdaliðir lækkuðu um 1.189,9 m.kr. Þessi mikla lækkun framkvæmdaliða endurspeglar þær framkvæmdir sem voru á árinu 2007 í tengslum við byggingu Háskólatorgs. Á árinu 2008 hefur þó verið unnið að lokafrágangi á Gimli og Háskólatorgi. Ársverkum fjölgaði um 6,7% milli ára og voru 1.065,9. Laun á hvert ársverk jukust um 9,1% og launakostnaður alls úr 5.700,4 m.kr. í 6.635,0 m.kr. Fjölgun starfsmanna og aukning launa- og annars reksturskostnaðar hefur á liðnum árum verið mun minni en sem nemur fjölgun nemenda og verðlags-hækkunum. Með öðrum orðum þá hefur framleiðni Háskóla Íslands aukist.

Framkvæmd kennslusamnings

Hinn 11. janúar 2007 var undirritaður samningur milli Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um framkvæmd kennslu og rannsókna. Samningurinn er til 5 ára, 2007 til 2011. Framlög skólans voru hækkuð um 300 milljónir króna á fjárlögum 2007 og 640 milljónir á fjárlögum 2008 í tengslum við samninginn. Samningurinn gerir ráð fyrir að rannsóknarframlög til skólans munu hækka um 640 milljónir króna árlega á tímabilinu 2008-2011 og hafa þau þá hækkað um tæpa þrjú milljarða í lok samningstímabilsins, árið 2011. Vegna efnahagsástands eru blíkur á lofti að samningurinn verði settur til hliðar og ekki komi því til þeirra viðbótarframlaga sem þar er getið. Í fjárveitingu til Háskóla Íslands 2009 var þessi viðbót felld niður.

Þann 10. mars 2009 skilaði Háskóli Íslands kennsluuppgjöri vegna ársins 2008 í samræmi við kennslusamning. Þar kom fram að á árinu 2008 voru skráðir 12.415 nemendur við Háskólann að meðtöldum nemendum við nýstofnað Menntavís - indasvið. Virkni nemenda var að meðaltali 64% og virkir nemendur alls 7.943. Þar af var 121 nemandi í MBA- og MPM-námi sem greiddi kennslukostnað að fullu og því utan kennslusamnings. Til uppgjors samkvæmt kennslusamningi komu 7.822 virkir nemendur. Á fjárlögum ársins 2008 var gert ráð fyrir samtals 7.800 virkum nemendum við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Virkir nemendur umfram fjárlög voru 22.

Kennsla

Nemendum fjölgaði um 2.944 á árinu eða 31%. Þar af voru 2.218 skráðir við KHÍ. Bókfærð gjöld kennsludeilda námu 5.709 m.kr., sértekjur 1.624 m.kr. og fjárveiting 4.502 m.kr. Afgangur varð því af rekstri deilda. Tekjur Endurmenntunarstofnunar Háskólans drógust saman milli ára og námu 395 m.kr. samanborið við 450,7 m.kr. árið áður. Nokkur halli var á rekstri Endurmenntunar á árinu.

Rannsóknir

Styrkir til rannsókna á árinu 2008 jukust um 191 m.kr. frá 2007. Styrkir námu 1.620 m.kr. samanborið við 1.428,9 m.kr. árið áður. Tekjur af innlendum styrkjum drógust saman um 21,4 m.kr. en erlendir styrkir jukust um 212,6 m.kr. Styrkirnir eru að mestu til rannsókna, en þó er hluti erlendu styrkjanna sérstaklega ætlaður til aukinna erlendra samskipta nemenda og kennara. Aðrar sértekjur af þjónustu og rannsóknnum námu 855,9 m.kr. samanborið við 670,1 m.kr. árið áður.

Sameiginleg stjórnýsla og rekstur fasteigna

Jafnvægi var í rekstri sameiginlegrar stjórnýslu á árinu 2008 þrátt fyrir aukin umsvif skólans.

Rekstur fasteigna var rekinn með 59,6 m.kr. afgangi samanborið við 58,6 m.kr. halla árið áður. Gripið hefur verið til margvíslegra hagræðingaaðgerða í rekstri fasteigna sem skýrir þennan viðsnúning.

Framkvæmdafé

Framlög frá Happpdrætti Háskóla Íslands til viðhalds byggingum, framkvæmda og tækjakaupa námu 406,9 m.kr. og minnkaði um 917,7 m.kr. frá fyrra ári, í tengslum við byggingu Háskólatorgs. Heildarframlög til nýbygginga á árinu 2008 námu 627,3 m.kr. en voru 1.854,7 m.kr. árið 2007. Skýringin á þessari breytingu er fyrst og fremst tengd framkvæmdum við Háskólatorg sem hófust 2006 og var að mestum hluta lokið á árinu 2007 með vígslu Háskólatorgs 1. desember 2007. Þó var nokkur vinna við frágang á árinu 2008 auk þess sem Stapi (FS-húsið) var endurnýjaður á árinu 2008.

Stærstu viðhaldsverkefni voru unnin við Íþróttahús, Eirberg, Aðalbyggingu, Lögberg og VRÍI.

Byggingar og tækjakaup (þús.kr.)	2008	2007	2006	2005
Askja	47.196	44.938	28.260	71.970
Háskólatorg	332.680	1.708.745	582.761	43.932
Stapi (FS-húsið)	130.880			
Íþróttahús	13.329	54.192	0	0
Tækjakaup	14.716	26.298	31.760	24.623
Húsgögn og búnaður	51.895	31.498	22.739	24.527
Annað	103.260	41.868	17.040	22.790
SAMTALS	693.956	1.907.539	682.560	188.764

Ársreikningur Háskóla Íslands 2008

Rekstrarreikningur	2008 þús.kr.	2007 þús.kr.	Breyting %
Rekstrartekjur:			
Fjárlög	6.659.300	5.509.300	20,9%
Sérverkefni	4.000	28.600	-86,0%
Fjáraukalög og fjárheimildir*	479.112	453.767	5,6%
Fjárveiting alls	7.142.412	5.991.667	19,2%
Framlag Happraættis HÍ	406.945	1.324.611	-69,3%
Skrásetningargjöld	400.697	377.562	6,1%
Endurmenntun, símenntun	444.244	450.675	-1,4%
Erlendar tekjur (styrkir)	671.525	459.006	46,3%
Innlendir styrkir	948.520	969.925	-2,2%
Aðrar sértekjur	855.852	670.148	27,7%
Sértekjur	3.727.783	4.251.928	-12,3%
Rekstrartekjur alls	10.870.196	10.243.595	6,1%
Rekstrargjöld:			
Sameiginleg stjórnarsýsla	821.894	661.669	24,2%
Guðfræðideild	76.544	61.962	23,5%
Læknadeild	867.145	743.143	16,7%
Lagadeild	231.997	194.092	19,5%
Viðskipta- og hagfræðideild	408.397	376.277	8,5%
Hugvísindadeild	884.211	738.030	19,8%
Lyfjafræðideild	176.072	153.466	14,7%
Tannlæknadeild	168.731	165.567	1,9%
Verkfræðideild	664.353	544.886	21,9%
Raunvísindadeild	1.067.417	942.857	13,2%
Félagsvísindadeild	841.663	710.133	18,5%
Hjúkrunarfræðideild	321.996	275.646	16,8%
Rannsóknastofnanir utan deilda	249.908	135.635	84,3%
Þjónustustofnanir	1.217.466	866.866	40,4%
Endurmenntunarstofnun	469.824	386.932	21,4%
Sameiginlegur kostnaður deilda	833.182	609.631	36,7%
Rekstur fasteigna	664.378	600.283	10,7%
Rekstur alls	9.965.178	8.167.075	22,0%
Viðhald fasteigna	193.304	169.663	13,9%
Tækjakaup	66.611	57.797	15,2%
Nýbyggingar	627.345	1.849.742	-66,1%
Viðhald og nýbyggingar	887.260	2.077.202	-57,3%
Útgjöld alls	10.852.438	10.244.277	5,9%
Rekstrarniðurstaða	17.758	-682	
Fjármunatekjur	228.284	-8.670	
Tekjuafgangur ársins	246.042	-9.352	

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	2008 þús.kr.	2007 þús.kr.
Eignir		
Handbært fé	975.174	688.300
Skammtímakröfur	241.433	428.551
Hlutfé**	314.371	214.371
Eignir alls	1.530.977	1.331.221
Skuldir		
Langtímaskuldir	51.212	48.722
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	845.781	981.139
Skammtímaskuldir	300.039	213.458
Eigið fé	333.945	87.903
Skuldir alls	1.530.977	1.331.221

*Einkum launabætur og vegna rittlauna- og rannsóknasjóðs prófessora

**Hlutfé Vísindagarða aukið um 100 m.kr.

Yfirlit yfir rekstur einstakra verkefna árið 2008 (þús.kr.)

	Útgjöld	Tekjur og millifærsl.	Mismunur	Fjárveiting	Afgangur /-hali
Kennslu- og vísindaeildir:					
Guðfræðideild	76.544	8.795	67.749	78.802	11.053
Læknadeild	867.145	340.895	526.250	581.958	55.708
Lagadeild	231.997	47.866	184.131	205.863	21.732
Viðskipta- og hagfræðideild	408.397	168.108	240.289	365.999	125.710
Hugvísindadeild	884.211	188.199	696.012	712.401	16.389
Lyfjafræðideild	176.072	68.557	107.515	119.508	11.993
Tannlæknadeild	168.731	57.790	110.941	116.779	5.838
Verkfræðideild	664.353	208.432	455.921	458.452	2.531
Raunvísindadeild	1.067.417	295.241	772.176	833.476	61.300
Félagsvísindadeild	841.663	219.322	622.341	728.232	105.891
Hjúkrunarfræðideild	321.996	20.407	301.589	300.807	-782
Kennsludeildir samtals	5.708.526	1.623.612	4.084.914	4.502.276	417.362
Sameiginleg stjórnslá	821.894	118.285	703.609	688.673	-14.936
Rannsóknastofnanir utan deilda	249.908	130.948	118.960	61.861	-57.099
Þjónustustofnanir	1.217.466	1.099.917	117.549	171.362	53.813
Endurmenntunarstofnun	469.824	395.202	74.622	0	-74.622
Sameiginlegur kostnaður deilda	833.182	-131.310	964.492	920.910	-43.582
Rekstur fasteigna	664.378	66.381	597.997	657.591	59.594
Rekstur samtals	9.965.178	3.303.035	6.662.143	7.002.673	340.530
Framkvæmdafé:					
Viðhald fasteigna	193.304	-2.173	195.477	189.659	-5.818
Tækjakaup	66.611	9.711	56.900	50.080	-6.820
Nýbyggingar	627.345	10.268	617.077	385.000	-232.077
Happdrættisfé	0	406.945	-406.945	-485.000	-78.055
Framkvæmdafé samtals	887.260	424.751	462.509	139.739	-322.770
Fjármunatekjur	0	228.284	-228.284	0	228.284
Háskóli Íslands samtals	10.852.438	3.956.070	6.896.368	7.142.412	246.045

Yfirlit yfir stöðu einstakra verkefna í árslok 2008 (þús.kr.)

	Fært frá fyrri árum	Afgangur /-halli	Samtals
Kennslu- og vísindaeildir:			
Guðfræðideild	-26.114	11.053	-15.061
Læknadeild	148.926	55.708	204.634
Lagadeild	-54.800	21.732	-33.068
Viðskipta- og hagfræðideild	-10.734	125.710	114.976
Hugvísindadeild	-204.155	16.389	-187.766
Lyfjafræðideild	-1.355	11.993	10.638
Tannlæknadeild	-17.990	5.838	-12.152
Verkfræðideild	125.536	2.531	128.067
Raunvísindadeild	-200.895	61.300	-139.595
Félagsvísindadeild	97.847	105.891	203.738
Hjúkrunarfræðideild	17.770	-782	16.988
Kennsludeildir samtals	-125.964	417.362	291.398
Sameiginleg stjórnýsla	-77.407	-14.936	-92.343
Rannsóknastofnanir utan deilda	95.192	-57.099	38.093
Þjónustustofnanir	93.770	53.813	147.583
Endurmenntunarstofnun	165.727	-74.622	91.105
Sameiginlegur kostnaður deilda	391.375	-43.582	347.793
Rekstur fasteigna	-191.753	59.594	-132.159
Rekstur samtals	350.940	340.530	691.471
Framkvæmdafé:			
Viðhald fasteigna	-22.316	-5.818	-28.134
Tækjakaup	16.238	-6.820	9.418
Nýbyggingar	-450.530	-232.077	-682.607
Happdrættisfé	0	-78.055	-78.055
Framkvæmdafé samtals	-456.608	-322.770	-779.378
Fjármunatekjur	0	228.284	228.284
Háskóli Íslands samtals	-105.668	246.045	140.377

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands

Skýrsla stjórnenda styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2006

Í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands eru ríflega fimmtíu sjóðir og gjafir sem borist hafa Háskólanum allt frá stofnun. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá sem ætlar þeim að úthluta styrkjum til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er Ólafur Viggó Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi hjá endurskoðunarfyrirtækinu PWC, en PWC færir jafnframt bókhald sjóðanna.

Starfsemi styrktarsjóða Háskóla Íslands var á árinu færð undir verkefni markaðs- og samskiptasviðs í miðlægri stjórnarsýslu Háskóla Íslands. Sviðsstjóri er Ásta Hrönn Maack.

Stjórn styrktarsjóða Háskóla Íslands var skipuð til þriggja ára á fundi háskólaráðs 9. desember 2004. Gylfi Magnússon, dósent í Viðskipta- og hagfræðideild, er formaður en aðrir í stjórn eru Jóhann Ómarsson, forstöðumaður eignastýringar Glitnis, og Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild. Stjórnartími er til ársloka 2007. Þá situr stjórnarfundum Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskóla Íslands, og Sigurður J. Hafsteinnsson, fjármálastjóri Háskóla Íslands.

Á árinu var Helga Brá Árnadóttir ráðin sem verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvinastarfs. Mun hún taka við umsjón styrktarsjóðanna.

Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2006:

- Á vormánuðum 2006 var í fyrsta sinn úthlutað styrkjum úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands til doktorsnema við Háskólann. Styrkþegar voru 27 talsins af fjölmörgum fræðasviðum. Úthlutunin byggðist á sameiginlegri viljayfirlýsingu Háskólasjóðs Eimskipafélagsins og Háskóla Íslands sem felur í sér að sjóðurinn verji ákveðnum hluta af hreinni eign sinni til að styrkja stúdenta í rannsóknatengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands, einkum doktorsnámi. Gert var ráð fyrir að fyrstu styrkirnir yrðu veittir árið 2006 og færi heildarfjárhæð styrkja stighækkandi fram til ársins 2009. Vegna þessara breytinga voru gerðar breytingar á skipulagsskrá Háskólasjóðs Eimskipafélagsins, honum sett fjárfestingarstefna og samsetning eigna sjóðsins endurskoðuð.
- Sigurgeir Guðjónsson hlaut styrk úr Sagnfræðisjóði Björns Þorsteinssonar við árlega úthlutun í mars. Styrkinn hlaut Sigurgeir til að vinna að doktorsverkefni við Háskóla Íslands um sögu geðveikra á Íslandi á 19. og 20. öld.
- Tvö rannsóknarverkefni í samstarfi íslenskra og danskra vísindamanna hlutu styrk úr sjóðnum Selma og Kay Langvads Legat við Háskóla Íslands árið 2006 að fjárhæð 100.000 danskra króna. Af hálfu Háskóla Íslands hafa umsjón með verkefnunum Hafliði Pétur Gíslason og Kristján Leósson. Þá koma að verkefnunum sérfræðingar eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, Læknadeildar, Raunvísindadeildar, Krabbameinsfélags Íslands og Tækniháskólans í Danmörku, auk háskólanna í Álaborg og Óðinsvéum og danskra sprotafyrirtækja, ásamt meistara- og doktorsnemum við háskólana.
- Sigríður Lárusdóttir, stofnandi Sjóðs Sigríðar Lárusdóttur, lést 22. júlí 2006. Erfðaskrá Sigríðar kvað svo á um að eignir hennar gengju til sjóðsins að henni látinni. Fór dánarbúið í opinber skipti og var þeim ólokið við árslok 2006.
- Háskólasjóður veitti fjóra styrki á árinu. Þrír styrkir voru veittir starfsmönnum Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi. Þá var veittur styrkur til endurnýjunar á innviðum fundarstofu háskólaráðs.
- Á aðalfundi Verkfræðistofnunar var veittur styrkur úr Minningarsjóði Jóns Þorlákssonar verkfræðings og styrkur úr Starfssjóði Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.
- Veittur var styrkur úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Styrkinn hlaut Sigurður Örn Aðalgeirsson, nemandi á þriðja ári í rafmagns- og tölvuverkfræði, fyrir hæstu meðaleinkunn að loknu öðru námsári.
- Þórsteinssjóður, til minningar um Þórstein Bjarnason, stofnanda Blindravinafélags Íslands, var stofnaður 6. desember 2006 með 30 m. kr. gjöf stjórnar Blindravinafélagsins. Tilgangur Þórsteinssjóðs er að styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands. Enn fremur er sjóðnum ætlað að efla rannsóknir á öllum fræðasviðum sem aukið geta þekkingu á blindu og skertri sýn og afleiðingum hennar, og ýta þannig undir tækifæri blindra og sjónskertra til að auðga og efla líf sitt. Sérstök áhersla er lögð á styrki í félags- og hugvísindum sem falla að tilgangi sjóðsins. Hlutverk og tilgangur Þórsteinssjóðs helgast af æviverki Þórsteins sem fæddist 3. desember árið 1900. Hann stofnaði Blindravinafélag Íslands 24. janúar 1932 og var það

fyrsti vísir að félagi til hjálpar fötluðum á Íslandi. Þórsteinn helgaði líf sitt blindum og sjónskertum á Íslandi á 20. öld án þess að taka nokkru sinni laun fyrir heldur lagði félaginu til fé úr eigin vasa.

- Á árinu var hafist handa við undirbúning að stofnun sjóðs Erlendar Haraldssonar sálfræðings.
- Veittir voru 326 styrkir úr sjóðum styrktarsjóða Háskóla Íslands á árinu, 286 úr Sáttmálasjóði, 27 úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og 13 úr öðrum sjóðum.
- Breyting var gerð á vísitölum viðmiðunarsafns í fjárfestingarstefnu styrktarsjóðanna. Nú skal miða við vísitöluna ICEX15-TR um gengi innlendra hlutabréfa og MSCI TR í íslenskum krónum við útreikning á ávöxtun erlendra hlutabréfa í viðmiðunarsafni fjárfestingarstefnunnar.
- Tæplega 898 m. kr. verðbréfaeign styrktarsjóðanna, önnur en verðbréfaeign Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands, var ávöxtuð í regnhlífarsjóði hjá Landsbanka Íslands og Glitni á grundvelli samninga þar um frá árinu 2002. Báðir fjárvörsluaðilar uppfylltu kröfu fjárfestingarstefnu styrktarsjóðanna um 7% raunávöxtun. Raunávöxtun safns í vörslu Glitnis nam 10,70% frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2006 og raunávöxtun safns í vörslu Landsbankans nam 10,16 % fyrir sama tímabil, miðað við 8,7% verðbólgu.
- Tveir sjóðir eru að hluta í vörslu hjá styrktarsjóðum Háskóla Íslands og að hluta í vörslu Háskóla Íslands.
Sóknargjöld einstaklinga sem standa utan trúfélaga og ætlað er að gangi til Háskólasjóðs voru greidd beint til Háskóla Íslands sem hluti af ríkisframlagi 2006 en runnu ekki til Háskólasjóðs í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands. Afgjöld af prentuðum eintökum almanaka sem áður runnu í Almanakssjóð runnu til Háskóla Íslands árið 2006.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2006 eru þessar:

- Bókfærðar tekjur umfram gjöld námu 302.386.685 kr., samanborið við tæpan 1,1 milljarð kr. árið 2005. Helstu skýringar eru þær að verðhækkun verðbréfaeignar, fyrst og fremst í Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, var minni en árið áður. Í annan stað var úthlutað hærri fjárhæð til styrkja en árið 2005. Í þriðja lagi varð viðsnúningur í rekstri Háskólabíós sem hækkaði rekstrarkostnað ársins 2006 um rúmar 29 m. kr.
- Starfsemi Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands árið 2006 hafði áhrif á niðurstöður reikningsskilanna með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi nam verðbréfaeign Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands rúmum tveimur þriðju af heildarverðbréfaeign styrktarsjóðanna. Fjárfestingarstefna Háskólasjóðs Eimskipafélagsins er áhættumeiri en fjárfestingarstefna annarra sjóða, svo vænta má nokkurra sveiflna í ávöxtun eins og ávöxtun áranna 2005 og 2006 ber með sér. Í öðru lagi nemur fjárhæð styrkja úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins rúmum 288 m. kr. árið 2006, eða 85% af heildarfjárhæð styrkja árið 2006. Annars vegar styrkti sjóðurinn byggingu Háskólatorgs um 250 m. kr. og hins vegar voru veittir styrkir til 27 doktorsnema, að fjárhæð rúmar 38 m. kr.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2006, samkvæmt reikningsskilunum nam kr. 4.474.758.538.
- Í reikningsskilum er sérstaklega gerð grein fyrir fjárskuldbindingu fjármagnstekjuskatts vegna verðbréfaeignar.
- Nafnávöxtun nettóeigna í eigu styrktarsjóðanna samkvæmt reikningsskilunum nam 15,3% árið 2006. Sé horft framhjá hækkuð eigna Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands nam nafnávöxtun eignanna 18,73% fyrir árið 2006. Mismunur á ávöxtun nettóeigna styrktarsjóða miðað við reikningsskil 2006 og ávöxtun eigna í regnhlífarsjóðum fjárvörslu skýrist af eignum er standa utan fjárvörslu.

Meðfylgjandi er samantekinn rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir sjóði og gjafir í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2006, skýringar og sundurliðanir eftir sjóðum. Einnig fylgir rekstrar- og efnahagsreikningar einstakra sjóða og gjafa í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands, ásamt skýringum.

Skýrsla stjórnenda styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2007

Í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands eru tæplega sextíu sjóðir og gjafir sem borist hafa Háskólanum allt frá stofnun. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá sem ætla þeim að úthluta styrkjum til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er Ólafur Viggó Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi hjá endurskoðunarfyrirtækinu PWC, en PWC færir jafnframt bókhald sjóðanna.

Starfsemi styrktarsjóða Háskóla Íslands var árið 2006 færð undir verkefni markaðs- og samskiptasviðs í miðlægri stjórnsýslu Háskóla Íslands. Sviðsstjóri er Jón Örn Guðbjartsson og verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvinastarfs er Helga Brá Árnadóttir.

Stjórn styrktarsjóða Háskóla Íslands var skipuð til þriggja ára á fundi háskólaráðs 9. desember 2004. Gylfi Magnússon, dósent í Viðskipta- og hagfræðideild, er formaður en aðrir í stjórn eru Jóhann Ómarsson, forstöðumaður eignastýringar Glitnis, og Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild. Stjórnartími er til ársloka 2007 og verður stjórnin endurnýjuð í upphafi næsta árs. Þá situr stjórnarfundir Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskóla Íslands, og Sigurður J. Hafsteinsson, fjármálastjóri Háskóla Íslands. Gunnlaugur H. Jónsson situr jafnframt árlegan stjórnarfund með fjárvörsluáðilum sjóðanna sem haldinn er í upphafi hvers árs.

Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2007:

Töluvert fleiri úthlutanir voru á árinu en undanfarin ár:

- Tvö rannsóknarverkefni í lyfjafræði fengu styrk úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar í janúar 2007. Styrkhafar eru Ögmundur Viðar Rúnarsson og Elsa Steinunn Halldórsdóttir, doktorsnemar í lyfjafræði við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Í febrúar var veitt viðurkenning úr Verðlaunasjóði Óskars Þórðarsonar læknis fyrir rannsóknir á steinsjúkdómi í nýrum. Viðurkenninguna hlaut Viðar Eðvarðsson, barnalæknir við Landspítala – Háskólasjúkrahús.
- Í febrúar árið 2007 var úthlutað í annað sinn styrkjum úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands til doktorsnema við Háskólann. Úthlutunin fór fram við hátíðlega athöfn í Hátíðarsal skólans og voru styrkhafar 14 talsins af fjölmörgum fræðasviðum. Úthlutunin byggðist á sameiginlegri viljayfirlýsingu Háskólasjóðs Eimskipafélagsins og Háskóla Íslands sem felur í sér að sjóðurinn verji ákveðnum hluta af hreinni eign sinni til að styrkja stúdenta í rannsóknatengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands, einkum doktorsnámi. Fyrstu styrkirnir voru veittir árið 2006 og gert er ráð fyrir að heildarfjárhæð styrkja fari stighækkandi fram til ársins 2009, í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á skipulagsskrá sjóðsins árið 2005, en þá var sjóðnum sett fjárfestingarstefna og samsetning eigna sjóðsins endurskoðuð.
- Styrkhafar Háskólasjóðs Eimskipafélagsins voru eftirfarandi: Aleksander Weresczynski fyrir verkefnið „Afleiðingarformgerð í íslensku“, Ása Guðrún Kristjánsdóttir fyrir verkefnið „Næring skólalarna – þættir sem ákvarða hollt matarræði“, Christian Praetorius fyrir verkefnið „Markgen stjórn próteinsins Mitf í litfrumum og sortuæxlum“, Gyða Margrét Pétursdóttir fyrir verkefnið „Vinnuvenning, kynjatengsl og fjölskylduábyrgð“, Marie Keidlin fyrir verkefnið „Aflögun, jarðskjálftavirkni og spennubreytingar á flekaskilunum á Reykjanesskaga“, Olivier Maschetta fyrir verkefnið „Fjöltindalausnir í ólínulegum hlutaafleiðujöfnum“, Phatsawee Jansook fyrir verkefnið „Þróun á nanótækni til lyfjagjafar í augu“, Sigríður Guðmundsdóttir fyrir verkefnið „Kennilegar rannsóknir á rafefnafræðilegum ferlum“, Sigríður Sjöfn Ágústsdóttir fyrir verkefnið „Áhrif tjáningarskrifa á karla sem greinst hafa með krabbamein í blöðruhálskirtli“, Sigurður Örn Stefánsson fyrir verkefnið „Þyngdafræði í óvixlnu rúmi“, Skarphéðinn Halldórsson fyrir verkefnið „Náttúrulegar varnir lungnaþekju“, Theódóra A. Torfadóttir fyrir verkefnið „Framvinduhorf í íslensku, eðli og þróun“, Úlfar Hauksson fyrir verkefnið „Vinnumarkaðslöggjöf Evrópusambandsins: Merking lýðræðis, fullveldis og þjóðríkis á 21. öld“ og Þórunn Ásta Ólafsdóttir fyrir verkefnið „Ónæmissvör nýburamúsa við bólusetningum – nýir ónæmisglæðar og ónæmisvakar til að vernda gegn pneumókokka – og inflúensusýkingum“.
- Arndís S. Árnadóttir og Erla Dóris Halldórsdóttir hlutu styrki til doktorsnáms við Háskóla Íslands við árlega úthlutun úr Sagnfræðisjóði Björns Þorsteinssonar í mars 2007.
- Tveimur styrkjum var úthlutað úr Almanakssjóði á árinu. Í apríl var úthlutað úr sjóðnum til sumarskóla Cern og í júní hlaut Ragnar Sigurðsson, stærðfræðiskor Raunvísindadeildar, styrk til verkefnisins „Reiknisetur stærðfræðinnar“.

- Í maí var stofnaður nýr styrktarsjóður við Háskóla Íslands. Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar. Stofnandi sjóðsins er Erlendur Haraldsson dr.phil., prófessor emeritus. Tilgangur Styrktarsjóðs Erlendar Haraldssonar er að styrkja rannsóknir á dulrænum fyrirbærum og meintri dulrænni reynslu í anda þeirra rannsókna sem Erlendur Haraldsson sinni á starfsferli sínum. Einnig má styrkja rannsóknir í heilsusálfræði (t.d. um áhrif hugrænna þátta á líkamlega heilsu), trúarlífssálfræði og skyldum greinum. Þá má verðlauna nemendur fyrir sérlega athyglisverð fullunnin verkefni á þessum sviðum. Fyrsti stjórnarfundur sjóðsins var haldinn í október. Stjórn sjóðsins skipa Erlendur Haraldsson, prófessor emeritus og formaður stjórnar, Þór Edward Jakobsson, veðurfræðingur og stjórnarmaður, og Loftur Reimar Gizzurarson, og ritari stjórnar. Varamaður í stjórn er Arnór K. Hannibalsson, prófessor emeritus.
- Sjóður Sigríðar Lárusdóttur auglýsti á árinu eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til mjög afmarkaðra verkefna. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á meðfæddum göllum í mjaðmaliði, svo sem ættgengi þeirra, tíðni og afleiðingum. Auglýsingin fór víða, bæði í dagblöð og á netið, vefsíður HÍ, Landspítala og til fleiri stofnana og félagasamtaka sem hún átti erindi til. Engar umsóknir bárust og var úthlutun frestað til seinni hluta ársins 2008. Sigríður Lárusdóttur, stofnandi sjóðsins, lést í júlí síðastliðið ár og fór dánarbúið í opinber skipti. Þeim er enn ólokið en erfðaskrá Sigríðar kveður svo á um að eignir hinnar látnu gangi til sjóðsins.
- Menningar- og framfarisjóður Ludvigs Storr úthlutaði þremur styrkjum í júní. Börge Johannes Wigum fékk styrk til verkefnisins „Þróun hæfnisprófana til að hanna alkalíóvirka steinsteypu“. Þá fékk Davíð Kristján Pitt styrk til verkefnisins „The Architectural Association AA School of Architecture. Sjálfbær umhverfishönnun MArch (Sustainable Environmental Design) “. Að lokum hlaut Birgir Jónsson styrk fyrir verkefnið „Notkun móbergssands í stíflur úr þjappaðri steinsteypu“.
- Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur var stofnaður í júlí árið 2007. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur og fyrrverandi námsbrautarstjóri námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, er stofnandi sjóðsins. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Styrkir eru veittir til þeirra rannsóknaverkefna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi sem falla að markmiði sjóðsins. Stjórn sjóðsins skipa Erla Kolbrún Svavarsdóttir, stjórnarformaður Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði og jafnframt formaður sjóðsins, Stefán Bragi Bjarnason, lögfræðingur og fulltrúi Ingibjargar, Helga Gottfreðsdóttir, lektor og fulltrúi Ljósmæðrafélags Íslands, Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, og Ragnheiður Haraldsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.
- Úthlutað var úr Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli í september 2007. Birna Bjarnadóttir, dósent í íslenskum bókmenntum við Manítóbaháskóla, hlaut styrk til að rannsaka brot úr sögu fagurfræðinnar í íslenskum bókmenntum nítjándu aldar.
- Í nóvember voru veittir styrkir úr Verðlaunasjóði Guðmunar P. Bjarnasonar frá Akranesi. Fjórir nemendur, sem útskrifast hafa úr eðlis- og efnafræðiskorun Raunvísindadeildar Háskóla Íslands hlutu verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur. Verðlaunahafarnir voru Ómar Valsson, Elfa Ásdís Ólafsdóttir, Sigurður Ægír Jónsson og Gunnar Sigurðsson.
- Fyrsta úthlutun úr Þórsteinssjóði fór fram á alþjóðadegi fatlaðra þann 3. desember en sjóðurinn var stofnaður í desember árið 2006. Tilgangur sjóðsins er að styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands. Fyrstu styrkhafarnir voru þau Gunnar Valur Gunnarsson og Erla Soffía Jóhannesdóttir. Gunnar Valur stundar MS-nám í tölvunarfræði við Verkfræðideild Háskóla Íslands og Erla Soffía stundar BA-nám í þýsku við Hugvísindadeild Háskóla Íslands.
- Á aðalfundi Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands í nóvember var veittur styrkur úr Minningarsjóði Jóns Þorlákssonar verkfræðings og styrkur úr Starfssjóði Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands. Fjórir afburðanemendur í verkfræði fengu styrk úr Minningarsjóði Jóns Þorlákssonar. Styrkhafar voru Snjólaug Ólafsdóttir, Helgi Alexander Sigurðsson, Erlingur Brynjúlfsson og Jónas Ketilsson. Þá fékk Gunnar Stefánsson verkfræðingur styrk úr Starfssjóði Verkfræðistofnunar.
- Úthlutað var úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents í desember. Styrkhafi var Sigurður Reynir Hauksson nemi við Verkfræðideild Háskóla Íslands.

- Háskólasjóður veitti þrjá styrki á árinu. Styrkirnir voru veittir starfsmönnum Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi.

Veittir voru 355 styrkir úr sjóðum styrktarsjóða Háskóla Íslands á árinu, 318 úr Sáttmálasjóði, 14 úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og 23 úr öðrum sjóðum. Breyting á fjárfestingarstefnu sjóðanna varðandi gengisvarnir hefur komið til tals á árinu. Frekari framkvæmdum var frestað fram til 38. stjórnarfundar í byrjun árs 2008 en þá verður tekin endanleg ákvörðun um hvort sjóðirnir leyfi gengisvarnir í fjárfestingarstefnu sinni. Jafnframt verður binditími bréfa endurskoðaður.

Tæplega 1.054 m. kr. verðbréfaeign styrktarsjóðanna, önnur en verðbréfaeign Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands, var ávöxtuð í regnhlífarsjóði hjá Landsbanka Íslands og Glitni á grundvelli samninga þar um frá árinu 2002. Hvorugur fjárvörsluáðilinn náði að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu styrktarsjóðanna um 7% raunávöxtun. Raunávöxtun safns í vörslu Glitnis var neikvæð um 1,30% frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2007 og raunávöxtun safns í vörslu Landsbankans var jákvæð um 0,39% á sama tímabil, miðað við 5,8% verðbólgu. Mikill órói var á fjármálamörkuðum seinni part ársins og var raunávöxtun viðmiðunarsafnsins neikvæð um 5%.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2007 eru þessar:

- Bókfærðar tekjur umfram gjöld námu 296.649.645 kr., samanborið við rúmlega 292 m. kr. árið 2006. Vegna ástands á mörkuðum náðust ekki markmið um ávöxtun og skýrir það lága ávöxtun þessa árs. Hafa þarf í huga að á árinu 2006 var 270 m. kr. styrkur Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands færður í gegnum rekstur. Seinni hluti framlags sjóðsins að upphæð 230 m. kr. var færður í gegnum efnahag árið 2007, þannig að tölurnar hér að ofan eru ekki samanburðarhæfar.
- Starfsemi Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands árið 2007 hafði áhrif á niðurstöður reikningsskilanna með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi nam verðbréfaeign sjóðsins rúmum tveimur þriðju af heildarverðbréfaeign styrktarsjóðanna. Fjárfestingarstefna Háskólasjóðs Eimskipafélagsins er áhættumeiri en fjárfestingarstefna annarra sjóða, svo vænta má meiri breytileika í ávöxtun. Á árinu 2007 var ávöxtun sjóðsins rúm 11% sem var töluvert hærra en ávöxtun eignasafnsins sem er í vörslu Landsbankans og Glitnis. Í öðru lagi nam fjárhæð styrkja úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins tæpum 77 m. kr. árið 2007, eða 57% af heildarfjárhæð styrkja þess árs. Tveir styrkir voru veittir úr sjóðnum á árinu. Annars vegar styrkti sjóðurinn byggingu Háskólatorgs um 230 m. kr., sem eins og fram hefur komið endurspeglast ekki í rekstrarreikningi sjóðanna. Hins vegar voru veittir styrkir til doktorsnema við Háskóla Íslands að fjárhæð tæplega 77 m. kr.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2007, samkvæmt reikningsskilunum, nam 4.604.819.601 kr.
- Í reikningsskilum er sérstaklega gerð grein fyrir fjárskuldbindingu fjármagnstekjuskatts vegna verðbréfaeignar.
- Nafnávöxtun nettóeigna í eigu styrktarsjóðanna samkvæmt reikningsskilunum nam 9,2% árið 2007. Nafnávöxtun eigna Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands nam 11,02% fyrir árið 2007. Ávöxtun þess safns sem var í umsjón Landsbankans og Glitnis var töluvert lægri, eða 4,1%. Mismunur á ávöxtun nettóeigna styrktarsjóða miðað við reikningsskil 2007 og ávöxtun eigna í regnhlífarsjóðum fjárvörslu skýrist af eignum er standa utan fjárvörslu.

Meðfylgjandi er samantekinn rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir sjóði og gjafir í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2007, skýringar og sundurliðanir eftir sjóðum. Einnig fylgir rekstrar- og efnahagsreikningar einstakra sjóða og gjafa í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands, ásamt skýringum.

Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2008

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru tæplega sextíu sjóðir og gjafir sem borist hafa Háskólanum allt frá stofnun. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá sem ætla þeim að úthluta styrkjum til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og ríkisendurskoðunar. Ólafur Viggó Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi hjá PriceWaterhouseCoopers, hefur séð um bókhald sjóðanna síðastliðin ár en hann

er að láta af störfum fyrir aldurssakir. Endurskoðandi sjóðanna er nú Hjalti Schiöt, löggiltur endurskoðandi hjá endurskoðunarfyrtækinu PWC. Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir verkefni markaðs- og samskiptasviðs í miðlægri stjórnarsýslu Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri styrktarsjóðanna er Helga Brá Árnadóttir, starfsmaður sviðsins. Þá hefur Sigurður J. Hafsteinsson, fjármálastjóri Háskóla Íslands, komið til liðs við Helgu Brá varðandi fjármálaumsýslu sjóðanna.

Stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands var endurnýjuð á fundi háskólaráðs þann 10. apríl 2008 og skipuð til þriggja ára, þ.e. til 31. desember 2010, sbr. 2. gr. reglna háskólaráðs um stjórnun, varðveislu og ávöxtun eigna Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Stjórnarmenn eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskipta- og hagfræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, hrl. og lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson, viðskiptafræðingur. Þá situr Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskóla Íslands, árlegan stjórnarfund með fjárvörsluaðilum sjóðanna sem haldinn er í upphafi hvers árs.

Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2008:

Töluvert var um úthlutanir úr Styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, þá einkum árlegar úthlutanir úr stöndugum sjóðum. Einn nýr styrktarsjóður var stofnaður undir umsjón Styrktarsjóðanna á árinu. Það var Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda. Stofnfé sjóðsins var kr. 25 m. kr. og markmið hans og hlutverk að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til framhaldsnáms. Í september voru lögð drög að stofnun Watanabe-styrktarsjóðsins við Háskóla Íslands. Mr. Toshizo „Tom“ Watanabe kom hingað til lands og undirritaði stofnskrá sjóðsins þann 18. september ásamt Kristínu Ingólfssdóttur rektor við hátíðlega athöfn í Háskóla Íslands. Um er að ræða stofnfé að upphæð US\$ 3.000.000. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til skiptináms til Japans og á Íslandi, bæði nemendum í grunnnámi og framhaldsnámi, auk þess að stuðla að kennaraskiptum.

- Í febrúar var veittur styrkur úr sjóðnum Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse mellem Island og Danmark. Helga Ögmundsdóttir prófessor við Háskóla Íslands hlaut styrkinn vegna rannsókna á brjóstakrabbameini.
- Fjögur rannsóknarverkefni í lyfjafræði fengu styrk úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar. Úthlutunin fór fram 19. febrúar 2008. Styrkhafar voru Bergþóra Sigríður Snorradóttir, Fífa Konráðsdóttir, Phatsawee Jansook og Skúli Skúlason, doktorsnemar við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Í mars 2008 var úthlutað í þriðja sinn styrkjum úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands til doktorsnema við Háskóla Íslands. Úthlutunin fór fram við hátíðlega athöfn í Hátíðarsal skólans 12. mars og voru styrkhafar fjórtán talsins af fjölmörgum fræðasviðum. Úthlutunin byggðist á sameiginlegri viljayfirlýsingu Háskólasjóðs Eimskipafélagsins og Háskóla Íslands sem felur í sér að sjóðurinn verji ákveðnum hluta af hreinni eign sinni til að styrkja stúdenta í rannsóknatengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands, einkum doktorsnámi. Fyrstu styrkirnir voru veittir árið 2006 og gert er ráð fyrir að heildarfjárhæð styrkja fari stighækkandi fram til ársins 2009, í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á skipulagsskrá sjóðsins árið 2005 en þá var sjóðnum sett fjárfestingarstefna og samsetning eigna sjóðsins endurskoðuð.
- Styrkhafar Háskólasjóðs Eimskipafélagsins voru eftirfarandi: Berglind Eva Benediktsdóttir fyrir verkefnið „Ný örefni sem stýra þéttitengslum í lungnabekjuvef“, Bergrún Arna Óladóttir fyrir verkefnið „Gossaga eldstöðva undir Vatnajökli, kvikuþróun yfir möttulstrók“, Björn Oddsson fyrir verkefnið „Tvístrun kviku í basískum sprengigosum og bráðnun íss“, Erna Sif Arnadóttir fyrir verkefnið „Genatjáning og bólgusvörun í kæfisvefni og við svefnsviptingu“, Gabriel Malen Fant fyrir verkefnið „Relations to Others and Relations to Nature: An Ethical Study of Values Associated with Wild Landscapes“, Helga Dögg Flosadóttir fyrir verkefnið „Geislaskaði á lífsameindum, með áherslu á DNA-brotum og stuttum kjarnsýruröðum“, Jón Á. Kalmansson fyrir verkefnið „Síðferðisskilningur og sjálfbær þróun“, Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir fyrir verkefnið „Umgjörð og markmið frístundaheimila í Reykjavík fyrir 6-9 ára börn“, Kristín Björnsdóttir fyrir verkefnið „Þátttaka ungs fólks með þroskahömlun í íslensku samfélagi“, Kristján Mímisson fyrir verkefnið „Þorkell á Búðarárbakka: Fornleifafræðileg persónurannsókn á 17. aldar kotbónda úr uppsveitum Árnessýslu“, Margrét Bessadóttir fyrir verkefnið „Áhrif þriggja fléttuefna á boðflutning krabbameinsfrumna“, Ragnhildur Guðmundsdóttir fyrir

verkefnið „Áfallastreita og langtímuheilsufarsafleiðingar náttúruhamfara“, Tobias Zingg fyrir verkefnið „Þjöppunarrúm í strengjafræði og alhæfð tvinnrúmfræði“ og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir fyrir verkefnið „Jafnfréttisumræða á tímamótum – kyn og margbreytileiki“.

- Reynir Berg Þorvaldsson hlaut styrk til doktorsnáms við árlega úthlutun úr Sagnfræðisjóði Björns Þorsteinssonar 4. apríl 2008.
- Ákveðið var að veita styrk til útgáfu Ritraðar Guðfræðistofnunar úr Starfssjóði Guðfræðistofnunar í maí 2008. Styrkurinn hefur ekki verið greiddur.
- Í maí var veittur styrkur úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi. Lína Halla Kristinsdóttir hlaut styrkinn en hún útskrifaðist með tvær BS-gráður í stærðfræði og eðlisfræði vorið 2008.
- Í september var úthlutað í fyrsta skipti úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur en sjóðurinn var stofnaður árið 2007. Styrkhafi var Jóhanna Bernharðsdóttir og Eydís Sveinbjarnardóttir, doktorsnemar í hjúkunarfræði við Hjúkunarfræðideild Háskóla Íslands. Þá komu viðbótarframlög við höfuðstól sjóðsins á árinu frá stofnanda sjóðsins Ingibjörgu R. Magnúsdóttur og Sigurði Helgasyni. Einnig greiddi Félag íslenskra hjúkunarfræðinga viðbótarframlag við höfuðstól sjóðsins í desember 2008.
- Dánarbú Sigríðar Lárusdóttur var gert upp í ágúst árið 2008. Sjóði Sigríðar Lárusdóttur féll til kr. 1.809.862 í arf við uppgjör dánarbúsins.
- Lögð voru drög að stofnun nýs styrktarsjóðs við Háskóla Íslands. Mr. Toshizo „Tom“ Watanabe ákvað að leggja Háskólanum til US\$ 3.000.000 og stofna nýjan sjóð, Watanabe-styrktarsjóðinn við Háskóla Íslands. Mr. Watanabe kom hingað til lands í september og undirritaði stofnskrá sjóðsins ásamt Kristínu Ingólfsdóttur rektor.
- Tveir styrkir voru veittir úr Almanakssjóði á árinu. Þórey María Maríusdóttir fékk styrk vegna þátttöku á ráðstefnunni CERN í Sviss og í desember fékk Þorsteinn Sæmundsson styrk vegna verkefnisins „Endurbætur á forvinnslu almanaks“.
- Önnur úthlutun úr Þórsteinssjóði fór fram í desember. Styrkhafar voru Páll Þór Sigurjónsson og Sigríður Björnsdóttir. Til að gera úthlutun mögulega lagði Blindravinafélag Íslands sjóðnum til 1 m. kr.
- Árleg úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar fór fram 21. desember. Styrkhafi var Arnar Björnsson, þriðja árs nemi í verkfræði. Frú Vigdís Finnbogadóttir lagði sjóðnum til 100 þús. kr. til þess að gera úthlutun mögulega þetta árið.
- Nýr sjóður var stofnaður undir Styrktarsjóðum Háskóla Íslands, Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda. Undirritun stofnskrár fór fram við hátiðlega athöfn og undirritaði Kristín Ingólfsdóttir stofnskrá ásamt Dögg Pálsdóttur lögfræðingi. Minningarsjóðurinn var stofnaður samkvæmt fyrirætlum í erfðaskrá Soffíu Þuríðar Magnúsdóttur, f. 3. júlí 1922, d. 28. febrúar 2005, frá apríl 2001.
- Háskólasjóður veitti Háskóla Íslands 40 m. kr. styrk vegna vinnu við ytri vef skólans.
- Vinna við undirbúning vefs Styrktarsjóða Háskóla Íslands er nú þegar hafin og reiknað er með að vefurinn verði tilbúinn um mitt sumar.

Veittir voru 293 styrkir úr sjóðum Styrktarsjóða Háskóla Íslands á árinu, 261 úr Sáttmálasjóði, 14 úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og 18 úr öðrum sjóðum.

Til umræðu hefur komið breyting á fjárfestingarstefnu og vörslu sjóðanna í kjölfar bankahrunsins í október. Málið er í höndum stjórnar og umsjónarmanna Styrktarsjóða Háskóla Íslands en endanleg ákvörðun um framgang mála verður metin í ljósi stöðu á fjármálamörkuðum.

Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands var í fjárvörslu Landsbanka Íslands. Í árslok 2008 nam heildareign sjóðsins 2.214 m. kr.. Tæplega 887 m. kr. verðbréfaeign styrktarsjóðanna, önnur en verðbréfaeign Háskólasjóðs Eimskipafélagsins, var ávöxtuð í regnhlífarsjóði hjá Landsbanka Íslands og Íslandsbanka á grundvelli samninga þar um frá árinu 2002. Hvorugur fjárvörsluaðilinn náði að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu Styrktarsjóðanna um 7% raunávöxtun. Raunávöxtun safns í vörslu Íslandsbanka var neikvæð um 17,9% frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2008 og raunávöxtun safns í vörslu Landsbankans var neikvæð um 30,4% á sama tímabili. Mikill órói var á fjármálamörkuðum seinni part ársins og var hrun bankakerfisins í október mjög afdrifaríkt fyrir ávöxtun sjóðanna.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2008 eru þessar:

- Bókfært tap árið 2008 nam 1.155 m. kr., samanborið við rúmlega 296 m. kr. hagnað árið 2007. Tap þetta skýrist af verðfalli eigna á fjármálamörkuðum. Fjárvörsluaðilar skiluðu báðir umtalsvert verri árangri en viðmið eignasafnsins skv. fjárfestingarstefnu styrktarsjóðanna.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2008, samkvæmt reikningsskilunum, nam 3.437.264.984 kr.
- Nafnávöxtun regnhlífarsjóðs í eigu styrktarsjóðanna sem var í umsjón Landsbankans og Íslandsbanka var neikvæð um 14,35%. Ávöxtun heildareigna með verðbréfasafni Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands var hins vegar neikvæð um 23,1%.
- Starfsemi Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands árið 2008 hafði áhrif á niðurstöður reikningsskilanna með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi nam verðbréfaeign sjóðsins rúmum tveimur þriðju af heildarverðbréfaeign styrktarsjóðanna. Fjárfestingarstefna

Háskólasjóðs Eimskipafélagsins er áhættumeiri en fjárfestingarstefna annarra sjóða, svo að vænta má meiri breytileika í ávöxtun. Á árinu 2008 var ávöxtun sjóðsins neikvæð um 43,6%. Í öðru lagi nam fjárhæð styrkja úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins tæpum 83 m. kr. árið 2008, eða 45,5% af heildarfjárhæð styrkja þess árs. Styrkir Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands á árinu 2008 voru veittir doktorsnemum við Háskóla Íslands.

- Í reikningsskilum er sérstaklega gerð grein fyrir fjárskuldbindingu fjármagnstekjuskatts vegna verðbréfaeignar.
- Meðfylgjandi er samantekinn rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir sjóði og gjafir í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2008, skýringar og sundurliðanir eftir sjóðum. Einnig fylgir rekstrar- og efnahagsreikningar einstakra sjóða og gjafa í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands, ásamt skýringum.

Veittir styrkir sundurliðaðir eftir sjóðum 2006-2008

	2008	2007	2006
Almanakssjóður	300.000	900.000	1.133.504
Eggertssjóður		0	850.000
Háskólasjóður	40.900.000	900.000	3.400.000
Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands	82.975.000	76.850.000	330.000.000
Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands í vörslu HÍ		0	0
Menningar- og framfarissjóður Ludvigs Storr		10.822.000	0
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings		100.000	200.000
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	250.000	200.000	150.000
Minningarsjóður Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar		0	0
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	750.000	0	0
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar	500.000	400.000	400.000
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.	52.324.939	41.755.811	41.467.432
Selma og Kay Langvads Legat	1.176.000	0	1.222.500
Sjóðasafn Háskóla Íslands		0	0
Sjóður Nielsar Dungals prófessors		154.680	72.400
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli		250.000	0
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands		0	0
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands		200.000	150.000
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	400.000	0	0
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar		0	0
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar		0	0
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	245.000	140.000	210.000
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala	1.400.000	600.000	0
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis		400.000	0
Þórsteinssjóður	1.000.000	1.000.000	0
	182.220.939	134.672.491	379.255.836

Sameiginlegur rekstrarreikningur áráanna 2006-2008

	2008	2007	2006
Tekjur			
Framlög	60.940.000	55.565.000	46.435.000
Aðrar tekjur	42.220.143	32.641.375	27.541.247
Vaxtatekjur	79.138.689	12.757.600	4.062.287
Verðhækkun verðbréfa	7.768	386.554.999	721.772.570
	182.306.600	487.518.974	799.811.104
Gjöld			
Styrkir	182.220.939	134.672.491	379.255.836
Annar rekstrarkostnaður	90.955.695	31.782.684	51.525.363
Verðlækkun verðbréfa	1.082.437.245	1.206.749	1.376.870
Fjármagnstekjuskattur	(17.694.954)	23.207.405	75.406.263
	1.337.918.925	190.869.329	507.564.332
Rekstrarniðurstaða	(1.155.612.325)	296.649.645	292.246.772

Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2006-2008

	2008	2007	2006
Eignir			
Fasteign	191.550.000	191.550.000	164.150.000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf	1.209.708.932	4.306.165.100	4.239.248.803
Aðrar eignir	9.305.134	74.774.688	72.734.669
Innstæður á bankareikningum	2.026.700.918	32.329.813	30.588.566
	3.437.264.984	4.604.819.601	4.506.722.038
Eignir samtals	3.437.264.984	4.604.819.601	4.506.722.038
Eigið fé			
Höfuðstóll	3.230.684.401	4.386.296.725	4.351.197.080
	3.230.684.401	4.386.296.725	4.351.197.080
Skuldir			
Fjármagnstekjuskuldbinding hjá Háskólasj. Eimskipafél.	2.781.945	24.503.267	62.901.330
Fjármagnstekjuskuldbinding vegna verðbréfasjóða	10.933.755	23.112.626	34.243.486
Skammtímaskuldir	192.864.883	170.906.983	58.380.142
	206.580.583	218.522.876	155.524.958
Eigið fé og skuldir samtals	3.437.264.984	4.604.819.601	4.506.722.038

Hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum

	2008	2007	2006
Almanakssjóður	79.050.510	90.548.445	83.426.062
Columbiasjóður	11.431.474	13.122.695	12.671.046
Det Danske Selskabs Studenterlegat	389.531	448.757	269.690
Eggertssjóður	96.132.502	110.748.809	107.111.208
Forlagsbogh., Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse	1.317.656	730.618	746.791
Framfarasj. B. H. Bjarnasonar kaupmanns.	228.636	263.399	254.748
Gjafasjóður Guðmundar J. Andrésónar gullsmiðs	70.898.022	81.677.594	78.994.852
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar	4.541.173	5.231.629	5.059.794
Gjöf Framkvæmdabanka Ísl. til að skreyta hátíðarsal HÍ	3.361.802	3.872.942	3.745.734
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar	511.975	589.818	570.445
Gjöf Soffiu Jónsdóttur Sörensen	2.797.627	3.222.987	3.117.126
Háskólasjóður	150.539.004	208.944.649	198.980.737
Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands	2.066.341.156	3.031.446.104	3.088.482.536
Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands í vörslu HÍ	18.519.610	22.166.736	22.054.155
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur	431.304	490.681	474.292
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	2.704.465	3.115.661	3.013.325
Legat Guðmundar Magnússonar og Katrínar Skúladóttur	6.903.800	7.953.478	7.692.242
Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr	295.787.770	305.190.205	278.975.302
Minningarsj. um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi	3.003.235	3.459.855	3.346.215
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar	48.873.369	56.304.238	54.454.897
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	2.286.542	2.541.724	2.439.373
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar	15.222.345	17.536.801	16.960.796
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur	754.702	867.209	777.865
Minningarsjóður John Mackenna Pearson	13.096.911	15.088.210	14.391.229
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings	2.073.860	2.389.177	2.359.178
Minningarsjóður norskra stúdenta	1.525.795	1.757.782	1.700.047
Minningarsjóður Theódórs Johnson	15.599.807	17.971.652	17.381.364
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	1.502.697	1.712.888	1.700.347
Minningarsjóður Þórunnar og Davíðs Sch. Thorsteinssonar	2.055.651	2.368.199	2.290.414
Norðmannsgjöf	20.221.569	23.296.124	22.530.951
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	9.772.731	5.544.394	0
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar	6.391.030	7.789.879	7.933.842
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands	10.645.496	75.176.445	75.231.401
Selma og Kay Langvads Legat	51.706.924	27.446.715	28.476.136
Sjóðasafn Háskóla Íslands	23.467.101	27.001.064	26.118.322
Sjóður Árna Magnússonar	11.764.568	13.553.293	13.108.128
Sjóður Nielsar Dungals prófessors	4.248.315	4.894.243	4.882.514
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.	13.574.234	15.638.107	15.367.613
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur	14.671.032	14.936.172	14.442.595
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	12.151.901	13.969.338	13.510.222
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands	1.504.679	1.731.392	1.674.524
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	2.033.580	2.342.772	2.362.166
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar	859.815	990.544	0
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	10.502.541	12.524.428	12.113.056
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar	18.170.534	20.933.242	17.417.625
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur	8.318.174	9.582.897	9.268.141
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	17.627.678	20.480.086	19.480.292
Styrktarsj. Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	22.385.823	24.841.680	23.364.901
Sögusjóður stúdenta	1.410.596	1.625.068	1.571.691
Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar	1.438.305	1.656.991	1.602.566
Verðlaunasjóður Alfreds Benson.	2.028.706	2.337.158	2.260.393
Verðlaunasj. Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar	15.494.700	19.360.596	14.586.538
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis	16.556.013	19.073.245	14.135.458
Þorsteinssjóður	26.789.177	30.920.536	30.559.681
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding vegna verðbréfasjóða	(10.933.753)	(23.112.626)	(34.243.486)
Samtals	3.230.684.401	4.386.296.725	4.351.197.080



Deildir

Félagsvísindadeild og stofnanir hennar

Almennt yfirlit

Félagsvísindadeild skiptist í sjö skorir. Skorarformenn áttu sæti í deildarráði ásamt deildarforseta, varadeildarforseta og tveimur fulltrúum stúdenta. Skorirnar voru: bókasafns- og upplýsingafræðiskor, félagsfræðiskor, félagsráðgjafarskor, mannfræði- og þjóðfræðiskor, sálfræðiskor, stjórn málafræðiskor og uppeldis- og menntunarfræðiskor. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórn málafræði, gegndi starfi deildarforseta. Rannveig Traustadóttir gegndi starfi varadeildarforseta. Skrifstofustjóri deildarinnar var Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir.

Skrifstofa deildarinnar var í Odda þar til í mars en þá flutti skrifstofan ásamt skrifstofu Viðskipta- og hagfræðideildar í Gimli. Þar störfuðu, auk skrifstofustjóra, Aðalheiður Ófeigsdóttir verkefnisstjóri, Ása Bernharðsdóttir fulltrúi, Ásdís Ýr Arnardóttir verkefnisstjóri, Ásdís Magnúsdóttir fulltrúi, Elva Ellertsdóttir verkefnisstjóri, Inga Þórisdóttir deildarstjóri, Kolbrún Eggertsdóttir deildarstjóri framhaldsnáms og Sigrún Jónsdóttir verkefnisstjóri. Anna Kristín Jónsdóttir var aðjunkt og verkefnisstjóri í MA-námi í blaða- og fréttamennsku þar til 1. febrúar. Valgerður Anna Jóhannsdóttir var ráðin í hennar stað frá og með sama tíma.

Stjórnir, nefndir og ráð

Ólafur Þ. Harðarson deildarforseti átti sæti í háskólaráði fyrir hönd Félagsvísindasviðs og var varaforseti þess. Á háskólafundi sátu Baldur Þórhallsson prófessor, Friðrik H. Jónsson prófessor, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir dósent, Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, Jóhanna Gunnlaugsdóttir dósent, Jörgen Pind prófessor og Þorgerður Einarsdóttir dósent. Baldur Þórhallsson var formaður Alþjóðamálastofnunar HÍ. Sigurður J. Grétarsson prófessor var formaður kennslumálanefndar. Helgi Gunnlaugsson prófessor átti sæti í vísindanefnd Háskóla Íslands. Rannveig Traustadóttir átti sæti í ráði um málefni fatlaðra. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir dósent átti sæti í starfshópi rektors um stefnumörkun á sviði fjarkennslu og upplýsingatækni. Árni Kristjánsson, dósent í sálfræði, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dósent í félagsfræði, og Þorgerður Einarsdóttir, dósent í kynjafræði, áttu sæti í stjórn Rannsóknarstofnunar í kvenna- og kynjafræðum. Terry A. Gunnell, dósent í þjóðfræði, átti sæti í samstarfsnefnd Þjóðminjasafns og Háskóla Íslands. Guðrún Geirsdóttir, lektor í kennslufræði, var forstöðumaður Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands. Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði, sat í stjórn meistaranáms í upplýsingatækni á heilbrigðissviði. Ólafur Þ. Harðarson átti sæti í stjórn meistaranáms í lýðheilsufræðum. Unnur Dís Skaptadóttir, dósent í mannfræði, sat í stjórn meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum. Terry A. Gunnell, dósent í þjóðfræði, var formaður námsnefndar í safnafræði og Þorgerður Einarsdóttir, dósent í kynjafræði, var formaður námsnefndar í kynjafræði en þessar námsleiðir eru samvinnuverkefni Hugvísindadeildar og Félagsvísindadeildar. Ágústa Pálsdóttir, dósent í bókasafns- og upplýsingafræði, Indriði H. Indriðason, dósent í stjórn málafræði, og Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor í félagsráðgjöf, áttu sæti í samráðsnefnd deildar og Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Framgangsnefnd Félagsvísindadeildar var skipuð: Sigrúnu Aðalbarnardóttur (formaður), prófessor í uppeldis- og menntunarfræði, Helga Gunnlaugssyni, prófessor í félagsfræði, og Jakobi Smára, prófessor í sálfræði, og varamaður var Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði.

Jafnréttishópur deildarinnar var skipaður Sigrúnu Jónsdóttur verkefnisstjóra, Guðnýju Guðbjörnsdóttur prófessor og Silju Báru Ómarsdóttur aðjunkt.

Vísindanefnd deildarinnar skipuðu Rannveig Traustadóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði (formaður), Ágústa Pálsdóttir, dósent í bókasafns- og upplýsingafræði, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent í sálfræði, Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf, Jónína Einars-

dóttir, prófessor í mannfræði, og Ómar H. Kristmundsson, dósent í stjórn málafræði. Kennslunefnd skipuðu Sif Einarsdóttir dósent (formaður), Jóhanna Gunnlaugsdóttir dósent, Daníel Þór Ólason lektor, Guðrún Geirsdóttir lektor, Steinunn Hrafnisdóttir dósent, Kristín Loftsdóttir prófessor og Svanur Kristjánsson prófessor. Fulltrúi nemenda var Vera Knútsdóttir.

Siðanefnd skipuðu Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (formaður), Ástríður Stefánsdóttir dósent KHÍ, Sigrún Júlíusdóttir prófessor, Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor, Jónína Einarsdóttir prófessor og Jakob Smári prófessor.

Starfsfólk

Í ársbyrjun 2008 voru fastráðnir kennarar 50, sem skiptust þannig: 19 prófessorar, 20 dósentar og 11 lektorar. Í hópi fastra kennara voru 24 konur og 26 karlar. Árið 1976 (við stofnun deildarinnar) voru kennararnir 11, þar af tvær konur. Auk fastra kennara kenna fjölmargir stundakennarar við deildina og nam kennsla þeirra um 25 þúsund vinnustundum. Þeir kenndu allt frá nokkrum fyrirlesturum og upp í eitt eða fleiri námskeið og undanfarin ár hafa verið gerðir á milli 700–800 stundakennslusamningar við deildina, ár hvert.

Breytingar á starfsliði fastráðinna kennara á árinu voru þær að Jóhanna Gunnlaugsdóttir, dósent í bókasafns- og upplýsingafræði, hlaut framgang í starf prófessors. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dósent í félagsfræði, hlaut framgang í starf prófessors. Jónína Einarsdóttir, dósent í mannfræði, hlaut framgang í starf prófessors. Freydís Freysteinsdóttir, lektor í félagsráðgjöf, var í launalaus leyfi. Indriði H. Indriðason dósent var í launalaus leyfi til 31. júlí en í 50% starfi frá 1. ágúst. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir prófessor var í launalaus leyfi.

Kennsla Grunnnám

Í Félagsvísindadeild var unnt að stunda þriggja ára nám sem lýkur með BA-prófi. Til BA-prófs eru kenndar eftirfarandi greinar: bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, félagsráðgjöf, mannfræði, sálfræði, stjórn málafræði, uppeldis- og menntunarfræði og þjóðfræði. Þessar greinar eru kenndar bæði sem aðalgreinar og aukagreinar nema félagsráðgjöf. Þá er boðið upp á diplómanám í tólmstundafræði í grunnnámi (45 e).

Atvinnulífsfræði, borgarfræði, fjölmiðlafræði, kynjafræði (í samvinnu við Hugvísindadeild), safnafræði (í samvinnu við Hugvísindadeild), almenn trúarbragðafræði (í samvinnu við Guðfræðideild og Hugvísindadeild), upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum og tólmstundafræði eru kenndar sem aukagreinar (30 e). Þá er í boði námsleið (20 e) í stjórn málafræði innan BA-náms. „Scandinavian Studies“ í samvinnu við University of Washington, Háskólann í Bergen og Háskólann í Lundi.

Bókasafns- og upplýsingafræði fyrir skólasafnverði (eins árs nám) er einnig kennd á vegum deildarinnar.

Til BA-prófs er krafist minnst 90 eininga. Annaðhvort skal nemandi ljúka 90 einingum í aðalgrein eða 60 einingum í aðalgrein og 30 einingum í aukagrein.

Að loknu BA-prófi var hægt að taka eftirfarandi nám í deildinni:

Framhaldsnám

Boðið var upp á fjölbreytt framhaldsnám við deildina, rannsóknatengt og starfs - miðað. Boðið er upp á meistaranám sem skipulagt er einstaklingsmiðað og/eða með námskeiðum. Auk þess er boðið upp á diplómanám á meistarastigi í nokkrum greinum við deildina. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum aðalgreinum deildarinnar ásamt kynjafræði. Það er hægt að hefja að loknu meistaranámi.

Meginvöxturinn í Félagsvísindadeild síðustu ár hefur verið í meistara- og doktorsnámi. Sá vöxtur er afleiðing markvissrar stefnumótunar. Uppbygging framhaldsnáms í deildinni hófst 1996 með kennslu til meistaraþrófs í uppeldis- og menntunarfræðum. Námið er alla jafna skipulagt sem tveggja ára nám og er lögð áhersla á rannsóknamiðað framhaldsnám. Tveggja ára meistaranám í opinberri stjórnsýslu og stefnumótun innan stjórn málafræðiskorar hófst haustið 1997. Námið var endurskoðað árið 2001 og lýkur nú með MPA-gráðu og er þverfræðilegt, hagnýtt og fræðilegt nám í opinberri stjórnsýslu fyrir þá sem lokið hafa a.m.k. BA- eða BS-námi í einhverri grein. Einnig er boðið upp á diplómanám (15 e) í opinberri stjórnsýslu.

Árið 1996 hófst einnig tveggja ára meistaranám í mati á skólastarfi innan uppeldis- og menntunarfræðiskorar. Á síðasta ári var unnt að stunda nám til MA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði (45 e), sem er starfsmiðað, á fjórum sviðum: fræðslustarf og stjórnun, mat og þróunarstarf, áhættuhegðun og forvarnir, auk sérskipulagðs framhaldsnáms. Þá var boðið upp á diplómanám (15 e) á sömu sviðum auk fullorðinsfræðslu.

Framhaldsnám í sálfræði, cand. psych. nám, hófst haustið 1999 og uppfyllir námið skilyrði laga nr. 40/1986, með síðari breytingum um rétt til að kalla sig sálfræðing. Þá er einnig hægt að stunda rannsóknatengt MA-nám í sálfræði. MA-nám í mannfræði (60 e) hófst haustið 2001 á fimm rannsóknasviðum.

Árið 2003 hófst kennsla í félagsfræði til MA-prófs (60 e) á rannsóknarsviðum greinarinnar. Þá hófst einnig MSW-nám í félagsráðgjöf (45 e) á sviði félagsráðgjafar. Árið 2004 hófst MA-nám í blaða- og fréttamennsku sem leysti af hólmi eins árs nám viðbótarnám í hagnýtri fjölmiðlun og MA-nám í náms- og starfsráðgjöf í stað eins árs viðbótarnáms í námsráðgjöf. Einnig hófst MLIS-nám það ár í bókasafns- og upplýsingafræði.

Árið 2005 hófst MA-nám eftirtöldum greinum: alþjóðasamskiptum, fötlunarfræði, kynjafræði og þróunarfræði. Þessar greinar eru einnig kenndar til diplómaprófs (15 e) sem nemendur geta fengið metið inn í meistaranám fái þeir inngöngu í það.

Frá og með haustinu 2005 var félagsráðgjöf kennd til BA-prófs (90 e) og MA-prófs til starfsréttinda (60 e) og tók þar með gildi ný námsskipan í námi í félagsráðgjöf. Áður var félagsráðgjöf kennd til 120 e til BA-prófs með starfsréttindum.

Nemendum í framhaldsnámi hefur fjölgað mjög og stunduðu 800 nemendur framhaldsnám á árinu 2008 (þar af 50 í doktorsnámi) eða tæplega 30% af skráðum nemendum. Á árunum 1995-2007 útskrifuðust 370 nemendur með meistaraþróf úr Félagsvísindadeild úr eftirfarandi greinum: alþjóðasamskiptum, blaða- og fréttamennsku, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, félagsráðgjöf, fötlunarfræði, kennslufræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, opinberri stjórn-sýslu, sálfræði, stjórn málafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þjóðfræði og þróunarfræði. Fimm nemendur hafa lokið doktorsnámi og var það í stjórn málafræði, mannfræði og uppeldis- og menntunarfræði.

Deildin átti einnig aðild að þverfræðilegu námi: MA-námi í umhverfis- og auðlindafræði, MA-námi í lýðheilsufræði og MA-námi í upplýsingatækni á heilbrigðissviði. Boðið var upp á fjarnám í framhaldsnámi í opinberri stjórn-sýslu í samvinnu við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og gátu nemendur lokið 15 eininga diplómanámi með því móti.

Doktorsvörn

Guðrún V. Stefánsdóttir varði doktorsritgerð sína „Ég hef svo mikið að segja“ Lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld, þann 6. júní. Leiðbeinandi Guðrúnar var Rannveig Traustadóttir prófessor og andmælendur við vörnina voru Berit H. Johnson og Annadís G. Rúdólfadóttir.

Rannsóknir

Kennarar í Félagsvísindadeild hafa á undanförunum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Rannsóknir þeirra hafa birst í sérstökum bókum, í íslenskum og alþjóðlegum fræðitimaritum og safnverkum.

Við deildina starfar Félagsvísindastofnun sem hefur það markmið að auka tengsl Háskólans við atvinnulífið og efla jafnframt fræðilegar rannsóknir í félagsvísindum.

Á árinu vann stofnunin að fjölmörgum rannsóknaverkefnum með fræðimönnum í Háskóla Íslands auk þjónustuverkefna fyrir opinberar stofnanir og einkaaðila. Reksturinn gekk vel og var hagnaður af rekstri í árslok.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu: Friðrik H. Jónsson, Ólafur Þ. Harðarson, Indriði Indriðason, Ágústa Pálsdóttir, Guðný Björk Eydal, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Gísli Pálsson, Stefán Ólafsson og Kristjana Stella Blöndal.

Rannsóknastofa um vinnuvernd, Rannsóknastofa um þróun menntamála, Rannsóknastofa um þjóðmál, Rannsóknastofa um fjölmiðlarannsóknir,



Rannsóknarsetur í fötlunarfræði, Mannfræðistofnun og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd, Rannsóknarsetur um lífshætti barna og ungmenna, Rannsóknasetur um kennarastarfið og skólaþróun, Rannsóknasetur í afbrotufræði, Rannsóknasetur um vinnuvernd og Rannsóknasetur um skatta starfa innan vébanda Félagsvísindastofnunar skv. 1. mgr. reglna um Félagsvísindastofnun Friðrik H. Jónsson, prófessor í sálfræði, var forstöðumaður stofnunarinnar.

Félagsvísindadeild á aðild að Alþjóðamálastofnun og hýsti hana, og átti aðild Rannsóknastofnu í kvenna- og kynjafræðum. Deildin átti aðild að Sjávarútvegsstofnun og Umhverfisstofnun. Þær stofnanir voru sameinaðar í Stofnun Sæmundar fróða árið 2005 og deildin átti aðild að henni.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála starfar við stjórn málafræðiskor. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Landspítali – háskólasjúkrahús. Stofnunin starfar í nánum tengslum við fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend, eftir því sem tilefni gefast. Meginmarkmið stofnunarinnar er að efla kennslu og rannsóknir í stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga. Stofnuninni er enn fremur ætlað að vera vettvangur umræðna um stjórn mála, stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, þar á meðal um hlutverk fjölmiðla og hagsmunahópa í opinberri stefnumörkun. Forstöðumaður stofnunarinnar var Margrét S. Björnsdóttir.

Kynningarmál

Deildin hefur gefið út kynningarbæklinga um allar námsgreinar í deildinni ásamt veggspjöldum og glærुकynningu. Sérstök handbók var einnig gefin út fyrir nemendur í framhaldsnámi. Deildin tók einnig þátt í námskynningu Háskóla Íslands 16. febrúar ásamt öðrum deildum háskólans. Haldin var sérstök kynning á framhaldsnámi í samvinnu við Guðfræðideild, Hugvísindadeild, Lagadeild og Viðskipta- og hagfræðideild 9. apríl í Háskólatorgi.

Þá voru haldnar sérstakar námskynningar í Odda fyrir stúdentsefni úr framhaldsskólum. Nemendur úr Félagsvísindadeild fóru einnig í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu með glærुकynningu og dreifðu veggspjöldum og bæklingum.

Félagsvísindadeild sendi inn umsókn um viðurkenningu á doktorsnámi sínu ásamt öðrum deildum á fræðasviðinu, í byrjun haustmisseris, sbr. 3. grein laga um háskóla nr. 63/2006 og reglur um viðurkenningu háskóla.

Haldnar voru reglubundnar málstofur á vegum uppeldis- og menntunarfræðiskorar, félagsráðgjafarskorar, og mannfræði- og þjóðfræðiskorar, sálfræðiskorar og stjórn málafræðiskorar.

Félagsvísindastofnun

Markmið og stjórnun

Félagsvísindastofnun hefur starfað frá árinu 1986. Markmið stofnunarinnar er að efla félagsvísindi á Íslandi með því að annast hagnýtar og fræðilegar rannsóknir, auk þess að kynna almenningi nytsemd rannsókna á sviði félagsvísinda. Stjórn Félagsvísindastofnunar skipa Friðrik H. Jónsson stjórnarformaður stofnunarinnar og fulltrúi sálfræðiskorar, Ágústa Pálsdóttir, fulltrúi bókasafns- og upplýsinga - fræðiskorar, Gísli Pálsson, fulltrúi mannfræðiskorar, Guðný Eydal, fulltrúi félags - ráðgjafarskorar, Gunnar Helgi Kristinsson, fulltrúi stjórn málafræðiskorar, Ólafur Þ. Harðarson, deildarforseti Félagsvísindadeildar, Sigrún Aðalbjarnardóttir, fulltrúi uppeldis- og menntunarfræðiskorar, Stefán Ólafsson, fulltrúi félagsfræðiskorar og Andrea G. Dofradóttir, fulltrúi starfsmanna Félagsvísindastofnunar.

Fjármál

Árið 2008 var velta Félagsvísindastofnunar rúmar 90 m. kr. Til viðbótar veltu rannsóknastofur sem starfa undir stofnuninni um 90 m. kr. Heildarvelta á starfsemi sem heyrir undir Félagsvísindastofnun var því um 180 milljónir króna á árinu 2008. Fimmta árið í röð skilaði stofnunin hagnaði af rekstri og var skuldlaus við Háskólann um áramót.

Félagsvísindastofnun hefur þá sérstöðu meðal rannsóknastofnana Háskóla Íslands að fá enga fjárveitingu frá hinu opinbera, hvorki til rannsóknastarfa né fyrir stöðuheimildir starfsmanna. Stofnunin hefur líkt og fyrri ár, að mestu leyti

fjármagnað starfsemi sína með því að aðstoða kennara Félagsvísindadeildar við rannsóknir sínar og sinna einstaka hagnýtum þjónusturannsóknum fyrir aðila utan Háskólans. Einnig hefur stofnunin notið styrkja til fræðilegra rannsóknarverkefna, svo sem frá Umhverfis- og orkurannsóknarsjóði Orkuveitu Reykjavíkur, menntamálaráðuneytinu, Rannsóknarráði Íslands og Evrópusambandinu. Stofnunin fjármagnar sjálf allan tækjabúnað og rekstrarkostnað sinn.

Gagnasöfn

Sem fyrr sinnir stofnunin hagnýtum þjónusturannsóknum samhliða öflun gagna fyrir fræðilegar rannsóknir. Félagsvísindastofnun hefur byggt upp viðamikil gagnasafn með upplýsingum um velferðarmál, menntamál, kjaramál, húsnæðismál, atvinnumál, byggðamál, neysluhætti, fjölskyldumál, menningu og almenn þjóðmál. Gögnin ná til upplýsinga um aðstæður, skilyrði og viðhorf fólks og þar á meðal eru gögn sem aflað hefur verið reglubundið um árabíl, t.d. ýmsar upplýsingar um atvinnu, menntun, tekjur, fylgi stjórnmálaflokka og þjóðmál.

Félagsvísindastofnun hefur tekið þátt í fjölþjóðlegu rannsóknastarfi á síðustu árum, t.d. á sviði lífskjara- og velferðarrannsókna og rannsókna á lífsgildum og viðhorfum. Stofnunin hefur aðgang að gögnum um lífsskoðun og viðhorf frá rúmlega 40 löndum og gögnum um lífskjör og lífshætti alls staðar að af Norðurlöndum.

Stofnunin hefur eins gert rannsóknir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir, hagsmunasamtök og almenn félagssamtök, einstaka rannsóknamenn og fyrir fjölda fyrirtækja. Hagnaði af starfsemi er varið til að kosta fræðilega gagnaöflun og til að byggja upp tækjabúnað og hugbúnað.

Stofnunin hefur veitt aðstoðu og haft samstarf við félagsvísindafólk sem vinnur að sjálfstæðum rannsóknum. Allmargir meðlimir Félagsvísindadeildar hafa notað sér þjónustu stofnunarinnar síðustu ár og nokkrir hafa einnig haft umsjón með verkefnum á vegum hennar.

Rannsóknir

Viðamestu rannsóknarverkefni Félagsvísindastofnunar árið 2008 voru kannanir á launakjörum einstakra stéttarféлага auk rannsókna á kynbundnum launamun. Á árinu var gerð úttekt á stöðu neytendamála á Íslandi. Unnið var að langtímarannsókn á námsframvindu nemenda og skilvirkni framhaldsskóla. Þá kom stofnunin að rannsókn á málefnum fjölskyldunnar og forsjá barna eftir skilnað. Aðstæður og viðhorf innflytjenda voru könnuð sem og hagir gigtveikra á Íslandi. Mánaðarleg samantekt var gerð á sölu bóka yfir árið 2008 fyrir Morgunblaðið, auk smærri kannana og verkefna fyrir fjölmarga aðila. Stofnunin tók að sér nokkur matsverkefni á árinu, bæði evrópsk og innlend, sem og þjónustu- og viðhorfskannanir fyrir stofnanir og fyrirtæki.

Námskeið

Félagsvísindastofnun, í samstarfi við sálfræðiskor, keypti árið 1999 einkarétt á Íslandi til að halda námskeið sem nefnast SOS! Hjálp fyrir foreldra. Á þessum námskeiðum er fólk þjálfað í því að nota ýmsar meginreglur atferlisfræði við uppeldi barna. Á árinu 2008 voru 19 námskeið haldin fyrir foreldra og starfsfólk leikskóla og grunnskóla.

Rannsóknastofur

Nokkrar rannsóknastofur (rannsóknasetur) starfa í tengslum við Félagsvísindastofnun. Þessi setur eru ýmist rekin af skorum í Félagsvísindadeild eða af einstökum kennurum í deildinni. Á árinu 2008 var velta þessara stofa um 90 milljónir króna. Virkustu rannsóknastofurnar árið 2008 voru: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd (félagsráðgjafaskor), Þjóðmálastofnun (Stefán Ólafsson), Rannsóknasetur í fötlunarfræðum (Rannveig Traustadóttir og Hanna Björg Sigurjónsdóttir), Rannsóknastofa í vinnuvernd (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir) og Rannsóknastofa um menntakerfi (Jón Torfi Jónasson).

Starfsfólk

Starfslið Félagsvísindastofnunar í reglubundnu starfi árið 2008 var sem hér segir: Andrea G. Dofradóttir, Auður Magnús Leiknisdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Einar Mar Þórðarson, Fanney Þórsdóttir, Guðlaug J. Sturludóttir, dr. Gunnar Þór Jóhannesson, Heiður Hrunn Jónsdóttir, Hólmfríður Ósk Arnalds, Kristín Erla Harðardóttir, Kristjana Stella Blöndal, Olga Árnadóttir og Ragna Benedíkta Garðarsdóttir.

Veffang Félagsvísindastofnunar er: www.felagsvisindastofnun.is.

Brautskráðir stúdentar í Félagsvísindadeild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Bókasafns- og upplýsingafræði BA	2	13	15	1	16	17	1	10	11
Starfsréttindi í bókasafns- og upplýsingafræði viðbótarnám				0	1	1			
Skólasafnverðir viðbótarnám									
Bókasafns- og upplýsingafræði MLIS	2	7	9	2	4	6	1	2	3
Bókasafns- og upplýsingafræði viðb.nám						1	0	1	
Sálfræði BA/BS	17	47	64	21	60	81	16	69	85
Sálfræði MA/MS	1	1	2				1	1	2
Sálfræði cand.psych.	3	8	11	0	11	11	2	13	15
Uppeldis- og menntunarfræði BA	3	19	22	1	24	25	2	20	22
Uppeldis- og félagsstarf diplóma				0	1	1	0	2	2
Uppeldis- og menntunarfræði viðbótarnám	0	4	4	0	5	5	0	5	5
Uppeldis- og menntunarfræði doktorspróf						0	1	1	
Dipl. Ed.									
Kennsluréttindanáms	23	39	62	19	41	60	6	37	43
Kennsluréttindi MA				0	2	2			
Kennslufræði MA	0	4	4	0	1	1	1	3	4
Fötlunarfræði viðbótarnám				0	6	6	0	4	4
Fötlunarfræði MA	0	7	7	0	2	2	0	2	2
Uppeldis- og menntunarfræði MA	1	8	9	1	10	11	2	7	9
Uppeldis- og menntunarfræði doktorspróf	0	1	1				0	1	1
Félagsfræði BA	8	21	29	12	36	48	14	33	47
Félagsráðgjöf BA	3	19	22	0	35	35	2	64	66
Námsráðgjöf viðbótarnám									
Náms- og starfsráðgjöf viðbótarnám	1	21	22	0	21	21	0	43	43
Náms- og starfsráðgjöf MA	0	7	7	0	13	13	0	5	5
Hagnýt fjölmiðlun viðbótarnám	0	1	1	0	2	2			
Kynjafræði viðbótarnám				0	1	1			
Kynjafræði MA				0	1	1			
Hagnýt jafnréttisfræði viðbótarnám							0	2	2
Blaða- og fréttamennska MA	1	5	6	3	5	8	1	4	5
Félagsfræði viðbótarnám				2	2	4	0	2	2
Félagsráðgjöf viðbótarnám/starfsr	0	7	7	0	8	8	2	12	14
Félagsfræði MA	2	1	3	1	2	3	1	8	9
Félagsráðgjöf MA	0	2	2	0	1	1	0	3	3
Félagsráðgjöf MSW	0	5	5	0	2	2	0	2	2
Mannfræði BA	2	16	18	5	22	27	2	19	21
Mannfræði MA	2	7	9	0	4	4	2	2	4
Mannfræði doktorspróf	1	0	1	1	0	1			
Þjóðfræði BA	2	11	13	4	3	7	0	3	3
Þjóðfræði MA	1	0	1	0	1	1	0	1	1
Þróunarfræði viðbótarnám				0	2	2	0	1	1
Þróunarfræði MA							2	3	5
Umhverfisfræði MA									
Stjórn málafræði BA	16	22	38	19	16	35	16	21	37
Stjórn málafræði MA	0	1	1	0	1	1	1	0	1
Stjórn málafræði doktorspróf							1	0	1
Alþjóðasamskipti viðbótarnám	0	2	2	0	2	2	3	6	9
Alþjóðasamskipti MA				1	2	3	9	13	22
Opinber stefnumótun og stjórnsýsla MA									
Opinber stjórnsýsla viðbótarnám	6	12	18	4	8	12	4	22	26
Opinber stjórnsýsla MPA	10	12	22	4	14	18	9	14	23
Sjávarútvegsfræði MA				0	1	1			
Samtals	107	330	437	101	388	489	102	461	563

Fjárveitingar og útgjöld Félagsvísindadeildar 2006-2008 (þús. kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	503.585	570.364	659.421
Fjárveitingar	490.464	581.711	750.632

Mannfræðistofnun

Hlutverk og stjórnun

Hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir á sviði félagslegrar og líffræðilegrar mannfræði. Þetta er gert með því að samhæfa mannfræðirannsóknir á vettvangi Háskóla Íslands og stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila í mannfræði og skyldum greinum. Hlutverk stofnunarinnar er einnig að stuðla að útgáfu og kynningu mannfræðirannsókna sem og að halda fyrirlestra og ráðstefnur um mannfræðilegt efni.

Stjórn Mannfræðistofnunarinnar skipa Unnur Dís Skaptadóttir prófessor, sem formaður, Gísli Pálsson prófessor og Kristín Loftsdóttir prófessor. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar er Kristín E. Harðardóttir og er hún jafnframt doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild. Auk þess er við stofnunina einn rannsóknastöðustyrkþegi frá RANNÍS, Gunnar Þór Jóhannesson með verkefnið Ferðaþjónusta á jaðrinum: Tilurð og mótun ferðaþjónustu á Íslandi. Stofnunin er hluti af Félagsvísindastofnun og er til húsa í Gimli.

Starfsemi

Mannfræðistofnun var stofnsett árið 1974. Hún heyrði upprunalega undir háskólaráð en var formlega færð undir Félagsvísindastofnun sem faglega sjálfstæð eining árið 2002. Engin formleg starfsemi var á vegum stofnunarinnar á árunum 2002 til 2005, en í árslok 2005 var stofnunin endurvakin með ráðningu framkvæmdastjóra. Stofnunin stendur fyrir fyrirlesturum með námsbraut í mannfræði sem haldnir hafa verið nokkuð reglulega. Meginverkefni stofnunarinnar er að sækja um fjárstyrki til rannsókna og skipuleggja ráðstefnur og kynningar á mannfræði.

Helstu verkefni Mannfræðistofnunar 2008 voru:

- Stofnunin stóð fyrir fyrirlesturum á árinu með eftirtöldum fyrirlesurum: Rhacel Salazar Parrenas, prófessor við háskólann í Kaliforníu í Bandaríkjunum; Mark Nuttall, prófessor við háskólann í Alberta í Kanada; Nurit Bird-David, dósent við háskólann í Haifa í Ísrael; Paul Jim Roscoe, prófessor, við háskólann í Maine í Bandaríkjunum og Heidi Sjetne Lund, doktorsnemi við Dýralæknaháskólann í Noregi.
- Stofnunin skipulagði eina ráðstefnu á árinu í samstarfi við Hugvísindastofnun: Strúktúralismi á tímamótum: aldarafmæli Claude Lévi-Strauss. Ráðstefna þessi var haldin í tilefni af aldarafmæli franska mannfræðingsins Claude Lévi-Strauss. Hann er talinn einn helsti kenningasmiður síðustu aldar. Ráðstefna þessi var haldin með aðstoð sendiráða Frakklands og Kanada og rektors Háskóla Íslands. Hingað komu til landsins í tengslum við ráðstefnuna tveir erlendir fræðimenn til að halda lykilerindi, þau Philippe Descola, sem tók við embætti Lévi-Strauss við College de France, og Margaret Lock, prófessor við McGill-háskóla í Kanada. Auk þeirra voru eftirtaldir íslenskir fræðimenn með erindi: Pétur Gunnarsson, rithöfundur; Kristín Loftsdóttir, prófessor; Gísli Pálsson, prófessor; Sigurjón B. Hafsteinsson; Torfi H. Tulinius, prófessor.
- Innflytjendur á Íslandi: réttindi, þátttaka, viðurkenning og virðing. Forsvarsmenn rannsóknarstofnunarinnar vinna að verkefninu sem er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands, Mannfræðiskorar Háskóla Íslands og Fjölmenningarseturs. Verkefnið hefur verið styrkt af félagsmálaráðuneytinu, og Evrópusambandinu sem hluti af framlagi til Árs jafnra tækifæra fyrir alla og er einnig styrkt af fyrrnefndum stofnunum. Þátttakendur frá Mannfræðistofnun eru, auk þriggja BA-nema, fimm meistaranemar og einn doktorsnemi, Unnur Dís Skaptadóttir prófessor, Kristín E. Harðardóttir framkvæmdastjóri og Kristín Loftsdóttir dósent.
- Lífsöfn á Íslandi er samstarfsverkefni Gísla Pálssonar prófessors og Kristínar E. Harðardóttur framkvæmdastjóra. Rannsóknin tengist þverfræðilegu og fjölpjórðlegu verkefni þar sem bæði eru lögð drög að einhverju umfangsmesta fjölpjórðlegu lífsafni sem um getur (Biological Research Center, Medical University Graz) og borin eru saman lífsöfn í ýmsum löndum, m.a. Austurríki, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Japan, Ástralíu og Íslandi.
- Stofnun styrkti á árinu rannsóknaverkefnið Hvað gera mannfræðingar? Rannsókn á störfum mannfræðimenntaðra Íslendinga. Unnið af Agli Þór Nielsyni og Eddu Jónsdóttur.
- Stofnun styrkti væntanlega útgáfu Kristínar Loftsdóttur á bók úr rannsóknarverkefni hennar Ímyndir Afríku, sem stefnt er að komi út hjá Háskólaútgáfunni.

- Stofnun tók þátt í nokkrum alþjóðlegum og innlendum rannsóknastyrks - umsóknum, sem vonandi eiga eftir að skila afrakstri. Nefna má þar helst GEN-AU, Genomforschung in Österreich; NORFACE og NORA, Nordisk Atlandsamarbejd með ýmsum innlendum og erlendum samstarfsaðilum.
- Stofnunin var í samstarfi við námsbraut í mannfræði og námsbraut í ferðamála- og landfræði við Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Rannsóknarsetur um innflytjendamál og fjölmenningu, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, sendiráð Frakklands og Kanada, Hugvísindastofnun, Fjölmenningarsetur, félags- og tryggingaráðuneytið auk erlendra samstarfsaðila.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Í reglum sem samþykktar voru í Félagsvísindadeild Háskóla Íslands þann 27. maí, 2002 segir í 1. gr.: „Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnum opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga og vettvangur umræðna um stjórnmál og stjórnsýslu.“ Lýsir þessi 1. grein þrýðilega megingilgangi stofnunarinnar. Í stjórn hennar sitja: Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, formaður, aðrir stjórnarmenn Baldur Þórhallsson prófessor, Helga Jónsdóttir bæjarstjóri Fjarðabyggð, Magnús Pétursson ríkissáttasemjari, Ólafur P. Harðarson prófessor og Trausti Fannar Valsson lektor. Forstöðumaður er Margrét S. Björnsdóttir. Stofnunin hefur aðsetur í Odda, félagsvísindahúsi Háskólans.

Samstarfsvettvangur, samstarfsaðilar

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að hafa samstarf við sem flesta er láta sig umbætur, þróun, fræðslu og rannsóknir á opinberri stjórnsýslu varða. Stofnunin er formlega rekin í samstarfi við Reykjavíkurborg og Landspítala – háskóla-sjúkrahús, auk þess sem stofnunin hefur víðtækt samstarf við fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend, eftir því sem tilefni gefast til. Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórnmálafræðum og í gegnum stofnunina eru þeir í samstarfi við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, svo sem embætti umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðun, forsætis-, fjármála- og utanríkisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, erlend sendiráð, ýmsar opinberar stofnanir og ráðgjafarfyrirtæki sem vinna með opinberum aðilum.

Meistaránám í opinberri stjórnsýslu

Þróun námsins með sérhæfingarmöguleikum á ellefu fagsviðum Háskóla Íslands. Frá upphafi hefur eitt meginverkefna stofnunarinnar verið að styðja við, efla og þróa meistaránám í opinberri stjórnsýslu. Hefur nemendafjöldi margfaldast á tímabilinu og eru nú um 200 manns sem stunda námið, þar af um 40 fjarnemar sem búa víðs vegar um landið og nokkrir erlendis. Nemendurnir hafa margir mikla starfsreynslu, koma af flestum fagsviðum hins opinbera, úr ráðuneytum, stofnunum og skólum, sveitarfélögum og þeirra undirstofnunum, úr félags- og stjórnmálum, frá sjálfböðasamtökum og aðilum sem starfa í tengslum við ríki og sveitarfélög. Þeir eru forstöðumenn stofnana, millistjórnendur og sérfræðingar. Á árinu 2008 var unnið umtalsvert þróunarstarf sem fólst í því að þróa í samstarfi við aðrar deildir og námsbrautir Háskólans og bjóða upp á ellefu sérhæfingarmöguleika. Auk almenns náms í opinberri stjórnun og stjórnsýslu býðst nemendum því að nýta sér þá miklu breidd og styrk sem býr í Háskóla Íslands. Þeir MPA-nemar sem það kjósa geta sérhæft sig á eftirfarandi sviðum: umhverfisstjórnun, lýðheilsuvísindum, stjórnun menntastofnana, stjórnsýslurétti, umhverfis- og auðlindarétti, þjóðarétti, Evrópurétti, viðskipta- og skattarétti, alþjóðasamskiptum, hagnýtum jafnréttisfræðum og upplýsingastjórnun og rafrænum samskiptum. Aðrir sem kjósa hina almennu námsbraut án sérhæfingar geta sótt valnámskeið á ofangreindum sviðum.

Félag stjórnsýslufræðinga

Í tengslum við meistaránám stjórnmálafræðiskorar í opinberri stjórnsýslu, sem hefur verið eitt meginverkefna stofnunarinnar frá upphafi, var stofnað fagfélag háskólamenntaðs fólks á sviði stjórnsýslufræða. Voru það útskrifaðir nemendur sem í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða beittu sér fyrir stofnun þess. Félagið vill m.a. stuðla að eflingu og kynningu hagnýtrar menntunar og rannsókna í stjórnsýslufræðum og skyldum fræðigreinum auk endurmenntunar og fræðslu

meðal félagsmanna sinna. Árlega stendur félagið í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða að tveimur til fjórum opnum viðburðum.

Málþing, opnir fyrirlestrar og endurmenntunarnámskeið á árinu 2008

Annað meginverkefni stofnunarinnar sl. sex ár hefur verið að skapa vettvang umræðu og fræðslu um viðfangsefni stjórnsýslu og stjórn mála fyrir fag- og áhugafólk um stjórnsýslu og stjórn mála. Á starfstíma stofnunarinnar hefur verið haldinn mikill fjöldi opinna fyrirlestra, málþinga og námskeiða, m.a. í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir, ráðgjafafyrirtæki og samtök. Á árinu 2008 sóttu alls um 2.000 manns þessa viðburði: sex námskeið með alls um 230 þátttakendum, tíu málþing með um 1.350 þátttakendum, fjóra opna viðburði tengda MPA-náminu og útkomu tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýsla, sem alls um 120 manns sóttu og fimm opna fyrirlestra sem um 370 manns sóttu.

Stjórn mála og stjórnsýsla – Veftímarit www.stjornmalogstjornsysla.is

Eitt af hlutverkum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að stuðla að rannsóknum og faglegri sem fræðilegri umræðu um íslenska stjórnsýslu og stjórn mála. Lengi hafði vantað vettvang á Íslandi til að birta fræðilegt efni um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin ákvað því á árinu 2005 að stofna slíkan vettvang með veftímaritinu. Megintilgangur tímaritsins er að gefa út og gera öllum aðgengilegt fræðilegt og faglegt efni um íslensk stjórn mála og stjórnsýslu með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla umræðu á þessu sviði. Tímaritið er öllum opið á Netinu og í lok hvers útgáfuárs er hægt að fá prentaða útgáfu af ritrýndu efni fyrir þá sem þess óska. Öll helstu bókasöfn eru áskrifendur og eintök fást til sölu í bókabúðum. Í tímaritinu og á vefsvæðinu eru eftirtaldir efnisflokkar: ritrýndar fræðigreinar, greinar almenns eðlis um stjórn mála og stjórnsýslu, bóka-dómar, útdrættir úr lokaritgerðum MPA-nema, stjórn mála- og stjórnsýslufræð-ingatal, upplýsingar um opna fundi, námskeið og málþing, ásamt tenglum er varða fagsvið stjórn mála og stjórnsýslufræða, s.s. fræðitímarit sem aðgengileg eru á vefnum, samtök stjórn málafræðinga o.fl. Félag stjórn málafræðinga og Félag stjórnsýslufræðinga hafa heimasvæði sitt á vefnum.

Ritstjórar efnis eru þau Arnar Þór Mátsson stjórn málafræðingur, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði og Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður, en vefritstjóri er Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur.

Stærri rannsókn- og þróunarverkefni

Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana

Frá miðju ári 2006 hefur Ómar H. Kristmundsson dósent við stjórn málafræðiskor stjórnað viðamiklu rannsóknarverkefni á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana. Kynningu á niðurstöðum lauk á árinu 2008, en áfram er haldið úrvinnslu úr gögnunum sem safnað var. Umfangsmikil eftirfylgni á sér nú stað af hálfu bæði fjármálaráðuneytisins og annarra fagráðuneyta, svo og stofnananna sjálfra. Enn fremur var samin og gefin út Handbók um stjórnunarmat, sem er tæki fyrir stofnanir til eftirfylgni á rannsókninni. Handbókin er aðgengileg á Netinu, en einnig heldur Stofnun stjórnsýslufræða a.m.k. tvisvar á ári námskeið þar sem farið er yfir hvernig nota má bókina. Rannsóknin var samvinnuverkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, fjármálaráðuneytis og ParX, viðskiptaráðgjafar IBM.

Rannsóknin beindist að stjórnun ríkisstofnana, þar á meðal mannauðs- og fjármálastjórnun, launaákvörðunum og samskiptum stofnana við ráðuneyti. Einnig náði hún til upplýsingamiðlunar innan stofnana, vinnubragða, samskipta og starfsánægju og þjónustu stofnana. Alls tóku 144 stofnanir þátt í rannsókninni og um 10.000 ríkisstarfsmenn.

Íbúalýðræði: Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaganna – 2008-2010

Þetta verkefni var sett af stað í tilefni af fimm ára starfsafmæli stofnunarinnar. Um er að ræða þriggja ára rannsóknar- og þróunarverkefni í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, með styrkjum frá Orkusjóði OR, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rannís, Háskóla Íslands og Landsbankanum. Spurt er:

Hvernig má þróa og ná sátt um aðferðafræði íbúapátttöku við lausn deilumála, sem stuðlað getur að samstöðu og um leið styrkt félagsauð sveitarfélaga? Í rannsókninni, sem mun ná til 22 stærstu sveitarfélaga landsins þar sem 89% landsmanna búa, verður í fyrsta skipti tekin saman reynsla íslenskra sveitarfélaga af íbúalýðræði bæði almennt, en einkum á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Lærdómar verða dregnir af reynslunni sem geta stuðlað að markvissari aðferðafræði sveitarfélaganna við samráð við íbúana í framtíðinni, bæði á þessum sviðum og öðrum.

Í tengslum við rannsóknina eru reglulega haldin málþing og opnir fundir um lýðræði og ný form þess. Stjórnandi rannsóknarinnar er Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.

Erlent samstarf á árinu 2008

Mikilvægt er á hverjum tíma að veita til Íslands alþjóðlegum straumum og stefnum í stjórnsýslu og stjórnmálum. Við þetta er lögð sérstök rækt í Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands og eru þau aðilar að margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Á hverju ári koma einnig til landsins erlendir fyrirlesarar frá háskólum, úr stjórnsýslu og stjórnmálum, sem halda opna fyrirlestra fyrir nemendur, kennara og fagfólk úr íslenskri stjórnsýslu og stjórnmálum.

Fjármögnun stofnunarinnar

Föst framlög samstarfsaðila stofnunarinnar hafa árlega verið 3,6 m.kr til og með ársins 2008. Til viðbótar þarf að afla árlega a.m.k. 8 m.kr. til fasts kostnaðar, auk fjármögnunar allra einstakra verkefna stofnunarinnar. Það tókst á árinu 2008.



Guðfræðideild og stofnanir hennar

Starfsfólk

Þær breytingar urðu í kennaraliði Guðfræðideildar að Sólveig Anna Bóasdóttir var ráðin lektor í guðfræðilegri siðfræði frá 1. september 2008 að telja. Ráðningin er mikið fagnaðarefni þar sem deildin hefur um árabil ekki haft föstum kennara á að skipa á þessu mikilvæga fræðasviði. Þá er gleðiefni að konum hefur nú fjölgað í röðum kennara. Þá hlaut Arnfríður Guðmundsdóttir framgang á árinu úr stöðu dósentis í stöðu prófessors.

Skipan náms í Guðfræðideild

Sú námsskipan er nú orðin föst í sessi að stúdentar deildarinnar ljúka BA-prófi (180 ein.) og eiga síðan kost að halda áfram námi annaðhvort með hefðbundnu námi til embættisprófs eða MA-námi með sérhæfingu á einhverju ákveðnu fræðasviði guðfræðinnar. Sá sem lýkur embættisprófi í guðfræði ber í framtíðinni lærdómstítilinn magister theologiae (mag. theol.). Stúdentar innritaðir fyrir haustið 2007 munu þó ljúka embættisprófi með titlinum cand. theol. Í nokkur ár hefur verið boðið upp á þverfaglegt nám í almennri trúarbragðafræði við deildina sem 60 ein. aukagrein til BA-prófs. Að náminu standa Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Sagnfræði- og heimspekideild, Félags- og mannvísindadeild og Stjórn- málafræðideild. Hefur þetta gefið góða raun. Standa vonir til að hægt verði að auka þetta nám enda er mikið um það spurt meðal stúdenta. Ástæða er til að ætla að þarna liggja einn helsti vaxtarbroddur Guðfræðideildar sem ber heitið Guðfræði- og trúarbragðafræðideild frá 1. júlí 2008 að telja. Auk þess náms sem hér hefur verið talið eru í boði nám til doktorsprófs í guðfræði og djáknanám (180 ein. fyrir nýstúdenta en 60 ein. fyrir þá sem hafa háskólapróf á tileknum sviðum). Standa vonir til að mögulegt verði að efla þessar námsleiðir í framtíðinni enn frekar.

Á árinu fékk deildin ásamt öðrum deildum Hugvísindasviðs viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á meistara- og doktorsnámi á sínu sviði í framhaldi af sams konar viðurkenningu á grunnnámi árið áður.

Nefndir og stjórnir

Kennarar Guðfræðideildar eiga sæti í ýmsum nefndum og stjórnunum á vegum þjóðkirkjunnar. Má þar nefna stjórn Leikmannaskóla þjóðkirkjunnar, kenn- ingarnefnd, sálmabókarnefnd og helgisiðanefnd. Þá á deildin fulltrúa á kirkjuþingi og fulltrúi Háskóla Íslands í skólaráði Skálholtsskóla er tilnefndur af deildinni í umboði rektors. Þá eru kennarar virkir í ýmsum rannsóknaverkefnum eins og nánar kemur fram í ársskýrslu Guðfræðistofnunar.

Samstarfssamningur við þjóðkirkjuna

Á prestastefnu í apríl 2007 var undirritaður samstarfssamningur milli biskups Íslands og Guðfræðideildar sem felur í sér að biskupsembættið muni á samningstímanum kosta fjórðung úr starfi lektors í lítúrgískum fræðum eins og verið hefur undanfarin ár en samstarf verði auk þess tekið upp á sviði starfsþjálfunar og símenntunar presta og djákna. Á grundvelli samningsins hafa verið haldin tvö símenntunarnámskeið og starfsþjálfun verið endurskoðuð. Er miðað við að stúdentar innritaðir haustið 2007 muni hljóta starfsþjálfun samkvæmt hinni nýju skipan.

Rannsóknarvirkni

Rannsóknarvirkni kennara við Guðfræðideild er yfir meðallagi miðað við Háskólann í heild þótt nokkurra sveiflna gæti í því efni þar sem verk bíða oft útgáfu milli ára. Flestir kennaranna eru prófessorar og meirihlutinn í háum flokki. Þess er einnig skammt að bíða að fleiri úr kennarahópnum fái framgang í stöðu dósentis.

Guðfræðistofnun

Skipulag og stjórn

Sú breyting varð á stjórn Guðfræðistofnunar á árinu að stud. theol. Stefán Einar Stefánsson tók sæti fulltrúa stúdenta í stað Árna Svans Daníelssonar. Fulltrúar kennara eru sem áður Einar Sigurbjörnsson prófessor, Gunnlaugur A. Jónsson

prófessor og Pétur Pétursson prófessor. Forstöðumaður er Einar Sigurbjörnsson. Um mitt ár var skipulagi Háskóla Íslands breytt í grundvallaratriðum og Guðfræðideild, sem nú heitir Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, varð hluti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Þessar skipulagsbreytingar munu hafa í för með sér að Guðfræðistofnun mun færast undir regnhlíf Hugvísindastofnunar sem ein af kjarnastofnunum hennar.

Trúarbragðastofa

Stjórn Trúarbragðastofu, sem jafnframt er námsnefnd um þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafræðum, skipa Pétur Pétursson prófessor, formaður, Terry Gunnell dósent og Sigríður Þorgeirsdóttir dósent. Stjórn Trúarbragðastofu hlaut á árinu styrk frá rektor til að ráða starfsmann í hlutastarf og réð til þess Bjarna Randver Sigurvinsson doktorsnema.

Framhaldsnám

Framhaldsnám í guðfræði heyrir undir Guðfræðistofnun og eru fulltrúar kennara í stjórn hennar jafnframt rannsóknanámsnefnd Guðfræðideildar. Alls eru 18 kándídatar innritaðir í framhaldsnám í guðfræði, sex til doktorsprófs og tólf til MA-prófs.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Í ritstjórn Ritraðar Guðfræðistofnunar sitja Pétur Pétursson prófessor, Gunnlaugur A. Jónsson prófessor og Sólveig Anna Bóasdóttir lektor í guðfræðilegri siðfræði, sem gegnir starfi ritstjóra. Á árinu komu út 26. og 27. hefti. 20 ár eru liðin frá því útgáfa Ritraðar Guðfræðistofnunar hófst og var í 27. heftinu birt skrá yfir allt birt efni í Ritróðinni frá 1988.

Málstofur og málþing

Guðfræðistofnun og Trúarbragðastofa gengust fyrir níu málstofum á árinu og að auki átti Guðfræðistofnun aðild að tveimur málþingum. Hið fyrra var haldið dagana 3.-5. maí og bar yfirskriftina Dómsdagsmyndin á Hólum og Völuspá. Síðara málþingið var haldið 30. nóvember og var helgað minningu prófessors Haraldar Níelssonar en þann dag voru liðin 140 ár frá fæðingu hans. Yfirskrift þess málþings var: Haraldur Níelsson – Trúmaður á tímamótum.

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi sem var haldið dagana 4. og 5. apríl 2008. Yfirskrift þess var „...fræðimenn búa til gátur“. Guðfræðistofnun og Trúarbragðastofa gengust fyrir málstofu er bar yfirskriftina: Trú, menning, samfélag og að auki áttu starfsmenn Guðfræðistofnunar aðild að öðrum málstofum.

Símenntunarnámskeið

Guðfræðideild og íslenska þjóðkirkjan gerðu með sér samning um endurmenntunar- og símenntunarnámskeið fyrir presta og djákna. Guðfræðideild fól Guðfræðistofnun vinnu við skipulag þeirra námskeiða og situr Pétur Pétursson, fulltrúi stofnunarinnar, í nefnd um símenntun ásamt fulltrúum Biskupsstofu, Prestafélags Íslands, Djáknafélags Íslands og rektor Skálholtsskóla. Fyrsta símenntunarnámskeiðið var haldið á árinu. Það var í umsjón prófessors Gordon Lathrops frá Bandaríkjunum og fjallaði um guðfræði guðspjónustunnar.

Rannsóknir

Starfsmenn Guðfræðistofnunar eiga aðild að alþjóðlegu samstarfi guðfræðinga, einkum norrænna.

Fjárveitingar og útgjöld Guðfræðideildar 2006-2008 (þús.kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	51.796	58.712	68.170
Fjárveiting	47.965	52.096	75.079

Brautskráðir stúdentar í Guðfræðideild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Guðfræði	3	4	7	1	4	5	4	1	5
Guðfræði BA	5	4	9	3	15	18	3	10	13
Guðfræði MA	1	1	2	2	3	5	1	0	1
Djóknanám BA	0	2	2	0	6	6			
Djóknanám viðbótarnám	0	2	2	1	3	4	1	9	10
Samtals	9	13	22	7	31	38	9	20	29

Hjúkrunarfræðideild og stofnanir hennar

Almennt yfirlit og stjórn

Í árslok 2008 störfuðu við Hjúkrunarfræðideild 10 próffessorar, sex dósentar, 14 lektorar, tveir í 50% stöðum nýrra aðjunktá og 18 aðjunktur samkvæmt gamla laginu. Sjö einstaklingar höfðu þá hlotið akademíska nafnbót við deildina, auk þess sem um 360 stundakennarar komu að kennslu við deildina á árinu. Á skrifstofu deildarinnar störfuðu sex starfsmenn. Samtals voru stöðugildi fastráðinna kennara 25,16, en stöðurgildi við stjórnarsýslu deildarinnar 4,9 og 0,5 við verknámsstofu deildarinnar.

Undir lok árs lét Þórana Elín Dietz af störfum við deildina og hóf störf á miðlægrri skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs. Þórana hafði leyst Rósu Guðrúnu Bergþórsdóttur skrifstofu- og rekstrarstjóra af í leyfi hennar og sneri Rósa aftur til fyrri starfa að því loknu. Einnig lét Kristín Jónasdóttir verkefnisstjóri af störfum við deildina. Ekki var ráðið í hennar starf en stefnt er að því að stjórnskipulagsbreytingar sem urðu um mitt árið muni létta störf deilda til lengri tíma litið.

Kennslumál

Á árinu 2008 brautskráðust alls 68 nemar með BS-próf, 25 nemar með diplómapróf á ýmsum sérsviðum hjúkrunar, sjö með meistaraþróf og níu með embættispróf í ljósmóðurfærði. Haustið 2008 skráðir voru skráðir til náms 307 nemar í BS-námi, 102 diplómanemar, rúmlega 60 meistaranemar, 22 nemar í ljósmóðurfærði og fjórir doktorsnemar.

Á haustmisseri 2008 hófust fjórar nýjar námsleiðir í diplómanámi á meistarastigi á sviði bráðahjúkrunar, gjörgæsluhjúkrunar, skurðhjúkrunar og svæfingahjúkrunar. Tekin var upp fjarkennsla í ýmsum námskeiðum í meistaranámi en mest hefur fjarkennsla hingað til verið í diplómanámi og í ljósmóðurfærði. Unnið var að því allt árið að endurskoða framhaldsnám við deildina og áhersla lögð á klíníska námsleið í meistaranámi og nemendum var auðveldað að fara beint í doktorsnám. Hjúkrunarfræðideild er umsjónardeild meistaranáms í upplýsingatækni á heilbrigðisviði. Námið er þverfaglegt og stunda það nú sjö nemendur.

Starfandi voru tilsjónarkennarar á hvoru misseri hvers árs í grunnnámi í hjúkrunarfræði. Hlutverk þeirra er að vera tengiliðir við nemendur sem þeir geta leitað til ef upp koma vandamál varðandi tilhögun náms á önninni. Haldnir voru samráðs- og kynningarfundir í apríl með nemendum í grunnnámi. Nemendur í grunnnámi kynntu lokaverkefni sín í maí og voru þeim þökkuð störf í þágu deildarinnar við þá athöfn og einn kennari hlaut viðurkenningu fyrir frábær kennslustörf. Þann 28. maí var haldinn starfsdagur kennara grunnnáms í hjúkrunarfræði og var þema hans Mótun fagvitundar í hjúkrunarnámi. Lögð hefur verið áhersla á forklíníska kennslu nemenda í færnistofu. Deildin fékk m.a. styrk úr Tækjakaupasjóði til að festa kaup á sýndarsjúklingi sem fékk heitið Hermann. Hann er mjög öflugt kennslutæki og mun verða notaður í kennslu bæði í grunn- og framhaldsnámi. Hann nýtist jafnframt við kennslu annarra nemenda í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands.

Deildin fékk viðurkenningu á BS- og MS-námi frá menntamálaráðuneytinu í apríl að undangenginni viðamikilli úttekt á náminu sem metin var af ytri sérfræðinefnd. Unnin var umsókn á árinu um viðurkenningu á doktorsnámi.

Dagur Hjúkrunarfræðideildar var að venju haldinn hátíðlegur 2. október og var að þessu sinni helgaður sögu Eirbergs. Mennta- og fræðasetur Hjúkrunarfræði - deildar í Eirbergi, Eiriksgötu 34, var húsnæði Hjúkrunarskóla Íslands frá árinu 1956 til 1986. Húsið býr því yfir mikilli sögu hjúkrunarnáms á Íslandi. Nemendur tóku virkan þátt í deginum og einn fyrrverandi nemandi sagði frá gömlu heimavistinni.

Alþjóðasamskipti voru öflug við deildina. Ýmsir erlendir kennarar kenndu við deildina. Í apríl kom sendinefnd í heimsókn frá Kaunas-háskóla í Litháen til að kynna sér deildina og ræða möguleika á samstarfi, aðallega á sviði kennaraskipta. Vorið 2008 tók deildin þátt í þverfaglegu og alþjóðlegu námskeið Global

Health í samvinnu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, School of Nursing og School of Public Health við University of Minnesota. Námskeiðið sóttu bæði erlendir og íslenskir nemendur þessara skóla. Nemendur og kennarar frá hjúkrunarfræðideild University of Iowa komu í sína árlegu námsferð. Stúdenta- og kennaraskipti hafa einnig verið milli skólanna. Hjúkrunarfræðideild er í samstarfi við Norlys, Nordplus-neti í grunnnámi sem samanstendur af tíu hjúkrunarfræðideildum alls staðar að á Norðurlöndum. Einn nýr skóli frá Eistlandi bættist í netið á árinu. Sex íslenskir nemendur fóru til náms erlendis í Norlys-netinu og fimm erlendir nemendur stunduðu klínískt nám hér á landi á vegum Hjúkrunarfræðideildar. Einn kennari heimsótti samstarfsskóla í Svíþjóð á vegum Norlys-netsins og einn kennari Hjúkrunarfræðideildar kenndi við samstarfsskólann í Finnlandi. Deildin tók þátt í stofnun nýs norræns nets, Nordsne, ásamt fimm öðrum skólum á Norðurlöndum á sviði nemenda og kennaraskipta á framhaldsstigi.

Rannsóknir

Innan Hjúkrunarfræðideildar eru þrettán fræðasvið í hjúkrunarfræði, þrjú í ljósmóðurfæði og fjögur í grunngreinum. Forstöðumenn eru yfir þessum fræðasviðum sem stýra rannsóknum á sérsviðum sínum. Mörg rannsóknarverkefni eru unnin í samstarfi við Landspítalann. Langtímarannsóknir fóru m.a. fram á rafrænni hjúkrunarskráningu ásamt rannsókn á meðgöngu- og fæðingarþunglyndi íslenskra kvenna. Meðferðarannsóknir voru m.a. á eflingu heilbrigðis og sjálfsumönnunar hjá einstaklingum með langvinna lungnateppu og fjölskyldum þeirra auk rannsóknar á fjölskyldumiðaðri hjúkrunar meðferð við vanlíðan á meðgöngu. Margvísleg samstarfsverkefni eru í gangi bæði með innlendum og erlendum samstarfsaðilum. Til dæmis vann þverfræðilegur innlendir hópur að rannsókn sem leidd er af kennara Hjúkrunarfræðideildar um öryggi í heilbrigðisþjónustu. Rannsóknin varðar þekkingu og mannafla í hjúkrun á bráðalegudeildum þar sem skoðaðir eru verkferlar og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Einnig unnu innlendir samstarfsaðilar að rannsókninni Barneign og heilsa og rannsókn til að meta árangur af forvarna- og meðferðarstarfi með unglíngum. Ýmis erlend rannsóknarverkefni voru t.d. í samstarfi við University of Minnesota, University of North Carolina og University of Nebraska. Lokaverkefni meistaranema sem luku prófi á árinu undir leiðsögn kennara deildarinnar fjölluðu m.a. um skurðsýkingar eftir bláæðatöku á ganglim við opnar kransæðahjáveituaðgerðir, bið aldraðra einstaklinga eftir framtíðar-úrræði á bráðadeild sjúkrahúss, minningarvinnu með öldruðum Íslendingum, eðlilegar fæðingar, öryggi og áhættu.

Í árslok var stofnaður nýr styrktarsjóður við Háskóla Íslands, sem mun veita styrki til nemenda í framhaldsnámi í ljósmóður- og hjúkrunarfræðum. Stofnframlagið er 25 m. kr. sem er gjöf frá Soffíu Þuríði Magnúsdóttur sem arfleiddi Háskóla Íslands að meginhluta eigna sinna. Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda. Á árinu voru í fyrsta sinn veittir styrkir úr Rannsóknarsjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur.

Kynningarstarfsemi

Kynningarstarf var með hefðbundnu sniði á árinu 2008. Áhersla var lögð á góðan undirbúning fyrir námskynninguna 16. febrúar. Uppfærðir voru bæklingar til samræmis við breytingar á reglum deildarinnar og gerð voru tvö stór ferðaveggspjöld sem einnig nýttust vel í öðrum kynningum á árinu.

Mikil áhersla var lögð á að kynna grunnnám deildarinnar og fóru nemendur deildarinnar í margar heimsóknir í framhaldsskóla höfuðborgarsvæðisins sem skipulagðar voru af Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. Þá bauð kynningarnefnd deildarinnar skólajúkrunarfræðingum og námsráðgjöfum frá grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu að koma í Eirberg og kynna sér námið og ræða hvernig hægt væri að vekja áhuga unglíngja á náminu.

Framhaldsnám var einnig vel kynnt og fór verkefnisstjóri framhaldsnáms ásamt kennurum í ferðir til Ísafjarðar, Akureyrar, Egilsstaða og Norðfjarðar í því skyni. Sérstakar kynningar á nýjum námsleiðum í diplómanámi á meistarastigi voru haldnar í Eirbergi og voru vel sóttar. Kynningarefni var sent á helstu þéttbýlisstaði landsins, bæði í skóla og á heilbrigðisstofnanir. Nemendur tóku afar virkan þátt í öllum kynningum á vegum deildarinnar.

Húsnæðismál

Í maí hófust umfangsmiklar framkvæmdir á Eirbergi þegar ráðist var í löngu tímabær gluggaskipti í öllu húsinu (utan nýjustu álmunnar). Einnig var skipt um

klæðningu og gert við sprungur. Viðgerðunum fylgdi talsvert rask og var að miklu leyti óvinnufært í húsinu yfir sumarmánuðina vegna múrbrots og annars umróts. Verkið hélst á áætlun og fyrir gott veður og samstillt átak þeirra sem að komu urðu engar tafir á kennslu um haustið. Verkinu lauk um miðjan októbermánuð og er Eirberg sem nýtt að utan.

Næstu skref í að koma rými til meðferðarrannsókna á laggirnar voru stigin með haustinu og ráðgert að sú starfsemi verði komin í notkun á árinu 2009. Um er að ræða herbergi á 1. hæð í C-álmu hússins. Forstöðumaður Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði stóð fyrir því að komið var upp vinnuástöðu fyrir doktorsnema deildarinnar á 3. hæð í Eirbergi. Á sama tíma var aðstaða fyrir meistaranema sem þar var flutt niður á 2. hæð.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Stjórn og starfslið

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala (RSH) vinnur samkvæmt reglum frá 22. september 2004. Heimasíða RSH er www.rsh.hi.is. Aðalviðfangsefni stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir kennara Hjúkrunarfræðideildar og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítala. Stjórn stofnunarinnar árið 2008 skipuðu: Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor, formaður, Helga Bragadóttir dósent, báðar tilnefndar af hálfu Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og Lilja Stefánsdóttir sviðsstjóri Landspítala (LSH), tilnefnd af hjúkrunarforstjóra LSH. Helga Gottfreðsdóttir lektor var skipuð varamaður. Starfsmenn: Hildur Friðriksdóttir var í 80% starfi forstöðumanns. Lilja Þórunn Þorgeirsdóttir lét af störfum 30. apríl 2008 en hún hafði verið ráðin tímabundið í 20% starf. Alls voru haldnir 12 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu.

Húsnæði

Í húsnæði RSH er vinnuástaða fyrir þrjá doktorsnema í Hjúkrunarfræðideild, sex meistaranema og auk þess eru fimm opin vinnu- og lespláss fyrir framhaldsnema. Einnig er tölvuver meistaranema á 2. hæð í húsnæði RSH. Haustið 2007 var hafist handa við að undirbúa og skilgreina aðstöðu fyrir meðferðarrannsóknir, sem er í anda Stefnu hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands 2006-2011. Á árinu 2008 hófust endurbætur á húsnæðinu með þarfir rannsóknahópa í huga. Nú þegar hafa nokkrir kennarar deildarinnar nýtt sér aðstöðuna en gert er ráð fyrir að 4-6 rannsóknateymi geti stundað þar klínískar rannsóknir hverju sinni og þá í samvinnu við Landspítala. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fleiri stofnanir. Gert er ráð fyrir að snemma á árinu 2009 verði starfsemin komin að fullu í gang.

Rannsóknir

Árið 2008 voru 68% fastráðinna kennara við Hjúkrunarfræðideild með doktorspróf. Að auki eru fjórir kennarar deildarinnar í doktorsnámi við Háskóla Íslands og tveir aðrir fastráðnir kennarar eru í doktorsnámi við erlenda háskóla. Samhliða þeirri fjölgun sem hefur orðið á doktorsmenntuðum kennurum og doktorsnemum hefur rannsóknarvirgni Hjúkrunarfræðideildar aukist. Sem dæmi má nefna að á milli áronna 2006 og 2007 hækkaði meðaltal rannsóknastiga hjá kennurum deildarinnar um 1,73 stig eða úr 24,2 í 25,93 stig. Meðaltal rannsóknastiga endurspeglar rannsóknavirkni kennara hvernar deildar fyrir sig. Hjúkrunarfræðideild er nú í fjórða sæti af ellefu deildum Háskóla Íslands þegar meðaltal rannsóknastiga eru borin saman. Á árinu var gefinn út bæklingur á íslensku og ensku um rannsóknasvið fastráðinna kennara við Hjúkrunarfræðideild og má nálgast hann á slóðinni: www.rsh.hi.is. Einnig má nálgast upplýsingar um fræðasvið kennara Hjúkrunarfræðideildar bæði á íslensku og ensku á heimasíðu Rannsóknastofnunarinnar.

Útgáfa

RSH gefur út fjögur fréttabréf á ári, Rannsóknafréttir, bæði rafrænt og í prentaðri útgáfu. Sú nýjung var tekin upp að gefa út rafrænt fréttabréf á ensku: Newsletter: Nursing & Midwifery Research, sem er m.a. sent til erlendra samstarfsaðila. Stefnt er að útgáfu tvisvar á ári. RSH gaf út sex skýrslur í Ritróð í hjúkrunarfræði, sem voru á fræðasviði skurðhjúkrunar og er höfundur þeirra Herdís Sveinsdóttir prófessor og forstöðumaður fræðasviðs skurðhjúkrunar.

Kynningarstarfsemi

Árið 2007 stóð RSH að tíu málstofum, sem jafnframt var varpað í fjarfundabúnaði til fjölmargra heilbrigðisstofnana úti á landi. Enn fremur voru flutt tíu opinber erindi, þar sem innlendir og erlendir fræðimenn kynntu rannsóknir sínar. Meðal þeirra voru fræðimenn frá Bretlandi, Írlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu. Þá stóð RSH fyrir tveimur vinnusmiðjum, tíu umræðufundum og tveimur málþingum, auk tveggja kynningardaga á lokaverkefnum meistaranema, bæði vor og haust.

Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Á árinu var úthlutað úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur sérstöku fé sem hún veitti til sjóðsins, þ.e. 750.000 kr. Hluta þær Jóhanna Bernharðsdóttir doktorsnemi og lektor við Háskóla Íslands og Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir doktorsnemi og sviðsstjóri á Landspítala hvor um sig 375.000 kr.

Fjárveitingar og útgjöld Hjúkrunarfræðideildar 2006-2008 (þús. kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	238.863	260.539	306.906
Fjárveiting	242.107	263.878	291.502

Brautskráðir stúdentar í Hjúkrunarfræðideild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Hjúkrunarfræði BS	4	75	79	1	57	58	0	68	68
Hjúkrunarfræði viðbótarnám	1	59	60	0	42	42	1	24	25
Hjúkrunarfræði MS	0	8	8	1	12	13	0	7	7
Upplýsingatækni á heilbrigðisviði MS	0	0	0						
Ljósmyndunfræði cand.obst.	0	11	11	0	10	10	0	9	9
Samtals	5	153	158	2	121	123	1	108	109

Hugvísindadeild og stofnanir hennar

Almennt yfirlit

Hugvísindadeild skiptist í sjö skorir: bókmenntafræði- og málvísindaskor, enskuskor, heimsspeikiskor, íslenskuskor, sagnfræði- og fornleifafræðiskor, skor rómanskra og klassískra mála og skor þýsku og Norðurlandamála. Skorarformenn eiga sæti í deildarráði ásamt deildarforseta, varadeildarforseta og tveimur fulltrúum stúdenta.

Stjórn og starfslið

Deildarforseti var Oddný G. Sverrisdóttir, dósent í þýsku, en varadeildarforseti Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimsspeki. Voru þau bæði endurkjörin til þess að gegna þessum störfum áfram frá 1. júlí 2007 og þá í ljósi þeirra skipulagsbreytinga sem lágu fyrir að myndu verða. Skorarformenn á vormisseri voru Gottskálf Þór Jensson, skorarformaður í bókmenntafræði- og málvísindaskor, Eggert Þór Bernharðsson í sagnfræði- og fornleifafræðiskor, Ásdís Rósa Magnúsdóttir í skor rómanskra og klassískra mála, Annette Lassen í skor þýsku og Norðurlandamála og Birna Arnbjörnsdóttir í enskuskor. Fulltrúi nemenda á vormisseri var Ásdís Sigmundsdóttir doktorsnemi.

Í ársbyrjun voru fastráðnir kennarar við deildina alls 88, þ. e. 32 prófessorar, 23 dósentar, 12 lektorar, 16 aðjuntar og 5 erlendir sendikennarar. Auk þess starfa fjölmargir stundakennarar við deildina. Gottskálf Þór Jensson, lektor í bókmenntafræði, hlaut framgang í starf dósents, Róbert H. Haraldsson, dósent í heimsspeki, hlaut framgang í starf prófessors. Geir Sigurðsson var ráðinn lektor í hálfu starfi í kínversku máli og menningu og Andrea Milde var ráðin í starf lektors í þýsku. Í upphafi árs létu af störfum Jacob Martin Thøgersen, lektor í dönsku, og Heike Rohman, lektor í þýsku. Á miðju ári lét Annette Lassen, lektor í dönsku, af störfum. Börge Nordbø lét af störfum sem sendikennari í norsku og við tók Tiril Theresa Miklebost.

Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í ensku, var sameiginlegur aðalfulltrúi Hugvísindasviðs í háskólaráði. Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent í Guðfræðideild, fyrsti varamaður og Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, annar varamaður. Aðalfulltrúar Hugvísindaeildar á háskólafundi frá miðju ári, auk deildarforseta, voru Ásdís Egilsdóttir, Valur Ingimundarson, Margrét Jónsdóttir, Svavar Hrafn Svavarsson, Torfi H. Tulinius og Ástráður Eysteinnsson. Varafulltrúar voru kjörnir: Guðrún Þórhallsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir, Þóra Björk Hjartardóttir, Julian D'Arcy, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Erla Erlendsdóttir, Gauti Kristmannsson, Anna Agnarsdóttir, Magnús Fjalldal og Vilhjálmur Árnason.

Skrifstofustjóri deildarinnar var Óskar Einarsson. Skrifstofa deildarinnar hafði aðsetur í Nýja-Garði. Á henni störfuðu auk skrifstofustjóra, Guðrún Birgisdóttir alþjóða- og kynningarfulltrúi, Ingibjörg Þórisdóttir verkefnastjóri, Hlíf Arnlaugsdóttir, verkefnastjóri í hálfu starfi, á skrifstofu í Árnagarði, og Sigrún Jónsdóttir sem fulltrúi.

Fastanefndir Hugvísindaeildar

Við Hugvísindadeild starfa fjórar fastanefndir: fjármálanefnd, kynningarnefnd, rannsóknanámsnefnd og kennslumálanefnd. Eru þær deildarforseta og deildarráði til ráðuneytis um þau málefni sem falla undir verksvið þeirra. Í fjármálanefnd sátu Oddný G. Sverrisdóttir deildarforseti, Róbert H. Haraldsson varadeildarforseti, Eiríkur Rögnvaldsson prófessor og Óskar Einarsson skrifstofustjóri. Í rannsóknanámsnefnd sátu Svavar Hrafn Svavarsson dósent, formaður, Torfi H. Tulinius prófessor, Guðmundur Hálfðanarson prófessor, Helga Kress prófessor, Annette Lassen lektor, Kristján Árnason prófessor og Martin Regal dósent. Fulltrúi meistaranefta í nefndinni er Þórður Mar Þorsteinsson og fulltrúi doktorsnema Yelena Sesselja Helgadóttir, en til vara fyrir doktorsnema Erla Doris Halldórsdóttir. Valur Ingimundarson var fulltrúi hugvísinda í fjármálanefnd háskólaráðs. Í kynningarnefnd áttu sæti Erlendur Jónsson fyrir heimsspeki, Ragnheiður Kristjánsdóttir fyrir sagnfræði, Ásta Ingibjartsdóttir fyrir rómönsku málin, Magnús Sigurðsson fyrir þýsku og Norðurlandamál, Jón Karl Helgason fyrir íslensku og var hann formaður, Gottskálf Þór Jensson fyrir bókmenntafræði, Julian Meldon D'Arcy fyrir enskuna og Guðrún Birgisdóttir sem kynningarstjóri.

Að auki starfaði Ásdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri Guðfræðideildar, með nefndinni en sameiginlega var unnið að kynningarmálum með þessum deildum sem síðar áttu að mynda Hugvísindasvið. Kennslumálanefnd sinnir margvíslegum málum er snerta kennsluhætti deildarinnar. Hana skipa Gunnar Harðarson (formaður), Ásdís Magnúsdóttir, Guðmundur Jónsson, Margrét Jónsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

Kennslumál

Samþykkt var á árinu að taka upp nám í ritlist sem aðalgrein frá og með skólaárinu 2008/2009. Hugvísindadeild tekur áfram þátt í almennri trúarbragðafræði, sem er þvegfaglegt nám á vegum Guðfræði-, Hugvísinda- og Félagsvísindadeildar. Fulltrúi Hugvísindadeildar í námsnefndinni er Sigríður Þorgeirsdóttir. Fulltrúi deildarinnar í námsnefnd um þvegfaglegt nám í umhverfis- og auðlindafræði var Róbert Haraldsson.

Styrkir úr Háskólasjóði Eimskips

Tveir nemendur deildarinnar fengu styrki úr háskólasjóði Eimskipafélagsins, það voru þeir Jón Ásgeir Kalmansson fyrir verkefnið Siðferðisskilningur og sjálfbær þróun, leiðbeinandi er Róbert H. Haraldsson prófessor í heimspeki, og Kristján Mímísson fyrir verkefnið Þorkell á Búðarárbakka: Fornleifafræðileg persónurannsókn á 17. aldar kotbónda úr uppsveitum Árnessýslu. Leiðbeinandi er Gavin Lucas, lektor í fornleifafræði.

Rannsóknir

Rannsóknastarfsemi Hugvísindadeildar fer að mestu fram á vegum fimm rannsóknastofnana deildarinnar, og standa þær einnig fyrir margvíslegri útgáfastarfsemi. Auk þess sinna kennarar rannsóknum sínum sjálfstætt, eða í samvinnu við stofnanir deildarinnar eða aðra aðila innanlands sem utan. Sjá nánar um rannsóknir í kafla stofnana undir Hugvísindastofnun og einstökum stofnunum deildarinnar.

Kynningar og samstarfsverkefni

Kynning á Japan og japanskri menningu var haldin í hátíðasal Háskóla Íslands þann 27. janúar. Kynningin, sem var samstarfsverkefni Kaoru Umezwa, lekors í japönsku, og japanska sendiráðsins á Íslandi, var mjög fjölsótt.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós var formlega stofnuð þann 16. maí 2008 við Háskóla Íslands í samvinnu við menntamálaráðuneyti Alþýðulýðveldisins Kína og Ningbo-háskóla. Viðstödd opunarhátíðina voru meðal annars Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Eiður Guðnason, fyrrverandi sendiherra í Kína, og sex manna sendinefnd frá Kína, þar á meðal Ye Fei fan, aðstoðarrektor Ningbo-háskóla. Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að aukinni fræðslu á meðal Íslendinga um tungu, menningu og samfélag Kína með námskeiðum, fyrirlesturum, ráðstefnum, ljósmynda- og kvikmyndasýningum, o.fl.

Verkefni Konfúsíusarstofnunarinnar hafa verið ærin frá upphafi. Hún annast kínverskukennslu í námsleið kínverskra fræða við Háskóla Íslands, skipuleggur námskeið um kínverska tungu og menningu í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands, hefur umsjón með hluta kínverskukennslu við Háskólann í Reykjavík og stendur fyrir margvíslegum viðburðum við Háskóla Íslands. Fyrir tilstilli stofnunarinnar geta nemendur í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands hlotið styrki til náms í Kína. Einnig hafa kínverskukennarar á Íslandi möguleika á styrkjum til að öðlast kennsluþjálfun í Kína.

Á meðal stærri viðburða á vegum stofnunarinnar má nefna kínverska áramóta-hátíð í febrúar 2009 og ráðstefnu Nordic Association for China Studies og Nordic NIAS Council um kínverskt efnahags-, umhverfis- og menntamál sem haldin varður við Háskóla Íslands í júní 2009.

Við stofnunina starfa að jafnaði tveir reyndir gestakennarar frá Ningbo-háskóla auk íslensks forstöðumanns. Geir Sigurðsson, lektor í kínverskum fræðum, er forstöðumaður og Linzhe Wang, lektor við Ningbo-háskóla, hefur verið gestakennari stofnunarinnar frá upphafi. Í desember 2008 bættist í hópinn Kaijie Yuan, einnig lektor við Ningbo-háskóla.



Í dag eru yfir 220 Konfúsíusarstofnanir starfandi um allan heim, þar af á hverju Norðurlandanna. Konfúsíusarstofnunin Norðurljós starfar náið með norrænum Konfúsíusarstofnunum.

Alþjóðasamskipti

Erlendir nemendur við Hugvísindadeild háskólaárið 2007-2008 voru 353 talsins, af þeim voru 205 skráðir í íslensku fyrir erlenda stúdenta en að auki voru 70 aðrir erlendir stúdentar skráðir til náms í deildinni. Þeir nemendur sem voru í skiptinámi á árinu voru 78 talsins, og komu þeir m.a. á vegum Erasmus-menntaáætlunarinnar, Nordplus-menntaáætlunarinnar, ISEP-stúdentaskipta við Bandaríkin, CREPUQ og á vegum tvíhliðasamninga. Skiptinemar í Hugvísindadeild námu 25 % af heildarfjölda skiptistúdenta til Háskóla Íslands.

Nemendur Hugvísindadeildar til erlendra háskóla í skiptinámi

Nemendur deildarinnar sem fóru sem skiptinemar til erlendra háskóla á háskólaárinu 2006-2007 voru 47 talsins. Skiptinemar sem fóru frá Hugvísindadeild eru 26% af heildarfjölda skiptinema frá Háskóla Íslands. Þá héldu 18 nemendur í þýsku til Tübingen í kennsluferð í tvær vikur í febrúar, en það er í níunda sinn sem slík ferð er farin til Tübingen í Þýskalandi. Nemendur í dönsku fóru einnig í sína árlegu námsferð á Schaeffergarden í Danmörku í verkefnavíkunni að vori.

Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum

Í deildinni var boðið upp á 102 námskeið á ensku í grunn- og framhaldsnámi og eru þar talin með námskeið gestakennara í styttri tíma.

Námsleiðin MA in Medieval Icelandic Studies sem aðallega fer fram á ensku er 12 mánaða námsleið með fimm námskeið á haustmisseri og fimm námskeið á vormisseri.

Námskeið enskuskorar fara að sjálfsögðu fram á ensku. Námskeið í tungumálagreinum fara að jafnaði fram á viðkomandi tungumáli og hefur orðið vart við aukinn áhuga erlendra skiptinemenda á námskeiðum í tungumálaskorunum á meðan þeir stunda skiptinámi í Háskóla Íslands.

Kennaraskipti

Sautján kennarar Hugvísindadeildar fóru til erlendra háskóla sem skiptikennarar. Lönd á þessum lista eru m.a. Belgía, Danmörk, Noregur, Finnland, Frakkland, Svíþjóð, Ítalía, Spánn og Þýskaland.

Heimsóknir erlendra gestakennara eru hluti af alþjóðastarfi deildarinnar og auka á fjölbreytni í kennslu. Gestakennarar dvelja í mislangan tíma og eru sumir með kennslu í málstofum daglega í nokkrar vikur. Prófessor Ewald Reuter frá Háskólanum í Tampere var skiptikennari í þýsku í tvær vikur á vormisseri.

Alþjóðafulltrúi

Alþjóðafulltrúi hefur verið starfandi við deildina síðan 1997. Alþjóðafulltrúi sér um að aðstoða nemendur deildarinnar sem vilja fara í skiptinámi í erlenda samstarfsháskóla og aðstoðar jafnframt erlenda skiptinemendur sem og almenna erlenda nemendur sem stunda nám við deildina. Annað alþjóðasamstarf innan deildarinnar er einnig hluti af starfi alþjóðafulltrúa og hann er tengiliður milli deildarinnar og Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

Þann 25. október var útskrifað í síðasta sinn frá Hugvísindadeild.

Hugvísindastofnun

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Á fyrra hluta árs var Svavar Hrafn Svavarsson stjórnarformaður í fjarveru Höskuldar Þráinssonar, sem var í rannsóknaleyfi. Jafnframt var Svavar Hrafn fulltrúi Heimspekistofnunar. Sveinn Yngvi Egilsson var fulltrúi Bókmennta - fræðistofnunar á fyrra hluta árs en Gunnþórunn Guðmundsdóttir síðari hluta ársins. Sigríður Sigurjónsdóttir var fyrir Málvísindastofnun, Már Jónsson fyrir Sagnfræðistofnun, Auður Hauksdóttir fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Kristján Mímisson var fulltrúi doktorsnema. Með tilkomu nýs stjórnskipulags Háskóla Íslands, þar sem Hugvísindadeild og

Guðfræðideild sameinuðust í Hugvísindasviði, varð jafnframt sú breyting að stjórnarformennska í Hugvísindastofnun fellur undir starfssvið forseta Hugvísindasviðs. Ástráður Eysteinnsson, forseti fræðasviðsins, var því stjórnarformaður frá því hann kom til starfa í september.

Margrét Guðmundsdóttir var í fullu starfi sem verkefnisstjóri og stýrði skrifstofu stofnunarinnar. Áslaug J. Marinósdóttir, verkefnisstjóri hjá Málvísindastofnun, var í hlutastarfi í byrjun árs, Hlíf Árnadóttir í hlutastarfi fyrir Hugvísindaping og Ásrún Jóhannsdóttir á haustmánuðum.

Rannsóknir og stoðþjónusta

Meginhlutverk Hugvísindastofnunar er að veita ýmiss konar rannsóknþjónustu á fræðasviði hugvísinda. Alla jafna kemur frumkvæði að verkefnum, hvort sem um er að ræða rannsóknir, ráðstefnur eða útgáfu, frá aðildarstofnunum Hugvísindastofnunar eða einstökum fræðimönnum á Hugvísindasviði. Stofnunin:

- hvetur til sóknar í sjóði og miðlar þekkingu á styrkjum og styrkjamöguleikum til deildarmanna
- aðstoðar við umsóknagerð
- aðstoðar við bókhald, uppgjör og skýrslur vegna styrkja
- veitir aðstoð við fundi sem tengjast alþjóðlegu samstarfi og ráðstefnuhald
- veitir ráðgjöf og aðstoð við útgáfu
- aðstoðar aðildarstofnanir sem ekki hafa fastan starfsmann við fjárumýslu, bókaútgáfu, heimasíðu og önnur kynningarmál

Aðstoð við umsóknagerð getur falist í allt frá því að gera kostnaðaráætlanir, ganga frá samningum sem tengjast verkefni, lesa yfir umsókn og gera tillögur um breytingar, til þess að semja umsókn í öllum meginatriðum. Umsóknir sem stofnunin aðstoðaði við á einn eða annan hátt voru á þriðja tuginn, þar af voru 8 umsóknir í erlenda samkeppnissjóði. Umsóknir sem stofnunin kom að skiluðu alls um 35 m. kr. Þessi hluti þjónustunnar hefur vaxið hröðum skrefum frá árinu 2006, þegar áherslum í starfseminni var breytt. Undir árslok var farið að huga að því að ráða annan starfsmann, sem gæti í senn tekið þátt í því starfi sem fyrir er og stuðlað að enn frekari eflingu rannsóknþjónustunnar á sviðinu.

Útgáfa, ráðstefnur og ping

Útgáfa Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, er stærsti þátturinn í útgáfumálum stofnunarinnar. Ritið kemur út þrisvar á ári og tveir ritstjórar stýra hverju hefti. Ritstjórar þeirra hefta sem komu út árið 2008 voru Ólafur Rastrick, Gauti Kristmannsson og Björn Þorsteinsson.

Tvær bækur voru gefnar út í ritröð stofnunarinnar: Galdramenn. Galdrar og samfélag á miðöldum í ritstjórn Torfa H. Tulinius og Í garði Sæmundar fróða. Fyrirlestrar frá ráðstefnu í Þjóðminjasafni 20. maí 2006 í ritstjórn Gunnars Harðarsonar og Sverris Tómassonar.

Stærsta viðfangsefni Hugvísindastofnunar á sviði ráðstefnuhalds er jafnan umsjón árlegs Hugvísindapings. Það var haldið 4.-5. apríl í Aðalbyggingu Háskólans undir yfirskriftinni „... fræðimenn búa til gátur“. Fluttir voru rúmlega 70 fyrirlestrar. Aðrar fagraðstefnur sem verkefnisstjóri Hugvísindastofnunar vinnur að eru í flestum tilvikum á vegum einhverrar af aðildarstofnunum eða samvinnuverkefni þeirra og Hugvísindastofnunar. Helstu verkefni árið 2008 á þessu sviði voru eftirfarandi:

Þórbergssmiðja, hátíð í tilefni af því að 120 ár voru liðin frá fæðingu Þórbergs Þórðarsonar, var haldin í mars. Hátíðin var samvinnuverkefni Bókmennta - fræðistofnunar, Hugvísindastofnunar, Mímis, félags stúdenta í íslenskum fræðum, Forlagsins, sem gefur út verk Þórbergs, og Morgunblaðsins. Þá var Þjóðminja - safn Íslands samstarfsaðili og tók á móti börnum sem heimsóttu þingið. Boðið var upp á dagskrá með uppákomum af ýmsu tagi - fyrirlestrum, tónlist, leiklist, skáldastofu, Müllersæfingum og gönguferðum undir leiðsögn, að ógleymdri skrímslastofu og skrímsladagskrá í Þjóðminjasafninu. Þórbergssmiðja var því fjölbreytt fjölskyldu- og fræðahátíð. Hún var haldin 8. og 9. mars í Aðalbyggingu Háskólans og var vel sótt.

Ráðstefnan Greinir skáldskapar - The Branches of Poetry var haldin 18.-21. júní. Hún var samvinnuverkefni Hugvísindastofnunar, Málvísindastofnunar, Bók - menntafræðistofnunar, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og NordMetrik, norræns félags um bragfræðirannsóknir. Hugvísindastofnun annaðist undirbúning ráðstefnunnar, sem naut gestrisni Snorrastofu í Reykholti. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Alþjóðaver stóðu dagana 9.-13. júlí fyrir ráðstefnu og minningaratburðum um skipalestir bandamanna til Rússlands í

seinni heimsstyrjöldinni. Verkefnisstjóri Hugvísindastofnunar aðstoðaði við undirbúning ráðstefnunnar fyrir hönd Sagnfræðistofnunar.

Dagana 25.-30. ágúst tóku fornleifafræðingar á Hugvísindasviði á móti samstarfsfólki sínu í norræna rannsóknarskólanum Dialogues with the Past, sem styrktur er af NordForsk. Vinnusmiðja fór fram 25.-27. ágúst en þá hélt hópurinn í leiðangur austur að Skriðuklaustri, til að kynna sér fornleifarannsóknir þar. Hugvísindastofnun aðstoðaði Steinunni Kristjánsdóttur, lektor í fornleifafræði, og Kristján Mímisson doktorsnema við undirbúning og framkvæmd heimsóknarinnar.

Ráðstefnan NODEM 08 var haldin í byrjun desember. Hugvísindastofnun sá um skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar, en hagnýt menningarmiðlun, sem er námsleið innan Sagnfræði- og heimspekideildar, átti aðild að ráðstefnunni ásamt FÍSOS, félagi íslenskra safna og safnmanna, Gagarán, Minjasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Um er að ræða norræna ráðstefnu og sýningu um stafræna miðlun menningararfs sem haldin er reglulega. Ráðstefnuna sóttu á annað hundrað innlendra og erlendra gesta.

Auk þessa aðstoðaði verkefnisstjóri við undirbúning og kynningu allmargra fyrirlestra og styttri málþinga á vegum aðildarstofnana.

Húsnæðismál og starfsaðstaða

Árið 2008 flutti Hugvísindastofnun úr Nýja-Garði á 3. hæð í Gimli. Þar fékk stofnunin skrifstofu fyrir starfsmann og aðildarstofnanir fengu aðstöðu fyrir fasta starfsmenn og fræðimenn. Í opnu rými er vinnuaðstaða fyrir 43 doktorsnema, gestafræðimenn og aðra styrkþega. Í Nýja-Garði hafði rýmum sem stofnunin hafði yfir að ráða fækkað vegna húsnæðisskorts Hugvísindadeildar og biðlisti myndast. Aðstaðan í Gimli bætti því úr brýnni þörf. Við árslok hafði meirihluta vinnuborða verið úthlutað.

Fjármál

Fjárveiting Hugvísindastofnunar fyrir árið 2008 var í tvennu lagi. Annars vegar var föst fjárveiting og hins vegar hluti þeirra mótframlaga sem Hugvísindasvið (áður Hugvísindadeild) fær vegna rannsóknastyrkja sem aflað er til verkefna innan þess. Hluta fjárveitingarinnar er varið til að styrkja starfsemi aðildarstofnanna, sem fengu fast framlag og framlag byggt á hlutfallslegri skiptingu mótframlaga.

Bókmenntafræðistofnun

Starfsemi stofnunarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu 2008. Útgáfa bókmenntatexta og fræðiritra hefur löngum verið snar þáttur í starfseminni. Á árinu kom út 60. ritið í ritröðinni Studia Islandica, að þessu sinni bók Óldu Bjarkar Valdimarsdóttur, Rithöfundur Íslands: Skáldskaparfræði Hallgríms Helgasonar. Ritstjóri var Gunnþórunn Guðmundsdóttir. Þá kom út greinasafn um verk Péturs Gunnarssonar rithöfundar, sem að stofni til er byggt á fyrirlesturum sem haldnir voru á málþingi sem stofnunin stóð fyrir vorið 2007 í tilefni af sextugsafmæli höfundarins og nefnist ritið Af jarðarinnar hálfu. Ritstjórar voru þeir Torfi Tulinius og Jón Karl Helgason. Evrópusambandið (Culture Programme 2007-2013) veitti stofnuninni styrki til þýðingar á fimm verkum sem komu út á árinu 2008 í ritröðinni Þýðingar undir ritstjórn Sveins Yngva Egilssonar: Um kveðskap á þjóðtungu eftir Dante Alighieri, Kristján Árnason þýddi, Gottskálk Þór Jensson ritstýrði, Mimesis: Framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum eftir Erich Auerbach, Gauti Kristmannsson stjórnaði þýðingunni, ritstjóri Torfi Tulinius, Fagurfræði og miðlun eftir Walter Benjamin, Benedikt Hjartarson stjórnaði þýðingunni, Ástráður Eysteinnsson ritstýrði, Svört sól. Geðdeyfð og þunglyndi eftir Juliu Kristevu, Ólóf Pétursdóttir þýddi, Dagný Kristjánsdóttir ritstýrði, og Hið póstmóðerníska ástand. Skýrsla um þekkinguna eftir Jean-François Lyotard sem Guðrún Jóhannsdóttir þýddi og Björn Þorsteinsson ritstýrði.

Þá stóð stofnunin fyrir dagskrá um Stein Steinarr í tilefni aldarafmælis skáldsins á haustmánuðum í samstarfi við Forlagið.

Forstöðumaður stofnunarinnar var Sveinn Yngvi Egilsson fram til 1. júlí og auk hans sátu í stjórn hennar þau Ástráður Eysteinnsson og Aðalbjörg Bragadóttir. Gunnþórunn Guðmundsdóttir var forstöðumaður frá 1. júlí og með henni í stjórn sátu þau Jón Karl Helgason og Auður Aðalsteinsdóttir.

Heimspekistofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Forstöðumaður Heimspekistofnunar árið 2008 var Svavar Hrafn Svavarsson dósent en aðrir í stjórn voru Gunnar Harðarson dósent og Eyja Margrét Brynjarsdóttir lektor. Stofnunin flutti aðsetur sitt í nýbygginguna Gimli, þar sem hún hefur til afnota herbergi á þriðju hæð. Við stofnunina störfuðu nú tveir sérfræðingar, Björn Þorsteinsson og Henry Alexander Henrysson, í störfum sem m.a. eru styrkt af Rannís.

Útgáfustarfsemi

Árið 2008 komu út í ritröð stofnunarinnar bækurnar Forspjall að frumspeki eftir Kant, í þýðingu Skúla Pálssonar með inngangi eftir Günter Zöller í þýðingu Viðars Þorsteinssonar, og Fyrirbærafræði eftir Dan Zahavi, í þýðingu Björns Þorsteinssonar. Auk þess hlaut Hugur: tímarit um heimspeki, sem Félag áhugamanna um heimspeki gefur út, styrk frá Heimspekistofnun eins og undanfarin ár.

Ráðstefnur og fyrirlestrar

1. Fyrirlestur á vegum Heimspekistofnunar og Hins íslenska bókmenntafélags, Félags áhugamanna um heimspeki og Listaháskóla Íslands
Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek hélt fyrirlestur við Háskóla Íslands laugardaginn 26. janúar: Embedded in Ideology. Að fyrirlestrinum loknum áritaði Žižek Órapláguna, nýútkomna bók sína í flokki Lærdómsrita Bókmenntafélagsins, í Bóksölu stúdenta.
2. Hádegisfundir Heimspekistofnunar
Haustið 2003 hleypti Heimspekistofnun af stokkunum fyrirlestraröð sem nefnist Hádegisfundir Heimspekistofnunar. Árið 2008 voru eftirfarandi fyrirlestrar fluttir:

25. janúar	Candace Vogler, dósent í heimspeki við Chicago-háskóla: Reading Ethics in Poe
28. mars	Rögnvaldur Ingþórsson, heimspekingur: Er tímahugtakið mótsagnakennt? Ný túlkun á röksemdafærslu McTaggart
23. október	Daphne Hampson, prófessor emeritus við St. Andrews háskóla : Eftir kristni? Frá kynjaðri hugmyndafræði til andlegs veruleika Fyrirlesturinn var haldinn á vegum Heimspekistofnunar og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum
31. október	Nigel Dower: What is wrong with terrorism?
20. nóvember	Bridget Clarke: Iris Murdoch on Morality, Individuality and the Work of Art
25. nóvember	Paul Muench: Understanding Kierkegaard's Johannes Climacus in the Postscript: Mirror of the Reader's Faults or Socratic Exemplar?
28. nóvember	Matti Eklund: On Some Recent Criticisms of the 'Linguistic' Approach to Ontology

Málvísindastofnun

Stjórn og starfsmenn

Áslaug J. Marinósdóttir gegndi starfi framkvæmdastjóra hjá stofnuninni til 1. desember. Sigríður Sigurjónsdóttir var forstöðumaður stofnunarinnar og Jóhannes Gísli Jónsson fulltrúi kennara í stjórninni. Bjarki M. Karlsson hætti störfum sem fulltrúi stúdenta í stjórninni og Solveig Brynja Grétarsdóttir var kosin í hans stað. Sigríður var fulltrúi Málvísindastofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar. Á ársfundi stofnunarinnar í byrjun maí 2008 var ákveðið að breyta áherslum í starfsemi, hætta að bjóða upp á prófarkalestur en leggja áherslu á fræðilegt hlutverk stofnunarinnar. Í ljósi þess að verulegur hluti starfs framkvæmdastjóra hefur falist í prófarkalestri var starfið lagt niður. Stjórnin fær því aukið hlutverk, en hún nýtur liðsinnis verkefnisstjóra Hugvísindastofnunar. Stofnunin flutti úr Nýja-Garði í Gimli, þar sem hún hefur skrifstofu sem ætluð er tveimur fræðimönnum.

Útgáfumál

Útgáfa og bóksala hefur verið snar þáttur í starfi Málvísindastofnunar um langt árabíl. Í kennslu í íslensku fyrir útlendinga við Íslensku- og menningardeild er að

verulegu leyti stuðst við bækur sem stofnunin hefur gefið út. Meðal útgáfurita eru einnig kandiðatsritgerðir í málfræði og klassísk rit um íslenska málfræði sem voru lengi vel ófánleg. Málvísindastofnun gaf ekki út nýjar bækur á árinu en eftirfarandi bækur voru endurprentaðar:

- Ásta Svavarsdóttir: Æfingar með enskum glósum og leiðréttingalyklum við bókina Íslenska fyrir útlendinga
- Ari Páll Kristinsson: Pronunciation of Modern Icelandic
- Svavar Sigmundsson: 52 æfingar í íslensku fyrir útlendinga
- Jón Hilmar Jónsson: Íslensk grammatikk for utlendinger

Ráðstefnur og fyrirlestrar

Rask-ráðstefnan

Eins og undanfarin ár héldu Málvísindastofnun og Íslenska málfræðifélagið saman 22. Rask-ráðstefnuna í janúar 2008. Alls héldu 13 fræðimenn erindi á ráðstefnunni sem var fjölsótt og þótti takast mjög vel.

Vinnufundur um setningafræðirannsóknir

Dagana 26.-28. maí hélt Málvísindastofnun vinnufund svipaðan þeim sem haldinn var vorið 2007 um mögulega samvinnu setningafræðinga frá ýmsum löndum. Erlendir þátttakendur voru styrktir af National Science Foundation í Bandaríkjunum og komu frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Sérstaklega var hugað að samvinnu Íslendinga og erlendu þátttakendanna um máltöku barna, setningafræðilega greiningu forntexta og félagsfræðilega greiningu á íslenskum gögnum sem safnað hefur verið í tengslum við öndvegisverkefnið „Tilbrigði í setningagerð“.

Ráðstefna um bragfræði

Málvísindastofnun stóð ásamt fleiri aðilum að norrænni og alþjóðlegri ráðstefnu um bragfræði dagana 18.-21. júní. Ráðstefnan var haldin í Reykholti undir yfirskriftinni Greinir skáldskapar - The Branches of Poetry. Lykilfyrirlesarar komu víða að, en þeir voru:

- Kristján Árnason, Háskóla Íslands
- Þórhallur Eypórsson, Háskóla Íslands,
- Nigel Fabb, Strathclyde-háskóla
- Sissel Furuseth, NTNU í Þrándheimi
- Chris Golston, Ríkisháskóla Kaliforníu í Fresno
- Paul Kiparsky, Stanford-háskóla
- Eva Lilja, háskólanum í Gautaborg
- Guðrún Nordal, Háskóla Íslands
- Tomas Riad, Stokkhólmsháskóla og rannsóknarfélagi í Sænsku akademíunni

Um 35 ráðstefnugestir dvöldu í Reykholti í góðu yfirlæti og allmargir Íslendingar sóttu að auki hluta ráðstefnunnar. Fyrirlestrar fjölluðu almennt um bragform og ljóð frá bókmenntalegu og málfræðilegu sjónarhorni. Ráðstefnugestir lýstu yfir mikilli ánægju með ráðstefnuna og töldu að slóðir Snorra gæfu fræðilegri umræðu um bragfræði byr undir vængi. Fyrirlestrar frá ráðstefnunni verða gefnir út hjá forlaginu Peter Lang. Annar afrakstur ráðstefnunnar er rannsóknarsamstarf sem nú er hafið milli íslenskra og erlendra málfræðinga og bragfræðinga.

Málþing í minningu Konráðs Gíslasonar

Í október héldu Málvísindastofnun og Íslenska málfræðifélagið málþing í tilefni þess að á árinu voru liðin 200 ár frá fæðingu Konráðs Gíslasonar málfræðings og Fjölnismanns. Sjö fræðimenn fluttu erindi um ævi og málfræðistörf Konráðs. Var málþingið fjölsótt og tók Ríkisútvarpið ráðstefnuna upp á band til að flytja frá henni valda kafla í þættinum Í heyranda hljóði á rás 1.

Ráðstefna um tal- og málmein

Í nóvember hélt stofnunin ráðstefnu um tal- og málmein í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið, Félag talkennara og talmeinafræðinga og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Tíu fræðimenn fjölluðu um viðfangsefnið frá fjölbreyttu sjónarhorni og var ráðstefnan vel sótt og þótti heppnast vel.

Cultures in translation

Dagana 4.-6. desember stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum fyrir ráðstefnunni Cultures in translation í samvinnu við Málvísindastofnun, Mannfræðistofnun og Alþjóðahúsið. Ráðstefnan er hluti af alþjóðlegri ráðstefnuröð norrænu samtakanna Nordic Network for Intercultural Communication – NIC. Þórhallur Eypórsson, sérfræðingur hjá Málvísindastofnun, annaðist



skipulag málstofunnar The Glory of Babel: Celebrating diversity in languages and linguistics. Markmið málstofunnar var að leiða saman fræðimenn með ólíka nálgun á margbreytileika, bæði í mannlegu máli og málvísindum. Í málstofunni voru fluttir 18 fyrirlestrar af erlendum og innlendum fræðimönnum. Erlendu fyrirlesararnir voru víðs vegar að, þar á meðal hinir þekktu málfræðingar Werner Abraham og Elisabeth Leiss, prófessorar í München. Boðsfyrirlesari í Babels-málstofunni var Jorunn Hetland, prófessor í NTNU-háskólanum í Prándheimi. Það var mál manna að málstofan hefði heppnast sérlega vel, eins og ráðstefnan í heild.

Fyrirlestrar

Í júní flutti Paul Kiparsky, prófessor við málvísindadeild Stanford-háskóla, fyrirlestur í boði Málvísindastofnunar, Íslenska málfræðifélagsins og Hugvísindadeildar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn nefndist Syncope, umlaut, and prosodic structure in early Germanic.

Í september hélt Cherlon Ussery, doktorsnemi við University of Massachusetts, fyrirlestur sem nefndist Case in Syntax, Agreement in PF? á vegum Málvísindastofnunar og Íslenska málfræðifélagsins.

Rannsóknir

Innan Málvísindastofnunar starfa málfræðingar í íslensku, almennum málvísindum og táknafræði. Þeir vinna að fjölbreyttum rannsóknum og fengu árið 2008 fjölmarga styrki úr Rannsóknasjóði og Rannsóknasjóði Háskólans. Rannsóknarstyrkir skapa ekki síst tækifæri til að veita nemendum þjálfun. Vinnu við öndvegisverkefnið „Tilbrigði í setningagerð“, sem Höskuldur Þráinsson prófessor stjórnar, lauk að mestu á árinu, en annað verkefni, „Tilbrigði í færeyksri setningagerð“, hófst. Á grundvelli RANNÍS-styrkja var einnig unnið að rannsókn á bragkerfi, hljóðkerfi og setningakerfi í eddukvæðum undir stjórn Kristjáns Árnasonar prófessors og Jón Axel Harðarson prófessor fékk styrk til rannsókna á hljóðkerfis- og beygingarfræði forníslensku. Þá unnu Jóhannes Gísli Jónsson aðjunkt og Eiríkur Rögnvaldsson prófessor áfram að rannsóknum sem hlutu framhaldsstyrki hjá RANNÍS. Jóhannes Gísli stýrði verkefni um sagnflokka og tákun rökliða en Eiríkur vann að samhengisháðri ritvilluleit. Þessu til viðbótar unnu aðilar að Málvísindastofnun meðal annars að rannsóknum á málfræðilegu kyni, íslensku á 19. öld, tengslum atkvæðagerðar og beygingar nafnorða, þolmynd í máli barna og málfræðilegri mörkun, en verkefni fengu öll styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Tania Strahan, málfræðingur frá Ástralíu, dvaldi við rannsóknir hér á landi og hafði aðstöðu hjá Málvísindastofnun og sömuleiðis Þórhallur Eypórsson sem hefur tekið þátt í rannsóknum ýmissa fræðimanna innan Málvísindastofnunar.

Sagnfræðistofnun

Sagnfræðistofnun heldur til í Guðnastofu í Árnagarði, sem kennd er við Guðna Jónsson prófessor. Stofnunin fær úthlutun af fjárframlagi til Hugvísindadeildar. Í stjórn sátu á árinu Már Jónsson, forstöðumaður, Valur Ingimundarson, fulltrúi starfsmanna, og Ólafur Arnar Sveinsson, fulltrúi meistaránema. Fast starfslið er kennarar með rannsóknaskyldu í sagnfræði og fornleifafraeði, en félagar eru jafnframt doktorsnemar og meistaraneimar í sömu greinum. Stúdentar hafa gegnt tímabundnum verkefnum fyrir stofnunina, svo sem vinnu við bókalager, skrásetningu bókakosts og umsjón með vefsetrinu Söguslóðum. Forstöðumaður hafði á hendi framkvæmdastjórn og daglegan rekstur. Hann situr fundi í stjórn Hugvísindastofnunar.

Útgáfustarf var með hefðbundnu sniði. Í Ritsafni Sagnfræðistofnunar, sem Guðmundur Jónsson prófessor annast, kom út bók Aðalgeirs Kristjánssonar, Bókabylting 18. aldar. Fræðastörf og bókaútgáfa upplýsingarmanna. Karl Jóhann Garðarsson bjó bókina til útgáfu. Þá var gefin út lítið breytt meistaraprófsritgerð Benedikts Eypórssonar. Búskapur og rekstur staðar í Reykholti. Valur Freyr Steinarsson sagnfræðingur annaðist útgáfuna. Vonir standa til að ein slík ritgerð komi út á ári. Engin bók kom út í ritróðinni Sagnfræðirannsóknir.

Árlegan minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar hélt norski sagnfræðingurinn Ida Blom 11. ágúst undir heitinu „Finding a new past – from national women’s history to transnational gender history.“ Erindi hennar var jafnframt opunarfyrirlestur Niundu ráðstefnu norræna kvenna- og kynjasagnfræðinga, sem haldin var við Háskóla Íslands. Blom er prófessor emeritus í kvenna- og kynjasögu við háskólann í Björgvin í Noregi.

Rannsóknir einstakra starfsmanna eru jafnframt helstu verk unnin á vegum Sagnfræðistofnunar og er gerð grein fyrir þeim í Ritaskrá Háskóla Íslands. Að auki hefur stofnunin komið að ýmsum verkefnum í samstarfi við aðra. Að Reykholtssveit er unnið undir stjórn Helga Þorlákssonar, sem og að ritun á sögu utanríkisverslunar. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Miðstöð munnlegrar sögu og er jafnframt formaður hennar. Stofnunin starfrækir vefsetrið Söguslóðir (soguslodir.hi.is) þar sem vistuð eru upplýsingasöfn um sagnfræði og birtar fréttir úr fræðunum. Þar ber hæst ritaskrána „Íslandssaga í greinum“ sem tekur til greina um íslenska sögu og sagnfræði í tímaritum og greinasöfnum. Stefnt er að því að uppfæra hana reglulega. Það sama gildir um skrá yfir lokaritgerðir í sagnfræði við Háskóla Íslands, sem einnig er á Söguslóðum.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Stjórn og starfsmenn

Á árinu 2008 gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Varastofnunarformaður var Oddný G. Sveinsson. Auk þeirra sátu í fagráði Ásdís R. Magnúsdóttir, Gauti Kristmannsson, Julian M. D'Arcy, Geir Sigurðsson og Lars-Göran Johansson, en fagráðsmeðlimur var fjölgað úr fimm í sjö á árinu og tóku þá þeir síðastnefndu sæti í ráðinu. Laufey Erla Jónsdóttir gegndi starfi verkefnastjóra í fullu starfi og Rósa Elín Davíðsdóttir sinnti störfum fyrir stofnunina í hálfu starfi frá september til áramóta.

Starfsemi

Stofnunin stóð að venju fyrir fyrirlestraröð, ráðstefnum og málþingum. Dagana 4.-6. desember var haldin alþjóðleg ráðstefna undir yfirskriftinni „Cultures in Translation“ sem var hluti af árlegri ráðstefnuröð samtakanna Nordic Network for Intercultural Communication (NIC). Í tilefni af alþjóðlegu tungumálaári hjá Sameinuðu þjóðunum var efnt til kynningar á ólíkum menningarsvæðum með það að markmiði að vekja athygli á mismunandi tungumálum og menningarheimum, ekki síst þeirra sem tengjast þjóðerni stærstu hópa útlendinga hér á landi. Í nóvember var efnt til kynningar á stofnuninni í Frakklandi.

Fyrirlestraröð

Vormisseri:

- Mirja Juntunen, forstöðukona Nordic Centre á Indlandi: Activism among the Kurmis in Jharkand
- Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands: Evrópa og tungumálin
- Näkkälä: Heimildamynd frá N-Finnlandi
- Lise Tremblay rithöfundur: Hegravarpíð
- Philippe Laplace, lektor í skoskum bókmenntum við Háskólann í Besançon: Neil M. Gunn the (his)story teller: WRITING in the empty spaces of history
- Marion Lerner þýðingafraeðingur og leiðsögumaður: Villa á öræfum
- Julian Meldon D'Arcy, prófessor í enskum bókmenntum, Háskóla Íslands: Football Icons and Literary Heroes in Twentieth-Century American Fiction: The Rise and Fall of the Gridiron Star
- Juan Pablo Mora, dósent í spænskum málvísindum við Háskólann í Sevilla: Spanish in a Global Context
- Gunhild Agger, lektor í samskiptafræðum við Álaborgarháskóla: Tv-drama, identitet og kultur
- Ib Bondebjerg, prófessor í kvikmynda- og fjölmiðlafræðum við Kaupmannahafnarháskóla: Virkelighedens fortællinger. TV-dokumentarismen og konstruktionen af det moderne Danmark
- Anker Gemzøe, prófessor í bókmenntum við Álaborgarháskóla: Slægtens og fortællingens genkomst i ny dansk prosa

Haustmisseri:

- De kaller meg mor: Heimildamynd eftir Magnus Svärd Jörnheim um norska kvenskörunginn Bodil Biørn sem bjó og starfaði í Armeníu 1905-1934
- Bernard Comrie, prófessor og deildarstjóri málvísindadeildar Max Planck Institute for Evolutionary Anthropology í Leipzig: The World Atlas of Language Structures
- Andrea Milde, lektor í þýsku við Háskóla Íslands: The University of Iceland. A new Tandem Server? Language Learning in Tandem

Þýðing öndvegisverka:

- Árni Bergmann, rithöfundur og þýðandi: Ígorskviða á íslensku – vandinn við að þýða fornan rússneska kveðskap og sögur
- Hafliði Arngrímsson, leikhúsfraeðingur og þýðandi: Verk frá öðrum heimi

Málþing og ráðstefnur

Alþjóðlegi móðurmálsdagurinn – móðurmálskennsla tvítýngdra barna: Þann 21. febrúar var efnt til dagskrár í tilefni af alþjóðlegum móðurmálsdegi Sameinuðu þjóðanna en hann er haldinn hátíðlegur um allan heim í því skyni að stuðla að umræðu um menningarlegan fjölbreytileika og fjöltýngi. Fram komu: Hulda Kristín Jónsdóttir doktorsnemi, Fríða Bjarney Jónsdóttir leikskólaráðgjafi, fulltrúar frá Móðurmáli – félagi um móðurmálskennslu og börn frá leikskólanum Mýri tóku lagið.

Mál málanna: Haldið var málþing 15. apríl í tilefni af útgáfu bókarinnar Mál málanna sem kom út á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á árinu í ritstjórn Auðar Hauksdóttur og Birnu Arnbjörnsdóttur. Bókin er sérstaklega tileinkuð frú Vigdís Finnbogadóttur og hefur að geyma greinasafn um rannsóknir á máltöku og kennslu erlendra tungumála. Fyrirlesarar á málþinginu voru:

- Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í ensku, Háskóla Íslands
- Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, Háskóla Íslands
- Oddný G. Sverrisdóttir, dósent í þýsku, Háskóla Íslands
- Auður Torfadóttir, dósent í ensku, Kennaraháskóla Íslands
- Hafdís Ingvarsdóttir, dósent í uppeldis- og menntunarfræði Háskóla Íslands

Málþing um lokaverkefni MA- og M.Paed.-kandídata: Hinn 11. apríl stóð stofnunin fyrir kynningu á lokaverkefnum MA- og M.Paed.-kandídata í tungumálum og þýðingafræðum. Málþingið fór fram í Óskju og þar kynntu nemendur útskrifaðir í febrúar 2008 og október 2007 verkefni sín. Þátttakendur voru: Kristjana Björg Sveinsdóttir, M.Paed. í þýsku, Sigríður Helga Sverrisdóttir, MA í ensku og Marion Elizabeth Scobie, MA í ensku.

Pólsk menningardagskrá: Í tilefni af alþjóðlegu tungumálaári var efnt til sérstakrar dagskrár sem tileinkuð var Póllandi og pólskri tungu. Sérfræðingar á ýmsum sviðum miðluðu af fróðleik sínum um sögu og tungu þessa gamla stórveldis. Þátttakendur í dagskránni voru:

- Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur
- Stanislaw Bartozek málfræðingur
- Þrándur Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður
- Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur

Auk þeirra fluttu Ingibjörg Þórisdóttir og Tomasz Bandelak pólsk ljóð, bæði á frummálinu og í íslenskum þýðingum, og nemendur úr Suzuki-tónlistarskólanum fluttu nokkur lög eftir pólsk tónskáld.

Saroyan 100 ára – armensk menningardagskrá: Í tilefni af alþjóðlegu tungumálaári var einnig efnt til armenskrar menningardagskrár. Dagskráin var sérstaklega helguð aldarafmæli armenska rithöfundarins Williams Saroyan. Aðalgestur hátíðarinnar var Dickran Kouymjian, forstöðumaður armenskra fræða við California State University. Kouymjian flutti erindi um Saroyan, en hann var einn af samferðarmönnum skáldsins. Ingibjörg Þórisdóttir, dramatúrgur og verkefnisstjóri, fjallaði um kynni sín af Armeníu, leikararnir Lilja Þórisdóttir og Hallgrímur Ólafsson lásu leikrit eftir Saroyan og rithöfundarnir Gyrðir Elíasson og Óskar Árni Óskarsson lásu úr þýðingum sínum úr verkum Saroyans. Í lokin var sýnd stuttmyndin The Good Job frá árinu 1942 sem skáldið gerði sjálfur.

Evrópski tungumáladagurinn: Í tilefni dagsins þann 26. september var efnt til hátíðardagskrár í samvinnu við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi. Sérstakur boðsgestur á dagskránni var Søren Fauth, lektor við Árósháskóla, en hann flutti erindið Ándens og sprogets deroute i et ensrettet Europa. Auk hans komu fram eftirfarandi:

- Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í rannsóknum og kennslu erlendra tungumála við Háskóla Íslands
- Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands
- Hannes Högni Vilhjálmsson, lektor við Háskólann í Reykjavík
- Margrét Kristín Jónsdóttir, þýskukennari við Menntaskólann á Akureyri

Dagskránni lauk með pallborðsumræðum undir yfirskriftinni Skiptir tungumálakunnáttu máli? þar sem eftirfarandi aðilar úr atvinnulífinu skýrðu frá eigin reynslu: Gísli Örn Garðarsson leikari, Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri

Promens, og Þórey Vilhjálmsdóttir, viðskiptafræðingur MBA. Stjórnandi var Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fréttamaður. Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson skemmtu áheyrendum með söng á ýmsum tungumálum.

Ráðstefnan Cultures in Translation

Haldin var alþjóðleg ráðstefna á sviði þvermenningarlegra fræða (intercultural communication) dagana 4.-6. desember í samvinnu við Málvísindastofnun, Mannfræðistofnun og Alþjóðahúsið. Ráðstefnan er hluti af árlegri ráðstefnuröð norræna samstarfsnetsins Nordic Network for Intercultural Communication – NIC og var þetta í fyrsta sinn sem slík ráðstefna er haldin á Íslandi. Ráðstefnugestir komu fyrst og fremst frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum en þó einnig víðar að úr heiminum. Flutt voru yfir 80 erindi í þemaskiptum málstofum, m.a. á sviði bókmenntaþýðinga, tvítýngis, menningarlausis, samfélagstúlkunar, um málefni innflytjenda o.fl. Auk þess var sérstök málstofa um norræna vitund og málstefnu sem var styrkt af norrænu ráðherranefndinni. Lykilfyrirlesarar á ráðstefnunni voru Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, Jorunn Hetland, prófessor við NTNU í Þrándheimi, og Michael Byram, prófessor við Háskólann í Durham. Ráðstefnan var styrkt af Norræna menningarsjóðnum. Undirbúningsnefnd ráðstefunnar var skipuð eftirtöldum aðilum: Gauti Kristmannsson dósent, Sólveig Jónasdóttir, verkefnastjóri Alþjóðahúsi, Unnur Dís Skaptadóttir prófessor, Mannfræðistofnun, og Þórhallur Eypórsson, fræðimaður við Málvísindastofnun.

Kynning á Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í Frakklandi 17.-25. nóvember 2008 Kynningin fór fram í París og Caen og tóku Ásdís R. Magnúsdóttir, Jóhanna Björk Guðjónsdóttir og Torfi H. Tulinius þátt í henni ásamt Vigdís Finnbogadóttur sem fór fyrir sendinefndinni. Kynningin var tvíþætt, annars vegar var á dagskrá að koma á rannsóknasamstarfi á fræðasviðum SVF og var efnt til samstarfsfunda með fagfólki og stofnunum og hins vegar átti Vigdís að vera heiðursforseti norrænu menningarháttíðarinnar Boréales sem haldin er árlega í Caen. Auk þess var Vigdís veitt alþjóðleg viðurkenning kvennasamtakanna Ladies First. Þá hitti sendinefndin Jacques Chirac, fyrrverandi forseta Frakklands, en hann hefur komið á fót stofnuninni Fondation Chirac sem hefur það m.a. að markmiði að vernda tungumál í útrýmingarhættu. Í ferðinni var leitað eftir samstarfi við stofnunina Fondation Chirac og hét forsetinn fyrrverandi fullum stuðningi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og fagnaði samstarfi stofnananna.

Sendinefndin hitti einnig hinn virta málvísindamann Louis-Jean Calvet og Jean Pruvost sem stýrir rannsóknarstofnuninni CNRS Lexique Dictionnaires Informatique við háskólann Université de Cergy-Pontoise rétt fyrir utan París. Þá var haldinn fundur með Jean-Luc Clément, ráðgjafa á sviði evrópsks og alþjóðlegs rannsóknarsamstarfs, og Xavier North, yfirmanni deildar um málefni franskrar tungu í menningarmálaráðuneytinu, en hann hefur reynst hjálplegur við að koma af stað vinnu við íslensk-franska orðabók.

Vigdís Finnbogadóttir og Torfi H. Tulinius áttu einnig fund með forstjóra Banque de Rothschild, David de Rothschild, og í framhaldi fundarins veitti bankinn stofnuninni styrk að upphæð 10.000 evrur. Fénu verður varið í gerð íslensk-franskrar orðabókar. Einnig áttu þau fund með forstjóra BNP-Parisbas sem er stærsti banki Frakklands. Á fundinum var leitað eftir stuðningi við frönsk-íslensk menningarverkefni og var erindinu tekið vel.

Fjölmiðlar veittu heimsókn Vigdísar og fulltrúum stofnunarinnar nokkra athygli og má þar nefna útvarpsstöðvarnar France Inter og France Culture og blaðið Les Échos.

Útgáfur fræðiritra

Mál málanna. Um nám og kennslu erlendra tungumála: Í þessu fræðiriti er fjallað um nýjar rannsóknir á tileinkun og kennslu annars máls og erlendra tungumála. Mjög lítið hefur verið ritað á íslensku um þetta efni. Hér er því reynt að bæta úr brýnni þörf með því að koma á framfæri nýrri þekkingu í því skyni að styrkja fræðasviðið og efla umræðu um þessi mál á íslensku. Mál málanna inniheldur ellefu kafla eftir erlenda og innlenda höfunda. Ritstjórar eru Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, og Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í rannsóknum og kennslufræði erlendra tungumála.

Rússneska með réttu lagi: Kennslubók í rússneskri hljóðfræði og tónfalli handa íslenskumælandi nemendum, en bókin er ætluð rússneskunum sem hafa íslensku að móðurmáli. Hverjum kafla fylgir fjöldi æfinga og má finna lausnir við þeim í bókartok. Hljóðdiskur með æfingum fylgir bókinni. Meginefni bókarinnar



er bæði á íslensku og rússnesku og sett fram á þann hátt að það nýtist jafnt kennurum og nemendum sem vilja ná réttum rússneskum framburði. Höfundur bókarinnar er Olga Korotkova, lektor í rússnesku við Háskóla Íslands. Rebekka Práinsdóttir, aðjunkt í rússnesku við Háskóla Íslands, þýddi yfir á íslensku.

Det norrøne og det nationale: Bókin hefur að geyma greinasafn um áhrif íslenskra miðaldabókmennta á bókmenntir í Noregi, Svíþjóð, Íslandi, Bretlandi, Þýskalandi og Danmörku. Greinarnar byggjast á erindum sem flutt voru á fyrsta Vigdísarþinginu sem fram fór í apríl 2006 ásamt opunarávarpi Vigdísar. Íslendingasögurnar, Eddukvæðin og aðrar miðaldabókmenntir gegndu mikilvægu hlutverki fyrir menningu þessara landa á 19. öld, einkum við uppbyggingu þjóðarímyndar þeirra. Í bókinni fjalla bæði íslenskir og erlendir fræðimenn um hlutverk miðaldabókmenntanna í þessum löndum frá ýmsum hliðum. Bókin hefur einnig að geyma fjölmargar teikningar og myndir frá þessum tíma sem vísa í gömul íslensk minni. Ritstjóri bókarinnar er Annette Lassen dósent.

Alþjóðleg tungumálamiðstöð – World Language Centre

Unnið hefur verið einarðlega að framgangi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar sem fyrirhugað er að komið verði á fót á næstu árum. Sett hefur verið á laggirnar alþjóðleg ráðgjafanefnd um verkefnið, en meðlimir hennar eru: Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla; Bernard Comrie, forstöðumaður málvísindadeildar Max Planck stofnunarinnar í Leipzig; Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, og Peter Austin, prófessor við Lundúnaháskóla. Fyrirhugað er að fyrsti fundur nefndarinnar verði á vormánuðum 2009. Alls er ætlað að meðlimir nefndarinnar verði 8-10 talsins frá öllum heimsálfum auk þess, sem þeir endurspeglí sem flest fræðasvið og tungumál sem tilheyra stofnuninni. Leitað var til Menningar- og rannsóknarsjóðs sænska seðlabankans (Riksbankens Jubileumsfond) um styrk til að mæta kostnaði við starfsemi alþjóðlegrar ráðgjafanefndarinnar. Bankinn ákvað að styrkja verkefnið með u.þ.b. 7 m. kr. framlagi (500.000 sænskar krónur) og skal styrknum varið til að greiða kostnað við fundahöld með nefndinni á árunum 2009 og 2010.

Styrkir til SVF

Margir urðu til að leggja stofnuninni lið á árinu. Aðalstyrktaraðili SVF var Straumur Burðarás fjárfestingarbanki sem styrkti starfsemina með 5 milljón króna framlagi þriðja árið í röð. Stofnunin hlaut einnig fjárstyrki frá Promens hf. og Gutenberg hf. sem nú er Prentsmiðjan Oddi og er það annað árið í röð sem stofnunin nýtur liðsinnis þessara fyrirtækja. Í samningnum við Promens er kveðið á um 1,5 m. kr. árlegt framlag til stofnunarinnar til ársins 2011 til markvissrar uppbyggingar hennar. Samkomulagið við Odda felur í sér árlegan fjárstyrk að upphæð 1 m. kr. til ársins 2011. Menntamálaráðuneytið styrkti SVF með 200.000 kr. framlagi til að fjármagna evrópska tungumáladaginn og aðra viðburði sem tengjast alþjóðlegu tungumálaári. Ráðstefnan Cultures in Translation var styrkt af Norræna menningarsjóðnum (60.000 DKR) og norrænu ráðherranefndinni (25.000 DKR). Ráðstefnan var einnig styrkt með óbeinum hætti af sendiráðum Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands ásamt Bláa lóninu. Stofnunin naut eins og áður er getið fjárstuðnings frá menningar- og rannsóknarsjóði sænska seðlabankans (Riksbankens Jubileumsfond) til að fjármagna fundahöld með alþjóðlegri ráðgjafanefnd og undirbúningsvinnu við að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð. Að lokum þá hlaut stofnunin styrk að upphæð 10.000 evrur frá Banque de Rothschild og var ákveðið að verja peningunum í gerð íslenskrar orðabókar.

Liðsinni Vigdísar Finnbogadóttur

Sem endranær hefur Vigdís Finnbogadóttir reynst stofnuninni ómetanlegur bakhjarl. Hún hefur lagt ómælda vinnu af mörkum í tengslum við starfsemi SVF og heimili hennar hefur staðið opið fyrir erlenda og innlenda gesti stofnunarinnar.

Þýðingasetur Háskóla Íslands

Þýðingasetur starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og veitir Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingafraeði, því forstöðu.

Rannsóknir

Rannsóknir á vegum Þýðingaseturs tengjast rannsóknasviði forstöðumanns í þýðingafraeði, tengslum þýðinga við þjóðarbókmenntir, málstefnu og málpólítík, fjölmiðlaþýðingar, auk rannsókna og þýðinga á sviðum fagurfræði og bókmenntafræði.

Samstarfsverkefni

Samstarfsverkefni við erlenda háskóla voru helst með háskólanum í Salamanca á Spáni og Johannes Gutenberg-háskólanum í Mainz/Germersheim á sviðum þýðinga og túlkunar. Forstöðumaður tók þátt í alþjóðlegu rannsóknaverkefni um lagabýðingar og hlut fjölmiðla í þeim í Salamanca í febrúar og alþjóðlegu þingi um þverfaglegt hlutverk þýðingafræði í Germersheim í nóvember.

Próf fyrir löggilta skjalapýðendur og dómtúlka

Þýðingasetur sá um löggildingarpróf fyrir skjalapýðendur og dómtúlka í samvinnu við dómsmálaráðuneytið og sýslumanninn á Hólmavík. Láru Huld Guðjónsdóttur. Í prófstjórn eru Gauti Kristmannsson, dósent, Jón Skaptason, löggiltur dómtúlkur og skjalpýðandi, Hjalti Zophoníasson, skrifstofustjóri, og Guðný Jónsdóttir, ritari ráðherra.

Málþing og fyrirlestrar

Í samvinnu við Íslenska málnefnd og Bandalag þýðenda og túlka stóð Þýðingasetur fyrir málþingi 9. maí undir yfirskriftinni „Þýðingar, túlkun og íslensk málstefna í hnattvæðingunni“.

Fyrirlesarar voru

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra

Gauti Kristmannsson, dósent og forstöðumaður Þýðingaseturs

Sabine Leskopf, verkefnastjóri hjá Alþjóðahúsi

Kristján Árnason, prófessor

Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og þýðandi

Halldór Guðmundsson, rithöfundur

Þýðingasetur stóð einnig fyrir málþinginu „Shakespeare á íslensku - Málþing um Macbeth“ þar sem meistaranemar í þýðingafræði héldu fyrirlestra.

Fyrirlesarar voru

Guðrún Randalín Lárusdóttir: Gagnrýni á Macbeth-sýningar

Hallgrímur Þór Þórdísarson: Hvað er þjánn?

Hlín Agnarsdóttir: Macbeth á tungumál leiksviðsins – leiksýning sem þýðing

Jonas Bokelmann: Macbeth á þýsku. Þýðingar og valdar sýningar

Katrín Björk Baldvinsdóttir: Lafði Macbeth í þýðingum Helga Hálfðanarsonar og

Sverris Hólmssonar

Ólafur B. Halldórsson: Málfar Matthíasar Jochumssonar á Macbeth

Salbjörg Jósepsdóttir: Frumtexti og leikgerð

Salka Guðmundsdóttir: Að þýða Macbeth yfir í nútímann

Salvör Aradóttir: Krókaleiðir þýðinga

Sigrún Tómasdóttir: Nornapíng

Jouko Nikkinen, yfirmaður túlkadeildar Finna hjá Evrópuþinginu í Brussel og Strassborg, hélt fyrirlestur 5. apríl á Hugvísindapíngi í boði Þýðingaseturs undir yfirskriftinni „„Big“ and „Small“ Languages in Communication within the EU“.

Gunnhildur Stefánsdóttir, forstöðumaður Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins hélt fyrirlestur við sama tækifæri um starf Þýðingamiðstöðvarinnar.

Fernando Toda, prófessor og deildarforseti þýðenda- og túlkadeildar háskólans í Salamanca hélt fyrirlestur 2. desember undir yfirskriftinni „Censorship in translation in Franco's Spain“.

Prófessor Toda bauð einnig upp á opið semínar á spænsku um kvikmyndapýðingar.

Í samvinnu við Bandalag þýðenda og túlka stóð Þýðingasetur fyrir stuttum málþingum undir yfirskriftinni „Hádegisspjall um þýðingar“.

16. apríl: „Frá Leiðarljósi til L'elísir - Fjölbreytt flóra sjónvarpsþýðinga.“

Fyrirlesarar voru:

Ellert Sigurbjörnsson: „Sérstaða sjónvarpsþýðandans.“

Nanna Gunnarsdóttir: „Snertifletir þýðingafræði og sjónvarpsþýðinga – Eiga kenningar við um þýðingu Leiðarljóss?“

Anna Hinriksdóttir: „Frá Leiðarljósi til L'elísir - Fjölbreytt flóra sjónvarpsþýðinga“

7. maí: „Táknmál á tímamótum: Lögverndun, málstefna og orðabækur.“

Fyrirlesarar voru:

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir: „Táknmál í íslenskum lögum“

Ásta Baldursdóttir: „Íslensk táknmålsorðabók með jafnheitum og skýringum á íslensku“

Rannveig Sverrisdóttir: „Málstefna – málstöðlun: Hverju breytir það?“

Brautskráðir stúdentar í Hugvísindadeild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Almenn bókmenntafræði BA	4	5	9	10	14	24	11	18	29
Almenn bókmenntafræði MA	2	3	5	1	4	5	0	1	1
Almenn málvísindi BA	0	1	1	1	2	3	1	1	2
Austur-Asíufræði BA							2	0	2
Táknmálsfræði BA				0	4	4	0	6	6
Táknmálsfræði og táknmálstúlkun BA				0	6	6	1	1	2
Viðbótarnám í hagnýtum þýðingum				0	2	2	1	2	3
Þýðingarfræði MA	0	2	2	1	1	2	1	2	3
Hagnýt ritstjórn og útgáfustörf MA				0	1	1	0	2	2
Enska BA	9	29	38	9	17	26	8	17	25
Hagnýt enska diplóma				0	1	1	0	1	1
Enska M.Paed.	0	1	1	0	1	1	1	2	3
Enska MA	0	1	1	0	2	2	0	4	4
Hagnýt spænska	0	2	2						
Ítalska BA	0	3	3	0	3	3	1	4	5
Franska BA	2	6	8	1	5	6	0	7	7
Franska M.Paed.	0	0					0	1	1
Franska MA									
Hagnýt franska diplóma							0	1	1
Latína BA	1	0	1	1	0	1			
Gríska BA									
Gríska of latína BA									
Rússneska BA				1	0	1			
Spænska BA	3	14	17	2	7	9	2	9	11
Spænska M.Paed.							0	1	1
Heimspæki BA	16	8	24	14	11	25	7	6	13
Heimspæki MA				2	0	2	1	1	2
Heimspæki M.Paed.									
Starfstengd siðfræði viðbótarnám							1	1	2
Umhverfisfræði MA									
Hagnýt íslenska diplóma	0	2	2	0	3	3	0	1	1
Íslenska BA	6	22	28	5	26	31	6	25	31
Íslenska & táknmálsfr.og táknmálstúlk. BA									
Ísl. málfr. MA				0	1	1	0	1	1
Ísl. bókmennt. MA	1	2	3	2	1	3	2	2	4
Ísl. fræði MA	1	2	3	1	0	1	2	1	3
Miðaldafræði MA				3	1	4	1	5	6
Ísl. bókmenntir doktor									
Íslenska M.Paed.	0	4	4	1	3	4	1	2	3
Íslenska fyrir erlenda stúdenta BA	3	18	21	4	15	19	1	3	4
Japanska	3	0	3	1	0	1	1	0	1
Listfræði BA	0	3	3	1	4	5	1	9	10
Tungutækni MA	0	1	1						
Sagnfræði BA	21	12	33	13	7	20	14	8	22
Sagnfræði MA	4	1	5	3	3	6	1	2	3
Sagnfræði M.Paed.							1	1	2
Sagnfræði doktor				0	1	1			
Fornleifafræði BA	2	4	6	3	7	10	3	8	11
Fornleifafræði MA	0	0		1	1	2	0	2	2
Hagnýt menningarmiðlun MA				1	1	2	0	8	8
Sænska BA	1	1	2				0	4	4
Hagnýt þýska diplóma	0	2	2				0	1	1
Þýska BA	1	4	5	2	8	10	1	5	6
Þýska M.Paed.	2	8	10	0	2	2			
Danska BA	1	4	5	0	6	6	1	5	6
Danska MA	0	2	2						
Danska M.paed.	0	2	2						
Norska BA	1	1	2				0	1	1
Finnska BA							1	0	1
Samtals	84	170	254	84	171	255	75	182	257

Fjárveitingar og útgjöld Hugvísindadeildar 2006-2008 (þús. kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	526.559	616.773	699.489
Fjárveiting	488.022	603.139	716.124

Erindi

Forstöðumaður, Gauti Kristmannsson dósent, hélt erindi á eftirtöldum þingum.

Þrjú samtengd erindi um fjölmiðlaþýðingar á alþjóðlegu semínari um

lagapýðingar Seminario de traducción jurídica. 25.-29. febrúar 2008.

Translation als Schlüsselbegriff der Interdisziplinarität, Johannes Gutenberg-Universität Mainz. „Wie man ohne Original übersetzt. Die zentrale Funktion der Translation in der Kulturgeschichte.“ 22.-23. nóvember 2008.

Cultures in Translation, á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. „Translation as intercultural communication.“ 4.-6. desember 2008.

Plenum-kynning á alþjóðlegri ráðstefnu, Cultures in Translation, á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. „World Language Centre in Iceland“. 4.-6. desember 2008.

Ritstjórn og útgáfa

Forstöðumaður situr í ritstjórn tímaritsins Jón á Bægisá 12/2008.

Forstöðumaður er í ritstjórn ritraða Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur ásamt Ásdísi R. Magnúsdóttur og Erlu Erlendsdóttur.

Forstöðumaður var ritstjóri tímarits Hugvísindastofnunar, Ritið, ásamt Birni Þorsteinssyni.

Lagadeild og stofnanir hennar

Almennt yfirlit og stjórn

Í ársbyrjun 2008 voru 623 nemendur skráðir til náms við Lagadeild. Konur voru 322 og karlar 301.

Í ársbyrjun 2008 störfuðu við Lagadeild sjö prófessorar, fjórir dósentar, átta lektorar, sex aðjunktur og um 60 stundakennarar. Björg Thorarensen prófessor var í rannsóknarleyfi fyrir hluta ársins og var Róbert R. Spanó, prófessor og varadeildarforseti, starfandi deildarforseti þann tíma. Í ágúst voru skrifstofur Lagadeildar fluttar af 4. hæðinni í Lögbergi á 1. hæð í Gimli, þar sem öll stjórnýsla Félagsvísindasviðs er nú samankomin.

Kennslumál

Í Lagadeild er boðið upp á þriggja ára 180 eininga nám til BA-prófs í lögfræði. Nemendur taka 17 skyldnámskeið og skrifa BA-ritgerð. Að loknu BA-prófi er boðið upp á 120 eininga framhaldsnám til meistaraþrófs sem jafngildir embættisprófi í lögfræði og útskrifast nemendur með lærdómstítilinn magister juris (mag.jur.). Framhaldsnámið er þannig byggt upp að nemendur skulu ljúka 90 e í valnámskeiðum auk 30 e meistararitgerðar. Boðið er upp á u.þ.b. 12 valnámskeið á íslensku og 5 valnámskeið á ensku við Lagadeild á hverju misseri. Hvert námskeið er almennt kennt á tveggja ára fresti nema þau ensku, sem eru kennd á hverju ári.

Meistaraneimar stýrðu á árinu 2008 umræðu- og verkefnatímum í öllum BA-námskeiðum við deildina og á haustmisseri 2008 gátu meistaraneimar tekið að sér aðstoðarkennslu í BA-námskeiðum og fengið kennsluna metna til allt að 6 eininga inn í meistaránám sitt samkvæmt nýjum reglum þar um.

Nemendur við aðrar deildir Háskóla Íslands geta tekið þátt í tilteknum námskeiðum við Lagadeild sem hluta valnáms þeirra, einkum á sviði stjórnýsluréttar og fjármunaréttar, og fer þeim kostum fjölgandi. Er þannig boðið upp á BA- og BS-próf með lögfræði sem aukagrein við nokkrar deildir Háskóla Íslands þar sem stúdentar taka lögfræðinámskeið við Lagadeild.

Áherslusvið í meistaránámi

Nemendum í meistaránámi er boðið upp á að taka eitt af 10 áherslusviðum. Nemendur geta þá valið um að taka 5 námskeið á einu af áherslusviðunum til meistaraprófs og skrifa 30 eininga meistararitgerð á því sama sviði. Aðeins er um val að ræða og þurfa nemendur ekki að velja sér áherslusvið. Með því að bjóða upp á þennan möguleika er nemendum gefinn kostur á að auka sérhæfingu sína með markvissari hætti en áður en atvinnulífið kallar eftir sérhæfingu á sem flestum sviðum.

LL.M.-nám

LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law er sérhæft meistaránám í alþjóðlegum umhverfisrétti og auðlindarétti. Námið er allt á ensku, skipulagt sem eins árs 90 eininga nám sem samanstendur af 9 námskeiðum og 30 e ritgerð. Námsleið þessi er ætluð erlendum lögfræðingum eða laganemum í stúdentaskiptum sem og íslenskum lögfræðingum eða laganemum í framhaldsnámi, ef þeir síðastnefndu kjósa að blanda saman námskeiðum á íslensku og ensku.

Doktorsnám

Haustið 2004 var tekið upp við deildina 180 eininga doktorsnám í lögfræði. Markmið doktorsnámsins er að veita doktorsnemum vísindalega þjálfun og búa þá undir vísindastörf, m.a. háskólakennslu og sérfræðingsstörf við rannsóknastofnanir. Doktorsritgerð við Lagadeild skal metin til 180 eininga. Doktorsnám við Lagadeild er þriggja ára fullt nám. Stundi doktorsnemi námið að hluta má námið taka allt að fimm ár. Doktorspróf við Lagadeild, að undangengnu doktorsnámi samkvæmt reglum um námið, veitir lærdómstítilinn Philosophiae Doctor (Ph.D.). Á árinu 2008 stunduðu 6 lögfræðingar doktorsnám við deildina.

Almenn lög

- Mælt fyrir að lög skuli sett -

- Í nokkrum tilvikum mælir stjórnarskráin fyrir um að lög skuli sett um tiltekið efni:
 - 40. og 77. gr. varðandi skattamál.
 - 59. gr. um skipan dómsvaldsins.
 - 2. mgr. 66. um málefni útlendinga.
 - Almennt skilyrði takmarkana á mannréttindum er að þær séu lögmæltar, t.d. 1. mgr. 67. gr. (persónufrelsi), 2. og 3. mgr. 71. gr. (friðhelgi einkalífs), 72. gr. (friðhelgi eignarréttar), 3. mgr. 73. gr. (tjáningarfrelsið), 2. mgr. 74. gr. (félagafrelsi), 1. mgr. 75. gr. (atvinnufrelsi).

Alþjóðasamskipti

Alþjóðasamskipti Lagadeildar voru mikil á árinu 2008 eins og endranær. Stunduðu 32 íslenskir laganemar skiptinám erlendis á árinu 2008 auk þess sem tekið var á móti erlendum nemum til náms við Lagadeild. Á hverju ári koma síðan erlendir gestaprófessorar í heimsókn til Lagadeildar og halda þeir iðulega opna fyrirlestra á vegum deildarinnar eða Lagastofnunar ásamt því að kenna í einstökum námskeiðum við deildina. Þá komu margir erlendir gestir og héldu fyrirlestra á málþingum í tengslum við hátíðardagskrá Lagadeildar í tilefni af 100 ára afmæli deildarinnar, sem getið verður um hér á eftir.

Rannsóknir

Kennarar í Lagadeild hafa á undanförunum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Rannsóknir þeirra hafa birst í sérstökum bókum, svo sem ritröð Lagastofnunar, í íslenskum og alþjóðlegum fræðitímaritum og safnverkum, svo sem Rannsóknnum í félagsvísindum, Tímariti lögfræðinga og Útlfjóti, riti laganema við Háskóla Íslands.

Á árinu 2008 komu út eftirgreindar bækur og bókakaflar skrifaðar af kennurum Lagadeildar:

Fasteignir og fasteignakaup – Viðar Már Matthíasson prófessor.

Ritröð Lagastofnunar 6 – Réttarsaga fiskveiða frá landnámi til 1990 – Helgi Áss Grétarsson sérfræðingur við Lagastofnun.

Ritröð Lagastofnunar 7 – Endurskoðun ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið – Aðalheiður Jóhannsdóttir dósent og Eiríkur Tómasson prófessor.

Rannsóknir í félagsvísindum IX. – Lagadeild, ritstjóri Trausti Fannar Valsson lektor.

Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi – Björg Thorarensen prófessor.

Afmælisrit Lagadeildar Háskóla Íslands – Safnrit með fræðigreinum kennara Lagadeildar, ritstjóri María Thejll.

Samstæður hlutafélaga – Stefán Már Stefánsson, prófessor.

Norræna rannsóknamiðstöðin (NordForsk) veitti í ágúst 2008 þriggja ára styrk til Norræna umhverfisréttar-, stjórnunar- og vísindasamstarfsins (Nordic Environmental Law, Governance and Science Network) en Lagadeild Háskóla Íslands á aðild að því, auk námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði og Stofnunar Sæmundar fróða.

Lagastofnun

Við deildina starfar Lagastofnun en hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að stuðla að og styðja við hvers konar rannsóknir og kennslu á sviði lögfræði. Einnig sinnir stofnunin lögfræðilegum þjónustuverkefnum á borð við álitserða- og gerðardómsþjónustu. Lagastofnun hélt áfram útgáfu ritraða á árinu og komu út tvö hefti á vegum stofnunarinnar. Þá stóð Lagastofnun fyrir málstofum og fyrirlesturum í samvinnu við Lagadeildina. Gerð er grein fyrir starfsemi stofnunarinnar í sérstökum kafla.

Kynningarstarf

Lagadeild tók þátt í lagadegi Lögmannafélags Íslands, sem haldinn var þann 9. maí 2008. Höfðu kennarar deildarinnar umsjón með tveimur málstofum.

Heimasíðu Lagadeildar er ætlað að veita allar nauðsynlegar upplýsingar um nám við deildina svo og almennar upplýsingar. Mikil breyting var gerð á heimasíðunni á árinu 2008 og var komið á samræmdu útliti og uppsetningu á öllum heimasíðum deilda Háskóla Íslands. Heimasíðan er í stöðugri vinnslu og uppfærð og lagfærð reglulega enda er hún helsta kynningarefni deildarinnar og hefur komið að verulegu leyti í stað sérstakra bæklinga um deildina.

Lagadeild og Orator, félag laganema, standa einnig saman að ýmsum kynningarfundum um almenn og sérstök atriði varðandi nám við deildina og háskólanám almennt.

Lagadeild tekur, eins og aðrar deildir Háskólans, þátt í árlegri námskynningu skóla á háskólastigi á vorin. Laganemar, kennarar og aðrir starfsmenn deildarinnar mæta þar og veita upplýsingar um laganámið, auk þess sem dreift er bæklingum og blöðum um nám við Lagadeild. Jafnframt hafa fulltrúar Orators farið árlega með kynningar í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Árleg móttaka fyrir afmælisárganga kandiðata frá deildinni, allt frá fimm ára upp í 60 ára afmælisárganga, í samstarfi Lagadeildar og Hollvínafélags deildarinnar.

var ekki haldin árið 2008 þar sem öllum útskrifuðum lögfræðingum var boðið í afmælistóttöku 1. október.

Hollvínafélagið og Lagadeild bjóða lögfræðingum sem útskrifast í október, febrúar og júní til móttöku við brautskráningu í júní ár hvert. Hollvínafélagið veitti viðurkenningu í formi peningaverðlauna fyrir besta námsrángur í BA-námi og LOGOS lögmannsjónusta fyrir besta námsrángur í meistaranámi.

Lagastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð árið 2008: Viðar Már Matthíasson prófessor, formaður, Stefán Már Stefánsson prófessor, varaformaður, Páll Sigurðsson prófessor, Ragnheiður Bragadóttir prófessor og Sigurður Örn Hilmarsson laganemi fyrri hluta árs og Halldóra Þorsteinsdóttir laganemi seinni hluta árs meðstjórnendur. Forstöðumaður er María Thejll lögfræðingur.

Rannsóknasamningur um réttarreglur um losun gróðurhúsalofttegunda

Í árslok lauk 18 mánaða styrktarsamningi stofnunarinnar við LEX ehf. lögmannsstofu. Rannsóknin varðar réttarreglur um losun gróðurhúsalofttegunda, þ. á m. Kýótó-bókunina. Hrafnhildur Bragadóttir lögfræðingur vann rannsóknina undir faglegri leiðsögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur dósents við Lagadeild Háskóla Íslands og sérfræðings í umhverfiserfræði. Niðurstöður rannsóknarinnar koma út í ritröð Lagastofnunar á árinu 2009.

Íslensk lögfræðiorðabók

Árið 2006 tók stjórn Lagastofnunar ákvörðun um það metnaðarfulla verkefni að gefa út Íslenska lögfræðiorðabók á 100 ára afmælisári Lagadeildar og að hún skyldi koma út á afmælisdeginum 1. október 2008. Lögfræðiorðabókin kom út þann dag og var fagnað í afmælistóttöku Lagadeildar í Háskólatorgi. Er ritið fyrsta sinnar tegundar héraendis en hefð er fyrir útgáfu slíkra rita á Norðurlöndunum og flestum vestrænum Evrópuríkjum. Ritstjóri er Páll Sigurðsson prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands og aðstoðarritstjórn Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir lögfræðingar.

Afmælisrit Lagadeildar Háskóla Íslands

Í tilefni af 100 ára afmæli Lagadeildar ákvað stjórn Lagastofnunar að gefa út fræðirit skrifað af kennurum Lagadeildar á afmælisárinu. Var sambærilegt fræðirit gefið út árið 2003 og nefnt Lögberg. Þrettán kennarar skrifuðu fræðigreinar að þessu sinni og kom ritið út í árslok 2008 en það er samtals 550 blaðsíður.

Útgáfa – Tvö hefti í Ritroð Lagastofnunar

Tilgangur Ritraðar Lagastofnunar að gefa út fræðigreinar sem eru lengri og ítarlegri en svo að þær henti til útgáfu í þeim safnritum sem gefin eru út um lögfræðileg efni. Áskrifendur eru um 200 og voru tvö hefti í ritroðinni gefin út á árinu. 6. hefti, Réttarsaga fiskveiða frá landnámi til 1990, eftir Helga Áss Grétarsson, sérfræðing við Lagastofnun, og 7. hefti, Endurskoðun ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, eftir Aðalheiði Jóhannsdóttur, dósent við Lagadeild og Eirík Tómasson, prófessor við Lagadeild.

Málstofur, fræðafundir og ráðstefnur

Lagastofnun og Lagadeild sinna fræðsluhlutverki því sem stofnuninni og deildinni er ætlað af miklum metnaði gagnvart útskrifuðum lögfræðingum og almenningi. Stóð Lagastofnun fyrir málstofum á vormisseri 2008 en vegna afmælisdagskrár Lagadeildar skólaárið 2008-2009 voru málstofur á haustmisseri 2008 haldnar í nafni Lagadeildar og er gerð grein fyrir þeim málstofum í kaflanum um Lagadeild. Málstofurnar voru sem hér segir:

23. janúar Málstofa í stjórnskipunarrétti – Stjórnskipuleg staða forseta Íslands
Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands
Birgir Ármannsson alþingismaður
Fundarstjóri: Eiríkur Tómasson prófessor

30. janúar Álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna

Er kvótakerfið í uppnámi?
 Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur hjá Lagastofnun
 Þorvaldur Gylfason, prófessor við Viðskipta- og hagfræðideild
 Fundarstjóri: Pétur Dam Leifsson, lektor við Lagadeild

20. febrúar Rétturinn til heilbrigðis
 Kynning á verkefnum meistaránema í almannatryggingarétti
 Fundarstjóri: Brynhildur G. Flóvenz, lektor við Lagadeild
27. febrúar Hvernig á að skipa dómara?
 Lúðvík Bergvinsson alþingismaður
 Eiríkur Tómasson, prófessor við Lagadeild
 Fundarstjóri: Róbert R. Spanó prófessor
12. mars Reglur ESB um landbúnað og fiskveiðar – Möguleg aðild Íslands
 Jens Hartig Danielsen, prófessor í Evrópu- og þjóðarétti við
 Árósaháskóla
 Fundarstjóri: Stefán Már Stefánsson, prófessor við Lagadeild
3. apríl European Energy Policy between Climate Change and
 Geopolitics?
 Dirk Buschle, lögfræðilegur ráðgjafi Evrópska
 orkumálasamstarfsins
 Fundarstjóri: Stefán Már Stefánsson, prófessor við Lagadeild
8. maí Jafnvægi öryggis og grundvallarréttinda
 Ivan Bizjak, yfirmaður dóms- og innanríkismáladeildar skrifstofu
 ráðherraráðs Evrópusambandsins
 Fundarstjóri Róbert R. Spanó, prófessor við Lagadeild

Veffang Lagastofnunar er: www.lagastofnun.hi.is.

Brautskráðir stúdentar í Lagadeild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Lögfræði	26	22	48	10	14	24	2	4	6
Lögfræði BA	31	31	62	45	48	93	42	42	84
Sjávarútvegsfræði MS									
Lögritarar diplóma	0	2	2						
Mag.jur. í lögfræði				14	7	21	22	26	48
Lögfræði LLM	1	1	2	0	2	2			
Lögfræði doktorspróf									
Samtals	58	56	114	69	71	140	66	72	138

Fjárveitingar og útgjöld Lagadeildar 2006-2008 (þús.kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	115.759	170.380	187.173
Fjárveiting	132.263	156.440	197.799

Lyfjafræðideild og stofnanir hennar

Almennt yfirlit og stjórn

Í Lyfjafræðideild eru stundaðar rannsóknir, kennsla, fræðsla og þjónusta. Starfsemi deildarinnar hefur miðað að því að sinna þessum fjórum þáttum en aðaláherslan er lögð á kennslu og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavísindum. Við deildina eru menntaðir lyfjafræðingar en markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf: í lyfjabúðum, við lyfjagerð, í lyfjaiðnaði og lyfjaheildverslunum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir. Auk þess er boðið upp á rannsóknamiðað nám til MS-prófs í lyfjavísindum.

Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er í stöðugri sókn og í desember 2008 voru tólf doktorsnemar skráðir við Lyfjafræðideild, þar af einn í þverfaglegu doktorsnámi í samvinnu Lyfjafræðideildar og námsbrautar í lýðheilsuvísindum.

Á árinu 2008 störfuðu hjá Lyfjafræðideild sex prófessorar, tveir dósentar og tveir lektorar í 9,37 stöðugildum auk sjö aðjunktá, skrifstofustjóra og eins aðstoðarmanns á rannsóknastofum. Einnig kemur fjöldi stundakennara að kennslunni. Sergey Kurkov frá Rússlandi og Nobuko Hada frá Japan störfuðu sem nýdoktorar við deildina.

Í október 2008 var Margrét Þorsteinsdóttir ráðin í stöðu lektors í lyfjagreiningsartækni við Lyfjafræðideild. Sesselja Ómardóttir lektor hlaut framgang í stöðu dósents á árinu. Kristín Ingólfssdóttir prófessor var í leyfi þar sem hún gegnir nú stöðu rektors Háskóla Íslands. Ólafur Baldursson lektor fékk ársleyfi frá stöðu sinni frá 1. júlí 2008. Vegna stöðugrar fjölgunar nemenda er þörf á að fjölga fastráðnum kennurum við deildina.

Deildarforseti var Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor og varadeildarforseti Már Mátsson prófessor.

Kennslumál

Við Lyfjafræðideild er boðið upp á þriggja ára BS-nám í lyfjafræði og tveggja ára MS-nám í lyfjafræði. Að loknu tveggja ára meistaranámi í lyfjafræði geta nemendur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til Landlæknisembættisins. Fram til ársins 2004 var lyfjafræði kennd sem 5 ára kandídatnám, cand.pharm. Fyrstu nemendurnir sem útskrifuðust skv. nýju námsskipulagi voru brautskráðir á árinu 2007.

Síðan þá hefur þeim nemendum sem hljóta hæsta einkunn á BS- og MS-prófi ár hvert veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í námi og árið 2008 voru það Björg Eypórsdóttir fyrir BS-próf og Kristín Eiríksdóttir fyrir MS-próf. Árið 2008 var einnig veitt viðurkenning þeim nema sem stóð sig best á prófum 1. árs og hana hlaut Íris Gunnarsdóttir. Viðurkenningarnar voru veittar á degi lyfjafræðinnar 25. október 2008.

Við Lyfjafræðideild er einnig boðið upp á 120 eininga MS-nám í lyfjavísindum (pharmaceutical sciences) fyrir þá sem hafa lokið BS-prófi í efnafræði, lífefnafræði, líffræði, lyfjafræði eða skyldum greinum. Að loknu MS-námi býður Lyfjafræðideild upp á þriggja ára doktorsnám (Ph.D.) í lyfjafræði og lyfjavísindum sem er 180 eininga nám.

Við árslok 2008 voru rúmlega 160 nemendur innritaðir í nám í Lyfjafræðideild, þar af um 50 í MS-námi.

10 erlendir skiptinemar stunduðu nám við deildina á árinu og nokkrir íslenskir lyfjafræðinemar fóru út í skiptinámi og tóku hluta af námi sínu við erlenda háskóla.

Juris Rothbergs, prófessor við háskóla í Riga í Lettlandi, kom í heimsókn á Erasmus-kennarastyrk til að kynna sér lyfjafræðikennslu á Íslandi 8.-15. mars 2008.

Kristján Guðmundsson, gestaprófessor við Lyfjafræðideild, kenndi við deildina í febrúar og október 2008.

Í febrúar 2008 var undirritaður samningur við Endurmenntun Háskóla Íslands og RUL/Lyfjafræðideild um endurmenntun fyrir lyfjafræðinga í samvinnu við Lyfjafræðingafélag Íslands.

Sesselja Ómarsdóttir, dósent við Lyfjafræðideild, hlaut hina virtu viðurkenningu rektors Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í kennslu og voru verðlaunin afhent á brautskráningaráhátíð skólans í október.

Rannsóknir

Mikil áhersla er lögð á rannsóknir og góður árangur á því sviði einkennir starf deildarinnar. Allir fastráðnir kennarar eru virkir í rannsóknum eins og sjá má á vef deildarinnar þar sem kennarar birta m.a. ritsmíðalista sína. Fjöldi birtinga í ISI-tímaritum er almennt viðurkenndur mælikvarði á rannsóknarvirkni og þar er árangur kennara Lyfjafræðideildar með því besta sem gerist í Háskóla Íslands. Þessi mikla rannsóknarvirkni endurspeglast í fjölda doktors- og meistaranema við deildina. Kennarar Lyfjafræðideildar eru duglegir við að sækja um og fá rannsóknastyrki bæði úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum til að standa straum af styrkjum til launa doktorsnema og rekturs rannsóknaverkefna.

Úthlutað var styrkjum úr verðlaunastjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar til fjögurra doktorsnema við Lyfjafræðideild 19. febrúar 2008. Þeir sem hlutu styrk voru: Bergþóra Sigríður Snorradóttir, Fífa Konráðsdóttir, Phatsawee Jansook og Skúli Skúlason.

Kynningarstarfsemi

Lyfjafræðinámið var kynnt á námskynningu á Háskólatorgi. Lyfjafræðinemar hafa tekið að sér að fara í framhaldsskólana og kynna nemendum þar lyfjafræðinámið. Þessar kynningar hafa skilað góðum árangri, enda hefur nemendafjöldi við deildina farið stígvaxandi.

Doktorsnemar, meistaranemar og kennarar Lyfjafræðideildar, auk erlendra og innlendra gestafyrirlesara, hafa kynnt rannsóknir sínar á málstofu Lyfjafræðideildar.

Endurbætur á heimasíðu Lyfjafræðideildar hófust á árinu 2006 og hefur hún verið í stöðugri endurnýjun síðan þá. Heimasíðan er nú lifandi upplýsinga- og þjónustumiðill varðandi starfsemi deildarinnar.

Lyfjafræðideild tók þátt í þemadeginum Bráðavaktinni, sem boðið var upp á í Háskóla unga fólksins í júní 2008, en það er námskeið á vegum heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands og var ákaflega vinsælt.

Rannsóknastofnun um lyfjamál (RUL)

Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands (RUL) var stofnuð 25. apríl 2007 við hátíðlega athöfn í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Þar undirrituðu þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Siv Friðleifsdóttir, og rektor Háskóla Íslands stofnsamning til þriggja ára og var hann vottaður af þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Stofnaðilar RUL eru Háskóli Íslands, Lyfjastofnun, Landlæknisembættið, Landspítali – háskólasjúkrahús, heilbrigðisráðuneytið og Lyfjafræðingafélag Íslands. RUL hefur aðsetur í húsakynnum Lyfjafræðideildar í Neshaga 16.

Í stjórn RUL sitja Anna Birna Almarsdóttir prófessor, formaður stjórnar, á vegum Lyfjafræðideildar Háskóla Íslands, Rannveig Gunnarsdóttir forstjóri Lyfjastofnunar, María Heimisdóttir sviðsstjóri Hag- og upplýsingasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, Einar Magnússon, lyfjamálastjóri í heilbrigðisráðuneytinu, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, heilsuhagfræðingur, lektor við Háskóla Íslands, Unnur Björgvinsdóttir, formaður Lyfjafræðingafélags Íslands, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir og Inga J. Arnardóttir, yfirlyfjafræðingur á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er varamaður Maríu Heimisdóttur. Forstöðumaður RUL er Ingunn Björnsdóttir lyfjafræðingur og viðskiptafræðingur.

Rannsóknarstofnun um lyfjamál er fyrsta rannsóknarstofnunin á Íslandi sem



einbeittir sér að rannsóknum og úttektum á lyfjamálum. Markmið stofnunarinnar er að auka rannsóknir og fræðslu um lyfjanotkun og lyfjastefnu á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Henni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði lyfjamála, lyfjahagfræði og lyfjafaraldsfræði. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir er líta að skynsamlegri ákvarðanatöku um lyfjanotkun, lyfjafaraldsfræði og lyfjahagfræði.

Starfsemi Rannsóknastofnunar um lyfjamál er þrjúþætt: Rannsóknir og úttektir á lyfjamálum, þjónustuverkefni og símenntun á sviði lyfjamála. Framan af ári 2008 var Anna Birna Almarsdóttir forstöðumaður í 30% starfi, meðan Rúna Hauksdóttir Hvannberg var í leyfi. Rúna var svo forstöðumaður í 30% starfi á haustmánuðum. Ragnhildur Þórðardóttir heilsusálfræðingur var verkefnastjóri til nóvemberloka og Árni Gunnar Ásgeirsson var verkefnisstjóri við verkefnið „Sóun lyfja“ í hálf ári. Ingunn Björnsdóttir, núverandi forstöðumaður í 75% starfi, hóf störf í nóvember.

Rannsóknir og úttektir á lyfjamálum

Verkefnið „Sóun lyfja“, sem snerist um að kortleggja hversu miklu væri hent af lyfjum og hvers vegna lyfjum væri hent, hófst í apríl 2008, og voru fyrstu niðurstöður kynntar á málþingi í október. Áfram er unnið að greiningu gagnanna sem safnað var en greiningin sem nú er í gangi er meistaraverkefni eins nemandi við Lyfjafræðideild. Sami nemi vinnur einnig að nýju en tengdu verkefni, þar sem lyfjagagnagrunnur landlæknis er notaður til að athuga hversu algengt það er að lyf við langvinnu sjúkdómi séu aðeins leyst einu sinni út.

Einnig er unnið að rannsókn á því hve oft sjúklingar leggjast inn á Landspítala – háskólasjúkrahús vegna óheppilegrar lyfjanotkunar. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við LSH, sem meistaraverkefni. Áætluð verklok eru í maí 2009. Enn fremur er í gangi meistaraverkefni sem snýr að inngripum klínískra lyfjafræðinga á LSH, í samstarfi við klíniska lyfjafræðinga. Pétur S. Gunnarsson, klínískur lyfjafræðingur sem ekki starfar á LSH, kemur að mati á inngripunum.

Þjónustuverkefni á sviði lyfjamála fyrir samstarfsaðila og aðra aðila

RUL hefur unnið að verkefni með líftækniyrirtækinu ORF og hlutu aðilarnir styrk úr Tækniþróunarsjóði. Verkefnið snýst um nýtingu lyfjavirkra próteina í lyfjagerð. RUL kemur að þeim þætti sem varðar vottun vinnslunnar fyrir lyfjagerð. Einnig var unnin skýrsla um þjónustugjöld í apótekum fyrir Lyfjafræðingafélag Íslands og Lyfjagreiðslunefnd. Þar var gerð ítarleg úttekt á hvaða leiðir væru farnar í öðrum vestrænum löndum þar sem þjónustugjöld í apótekum eru við lýði, og út frá því var síðan unnin tillaga fyrir Lyfjafræðingafélag Íslands um hvaða leiðir væru vænlegastar ef taka ætti upp þjónustugjöld hér á landi og var tillagan kynnt á almennum félagsfundum. Anna Birna Almarsdóttir vann umrædda úttekt.

Styrkumsóknir á árinu 2008

Í 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins og í Vísindasjóð RANNÍS báru ekki árangur. Sótt var um styrk til heilbrigðisráðuneytisins vegna smáríkja og lyfjamarkaðar, verkefnis sem WHO sýndi áhuga á að stýrt yrði frá Íslandi, en sú styrkumsókn hefur ekki hlotið endanlega afgreiðslu.

Símenntun á sviði lyfjamála

RUL stendur einnig að námskeiðahaldi fyrir lyfjafræðinga, heilbrigðisstarfsfólk og starfsmenn lyfjaiðnaðarins í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ), Lyfjastofnun, Actavis og Lyfjafræðideild. Á árinu var formlegur samstarfssamningur við EHÍ gerður og var námskeið nr. II í lyfjaskráningum innan diplómanáms í lyfjaskráningum haldið, auk minni námskeiða í lyfjahagfræði og um náttúruylf og náttúruvefni.

Boðið var upp á 6 eininga námskeið á meistarastigi í lyfjahagfræði, lyfjafaraldsfræði og klínískri lyfjafræði, auk 4 eininga námskeiðs um náttúruvörur/náttúruvefni, í samvinnu Endurmenntunar, Lyfjafræðideildar og RUL. RUL hélt eftirfarandi málþing/málstofur á árinu 2008:

Aðgengi að lyfjum. Hvers vegna fást sum lyf oft ekki? Frummælendur voru Matthías Halldórsson, þáverandi aðstoðarlandlæknir, Ólöf Þórhallsdóttir frá Actavis og Guðbjörg Alfreðsdóttir frá Vistor. Fundarstjóri var Anna Birna Almarsdóttir.

Umfang og ástæður sóunar lyfja á Íslandi. Þáverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, setti málþingið, Ásta Möller, þáverandi formaður

heilbrigðisnefndar Alþingis, flutti inngangsorð og Árni Gunnar Ásgeirsson kynnti niðurstöður rannsóknarinnar „Umfang og ástæður sóunar lyfja á Íslandi“. Fundarstjóri var Rúna Hauksdóttir Hvannberg.

Rannsóknarstofnun um lyfjamál í samvinnu við Miðstöð lýðheilsuvísinda fékk Ulf Bergmann, lækni á karólínska háskólasjúkrahúsinu í Stokkhólmi til að flytja fyrirlesturinn Pharmacoepidemiological Perspectives. Nánari upplýsingar er að fá á heimasíðu RUL: www.rul.hi.is.

Brautskráðir stúdentar í Lyfjafræðideild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Lyfjafræði BS				9	18	27	8	22	30
Lyfjafræði kandidatspróf	2	10	12						
Lyfjafræði MS				4	11	15	7	14	21
Lyfjavísindi MS	0	3	3						
Heilbrigðisvísindi MS									
Lyfjavísindi doktorspróf	1	2	3						
Samtals	3	15	18	13	29	42	15	36	51

Fjárveitingar og útgjöld Lyfjafræðideildar 2006-2008 (þús.kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	77.070	115.895	112.837
Fjárveiting	66.017	91.184	115.776

Læknadeild og stofnanir hennar

Læknisfræði

Í upphafi árs var deildarráð óbreytt frá fyrra ári undir stjórn forseta Læknadeildar, Stefáns B. Sigurðssonar prófessors, og Kristjáns Erlendssonar dósent, sem tóku við 1. júlí 2003. Þeir voru báðir endurkjörnir til næstu þriggja ára á deildarfundi í janúar 2006. Aðrir fulltrúar deildarráðs voru Þórður Harðarson prófessor, Margrét Oddsdóttir prófessor, Gísli Heimir Sigurðsson prófessor, Jón Gunnlaugur Jónasson dósent, Bryndís Benediktsdóttir dósent, Árni Árnason dósent, skorarformaður sjúkraþjálfunarskorar, og Martha Á. Hjálmarsdóttir lektor, skorarformaður geisla- og lífeindafræðiskorar, auk tveggja fulltrúa stúdenta úr hópi læknanema.

1. júlí 2008 komu tveir nýir fulltrúar sem kjörnir voru á deildarfundi í maí til starfa með deildarráði. Ingibjörg Harðardóttir prófessor kom í stað Þórðar Harðarsonar prófessors og Karl Andersen dósent kom í stað Bryndísar Benediktsdóttur dósent. Að öðru leyti var ráðið óbreytt.

Sjúkraþjálfunarskor hefur sérstaka skorarstjórn (sjá einnig sérstaka umfjöllun um þá skor). Deildarforseti situr skorar-/námsbrautarfundi sjúkraþjálfunarskorar.

Geisla- og lífeindafræðiskor hefur sérstaka skorarstjórn (sjá sérstaka umfjöllun um skorina). Deildarforseti situr skorar-/námsbrautarfundi geisla- og lífeindafræðiskorar.

Skrifstofa Læknadeildar er í Læknagarði. Þar starfa Anna Harðardóttir skrifstofustjóri, Puriður Pálsdóttir deildarstjóri og Ingunn Baldursdóttir fulltrúi í fullu starfi. Þar er einnig skrifstofa fyrir rannsóknatengda námið og þar starfa Helga M. Ögmundsdóttir prófessor sem forsvarsmáður og Gunnsteinn Haraldsson fagstjóri.

Við læknisfræðiskor störfuðu á árinu 85 fastráðnir kennarar, þar af 60 í hlutastörfum (37-75%). Fastráðnu kennararnir voru í ársbyrjun 29 prófessorar, einn lét af störfum fyrir aldurssakir á árinu, 47 dósentar og 8 lektorar. Aðjunktar voru 53. Hlutastörf klínískra kennara við Læknadeildina (yfirleitt 37% og 50% og til 5 ára) eru yfirleitt í tengslum við a.m.k. 50% starf á sama fræðasviði á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH) eða annarri stofnun sem Læknadeildin hefur samstarfssamning við.

Ný og breytt störf

- Una Viðarsdóttir Strand var ráðin í 50% starf dósent í líffærafræði til fjögurra ára.
- Tómas Guðbjartsson var ráðinn í samhliða starf prófessors við Læknadeild og yfirlæknis í skurðlæknisfræði á LSH til fjögurra ára.
- Guðmundur Þorgeirsson var ráðinn í samhliða starf prófessors við Læknadeild og yfirlæknis í lyflæknisfræði á LSH til fjögurra ára.
- Helgi Jónsson var ráðinn í 50% dósentstarf í gigtsjúkdómafræði til fjögurra ára.
- Runólfur Pálsson var ráðinn í 50% dósentstarf í nýrnasjúkdómum til fjögurra ára.
- Magnús Gottfreðsson var ráðinn í 50% dósentstarf í smitsjúkdómafræði til fjögurra ára.
- Brynjólfur Mogensen var ráðinn í 50% dósentstarf í bráðalæknisfræði til fjögurra ára.
- Jens A. Guðmundsson var ráðinn í 50% starf dósent í fæðinga- og kvensjúkdómafræði til fjögurra ára.
- Þórarinn Guðjónsson var ráðinn í 37% dósentstarf í líffærafræði til fjögurra ára.
- Hildur Harðardóttir var ráðin í 37% starf lektors í fæðinga- og kvensjúkdómafræði til fjögurra ára.
- Starfslukasamningur var gerður við Magnús Jóhannsson prófessor sem fór úr 100% í 49% starfshlutfall og Þórð Harðarson prófessor sem fór úr 50% í 15% starfshlutfall.

- Sverrir Harðarson dósent sagði starfi sínu lausu frá 1. júlí 2008, af persónulegum ástæðum.
- Þorvaldur Jónsson var í launalausum leyfi á haustmisseri og Kristján Skúli Ásgeirsson sérfræðingur var ráðinn tímabundið í hans stað.
- Sigurbjörn Birgisson var ráðinn tímabundið til að kenna meltingarsjúkdómafræði á móti Bjarna Þjóðleifssyni sem var að undirbúa starfslok.
- Páll Helgi Möller, akademískur dósent, hefur verið ráðinn tímabundið til afleysinga í skurðlæknisfræði.
- Björn Guðbjörnsson kallaður til starfa sem dósent á grundvelli nýs (endurnýjaðs) samnings Læknadeildar og Rannsóknastofu í gigtsjúkdómum.
- Rektor úthlutaði deildum Háskóla Íslands 20 nýjum störfum, í hlut Læknadeildar kom eitt kennarastarf í sameindalífvísindum og 1/3 hluti lektorsstarfs í lífupplýsingafræði á móti Raunvísindadeild og Verkfræðideild.

Fimm gestakennarasamningar voru gerðir í deildinni.

- Fjórir voru við Miðstöð í lýðheilsuvísindum: Lorelei Mucci gestaprófessor, Þorsteinn Blöndal gestaprófessor, Sigurður Guðmundsson gestaprófessor, Katija Fall gestadósent.
- Einn samningur var gerður í samstarfi Læknadeildar og Verkfræðideildar og Raunvísindadeildar: Bernhard Pálsson gestaprófessor.
- Framgang úr starfi dósentis í starf prófessors hlutu þau Ingibjörg Harðardóttir og Vilmundur Guðnason. Framgang úr lektorsstarfi í dósentisstarf hlaut Hildur Harðardóttir.
- Starfshlutfall Bjarna Torfasonar dósentis var aukið úr 37% í 50%.

Skipulag

Á árinu voru haldnir alls 18 fundir í deildarráði og 2 deildarfundir en fundurinn sem var haldinn 22. okt. var blandaður deildar- og kennslufundur.

Innan Læknadeildar eru fjölmargar fræðigreinar og fyrir hverri fræðigrein fer forsvarsmáður. Fræðigreinar myndu samstarfshópa sem kallast fræðasvið og eru þau 22 talsins. Fyrir fræðasviðinu fer forstöðumaður sem deildarráð velur úr hópi forsvarsmanna fræðigreina á sviðinu. Forsvarsmáður fræðigreinar hefur umsjón með kennslu og rannsóknum innan sinnar greinar en forstöðumaðurinn hefur yfirumsjón með kennslu og rannsóknum á sviðinu og er ábyrgur fyrir rekstri sviðsins gagnvart Læknadeild.

Rannsóknatengt framhaldsnám

Rannsóknatengt nám (meistara- og doktorsnám) í Læknadeild er sérstök eining undir umsjón rannsóknanámsnefndar, sem Helga Ögmundsdóttir prófessor veitir forystu. Hún, ásamt fagstjóra rannsóknatengda námsins, Gunnsteini Haraldssyni Ph.D., og meðlimum rannsóknanámsnefndarinnar, heldur utan um og eflir það mikla rannsóknatengda nám sem fram fer við deildina. Rúmlega 100 nemendur voru í rannsóknatengdu námi á árinu, um 58 í meistaranámi og um 55 (plús þeir 7 sem útskrifuðust á árinu) í doktorsnámi. 28 nemendur hófu meistaranám í líf- og læknávisindum. Á árinu 2008 luku 14 meistaranámi í líf- og læknávisindum og einn lauk meistaranámi í lýðheilsuvísindum á Heilbrigðisviði.

Í doktorsnám innrituðust 10 nemendur. 7 luku doktorsprófi:

Eftirtaldir voru doktorsritgerðir sínar á árinu: tveir læknar, Anna Helgadóttir og Lena Rós Ásmundsdóttir (prófgráða: doktor í læknisfræði, Ph.D.), tveir líffræðingar, Jón Þór Bergþórsson og Sigríður Klara Böðvarsdóttir, og einn sálfræðingur, Evald Sæmundsen (prófgráða þeirra: doktor í líf- og læknávisindum, Ph.D.), einn sjúkrahjálfari, María Ragnarsdóttir (prófgráða: doktor í sjúkrahjálfunarfræðum), og einn hjúkrunarfræðingur, Árun Kristín Sigurðardóttir (prófgráða: doktor í heilbrigðisvísindum, Ph.D.).

Vísindanefnd

Vel sótt málstofa á vegum nefndarinnar var haldin reglulega yfir veturinn (einu sinni í viku hverri á vormisseri og einu sinni í mánuði á haustmísserinu). Þar fluttu bæði nemendur í rannsóknatengdu námi og kennarar erindi.

Vísindanefnd Læknadeildar var undir forystu Vilhjalms Rafnssonar prófessors. Vísindanefnd Læknadeildar starfar í umboði deildarforseta og deildarráðs Læknadeildar og er þeim til ráðgjafar um þau mál er lúta að rannsóknum og aðstöðu til þeirra.



Í árslok komu fjórir nýir fulltrúar inn í nefndina, Vilhjálmur Rafnsson prófessor, sem tók við formennsku af Jórinni Erlu Eyfjörð, sem óskaði eftir að hætta í nefndinni, Kristín Ólafsdóttir dósent og Sighvatur Sævar Árnason dósent frá lækisfræðiskor og María Þorsteinsdóttir dósent frá sjúkrahjúfjunarskor. Dósentarnir Magnús Gottfréðsson og Sigurbergur Kárasón úr lækisfræðiskor sitja áfram í nefndinni. Hlutverk nefndarinnar eru m.a. að annast umsagnir um framgangsmál og aukningu á störfum. Nefndin skal veita deildarráði umsagnir um hæfi umsækjenda um rannsóknasérfræðingsstörf (áður þjónustusérfræðingsstörf). Nefndin vinnur einnig við undirbúning og framkvæmd rannsóknaráðstefnu lækna-, tannlækna-, lyfjafræði- og hjúkrunarfræðideilda sem haldin er annað hvert ár. Þá stækkar nefndin og inn í hana koma fulltrúar úr hinum deildunum. Á árinu var unnin mikil undirbúningsvinna fyrir 14. rannsóknaráðstefnuna en hún fer fram í ársbyrjun 2009.

Midstöðvar krabbameinsrannsókna

Unnið var áfram að stofnun Midstöðvar krabbameinsrannsókna. Haukur Ingi Jónasson hafði stýrt 9 manna nefnd ýmissa aðila sem vann skýrslu um málið á árinu 2007. Óformleg samstarfsnefnd vann að styrkumsóknum á árinu með aðstoð Höllu Skúladóttur krabbameinslækis.

Rannsóknastofa í sameinda- og frumulíffræði

Rannsóknastofa Háskóla Íslands og Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði flutti sig um set úr húsi KÍ og inn á 4. hæð Læknagarðs og nefnist hún nú Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum og er stýrt af prófessorunum Helgu Ögmundsdóttur og Jórinni E. Eyfjörð.

Kennslumál

Kennsluráð lækisfræðiskorar starfaði með óbreyttum hætti undir forystu varadeildarforseta. Þar var einkum unnið að framkvæmd endurskipulagningar læknánámsins með tilliti til skýrslu úttektarnefndar menntamálaráðuneytisins.

Á árinu var unnið að ýmsum nýjungum í kennslumálum. Valnámskeið 6. árs voru aukin og bandaríska prófið CCSE haldið í annað sinn. Tómas Guðbjartsson sérfræðingur hélt utan um 6. árs námskeiðin. Kristján Erlendsson varadeildarforseti sá um CCSE-prófið, sem er útgáfa af USMLE-prófinu og heitir Comprehensive Clinical Science Examination (CCSE). Mikill fengur er talinn að því fyrir Læknadeild að fá aðgang að þessum bandarísku prófum, frá aðilum sem sérhæfa sig í prófagerð. Próftakan er einnig talin vera góð æfing fyrir læknanema sem hafa hug á framhaldsnámi í Bandaríkjunum með tilheyrandi prófum. 6. árs nemar tóku prófið í maí og stóðu sig vel. Þeir þreyttu nú einn hluta af þremur í þessu bandaríska prófi og niðurstöðurnar voru frá 50-95% og fylgni á milli þessa prófs og prófs í lyflækisfræði á 4. námsári var mjög mikil. Stefnt verður að því að fá að prófa úr öllum þremur hlutum hér í deildinni í framtíðinni.

Inntökupróf fóru fram í sjötta sinn í júní 2008 undir stjórn Stefáns B. Sigurðssonar og Kristjáns Erlendssonar. Prófið var nú fært fram fyrir miðjan júní en hafði áður verið haldið seinni hluta júnímánaðar. Prófið kannar þekkingu á fræðunum sem nemendur hafa öðlast í framhaldsskóla, auk spurninga um almenna þekkingu, afstöðu til vandamála og atriða byggðra á sálfræðigrunni. Framkvæmd inntökuprófsins tókst vel. 308 nemendur skráðu sig til inntökuprófs, 255 í lækisfræði og 53 í sjúkrahjúfjun, og samtals luku 266 prófinu í heild. Þeir 50 efstu hófu nám í lækisfræði um haustið og 25 hófu nám í sjúkrahjúfjun. Kynjaskipting þeirra sem hófu nám í lækisfræði var 21 karl og 29 konur og í sjúkrahjúfjun 11 karlar og 14 konur.

Níu skiptinemar frá erlendum háskólum stunduðu nám við deildina. Þrjú stúdentar lækisfræðiskorar stunduðu nám erlendis sem skiptinemar samkvæmt Nordplus- eða Erasmus-styrkjakerfunum. Einnig komu margir erlendir læknanemar til námsdvalar á deildir Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þeir voru ekki skráðir formlega við Háskóla Íslands en fá í sumum tilvikum staðfestingu á dvöl sinni á LSH á skrifstofu Læknadeildar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Alls luku 49 nemendur embættisprófi í lækisfræði árið 2008.

Húsnæðis- og fjármál

Opnuð var ný lesstofa læknanema en hún er til húsa í Skógarborg við LSH í Fossvogi. LSH leggur til húsnæðið en Háskóli Íslands rekur það.

Fjárhagsstaða Læknadeildar var viðunandi. Á árinu tókst að reka deildina á jöfnu þrátt fyrir að unnið væri að því að laga eldri fjárhagsvandamál sem menn höfðu

fleytt á undan sér. Var þar einkum um að ræða greiðslur vegna rannsóknatengds náms til einstakra eininga deildarinnar og samstarfstofnana. Ljóst er að enda þótt deildinni hafi tekist að halda sig réttu megin við strikið, þá leiðir deililíkan Háskóla Íslands til þess að ekki fæst það fé sem deildinni ber samkvæmt kennslusamningi og dregur það úr eðlilegri framþróun deildarinnar.

Samvinna milli heilbrigðisvísindadeildanna hefur verið góð en eflidist enn frekar á árinu vegna tilkomu Heilbrigðisvísindasviðs í nóvember en deildunum fjölgaði úr fjórum í sex. Reglubundnir samstarfsfundir voru haldnir allt árið.

Nýtt húsnæði fyrir námsbrautir Læknadeildar var tekið í notkun á árinu. Það hýsti áður Félagsstofnun stúdenta. Húsnæðið, sem nú nefnist Stapi, hefur verið endurnýjað að stórum hluta og hýsir námsbraut í sjúkraþjálfun, námsbraut í geisla- og lífeindafræði og Miðstöð í lýðheilsuvísindum. Mikil ánægja er meðal starfsmanna námsbrautanna með nýja og betri aðstöðu.

Mikill tími deildarforseta og skrifstofu fór í undirbúning á nýrri skiptingu Háskóla Íslands í svið og deildir í sambandi við endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands.

Á árinu fékkst viðurkenning menntamálaráðuneytisins á þeirri starfsemi sem fram fer í Læknadeild. Erlend úttektarnefnd vann málið fyrir ráðuneytið.

Áfram var unnið að undirbúningi nýbyggingar á Hringbrautarlóðinni yfir LSH og heilbrigðisvísindadeildir Háskóla Íslands, ásamt Tilraunastöðinni á Keldum. Unnið var að útfærslu húsnæðis fyrir hina ýmsu þætti í starfsemi heilbrigðisvísindadeildanna.

Ýmislegt

Engin úthlutun á akademískum nafnbótum fór fram þar eð starfsemi sérstakar dómnefndar lá að mestu niðri á árinu.

Unnið var áfram að endurgerð heimasíðu Læknadeildar inn í nýju vefumhverfi háskólans. Vigdís Stefánsdóttir heldur utan um starfið. Hefur heimasíðan tekið miklum stakkaskiptum og er orðin mun aðgengilegri upplýsingaveita fyrir alla aðila. Veffang Læknadeildar er www.hi.is/nam/laek.

Á árinu hófst formlega rannsóknánám í sameindalífvísindum undir forystu starfshóps sem kallar sig GPMLS sem stendur fyrir „Graduate Program in Molecular Life Sciences“. Hópurinn starfar með rannsóknánámsnefnd.

Brautskráðir stúdentar í læknisfræðiskor 2005-2007

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Læknisfræði	15	25	40	15	21	36	24	25	49
Læknisfræði BS	1	0	1						
Geislafræði							0	3	3
Lífeindafræði							0	6	6
Heilbrigðisvísindi MS	1	4	5	1	0	1	0	4	4
Líf- og læknávisindi MS	1	10	11	1	9	10	4	7	11
MHI Meistarán. í upplýsingat. á heilbr.	0	1	1	0	1	1			
Lýðheilsuvísindi							1	0	1
Læknisfræði doktorspróf	3	1	4	1	4	5	1	4	5
Heilbrigðisvísindi doktorspróf							1	1	2
Samtals	21	41	62	18	35	53	31	50	81

Fjárveitingar og útgjöld læknisfræðiskorar 2006-2008 (þús.kr.).

Útgjöld (nettó)	377.100	318.510	462.934
Fjárveiting	374.826	428.104	530.968

Lífvisindasetur Læknagarðs tók til starfa á árinu. Er þar um að ræða samstarfhóp sem myndaður er að vísindamönnum Læknadeildar sem starfa í Læknagarði. Starfsemin hefur einkum beinst að gestafyrirlestur og öðrum sameiginlegum áhugamálum.

Haldin voru tvö málþing í samstarfi við franska sendiráðið og BUGL. Var þar einkum fjallað um ADHD og skyld efni.

Gerður var samningur við Verkfræðideild um uppbyggingu kerfislíffræði og hófst sú starfsemi á árinu undir stjórn Bernhards Pálssonar og er starfsemin til húsa á 5. hæð í Læknagarði.

Geisla- og lífeindafræði

Stjórn og starfsfólk

Innan námsbrautar í geisla- og lífeindafræði eru tvær námsleiðir, önnur í geislafræði og hin í lífeindafræði. Þar eru sex fastráðnir kennarar, þrír við hvora námsleið flestir í hlutastarfi og samhliða í starfi á rannsóknastofum eða myndgreiningardeildum. Martha Á. Hjálmarsdóttir gegndi formennsku í námsbrautinni og stjórnun í lífeindafræði og Dána Óskarsdóttir var varaformaður og stjórnandi í geislafræði.

Kennsla

Kennsla í geislafræði og lífeindafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-gráðu vorið 2008. Enn er unnið að uppbyggingu framhaldsnáms sem og áframhaldandi þróun á kennslu í grunnnámi. Námsbraut í lífeindafræði er í Nordplus-samstarfsneti, BIONord, og voru meginviðfangsefnið nemenda- og kennaraskipti, uppsetning kennslunets í blóðmeinafræði og aðferðir við námsmat.

Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar stunda fóru að mestu fram á Landspítalanum og Röntgen Domus. Þar voru stundaðar rannsóknir á beinþéttimælingum, geislameðferð og tölvusneiðmyndum, storkurannsóknir og rannsóknir í sýklafræði. Í sýklafræði var ásamt sameindafaraldsfræði pneumókokka fengist við mælingar á áhrifum chitosan-afleiða á bakteríur, sem var samstarfsverkefni með Lyfjafræðideild. Nemendur voru hins vegar enn ekki komnir það langt í námi að þeir væru farnir að takast á við rannsóknaverkefni.

Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í geislafræði og lífeindafræði á háskóladegi í febrúar. Félag lífeinda- og geislafræðinema, FLOG, skipulagði kynningarmálin af hálfu nemenda á háskóladeginum og með ferðum í framhaldsskóla. Gott samstarf var við viðkomandi fagfélög um kynningarmálin.

Sjúkraþjálfun

Almennt yfirlit og stjórn

Árið 2008 störfuðu átta fastráðnir kennarar við námsbrautina, fjórir dósentar í 100% stöðu, og fjórir lektorar, einn í 100% stöðu, einn í 75% stöðu og tveir í 50% stöðu. Á árinu var Kristín Briem ráðin í 100% lektorsstarf við námsbrautina. Tveir aðjunktur störfuðu einnig við námsbrautina. Þjóðbjörg Guðjónsdóttir lektor gegndi formennsku námsbrautarinnar á vormisseri. Eitt 100% stöðugildi var við stjórnsýslu námsbrautarinnar og gegndi Ásta Guðjónsdóttir því starfi. Stjórn námsbrautarinnar var skipuð öllum fastráðnum kennurum námsbrautarinnar auk þriggja fulltrúa nemenda. Deildarforseti Læknadeildar, Stefán B. Sigurðsson, var áheyrnarfulltrúi á námsbrautarfundum. Sjá frekari umfjöllun um sjúkraþjálfun undir kaflanum um fræðasvið.

Kennslumál

Inntökupróf voru haldin í júní og teknir inn 25 nemendur á fyrsta ár. Nám til BS-gráðu í sjúkraþjálfun er í stöðugri endurskoðun og þróun. Í endurskoðuðu skipu - lagi eru mismunandi fræðigreinar samþættar betur en áður og jafnframt er unnið að því að auka lausnleitarnám (problem based learning) í mismunandi kennslu - greinum. Á árinu flutti námsbrautin aðsetur sitt frá Skógarhlíð 10, en þar hafði hún verið frá árinu 1998. Nýtt aðsetur námsbrautarinnar er í Stapa, Hringbraut 31, en þar eru einnig til húsa námsbrautir í geisla- og lífeindafræði og Miðstöð í lýðheilsuvísindum. Þar með er námsbrautin komin inn á háskólasvæðið.

Kynning á BS-verkefnum brautskráningarkandídata fór fram í maí og kynntu 11 nemendur sjö verkefni.

Framhaldsnám námsbrautar í sjúkraþjálfun var sameiginlegt með Læknadeild. Fastráðnir kennarar námsbrautarinnar voru aðalleiðbeinendur í alls 14 MS-verkefnum og tveimur Ph.D.- verkefnum. Af þeim voru þrír MS-nemar og einn Ph.D.-nemi útskrifaðir á árinu.

Sjúkraþjálfarar sem stunda framhaldsnám í „Manual therapy“ við Háskólann í Bergen í Noregi komu í náms- og skemmtiferð til Íslands í apríl og fluttu kennarar námsbrautar í sjúkraþjálfun nokkur erindi fyrir þá.

Stúdentaskipti

Árið 2008 fór einn nemandi frá námsbraut í sjúkraþjálfun til náms við erlendan háskóla.

Rannsóknir

Rannsóknastofa í hreyfivísindum er staðsett í húsnæði námsbrautar í sjúkraþjálfun. Þar er góð aðstaða til ýmiss konar rannsókna á sviði hreyfivísinda. Árið 2008 stunduðu kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi rannsóknir m.a. á hreyfingu og þreki barna, hreyfingu fullorðinna, íþróttameiðslum, áhrifum sjónræns markmiðs á stökkhæð, styrk grindarbotnsvöðva, göngupjálfun hjá fólki með Parkinson-sjúkdóm, hreyfistjórn eftir hálsáverka, áhrifum jafnvægisþjálfunar á hreyfihömluð börn o.fl. Auk þess er rannsóknastofan notuð til kennslu í grunn- og framhaldsnámi. Rannsóknastofan stóð fyrir nokkrum málstofum á árinu. Samstarf hefur verið við aðrar deildir Háskóla Íslands og fyrirtæki um notkun rannsóknastofunnar til rannsókna, kennslu og þróunar.

Kennarar námsbrautarinnar fluttu á árinu nokkra fyrirlestra á erlendum vísindaráðstefnum, auk fjölda fyrirlestra fyrir ýmsar stofnanir og samtök á Íslandi.

Verkefnið „Gönguhermirinn“ sem unnið er í samstarfi kennara og nemenda námsbrautar í sjúkraþjálfun, rafmagns- og tölvuverkfræði og véla- og iðnaðarverkfræði, hlaut Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands á árinu.

Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í sjúkraþjálfun á námskynningu í febrúar. Þar var m.a. dreift bæklingi um nám í sjúkraþjálfun og starf að námi loknu. Hreyfingur, sem stofnaður var árið 2006, er fræðslu- og kynningarverkefni þar sem nemar í sjúkraþjálfun fara í framhaldsskóla og fræða nemendur. Verkefnið er hugsað til forvarna gegn álagseinkennum hjá framhaldsskólanemum, þar sem hvatning til aukinnar hreyfingar og bættra lífshátta vegur þungt.

Brautskráðir stúdentar í sjúkraþjálfunarskor 2005-2007

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Sjúkraþjálfun	2	17	19	2	11	13	5	6	11

Fjárveitingar og útgjöld sjúkraþjálfunarskorar 2006-2008 (þús. kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	59.895	58.943	64.036
Fjárveiting	61.122	62.786	67.673

Miðstöð í lýðheilsuvísindum

Almennt

Miðstöð í lýðheilsuvísindum, MLV, var stofnuð árið 2007 með það að markmiði að sameina þekkingareiningar og fagsvið Háskóla Íslands við útfærslu þverfræðilegra rannsókna á sviðum lýðheilsuvísinda og hafa umsjón með meistara- og doktorsnámi í lýðheilsuvísindum.

Doktors- og meistaranemar

Kennsla í doktors- og meistaranámi í lýðheilsuvísindum, MPH og DrPH, hófst haustið 2007. Við árslok 2008 voru 50 MPH-nemar og 15 DrPH-nemar skráðir í námið. Á haustmisseri fór fram fyrsta meistaravörn í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, en Halldóra Viðarsdóttir varði þá ritgerð sína: „Cancer Risk in Iceland by Level of Education“. Leiðbeinandi var Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdarstjóri Krabbameinsskrár. Halldóra brautskráðist því fyrst nema Háskóla Íslands með gráðuna Master of Public Health eða MPH.

Félag nemenda í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands var stofnað á árinu og hlaut nafnið Iðunn. Félagið tók m.a. að sér skipulag vísindaferða og nemendur heimsóttu Hjartavernd, Landlæknisembættið og Össur á haustmánuðum.

Kennsla

MLV hefur umsjón með 6 af skyldunámskeiðum námsins. Sem áður er megináhersla í MPH-náminu á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsuefingu og forvarnir. Kennarar og gestafyrirlesarar í skyldunámskeiðum koma flestir frá öðrum deildum Háskóla Íslands og samstarfsstofnunum. Nemendur sátu valnámskeið við fjölmargar deildir Háskóla Íslands. Nokkrir nemenda fá metin námskeið sem þeir sóttu erlendis á árinu, m.a. við Norræna lýðheilsuháskólann, Háskólann í Kaupmannahöfn, Karolinska Institutet í Stokkhólmi og University of Minnesota.

Málþing, námstefnur og málstofur

MLV og Krabbameinsfélagið Framför stóðu fyrir málþinginu „Leiða lífsvenjur til krabbameins?“ á Háskólatorgi þann 20. febrúar. Fyrirlesarar voru Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár, Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir, Práinn Þorvaldsson, framkvæmdastjóri SagaMedica, Jóhanna Eyrún Torfadóttir, DrPH-nemi og rannsóknarsérfræðingur við MLV, og Oddur Benediktsson, formaður Krabbameinsfélagsins Framför. Fundarstjóri var Unnur A. Valdimarsdóttir, forstöðumaður MLV.

Vikuna 30. mars til 4. apríl stóðu MLV og upplýsingatækni á Heilbrigðisviði Háskóla Íslands að námstefnunni „The Global Health Institute“ í samstarfi við University of Minnesota. Forseti Íslands setti námstefnuna með erindi um loftslagsmál og var nemendum og kennurum boðið að Bessastöðum af því tilefni. Ríflega 30 fræðimenn, erlendir og innlendir, komu að fyrirlestrum og pallborðs- umræðum á námstefnunni en um 50 nemendur Háskóla Íslands og UM voru skráðir til eininga.

Námstefnan „Lýðheilsuvægi jákvæðrar sálfræði“ fór fram á Háskólatorgi 12. september í samstarfi við Lýðheilsustöð. Fyrirlesarar voru Robert Biswas-Diener sálfræðingur, Todd Kashdan, dósent við George Mason University, Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sálfræðingur og Þórólfur Þórlindsson, forstöðumaður Lýðheilsustöðvar.

Opnar málstofur á vegum MLV voru haldnar mánaðarlega en þar kynntu DrPH-nemar rannsóknir og/eða fyrstu niðurstöður sínar. MPH-nemar kynntu rannsóknarverkefni sín á kynningardeg í maí.

Gestakennarar

Á árinu voru undirritaðir samningar um akademískt gestastarf við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við eftirfarandi fræðimenn: Katja Fall, Karolinska Institutet og Harvard School of Public Health, Lorelei Mucci, Harvard School of Public Health, Sigurður Guðmundsson, Landlæknisembættinu, Þorsteinn Blöndal, LSH og Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarfsaðilar

Samstarfssamningar við Bráðamóttöku LSH, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð liggja fyrir. Sérfræðingar frá



Þessum stofnunum komu að kennslu og leiðsögn nemenda og mörg rannsóknarverkefni byggjast á gagnagrunnum sem þær hafa umsjón með. Þann 18. nóvember var kynnt viljayfirlýsing milli heilbrigðisráðuneytisins, Lýðheilsustöðvar, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands varðandi samstarfsvettvang um lýðheilsurannsóknir.

Sérfræðingar og/eða gestaprófessorar frá Harvard School of Public Health, Karolinska Institutet, University of Minnesota og Norræna lýðheilsuháskólanum komu að námstefnum og kennslu styttri námskeiða á árinu, sem og að leiðsögn rannsóknarverkefna.

Rannsóknir og styrkir

Kennarar, rannsóknarsérfræðingar og nemendur við Miðstöð í lýðheilsuvísindum hafa á árinu unnið að fjölmörgum rannsóknarverkefnum í samvinnu við innlenda og erlenda fagaðila. Helstu rannsóknarsvið eru: 1) Áföll og streita: afleiðingar á heilsufar og forvarnarviðbrögð, 2) Áhrifaþættir langvinnra sjúkdóma, 3) Umhverfi og heilsa: loftgæði og notkun öndunarfæraþýja, 4) Heilsuefning barna og unglinga, 5) Jafnrétti til heilsu: öryggi, aðgengi og nýjungar í heilbrigðisþjónustu.

Rannsóknarverkefni nemenda og kennara í lýðheilsuvísindum hlutu á árinu styrki m.a. frá Rannsóknarsjóði, Eimskipafélagssjóði, Aðstoðarmannasjóði, Vísindasjóði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Vísindasjóði Félags íslenskra sjúkráþjálfara, Vísindasjóði LSH, Rannsóknarnámssjóði RANNÍS, Thorvaldsensfélaginu, Astma- og ofnæmissamtökunum, Oddssjóði (Öryrkjabandalag Íslands), Krabbameinsfélaginu Framför, Minningarsjóði Guðjóns Ólafssonar, Swedish Council for Working Life and Social Research, NordForsk Seed og Network Grants. Að auki voru verkefni styrkt í formi rannsóknarstöðu hjá LSH og Krabbameinsfélagi Íslands.

Stjórn og starfsfólk

Í námsstjórn þverfræðilegs náms í lýðheilsuvísindum sitja: Haraldur Briem, formaður námsstjórnar, sóttvarnarlæknir og dósent við Læknadeild, Ólafur Þ. Harðarson, prófessor og forseti Félagsvísindasviðs, Sóley S. Bender, dósent og forseti Hjúkrunarfræðideildar, Stefán B. Sigurðsson, prófessor og forseti Læknadeildar, og Unnur A. Valdimarsdóttir, dósent og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum.

Starfsfólk MLV eru, auk forstöðumanns, Dóra R. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri og þær Helga Zoëga, Jóhanna Eyvör Torfadóttir og Ragnhildur Guðmundsdóttir, allar DrPH-nemar, sem eru ráðnar aðstoðarkennarar í faralds- og líftölfræði og rannsóknarsérfræðingar við MLV. Fjöldi annarra sérfræðinga innan og utan Háskóla Íslands koma að stundakennslu.

Miðstöð Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum er til húsa í Stapa v. Hringbraut. Nýtt veffang er www.publichealth.hi.is.

Lífeðlisfræðistofnun

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands (reglur nr. 1047/2003) var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjú áratugi. Stofnunin er til húsa Læknagarði en aðstaða fyrir áreynslu-lífeðlisfræði fluttist úr Skógarhlíð 10 í Stapa og er rekin þar í samvinnu við sjúkráþjálfunarskor. Aðstaða til rannsókna á lífeðlisfræði öndunar og endurhæfingu er að Reykjalundi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar rannsóknir í lífeðlisfræði, hins vegar að veita aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknartengdu framhaldsnámi.

Stofnunin veitir öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum Háskóla Íslands í lífeðlisfræði rannsóknaraðstöðu, hvar í deild eða skorum sem þeir eiga heima, s.s. Læknadeild, Raunvísindadeild og Hjúkrunarfræðideild. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurannsóknnum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum. Þá er nokkuð um þjónusturannsóknir, s.s. þrekmælingar á íþróttamönnum og þjónusta við fyrirtæki í fiskeldi.

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklegrar kennslu. Að auki hefur stofnunin tekið að sér að annast kennslu í lífeðlisfræðinámskeiðum þeirra námsleiða við Háskóla Íslands sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan Háskólans á einum stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði innan heilbrigðisverfæði samkvæmt samningi við Háskólann í Reykjavík.

Lífefna- og sameindalíffræðistofa

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknarstofan er starfsvettvangur kennara á fræðasviði Læknadeildar í lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði. Á fræðasviðinu eru stundaðar grunnrannsóknir og hagnýt notkun þeirra í læknisfræði og heilbrigðisvísindum. Auk þess að reka Lífefna- og sameindalíffræðistofu tengist fræðasviðið erfða- og sameindalæknisfræðideild og klínískri lífefnafræðideild við Landspítala – háskólasjúkrahús með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið. Ýmsir aðilar á skyldum sviðum nota aðstöðu á stofunni. Forstöðumaður er Jón Jóhannes Jónsson dósent. Aðrir háskólakennarar við Læknadeild eru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Ingibjörg Harðardóttir prófessor og Reynir Arngrímsson dósent. Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor við Raunvísindadeild, og Magnús Karl Magnússon, sérfræðilæknir við LSH, hafa einnig starfsaðstöðu á stofunni. Ísleifur Ólafsson, sviðsstjóri rannsóknarsviðs LSH, er klínískur dósent, Ólöf Sigurðardóttir, sérfræðilæknir á klínískri lífefnafræðideild, er klínískur lektor og Leifur Franzson, sérfræðingur á erfða- og sameindalæknisfræðideild, er klínískur dósent. Guðrún Valdimarsdóttir vinnur að stofnfrumurannsóknum en hún er í stöðu rannsóknasérfræðings við Læknadeild. Pétur H. Petersen vinnur að rannsóknum á taugalíffræði en hann er með rannsóknarstöðustyrk frá RANNÍS. Sigríður Klara Böðvarsdóttir, sérfræðingur við Læknadeild, er með hlutaaðstöðu. Umsjón með daglegum rekstri rannsóknarstofunnar hefur Jónína Jóhannsdóttir yfirlífefnafræðingur. Á rannsóknarstofunni starfa á annan tug nema í rannsóknartengdu námi. Auk framangreindra unnu nokkrir einstaklingar að ýmsum verkefnum.

Eftirfarandi rannsóknanemar luku prófi á árinu:

Georg Bauer lauk diplóma-verkefni sínu „Regulation of the Mitf protein in mouse coat color and eye development determined by BAC transgene rescue“ við Fachhochschule Campus Wien en verkefnið var alfarið unnið á rannsóknarstofu Eiríks Steingrímssonar.

Rannsóknir

Rannsóknarsvið eru efnaskipti og eiginleikar kjarnsýra og líffræði erfðamengis mannsins, genalækningar, genatjáning, stofnfrumur og þroskunarlíffræði, næringarfræðitengd ónæmisfræði, sameindaerfðafræði blóðsjúkdóma og krabbameina, erfðarannsóknir á banaflugu og rannsóknir á stofnfrumulínum úr músa- og mannafrósturvísnum. Helstu einstök verkefni voru:

- Hlutverk og starfsemi Mitf-umritunarpáttarins í þroskun og starfsemi litfruma (melanocytes), þ.e. markgen, boðleiðir, innangensuppbót og bælistökkbreytingar.
- Áhrif fitusýra og náttúruafna á ónæmiskerfið.
- Greining erfðabreytileika og DNA-skemmda í erfðaefnissýnum. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Lífeind ehf. sem er með starfsaðstöðu á stofunni.
- Smíði genaferja byggðra á mæði-visnuveiru.
- Sameindaerfðafræði GIST-æxla.
- Hlutverk „sprouty“ í stjórnun týrósin-kínasa.
- Þróun á genaflögum til krabbameinsrannsókna og til að greina brottföll eða tvöfaldanir í erfðaefni.
- Hlutverk TGFβ-vaxtarþáttarins í stofnfrumum (ES-frumum) úr fósturvísnum músa og manna.
- Hlutverk Cystatin C próteinsins í Drosophila melanogaster.
- Starfsemi aquaporin-próteina í heila.
- Utangenaerðir hjá manningum.

Á rannsóknarstofunni er sérhæfður tækjabúnaður fyrir sameindalíffræðivinnu sem jafnframt er notaður við klínískar rannsóknir í sameindaerfðafræði í samstarfi við erfða- og sameindalæknisfræðideild LSH.

Kynningarstarfsemi

- Eiríkur Steingrímsson hélt eftirfarandi boðserindi: „Signaling to the Mitf transcription factor in mouse melanocytes“ á ráðstefnunni „IPCC/IMRC2008 meeting“ sem haldin var í Sapporo í Japan og skipulögð var af International Pigment Cell Conference og International Melanoma Research Congress.
- Auk þess var honum boðið að halda fyrirlesturinn „The Mitf transcription factor in melanocytes: The role of signaling“ við The Japanese Foundation for Cancer Research í Tókýó.
- Hann kynnti einnig rannsóknir sínar með fyrirlestrum á IPCC/IMRC-ráðstefnunni og með veggspjöldum á öðrum ráðstefnum og má þar nefna Benzon Symposium no 55, Transcription, Chromatin and Disease sem haldin var í Kaupmannahöfn og RNAi Europe conference sem haldin var í Stokkhólmi.
- Guðrún Valdimarsdóttir hélt fyrirlesturinn „TGFbeta signalling in embryonic stem cell fate“ á TGFb meeting í Leiden í Hollandi á vegum Ludwig Institute for Cancer Research.
- Jón Jóhannes hélt erindi á málþingi um Framtíð litningarannsóknna í tilefni af 40 ára afmælishátíð litningarannsóknna á Íslandi.
- Jón Jóhannes Jónsson og Martin Ingi Sigurðsson vorum með málstofu um utangenaerfðir á læknaðögum 22. janúar 2008.
- Jón Jóhannes og samstarfsmenn voru með veggspjöld á alþjóðþingi meinafnafræðinga í Fortaleza í Brasilíu og þingi Evrópusamtaka í erfðafræði í Barcelona á Spáni.

Viðurkenningar

Eiríkur Steingrímsson hlaut kennsluverðlaun læknanema á árinu.

Annað

Rannsóknir á stofunni voru styrktar af ýmsum aðilum, þ.m.t. með styrkjum frá RANNÍS, Rannsóknarsjóði Háskólans, Aðstoðarmannasjóði, Rannsóknarnáms-sjóði, Eimskipafélagssjóði, Vísindasjóði LSH og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Samtals var tugum m. kr. veitt sem ytra fé til rannsókna á Lífefna- og sameindalíffræðistofu úr samkeppnisstyrkjum.

Eiríkur Steingrímsson var fulltrúi menntamálaráðuneytisins hjá European Molecular Biology Conference (EMBC) og European Molecular Biology Laboratory (EMBL) Council. Hann sat einnig í fagráði NordForsk í náttúru-, tækni- og heilbrigðisvísindum.

Lífvísindasetur Læknagarðs

Á árinu var sett á stofn Lífvísindasetur Læknagarðs (e. Biomedical Center, University of Iceland) en það er formlegt samstarf þeirra rannsóknæininga á sviði lífvísinda sem starfa í Læknagarði og sambærilegra rannsóknæininga innan Læknadeildar og Landspítala. Á árinu fjölgaði til muna þeim rannsóknahópum sem starfa í Læknagarði og því var talið mikilvægt að auka sýnileika starfsemi-
innar og efla innra starf eininganna með því að útbúa sameiginlegan samstarfs-
vettvang. Rannsóknahóparnir sem starfa í Lífvísindasetri Læknagarðs stunda rannsóknir á ýmsum sviðum lífvísinda svo sem sameindalíffræði krabbameins, starfsemi og sérhæfingu stofnfruma, taugalíffræði, stjórnun genatjáningar, erfðalækninga, næringar og matvælafræði, auk ýmissa sviða lífeðlisfræðinnar. Allir eiga hóparnir sameiginlegt að notast við sameindalíffræði og frumulíffræði til að skilja starfsemi mannlíkamans og eðli sjúkdóma og allir nýta þeir svipaðar aðferðir til rannsókna sinna. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að samnýting tækja og aðstöðu aukist en það er besta leiðin til að tryggja betri nýtingu fjármuna, mannafla og aðstöðu. Vefsíða hefur verið sett upp þar sem kynnt er starfsemi þeirra rannsóknahópa sem tilheyra Lífvísindasetri Læknagarðs en auk þess er unnið að fjármögnun setursins og skipulagi til framtíðar.

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði er ein sérstofnana Háskóla Íslands við Læknadeild. Forstöðumaður er Vilhjálmur Rafnsson, prófessor í heilbrigðisfræði og faraldsfræði. Rannsóknarstofan hefur verið til húsa í Stapa, Hringbraut 31, 101 Reykjavík, síðan 2007.

Starfsmenn

Starfsmenn úr hópi kennara: Haraldur Briem dósent og Vilhjálmur Rafnsson prófessor. Prófessor emeritus Hrafn Tulinius hefur starfsaðstöðu á rannsóknarstofunni.

Evald Sæmundsen lauk doktorsnámi í janúar 2008. Oddný S. Gunnarsdóttir, sem er við doktorsnám við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, hefur aðstoðu á rannsóknarstofunni og vinnur undir handleiðslu Vilhjálms Rafnssonar.

Rannsóknir

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði sinnir faraldsfræðilegum rannsóknum, einkum á sviði krabbameina, bráðalækninga og smitsjúkdóma.

Doktorsnemar

Doktorsverkefni Evalds Sæmundsen fjallaði um einhverfu og er vinnutitill ritgerðar hans: „Autism in Iceland. Prevalence, diagnostic instruments, development, and association of autism with seizures in infancy.“ Verkefnið skiptist í nokkra hluta sem fjalla um faraldsfræði, greiningarskilmerki einhverfu og stöðugleika einhverfueinkenna í eftirfylgd. Einnig fjallar hún um hugsanleg tengsl flogaveiki og kippaflogaveiki við einhverfu. Doktorsvörn fór fram í janúar 2008.

Oddný S. Gunnarsdóttir hefur birt fjórar greinar um afdrif sjúklunga er sóttu til bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Vinnutitill ritgerðar hennar er „Users of the hospital emergency department who are discharged home.“ Áætlað er að doktorsvörn fari fram á árinu 2009.

Kennsla

Kennsla í heilbrigðis- og faraldsfræði (forvarnarlækningum) er veitt nemendum í læknisfræði á sjötta ári. Auk fastra kennara taka þátt í henni um tíu stundakennarar, sem margir vinna annars staðar en við Háskóla Íslands. Í kennslunni er lögð áhersla á aðferðafræði við faraldsfræðilegar rannsóknir, bæði í fyrirlesturum og umræðutímum þar sem birtar rannsóknir eru einkum ræddar með tilliti til aðferðafræðinnar.

Útgáfa og kynningarstarfsemi

Á árinu 2008 hafa verið birtar 3 vísindalegar ritgerðir og 5 útdrættir vegna ráðstefna, en niðurstöður rannsókna hafa verið kynntar erlendis, vestan hafs og austan, og á Íslandi.

Samstarf er við fjölmarga aðila, bæði innlenda og erlenda, um þau rannsóknaverkefni sem í gangi eru hverju sinni.

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði

Stjórn og starfsfólk

Forstöðumaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði (RLE) er Magnús Jóhannsson prófessor og skrifstofustjóri Sigríður Ísafold Hákansson. Fast starfslið, að meðtöldum kennurum með starfsaðstöðu á rannsóknastofunni og doktorsnemum, er 22 starfsmenn (sjá nánar á vefsíðu RLE: www.hi.is/rle). Fjórir nemar voru í rannsóknatengdu námi á rannsóknastofunni á árinu, öll í doktorsnámi, þau Brynhildur Thors, Lárus S. Guðmundsson, Bjarni Sigurðsson og Gunnar Skúli Ármannsson.

Kennsla

Starfsfólk rannsóknastofunnar sá um eða tók þátt í kennslu læknanema, tannlæknanema, hjúkrunarfræðinema, geislafræðinema, nema í sjúkrapjálfun, líffræðinema og lyfjafræðinema við Háskóla Íslands. Einnig kenndi starfsfólk rannsóknastofunnar á ýmsum námskeiðum öðrum.

Grunnrannsóknir

Unnið var að mörgum rannsóknarverkefnum, sumum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn og eru þær helstu eftirtaldar:

- Kopar-, cerúlóplasmín- og súperoxíðdismútasi í sjúklungum með hrörnunarsjúkdóma í miðtaugakerfi (með öldrunarlæknum og taugasjúkdómalæknum á LSH).
- Rannsóknir á boðkerfum í ræktuðum æðapelsfrumum, sérstaklega þeim sem virkja eNOS- og NO-myndun og hlutverk AMP-kínasa í boðkerfunum (hluti af doktorsverkefni BT).
- Rannsókn á lyfjavörfum paracetamóls ásamt styrk glútatíons, cýsteins, hómócýsteins og cýstein-glýsíns í blóði (með læknum á LSH; hluti af doktorsverkefni GSÁ).



- Rannsókn á þunglyndum karlmönnum og tengslum við kortisól og testósterón í munnvatni (með læknum á LSH; hluti af doktorsverkefni BS).
- Rannsókn á áhrifum etanóls á heila (EEG) og úttaugakerfi, í samvinnu við Mentis cura.
- Rannsóknir á blóðfitulækkandi verkun ACTH (með lækni á LSH).
- Rannsóknir á notkun lyfja við hjarta- og æðasjúkdómum á Íslandi, í samvinnu við Hjartavernd.
- Rannsókn á tengslum mígrenis og blóðþrýstings, í samvinnu við Hjartavernd (hluti af doktorsverkefni LSG).
- Þrávirk lífræn efni í blóði íslenskra mæðra. Samstarfsverkefni átta þjóða sem liggja að norður-heimskautssvæðinu; AMAP.
- Tengsl þrávirkra lífrænna efna og viðkomu íslenska arnarstofnsins. Í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrufræðistofu Vesturlands.
- Þrávirk lífræn efni í lofti og úrkomu við Stórhöfða, með Veðurstofu Íslands.
- Samnorræn rannsókn: Alkohol og andre rusmidler blant nordiske drepte motorvognførere 2001-2002.
- Eitranir á Íslandi. Faraldsfræðilegar rannsóknir á eitrunum og dauðsföllum af völdum eitrana.
- Samanburður á snefilefnum og oxavarnarenzýmum í blóði sauðfjár með tilliti til riðu.
- Koffeinneysla barna og unglunga á Norðurlöndum, áhættumat; samnorrænt verkefni. Þessu verkefni lauk með skýrslu sem kom út á árinu: Risk assessment of caffeine among children and adolescents in the Nordic countries.

Þjónusturannsóknir

Stundaðar voru umfangsmiklar þjónusturannsóknir í fjórum deildum: réttarefnafræðideild (deildarstjóri: Jakob Kristinsson), lyfjarannsóknadeild (deildarstjóri: Elísabet Sólbergdóttir), alkóhóldeild (deildarstjóri: Kristín Magnúsdóttir) og eiturefnafræðideild (deildarstjóri: Kristín Ólafsdóttir). Rannsóknir þessar eru unnar fyrir dómsmála- og lögregluþyriföld, lækna, sjúkrastofnanir, lyfjaframleiðendur, Heilbrigðiseftirlit, rafveitur, Matís, Nýsköpunarstofnun, vatnsframleiðendur, Óssur hf. o.fl. Unnið var að gæðahandbók fyrir rannsóknastofuna. Elín Magnúsdóttir lyfjafræðingur, sem er starfsmaður RLE, hélt áfram að þróa gagnagrunn fyrir skráningu á móttöku sýna og niðurstöðum rannsókna.

Heimsóknir og ráðstefnur

Nemendur Jarðhitaskóla Sameinuðu Þjóðanna komu í heimsókn og kynntu sér starfsemi RLE. Deildarforseti og varadeildarforseti Læknadeildar ásamt starfsfólki skrifstofu deildarinnar komu í heimsókn. Valerie Camél, styrkþegi Jules Verne stofnunarinnar, dvaldi í viku á RLE í samvinnu við Kristínu Ólafsdóttur dósent.

Húsnæði

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði (RLE) flutti í apríl 2004 í Haga, Hofsvallagötu 53, og er þar á 1. og 3. hæð. Einnig er í Haga Lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Á þriðju hæð í nýrri hluta hússins eru 16 skrifstofur en þar er einnig lítið fundaherbergi og kaffiástaða. Á fyrstu hæð voru innréttáðar rannsóknastofur samkvæmt nútímakröfum um slíkt húsnæði og í kjallara eru geymslur, myrakraherbergi o.fl. Þetta húsnæði er gott og hentar vel fyrir þá starfsemi sem fer fram á RLE.

Veffang Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er: www.hi.is/rle.

Raunvísindadeild og stofnanir hennar

Nýtt skipulag Háskóla Íslands tók gildi 1. júlí 2008 og lauk þá sögu Raunvísindadeildar sem, ásamt Verkfræðideild, rann inn í Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Hér á eftir verða dregnar fram helstu upplýsingar um mannahald og málefni Raunvísindadeildar fyrstu sex mánuði ársins.

Stjórn deildarinnar

Deildarforseti var Lárus Thorlacius og varadeildarforseti Guðrún Marteinsdóttir. Skorarformennsku gegndu þeir Rögnvaldur G. Möller í stærðfræðiskor, Hafliði P. Gíslason í eðlisfræðiskor, Ágúst Kvaran í efnafræðiskor, Ólafur S. Andrésen í líffræðiskor, Ólafur Ingólfsson í jarðvísindaskor, Anna Dóra Sæþórsdóttir í land- og ferðamálafræðiskor og Inga Þórsdóttir í matvælafræðiskor.

Starfslið deildar og skora

Björn Gunnlaugsson, verkefnisstjóri í VR-II, Guðrún Helga Agnarsdóttir, verkefnisstjóri í VR-II (80% starf), Hafdís Eyjólfsdóttir, verkefnisstjóri í Öskju (ráðin í lok misseris), Halldóra S. Ásgeirsdóttir, fulltrúi í VR-II (50% starf) í afleysingum fyrir Hlín Eyglóardóttur en hún kom aftur úr barnsburðarleyfi í apríl, Jón Guðmar Jónsson, skrifstofustjóri í VR-II, Ragnhildur Skjaldardóttir, verkefnisstjóri í Öskju, Stefán Ágúst Stefánsson, tækjavörður í Öskju, Svana Stefánsdóttir, efnavörður í VR-I, Sverrir Guðmundsson, tækjavörður í VR-I.

Annars staðar í þessu riti verður getið þeirra kennara sem hófu störf eða létu af störfum á árinu en þess ber að geta að deildin fékk heimild til að auglýsa þrjú ný störf í tengslum við viðbótarfé sem veitt er til Háskólans til að styrkja öfluga rannsóknarhópa. Störfín eru í hagnýttri stærðfræði, jarðeðlisfræði orkumála og lífupplýsingatækni-kerfislíffræði en þetta síðastnefnda starf tengist einnig Verkfræðideild og Læknadeild.

Þá fluttust þrír prófessorar milli skora í ársbyrjun: Magnús Tumi Guðmundsson og Páll Einarsson úr eðlisfræðiskor í jarðvísindaskor og Jón Ólafsson úr efnafræðiskor í jarðvísindaskor.

Gestakennarar

Samningar voru gerðir við Ingvar Birgi Friðleifsson, Jarðhitaskóla Sameinuðu Þjóðanna, og Halldór Ármannsson, ISOR.

Nemendur og kennsla

Á vormisseri var tekið upp nýtt fyrirkomulag kennslu í Raunvísindadeild. Tekin var upp kennsla í tveimur blokkum, 2 x 40 og 3 x 40 mínútna. Með þessu fyrirkomulagi á að draga úr viðveru stúdenta svo þeir hafi meiri tíma fyrir sjálfsnám. Dæmatímar í sumum námskeiðum færast með þessu móti fram fyrir hádegi en fyrirlestrar í öðrum aftur fyrir hádegi. Þetta nýja fyrirkomulag náði ekki fram að ganga í öllum námskeiðum og voru sum kennd með gamla sniðinu, þ.e. í þremur 2 x 40 mínútna blokkum.

Sjúkra- og upptökupróf haustmisseris voru haldin í janúar og sjúkra- og upptökupróf vormisseris voru haldin í júní í fyrsta skipti. Almennt hefur hinn nýi próftími, sem tekinn var upp að frumkvæði stúdenta, fallið í góðan jarðveg hjá kennurum og nemendum.

Samkomulag náðist við Náms- og starfsráðgjöf Háskólans um að Jónína Kárdal námsráðgjafi hefði vikulegan viðtalstíma í VR-II. Hún hefur sinnt Verkfræðideild og Raunvísindadeild sérstaklega og er þetta aukin og vel þegin þjónusta við stúdenta.

Doktorsnám hefur staðið með miklum blóma við deildina. Frá 2002 til ársloka 2007 brautskráðust 20 með doktorspróf frá deildinni. Hvorki fleiri né færri en sjö nýir doktorar bættust við hópinn árið 2008. Lista yfir þá og heiti verkefnanna er að finna annars staðar í árbókinni.

Úttekt var gerð á doktorsnámi við deildina og þann 15. maí skrifaði menntamálaráðherra bréf með formlegri viðurkenningu á náminu.

Á vormisseri fóru 10 nýir skiptinemar utan, þrír erlendir skiptinemar bættust í hóp þeirra sem fyrir voru við deildina.

Samvinna

Rannsóknasetri í kerfislíffræði var komið á fót á árinu í samvinnu Lækna-, Raunvísinda- og verkfræðideildar en verkefnið hlaut 2,5 milljón evra styrk frá Evrópska rannsóknarráðinu. Freysteinn Sigmundsson vísindamaður var skipaður fulltrúi Raunvísindadeildar í námsstjórn RES-orkuskólans á Akureyri. Orku-skólinn REYST, í samstarfi Háskóla Íslands, HR og Orkuveitu Reykjavíkur, var settur á stofn á árinu. Efnafræði- og líffræðiskorir samþykktu á árinu að taka upp samstarf við Læknadeild um rannsóknarnám í sameindalífvísindum. Samþykkt var að skipa ásamt Hugvísindadeild samstarfsnefnd um vísindasögu við Háskóla Íslands. Skipað var fagråd um raungreinamenntun kennara. Fagráðinu er ætlað að sinna stefnumótun bæði um menntun raungreinakennara yfirleitt og um framhaldsnámið til menntunar raungreinakennara.

Líffræðistofnun

Starfslið

Allir kennarar í fullu starfi við líffræðiskor eru jafnframt starfsmenn Líffræðistofnunar. Fjöldi þessara starfa var óbreyttur frá árunum áður, alls 17,87 stöðugildi. Á stofnuninni starfar einn fastráðinn sérfræðingur, Sigríður H. Þorbjarnardóttir, fulltrúi, Ragnhildur Skjaldardóttir, og Stefán Á. Stefánsson, tækjavörður líffræðiskorar. Sú breyting varð á í upphafi árs að Ragnhildur fluttist til Raunvísindadeildar og í kjölfar skipulagsbreytinganna sem urðu 1. júlí starfar hún hjá Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Þrír prófessorar emeriti, Guðmundur Eggertsson erfðafræðingur, Halldór Þormar veirufræðingur og Agnar Ingólfsson vistfræðingur hafa starfsaðstöðu á stofnuninni. Einn bættist í þeirra hóp á árinu, Arnþór Garðarsson, f.v. prófessor í dýrafræði, en hann varð sjötugur á árinu. Tvö kennarastörf voru auglýst laus til umsóknar á árinu, lektorsstaða í vistfræði og dósentstaða í sameindalíffræði. Vonast er til að ráðið verði í störf in á vormisseri 2009.

Á stofnuninni starfa að jafnaði nokkrir lausráðnir sérfræðingar, oftast nýdóktorar, sem ráðnir eru til að sinna sérstökum rannsóknarverkefnum til lengri eða skemmri tíma. Á árinu voru þetta fimm manns sem störfuðu allt árið eða hluta þess. Framhaldsnemum í líffræði fjölgaði enn á árinu, en í árslok 2008 var 41 doktorsnemi skráður í nám í líffræði, 35 meistaranemar og tveir fjórða árs nemar. Meirihluti framhaldsnema hefur starfsaðstöðu í Öskju en hinir dvelja að hluta til á öðrum rannsóknarstofnunum hér á landi eða erlendis. Nokkuð er um erlenda skiptinema sem vinna rannsóknarverkefni á stofnuninni. Mikið er um að líffræðinemar séu í hlutastörfum að aðstoða við rannsóknir, einkum yfir sumartímann.

Um árabíl hefur Líffræðistofnun veitt tveim vísindamönnum frá öðrum stofnunum rannsóknaraðstöðu. Þetta eru Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúruvísindastöðvarinnar við Mývatn, sem hefur haft starfsaðstöðu við stofnunina samkvæmt sérstöku samkomulagi og Guðmundur V. Helgason, sérfræðingur við Rannsóknarsetrið í Sandgerði. Þá hefur Brynhildur Davíðsdóttir, forstöðumaður þverfaglegar námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði, einnig aðstöðu við stofnunina.

Húsnæðismál

Aukin starfsemi og fjölgun framhaldsnema hefur leitt til þess að sífelld hefur þrengt að Líffræðistofnun í Öskju. Á þetta jafnt við um skrifstofuaðstöðu fyrir nýja starfskrafta, kennara, nýdóktora og framhaldsnema, sem rými til rannsókna. Í lok ársins flutti rannsóknarstofa í sjávarlíffræði úr Öskju í húsnæði á Aragötu 6. Þetta létti nokkuð á þrengslunum í Öskju. Um árabíl hefur líffræðiskor staðið að uppbyggingu rannsóknánáms í líffræði. Við árslok 2008 höfðu 103 meistara og 5 doktorar útskrifast frá skorinni, þar af 3 á árinu 2008. Ljóst er að á næstu árum mun útskrifuðum doktorum fjölga til muna. Til þess að geta áfram tekið virkan þátt í áætlunum Háskólans um eflingu rannsókna og uppbyggingu rannsóknarháskóla sem stenst alþjóðlegar kröfur verður að finna viðunandi lausn á húsnæðisvanda Líffræðistofnunar.

Helstu rannsóknasvið

Skipta má rannsóknum á Líffræðistofnun niður í nokkur svið eftir viðfangsefnum. Þau helstu eru:

- Sjávarlíffræði og sjávarvistfræði
- Vatnalíffræði og vistfræði vatnalífvera
- Fiskifræði, fiskavistfræði og þroskunar- og lífeðlisfræði fiska
- Vistfræði fugla og spendýra
- Þróunarfræði og stofnerfðafræði
- Grasafræði, plöntuvistfræði og plöntuerfðafræði
- Örverufræði og örveruvistfræði
- Frumulíffræði
- Sameindaerfðafræði

Ráðstefnuhald

Stofnunin stendur reglulega fyrir ráðstefnum um líffræðileg málefni. Í tilefni af því að Arnþór Garðarsson varð sjötugur á árinu og lét af störfum sem prófessor í dýrafræði var haldin eins dags ráðstefna honum til heiðurs hinn 6. september í Öskju. Þar voru haldin fjölmörg erindi og var ráðstefnan mjög vel sótt. Undirbúningur er hafinn að afmælisráðstefnu Líffræðistofnunar og Líffræðifélagsins á næsta ári.

Miðlun

Líkt og aðrar háskólastofnanir hefur Líffræðistofnun mikilvægu fræðsluhlutverki að gegna. Stofnunin gefur út ritröðina „Fjölrit Líffræðistofnunar“ og eru ritin nú orðin um 77 talsins. Greinaskrif starfsmanna og þátttaka í ráðstefnum eru nú tíundaðar í Ritaskrá Háskólans.

Fjármál

Velta Líffræðistofnunar árið 2008 var 182 m.kr. og er rannsóknarhluti launa kennara líffræðiskorar þá ekki meðtalinn. Fjárveiting Raunvísindadeildar til stofnunarinnar var tæplega 10,3 m.kr. 2008. Tekjur stofnunarinnar umfram fjárveitingu eru nánast eingöngu styrkir til kennara og sérfræðinga frá ýmsum rannsóknasjóðum, einkum sjóðum á vegum Rannsóknarráðs Íslands, og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, norrænum rannsóknasjóðum og Evrópusambandinu. Meðal nýrra styrkja sem komu til stofnunarinnar á árinu má nefna öndvegissstyrk sem Ólafur S. Andrésson hlaut vegna verkefnisins Erfðamengi samlífs – Fléttan Peltigera malacea, 14 m.kr. á árinu.

Land- og ferðamálafræðistofa

Starfslið

Við skipulagsbreytingar Háskóla Íslands sameinaðist land- og ferðamálafræði líffræði í Líf- og umhverfivísindadeild. Við stofuna eru 7 kennarastöður (3½ staða í landfræði og 2½ staða í ferðamálafræði), hálf tímabundin kennarastaða (ferðamálafræði) og ein aðjunktstaða (landfræði). Í kjölfar breytinganna fluttist Ingibjörg Jónsdóttir yfir í Jarðvísindadeild þótt hún kenni áfram í landfræði og Guðrún Gísladóttir er með rannsóknaraðstöðu við Land- og ferðamálafræðistofu og Jarðvísindastofnun.

Við Land- og ferðamálafræðistofu starfa tímabundnir rannsóknarmenn, s.s. nýdóttorar sem eru ráðnir til að sinna sérstökum verkefnum til lengri eða skemmri tíma. Á árinu 2008 störfuðu 5 manns allt árið eða hluta þess. Framhaldsnemum hefur fjölgað og hefur meirihluti þeirra starfsaðstöðu í Öskju en þó dvelja framhaldsnemar einnig á öðrum rannsóknarstofum hér á landi og erlendis. Einn doktorsnemi stundar doktorsnám í samvinnu Háskóla Íslands og Macquarie University, NSW, í Ástralíu, og mun ljúka sameiginlegri doktorsgráðu frá báðum skólunum.

Á árinu 2008 voru 5 doktorsnemar og 22 meistaranemar í land- og ferðamálafræði og á árinu útskrifaðist einn doktorsnemi og 5 meistaranemar. Algengt er að nemar í land- og ferðamálafræði séu í sumarstörfum við stofuna.

Helstu rannsóknasvið

Starfsmenn stofunnar eru í samstarfi við sérfræðinga innan Háskóla Íslands og aðrar rannsóknastofnanir á landinu. Auk þess eiga þeir í fjölbreyttu erlendu samstarfi. Þá eru þeir í stjórn erlendra og innlendra fagstofnana og taka þátt í að skipuleggja ráðstefnur innan lands og utan.

Helstu svið sem unnið er að innan land- og ferðamálafræðistofu eru eftirfarandi:

- Náttúruandfræði, þar sem lögð er áhersla á hina ytri ásýnd landsins og þau ferli sem móta hana. Landfræðileg upplýsingakerfi og fjarkönnunartækni eru mikilvægar stoðir rannsókna. Á þessu sviði eru m. a. stundaðar rannsóknir á samspili loftslags, landnýtingar, landbreytinga, jarðvegs, gróðurs og byggðar. Kolefnisbúskapur í jarðvegi og samhengi hans við hringrásir vistkerfisins er einnig meðal rannsóknarefna. Loks má nefna náttúruvá, svo sem flóð eða eldgos, og hvernig bregðast má við slíkum atburðum í stofnunum samfélagsins og skipulagi.
- Mannvistarlandfræði, þar sem búseta fólks, nýting auðlinda, samspil menningar og rýmis eru í forgrunni. Slíkar rannsóknir hafa fengið aukna þýðingu í seinni tíð. Unnið er að ýmsum rannsóknum á byggðapróun, búferlaflutningum og umbreytingum á atvinnulífi á Íslandi, í sveitum, sjávarbyggðum og á höfuðborgarsvæðinu. Áhersla er á sjónarhorn kynjafræða og sjálfbærni í þeim rannsóknum. Af menningarlandfræðilegum toga eru rannsóknir á þýðingu landslags í íslensku samhengi. Nefna ber einnig rannsóknir er tengjast þróunarmálum í Afríku, Asíu og á norðurslóðum.
- Ferðamálafræði, með áherslu á umhverfi og skipulag. Ferðamennska hefur vaxið mjög að umfangi á seinni árum, ekki síst hér á landi, og náttúran er sá segull sem dregur flesta til ferðalaga um Ísland. Þessi þróun hefur kallað á rannsóknir á íslenskri náttúruferðamennsku og umhverfisáhrifum hennar. Unnið er að rannsóknum á dreifingu ferðamanna og ferðahegðun þeirra hefur verið skoðuð. Þá hafa þolmörk ýmissa ferðamannastaða hafa verið könnuð. Þessi þekking verður nýtt í skipulagi ferðamannastaða og stærri landsvæða þar sem landnýting af þessu tagi er mikilvæg.
- Ferðamálafræði, með áherslu á efnahagslíf og menningu. Í mörgum byggðarlögum er ferðaþjónusta mikilvæg stoð efnahagslífs og búsetu. Hluti rannsókna í ferðamálafræði beinist að þessu. Koma skemmtiferðaskipa og sú þjónusta sem í kringum þau skapast er dæmi um verkefni af þessum toga. Nýsköpun tengd menningararfleifð sjávarbyggða er annað. Mörg spennandi viðfangsefni bíða frekari rannsókna, sem geta aukið verðmætasköpun í greininni og tryggt að samfélagsleg sátt ríki um framþróun hennar.

Miðlun

Stofan hefur staðið fyrir opinberum fyrirlesturum í sínu nafni, þar sem innlendir og erlendir gestir hafa haldið erindi.

Gerð er grein fyrri greina- og bókaskrifum starfsmanna, sem og þátttöku í ráðstefnum, í Ritaskrá Háskóla Íslands.

Fjármál

Tekjur stofnunarinnar eru nánast eingöngu styrkir til kennara og sérfræðinga frá ýmsum rannsóknasjóðum, einkum sjóðum á vegum Rannsóknarráðs Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, norrænum rannsóknasjóðum og Evrópusambandinu.

Unnið hefur verið að uppbyggingu tækjakosts með styrk Tækjasjóðs Rannís og samstarfsstofnana, sem hefur bætt rannsóknaraðstöðu til mikilla muna.

Raunvísindastofnun Háskólans

Raunvísindastofnun Háskólans (RH) er sjálfstæð rannsóknastofnun innan Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna í raunvísindum. Megin - markmið starfseminnar er að afla nýrrar þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar, þjálfna nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Stofnunin hefur víðtækt samstarf við aðrar innlendir og erlendir rannsóknastofnanir. Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum tímaritsgreinum, bókarköflum, skýrslum sem og á ráðstefnum.

Um síðustu áramót störfuðu 32 akademískir sérfræðingar ásamt verkefnaráðnum starfsmönnum við rannsóknir, auk 12 tæknimanna og

aðstoðarmanna. Níu manna starfslið vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Loks voru 100 nemar í framhaldsnámi við stofnunina. Eins og segir í reglum um Raunvísindastofnun er hún rannsóknnavettvangur kennara við Raunvísindadeild Háskóla Íslands á sviðum stofnunarinnar en þeir voru 48 um síðustu áramót.

Árið 2008 nam velta stofnunarinnar 1.118,4 m.kr. sem er um 25,1% hækkun frá fyrra ári. Þessa hækkun má reka að stærstum hluta til aukinna rannsóknnaumsvifa á flestum sviðum. Af veltu ársins komu 372,6 m.kr. af fjárveitingum, 85,6 m.kr. komu frá norrænu ráðherranefndinni og 640,1 m.kr. eru annað sjálfsaflafé frá íslenskum og erlendum rannsóknasjóðum og frá fyrirtækjum.

Raunvísindastofnun skiptist í Jarðvísindastofnun Háskólans (JH) og Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun Háskólans (EH), sem lýst er hér að neðan.

Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun

Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun Háskólans (EH) skiptist í fimm rannsóknastofur, eðlisfræðistofu, efnafræðistofu, lífefnafræðistofu, reiknifræðistofu og stærðfræðistofu. Forstöðumenn stofnanna mynda stjórn stofnunarinnar. Í árslok 2007 störfuðu við stofnunina 60 manns auk 34 kennara Raunvísindadeildar og fimm kennara Verkfræðideildar sem hafa rannsóknaraðstöðu á stofnuninni. Af þessum 60 eru 10 sérfræðingar sem stunda rannsóknir sjálfstætt, níu verk-efnaráðnir sérfræðingar, fjórir aðstoðarmenn, fimm nýdoktorar og 32 nemendur í framhaldsnámi.

Eðlisfræðistofa

Í árslok 2008 var eðlisfræðistofa rannsóknnavettvangur níu kennara við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, eins kennara við Verkfræðideild og fjögurra sérfræðinga við Raunvísindastofnun. Þar starfa einnig þrjú tæknimenn Raunvísindastofnunar, þar af einn við háloftadeild. Sex verkefnaráðnir sérfræðingar unnu á stofunni á árinu. Laun þeirra eru ýmist greidd með styrkjum úr opinberum samkeppnisjóðum eða af fyrirtækjum. Þá höfðu tveir fyrrverandi vísindamenn og einn prófessor emeritus starfsaðstöðu við stofuna. Stúdentar í rannsóknarámi árið 2008 voru 18 talsins, þar af 12 í doktorsnámi. Forstöðumaður eðlisfræðistofu var Hafliði Pétur Gíslason, prófessor. Nöfn stofufélaga og upplýsingar um rannsóknaverkefni þeirra og ritsmíðar er að finna á vef eðlisfræðistofu á slóðinni: www.raunvis.hi.is/Edlisfr/Edlisfr.html.

Á eðlisfræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í tilraunaeðlisfræði, kennilegri eðlisfræði, stjarnaeðlisfræði og vísindasögu. Á stofunni eru þrjú hópar fyrirferðarmestir. Einn þeirra sinnir rannsóknum á sviði tilraunaeðlisfræði með áherslu á hátæknieðlisfræði og örtækni. Annar hópur stundar kennilegar rannsóknir og líkanagerð af eiginleikum rafeindakerfa á nanóvarða í hálfleiðurum og sameindum. Þriðji hópurinn leggur stund á rannsóknir í stjarnaeðlisfræði með megináherslu á gammablossa og heimsfræði.

Auk þessara hópa stunda einstakir kennarar og sérfræðingar á stofunni rannsóknir sínar sem ekki falla undir fyrrnefnda þrjú hópa. Unnu þeir við fjölda rannsóknaverkefna árið 2008, meðal annars Mössbauer-mælingar, mælingar á radoni í grunnvatni, endurbætur á tækni til mælinga á geislakoli í aldursgreiningum og innleiðingu sólmiðjukennningarinnar á Íslandi. Stofufélagar kynna rannsóknir sínar á opnum kaffifundum flesta föstudaga ársins. Stúdentar eru hvattir til að mæta á kaffifundina.

Háloftadeild Raunvísindastofnunar heyrir undir eðlisfræðistofu. Deildin rekur segulmælingastöð við Mosfellsbæ, en sú starfsemi á sér lengsta samfellda sögu við stofnunina ásamt geisla-mælingum. Á árinu var áfram unnið að endurnýjun skráningartækja og endurbótum. Þá er Almanak Háskólans reiknað og búið til prentunar við deildina. Háloftadeild rekur einnig þrjú norðurljósastöðvar í samvinnu við Pólrannsóknastofnun Japans og tvær ratsjárstöðvar í samvinnu við breska og franska vísindamenn.

Andlát

Marteinn Sværissón rafmagnsverkfræðingur lést aðfaranótt 21. október. Marteinn var fæddur 1947. Hann hóf störf á Raunvísindastofnun haustið 1971. Marteinn



starfaði fyrst hjá Þorbirni Sigurgeirssyni prófessor við þróun og smíði móttöku-tækis fyrir sendingar siglingatungla til staðarákvarðana. Nýttist tækið meðal annars til staðsetninga í flugsegulmælingum Þorbjarnar og í jöklamælingum. Marteinn átti stóran þátt í hönnun raftæknibúnaðar margra helstu mælitækja sem smíðuð hafa verið á stofnuninni. Seinna breyttust tímarnir og ekki var lengur sama áhersla lögð á tækjasmíð. Hins vegar voru flest ný mælitæki orðin tölvustýrð og þetta varð fljótlega mikil sérgrein Marteins. Hann stjórnaði árum saman tölvuvæðingu mælinga á eðlisfræðistofu og hélt utan um tölvustýrðar mælingar ófárra sumarstúdenta. Einnig sá hann alla tíð um rekstur hústölvu Raunvísindastofnunar og flutti starfsvettvang sinn til yfirstjórnar þegar hústölvan var orðin aðalviðfangsefni hans. Marteinn Sverrisson var hvers manns hugljúfi og jók hróður Raunvísindastofnunar með störfum sínum.

Mannabreytingar á árinu

Örn Helgason prófessor fór á eftirlaun í lok marsmánaðar. Hann hóf störf sem sérfræðingur við Eðlisfræðistofnun Háskólans 1965-66 en varð dósent við Háskóla Íslands árið 1969 og prófessor árið 1987. Örn var formaður stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans árin 1979-1983, forstöðumaður eðlisfræðistofu árin 1983-1991 og jafnframt varaformaður stjórnar stofnunarinnar á sama tímabili. Rannsóknir hans hafa beinst einkum að mælingum og túlkun á Mössbauerhrifum við rannsóknir á innri gerð efna. Hann heldur rannsóknadstöðu sinni á eðlisfræðistofu.

Ivan Shelykh var ráðinn dósent í kennilegri eðlisfræði 1. apríl. Hann lauk doktorsprófi frá Tækniháskólanum í St. Pétursborg árið 2001. Doktorsritgerð hans fjallaði um samfasa fyrirbæri í skammtavírum úr hálfleiðurum. Frá árinu 2002 hefur Shelykh stundað rannsóknastörf við Blaise Pascal háskólann í Frakklandi, Southampton-háskólann á Bretlandi og alþjóðlega rannsóknastofnun í eðlisfræði þéttfenis í Brasilíu. Viðfangsefni hans eru margvísleg innan eðlisfræði þéttfenis, einkum á sviði fjöleindakerfa í skertri vídd, ljósfræði skammtahola, eðlisfræði spunakerfa og Bose-Einsteinþéttingar skauteinda.

Einar Örn Sveinbjörnsson var ráðinn dósent í tilraunaeðlisfræði 1. ágúst. Einar lauk doktorsprófi frá Chalmers-tækniháskólanum í Gautaborg árið 1994 með ritgerð um rafeiginleika veilusameinda gulls í kísli. Hann var nýdoktor við Max-Planck rannsóknastofnunina í þéttfenisfræðum í Stuttgart 1995-1996. Hann hefur starfað við Chalmers-tækniháskólann síðan og varð prófessor árið 2004. Rannsóknir Einars eru á sviði hálfleiðandi efna og virkra rása úr þeim. Undanfarin ár hefur hann rannsakað SiC-hálfleiðara í samstarfi við Philips Semiconductors.

Páll Jakobsson var ráðinn dósent í tilraunastjarnaeðlisfræði 1. ágúst. Páll lauk doktorsprófi árið 2005 frá Kaupmannahafnarháskóla með ritgerð um gammablossa. Hann starfaði um skeið sem nýdoktor við Niels Bohr stofnunina og síðar við Háskólann í Hertfordshire á Englandi. Í byrjun árs 2007 hlaut hann Marie Curie Fellowship Evrópusambandsins til tveggja ára vegna framúrskarandi rannsókna. Rannsóknir Páls eru einkum á sviði heimsfræði með sérstakri áherslu á mælingar, úrvinnslu mæligagna og tengingu þeirra við kennileg líkön. Viðfangsefni eru einkum gammablossar og hýsilvetrarbrautir þeirra, en einnig sprengistjörnur, þyngdarlinnur, huldufni og hulduorka, þróun vetrarbrauta og stórgerð alheimsins.

Tveir nýdoktorar, Malte C. Gather og Jennifer Halldorsson, hófu störf á árinu í verkefni Kristjáns Leóssonar sem Markáætlun um örtækni styrkir. Þá gekk Gabriel Vasile gekk til liðs við rannsóknahóp Snorra Þ. Ingvarssonar á styrk frá Markáætlun um örtækni. Friðrik Magnus hlaut á árinu þriggja ára styrk úr Nýdoktorasjóði Háskólans til verkefnisins Rafeiginleikar ofurþunnra húða.

Annalisa De Cia hóf rannsóknir til doktorsprófs í verkefninu Tengsl gammablossa við þróun vetrarbrauta og stjörnumyndun í alheimi. Hún er launuð af styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Cosmin Miha Gainar hóf rannsóknir til doktorsprófs hjá Viðari Guðmundssyni í verkefninu Quantum signal processing.

Ingibjörg Haraldsdóttir lauk prófi til M.Paed.-gráðu í nóvember. Verkefni hennar Ólympíuleikarnir í eðlisfræði: Rannsókn á þátttöku og afstöðu til leikanna var unnið undir leiðsögn Ara Ólafssonar. Þá hófu eftirtaldir rannsóknir til meistara - prófs: Nina Björk Arnfinnsdóttir hjá Kristjáni Leóssyni í verkefninu Þróun rýrrar örflögutækni til smásjárskoðunar lífrænna sýna og Nzar Rauf Abdullah hjá Viðari Guðmundssyni í verkefninu Interaction effects in finite electron systems.

Rannsóknastyrkir

Sértekjur bókfærðar á eðlisfræðistofu námu um 90 m. kr. árið 2008 en fjárveiting úr Ríkissjóði var rúmlega 35 m. kr.

Verkefnið Tengsl gammablossa við þróun vetrarbrauta og stjörnumyndun í alheimi sem Páll Jakobsson stjórnar hlaut öndvegisstyrk Rannsóknasjóðs á árinu. Markmið verkefnisins er að kanna stjörnumyndunarsögu alheims sem fall af tíma og varpa ljósi á hvenær fyrstu stjörnur mynduðust. Þetta er nú mögulegt með rannsóknum á eftirglæðum gammablossa og hýsilvetrarbrautum þeirra, en blossomir eru björtustu og orkumestu sprengingar í alheimi. Stuðst verður við gögn frá Swift-gervitunglinu sem getur fundið og staðsett um 100 blossa á ári. Að auki verður fjöldi sjónauka nýttur til hins ýtrasta, m.a. Norræni sjónaukinn, Very Large Telescope og Hubble-geimsjónaukinn.

Eftirtaldir stofumenn fengu nýja verkefnastyrki úr Rannsóknasjóði við úthlutun árið 2008:

- Hafliði Pétur Gíslason. Veilur í segulmögnum hálfleiðurum.
- Jón Tómas Guðmundsson. Efnafræði rafgass.
- Páll Theodórsson. Eyðing skóga og saga frumbyggðar á Íslandi ákvörðuð með nýju geislakols-aldursgreiningatæki.
- Viðar Guðmundsson. Leiðni nanórafeindakerfa.

Eftirtaldir stofumenn fengu nýja verkefnastyrki úr Markáætlun 2008-2010:

- Hafliði Pétur Gíslason. Ræktun og greining örgerða úr hálfleiðurum með víða orkugeil.
- Kristján Leósson. Þróun nýrrar örflögutækni til smásjárskoðunar lífrænna sýna.
- Jón Tómas Guðmundsson. Rafeiginleikar ofurþunnra húða.
- Sveinn Ólafsson. Hegðun vetnis í Magnesíum kol örbyggingum.
- Viðar Guðmundsson. Flutningur hleðslu og spuna um rafeindakerfi á nanóskala.

Eftirtaldir stofumenn fengu styrki úr Tækjasjóði við úthlutun árið 2008:

- Jón Tómas Guðmundsson. Háafspúlsuð segulspæta - Aflgjafi.
- Snorri Þorgeir Ingvarsson. Tæki til rannsókna á optískum, leiðni- og seguleiginleikum nanóstrúktúra.
- Sveinn Ólafsson og fleiri. Uppbygging örtæknikjarna örtæknivettvangs.

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti einnig sex verkefni stofumanna árið 2008.

Íslensk tilraunaedlisfræði í 50 ár

Raunvísindastofnun Háskólans og Eðlisfræðifélag Íslands buðu til málþings föstudaginn 29. ágúst til heiðurs Páli Theodórssyni áttæðum og Erni Helgasyni sjötugum. Mörg fróðleg erindi voru flutt að loknu ávarpi Kristínar Ingólfsdóttur Háskólarektors.

Bryndís Brandsdóttir formaður stjórnar RH og Leó Kristjánsson vísindamaður fjölluðu um Fortíð og framtíð Raunvísindastofnunar Háskólans. Rögnvaldur Ólafsson dósent og forstöðumaður fræðasetra Háskóla Íslands flutti erindið Illgresi eða rósagarður: Þróun mælitækja á Raunvísindastofnun. Þorsteinn Halldórsson, ráðgjafi um loft- og geimtækni í München, fjallaði um Leysiratsjá fyrir samdrátt og tengingu gervihnatta. Haraldur Páll Gunnlaugsson lektor við Árósháskóla hélt erindið Frá Mössbauer til Mars. Ari Ólafsson dósent í eðlisfræði ræddi Eðlisfræðikennslu í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Loks flutti Páll Theodórsson erindið Eðlisfræðistofnun Háskólans: Fyrstu skref og Örn Helgason sleit ráðstefnunni með lokaorðum.

Rögnvaldur Ólafsson dósent hlýtur viðurkenningu Útflutningsverðlauna forseta Íslands

Hinn 23. apríl voru Útflutningsverðlaun forseta Íslands veitt í tuttugasta sinn við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Verðlaunin hafa frá árinu 1989 verið veitt einstaklingum eða fyrirtækjum fyrir markvert framlag til eflingar á útflutningsverslun og gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar.

Rögnvaldur Ólafsson, dósent við eðlisfræðiskor Raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hlaut heiðursviðurkenningu forsetans fyrir frumkvöðlastarf á sviði vísinda og tækni sem hefur störeflt íslenskan útflutningsiðnað. Rögnvaldur átti stóran þátt í stofnun fyrirtækisins Marel sem hófst sem nýsköpunarverkefni á

eðlisfræðistofu. Þar þróaðist verkefnið í fimm ár uns það varð að fyrirtækinu Marel árið 1983. Í dag, liðlega 25 árum síðar, er Marel heimþekkt fyrirtæki sem borið hefur hróður Íslendinga víða.

Efnafræðistofa

Á efnafræðistofu (utan lífefnafræðideildar, sjá hér að neðan) eru stundaðar rannsóknir í öllum fjórum undirgreinum efnafræðinnar: efnagreiningum, eðlisefnafræði, lífrænni efnafræði og ólífrænni efnafræði. Á stofunni starfa fjórir sérfræðingar en stofan er einnig rannsóknaveitvangur 7 prófessora og eins dósentis. Stofan er vettvangur framhaldsnáms í efnafræði við Háskóla Íslands og samtals störfuðu þar 26 launaðir meistara- eða doktorsnemar auk þriggja nýdókora. Um þriðjungur framhaldsnema og nýdókora eru af erlendum uppruna og hefur starfsemin því fjölbjóðlegan blæ. Stofan er einnig vettvangur nemenda sem vinna að lokaverkefnum til BS-prófs. Meirihluti launakostnaðar vegna framhaldsnema og nýdókora var greiddur af rannsóknarstyrkjum úr samkeppnissjóðum, bæði innlendum og erlendum, einkum norrænum styrkjum og Evrópustyrkjum.

Á efnafræðistofu eru stundaðar fjölbættar grunnrannsóknir í kennilegri efnafræði, eðlisefnafræði, ólífrænni efnafræði, málmlífrænni efnafræði og lífrænni efnafræði. Rannsóknarverkefni eru af margvíslegum toga, en flest þeirra fjalla á einn eða annan hátt um eðli og eiginleika nýstárlegra ólífrænna og lífrænna efnasambanda. Nánari upplýsingar um rannsóknaverkefni og styrkina er að finna á heimasíðu stofunnar, www.raunvis.hi.is/Efnafr/.

Efnagreiningasetur Háskóla Íslands er starfrækt af efnafræðistofu. Þar er hátækniastaða til nútímalegra efnagreininga fyrir vísindasamfélagið á Íslandi. Þessi stórbætta rannsóknaraðstaða gerir það kleift að fást við mun viðameiri rannsóknaverkefni í efnafræði, líffræði, lyfjafræði og öðrum greinum sem nýta efnagreiningar í rannsóknum en áður hefur verið mögulegt á Íslandi. Meðal þeirra greiningatækja sem þar er að finna eru MALDI-TOF, electrospray og GC-MS massagreinar og svo 400 og 250 MHz NMR tæki. Heimasíða Efnagreiningasetursins er á slóðinni www.efnagreining.raunvis.hi.is/.

Lífefnafræðideild efnafræðistofu

Lífefnafræðistofa breyttist í lífefnafræðideild innan efnafræðistofu á árinu. Við lífefnafræðideild starfa þrjú sérfræðingar en auk þess hafa þrjú prófessorar og tveir dósentar við Háskóla Íslands starfsaðstöðu þar. Stofudeildin er vettvangur sjö framhaldsnema í lífefnafræði við Háskóla Íslands (fimm MS-nema og tveggja Ph.D.-nema), sem og BS-nema sem vinna að lokaverkefnum til BS-prófs (6).

Þau rannsóknaverkefni sem unnið er að á deildinni eru á eftirtöldum sviðum: Erfðatæknileg framleiðsla þorskensíma í gersveppum, sérsniðin ensím, einangrun próteina og náttúruleg rotvörn. Tjáning arfbera í þorski. Varnir lífvera gegn oxunarálagi og stakeindum. Ensímið glútapíónperoxídasi, eiginleikar og hreinvinnsla. Andoxunarefni. Snefilefnið selen. Kuldavirk ensím úr bakteríum og úr fiskum, grundvöllur hvötunarvirkni, sértækni og stöðugleika þeirra með gerð stökkbrigða. Samskipti ensíma og hindrandi efna. Starfrænir eiginleikar og eðlisgerð frumuhimnufluka. Ensím rannsóknir og kyrrsetning ensíma. Kítósan - fálíður og áhrif þeirra á prótein. Gripgreining og notkun hennar við vinnslu lífefna. Ensím úr þorski, vinnsla og eiginleikar. Virkni serín-próteinasa á húð og boðefni. Hitastigsaðlögun próteina og hagnýting ensíma í iðnaði og lyfjagerð. Adrenergir viðtakar í hjarta og hjartavöðvafrumum. Rannsóknir á glýkólípíðum. Frekari upplýsingar um rannsóknirnar og ritaskrár starfsmanna má finna á heimasíðu stofunnar og starfsmanna hennar á slóðinni: www.raunvis.hi.is/Lifefnafr/Lifefnafr.html.

Tækjabúnað stofunnar má flokka sem hér segir: Almennur búnaður til hreinvinnslu próteina, svo sem skilvindur og súlугreiningarbúnaður af ýmsu tagi. Mælitæki til rannsókna og greininga á próteinum og ensímum, svo sem litrófsmælur, rafdráttarbúnaður, hvarfahraðamælur, tæki til varmafræðilegra mælinga, flúrljómunarmælur, circular dichroism litrófsmælur, amínósýrugreinir og prótein-raðgreiningartæki. Búnaður til gerlaræktunar og til kjarnsýruvinnu. Efnagreiningasetrið (sjá hér að ofan) er mikilvægur þjónustuaðili við þessar lífefnafræðirannsóknir. Búnaður til gerlaræktunar og til kjarnsýruvinnu. Tæki til

greiningar og rannsókna á smærri sameindum m.a. massagreinar og atómgleypnimælir. Auk þess hafa starfsmenn deildarinnar aðgang að tækjabúnaði efnafræðistofu, til dæmis gasgreiningarbúnaði, rafeindaómunartæki (EPR) og kjarnarófstæki (NMR 400 MHz).

Reiknifræðistofa

Á reiknifræðistofu eru stundaðar rannsóknir í reiknifræði, tölfræði og líkindafræði. Þar starfa að jafnaði tveir sérfræðingar í föstum stöðum og nokkrir verk-efnaráðnir sérfræðingar og aðstoðarmenn. Reiknifræðistofan er einnig rannsóknaveitvangur kennara við stærðfræðiskor Raunvísindadeildar og Verkfræðideildar. Tölfræðimiðstöð Háskóla Íslands sem var stofnuð í fyrra hefur fest sig í sessi sem ráðgefandi aðili við notkun tölfræði við skólann. Við miðstöðina starfa nemendur í framhaldsnámi í tölfræði og langt komnir í BS-námi.

Stóru verkefni um fjölstofnalíkön og beitingu þeirra lauk á árinu. Líkönin voru þróuð í líkangerðarumhverfinu Gadget, sem hefur verið þróað á undanförunum áratug í samvinnu Hafrannsóknastofnunar, Raunvísindastofnunar og fleiri aðila. Þessi líkön, sem innihalda lýsingu á lífkerfinu og hagfræðileg undirlíkön sem lýsa viðbrögðum flotans við mismunandi stjórnkerfum benda til þess að nota megí svæðalokanir með öðrum stjórnkerfum og ná þannig betri árangri við stjórn fiskveiða. Til þess þurfa svæðin sem um ræðir hins vegar að vera mjög stór og svara til friðunar a.m.k. helmings viðkomandi stofns. Unnið var í samvinnu við Björn Birni, prófessor við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og Hafrannsóknastofnun að frekari þróun reiknilíkana við að líkja eftir gönguhegðan loðnu. Lokið var við verkefni um vægismetla fyrir gaussísku fjölkostadreifinguna sem er notuð til að lýsa lengdardreifingu þorska. Unnið var að verkefni um spálíkön fyrir nýtnihlutfall þorskaflla, los í þorskholdi og magn orma í þorski í samvinnu við Verkfræðideild Háskóla Íslands, Mátis og sjávarútvegsfyrirtækin FISK, Vísi, GR og Samherja.

Unnið var að ýmsum verkefnum á sviði reiknigreindar, sér í lagi verkefni í samvinnu við fyrirtækið Marorku um stýringu olúnotkunar skipa með hjálp grákassalíkana og aðferðir við flokkun tímaraða með kjarnaaðferðum. Samstarf er á milli reiknifræðistofu og Automated Scheduling, Optimisation and Planning rannsóknarhóps við háskólann í Nottingham í Englandi á sviði bestunar.

Haldið var áfram samvinnu við Önnu Soffíu Hauksdóttur, prófessor á kerfisverkfræðistofu Verkfræðistofnunar, um hönnun nýrra reiknirita við bestun og líkansmækkun í stýrifræði, sem byggja á lokuðum lausnarformum.

Unnið var að eftirfarandi verkefnum á sviði bayesískrar tölfræði: gerð rennslislykils í samvinnu við Orkustofnun og Verkfræðideild Háskóla Íslands; rúmfræðilegt spálíkan fyrir laggildisdreifingar fyrir hitastig í samvinnu við Biostatistics, MD Anderson Cancer Center, University of Texas, Houston; og tölfræðipróf fyrir samanburð á tengslaójafnvægi milli hópa í samvinnu við deCODE genetics.

Unnið var áfram að rannsóknum á slembimengjum og slembimálum, nú í samvinnu við Günter Last, Karlsruhe-háskóla, Þýskalandi. M.a. var gengið frá grein um grundvallartengsl milli jafnvægisleika og óbreytilegs massaflutnings fyrir slembimál á abelskum grúpum. Þessi tengsl draga saman í heildarmynd ýmsar rannsóknaniðurstöður fyrir strjál d-víð slembimengi, sem birst hafa síðasta áratuginn, og víkka jafnframt sjóndeildarhringinn langt út fyrir slík mengi yfir í mjög almenn slembimál. Þetta leggur grunn að viðamiklum rannsóknum sem ætlunin er að vinna að næstu árin. Þá kom út grein um Palmvensl slembimengja í margvíðri grind í Advances in Applied Probability.

Einnig var unnið að útvíkkun á tengisetningunni um samleitni slembistaka í strjála grannmynstrinu, sem leiðir m.a. til nýrrar og gagnsærrar sönnunar á tengisetningu Skorohods og Dudleys um veika samleitni í þétteljanlegum firðrúmum. Haldnir voru fyrirlestrar um þessi efni víða um lönd. Loks var unnið að annarri útgáfu bókarinnar Coupling, Stationarity, and Regeneration (Springer 2000), sem mun koma út sem flokkur þriggja bóka næsta áratuginn.

Stærðfræðistofa

Stærðfræðistofa er vettvangur rannsókna í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði. Þar störfuðu á árinu 2008 níu fastir kennarar í Raunvísindadeild og sex sérfræðingar. Tveir hinna síðarnefndu sitja í nýdóktorstöðum á vegum Lárusar Thorlacius og Þórðar Jónssonar og eru kostaðar af rannsóknastyrkjum. Við stofuna voru jafnframt sjö stúdentar í rannsóknatengdu námi. Af þeim eru fimm í doktorsnámi og þrír þeirra hlutu styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Viðfangsefni stofunnar spanna margar sérgreinar stærðfræði og stærðfræðilegrar eðlisfræði. Þau helstu eru á sviði algebru og algebrulegrar rúmfræði, tvinnfallagreiningar og fagaðrar rúmfræði, skammtasviðsfræði, strengjafræði, óvixlinnar rúmfræði, diffurrúmfræði, fellagreiningar, ólínulegra hlutafleiðujafna, kvíslunarfræði og netafræði.

Starfsmenn stofunnar birta niðurstöður rannsókna sinna í skýrslum Raunvísindastofnunar sem og í innlendum og alþjóðlegum fagfimaritum. Starfsmenn stofunnar eiga öflugt samstarf á fræðasviðum stofunnar við fólk víða um heim og algengt er að samstarfsmenn erlendis frá dvelji við stofuna til að vinna að sameiginlegum rannsóknaverkefnum. Þess má geta að tveir af starfsmönnum stofunnar, Þórður Jónsson og Lárus Thorlacius, eru þátttakendur í samstarfsnetunum ENRAGE og Forces Universe á vegum Evrópusambandsins. Jafnframt má geta þess að Jón Ingólfur Magnússon og Ragnar Sigurðsson annars vegar og Lárus Thorlacius, Rögnvaldur Möller og Þórður Jónsson hins vegar hlutu styrk úr Jules Verne samstarfsverkefni Frakklands og Íslands á sviði vísinda og tæknirannsókna.

Frekari upplýsingar um starfsfólk stofunnar og rannsóknaverkefni má finna á vefsíðunni www.raunvis.hi.is/Staerdf/Staerdf.html.

Málstofa í stærðfræði hefur verið starfrækt á vegum stofunnar frá árinu 1975. Í málstofunni kynna starfsmenn stofunnar, vísindamenn á skyldum fræðasviðum og erlendir samstarfsmenn rannsóknir sínar eða aðrar nýjungar í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði. Rögnvaldur G. Möller hefur umsjón með málstofunni og birtir tilkynningar varðandi hana í dagbók Háskólans.

Jarðvísindastofnun

Jarðvísindastofnun Háskólans er miðstöð rannsókna í jarðvísindum við Háskóla Íslands. Hún er önnur tveggja sjálfstæðra stofnana Raunvísindastofnunar Háskólans og er til húsa í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskólans. Markmið Jarðvísindastofnunar er að vera metnaðarfull, alþjóðleg rannsóknastofnun á sviði jarðvísinda, sem endurspeglir einstaka jarðfræði Íslands og þá þekkingu í jarðvísindum sem byggst hefur upp á Íslandi. Norræna eldfjallasetrið starfar innan stofnunarinnar að rannsóknum í eldfjallafræði og eflingu rannsóknasamvinnu við Norðurlöndin. Jafnframt er unnið að eflingu annarra alþjóðlegra tengsla. Mikilvægasti liðurinn í norrænni starfsemi eru fimm stöður fyrir unga, norræna vísindamenn sem veittar eru til eins til tveggja ára í senn. Í stjórn stofnunarinnar sitja Árný Erla Sveinbjörnsdóttir (Jarðvísindastofnun), Geoffrey Boulton (Edinborgarháskóla), Ragnar Tornroos (Háskólanum í Helsinki) og Sveinbjörn Björnsson (Orkustofnun). Formaður stjórnar er Stefán Arnórsson (Jarðvísindastofnun).

Í árslok 2008 var heildarfjöldi starfsfólks, kennara og virkra framhaldsnema yfir 90. Þar af voru reglulegir starfsmenn 45, kennarar með rannsóknaraðstöðu 10 og framhaldsnemar rúmlega 40. Sérfræðingar sem stunda sjálfstæðar rannsóknir við stofnunina voru 18, þar af tveir norrænir sérfræðingar, 15 nýdóktorar og verkefnaáðrnir sérfræðingar, 7 tækni- og skrifstofustarfsmenn og 5 norrænir styrkþegar. Doktorsnemar með starfsaðstöðu voru 20 og meistaranemar rúmlega 20. Á árinu útskrifuðust 9 nemendur með MS-próf og 3 með doktorspróf. Ólafur Guðmundsson, fyrrverandi forstöðumaður, hætti störfum við stofnunina 1. ágúst og Erik Sturkell hætti sem norrænn sérfræðingur í árslok. Nýr norrænn sérfræðingur, Morten Riisuuus, hóf störf 1. ágúst. Þá tók Rikke Pedersen við starfi umsjónarmanns Norræna eldfjallasetursins þann 1. nóvember af Freysteini Sigmundssyni.

Þær breytingar urðu á stjórnun stofnunarinnar 1. júlí, að nýkjörinn deildarforseti Jarðvísindadeildar, Magnús Tumi Guðmundsson tók jafnframt við starfi forstöðumanns frá sama tíma. Frá og með septembermánuði vann deildarráð Jarðvísindadeildar með forstöðumanni að stjórn stofnunarinnar. Þessar



新
年
好
运

breytingar eru liður í samþættingu stjórnunar stofnunarinnar og deildarinnar. Samanlögð velta Jarðvísindastofnunar á árinu 2008 nam 495 m.kr. Tekjur til þessarar starfsemi skiptust þannig: (1) fjárveitingar af fjárlögum, 151 m.kr., (2) fjárveiting frá norrænu ráðherranefndinni, 85 m.kr., og (3) ýmsar sértekjur, aðallega frá innlendum og erlendum sjóðum og fyrirtækjum, 259 m.kr. Starfsemi Jarðvísindastofnunar skiptist í sex faghópa: (1) jarðeðlisfræði og eðlisræn jarð- og landfræði, (2) jarðskorpuhreyfingar og skjálftafræði, (3) jökla- og hafísfræði, (4) ísaldarjarðfræði og setlagfræði, (5) berg- og bergefnafræði og (6) jarðefnafræði vatns, veðrun og ummyndun.

Ísaldarjarðfræði og setlagfræði

Rannsóknir innan fagsviðsins beinast að umhverfisbreytingum sem lesa má úr fornum jarðlögum og þeim eðlis-, efna- og líffræðilegu ferlum sem móta yfirborð jarðar á hverjum tíma. Helstu áherslupættir eru jöklabreytingar og jökulrof frá tertíer fram á nútíma, straumvötn og afrennslishættir, vindrof og jarðvegseyðing, framburður til sjávar, setmyndun í stöðuvötnum og í sjó og landmótun við strendur. Sjávarstöðubreytingar sem tengjast jöklabreytingum og höggun Íslands eru einn þáttur þessara rannsókna. Fornumhverfisbreytingar eru sérsvið jarðfræðinnar og til þess að rekja þær er lögð áhersla á jarðlagfræði, fornlíffræði og aldursgreiningu setmyndana og gosmyndana frá tertíer og kvarter. Loftslagsbreytingar eru í brennidepli á þessu rannsóknarsviði og tengsl þeirra við hafstrauma og veðurfar. Gagnasöfn í íslenskum jarðlögum, bæði á landi og í sjó geyma upplýsingar um sögu úthafshryggja, eldvirkni, höggun, þróun setlagadælda og loftslagsbreytingar við Norður-Atlantshaf.

Faghópurinn fæst fyrst og fremst við rannsóknir á loftslagsbreytingum í tíma og rúmi. Leitað er skilnings og þekkingar á sögu hafstrauma, jökla, setlaga, jarðvegs og lífríkis. Áhersla er lögð á tengslin milli búsetu á Íslandi og náttúruvafars. Helstu verkefni og áherslupættir innan þessa ramma eru:

- Rannsóknir á setmyndun jökla með sérstöku tilliti til jöklabreytinga á mismunandi tímakvörðum, allt frá ári til árs og til jökulskeiða og hlýskeiða.
- Rannsóknir á sjávarstöðubreytingum í tengslum við loftslagsbreytingar með sérstöku tilliti til jöklabreytinga.
- Rannsóknir á þýðingu jökla og eldvirkni fyrir ásýnd setlaga.
- Rannsóknir á setmyndun stöðuvatna með tilliti til loftslags- og jöklabreytinga á nútíma.
- Svörun umhverfisþátta í íslenska vistkerfinu við veðurfars- og loftslagsbreytingum, bæði í sjó, landi og stöðuvötnum.
- Breytingar á lífríki í sjó og landi með hliðsjón af loftslagsbreytingum og vaxandi fjarlægð Íslands og einangrun frá meginlöndum austan hafs og vestan. Breytingar á gróðursamfélögum og þróun tegunda frá tertíer fram á okkar daga.
- Breytingar á hafstraumum við Ísland og í Norðurhöfum og þáttur þessara breytinga í varmaflutningi frá suðlægum breiddargráðum til Norður-Evrópu og einnig breytingar á útrás Norður-Íshafsins til suðurs meðfram Grænlandi og Íslandi.
- Útvíkkun gjóskulagatímatalis í jarðvegi og vatnaseti á Íslandi út í hafsbotslög í norðanverðu Norður-Atlantshafi, Norðurhöfum og Norður-Íshafi og tímasetning og tenging á umhverfisgögnum frá hafi, landi og jöklum.

Aðrar rannsóknir fagsviðsins fást við jarðvegseyðingu, sandfok og uppgræðslu, og tengsl búsetu og landsnytja við umhverfisbreytingar á Íslandi. Helstu verkefni þessara þátta eru:

- Athuganir á umhverfisbreytingum sem lesa má úr fornum jarðlögum með hjálp setlagfræði og steingervingafræði. Þær hagnýta sér gjóskulagafræði, jöklabreytingar og rof jökla, vinda, straumvatna og afrennslishátta þeirra.
- Jarðvegsbreytingar, framburður til sjávar og setmyndun í sjó og vötnum, landmótun við strendur og sjávarstöðubreytingar tengdar jöklabreytingum.
- Athugun á setkjörnum í nokkrum stöðuvötnum til að rekja umhverfis- og loftslagsbreytingar allt að 12 þúsund ár aftur í tímann.
- Gróður- og jarðvegsbreytingar í Borgarfirði síðustu 1200 árin.
- Veðrun, rof, gróður, jarðvegur og kolefnisbúskapur á Norðausturlandi.
- Búseta, landsnytjar og umhverfisbreytingar á Vesturlandi.
- Sandfok, jarðvegseyðing og uppgræðsla.
- Áhrif ferðamanna á vistkerfi.

Jarðeðlisfræði og eðlisræn jarð- og landfræði

Innan fagsviðsins starfa jarðeðlis-, jarð- og landfræðingar að rannsóknum í eldfjallafræði, gjóskulagafræði, jarðefnafræði skammlífra samsæta, varma- og vökvafraði jarðefna, fornsegulfræði hrauna, fjarkönnun og landupplýsingum, jarðlagafraði, jarðvegsfræði og frjókornarannsóknum. Stundaðar eru rannsóknir á uppbyggingu Íslands, innri gerð, kvikuferlum til yfirborðs og eldvirkni, orsökum hennar, afleiðingum og áhrifum á umhverfi og samfélag. Starfsemin tengist mjög öðrum fagsviðum, t.d. jöklafræði, ísaldarjarðfræði, berg- og jarðefnafræði og jarðvegs- og fornvistfræði.

Helstu verkefni ársins voru þessi:

- Rannsóknir á uppbyggingu jarðlagastaflans á Íslandi með bergsegulmælingum. Unnið var í Barðastrandarsýslu, í Hvalfirði og á Reykjanesskaga.
- Náttúruvá vegna Kötlu: (a) eftirlit með jöklinum með flugradarmælingum, (b) gjóskulagarannsóknir á stærð og tíðni gosa, (c) rannsóknir á áhrifum hamfara á gróður, jarðveg og mannlíf.
- Hegðun og eðli eldgosa í jöklum, tengsl við ísflæði og tvístrun kviku. Rannsóknir beindust m.a. að Grímsvatnagosinu 2004 í samvinnu við Edinborgarháskóla og háskólann í Wuerzburg, gosmyndunum á Síðu í samvinnu við Vanderbilt-háskóla (USA) og gosmyndunum í Vífilfelli.
- Gossaga eldstöðva undir Vatnajökli samkvæmt gjóskulagarannsóknum, tíðni gosa og þróun kvikunnar á nútíma.
- Gjóskulagaskipan á Norðurlandi og tímasetningar á sjávarseti með gjóskulögum á landgrunninu fyrir Norðurlandi. Þessi vinna tengist jafnframt fjölþjóðlegum verkefnum um fornloftslag.
- Gossaga eldstöðvakerfa, m.a. Vestmannaeyja, Kötlu og Öskju. Rannsókn á einstökum gosum, m.a. Öræfajökulgosi 1362 og Núpahrauni í Vestur-Skaftafellssýslu í samvinnu við Edinborgarháskóla.
- Ítarleg kortlagning gosmyndana á Reykjaneshrygg í samvinnu við háskólann á Havaí. Unnið úr mælingum sem gerðar voru 2007.
- Uppruni, þróun og tilflutningar kviku undir virkum og útkulnuðum megineldstöðvum á Íslandi. Unnið í samstarfi við vísindastofnun Frakklands (CNRS) í Clermont-Ferrand.
- Uppruni súra bergsins á Austfjörðum og á Snæfellsnesi. Tengsl mismunandi kvikuferla við breytilegan hitastigul.
- Jarðvegsrannsóknir til hagnýtingar í náttúru- og mannvistarlandfræði, m.a. rannsókn á þróun landvistkerfa á sögulegum tíma. Þátttaka í þverfaglegu verkefni um valdasambjöppun á þjóðveldistíma í Reykholti og nágrenni.
- Kolefnisbúskapur, gróðurfar og efnaveðrun á mismunandi vatnasviðum landsins og áhrif loftslagsbreytinga á kolefnisbúskap.

Jarðefnafræði vatns, veðrun og ummyndun

Á þessu sviði er unnið að rannsóknum á jarðefnafræði vatns og gufu og efna-skiptum þessara fasa við berg, jarðveg, andrúmsloft, lífrænt efni og lífverur. Sérstök áhersla hefur verið lögð á jarðhitavökva, samsætur vetnis, súrefnis og kolefnis, efnaveðrun og tilraunir með efnaskipti vatns, bergs og lífræns efnis. Norður-Atlantshafið er mikilvægt þegar litið er til heildarhringrásar í heimshöfunum og kolefnisbúskapar jarðar. Rannsóknir á kolefnisupptöku sjávar og áhrif á sjávarlífverur við Ísland eru unnar í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og erlenda aðila.

Helstu verkefni ársins voru þessi:

- Tilraunir með hraða fjöllíðunar á kísli í háhitavatni við 25-90°C.
- Tilraunir til að ákvarða jafnvægisfasta fyrir vötnun þriggils járn og leysni járnnoxíða í vatnslausn við 25-300°C.
- Ritun spesiú- og efnahvarfaforrits fyrir líkanreikninga á jarðefnafræði jarðhitakerfa.
- Gös í háhitakerfum og efnahvörf við berg.
- Rætur háhitavæða, streymi rokgjarnra efna frá kviku í háhitavatni.
- Umhverfisáhrif af nýtingu háhita.
- Uppruni ölkelduvatns og hreyfanleiki umhverfismikilvægra snefilefna í slíku vatni.
- Jarðefnafræði snefilefna í yfirborðs-, grunn- og jarðhitavatni.
- Rannsóknir á efnafræði brennisteins í jarðhitakerfum.
- Útfellingar á kísli á yfirborði baktería í náttúrulegu jarðhitavatni.
- Útfellingar úr jarðhitavatni á Reykjanesi og hreyfanleiki málna í söltu jarðhitavatni.
- Tvívætni og súrefnissamsætur í ummyndunarsteindum á Reykjanesi – þróun jarðhitakerfisins.

- Rannsókn á efnasamsetningu, rennsli og aurburði straumvatna á Suðurlandi, Suðausturlandi, Austurlandi og Norðvesturlandi.
- Athuganir á tengslum efnahvarfa- og aflrænnar veðrunar. Líkanreikningar á aflrænni veðrun á vatnasviðum á Norðausturlandi.
- Áhrif veðurfars á leysnihraða basaltglers á Norðausturlandi.
- Rannsókn á háloftadreifingu efnamengunar frá Heklugosi 2000.
- Binding kolefnis í basalti (www.min-gro.com og www.carbfix.com)
- Tilraunir með hraða upplausnar eldfjallagjósku og hreyfanleika arsens í eldfjallajarðvegi og bergi.
- Samsætur súrefnis, vetnis og kolefnis í úrkomu, sjó, yfirborðsvatni og heitu og köldu grunnvatni.
- Rannsóknir á fornveðurfari með mælingum á súrefnis- og vetnissamsætum í ískjörnum frá Grænlandsjökli.
- Rannsóknir á breyttu efnainnihaldi í borholuvatni frá Húsavík á undan skjálftavirkni.
- Geislakolsaldursgreiningar á vatni og jarð- og fornleifafræðilegum sýnum.
- Samsætugreiningar í djúpvatni frá Reykjanesi.
- Langtímamælingar á koltvíoxíði í sjó við Ísland til að meta svörun hafsins við vaxandi styrk koltvíoxíðs í lofthjúpi jarðar. Mælingarnar eru hluti af Evrópuverkefningu CARBOOCEAN (www.carboocean.org).
- Áhrif vaxandi koltvíoxíðs í lofti á sýrustig sjávar og lífríki þess, einkum kalkmyndandi lífverur. Verkefnið er hluti af Evrópuverkefningu EPOCA (www.epoca-project.eu), unnið í samvinnu við Hafrannsóknastofnun.
- Áhrif ferskvatns á Pólsjó greind með súrefnissamsætum.
- Vistfræðileg áhrif á strandsjó frá ferskvatni sem fellur til sjávar.

Jarðskorpuhreyfingar og jarðskjálftar

Innan fagsviðsins starfa jarðeðlisfræðingar og jarðfræðingar að rannsóknum á innri gerð eldstöðva, á jarðskorpuhreyfingum af ýmsu tagi, t.d. í tengslum við landrek, kvikuhreyfingar í jarðskorpunni og vegna fargbreytinga, á uppruna og uppbyggingu jarðskorpu Íslands og gerð möttulsins undir landinu og umhverfis það. Helstu verkefni ársins:

- Aflfræði og aflögun eldfjalla, rannsakað með GPS-mælingum og bylgjuvixlmælingum (InSAR) og túlkað m.a. með tilliti til kvikuhreyfinga (Bárðarbunga, Grímsvötn, Askja, Hekla, Katla, Eyjafjallajökull, Krafla, Kverkfjöll, Torfajökull og umhverfis Upptyppinga, en þar finnast vísbendingar um kvikuhreyfingar djúpt í jarðskorpunni).
- VOLUME. Fjölbjóðlegt verkefni styrkt af Evrópusambandinu. (Volcanoes: Understanding subsurface mass movements. Combined deformation and seismic study of Katla and Eyjafjallajökull volcanoes.)
- Aflfræðileg svörun jarðar við fargbreytingum. Líkanagerð og mælingar á aflögun jarðar vegna fargbreytinga, t.d. umhverfis Vatnajökul, við hið nýja Háslón og á hálendi Íslands þar sem snjóferging leiðir til árstíðasveiflu í jarðskorpuhreyfingum. Meðal annars var stuðst við ÍSNET, viðmiðunarnet Landmælinga Íslands.
- Aflögun umhverfis flekaskilin á Reykjaneskaga var mæld með GPS og borin saman við skjálftavirkni. Fylgst var með eftirhreyfingum eftir Suðurlandsskjálftana árið 2000.
- Jarðskjálftarnir í Ölfusi í maí 2008 gáfu tilefni til margvíslegra rannsókna, m.a. voru mældar jarðskorpuhreyfingar og eftirskjálftar og gerðar athuganir á yfirborðssprungum og áhrifum skjálftanna.
- Samfelldar GPS-mælingar. Fjölbjóðlegt samstarfsverkefni styrkt af innlendum og erlendum aðilum. Settar voru upp nokkrar nýjar samfelldar GPS-stöðvar víðs vegar um landið.
- Tengsl jarðhita við bergsprungur voru rannsökuð í samvinnu við Ísor og Orkustofnun.
- Sprungusveimar eldstöðvakerfa í norðurgosbeltinu og tengsl þeirra við jarðskorpuhreyfingar og jarðskjálfta voru rannsökuð, einkum með tilliti til aukinnar virkni við Upptyppinga og umhverfis Öskju.
- Skjálftamælingar. Áfram var rekið hálendisnet skjálftamæla í samvinnu við Landsvirkjun. Net skjálftamæla var rekið umhverfis Öskju í samvinnu við Háskólann í Cambridge. Skjálftamælingar voru einnig gerðar á Hellsheiði og Reykjanesi til að hlusta eftir jarðsuði og smáskjálftum á jarðhitasvæðum.
- Radon. Haldið hefur verið áfram þróun tækja til samfelldra mælinga á radongasi á skjálftasvæði Suðurlands í samvinnu við eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans.
- Tjörnesbrotabelti, Kolbeinseyjarhryggur og Íslandsgrunn. Unnið var við

túlkun á fjölgeisla- og endurkastsmælingum frá hafsvæðinu fyrir norðan og austan land.

- Jarðskorpan og möttullinn undir Íslandi og Norður-Atlantshafi. Flæði skorpu og möttulefnis var áætlað út frá stefnuhneigð bylgjuhraða. Þykktardreifing jarðskorpunnar var könnuð. Yfirborðsbylgjur voru notaðar til að kanna mislæga uppbyggingu og ástand jarðskorpunnar. Hiti og kvikuhlutfall var áætlað fyrir möttulinn undir Íslandi og Norður-Atlantshafi.

Berg- og bergefnafræði

Berg- og bergefnafræði fjallar um myndun kviku (bergbráðar) í iðrum jarðar og hvernig kvikan breytist síðan á leið sinni til yfirborðs. Í því ferli kólnar kvikan og byrjar að kristallast og efnaskipti verða við grannbergið í gosrásinni. Niðurstaða þessa eru mjög breytilegar berggerðir storkubergs. Til skilnings á þessum ferlum er dreifing berggerða kortlögð og sýni skoðuð í smásjá og gerðar efnagreiningar þar sem greind eru aðalefni, snefilefni og samsætuhlutföll. Bergsýni eru brædd undir mismunandi þrýstingi til að líkja eftir náttúrulegum aðstæðum í kvikufertinu.

Meðal rannsóknarverkefna ársins má telja:

- Glerinnlyksur í kristöllum eru storknaðir dropar bergkvikunnar sem kristallarnir uxu úr djúpt í jörðu og geta veitt einstæða innsýn í þróun bráða frá allt að 100 km dýpi til yfirborðs. Fram var haldið rannsóknum á innlyksum í krómspínli og ólivíni úr ýmsum pikrít-myndunum í íslensku rekbeltunum.
- Greiningar reikulla efna í glerinnlyksum úr jafnvægiskristöllum bergkviku miða að magnbundinni greiningu þeirra efna, sem mynda gosmökk og hafa marktæk áhrif á eiginleika kvikunnar, svo sem bræðslumark, jafnvægi kristalla og seigju.
- Samsætugreiningar í bergi skilgreina upphafsefni bergs, sem er forsenda þess að greina á milli áhrifa eðlisefnafræðilegra ferla (kristöllun, diffrun, hlutbráðnun) og einkenna, sem rekja má til breytilegs upphafsefnis í jarðmöttlinum.
- Svæðabergfræði og jarðefnafræði stórra eldstöðva leitar skilnings á samspili flekamóta, lóðréttra skorpuhreyfinga og eldvirkni. Eitt rannsóknasviðið er margþættur uppruni stórra basalteininga (dyngjur – sprungugos) og annað eru mismunandi einingar einstakra eldstöðvakerfa. Núverandi verkefni snerta Trölladyngju, Vaðöldu, Þeistareyki, Þjórsárhraun, Kverkfjöll, Kröflu og Óskju.
- Ískjarnar úr Grænlandsísnum geyma merki um eldgos, sérstaklega á Íslandi. Merkin eru bæði súr árlög vegna þéttingar á gosgufum og öskukorn. Með efnagreiningu öskunnar má rekja hana til einstakra eldstöðva, jafnvel ákveðinna eldgosa.
- Bergfræði hnyðlinga úr jarðskorpunni og frá mótum skorpu og möttuls gefur upplýsingar um myndun og gerð skorpunnar. Steindasamsetning hnyðlinga leiðir í ljós að þeir eru brot úr djúpbergi af margvíslegum uppruna sem hefur myndast við hlutkristöllun á leið bergkviku til yfirborðs.
- Óljós mót skorpu og möttuls eru gerð úr misleitu efni sem svarar til fyrstu frumsteinda frumstæðrar basaltkviku. Hnyðlingar mótsvara því ekki neinni kvikusamsetningu, t.d. gabbróinnskotum skorpunnar. Hnyðlingar eru mikilvægir fyrir samanburð hljóðhraðalíkana og bergsamsetningar við mismunandi hita og þrýsting.
- Þegar grunnvatn streymir um jarðlög hitnar vatnið við snertingu við bergið og breytist í jarðhitavatn og jafnframt hefjast umfangsmiklir efnaflutningar – fyrst þegar vatnið leysir upp bergið og svo þegar efni falla aftur út úr vatninu og fylla sprungur og holur. Til þess að fylgjast með þessum efnaflutningum hafa Strontíum-samsætur gefið mikilvægar upplýsingar og er nú unnið að því að mæla slíkar samsætur í vatni og myndbreyttu bergi á háhitasvæðum.

Jökla- og hafísrannsóknir

Starfið beinist að rannsóknum á jöklum Íslands, stærð þeirra, lögum, afkomu, hreyfingu og afrennsli jökulvatns. Unnið er að gerð korta af yfirborði og botni jöklanna, mælingum á ísflæði, afkomu og orkubúskap jökla, rennsli vatns um þá, vatnsforða sem bundinn er í þeim og mat á hættu sem stafar af jöklum vegna jökulhlaupa frá jaðarlónum og lónum á jarðhitasvæðum undir jökli eða við eldgos undir ís. Einnig er unnið að gerð reiknilíkana af afkomu, hreyfingu og viðbrögðum jökla við loftslagsbreytingum ásamt umfangi og útbreiðslu hafíss við landið. Helstu verkefni ársins voru:

- Mælingar á afkomu, hreyfingu, yfirborðshæð og veðurþáttum á fjölmörgum stöðum og sniðum á Vatnajökli og Langjökli.
- Könnuð var útbreiðsla skriðjökla frá suðaustanverðum Vatnajökli undir lok litlu ísaldar (um 1890) með kortlagningu á legu jökulurða og ummerkja í fjallshlíðum ofan núverandi jökla; doktorsverkefni Hrafnhildar Hannesdóttur.
- Endurbætt voru hæðarlíkön af botni og yfirborði Skeiðarárjökuls og Breiðamerkurjökuls og unnið að gerð botnhæðarlíkana jökla sem skriða niður á Mýrar í Austur-Skaftafellssýslu.
- Unnið var að samantekt gagna um endurkast frá öskulögum í íssjarmælisniðum sem safnað hefur verið sl. 25 ár. Hafin var vinna við að nýta þau gögn við ísflæðilíkön.
- Unnið var að öflun gagna og gerð hæðarlíkana af yfirborði jökla og hraðasviði með fjarkönnunargögnum úr gervitunglum (ratsjarmyndum frá ERS1/ERS2 og TerraSAR og ljósmyndum frá SPOT5, ASTER, LANDSAT, PRISM-skyngjara í ALOS og Formosat-2); m. a. myndaraðir af Tungnaár-, Skeiðarár- og Breiðamerkurjökli.
- Unnin voru hæðarlíkön fyrir árið 2004 eftir SPOT5-myndpörum af Eyjafjallajökli, Tindfjallajökli, Torfajökli, Mýrdalsjökli, Hofsjökli og hluta af Vatnajökli. Enn fremur af Skeiðarárjökli (frá ~1996) með bylgjuvíxlmyndum frá ERS1/ERS2. Unnið var að leysihæðarmælingum úr flugvél og gerð yfirborðshæðarlíkana af Snæfellsjökli, Eiríksjökli og um 80% Hofsjökuls, í samvinnu við Vatnamælingar Orkustofnunar og Veðurstofna.
- Afkoma Eyjafjalla-, Torfa- og Tindfjallajökuls síðustu þrjú ártugi, Mýrdalsjökuls síðasta áratug og Langjökuls frá 1937 fram til ársins 2007 var metin með samanburði hæðarlíkana sem m. a. voru unnin eftir gervitunglagögnum.
- Afkoma og jöklabreytingar á Breiðamerkurjökli voru kannaðar vegna mats á landrasi á Breiðamerkursandi.
- Vatnsstaða var skráð samfelt í Grímsvötnum og Grímsvatnahlaup könnuð. Yfirborðshæð og skriðhraði íss inn að Grímsvötnum var mældur. Eiginleikar vatnsfarvega undir Skeiðarárjökli voru kannaðir með gögnum um botn, yfirborð, fjölda mynda af hreyfisviði jökulsins (frá gervitunglamælingum) og samfelldum GPS-mælingum á hreyfingu. Unnið var að mati á breytingum vatnsfarvega framan við eystri hluta Skeiðarárjökuls.
- Könnuð voru áhrif vatnsstreymis við jökulbotn á botnskrið Skeiðarárjökuls með bylgjuvíxlögögnum frá ERS1/ERS2-tunglum og GPS-mælingum: í jökulhlaupum, við stórrigningar og mikla leysingu.
- Unnið var að líkanagerð af afkomu og ísflæði Vatnajökuls, Hofsjökuls og Langjökuls og mati á viðbrögðum þeirra og afrennsli við breytt veðurfar. Niðurstöður voru bornar saman við afkomumælingar og rúmmálsbreytingar út frá hæðarlíkönnum. Líkanareikningar voru gerðir af orkubúskap Vatnajökuls og Langjökuls og gráðudagalíkön gerð af sumarleysingu. Unnið var að þróun reiknilíkans sem lýsir vatnsþrýstingi og rennsli vatns við jökulbotn.
- Unnið var að þróun aðferða til auðkenna stefnuhneigð jökulíss og framsetningu slíkra gagna. Einnig var unnið að þróun á aðferðum til að nýta mælingar á hljóðbylgjuhraða til að meta styrk stefnuhneigðar.
- Að frumkvæði forseta Íslands var hafið samstarf við indverska og bandaríska vísindamenn um mat á afkomu og svörun nokkurra skriðjökla í indverska hluta Himalajafjalla við loftslagsbreytingum.
- Rauntímaeftirlit og kortlagning á hafisútbreiðslu á Norður-Atlantshafi með gervitunglamyndum (MODIS, ENVISAT og Quicksat) og landupplýsingakerfum. Kortin voru birt í rauntíma á vefsíðu stofnunarinnar og send sjófarendum beint til gæðaprófunar. Gervitunglamyndir voru notaðar til að fylgjast með reki tuga hafisfleka suður Grænlandssund. Fjarkönnunargögn (MODIS og ENVISAT) gagnast einnig við rannsóknir á þörungablóma, yfirborðshita sjávar og olíumengun á hafi.
- Safnað var upplýsingum um hafisútbreiðslu fyrri tíma úr ýmsum sögulegum gögnum, svo sem leiðabókum skipa, dagbókum bænda, dagblöðum og ýmsum skýrslum. Jafnframt voru áhrif hafíss á samfélag og náttúru könnuð sérstaklega og tengsl við veðurfarsbreytingar.

Útskrifaðir doktorar og meistarar

Þrjú doktorsnemar luku doktorsprófi á árinu:

- Niels Giroud, Ph.D. í jarðefnafræði við Háskóla Íslands.
- Marin I. Kardjilov, Ph.D. í landfræði við Háskóla Íslands.

- Eyjólfur Magnússon, Ph.D. í jöklafræði við Innsbruck-háskóla í Austurríki.

Útskrifaðir meistaranemar voru:

- Jarðfræði: Gonaz Naimy, Ingibjörg Snædal Guðmundsdóttir og Mahnaz Rezvanikhalilabad.
- Jarðeðlisfræði: Ásta Rut Hjartardóttir og Benedikt G. Ófeigsson.
- Umhverfis- og auðlindafræði: Maren Davíðsdóttir og Sigríður Guðmund Ólafsdóttir.
- Landfræði: Anna Lilja Oddsdóttir.

Alþjóðþing IAVCEI 17.-22. ágúst

Alþjóðlegt þing eldfjallafræðinga, IAVCEI General Assembly 2008 (IAVCEI: International Association of Volcanology and Chemistry of the Earth's Interior), var haldin í húsaálfur Háskóla Íslands 17.-22. ágúst 2008. Ráðstefnan var að mestu skipulögð af nefnd innlendra jarðvísindamanna. Stuðningur kom frá utanríkisráðuneytinu og nokkrum innlendum stofnunum og fyrirtækjum. Yfir 900 vísindamenn frá 49 löndum sóttu ráðstefnuna og er hún með þeim stærstu sem haldnar hafa verið hérlandis. Flutt voru 640 erindi í allt að 10 samhliða setum og 598 veggspjöld voru kynnt. Auk skemmrí kynningarferða gafst ráðstefnugestum kostur á níu mismunandi 3-4 daga vísindaferðum um landið og tóku 30-40 vísindamenn þátt í hverri ferð. Æðsta viðurkenning IAVCEI fyrir framúrskarandi rannsóknir í eldfjallafræði, THORARINSSON ORÐAN, var veitt R.S.J. Sparks frá Háskólanum í Bristol. Formaður undirbúningsnefndar var Ármann Höskuldsson og formaður vísindanefndar var Ólafur Guðmundsson, báðir starfsmenn Jarðvísindastofnunar. Meginþinginn af framkvæmd ráðstefnunnar hvíldi á starfslíði Jarðvísindastofnunar með dyggri aðstoð framhaldsnema í Jarðvísindadeild.

Samstarf, útgáfa og kynning

Mörg verkefni Jarðvísindastofnunar eru unnin í samvinnu við ýmsar rannsókn- og þjónustustofnanir eins og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, Flugmálastjórn, Hafrannsóknastofnun, Jöklarannsóknafélag Íslands, Landhelgisgæsluna, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun, Vatnamælingar, Íslenskar orkurannsóknir, Orkuveitu Reykjavíkur, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðina, Hitaveitu Suðurnesja, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST) og rannsóknastofnanir í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan.

Starfsmenn birtu 66 greinar í ISI-tímaritum á árinu 2007 og nokkrar aðrar greinar á alþjóðlegum vettvangi auk skýrsla, greina á íslensku og ráðstefnukynninga. Þá héldu starfsmenn og framhaldsnemar fjölda erinda og veggspjaldakynninga á alþjóðlegum ráðstefnum. Nánari upplýsingar um verkefni og ritaskrár starfsmanna Jarðvísindastofnunar má finna á vef stofnunarinnar: www.jardvis.hi.is. Jarðvísindastofnun og Norræna eldfjallasetrið gangast fyrir vikulegum erindum um rannsóknir í jarðvísindum. Folda, félag framhaldsnema í jarðvísindum og landfræði, skipuleggur einnig áhugaverða erindaröð. Dagskrá beggja erindaraða er auglýst á vefsíðum stofnunarinnar.

Rannsóknastofa í matvælaefnafræði

Almennt

Fjöldi starfsmanna á rannsóknastofu í matvælaefnafræði í Læknagarði er breytilegur frá ári til árs og er háður rannsóknarstyrkjum. Nú starfa þar eftirtaldir: Ágústa Guðmundsdóttir prófessor og forstöðumaður, Bjarki Stefánsson sérfræðingur, Hólmfríður Sveinsdóttir doktorsnemi og Una Björk Jóhannsdóttir meistara-nemi. Rannsóknaverkefni eru unnin í samstarfi við Jón Braga Bjarnason prófessor og vísindamenn í Bandaríkjunum og Bretlandi. Rannsóknastofan hefur samstarf við fjölda innlendra og erlendra háskóla og rannsóknastofnanir. Hólmfríður Sveinsdóttir vinnur að rannsóknum á mikilvægi trypsína og annarra próteina í hrognum og lifrum þorsks. Una Björk Jóhannsdóttir vinnur að rannsókn-um á áhrifum þorskatrypsíns á niðurbrot cytokína og annarra próteina sem tengjast ónæmisviðbrögðum og bólgumyndun.

Kynningarstarfsemi

Nokkrar vísindagreinar birtust í erlendum tímaritum og bókarköflum. Einnig voru rannsóknirnar kynntar með fyrirlestrum og veggspjaldakynningum á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum. Nánari upplýsingar um rannsóknastofu í matvælaefnafræði má finna á: www.lifvisindi.hi.is/page/Agusta.

Brautskráðir stúdentar í Raunvísindadeild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Stærðfræði BS	9	4	13	17	2	19	14	6	20
Stærðfræði M.Paed.	1	0	1						
Stærðfræði MS	1	0	1	1	0	1			
Eðlisfræði BS	6	1	7	9	3	12	6	2	8
Jarðeðlisfræði BS	0	1	1	1	2	3	1	0	1
Hátæknieðlisfræði BS				5	0	5	0	1	1
Eðlisfræði 4. ár				1	0	1			
Eðlisfræði MS	2	1	3	2	0	2	1	0	1
Eðlisfræði M.Paed.							0	1	1
Jarðeðlisfræði MS	2	1	3	1	0	1	1	1	2
Jarðeðlisfræði doktorspróf	0	1	1	1	0	1			
Stjarneðlisfræði MS				1	0	1			
Eðlisfræði doktorspróf	1	0	1						
Efnafræði BS	3	5	8	1	1	2	5	4	9
Efnafræði MS	1	2	3	1	0	1	3	2	5
Efnafræði 4. ár				0	1	1			
Efnafræði doktorspróf							1	0	1
Lífefnafræði BS	9	9	18	9	4	13	3	4	7
Lífefnafræði MS	0	2	2	0	1	1	2	0	2
Líffræði BS	15	24	39	11	21	32	5	23	28
Líffræði 4. ár	1	1	2	0	3	3	1	0	1
Líffræði MS	2	3	5	6	6	12	3	10	13
Líffræði M.Paed.				0	1	1			
Líffræði doktorspróf				0	1	1	3	0	3
Sjávarútvegsfræði MS									
Jarðfræði BS	5	5	10	8	4	12	8	3	11
Jarðfræði 4. ár									
Jarðfræði MS	1	1	2	2	4	6	0	3	3
Jarðfræði M.Paed.									
Jarðfræði doktorspróf				1	0	1	1	0	1
Landfræði BS	6	6	12	4	8	12	2	6	8
Landfræði MS	0	1	1	1	0	1	0	1	1
Landfræði doktorspróf							1	0	1
Umhverfisfræði MS	2	0	2	0	2	2	0	3	3
Umhverfis- og auðlindafræði MS				1	0	1	0	4	4
Ferðamálafræði diplóma	0	1	1	0	1	1			
Ferðamálafræði BS	3	31	34	1	25	26	10	35	45
Ferðamálafræði MS							0	1	1
Matvælafræði BS	1	3	4	1	2	3	2	3	5
Matvælafræði MS	0	1	1	2	0	2	1	1	2
Matvælafræði doktorspróf	0	1	1						
Næringarfræði MS	0	1	1	1	6	7	0	6	6
Næringarfræði doktorspróf	0	1	1						
Samtals	71	107	178	89	98	187	74	120	194

Fjárveitingar og útgjöld Raunvísindadeildar 2006-2008 (þús. kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	678.558	751.904	785.676
Fjárveiting	653.077	740.207	846.179

Tannlæknadeild og stofnanir hennar

Almennt yfirlit og stjórn

Inga B. Árnadóttir hefur setið sem forseti Tannlæknadeildar frá 1. maí 2006 og á árinu tók Peter Holbrook prófessor við sem varadeildarforseti. Fastráðnir kennarar eru tveir prófessorar, sex dósentar og átta lektorar í tæplega 13 stöðugildum auk nokkurra stundakennara. Við deildina starfar deildarstjóri á skrifstofu, tanntæknir sem deildarstjóri á aðgerðarstofum ásamt fjórum tanntæknum og tannsmíðameistara í rúmlega fimm stöðugildum.

Umsókn Háskóla Íslands um viðurkenningu á Heilbrigðisvísindasviði var send menntamálaráðuneytinu haustið 2007 og heimsóttu erlendir úttektaraðilar deildina þá um haustið. Á vormánuðum 2008 veitti menntamálaráðherra viðurkenninguna og kom Tannlæknadeild sérstaklega vel út úr þessari úttekt.

Helgi Magnússon lektor hætti störfum við deildina eftir áralangt starf og einnig Gunnar Jón Árnason tækjavörður, Guðrún Jónína Sigurpálsdóttir tanntæknir, Hrafnhildur Baldursdóttir tanntæknir, Jóhanna Oddgeirsdóttir fulltrúi og Lyanne Ridderhof tanntæknir.

Rannsóknir

Hluti af rannsóknastarfsemi Tannlæknadeildar er þátttaka 6. árs tannlæknanema í árlegri keppni, Dentsply-keppninni, sem fram fer í Kaupmannahöfn. Þar koma saman nemendur frá tannlæknaháskólum í Norður-Evrópu og kynna rannsóknarverkefni sín. Árið 2008 vann Tannlæknadeild Háskóla Íslands keppnina með verkefnið Dental erosion and soft drinks.

Tannlæknadeild hefur rannsóknasamstarf við Lýðheilsustöð, tannlæknadeildina í Indiana og tannlæknadeildina í Dundee með úrvinnslu á gögnum úr MUNNÍS og rannsóknasamstarf um glerungseyðingu við tannlæknadeildina í Manchester. Einnig er Tannlæknadeild í samstarfi við tannlæknadeild Bernarháskóla og háskólann í Zürich í Sviss um klínískar rannsóknir á tannplöntum o.fl. Einnig er rannsóknarsamstarf við Prince Philip Dental Hospital í Hong Kong í implöntum. Um kennslumál er fjallað í skýrslu deildarinnar undir kaflanum fræðasvið.

Tannlækningastofnun

Tannlækningastofnun var komið á fót með reglugerð Háskólaráðs nr. 125/1997, en starfar nú samkvæmt nýrri reglugerð nr. 734/2001. Í reglunum segir að Tannlækningastofnun sé vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun sem starfrækt sé af Háskóla Íslands og að hún heyri undir Tannlæknadeild og sé vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum tannlækninga.

Tannlækningastofnun hefur sótt til fjármálanefndar háskólaráðs um fjárveitingar til rannsókna, en án árangurs og því hafa tekjur hennar takmarkast frá upphafi við selda þjónustu og tekjur af námskeiðum og fyrirlesturum. Tannlækningastofnun hefur því ekki haft bolmagn til að veita verulegu fé til rannsókna eða tækjakaupa, en hefur fremur beint kröftum sínum að fræðslu, endurmenntun og faglegri ráðgjöf við opinbera aðila.

Stjórn Tannlækningastofnunar var endurkosin á deildarfundi til þriggja ára frá 1.7.2007 og skipa hana eftirtalin: Teitur Jónsson, formaður, Björn Ragnarsson, Karl Örn Karlsson og Sigurður Örn Eiríksson, allir lektorar við Tannlæknadeild. Fulltrúi nemenda á vormisseri 2008 var Heiðís Halldórsdóttir og á haustmisseri 2008 Stefán Pálmason.

Rekstrarnámskeiðið sem verið hefur drýgsta tekjulind Tannlækningastofnunar var fyrirhugað í október 2008, en þegar kreppan skall á brustu allar forsendur og óhjákvæmilegt reyndist að fresta því um óákveðinn tíma. Ráðgert er að halda áfram samvinnu við Kaupþing og Tannlæknafélag Íslands og halda námskeiðið með svipuðum hætti síðar. Stjórn Tannlækningastofnunar setti sér á árinu 2007 reglur um endurgreiðslu rannsóknakostnaðar. Meginefni þeirra er að hverjum kennara verði endurgreiddar árlega allt að kr. 100.000 vegna útlagðs kostnaðar samkvæmt rannsóknareikningi. Endurgreiðsla vegna 2007 hefur farið fram og

nam hún alls kr. 351.726 til sjö kennara. Tekjur lækka milli ára vegna frestunar á rekstrarnámskeiðinu. Einnig lækka tekjur vegna þess að hluti verkefna sem unnin eru fyrir LSH fellur nú undir fastráðningarsamning. Tvö verkefni fyrir landlækni voru óuppgerð um áramót og önnur tvö í vinnslu.

Tannlæknastofnun hélt í samvinnu við Verkjafræðafélag Íslands og Pfizer málstofu með yfirskriftinni Konur og verkir – kynbundinn verkjamunur á Háskólatorgi 5.4.2008. Fyrirlesarar voru tveir heimsþekktir verkjasérfræðingar frá Bandaríkjunum, William Maixner, University of North Carolina, Chapel Hill, North Carolina, og Roger C. Fillingim, University of Florida, Gainesville.

Einnig voru haldnir fyrirlestrar í samkenndu 4.-6. árs tannlæknanema á vormisseri 2008 sem voru nýttir sem endurmenntunartilboð fyrir tannlækna.

Þann 6.12.2008 var haldinn vetrarfundur Tannlækingastofnunar um rannsóknir í tannlæknisfræði þar sem kynnt voru 15 rannsóknarverkefni.

Brautskráðir stúdentar í Tannlæknadeild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Tannlækningar kandidatspróf	2	2	4	4	4	8	2	4	6
Tannlæknisfræði MS	1	0	1						
Tannlækningar doktorspróf									
Samtals	3	2	5	4	4	8	2	4	6

Fjárveitingar og útgjöld Tannlæknadeildar 2006-2008 (þús.kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	97.592	119.039	113.688
Fjárveiting	97.631	104.049	113.132

Verkfræðideild og stofnanir hennar

Nýtt skipulag Háskóla Íslands tók gildi 1. júlí 2008 og rann þá Verkfræðideild saman við Raunvísindadeild í Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Hér á eftir verður stiklað á því stærsta í mannahaldi og starfsemi Verkfræðideildar vormisserið 2008.

Stjórn deildar

Deildarforseti var Ebba Þóra Hvannberg og Bjarni Bessason var varadeildarforseti. Skorarformennsku gegndu þeir Sigurður Magnús Garðarsson í umhverfis- og byggingarverkfræðiskor, Fjóla Jónsdóttir í véla- og iðnaðarverkfræðiskor, Jón Tómas Guðmundsson í rafmagns- og tölvuverkfræðiskor og Kristján Jónasson í tölvunarfræðiskor.

Starfslíð á skrifstofu og verkstæðum Verkfræðideildar voru þau Edda Friðgeirsdóttir, verkefnastjóri fjármála, Erna Sigurðardóttir, verkefnastjóri kynningarmála, Guðrún Helga Agnarsdóttir, verkefnastjóri kennslumála (20% starf), Halldóra S. Ásgeirsdóttir, fulltrúi (50% starf) í afleysingum fyrir Hlín Eyglóardóttur sem var í barnsburðarleyfi fram í apríl, Pálmi Jóhannesson, skrifstofustjóri, Steinþór Björgvinsson, tækjavörður, og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, tækjavörður.

Annars staðar í þessu riti verður fjallað um breytingar á kennaraliði en ánægju vakti að í tengslum við viðbótarfjarveitingu vegna rannsókna fengust þrjú ný störf: í merkjafræði, orkumálum og lífupplýsingatækni með áherslu á kerfislífræði og voru þau auglýst á árinu. Að síðarnefndu störfunum tveimur koma annars vegar Raunvísindadeild og hins vegar Læknadeild. Þá er vert að vekja athygli á að verkfræðifyrirtækið Línuhönnun gerði samning við Verkfræðideild um kostun 37% dósents í mannvirkjahönnun. Baldvin Einarsson var ráðinn í starfið.

Gestakennarar

Samningar voru gerðir við eftirfarandi gesta- eða rannsóknakennara á árinu: Bernhard Pálsson frá Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, Ingvar Birgi Friðleifsson, Jarðhitaskóla Sameinuðu Þjóðanna, Halldór Ármannsson, ISOR, John Douglas, rannsóknaprófessor í eitt ár 2009-2010, með aðstöðu á Jarðskjálftamiðstöðinni á Selfossi, kostað af Landsvirkjun, og Athol J. Carr, sem gestaprófessor í jarðskjálftaverkfræði.

Húsnæði

Horfur voru allgóðar á að deildin gæti flust með mestalla starfsemi sína í þekkingarþorpið í Vatnsmýri innan þriggja ára en forsendur breyttust með fjármálahruninu í október. Húsakostur deildarinnar hélst óbreyttur og er mikill hörgull á skrifstofum fyrir nýja kennara.

Nemendur og kennsla

Á vormisseri var tekið upp nýtt fyrirkomulag kennslu í Verkfræðideild. Kennsla var áður í þremur 2 x 40 mínútna blokkum. Nú voru í staðinn teknar upp tvær blokkir, 2 x 40 mínútur og 3 x 40 mínútur. Með þessu fyrirkomulagi er dregið úr viðveru stúdenta, sem á að gefa þeim rýmri tíma fyrir sjálfsnám. Dæmatímar færast þar af leiðandi á morgnana í sumum námskeiðum og fyrirlestrar í öðrum flytjast aftur fyrir hádegi. Almennt ríkti sátt um þetta nýja fyrirkomulag.

Eins og oft áður urðu miklar umræður um þjónustukennslu í stærðfræði- og eðlisfræðinámskeiðum og voru ræddar hugmyndir um að Verkfræðideild tæki kennslu í þessum greinum til sín. Eðlisfræði- og stærðfræðiskorir skipuðu nefndir um þjónustukennsluna með þátttöku fulltrúa Verkfræðideildar.

Sjúkra- og upptökupróf haustmisseris voru öðru sinni haldin í janúar og sjúkra- og upptökupróf vormisseris voru haldin í júní í fyrsta skipti og virðast bæði kennarar og stúdentar ánægðir með að halda prófin á þessum tíma en öll sjúkra- og upptökupróf voru áður haldin upp úr miðjum ágúst.

Samkomulag náðist við Náms- og starfsráðgjöf Háskólans um að Jónína Kárdal námsráðgjafi hefði vikulegan viðtalstíma í VR-II. Hún hefur sinnt Verkfræðideild og Raunvísindadeild sérstaklega og er þetta aukin og vel þegin þjónusta við stúdentana.

Erlend samskipti

Tveir erlendir kennarar hófu störf við deildina 1. júní 2008: Klaus Marius Hansen, prófessor í tölvunarfræði, og Helmut Neukirchen, lektor í tölvunarfræði.

Níu erlendir skiptinemar komu til náms við deildina vorið 2008 og 14 verkfræðistúdentar fóru utan til skiptináms. Þá áttu þrír nemendur í grunnnámi þess kost að fara í skiptinámi á sumarnámskeið við CalTech háskólann í Kaliforníu. Kennarar deildarinnar hafa í stórauðnum mæli sótt um erlenda styrki og hreppti nýstofnað rannsóknasetur í kerfislífræði 2,5 milljón evra styrk en Verkfræðideild á aðild að setrinu, ásamt Læknadeild og Raunvísindadeild.

Innlend samskipti

Deildin á í samstarfi við fjölda fyrirtækja og stofnana. Orkuskólinn REYST, í samstarfi Háskóla Íslands, HR og Orkuveitu Reykjavíkur, var settur á stofn á árinu. Þá jókst samstarfið við menntasetrið Keili á Reykjanesi og skipaði deildin á árinu fulltrúa í fagråd um frumkvöðlanám.

Doktorspróf

Á árinu barst formleg viðurkenning menntamálaráðuneytisins á doktorsnámi í Verkfræði. Verkfræðideild hefur nú brautskráð samtals átta nemendur með doktorspróf í verkfræði. Þar af brautskráði hún hvorki fleiri né færri en fimm árið 2008. Lista yfir doktorana og verkefni þeirra er að finna annars staðar í þessu riti. Einn þessara nemenda, Mathieu Fauvel, lauk sameiginlegri doktorsgráðu við Háskóla Íslands og INPG í Grenoble í Frakklandi. Þá var gerður samningur við háskólann í Trento á Ítalíu um sameiginlega doktorsgráðu Mauros dalla Mura. Á háskólahátíð 25. október 2008 var Søren Langvad sæmdur heiðursdoktorsnafnbót í verkfræði fyrir framlag sitt til verkfræði og framkvæmdasögu á Íslandi.

Opinberir fyrirlestrar við deildina

Á vormisseri 2008 stóð Verkfræðideild fyrir fyrirlestraröð undir yfirskriftinni „Verkfræðin í heimi framtíðarinnar“ þar sem sérfræðingar á ýmsum sviðum héldu erindi um þróun verkfræðinnar. Fundaröðinni var skipt upp í nokkur þemu og eru fyrirlesarar og fyrirlestrar taldir upp hér fyrir neðan.

- Steve Eppinger prófessor við MIT: Framtíð verkfræðimenntunar.
- Ebba Þóra Hvannberg, forseti Verkfræðideildar Háskóla Íslands: Þróun verkfræði á Íslandi í seinni tíð, um úttektir á Verkfræðideild Háskóla Íslands.
- Logi Kristjánsson, framkvæmdastjóri VFÍ/TFÍ: Þróun fjölda verkfræðinga eftir greinum – og námslöndum.
- Helgi Þór Ingason, dósent í iðnaðarverkfræði: Stefnumótunarvinna Verkfræðideildar undanfarin ár.
- Berit Svendsen, varaforseti Telenor Norway : The Future of Telecom – Technologies/Trends.
- Grétar Tryggvason, prófessor og forseti vélaverkfræðideildar Worcester Polytechnic Engineering: Educating Engineers for the New Century – Challenges and Opportunities.
- Bernhard Pálsson, prófessor við kerfislífræðideild Kaliforníuháskóla í San Diego og gestaprófessor við Háskóla Íslands: Kerfislífræði: Snertipunktur líf-, læknis- og verkfræði.
- Hákon Guðbjartsson, framkvæmdastjóri upplýsingatækisviðs DeCode og rannsóknardósent við Háskóla Íslands: Erfðarannsóknir frá mönnum til manns.
- Mauri Johannes Airila, prófessor við Tækniháskólann í Helsinki University (TKK): A New University Concept for Helsinki Metropolitan Area (“Innovation University”).
- Kristinn Andersen, rannsóknarstjóri Marels: Skýrslan Framtíðarsýn 2020.
- Jón Atli Benediktsson, þróunarstjóri Háskóla Íslands og aðstoðarmaður rektors: Framtíðarsýn út frá sjónarhóli verkfræðings.
- Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor í Verkfræðideild: Erlendar framtíðarskýrslur í íslensku ljósi.
- Ólöf Garðarsdóttir, Mannfjöldadeild Hagstofu Íslands: Spá um mannfjölda 2007-2050.
- Trausti Valsson, prófessor í Verkfræðideild Háskóla Íslands: Yfirlit yfir áhrif hlýnunarinnar.
- Gísli Viggósson, Siglingastofnun: Olíuvinnsla í sjó – og umskipunarhafnir.
- Óli Grétar Blöndal Sveinsson, deildarstjóri, Landsvirkjun Power: Áhrif hlýnunar á orkumálin.

Fyrirlestrar, málstofur og fundir á vegum deildarinnar voru að auki:

- Jonathan Levine, prófessor við háskólann í Michigan: Aðgengi og sjálfbærar samgöngur.



- James T. Cain, fyrrum forseti IEEE: A Design Automation Tool for RFID Chip.
- John Douglas frá BRGM, Frakklandi: Improving empirical ground-motion prediction for seismic hazard assessment.
- Tomas Dostal forseti áveitu-, afrennslis- og landslagsverkfræðideildar Tékkneska tækniháskólans í Prag: Umhverfismál Tékklands og lausnir Tékkneska tækniháskólans í Prag.
- Martin Dockal varadeildarforseti í umhverfisverkfræði og vatnsstjórnun Tékkneska tækniháskólans í Prag: Hnatræn hlýnun: Aðlögun, áskoranir og tækifæri 2008.
- Málstofa: Steve Christer, Trausti Valsson og Guðmundur Freyr Úlfarsson: Skipulag Vatnsmýrarinnar.
- Málstofa: Jónas Elíasson: Vatnafræði og trúarbrögð Egypta.
- Jarðskjálftamiðstöðin á Selfossi, var með fræðslufund um jarðskjálfta. Tílefi fundarins var jarðskjálftinn á suðurlandi 29. maí.

Meistaradagur verkfræði og tölvunarfræði var haldinn fimmtudaginn 29. maí. Meistaradagurinn er árviss viðburður þar sem meistaraneimar í verkfræði og tölvunarfræði flytja fyrirlestra til meistaraprófs og doktorsnemar kynna verkefni sín. Fjöldi framhaldsnema kynnti rannsóknarverkefni sín í formi fyrirlestra eða með veggspjaldakynningu.

Hönnunar- og skipulagsnámskeiði á vegum Michigan-háskóla var haldið við umhverfis- og byggingarverkfræðiskor Verkfræðideildar í júní. Hópur nemenda í grunnnámi og framhaldsnámi í byggingarverkfræði, arkitektúr og borgarskipulagi í Michigan-háskóla sóttu námskeiðið.

Brautskráðir stúdentar í Verkfræðideild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Umhverfis- og byggingarverkfræði BS		1	1	1	0	1	13	16	29
Byggingarverkfræði BS	26	15	41	8	7	15			
Umhverfisverkfræði BS	0	4	4						
Byggingarverkfræði MS	1	1	2	4	1	5	1	1	2
Umhverfisverkfræði MS				1	1	2			
Umhverfisfræði MS				1	0	1			
Umhverfis- og auðlindafræði MS				1	0	1	1	0	1
Umhverfisverkfræði doktorspróf							1	0	1
Véla- og iðnaðarverkfræði BS	1	0	1	2	0	2	1	2	3
Vélaverkfræði BS	9	5	14	21	12	33	14	6	20
Iðnaðarverkfræði BS	15	16	31	13	16	29	19	11	30
Rafmagns- og tölvuverkfræði BS	18	2	20	32	0	32	11	3	14
Rafmagns- og tölvuverkfræði MS	2	2	4	1	0	1	3	0	3
Rafmagns- og tölvuverkfræði doktorspróf							1	0	1
Efnaverkfræði BS	1	1	2	0	1	1			
Tölvurekstrarfræði diplóma	1	0	1						
Tölvunarfræði BS	11	0	11	9	3	12	10	0	10
Hugbúnaðarverkfræði BS	7	1	8	3	0	3	6	0	6
Hugbúnaðarverkfræði MS									
Tölvunarfræði MS	1	2	3	2	1	3	3	1	4
Verkfræði MS									
Vélaverkfræði MS	4	1	5	4	2	6	5	2	7
Véla- og iðnaðarverkfræði MS									
Iðnaðarverkfræði MS	6	5	11	2	3	5	2	3	5
Vélaverkfræði doktorspróf	0	1	1				3	0	3
Verkefnastjórnun MPM				10	25	35	18	13	31
Samtals	103	57	160	115	72	187	112	58	170

Fjárveitingar og útgjöld Verkfræðideildar 2006-2008 (þús.kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	359.893	426.232	453.759
Fjárveiting	368.910	401.050	445.750

Viðskipta- og hagfræðideild og stofnanir hennar

Almennt

Aðsókn í nám við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands var mikil á vormisseri 2008, bæði í grunnnám og meistaranám.

Í viðskiptafræði stunduðu í janúar 2008 30 manns MS-nám í fjármálum fyrirtækja, 163 MS-nám í mannauðsstjórnun, 47 M.Acc.-nám, 37 MS-nám í stjórnun og stefnumótun, 15 MS-nám í viðskiptafræði, 26 MS-nám í markaðs- og alþjóða-viðskipti og 45 nemendur MBA-nám. Í meistaranámi í hagfræði voru 18, 20 í heilsuhagfræði og 30 í fjármálahagfræði.

Eftirfarandi yfirlit lýsir starfsemi deildarinnar á vormisseri 2008 í stórum dráttum

Stjórn – viðskiptaskor

- Ingjaldur Hannibalsson var deildarforseti Viðskipta- og hagfræðideildar og Runólfur Smári Steinþórsson formaður viðskiptaskorar til 1. júlí.
- Árelía E. Guðmundsdóttir dósent var í fæðingarorlofi árið 2008.
- Ársæll Valfells var í rannsóknarleyfi árið 2008.
- Friðrik Már Eysteinnsson var ráðinn aðjunkt 1. maí 2008.
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir var ráðin aðjunkt í 1 ár frá 1. janúar 2008.
- Inga Jóna Jónsdóttir var í rannsóknarleyfi á vormisseri 2008.

Stjórn – hagfræðiskor

- Gylfi Zoëga var formaður hagfræðiskorar til 1. júlí.
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir var ráðin lektor frá 1. janúar 2008.
- Hersir Sigurgeirsson var ráðinn lektor frá 1. janúar 2008.

Skrifstofa

Ekki varð fjölgun á starfsfólki á sameiginlegri skrifstofu Viðskipta- og hagfræðideildar fyrri hluta árs 2008, en þar störfuðu auk skrifstofustjóra og markaðsstjóra fjórir starfsmenn í 50% starfi hver og einn starfsmaður í 75% starfi.

Kennsla og rannsóknir – viðskiptaskor

Vorið 2008 fluttu flestir kennarar viðskiptafræðiskorar úr skrifstofum sínum í Odda í nýtt húsnæði á 2. hæð í Gimli. Aðstaða deildarinnar fyrir fasta kennara, stundakennara og doktorsnema er mjög góð og hvetur til samstarfs og samskipta. Meistaraneimar í Viðskiptafræðideild hafa bæði aðstöðu á 3. hæð í Odda og á 1. hæð í Gimli.

Ákveðið var að viðskiptaskor- og hagfræðiskor rækju áfram sameiginlega skrifstofu eftir flutningana og er hún á 1. hæð í Gimli.

Vel gekk að halda úti málstofum og voru þær yfirleitt vel sóttar, jafnframt var góð aðsókn að opinberum fyrirlestrum. Fjárveiting til viðskiptaskorar (sem síðar varð Viðskiptafræðideild) á árinu 2008 var rúmlega 200 m. kr.

Hinn 11. júní var Donna E. Shalala kjörin heiðursdoktor frá Viðskipta- og hagfræðideild.

Kennsla og rannsóknir – hagfræðiskor

Umsvið hagfræðiskorar hafa aukist mikið á undanförmum árum. Nemendum hefur fjölgað ár frá ári og nýir kennarar verið ráðnir. Á árinu 2008 hófu störf Tinna Ásgeirsdóttir, lektor í heilsuhagfræði, og Hersir Sigurgeirsson, lektor í fjármálastærðfræði.

Námsframboð hagfræðiskorar breytist ekki mikið frá ári til árs en áhersla er lögð á að viðhalda gæðum þeirra námsbrauta sem þegar eru fyrir hendi. Mikil reynsla er komin á BS-nám og BA-nám í hagfræði og einnig á kennslu í meistaranámi í hagfræði, fjármálahagfræði og heilsuhagfræði.

Árið 2008 var viðburðaríkt á sviði efnahagsmála og tók Hagfræðideild ríkan þátt í viðbrögðum við áföllunum. Skipulögð málstofuröð var sett á laggirnar um vorið þar sem fyrirlesarar fjölluðu um aðsteðjandi hættur. Á árinu 2008 var fjárveiting til hagfræðiskorar (síðar Hagfræðideildar) rúmlega 68 m. kr.

Ráðstefnur, málstofur, erlendir fyrirlesarar og heimsóknir í viðskiptaskor

Ráðstefnur og fyrirlestrar á vormisseri 2008:

- 4. janúar. MBA-ráðstefna: Managing the Growing Global Corporation.
- 23. janúar. Örn D. Jónsson hélt fyrirlestur: Hundrað og fjörutíu gildir fiskar fyrir kú.
- 27. febrúar. SSF- og NESU-ráðstefna: Samrunar og yfirtökur, hvernig starfsfólk og stéttarfélag vinna með fyrirtækjum.
- 3. mars. Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, og Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, héldu erindi.
- 8. maí. Vigdís Bóasson hélt fyrirlestur: Location, Location, Location: Firm Value, Stock Returns and Knowledge Flows.
- 4. júní. Ráðstefna með þátttöku Viðskipta- og hagfræðideildar: Does size matter? - Universities competing in a Global Market.

Ráðstefnur, málstofur, erlendir fyrirlesarar og heimsóknir í hagfræðiskor

Michael Grossmann, prófessor og yfirmaður doktorsnáms í heilsuhagfræði við City University í New York, kenndi hluta af meistaranámskeiðinu Þáttum í heilsuhagfræði á vormisseri 2008.

Almennar málstofur:

- 9. janúar. Hvað skýrir samkeppnishæfni? Helga Kristjánsdóttir.
- 26. mars. Saga hagrannsókna: Geta verðbréfasérfræðingar spáð? Helgi Tómasson.
- 1. apríl. Prófessor Michael Grossman frá heilsuhagfræðideild bandarísku rannsóknarstofnunarinnar NBER hélt erindi.
- 5. maí. Robert Aliber prófessor við Chicago-háskóla hélt erindið: Eignaverðbólun í heiminum og áhrif hennar á Íslandi: Hvaða úrræði hafa Íslendingar?
- 19. maí. Ragnar Arnalds og Þorvaldur Gylfason tóku þátt í kappræðum: Úr efnahagsþrengingum í ESB?
- 26. maí. Prófessor Christopher Ellis við háskólann í Oregon hélt fyrirlestur: Lýðræðis-skjálftar (Democratic Errors).
- 2. júní. Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands, hélt fyrirlesturinn: Ræður Seðlabankinn við verðbólguna?
- 6. júní. Jón Danielsson, London School of Economics, hélt erindið: Lausafjárræðingur og hagstjórnarmistöð.
- 6. júní. Málstofa í heilsuhagfræði: Forvarnir og meðhöndlun krabbameins.
- 6. júní. Xavier Sala-i-Martin, prófessor við Columbia-háskóla í New York, hélt erindið: Samkeppnishæfni þjóða og sóknarfæri.
- 9. júní. Robert Wade, prófessor við London School of Economics, hélt erindið: The First-World Debt Crisis in Global Perspective.
- 30. júní. Martin Weitzman, prófessor við Harvard-háskóla, hélt hádegisfyrirlestur: Hagfræði loftslagsbreytinga.

Verðlaun, viðurkenningar og styrkir

Viðskipta- og hagfræðideild, með stuðningi Hollvinafélags deildarinnar, veitti nemendum verðlaun fyrir góðan námsárangur á árinu 2008. Arna Varðardóttir fékk verðlaun fyrir hæstu meðaleinkunn í grunnnámi á vormisseri, en hún útskrifaðist í júní með ágætiseinkunn í BS-námi í hagfræði. Kaupþing veitti viðskiptafræðiskor og hagfræðiskor 5 m. kr. styrk hvorri um sig á árinu 2008 og Bakkavör veitti viðskiptaskor 5 m. kr. styrk í byrjun árs 2008.

Hagfræðistofnun

Á árinu 2008 voru unnin um sjö ársverk á stofnuninni. Fjórir starfsmenn voru í fullu starfi við stofnunina en auk þeirra störfuðu ýmsir aðrir að verkefnum á árinu.

Útgáfur

Á árinu voru gefnar út sjö skýrslur í ritröðinni Þjónustuskýrslur (C-ritröð):

C08:01 Mat á þjóðhagslegum kostnaði landbúnaðar á Íslandi

C08:02 Ástand og horfur í verslun á Íslandi

C08:03 Fjárhagsleg staða hafna

C08:04 Launamunur karla og kvenna – Rýnt í rannsóknir
C08:05 Spá um þörf fyrir leikskóla og grunnskóla á Seltjarnarnesi
C08:06 Rekstrarumhverfi á lyfjamarkaði
C08:07 Möguleikar Íslendinga til þróunarsamvinnu í Karíbahafi

Working papers

Á árinu 2008 komu út sjö greinar í ritröðinni IoES Working Papers og þær voru (WP-ritröð):

W08:01 Thorvaldur Gylfason Development and growth in mineral-rich countries
W08:02 Tinna Laufey Asgeirsdóttir and Gylfi Zoega Sleeping
W08:03 Thrainn Eggertsson Genetic technology and the evolution of property rights: The case of Decode Genetics
W08:04 Thrainn Eggertsson Knowledge and economic progress: The role of social technologies
W08:05 Gylfi Zoega Productivity, wages and relationships
W08:06 Axel Hall and Gylfi Zoega Feminism and labour supply in the Nordic countries
W08:07 Ragnar Arnason Natural Resource Rents: Theoretical Clarification

Ýmislegt

Starfsmenn stofnunarinnar héldu fjölmörg erindi jafnt innan lands sem utan á árinu, tóku þátt í ráðstefnum og gáfu álit við ýmis tækifæri. Þá voru starfsmenn Hagfræðistofnunar áberandi í fjölmiðlaumfjöllun um efnahagsmál bæði hérlendis og erlendis.

Viðskiptafræðistofnun

Viðskiptafræðistofnun, sem starfar í umboði Viðskiptafræðideildar, hefur frá árinu 1992 verið vettvangur hagnýtra rannsókna í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands. Verkefni stofnunarinnar hafa snúið að öllum sviðum er snerta rekstur fyrirtækja og stofnana. Á árinu 2008 urðu þau tímamót í starfseminni að stofnunin tók að sér framkvæmd MBA-náms og BS-náms með vinnu í umboði Viðskiptafræðideildar. Viðskiptafræðistofnun er því nú fræðslu- og rannsóknarstofnun.

Stjórn

Breyting varð á stjórn stofnunarinnar á árinu 2008. Birgir Þór Runólfsson, Lárus Blöndal og Helga Rún Runólfsdóttir viku sæti og Gylfi Magnússon, Runólfur Smári Steinþórsson og Snjólfur Ólafsson tóku sæti í stjórninni.

Stjórn Viðskiptafræðistofnunar skipa nú Þórhallur Guðlaugsson, stjórnarformaður, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Gylfi Magnússon, Runólfur Smári Steinþórsson og Snjólfur Ólafsson.

Starfsmenn

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson lét af störfum sem starfandi stjórnarformaður og við starfi forstöðumanns tók Auður Hermannsdóttir.

G. Dögg Gunnarsdóttir lét af störfum sem verkefnisstjóri hjá stofnuninni en Lena Heimisdóttir tók við starfi verkefnisstjóra. Um leið og Viðskiptafræðistofnun tók við framkvæmd MBA-námsins og BS-náms með vinnu urðu tveir starfsmenn við framkvæmd námsins starfsmenn Viðskiptafræðistofnunar: Jón Snorri Snorrason, forstöðumaður MBA-námsins og Ester Rós Gústavsdóttir, verkefnisstjóri MBA-námsins og BS-náms með vinnu.

Starfsmenn stofnunarinnar eru nú fjórir: Auður Hermannsdóttir, forstöðumaður, Ester Rós Gústavsdóttir, verkefnisstjóri, Jón Snorri Snorrason, forstöðumaður MBA-námsins, og Lena Heimisdóttir, verkefnisstjóri.

Rannsóknir

Mikil gróska er í rannsóknarstarfi innan stofnunarinnar. Áfram er unnið að INTICE-rannsóknarverkefninu, sem hefur verið í gangi frá árinu 2006. Í tengslum við það hefur verið samvinna við tvo erlenda prófessora, Timothy M. Devinney og Peter J. Buckley. Meðal annarra verkefna á árinu má nefna markaðsrannsókn á minjagripamarkaðnum sem unnin var fyrir norsku heildsöluna Nord Souvenir.

Útgáfur

Á árinu voru gefnar út fjórar ritgerðir í Working Paper ritröð stofnunarinnar og eru þær fáanlegar á heimasíðu stofnunarinnar, www.ibr.hi.is.

- W08:01 Helga Kristjánsdóttir: Why are the Northern Lights so Bright? What makes the Nordics so Competitive?
- W08:02 Auður Hermannsdóttir: Theoretical underpinnings of the internationalization process.
- W08:03 Gunnar Magnússon and Thorhallur Gudlaugsson: North Atlantic Islands' Location in Tourists' Minds. Iceland, Greenland, and the Faroe Islands.
- W08:04 Art Schalk and Thorhallur Gudlaugsson: Market Orientation in Banking.

Ráðstefnur, málstofur og fundir

Á árinu hóf Viðskiptafræðistofnun að standa fyrir sérstökum rannsóknamálstofum í viðskiptafræði og skyldum greinum. Málstofurnar eru vettvangur rannsakernda til að kynna rannsóknir sem komnar eru mislangt á veg og fjalla með fræðilegum hætti um viðfangsefni tengd viðskiptafræði eða skyldum greinum. Á árinu 2008 stóð stofnunin fyrir fimm rannsóknamálstofum:

5. febrúar : Snjólfur Ólafsson – Kynning á INTICE-rannsóknarverkefninu.
19. febrúar: Margrét Sigrún Sigurðardóttir – Kynning á doktorsritgerð og rannsóknnum.
4. mars: Örn Daníel Jónsson – Rannsóknastörf í Úrúgvæ.
1. apríl: Stella Stefánsdóttir – Stefnumiðuð nýsköpun hjá íslenskum fyrirtækjum.
15. apríl: Auður Hermannsdóttir – Kenningar um ferli alþjóðavæðingar fyrirtækja.

Auk þessa stóð Viðskiptafræðistofnun fyrir tveimur opnum fundum. Annars vegar var fundur þann 4. janúar 2008 undir yfirskriftinni Managing the Growing Global Corporation þar sem m.a. Timothy Devinney ræddi um alþjóðlega viðskiptastefnu og ferli alþjóðavæðingar. Hins vegar var fundur þann 6. maí 2008 undir yfirskriftinni Alþjóðavæðing – sóknarfæri erlendis þar sem Birgir Jónsson hjá Kvos ræddi um starfsemi fyrirtækisins erlendis.

Auk framangreindra viðburða voru haldin fjölmörg erindi í tengslum við viðfangsefni stofnunarinnar, bæði á innlendum og erlendum ráðstefnum.

Styrkir

Stofnunin hlaut veglega styrki í rannsóknarverkefnið INTICE frá Actavis, Eyri Invest, Glitni, Kaupþingi, Landsbankanum og Útflutningsráði.

Brautskráðir stúdentar í Viðskipta- og hagfræðideild 2006-2008

	2006			2007			2008		
	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls	karlar	konur	alls
Brautskráðir									
Viðskiptafræði BS	24	30	54	29	42	71	34	23	57
Viðskiptafræði kandidatspróf	6	18	24	6	11	17	1	7	8
Viðskiptafræði MBA	30	15	45	24	15	39	24	15	39
Viðskiptafræði MS	7	20	27	12	15	27	12	15	27
Mannauðsstjórnun MA	1	16	17	3	26	29	1	25	26
Viðskiptafræði diplóma	0	1	1	0	2	2			
Markaðsfræði diplóma									
M.Acc. Reiknishald og endurskoðun	3	5	8	4	12	16	5	10	15
Reikningshald diplóma									
Stjórnun og stefnumótun MA							1	1	2
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti MA							1	1	2
Fjármál fyrirtækja							4	0	4
Hagfræði BS	12	6	18	12	7	19	26	12	38
Hagfræði BA	4	3	7	5	6	11	5	3	8
Hagfræði diplóma	1	0	1						
Hagfræði MS	2	4	6	5	5	10	5	2	7
Heilsuhagfræði MS	0	3	3	0	3	3	1	2	3
Hagfræði doktorspróf									
Umhverfis- og auðlindafræði MS	0	1	1				1	0	1
Samtals	90	122	212	100	144	244	121	116	237

Fjárveitingar og útgjöld Viðskipta- og hagfræðideildar 2006-2008 (þús.kr.).

	2006	2007	2008
Útgjöld (nettó)	294.021	264.427	310.542
Fjárveiting	281.162	300.597	351.663



Fræðasvið Háskóla Íslands

Val á forsetum fræðasviða

Ávarp rektors við tilkynningu um val á fimm forsetum fræðasviða Háskóla Íslands 9. september 2008

Kæra samstarfsfólk.

Ég býð ykkur velkomin og þakka ykkur fyrir að koma. Það má segja að þetta haust marki ákveðin tímamót í lífi og starfi okkar allra.

Við erum að hefja skólaárið í fyrsta sinn eftir sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Háskólarnir hafa sameinað krafta sína og myndað langstærsta og öflugasta háskóla landsins. Nemendur eru nú um 13.500 og hefur fjölgað talsvert frá því í fyrra.

Annað sem markar tímamót er að við erum að hefja starf eftir nýju skipulagi og stjórnkerfi sem mun gera okkur kleift að efla til muna þjónustu við nemendur og kennara.

Með samþykkt Stofnu Háskóla Íslands 2006-2011 voru mörkuð þáttaskil í starfi Háskólans þegar starfsfólk hans setti sér það langtíamarkmið að koma skólanum í hóp fremstu háskóla á alþjóðavísu. Meginstef stefnunnar er þrjúþætt: Framúrskarandi kennsla, framúrskarandi rannsóknir og framúrskarandi stjórnun og stoðþjónusta. Til að framfylgja síðasttalda stefnu hefur Háskólinn gert víðtækar breytingar á stjórnskipulagi sínu, endurskoðað bæði skipulag og stjórnkerfi. Kjarni hins nýja stjórnskipulags er skipan Háskóla Íslands í fimm fræðasvið sem hvert um sig skiptist í 3-6 deildir.

Fræðasviðin lúta stjórn forseta sem munu stýra uppbyggingu fræðasviða og festa þau í sessi. Í þessu felst m.a. útfærsla stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs og endurskipulagning og efling stjórnsýslu og stoðþjónustu í því skyni að gera Háskólann betur í stakk búinn til að ná markmiðum sínum.

Hinn 8. júní sl. auglýsti Háskóli Íslands laus til umsóknar störf forseta fræðasviðanna og umsóknarfrestur rann út 11. ágúst sl. Fram kemur í auglýsingu að forsetarnir starfa í umboði rektors. Þeir eru yfirmenn og akademískir leiðtogar fræðasviðanna og stjórna daglegri starfsemi þeirra.

Til umsækjenda var í auglýsingu gerð krafa um:

- prófessorshæfi, eða jafngildi þess að mati valnefndar,
- leiðtogaþæfileika og metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn,
- ríka samskiptahæfni,
- víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun.

Til að undirbúa ráðningarnar voru skipaðar valnefndir sem störfuðu á grundvelli starfsreglna sem háskólaráð samþykkti og erindisbréfs rektors. Hver valnefnd var skipuð fulltrúum allra deilda á viðkomandi fræðasviði, og voru þeir tilnefndir af fræðasviðunum sjálfum. Í nefndunum sat jafnframt fulltrúi rektors sem var formaður. Valnefndirnar funduðu frá miðjum ágúst og skiluðu umsögnum sínum í síðustu viku. Umsagnir valnefnda byggðust á ítarlegu mati á umsóknum og umsóknargögnum. Á grundvelli umsókna og mats valnefndar á því hversu vel umsækjendur mættu þeim kröfum sem gerðar eru til starfsins tóku valnefndirnar viðtal við þá sem þær töldu helst koma til greina.

Það er sérlega ánægjulegt hve margir hæfir einstaklingar sóttu um störfín, en alls bárust 25 umsóknir. Ég vil færa öllum sem sóttu um störfín miklar þakkir fyrir að lýsa sig reiðubúna til að leggja Háskólanum lið í vegferð sinni og helga

honum starfskrafta sína. Einnig þakka ég valnefndunum sem hafa unnið af mikilli fagmennsku. Ég geri mér grein fyrir því að valið hefur ekki verið auðvelt, enda úr mörgum frábærum umsækjendum að velja. Ég hef farið vandlega yfir umsóknargögn og umsagnir valnefnda og hef í öllum tilfellum samþykkt niðurstöður þeirra.

Í dag er stórum áfanga í innleiðingu nýs skipulags Háskóla Íslands náð og mun ég nú lesa upp nöfn forsetanna og gera stuttlega grein fyrir þeim. Nýr forseti Hugvísindasviðs verður Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

Ástráður lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands 1979, MA-prófi frá University of Warwick í Bretlandi 1981, doktorsprófi frá University of Iowa í Bandaríkjunum árið 1987. Hann hefur verið prófessor við Háskóla Íslands frá 1994. Hann hefur mikla reynslu af stjórnun og stefnumótun og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum innan Háskóla Íslands. Hann sat m.a. í vísindanefnd háskólaráðs og var formaður hennar í tvö ár, var forstöðumaður Bókmenntafræðistofnunar, formaður bókmenntafræði- og málvísindaskorur um árabil, varaforseti Hugvísindadeildar og formaður stjórnar Hugvísindastofnunar. Í mörgum þessum störfum hefur Ástráður borið umtalsverða ábyrgð á fjáröflun, rekstri og starfsmannamálum. Ástráður hefur mikil akademísk tengsl austan hafs og vestan og víðtæk tengsl í íslensku menningarlífi og fræðasamfélagi.

Í greinargerð valnefndar segir að framtíðarsýn Ástráðs taki undir stefnu Háskóla Íslands og feli jafnframt í sér metnaðarfulla áætlun um framrás Hugvísindasviðs á alþjóðlegum vettvangi og í íslensku menningarlífi. Samskiptahæfni hans sé mikil, hann búi yfir ríkum leiðtogaþæfileikum og njóti þess trausts sem er nauðsynlegt til að byggja upp öflugt Hugvísindasvið. Ástráður tekur til starfa sem forseti Hugvísindasviðs 15. september nk.

Nýr forseti Menntavísindasviðs verður Jón Torfi Jónasson, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands.

Jón Torfi lauk BSc-prófi í eðlisfræði frá Edinborgarháskóla árið 1972, MSc-prófi í tilraunasálfræði frá Háskólanum í Sussex á Englandi 1973 og doktorsprófi í sálfræði frá Háskólanum í Reading á Englandi 1980.

Jón Torfi var ráðinn lektor í uppeldis- og kennslufræðum við Háskóla Íslands árið 1980. Árið 1985 varð hann dósent og prófessor í sömu grein árið 1993. Jón Torfi var deildarforseti Félagsvísindadeildar um sex ára skeið, frá 1995 til 2001 og varaforseti háskólaráðs 1996–1998. Hann hefur setið í fjölmörgum nefndum á vegum Háskóla Íslands, m.a. fjármálanefnd, kennslumálanefnd og alþjóðaráði. Jón Torfi átti drjúgan þátt í mótun fjármálastefnu Háskólans á vettvangi fjármálanefndar og hann hefur verið leiðandi í uppbyggingu doktorsnáms innan Félagsvísindadeildar.

Að mati valnefndar hefur Jón Torfi ríka samskiptahæfni og leiðtogaþæfileika. Framtíðarsýn hans fyrir Menntavísindasvið er skýr og framsækin. Jón Torfi hefur mjög mikla reynslu af stjórnun og stefnumótun innan háskóla og utan og yfirgripsmikla þekkingu á mennta- og skólamálum, sem mun án efa nýtast vel í starfi forseta Menntavísindasviðs. Jón Torfi tekur til starfa sem forseti Menntavísindasviðs 22. september nk.

Nýr forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs verður Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor í jarðvísindum við háskólann í Bristol á Englandi.

Kristín Vala lauk námi í jarðfræði við Háskóla Íslands árið 1979 og doktorsprófi frá Northwestern University í Bandaríkjunum árið 1984. Eftir að hafa sinnt rannsóknastörfum í París og við Northwestern-háskólann réði hún sig til starfa við Háskólann í Bristol í Englandi árið 1989. Kristín Vala varð prófessor við sama skóla árið 2001.

Kristín Vala á sæti í senati Háskólans í Bristol, sem er ein helsta stjórnarnefnd skólans. Hún hefur tekið þátt í starfi fjölmargra nefnda á vegum skólans. Í tengslum við breyttar áherslur í rannsóknum sínum hefur Kristín Vala lagt sig fram um að beina sjónum stúdenta, fræðimanna og almennings að sjálfbærri þróun og áhrifum mannsins á umhverfi sitt. Hún hefur beitt sér ötullega fyrir eflingu rannsókna og kennslu á þessu sviði innan Háskólans í Bristol, auk þess að sinna kennslu og rannsóknum í jarðefnafræði. Þá hefur Kristín Vala mikla reynslu af stjórnun rannsóknahópa og af öflun sértekna á vettvangi

rannsóknáætlana Evrópusambandsins. Loks hefur hún tekið virkan þátt í jafnréttisstarfi innan Háskólans í Bristol.

Að mati valnefndar hefur Kristín Vala mikla samskiptahæfni, ríka leiðtoga-hæfileika og setur fram metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Þá munu fjölbreytt reynsla Kristínar Völu af stjórnun og stefnumótun, mikil rannsóknavirkni og sterk alþjóðleg tengsl vafalítið nýtast vel í starfi forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Kristín Vala mun að hluta taka til starfa sem forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs 1. október nk. og að fullu frá 1. desember nk.

Kristín Vala gat því miður ekki verið hér í dag, hún er stödd á Krít þar sem hún er að flytja boðsfyrirlestur og stjórna fundum á ráðstefnu. Hún hefur beðið mig að flytja eftirfarandi kveðju:

„Ég þakka fyrir það traust sem Háskóli Íslands sýnir mér með því að ráða mig í starf forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Ég hlakka mikið til að takast á við uppbyggingu Háskólans með það að markmiði að hann komist í röð bestu háskóla heims. Það hyggst ég gera í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur bæði á vettvangi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og í samstarfi við hin fjögur fræðasviðin.“

Nýr forseti Félagsvísindasviðs verður Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Ólafur lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands 1977, MSc-prófi í stjórnmálafræði frá London School of Economics and Political Science 1979 og doktorsprófi frá sama skóla árið 1994. Ólafur hefur verið prófessor við Háskóla Íslands frá árinu 2000. Hann hefur langa og mikla stjórnunarreynslu og hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum innan Háskóla Íslands. Hann var m.a. forseti Félagsvísindadeildar í sjö ár og öðlaðist víðtæka reynslu af því að samhæfa undir einni stjórn og vinna að hagsmunum margra ólíkra starfseininga. Hann hefur verið fulltrúi í háskólaráði í fjögur ár, þar af tvö ár sem varaforseti ráðsins. Ólafur hefur borið umtalsverða ábyrgð á stefnumótun, fjármálum, rekstri og starfsmannamálum. Þá var Ólafur formaður nefndar um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands 2006-2008.

Í greinargerð valnefndar segir að framtíðarsýn Ólafs sé mjög metnaðarfull og skýr og falli einkar vel að stefnu Háskóla Íslands. Hann hafi afar ríka samskiptahæfni, búi yfir miklum leiðtoga-hæfileikum og njóti þess trausts sem er nauðsynlegt til að sameina með farsælum hætti ólíkar deildir og byggja upp öflugt fræðasvið undir merkjum Félagsvísindasviðs.

Ólafur tekur til starfa sem forseti Félagsvísindasviðs á morgun, 10. september.

Nýr forseti Heilbrigðisvísindasviðs verður Sigurður Guðmundsson landlæknir. Sigurður lauk læknafrófi frá Læknadeild Háskóla Íslands árið 1975 og doktorsprófi frá sömu deild árið 1993. Sérfræðimenntun sína í lyflækningum og smit-sjúkdómum sótti Sigurður til háskólasjúkrahússins í Madison í Wisconsin í Bandaríkjunum.

Sigurður hefur frá 1998 gegnt starfi landlæknis. Landlæknisembættið hefur vaxið og eflst verulega í tíð Sigurðar. Það sinnir nú ráðgjöf fyrir stjórnvöld, heilbrigðis - starfsfólk og almennung, skráningu og meðferð heilbrigðisupplýsinga og loks gæðapróun og eftirliti. Þá ber landlæknir ábyrgð á fjármálum og rekstri embættisins. Áður en Sigurður varð landlæknir, eða allt frá árinu 1985, hafði hann starfað sem læknir við Borgarspítala og Landspítala og við kennslu og rannsóknir í Háskóla Íslands. Sigurður varð prófessor í lyflæknisfræði við Háskóla Íslands 1999 og gestaprófessor í læknisfræði og lýðheilsuvísindum árið 2008. Frá 2006 til 2007 starfaði Sigurður við uppbyggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í Malaví í Afríku á vegum Þróunarsamvinnustofnunar. Sigurður bar umtalsverða fjárhagslega ábyrgð í starfi sínu fyrir Þróunarsamvinnustofnun.

Í greinargerð valnefndar kemur auk þess fram að Sigurður hafi skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn, ríka samskiptahæfni, leiðtoga-hæfileika og víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun, ekki síst á vettvangi Landlæknisembættisins. Mun reynsla hans tvímælaust nýtast vel í starfi forseta Heilbrigðisvísindasviðs. Sigurður tekur formlega til starfa sem forseti Heilbrigðisvísindasviðs 1. nóvember nk., en byrjar fljótlega að ræða við starfsfólk sviðsins og sitja fundi.



Ég óska nýjum forsetum fræðasviða til hamingju með nýtt starf og Háskóla Íslands til hamingju með þennan áfanga. Að lokum vil ég geta þess að við erum ekki einungis hér saman komin til að fagna vali fimm einstaklinga í mikilvæg störf, heldur er jafnframt verið að kynna til leiks öflugt teymi stjórnenda sem mun, ásamt rektor, vinna markvisst að því að gera Háskóla Íslands enn betur kleift að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem hann hefur sett sér. Ég óska Háskóla Íslands og okkur öllum til hamingju með daginn!

Félagsvísindasvið

Félagsvísindasvið varð til við stjórnýslubreytingar og innleiðingu nýs skipulags og stjórnkerfis Háskóla Íslands í kjölfar sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands þann 1. júlí 2008. Þrjár deildir í eldra skipulagi: Félagsvísindadeild, Lagadeild og Viðskipta- og hagfræðideild tilheyra hinu nýja sviði og mynduðu nú sex deildir: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Ólafur Þ. Harðarson prófessor var ráðinn forseti Félagsvísindasviðs af rektor Háskóla Íslands þann 15. september, að tillögu valnefndar. Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir var ráðin rekstrarstjóri sviðsins þann 1. nóvember. Í nóvember hófst vinna við skipulagningu og útfærslu á stjórnýslu og þjónustu fræðasviðsins og gerðar voru starfslýsingar fyrir starfsmenn í þeim störfum. Byggt var á hugmyndum og tillögum starfsfólks í stjórnýslu deilda um verkaskiptingu sviðs og deilda frá vori 2008. Þá var Halldór Zoëga ráðinn fjármálastjóri í desember og Kolbrún Eggertsdóttir var ráðin kennslustjóri sviðsins í árslok. Eftirtaldir voru ráðnar deildarstjórar hinna nýju deilda: Alma Möller í Lagadeild, Ásdís Ýr Arnardóttir í Félagsráðgjafardeild, Elva Ellertsdóttir í Stjórn málafræðideild, Kristín Klara Einarsdóttir í Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild, Sigrún Jónsdóttir í Félags- og mannvísindadeild. Eftirtaldir starfsmenn voru tengiliðir við miðlæga stjórnýslu í vef-, markaðs- og kynningarmálum og í ritnefnd kennsluskrár Háskóla Íslands: Þórunn Björg Guðmundsdóttir var tengiliður um vefmál, Sif Sigfúsdóttir var tengiliður um markaðs- og kynningarmál og Embla Þórsdóttir var fulltrúi í ritnefnd kennsluskrár fyrir hönd sviðsins. Stöðugildi í stjórnýslu og þjónustu sviðs og deilda voru 17,5 í árslok, auk forseta sviðsins. Á nýju þjónustuborði í Gimli, sem tók til starfa í febrúar og rekið er í samvinnu Félagsvísindasviðs, Hugvísindasviðs, Heilbrigðisvísindasviðs og kennslusviðs Háskóla Íslands, störfuðu 3 starfsmenn í 2,6 stöðugildum.

Deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðsins ásamt forseta og þeir eru Björg Thorarensen, forseti Lagadeildar, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, forseti Félags- og mannvísindadeildar, Guðný Björk Eydal, forseti Félagsráðgjafardeildar, Gunnar Helgi Kristinsson, forseti Stjórn málafræðideildar, Gylfi Zoëga, forseti Hagfræðideildar, og Ingjalður Hannibalsson, forseti Viðskiptafræðideildar.

Fyrsti fundur sviðsins var haldinn 27. ágúst og boðaði rektor til hans. Viðfangsefni fundarins var að undirbúa fyrsta þing Félagsvísindasviðs í nýju stjórnskipulagi og ræða kjör fulltrúa sviðsins til setu á háskólaþingi. Félagsvísindasvið á sex fulltrúa á háskólaþingi auk forseta sviðsins og deildarforseta. Mikilvægt var að halda þing Félagsvísindasviðs ekki síðar 4. september til þess að kjósa fulltrúa til háskólaþings sem boðað var 25. september. Á fundinum var samþykkt að til þingsins væru boðaðir allir sem eiga seturétt á deildarfundum deilda sviðsins. Þingið var haldið 4. september og kaus það eftirtalda sem fulltrúa sviðsins á háskólaþingi: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (aðalmaður), Félags- og mannvísindadeild, Guðný Guðbjörnsdóttir (1. varamaður til eins árs, þá verður kosið aftur), Félags- og mannvísindadeild, Unnur Dís Skaptadóttir (2. varamaður), Félags- og mannvísindadeild, Sigrún Júlíusdóttir (aðalmaður), Félagsráðgjafardeild, Stefán Ólafsson (1. varamaður), Félags- og mannvísindadeild, Halldór S. Guðmundsson (2. varamaður), Félagsráðgjafardeild, Margrét Björnsdóttir (aðalmaður), Stjórn málafræðideild, Ágústa Pálsdóttir (1. varamaður), Félags- og mannvísindadeild, Ómar H. Kristmundsson (2. varamaður), Stjórn málafræðideild, Tinna Ásgeirsdóttir (aðalmaður), Hagfræðideild, Gylfi Magnússon (1. varamaður), Viðskiptafræðideild, Brynhildur Davíðsdóttir (2. varamaður), Hagfræðideild, Eiríkur Tómasson (aðalmaður), Lagadeild, Aðalheiður Jóhannsdóttir (1. varamaður), Lagadeild, Einar Guðbjartsson (2. varamaður), Viðskiptafræðideild, Runólfur Smári Steinþórsson (aðalmaður), Viðskiptafræðideild, Þórhallur Guðlaugsson (1. varamaður), Viðskiptafræðideild, Inga Jóna Jónsdóttir (2. varamaður), Viðskiptafræðideild.

Nefndir Félagsvísindasviðs

Gengið var frá stofnun og skipan í eftirtaldar nefndir á Félagsvísindasviði í lok nóvember:

Kennslunefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Pétur Leifsson (Lagadeild), varamaður Ása Ólafsdóttir; Anni G. Haugen (Félagsráðgjafardeild), Chien Tai Shill varamaður; Alyson K.G. Bailes (Stjórn málafræðideild), Margrét S. Björnsdóttir, varamaður; Guðrún Geirsdóttir (Félags- og mannvísindadeild) til 1. ó. 2009, þá tekur Sif Einarsdóttir við, varamaður Valdimar Tr. Hafstein; Þórhallur Guðlaugsson (Viðskiptafræðideild), Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, varamaður; Helgi Tómasson (Hagfræðideild), Tór Einarsson varamaður. Formaður nefndarinnar var Þórhallur Guðlaugsson.

Doktorsnefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Gylfi Magnússon (Viðskiptafræðideild), Runólfur Smári Steinþórsson varamaður; Baldur Þórhallsson (Stjórn málafræðideild), Ómar H. Kristmundsson varamaður; Róbert Spanó (Lagadeild), Aðalheiður Jóhannsdóttir varamaður; Tór Einarsson (Hagfræðideild), Helgi Tómasson varamaður; Jónína Einarsdóttir (Félags- og mannvísindadeild), Rannveig Traustadóttir varamaður; Sigrún Júlíusdóttir (Félagsráðgjafardeild), Steinunn Hrafnisdóttir varamaður. Formaður nefndarinnar var Jónína Einarsdóttir.

Húsnæði

Á árinu leysti Gimli húsnæðisvandamál hins nýja sviðs, en kennarar í mörgum greinum höfðu verið á hrakhólum með húsnæði árum saman og voru dreifðir í fjölmargar byggingar um allt Háskólasvæðið og víðar. Félagsvísindasvið hefur nú fengið framtíðarhúsnæði í þremur samtengdum byggingum, Odda, Gimli og Lögbergi, sem einnig tengjast Háskólatorgi. Skrifstofur Félagsvísindasviðs og deilda þess eru allar staðsettar á neðstu hæðinni í Gimli. Lagadeild hefur aðsetur í Lögbergi, Viðskiptafræðideild í Gimli, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild og Stjórn málafræðideild í Odda, en kennarar Félags- og mannvísindadeildar eru bæði í Gimli og Odda. Í öllum þremur byggingunum er jafnframt aðstaða fyrir rannsóknarstofnanir á Félagsvísindasviði og vinnuaðstaða fyrir stundakennara, doktorsnema, meistaranema og grunnnema. Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og þverfræðilegar rannsóknarstofnanir nýta til bráðabirgða hluta húsnæðisins í Gimli og Odda. Félagsvísindasvið á þannig góða vaxtarmöguleika á næstu árum í byggingunum þremur, þegar starfsemi annarra sviða flyst í aðrar byggingar á Háskólasvæðinu.

Ráðstefnur

Haldin var ráðstefnan Þjóðarspejillinn, níunda félagsvísindaráðstefna Háskóla Íslands, í október. Markmið ráðstefnunnar var að kynna það sem er efst á baugi í rannsóknum í félagsvísindum hér á landi og voru fyrirlesarar allir í fremstu röð hver á sínu sviði. Gefið var út ráðstefnurit með öllum erindum sem flutt voru á ráðstefnunni. Auk þess héldu deildir sviðsins fjölmörg málþing og ráðstefnur með innlendum og erlendum fyrirlesurum.

Félags- og mannvísindadeild

Félags- og mannvísindadeild er ein fjölmennasta deildin við Háskóla Íslands en hún varð til við skipulagsbreytingar áttu sér stað í Háskóla Íslands 1. júlí 2008. Á haustmíssi voru nemendur í deildinni um 1100. Námsgreinar innan deildarinnar eru: blaða- og fréttamenska, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, kynjafræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, uppeldis- og menntunarfræði, þróunarfræði og þjóðfræði. Fæstar þessara greina eru kenndar við aðra háskóla hér á landi.

Deildarforseti Félags- og mannvísindadeildar er Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og vararforseti Jónína Einarsdóttir. Sigrún Jónsdóttir deildarstjóri var ráðin til starfa frá miðjum nóvember.

Deildin skiptist í sjö námsbrautir og er hverri námsbraut stýrt af námsbrautarstjóra:

- námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði, námsbrautarstjóri Ágústa Pálsdóttir
- námsbraut í félagsfræði, námsbrautarstjóri Jón Gunnar Bernburg
- námsbraut í fötlunarfræði, námsbrautarstjóri Rannveig Traustadóttir
- námsbraut í mannfræði, námsbrautarstjóri Gísli Pálsson
- námsbraut í þjóðfræði, námsbrautarstjóri Terry Gunnell
- námsbraut í náms- og starfsráðgjöf, námsbrautarstjóri Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

- námsbraut í uppeldis- og menntunarfræði, námsbrautarstjóri Hafdís Ingvarsdóttir

Allir fastir kennarar deildarinnar eiga sæti á deildarfundi. Í deildarráði sitja deildarforseti, varadeildarforseti og námsbrautarstjórar og fulltrúar nemenda. Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar deildarinnar hafa aðsetur í Gimli og Odda.

Starfsfólk

Við stofnun deildarinnar 1. júlí 2008 voru fastráðnir kennarar 29 sem skiptust þannig: 15 prófessorar, 8 dósentar og 6 lektorar. Í hópi fastra kennara voru 12 karlar og 17 konur. Aðjunktur við deildina voru 5 talsins, allt konur. Stundakennarar voru sem fyrr fjölmargir í öllum námsbrautum deildarinnar.

Á skrifstofu deildarinnar störfuðu Aðalheiður Ófeigsdóttir verkefnisstjóri, (til 1. september) Ása Bernharðsdóttir fulltrúi og Ásdís Magnúsdóttir fulltrúi. Valgerður Anna Jóhannsdóttir var aðjunkt og verkefnisstjóri í MA-námi í blaða- og fréttamennsku.

Kennsla

Grunnnám

Námsgreinar Félags- og mannvísindadeildar er hægt að taka ýmist sem aðal- eða aukagreinar og hægt er að velja aukagreinar í öðrum deildum og mismunandi áhersluleiðir. Boðið er upp á fjórar námsleiðir í BA-námi (180 e og 120 e): bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Aukagreinar í grunnnámi (60 e) eru m.a.: atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, líffræðileg mannfræði, safnafræði, skólasafnsfræði og upplýsingamiðlun.

Framhaldsnám

Á framhaldsstigi er boðið upp á diplómanám, meistaranám og doktorsnám. Í diplómanámi (30 e) er boðið upp á 15 námsleiðir.

Í meistaranámi er boðið upp á eftirtaldar námsleiðir: blaða- og fréttamennsku, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötunarfærni, hagnýta þjóðfræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, norræna trú, þróunarfræði og þjóðfræði.

Rannsóknir

Kennarar í Félags- og mannvísindadeild hafa verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Rannsóknir þeirra hafa birst í bókum, í íslenskum og alþjóðlegum fræðitímaritum og safnverkum.

Deildin er aðili að Félagsvísindastofnun sem hefur það markmið að auka tengsl Háskólans við atvinnulífið og efla jafnframt fræðilegar rannsóknir í félagsvísindum. Rannsóknastofa í vinnuvernd, Rannsóknastofa um þróun menntamála, Rannsóknastofa um þjóðmál, Rannsóknastofa um fjölmiðlarannsóknir, Rannsóknarsetur í fötunarfærni, Mannfræðistofnun og Rannsóknasetur í afbrotufræði starfa á vegum kennara deildarinnar innan vébanda Félagsvísindastofnunar skv. 1. mgr. reglna um stofnunina. Friðrik H. Jónsson, prófessor í sálfræði, var forstöðumaður stofnunarinnar.

Kynningarmál

Deildin gaf út kynningarbækling í lok nóvember þar sem allar námsbrautir og námsleiðir voru kynntar í máli og myndum.

Málþing og ráðstefnur

Félags- og mannvísindadeild átti aðild að ráðstefnunni Þjóðarspegillinn, níundu félagsvísindaráðstefnu Háskóla Íslands, í október. Markmið ráðstefnunnar var að kynna það sem er efst á baugi í rannsóknum í félagsvísindum hér á landi og voru fyrirlesarar allir í fremstu röð hver á sínu sviði. Gefið var út ráðstefnurit með öllum erindunum sem flutt voru á ráðstefnunni.

Haldið var málþing Félags- og mannvísindadeildar á fullveldisdaginn 1. desember 2008 sem bar heitið Þjóðfélagsbreytingar og framtíð Íslands. Á málþinginu fjöll - uðu fræðimenn innan Félags- og mannvísindadeildar um þjóðfélagsbreytingar út frá sjónarhóli sinna fræðagreina. Stjórnandi málþingsins var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, deildarforseti Félags- og mannvísindadeildar. Meginfyrirlestrar málþingsins voru teknir upp af Ríkisútvarpinu og kynntir í sérstökum þætti í desember auk þess sem hægt er að hlusta á þá á heimasíðu deildarinnar.

RAŠVIARK



Félagsráðgjafardeild

Almennt yfirlit

Félagsráðgjafardeild á Félagsvísindasviði varð til við stjórnslubreytingar Háskóla Íslands í kjölfar sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands þann 1. júlí 2008. Félagsráðgjafardeild var áður skor innan Félagsvísindadeildar.

Guðný Björk Eydal, dósent í félagsráðgjöf, gegndi starfi deildarforseta. Steinunn Hrafnadóttir, dósent í félagsráðgjöf, gegndi starfi varadeildarforseta. Þær voru kjörnar til tveggja ára frá og með 1. júlí. Deildarstjóri deildarinnar var Ásdís Ýr Arnardóttir frá 1. desember.

Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar deildarinnar hafa aðsetur í Odda. Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd starfar innan Félagsvísindastofnunar og flutti starfsemi sína í Gimli á árinu.

Starfsfólk

Þegar deildin tók til starfa störfuðu við deildina 6 fastráðnir kennarar, 1 prófessor, 2 dósentar, 3 lektorar og 1 aðjunkt, allt konur. Auk fastráðinna kennara kenna við deildina fjölmargir stundakennarar og starfsþjálfunarkennarar. Halldór S. Guðmundsson, lektor í félagsráðgjöf, var ráðinn til starfa frá 1. ágúst.

Breytingar á starfslíði fastráðinna kennara á árinu voru þær að Halldór S. Guðmundsson, lektor í félagsráðgjöf, var ráðinn til starfa 1. ágúst.

Um Félagsráðgjafardeild

Nemendur Félagsráðgjafardeildar eru rúmlega 300, þar af eru nemendur í framhaldsnámi rúmlega 40. Nemendafjöldi eykst jafnt og þétt og nýnemar við deildina fyrsta starfsár hennar voru um 80.

Nýjar námsleiðir

Haustið 2008 hófst samnorrænt meistaranám í öldrunarfræðum, NordMaG. Uppbygging námsleiðarinnar hlaut styrk Norrænu ráðherranefndarinnar en um er að ræða meistaraþróf til 120 eininga í samvinnu Háskóla Íslands, Háskólans í Lundi og Háskólans í Jyväskylä.

Jafnframt hófst fyrsta starfsár meistaranáms til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Um er að ræða breytt fyrir komulag þar sem til ársins 2005 var BA-próf í félagsráðgjöf 240 eininga nám til starfsréttinda.

Auk þess var í fyrsta sinn boðið upp á diplómanám í barnavernd. Náminu var ætlað að koma til móts við þörf fagfólks sem starfar á sviðum barnaverndar og auka þekkingu þeirra.

Stjórn málafræðideild

Almennt yfirlit

Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði varð til við stjórnslubreytingar Háskóla Íslands er tóku gildi 1. júlí 2008. Stjórn málafræðideild var áður skor innan Félagsvísindadeildar.

Gunnar Helgi Kristinsson prófessor gegndi starfi deildarforseta. Baldur Þórhallsson prófessor gegndi starfi varadeildarforseta. Þeir voru kjörnir til tveggja ára frá og með 1. júlí. Deildarstjóri var Elva Ellertsdóttir frá og með 1. desember.

Þann 26. ágúst var samþykkt að í Stjórn málafræðideild starfaði deildarráð. Í deildarráði sátu:

Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Baldur Þórhallsson prófessor, Ómar H. Kristmundsson dósent, Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður, Orri Freyr Rúnarsson, fulltrúi 1. árs nema í stjórn málafræði, Grétar Ali Khan, fulltrúi 2.-3. árs nema í stjórn málafræði.

Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar deildarinnar hafa aðsetur í Odda. Stofnun stjórnmála og stjórnslufræða starfar undir Stjórn málafræðideild og Rannsóknasetur um smáríki, sem jafnframt er hluti af Alþjóðamálastofnun.

Starfsfólk

Þegar deildin tók til starfa störfuðu 6 fastráðnir kennarar við deildina, 4 prófessorar og 2 dósentar, annar í hlutastarfi, og 5 aðjunktur, 7 karlar og 4 konur. Auk fastráðinna kennara starfa fjölmargir stundakennarar við deildina.

Breytingar á starfsliði kennara á árinu voru þær að Hulda Þórisdóttir var ráðin lektor við deildina en Hulda tekur til starfa á haustmisseri 2009. Alyson Bailes og Silja Bára Ómarsdóttir voru ráðnar aðjunktur með rannsóknarskyldu. Um Stjórn málafræðideild

Skráðir nemendur voru rúmlega 650 við árslok 2008, þar af nemendur í framhaldsnámi rúmlega 350 og nemendur í grunnnámi tæplega 300.

Doktorsvörn

Haukur Arnþórsson varði doktorsritgerð sína í stjórn málafræði „Rafræn stjórnsýsla: Forsendur og samfélagsleg áhrif“ þann 14. nóvember. Andmælendur voru Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, og Oddur Benediktsson, prófessor emeritus í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi verkefnisins var Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands, en ásamt honum voru í doktorsnefndinni Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands, og Ebba Þóra Hvannberg prófessor í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs, stjórnaði athöfninni sem fór fram í Öskju.

Lagadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Á haustmisseri 2008 var 751 nemandi skráður til náms við Lagadeild, og þar af voru 293 nýnemar. Konur voru 403 og karlar 348.

Breytingar á starfsliði kennara á seinni hluta árs 2008 voru þær að Trausti Fannar Valsson var ráðinn lektor við deildina frá 1. júlí 2008, og Ása Ólafsdóttir, sem undanfarin ár hefur verið í hálfu starfi lektors við Lagadeildina, hefur tekið við fullri stöðu lektors frá 1. júlí. Hinn 1. september var svo Hörður Felix Harðarson ráðinn aðjunktur við Lagadeildina. Jónína S. Lárusdóttir aðjunktur lét af störfum við deildina í lok árs 2008.

Stefáni Má Stefánsson, prófessor við Lagadeild, var veitt lausn frá starfi sínu vegna aldurs frá 1. nóvember 2008. Stefán Már starfar þó áfram í hlutastarfi við Lagadeildina.

Í ágúst voru skrifstofur Lagadeildar fluttar af 4. hæð í Lögbergi yfir á 1. hæð í Gimli, þar sem öll stjórnsýsla hins nýja Félagsvísindasviðs er nú samankomin. Á skrifstofu Lagadeildar störfuðu sem fyrr þrír verkefnastjórnar, þær Alma Möller, Embla Þórsdóttir og Stella Vestmann, sem kom úr barneignarleyfi í febrúar 2008. María Thejll, forstöðumaður Lagastofnunar, sinnti auk þess starfi kennslu- og skrifstofustjóra á árinu 2008, en lét af þeim störfum í árslok 2008.

Heiðursdoktorar

Á Háskólahátíð þann 25. október 2008 var lýst kjöri þriggja heiðursdoktora, þar af voru tveir fyrrverandi prófessorar við Lagadeild, þeir Sigurður Líndal og Jónatan Þórmundsson. Sigurður Líndal var skipaður lektor við Lagadeild Háskóla Íslands árið 1967 og síðar prófessor við deildina frá 1972 þar til hann lét af störfum árið 2001. Jónatan Þórmundsson varð lektor við Lagadeild Háskóla Íslands árið 1967 og skipaður prófessor við deildina árið 1970. Hann lét af störfum í árslok 2007.

Kennslumál

Nýtt meistaranám í skattarétti og reikningsskilum

Hinn 19. desember var undirritað samkomulag milli Lagadeildar og Viðskiptafræðideildar, að deildirnar sameinist um nýtt þverfaglegt meistaranám í skattarétti og reikningsskilum. Námið verður 90 eininga nám og lýkur með ritgerð. Umsækjendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Lagadeild Háskóla Íslands eða BS/BA-prófi frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands eða öðru jafngildu háskólanámi. Námið hefst haustið 2009.

100 ára afmæli Lagadeildar Háskóla Íslands

Á árinu 2008 hélt Lagadeild Háskóla Íslands upp á 100 ára afmæli deildarinnar og jafnframt 100 ára afmæli lagakennslu á Íslandi. Af því tilefni var boðið upp á fjölbreytta og glæsilega hátíðardagskrá. Þann 1. október var haldinn afmælistóttaka Lagadeildar á Háskólatorgi. Til móttökunnar var boðið öllum útskrifuðum lögræðingum frá deildinni, nemendum deildarinnar og öðrum velunnurum og gestum. Voru flutt þar ávörp og deildinni færðar gjafir og góðar óskir.

Dagana 17. og 18. október var haldið hátíðarmálþing í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Yfirskrift málþingsins var Lögræði og laganám í alderspegli. Á fyrri degi málþingsins þann 17. október flutti Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ávarp og fyrirlesarar voru Ditlev Tamm, prófessor við Háskólann í Kaupmannahöfn, Sigurður Líndal, prófessor við Háskólann á Bifröst, Guðjón Friðriksson sagnfræðingur og Garðar Gíslason hæstaréttardómari. Seinni dag málþingsins, þann 18. Október, var gestur Lagadeildar Antonin Scalia, dómari við hæstarétt Bandaríkjanna, og þar fyrirlestur hans heitið „The Future of Law“. Var hátíðarmálþingið mjög vel sótt báða dagana.

Aðrar ráðstefnur og málstofur í tilefni af afmæli Lagadeildar, haldnar á árinu 2008, voru eftirtaldar:

Þann 12. september var haldin í Þjóðminjasafninu alþjóðleg ráðstefna Lagadeildar og heilbrigðisráðuneytisins, „EEA-law and a new pharmaceutical policy for the 21st century“. Björg Thorarensen forseti Lagadeildar og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra fluttu ávörp. Fyrirlesarar voru Irene Sacristina-Sanches, varadeildarstjóri lyfjamála hjá Evrópusambandinu, Kees de Joncheere, ráðgjafi á svæðisskrifstofu Evrópu hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, Stefaan Van der Spiegel, sérfræðingur á skrifstofu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, Sigurður Óli Ólafsson, forstjóri Actavis, María Elvira Mendez Pinedo, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands, og Patricia Vella Bonnanno, forstjóri lyfjastofnunar Möltu. Ráðstefnustjóri var Einar Magnússon, lyfjamálastjóri á skrifstofu lyfjamála heilbrigðisráðuneytisins.

Þá var haldin málstofa um refsirétt þann 9. október, og var fyrirlesari þar Vagn Greve, prófessor við Copenhagen Business School.

Þann 3. nóvember var málþing í Hátíðarsal Háskóla Íslands, þar sem Rosalyn Higgins, forseti Alþjóðadómstólsins í Haag flutti fyrirlesturinn „Recent challenges and developments at the ICJ“.

Hátíðarmálþing var haldið þann 14. nóvember til heiðurs Stefáni Má Stefánssyni prófessor í tilefni af sjötugsafmæli hans. Málþingið var um réttarfar og Evrópurétt. Sérstakur gestafyrirlesari var Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, en auk hans fluttu fyrirlestra þeir Eiríkur Tómasson, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, og Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari.

Málstofa í samvinnu við Hafréttarstofnun Íslands var haldin 26. nóvember 2008 undir yfirskriftinni Baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum. Gestafyrirlesari var Rosemary Rayfuse, prófessor í þjóðarétti við Háskólann í New South Wales í Sydney í Ástralíu. Auk hennar héldu erindi Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda hf., og Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu og forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

Þá var málþing í Þjóðminjasafninu þann 28. nóvember undir yfirskriftinni: Umhverfis- og auðlindaréttur á tímamótum – Áskoranir nýrrar aldar. Aðal - fyrirlesari á málþinginu var Nico Schrijver, prófessor í umhverfisrétti við Leiden-háskóla, en auk hans fluttu erindi Aðalheiður Jóhannsdóttir dósent, Karl Axels - son dósent, Trausti Fannar Valsson lektor, Pétur Leifsson lektor og Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands. Fjölbreytt dagskrá vegna 100 ára afmælis Lagadeildar heldur áfram á árinu 2009.

Þjóðarspegillinn 2008

Málstofur á vegum Lagadeildar á Þjóðarspeglinum 2008 voru sem hér segir: Málstofa I:

- Pétur Dam Leifsson, lektor: Possible Foundations of Legal Powers of International Organisations – some Observations from UN practice.
- M. Elvira Méndez Pinedo, lektor: Judicial Review of the Principle of Legality in European Law.
- Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur Lagastofnunar: Stjórn veiða á norsk-íslensku síldinni 1994-2007.

Málstofa II:

- Ása Ólafsdóttir, lektor: Málamyndageringar.
- Eiríkur Jónsson, lektor: Vernd viðskiptalegrar tjáningar fyrirtækja.
- Trausti Fannar Valsson, lektor: Tengsl upplýsingalaga og annarra laga, valin álitæfni.

Málstofa III:

- Róbert R. Spanó, prófessor: Gæði lagasetningar – lýðræði og lögmætisreglan.
- Ragna Árnadóttir: Hvernig má vanda betur til lagasetningar?
- Hafdís Ólafsdóttir, aðjunkt: Lagasetning – lagasnið.

Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild

Almennt

Aðsókn í nám við Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild Háskóla Íslands var mikil á haustmisseri 2008, bæði í grunnnám og meistaranám.

Í viðskiptafræði stunduðu 362 nemendur meistaranám á haustmisseri 2008, 53 MS-nám í fjármálum fyrirtækja, 104 MS-nám í mannauðsstjórnun, 44 M.Acc.-nám, 49 MS-nám í stjórnun og stefnumótun, 22 MS-nám í viðskiptafræði, 49 MS-nám í markaðs- og alþjóðaviðskipti og 30 nemendur MBA-nám. Í meistaranám í hagfræði voru 86 nýinnritaðir, 22 í almennri hagfræði, 24 í heilshagfræði og 40 í fjármálhagfræði. Á haustmisseri 2008 voru allmörg námskeið í meistaranámi Viðskiptadeildar og Hagfræðideildar einnig í boði hjá Endurmenntun og nokkuð vel sótt.

Eftirfarandi yfirlit lýsir starfsemi deildanna frá 1. júlí 2008 í stórum dráttum Stjórn Viðskiptafræðideildar frá 1. júlí:

- Ingjaldur Hannibalsson tók við starfi deildarforseta Viðskiptafræðideildar 1. júlí og Runólfur Smári Steinþórsson tók við starfi varaforseta.
- Auður Hermansdóttir var ráðin aðjunkt frá 1. september 2008 – 31. ágúst 2010.
- Árelía E. Guðmundsdóttir hlaut framgang úr starfi lektors í starf dósents frá 1. september 2008.
- Inga Jóna Jónsdóttir fékk framgang úr starfi lektors í starf dósents frá 1. október 2008.
- Vigdís W. Bóasson var ráðin lektor 1. ágúst 2008.
- Þráinn Eggertsson var í rannsóknarleyfi á haustmisseri 2008.

Stjórn Hagfræðideildar frá 1. júlí

Gylfi Zoëga var kjörinn deildarforseti Hagfræðideildar frá 1. júlí og Þórólfur Matthíasson varaforseti frá sama tíma.

Skrifstofa

Ekki varð fjölgun á starfsfólki á sameiginlegri skrifstofu Viðskipta- og hagfræðideildar til 30. júní, en þar störfuðu auk skrifstofustjóra og markaðsstjóra þrír starfsmenn í 50% starfi hver og tveir starfsmenn í 75% starfi. Starfsheiti skrifstofustjóra Viðskipta- og hagfræðideildar var breytt í starf deildarstjóra Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar 1. júlí er nýtt stjórnskipulag í Háskóla Íslands tók gildi.

Kennsla og rannsóknir – Viðskiptafræðideild

Nýtt skipulag Háskóla Íslands tók gildi 1. júlí 2008 þegar Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinuðust. Í stað 11 deilda urðu til fimm svið. Viðskipta- og hagfræðideild var skipt í tvær deildir, Viðskiptafræðideild (School of Business) og Hagfræðideild (Faculty of Economics), sem eru á Félagsvísindasviði ásamt Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Lagadeild og Stjórn málafræðideild.

Ákveðið var að Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild rækju áfram sameiginlega skrifstofu og er hún á 1. hæð í Gimli ásamt öðrum deildarskrifstofum Félagsvísindasviðs og skrifstofu sviðsins.

Haustið 2008 hófst kennsla í BS-námi í viðskiptafræði samhliða starfi og voru 6 námskeið kennd á haustmisseri 2008. Jafnframt var í fyrsta skipti boðið upp á stutta námsbraut í þekkingarmiðaðri þjónustustjórnun í samstarfi við Endurmenntun en á ábyrgð deildar.

Haustið 2008 voru 70 ár liðin frá því að kennsla í viðskiptafræði og hagfræði hófst á Íslandi. Var þess minnst með hátíðarsamkomu í Hátíðarsal Háskólans 14. nóvember. Við það tækifæri voru þrjár einstaklingar gerðir að heiðursdoktorum við Viðskiptafræðideild, þeir Hörður Sigurgestsson, Steen Lund-Thomsen og Þórir Einarsson.

Vel gekk að halda úti málstofum og voru þær yfirleitt vel sóttar og jafnframt var góð aðsókn að opinberum fyrirlestrum. Á ráðstefnu í félagsvísindum sem haldin var í lok október voru haldin 44 erindi um viðskiptafræði. Ráðstefnan var haldin í hinu nýja Háskólatorgi og var aðsókn góð. Fjárveiting til viðskiptaskorar/-deildar á árinu 2008 var rúmlega 200 m. kr.

Kennsla og rannsóknir – Hagfræðideild

Í byrjun júlí 2008 varð til sjálfstæð hagfræðideild við Háskóla Íslands. Þetta er fyrsta hagfræðideildin sem starfar sjálfstætt á Íslandi.

Deildin hefur til umræða húsnæði á þriðju hæð Odda en þar er einnig til húsa Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Samlegðaráhrif þess að hafa Hagfræðistofnun innan deildarinnar eru umtalsverð. Starfsmenn stofnunarinnar kenna námskeið innan deildarinnar og stofnunin nýtur þess að vera hluti af Hagfræðideildinni. Doktorsnemar í Hagfræðideild hafa einnig aðstöðu á þriðju hæð Odda.

Umsvif Hagfræðideildar hafa aukist mikið á undanförunum árum. Nemendum hefur fjölgað ár frá ári og nýir kennarar verið ráðnir. Á árinu 2008 hófu störf Tinna Ásgeirsdóttir, lektor í heilsuhagfræði, og Hersir Sigurgeirsson, lektor í fjármála- stærðfræði. Á síðari hluta ársins var síðan auglýst lektorsstaða í umhverfishagfræði.

Námsframboð Hagfræðideildar breyttist ekki mikið frá fyrri árum en áhersla var lögð á að viðhalda gæðum þeirra námsbrauta sem þegar eru fyrir hendi. Mikil reynsla er komin á BS-nám og BA-nám í hagfræði og einnig á kennslu í meistaranámi í hagfræði, fjármálhagfræði og heilsuhagfræði.

Árið 2008 var viðburðaríkt á sviði efnahagsmála og tók Hagfræðideild ríkan þátt í viðbrögðum við áföllunum. Skipulögð málstofuröð var sett á laggirnar um vorið þar sem fyrirlesarar fjölluðu um aðsteðjandi hættur. Þessari fyrirlestraröð var síðan haldið áfram um haustið og þá fjallað um viðbrögð við bankagjaldþrotunum í október. Á árinu 2008 var fjárveiting til hagfræðiskorar (síðar Hagfræðideildar) rúmlega 68 m. kr.

Útgáfa

Sérútgáfa Tímarits um viðskipti og efnahagsmál var gefin út árið 2008 til heiðurs Guðmundi K. Magnússyni prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands.

Ráðstefnur, málstofur, erlendir fyrirlesarar og heimsóknir – Viðskiptafræðideild 14. nóvember var haldið upp á að 70 ár voru liðin frá upphafi kennslu í viðskiptafræði og hagfræði með veglegri afmælishátíð í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Nokkrir gestakennarar voru við kennslu á árinu 2008

J. Duchac, Merrill Lynch prófessor of Accounting, frá Wake Forest University kenndi námskeið í M.Acc.-námi um reikningsskilatækni fjármálagerninga og eiginfjárgerninga: Alþjóðareikningsskilastaðall nr. 39 (IAS 39) á haustmisseri. Þrjár danskir prófessorar, Kim Klarskov Jeppesen, Thomas Johansen, Caroline Aggestam Pontoppidan kenndu námskeið í M.Acc.-námi á haustmisseri 2008. 24. október. Ráðstefnan Rannsóknir í félagsvísindum IX – Þjóðarspejillinn haldin. 20. nóvember. Sveinn Margeirsson, deildarstjóri Matis ehf., hélt erindið: Hámarkun afraksturs virðisþéttu sjávarafurða.

Ráðstefnur, málstofur, erlendir fyrirlesarar og heimsóknir – Hagfræðideild

Almennar málstofur:

- 18. ágúst Jón Steinsson, kennari við Columbia-háskóla, hélt erindi: Um stöðu efnahagsmála.
- 28. ágúst Ching-to Albert, prófessor við Boston University, hélt erindi um rekstur heilbrigðisþjónustu.
- 22. september Anna Gunnþórsdóttir, gestakennari við Hagfræðideild, hélt erindið: Um notkun leikjafræði í viðskiptum, stjórnmálum og í daglegu lífi.

- 23. október Erling Steigum, prófessor við Norwegian School of Management, hélt erindið: Bankakreppan á Norðurlöndum í upphafi tíunda áratugarins.
- 23. október Sigríður Benediktsdóttir, kennari við Yale-háskóla, hélt erindið: Markaðsvakar í kauphöllinni í New York.
- 24. október Ráðstefnan Rannsóknir í félagsvísindum IX – Þjóðarspejillinn haldin.
- 30. október Snorri H. Guðmundsson hélt erindið: Miðlægur hagkerfisgrunnur yfir Ísland, Eurostat, og OECD.
- 31. október Jón Daníelsson, kennari við London School of Economics, hélt erindið: Fjármálakreppan í útlöndum: Orsakir, staða mála og líkleg framtíðarþróun.
- 4. nóvember Jaakko Kiander, prófessor við Helsinki University, hélt erindið: Reynsla Finna af bankakreppunni í upphafi tíunda áratugarins.
- 6. nóvember Vífill Karlsson, doktorsnemi við Hagfræðideild, hélt erindið: Sóknarmunstur og kvótakerfið: Landfræðileg blæbrigði kvótakerfisins.
- 14. nóvember Robert Aliber, prófessor við Chicago-háskóla, hélt erindið: Verðbólur í heiminum og heimskreppur.
- 21. nóvember Claire Armstrong, prófessor í fiskihagfræði við Norwegian College of Fishery Science, University of Tromsø í Noregi, hélt erindið: Fishing on cold water coral reefs: A bioeconomic model of habitat-fishery connections.

Verðlaun, viðurkenningar og styrkir

Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild, með stuðningi Hollvinafélags deildarinnar, veittu verðlaun fyrir góðan námsárangur á árinu 2008.

Ólafur Garðar Halldórsson nemandi í BS-námi í hagfræði fékk verðlaun fyrir hæstu meðaleinkunn að loknum prófum á 1. ári í nóvember 2008.

Kaupþing veitti Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild 5 milljóna króna styrk á árinu 2008 og Bakkavör veitti Viðskiptafræðideild 5 milljóna króna styrk.

Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands varð til með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sem gekk í gildi 1. júlí 2008. Við sameiningu skólanna undir nafni Háskóla Íslands var hinum nýja skóla skipt í fimm fræðasvið og er Heilbrigðisvísindasvið eitt þeirra. Innan sviðsins eru fjórar af deildum Háskóla Íslands skv. eldra skipulagi: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild og Tannlæknadeild. Auk þeirra eru innan Heilbrigðisvísindasviðs tvær deildir sem urðu til sem sjálfstæðar deildir við skipulagsbreytinguna: Matvæla- og næringarfræðideild og Sálfræðideild.

Í árslok 2008 stunduðu um 2.000 nemendur nám á Heilbrigðisvísindasviði, þar af 438 framhaldsnám. 1.305 starfsmenn voru starfandi við Heilbrigðisvísindasvið, þar af voru stundakennarar tæplega 1000. Á árinu 2008 voru 57 prófessorar, 74 dósentar, 42 lektorar og 100 aðjúntar auk 996 stundakennara við störf hjá deildum Heilbrigðisvísindasviðs. Í árslok störfuðu 35 manns í stoðþjónustu á deildarskrifstofum, á klíník og á rannsóknastofum.


Starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs er mjög dreifð um háskólasvæðið og er alls á 13 mismunandi stöðum, allt frá Haga á Hofsvallagötu að Eirbergi við Eiríksgötu. Með tilkomu Heilbrigðisvísindasviðs er ráðgert að ákveðinn hluti stoðþjónustu færist til miðlægrar skrifstofu sviðsins, en áfram verði veitt þjónusta í deildum og verður tekin ákvörðun um verkaskiptingu milli sviðs og deilda í fyrirhugaðri stefnumótun Heilbrigðisvísindasviðs.

Í september 2008 var tilkynnt um að Sigurður Guðmundsson, þáverandi landlæknir, hefði verið ráðinn í starf forseta Heilbrigðisvísindasviðs og tók hann við starfinu 1. nóvember.

Sigurður lauk læknaprófi frá Læknadeild Háskóla Íslands árið 1975 og doktorsprófi frá sömu deild 1993. Sérmenntun sína í lyflækningum og smitsjúkdómum sótti Sigurður til háskólasjúkrahússins í Madison í Wisconsin í Bandaríkjunum. Skv. erindisbréfi starfar forseti fræðasviðs í umboði rektors, er yfirmaður sviðsins, stýrir daglegri starfsemi og er akademískur leiðtogi þess. Við ráðningu

Fremsti” hluti sjónkerfisins: Augað

ÁTÉ: MIKIÐ AF SÁRSAUKANEMUM – VIÐKVÆMT



forseta var gerð krafa um prófessorshæfi, leiðtogaþæfileika, metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn, ríka samskiptahæfni auk víðtækrar reynslu af stjórnun og stefnumótun. Forseti fræðasviðs ber m.a. ábyrgð á

- útfærslu stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs
- öflugri liðsþétt og faglegu samstarfi
- tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu
- stjórnáslu og stoðþjónustu fræðasviðsins
- fjármálum og rekstri fræðasviðs og stofnana sem heyra undir það starfsmannamálum

Vilborg Loftsdóttir hóf störf sem rekstrarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs 1. nóvember. Vilborg er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með MBA-gráðu frá Cass University í London og MPM-gráðu í verkefnastjórnun frá Háskóla Íslands. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun stoðþjónustu sviðsins í samráði við forseta. Helstu verkefni rekstrarstjóra eru

- stjórnun og daglegur rekstur
- umsjón með fjármálum sviðsins
- umsjón með starfsmannamálum
- umsjón með málefnum kennslu
- þjónusta við rannsóknir kennara
- markaðs- og kynningamál
- málefni erlendra nemenda og starfsmanna
- umsjón með upplýsingatæknimálum
- almenn þjónusta við nemendur og kennar o.fl.

Frá 1. nóvember 2008 til áramóta voru forseti og rekstrarstjóri einu starfsmennirnir á skrifstofu sviðsins, sem til bráðabirgða er staðsett í húsnæði Tannlæknaeildar á annarri hæð Læknagarðs. Áhersla var lögð á að hitta starfsmenn sviðsins og áttu forseti og rekstrarstjóri fundi með einstökum starfsmönnum, starfsmannahópum, sátu deildarfundi og heimsóttu deildir, námsbrautir og rannsóknastofur til þess að kynna hugmyndir um uppbyggingu hins nýja Heilbrigðisvísindasviðs, en ekki síður til að heyra hugmyndir starfsmanna um uppbyggingu sviðsins. Einnig var hafist handa við undirbúningvinnu vegna fyrirhugaðrar stefnumótunar Heilbrigðisvísindasviðs og kynnt drög að nýju skipuriti.

Geisla- og lífeindafræði

Stjórn og starfsfólk

Innan námsbrautar í geisla- og lífeindafræði eru tvær námsbrautir/skorir, önnur í geislafræði og hin í lífeindafræði. Þar eru sex fastráðnir kennarar, Martha Á. Hjálmarsdóttir gegndi formennsku í námsbrautinni og stjórnun í lífeindafræði og Dána Óskarsdóttir var varaformaður og stjórnandi í geislafræði.

Aðsetur

Haustið 2008 flutti námsbrautin í Stapa, sem var uppgert og endurskipulagt fyrir starfsemi geislafræði, lífeindafræði, sjúkráþjálfunar og lýðheilsu. Húsnæðið hýsti áður Félagstofnun stúdenta. Mikil bót var að því að komast úr fámenninu í Ármúla á háskólasvæðið og gagnast það nemendum og kennurum vel að vera komin í hringiðuna. Í Stapa eru nú góðar rannsóknastofur til verkkenndu og öll aðstaða til fyrirmyndar.

Kennsla

Kennsla í geislafræði og lífeindafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-gráðu vorið 2008. Í haust hófst kennsla á framhaldsstigi og munu fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifast vorið 2009, en það veitir réttindi til að sækja um starfsleyfi sem geislafræðingur eða lífeindafræðingur eftir því sem við á. Í grunnnámi eru samkeppnispróf um áframhaldandi nám eftir fyrsta misseri og var hámarksfjöldi nemenda aukinn á árinu, í geislafræði úr 10 í 15 og í lífeindafræði úr 15 í 20. Námsbraut í lífeindafræði er í Nordplus-samstarfsneti, BIONord, og voru meginviðfangsefni nemenda- og kennaraskipti, uppsetning kennslunets í blóðmeinafræði og aðferðir við námsmat.

Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar stunda fóru að mestu fram á Landspítalanum og Röntgen Domus. Lagt var stund á rannsóknir á beinþéttimælingum, geislameðferð og tölvusneiðmyndum, storkurannsóknir og rannsóknir í

sýklafræði. Í sýklafræði var ásamt sameindafaraldsfræði unnið í samvinnu við Lyfjafræðideild. Nemendur voru hins vegar enn ekki komnir það langt í námi að þeir væru farnir að takast á við rannsóknaverkefni.

Sjúkrþjálfun

Stjórn og starfsfólk

Árið 2008 störfuðu átta fastráðnir kennarar við námsbrautina, fjórir dósentar í 100% stöðu, og fjórir lektorar, einn í 100% stöðu, einn í 75% stöðu og tveir í 50% stöðu. Tveir aðjúnktar störfuðu einnig við námsbrautina. Árni Árnason dósent gegndi formennsku námsbrautarinnar á haustmisseri. Eitt 100% stöðugildi var við stjórnsýslu námsbrautarinnar og gegndi Ásta Guðjónsdóttir því starfi. Deildarforseti Læknadeildar, Stefán B. Sigurðsson, var áheyrnarfulltrúi á námsbrautarfundum. 25 nemendur voru teknir inn á fyrsta ári haustið 2008. Nánari upplýsingar um starf námsbrautar í sjúkrþjálfun er að finna undir kafla um deildir.

Hjúkrunarfræðideild

Í árslok 2008 störfuðu við Hjúkrunarfræðideild 10 prófessorar, sex dósentar, 14 lektorar, tveir í 50% stöðum nýrra aðjúnkta og 18 aðjúnktar samkvæmt gamla laginu. Auk þess komu um 360 stundakennarar að kennslu við deildina á árinu. Á skrifstofu deildarinnar störfuðu 6 starfsmenn. Samtals voru liðlega 25 stöðugildi fastráðinna kennara, tæplega fimm við stjórnsýslu deildarinnar og hálf tveir við verknámsstofu deildarinnar.

Undir lok árs lét Þórana Elín Dietz af störfum við deildina og hóf störf á miðlægrri skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs. Þórana hafði leyst Rósu Guðrúnu Bergþórsdóttur, skrifstofu- og rekstrarstjóra, af í leyfi hennar og sneri Rósa aftur til fyrri starfa að því loknu. Einnig lét Kristín Jónasdóttir verkefnisstjóri af störfum við deildina. Ekki var ráðið í hennar starf en stefnt er að því að stjórnskipulagsbreytingar sem urðu um mitt árið muni léttast störf deilda til lengri tíma lítið.

Þar sem starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs fór af stað síðla árs var ákveðið að beiðni deildarinnar að hafa frásögn af starfsemi hennar í heilu lagi undir kaflanum Hjúkrunarfræðideild og stofnanir hennar, sjá hér að framan.

Sálfræðideild

Sálfræðideild var stofnuð 1. júlí 2008. Fyrsti deildarforseti var kjörinn Jörgen L. Pind og varadeildarforseti Árni Kristjánsson.

Við deildina starfa fimm prófessorar, fjórir dósentar, tveir lektorar og tveir aðjúnktar. Hinn 1. ágúst var Urður Njarðvík ráðin lektor og 1. nóvember hlaut Einar Guðmundsson framgang í stöðu prófessors.

Skrifstofur kennara Sálfræðideildar eru í Odda og Aragötu 14. Þeir sem höfðu ekki skrifstofu í Odda fluttu í Aragötu. Einn kennari sem hafði skrifstofu í Odda flutti í Aragötu. Skrifstofa Sálfræðideildar er í Gimli. Deildarstjóri er Ingiríður Þórisdóttir.

Kennarafundir voru haldnir vikulega að jafnaði og deildarfundir einu sinni í mánuði. Deildarfundir sátu fastir kennarar, aðjúnktar og þrír fulltrúar nemenda, fulltrúi BA-nema, fulltrúi cand.psych.-nema og fulltrúi MA-nema.

Fjöldi nýnema var u.þ.b. 220, sem er fjölgun frá fyrra ári. Námskipan í Sálfræði - deild er óbreytt. Sálfræði er hægt að taka til BA-prófs, bæði til 180 eininga og 120 eininga.

20 nemendur voru teknir inn í cand.psych.-nám og fimm í einstaklingsbundið MA-nám. Þrír doktorsnemar eru í deildinni.

Málstofur Sálfræðideildar voru fimm á haustmisseri. Fyrirlesarar voru Jón Grétar Sigurjónsson, doktorsnemi, Anna Heide Gunnþórsdóttir, Eiríkur Örn Arnarson, Jörgen L. Pind og Árni Kristjánsson. Kennarar í Sálfræðideild tóku þátt í þjóðarspeglinum 28. október og fluttu þar erindi.

Tannlæknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Inga B. Árnadóttir hefur setið sem forseti Tannlæknadeildar frá 1. maí 2006 og á árinu tók Peter Holbrook prófessor við sem varadeildarforseti. Fastráðnir kennarar eru tveir prófessorar, sex dósentar og átta lektorar í tæplega 13 stöðugildum auk nokkurra stundakennara. Við deildina starfar deildarstjóri á skrifstofu, tanntæknir sem deildarstjóri á aðgerðarstofum ásamt 4 tanntæknum og tannsmíðameistara í rúmlega 5 stöðugildum. Tannlæknadeild hefur umsjón með verklegri þjálfun tanntæknanema ásamt fræðilegum fyrirlesturum í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Ármúla. Frá og með 1. júlí 2008 er Tannlæknadeild ein af sex deildum Heilbrigðisvísindasviðs og á haustmánuðum 2008 varð breyting á húsakynnum Tannlæknadeildar í Læknagarði er skrifstofa Heilbrigðisvísindasviðs tók til starfa með aðstöðu í húsakynnum deildarinnar.

Erla Jóhannsdóttir og Jumara Rocha Fortes tanntæknar hófu störf við Tannlæknadeild haustið 2008.

Kynningarstarfsemi

Vegna rannsóknarsamstarfs Tannlæknadeildar Háskóla Íslands og Háskólans í Dundee í Skotlandi komu Chris Longbottom og Nigel Pitts í nóvember sem gestafyrirlesarar og héldu fyrirlestur í húsakynnum Tannlæknadeildar.

Árlegur vetrarfundur Tannlækningastofnunar um rannsóknir í tannlæknisfræðum var haldinn í desember eins og mörg undanfarin ár þar sem nemendur og kennarar kynna áhugaverð tilfelli og rannsóknir sínar.

Deildarforsetar tannlæknadeilda á Norðurlöndunum sóttu okkur heim í nóvember og héldu hér sinn árlega fund.

Unnið hefur verið í þarfagreiningu á húsnaði Tannlæknadeildar í nýbyggingu LSH og inni í Fossvogi var sett upp tannlæknaþæki í desember á HNE þar sem stefnt er að aukinni samvinnu. Peter Holbrook prófessor og Guðmundur Á. Björnsson lektor eru báðir ráðnir í samhliða stöðu á LSH og lítur Tannlæknadeild björtum augum til meiri samvinnu við LSH.

Kennslumál

Á haustmisseri 2008 eru skráðir 83 stúdentar í nám við Tannlæknadeild, fjórir meistaranemar (þrjú tanntæknar og einn líffræðingur) í tannlæknisfræðum, 64 namar í tannlækningum, sjö namar í tannsmíðanámi og átta namar í tanntækna-námi. Stefnt er að því að tannsmíðanámi verði 90 eininga BS-nám á háskólastigi haustið 2009 og einnig er unnið að því að hefja nám í tannfræði fljótlega og er nefnd að vinna ötullega að því, svo og að stefnu Tannlæknadeildar um að mennta saman allar stéttir sem vinna að munnheilsu.

Fjöldi nýnema í tannlækningum er 33 og skiptist í sjö pílta og 26 stúlkur og eftir samkeppnispróf eru alls 38 namar 12 piltar og 26 stúlkur. Á undanförunum árum hefur aðsókn að Tannlæknadeild aukist og eru nú fleiri sem reyna við samkeppnisprófin en áður. Sjö nemendur eru nú teknir inn í deildina á ári. Í stefnu Tannlæknadeildar er eitt af markmiðunum að efla framhaldsnám við deildina og útskrifa tvo til þrjú nema á ári.

Í sameiginlegri rannsóknanámsnefnd Læknadeildar, Tannlæknadeildar og Lyfjafræðideildar situr Ellen Flosadóttir dósent sem fulltrúi Tannlæknadeildar.

Hugvísindasvið

Með skipulagsbreytingum á Háskóla Íslands, sem í gildi gengu 1. júlí 2008, runnu tvær af fyrrverandi deildum skólans, Guðfræðideild og Hugvísindadeild, saman í eitt svið, Hugvísindasvið. Sú fyrrnefnda er áfram deild innan hins nýja sviðs: Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, en úr fyrrverandi skorum Hugvísindadeildar urðu til þrjár deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (úr enskuskor, skor rómanska, slavneskra og klassískra mála og skor þýsku og Norðurlandamála), Íslensku- og menningardeild (úr íslenskuskor og bókmenntafræði- og málvísindaskor) og Sagnfræði- og heimspekideild (úr heimspekiskor og sagnfræðiskor).



Háskólaárið 2007-2008 var mikil vinna lögð í undirbúning þessara skipulagsbreytinga. Fyrir lok þess háskólaárs var jafnframt orðið ljóst hverjir yrðu forsetar og varaforsetar deildanna fjögurra á Hugvísindasviði frá og með 1. júlí 2008:

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Hjalti Hugason deildarforseti og Pétur Pétursson varadeildarforseti.

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: Júlían Meldon D'Arcy deildarforseti og Ásdís Rósa Magnúsdóttir varadeildarforseti.

Íslensku- og menningardeild: Eiríkur Rögnvaldsson deildarforseti og Gottskálf Jensson varadeildarforseti.

Sagnfræði- og heimspekideild: Eggert Þór Bernharðsson deildarforseti og Vilhjálmur Árnason varadeildarforseti.

Ekki hafði verið gengið frá ráðningu sviðsforseta þegar hið nýja svið varð formlega til, og gegndu fyrrverandi deildarforsetar, Hjalti Hugason (Guðfræðideild) og Oddný Sverrisdóttir (Hugvísindadeild), þeim stjórnunarskyldum sem sinna þurfti fram í miðjan septembermánuð. Raunar miðaðist haustbrautskráning, þann 25. október, við fyrrverandi deildaskipulag skólans og brautskráðu þau Hjalti og Oddný stúdenta á sviði hugvísinda við þá athöfn.

Þann 9. september tilkynnti rektor um ráðningu fimm nýrra sviðsforseta. Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennri bókmenntafræði, var ráðinn forseti Hugvísindasviðs og tók hann til starfa 15. september.

Stjórn sviðsins – þ.e. sviðsforseti og deildarforsetar – hittust í fyrstu á reglulegum en óformlegum fundum, þar eð stúdentar höfðu ekki valið sinn fulltrúa í stjórnina. Á þessum tíma voru reglur Háskóla Íslands í endurskoðun, en við stjórnun á sviðinu var tekið mið (auk eldri reglna) af eftirfarandi skýrslum og skjölum: „Um stöðu mála í kjölfar nýrra laga um opinbera háskóla“ (26. júní 2008), „Lokatillögur starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands“ (samþ. á háskólafundi 19. okt. 2007 og í háskólaráði 23. okt. 2007), og „Verkaskipting, stoðþjónusta og stjórnábyrging í nýju skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands“ (samþ. í háskólaráði 6. mars 2008).

Þegar töf varð á því að stúdentar tilnefndu fulltrúa sinn í stjórn var ákveðið að hefja formlega fundi stjórnar (fyrsti formlegi fundurinn var haldinn 11. nóv. 2009). Rekstrarstjóri sat fundi eftir þetta og ritaði fundargerð. Jafnframt var gripið til þess ráðs að fá fulltrúa stærsta nemendafélagsins á sviðinu (Mímis, félags íslenskunema), Kristínu Pétursdóttir, til að taka að sér að vera fulltrúi stúdenta fyrst í stað. Sat hún fundi frá og með fyrsta formlega fundi.

Skipulagsbreytingarnar höfðu til að byrja með ekki mikil áhrif á kennslustarf í greinum á sviðinu. En umtalsverðar breytingar urðu hins vegar á sviði stjórnsýslu og þjónustu á misserinu. Allir þeir sex starfsmenn sem unnið höfðu á skrifstofum Guðfræðideildar og Hugvísindadeildar voru ráðnir til áframhaldandi starfa. Starf rekstrarstjóra var auglýst og sóttu margir hæfir einstaklingar um það starf. Óskar Einarsson, sem verið hafði skrifstofu- og rektstrarstjóri Hugvísindadeildar, var ráðinn til starfans. Ásdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri Guðfræðideildar, var ráðin sem skrifstofustjóri og verkefnastjóri til áramóta, en jafnframt ákveðið að hún tæki við nýju starfi kennslustjóra Hugvísindasviðs um áramót (og yrði þó jafnframt verkefnastjóri Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar). Sigrún Sigríðardóttir, sem starfað hafði á skrifstofu Hugvísindadeildar, var ráðin til að sinna móttöku, skráningu og fleiri samskiptamálum á Hugvísindasviði. Starf Margrétar Guðmundsdóttur, verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, var óbreytt. Guðrún Birgisdóttir, fyrrverandi alþjóða- og kynningarfulltrúi Hugvísindadeildar, var ráðin verkefnastjóri alþjóðamála, en hún mun einnig starfa áfram að kynningarmálum. Hlíf Arnlaugsdóttir, sem einnig var á skrifstofu Hugvísindadeildar, var ráðin verkefnastjóri og starfssvið hennar tekur til stundatöflu-, húsnæðis- og brautskráningarmála. Ingibjörg Þórisdóttir, fyrrverandi verkefnastjóri í Hugvísindadeild, var ráðin verkefnastjóri framhaldsnáms og verkefnastjóri Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, en auk þess mun hún sinna fleiri verkefnum á vegum sviðsforseta. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir á skrifstofuna. Margrét Hilmsdóttir var ráðin sem verkefnastjóri Íslensku- og menningardeildar og Sagnfræði- og heimspekideildar (en jafnframt var ákveðið að Ásdís Guðmundsdóttir og Ingibjörg Þórisdóttir yrðu henni innan handar í því starfi fyrstu mánuðina). Sigurjón Ólafsson var ráðinn kynningar- og vefstjóri sviðsins. Jafnframt var ákveðið að ráða rannsóknastjóra sviðsins (sem jafnframt yrði starfsmaður Hugvísindastofnunar), en ákveðið að bíða með þá ráðningu til vormisseris 2009.

Skrifstofustarfsemi Hugvísindasviðs fór fram á tveimur stöðum: Ásdís Guðmundsdóttir var áfram í Aðalbyggingu en aðrir starfsmenn í Gimli: Margrét Guðmundsdóttir var með aðstöðu þar á þriðju hæð en aðrir á skrifstofugangi á jarðhæð. Ljóst var að sá skrifstofugangur var of lítill til að hýsa skrifstofu- og stjórnsýslustarfsemi sviðsins til frambúðar. Að fengnu samþykki rektors var því ákveðið að fá nýtt heildstætt húsnæði fyrir skrifstofuna, á 3. hæð Aðalbyggingar (norðurálmú, vestanmegin). Það húsnæði var teiknað skv. óskum sviðsins og hófust framkvæmdir á misserinu. Fyrirsjáanlegt var að þegar stjórnsýslu- og skrifstofustarfsemi sviðsins yrði öll komin á einn stað og ráðið hefði verið í öll störf, ætti þjónusta í öllum þáttum starfseminnar á sviðinu að geta eflst til muna.

Nýtt starf prófessors í íslenskum miðaldafræðum

Í lok ársins var gengið frá ráðningu Torfa H. Tulinius í starf prófessors í íslenskum miðaldafræðum við Háskóla Íslands og verður hann jafnframt umsjónarkennari MA-náms í Medieval Icelandic Studies, sem er þverfræðilegt framhaldsnám í íslenskum fræðum ætlað erlendum nemendum. Þetta er nýtt starf sem markar tímamót í kennslu á sviði íslenskra miðaldafræða við Háskóla Íslands. Námsbrautin hefur aðsetur í Íslensku- og menningardeild en námið er þverfaglegt og teygir sig yfir í greinar í öðrum deildum, ekki síst sagnfræði. Torfi hefur gegnt starfi fasts kennara í frönsku frá 1988, en frá 2002 hefur hann verið prófessor í frönsku og miðaldabókmenntum.

Fyrsti kvenprófessor í guðfræði

Á árinu urðu tímamót í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild er Arnfríður Guðmundsdóttir fékk framgang í starf prófessors í trúfræði við deildina. Hún er fyrsta konan til að gegna stöðu prófessors við deildina. Arnfríður lagði stund á guðfræðinám við Guðfræðideild Háskóla Íslands og lauk embættisprófi þaðan árið 1986. Síðan stundaði hún doktorsnám í guðfræði við University of Iowa, University of Chicago og Lutheran School of Theology at Chicago en þar lauk Arnfríður doktorsprófi í guðfræði árið 1996. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að trúfræði með áherslu á Kristsfræði og femíníska guðfræði.

Kennarastörf

- Um haustið var gengið frá ráðningu Rúnars Helga Vignissonar í starf lektors í ritlist og Æsu Sigurjónsdóttur í starf lektors í listfræði.
- Birna Arnbjörnsdóttir fékk framgang úr starfi dósents í starf prófessors í ensku.
- Randi Benedikte Brodersen hóf störf í nóvember sem lektor í dönsku máli.
- Ármann Jakobsson fékk framgang úr starfi lektors í starf dósents í íslenskum miðaldabókmenntum.
- Erla Erlendsdóttir fékk framgang úr starfi lektors í starf dósents í spænsku.
- Sveinn Yngvi Egilsson fékk framgang úr starfi dósents í starf prófessors í íslenskum bókmenntum.
- Kaijie Yuan hóf störf sem sendikennari í kínversku og sem starfsmaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Verðlaun og vegsaukar starfsmanna

Í nóvember hlaut Ástráður Eysteinnsson, prófessor í bókmenntafræði og forseti Hugvísindasviðs, alþjóðleg bókaverðlaun Modernist Studies Association.

Ástráður hlaut verðlaunin fyrir verkið *Modernism*, sem kom út á síðasta ári. Verðlaunin eru veitt árlega á þingi Modernist Studies Association (MSA), sem eru ein helstu samtök á sviði bókmenntafræði á Vesturlöndum. Ástráður hlaut verðlaunin ásamt meðritstjóra sínum, Vivian Liska, sem er prófessor í þýskum bókmenntum við Antwerpenháskóla í Belgíu.

Á háskólahátíð laugardaginn 25. október sl. var þremur starfsmönnum Háskóla Íslands veitt viðurkenning fyrir lofsverðan árangur í starfi. Viðurkenningu hlaut m.a. Höskuldur Þráinsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs, fyrir framlag til vísinda. Álfrún Gunnlaugsdóttir, fyrrverandi prófessor í almennri bókmenntafræði, hlaut tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, fyrir skáldsögu sína Rán. Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki, hlaut einnig tilnefningu í flokki fræðibóka og almenns efnis fyrir bók sína: *Farsælt líf, réttlátt samfélag*. Kenningar í síðfræði. Ármann Jakobsson, lektor í íslenskum bókmenntum við Íslensku- og menningardeild, fékk verðlaun Dags Strömbäckis og voru þau afhent við hátíðlega athöfn í Uppsölum í nóvember. Verðlaunin veitir konunglega Gustav Adolfs akademían í Uppsölum fyrir framlag til íslenskra og norræna fræða.

Þann 18. desember var úthlutað úr sjóðnum Gjöf Jóns Sigurðssonar. Alls voru veittar 12 viðurkenningar og þrjár féllu í skaut kennurum Hugvísindasviðs. Bókin Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula hlaut 700 þús kr. styrk en höfundar hennar eru prófessor Jón Ma. Ásgeirsson úr Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og Þórður Ingi Guðjónsson íslenskufraeðingur á Árnastofnun. Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki, hlaut 400.000 kr. styrk fyrir ritin Tveggja manna tal og Frjálsir andar. Ótímabærar hugleiðingar um sannleika, siðferði og trú. Loks hlaut Ragnheiður Kristjánsdóttir, aðjunkt í Sagnfræði- og heimspekideild, 600 þús. kr. styrk fyrir doktorsritgerð sína: Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalyðsstjórnarmál 1901-1944. Áætlað er að doktorsvörn Ragnheiðar fari fram 6. febrúar 2009.

Þrjú rit, skrifuð af kennurum á Hugvísindasviði, hlutu tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis 2008: Doktorsritgerð Ragnheiðar Kristjánsdóttur, aðjunktis í sagnfræði, Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalyðsstjórnarmál 1901-1944, bókin Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula eftir Jón Ma. Ásgeirsson, prófessor í guðfræði, og Þórð Inga Guðjónsson, íslenskufraeðingur á Árnastofnun og bókin Farsælt líf, réttlátt samfélag. Kenningar í siðfræði eftir Vilhjálm Árnason, prófessor í heimspeki.

Menntavísindasvið

Við skipulagsbreytingar í Háskóla Íslands árið 2008 var ákveðið að Kennaraháskóli Íslands skyldi mynda stofninn að einu hinna fimm fræðasviða Háskólans, þ.e. Menntavísindasviði. Í Ársskýrslu Kennaraháskóla Íslands fyrir árið 2008 er gerð grein fyrir síðasta hálfu árinu í starfi skólans sem sjálfstæðrar stofnunar og fyrstu mánuðum hinnar nýju tilveru hans sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Vísað er í þá skýrslu til frekari upplýsinga um starfsemi Menntavísindasviðs.

Til að undirbúa fyrsta háskólaár hins sameinaða skóla þurfti að taka ýmsar ákvarðanir áður en að formlegri sameiningu kom 1. júlí 2008. Þannig var t.d. gengið frá sameiginlegri kennsluskrá fyrir háskólaárið 2008–2009. Einnig var deildaskipting frá hausti 2008 ákveðin og skipaðir deildarforsetar. Jafnframt var lögð áhersla á að viðhalda þverfaglegu starfi sem tíðkaðist í Kennaraháskólanum. Kennarar Menntavísindasviðs eru því ekki ráðnir að einstökum deildum heldur að sviðinu.

Á vormánuðum 2008 var ákveðið að framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Kennaraháskóla Íslands tæki við nýju starfi í miðlægrri stjórnslu Háskóla Íslands. Auglýst var eftir rekstrarstjóra í samræmi við áætlanir um nýtt skipulag Háskóla Íslands eftir sameininguna. Kristín Indriðadóttir var ráðin rekstrarstjóri frá miðjum júní 2008.

Yfirmenn fræðasviðanna, forsetar þeirra, voru ekki ráðnir til starfa fyrr en í september. Að ósk menntamálaráðherra tók Ólafur Proppé, fráfarandi rektor Kennaraháskóla Íslands, að sér að stjórna starfsemi Menntavísindasviðs þar til forseti sviðsins var ráðinn. Jón Torfi Jónasson prófessor kom til starfa í september sem fyrsti forseti Menntavísindasviðs.

Við sameiningu skólanna breyttist námsskipulagið þannig að náminu var skipað í þrjár deildir. Hinar nýju deildir eru: Kennaradeild, deildarforseti Anna Kristín Sigurðardóttir, Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, deildarforseti Erlingur S. Jóhannsson og Uppeldis- og menntunarfræðideild, deildarforseti Hanna Ragnarsdóttir.

Doktorsnám á Menntavísindasviði er í boði þvert á deildir sviðsins. Umsjón með doktorsnámi hefur Allyson Macdonald prófessor.

Nám og kennsla á Menntavísindasviði

Á Menntavísindasviði er boðið fjölbreytt grunn- og framhaldsnám fyrir þær stéttir sem stunda kennslu, uppeldis-, umönnunar- og þjálfunarstörf. Í öllu námi við Menntavísindasvið eru sterk tengsl við starfsveitvang þeirra stétta sem sviðið menntar, s.s. skóla og aðrar stofnanir samfélagsins.

Í október 2008 voru 2296 nemendur skráðir til náms á Menntavísindasviði, 1548 í grunnnámi og 748 í framhaldsnámi, þar af 26 í doktorsnámi. Nánar um skiptingu nemendahópsins má sjá í Ársskýrslu Kennaraháskóla Íslands 2008. Nemendur við Kennaraháskóla Íslands hafa um árabíl rekið stúdentafélag sem sinnir hagsmunum þeirra. Árið 2008 var unnið að sameiningu félagsins við Stúdentaráð Háskóla Íslands.





Kennaradeild

Í Kennaradeild eru fjórar námsbrautir:

Leikskólakennarafræði B.Ed. Námsbrautarstjóri Kristín Karlsdóttir.

Grunnskólakennarafræði B.Ed. Námsbrautarstjóri Kristín Jónsdóttir.

Náms- og kennslufræði M.Ed. Námsbrautarstjóri Hafþór Guðjónsson.

Kennsluréttindánám. Námsbrautarstjóri Hróbjartur Árnason.

Í Kennaradeild er eftirtalið nám í boði:

- B.Ed.-nám í leikskólakennarafræði, 180 einingar, fjarnám eða staðnám.
- B.Ed.-nám í grunnskólakennarafræði, 180 einingar, fjarnám eða staðnám.
- Viðbótarnám í leikskólakennarafræði til B.Ed.-gráðu, 30 einingar, fjarnám eða staðnám.
- Viðbótarnám fyrir starfandi leik- og grunnskólakennara, leiðir ekki til háskólagráðu, fjarnám eða staðnám.
- M.Ed.-nám í náms- og kennslufræði, 120 einingar, sveigjanlegt nám. Innan námsbrautarinnar gefast fjölbreytt tækifæri til sérhæfingar.
- Kennsluréttindánám á bakkalárstigi, 60 einingar, fjarnám.
- Kennsluréttindánám á meistarastigi, 60 einingar, sveigjanlegt nám.

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Í Íþróttá- tómsunda- og þroskaþjálfadeild eru þrjár námsbrautir:

Íþróttá- og heilsuþbraut. Námsbrautarstjóri Kári Jónsson.

Þroskaþjálfabaut. Námsbrautarstjóri Vilborg Jóhannsdóttir.

Tómsundabaut. Námsbrautarstjóri Árni Guðmundsson.

Í Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild er eftirtalið nám í boði:

- B.Ed.-nám í íþróttá- og heilsufræði, 180 einingar, staðnám.
- BS-nám í íþróttá- og heilsufræði, 180 einingar, staðnám.
- BA-nám í tómsunda- og félagsmálafræði, 180 einingar, fjarnám eða staðnám.
- BA-nám í þroskaþjálfufræði, 180 einingar, fjarnám eða staðnám.
- Viðbótarnám í íþróttá- og heilsufræði til BS-gráðu, 60 einingar, staðnám.
- Viðbótarnám í þroskaþjálfufræði til BA-gráðu, 30 einingar, fjarnám eða staðnám.
- Viðbótarnám fyrir starfandi þroskaþjálfara, leiðir ekki til háskólagráðu, fjarnám eða staðnám.
- M.Ed.-nám í íþróttá- og heilsufræði, 120 einingar, sveigjanlegt nám.
- MS-nám í íþróttá- og heilsufræði, 120 einingar, sveigjanlegt nám.
- M.Ed.-nám í tómsunda- og félagsmálafræði, 120 einingar, sveigjanlegt nám.
- M.Ed.-nám í þroskaþjálfufræði, 120 einingar, sveigjanlegt nám.

Í meistaranámi í þroskaþjálfufræði býðst tvenns konar sérhæfing: stjórnun og forysta og þjónusta við börn annars vegar og fullorðna og aldraða hins vegar.

Á þroskaþjálfabaut hefur frá árinu 2007 boðist starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Um er að ræða tilraunaverkefni og veitir námið ekki háskólagráðu heldur viðurkenningu.

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild eru þrjár námsbrautir:

- Menntunarfræði. Námsbrautarstjóri er Ólafur Páll Jónsson.
- Sérkennslufræði. Námsbrautarstjóri er Dóra S. Bjarnason.
- Menntastjórnun og matsfræði. Námsbrautarstjóri er Börkur Hansen.

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er eftirtalið nám í boði:

- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði til BA-gráðu, 180 einingar, sveigjanlegt nám.
- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði til MA-gráðu, 120 einingar, sveigjanlegt nám.
- Heimspæki menntunar til MA-gráðu, 120 einingar, sveigjanlegt nám.
- MA-nám í menntunarfræði, 120 einingar, sveigjanlegt nám.
- M.Ed.-nám í menntunarfræði, 120 einingar, sveigjanlegt nám.

Í meistaranámi í menntunarfræði (M.Ed.) býðst þrenns konar sérhæfing: fjölmennning, fræðslustarf með fullorðnum – mannauðsþróun og heimspeki menntunar.

- M.Ed.-nám í sérkennslufræði, 120 einingar, sveigjanlegt nám.
- M.Ed.-nám í stjórnunarfræði menntastofnana, 120 einingar, sveigjanlegt nám.

Deildarráð og verkefni þeirra

Hverri deild stjórna deildarforseti, námsbrautarstjórar deildarinnar og tveir fulltrúar nemenda. Saman mynda þau deildarráð.

Á haustmisseri 2008 voru helstu verkefni deildarráða innleiðing og aðlögun að nýju námsskipulagi, endurskoðun á ýmsum reglum, m.a. um mat á fyrra námi og inntöku nemenda.

Í Kennaradeild var sérstök áhersla lögð á að samræma skipulag á vettvangsnámi milli námsleiða og starfshópur fjallaði um vettvangsnám og tengsl kennaranema við grunn- og leikskóla. Haldið var áfram vinnu við útfærslu og skipulag á samfelldu fimm ára kennaranámi í samræmi við nýja lagasetningu. Í deildarráði Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar var auk annarra verkefna lögð sérstök áhersla á samhæfingu náms á námsbrautunum innan deildarinnar sem áður tilheyrðu hver sinni einingu í Kennaraháskólanum. Meginverkefni deildarráðs Uppeldis- og menntunarfræðideildar haustið 2008 var að samhæfa það nám sem fyrir var í deildinni og það námsframboð sem flyst af Félagsvísindasviði Háskóla Íslands haustið 2009.

Doktorsnám

Á haustmisseri 2008 var unnið að endurskoðun reglna um doktorsnám á Menntavísindasviði og skipan doktorsráðs er færi með málefni sem varða doktorsnám við sviðið, en ákveðið var að það yrði boðið þvert á deildir sviðsins. Doktorsráð hefur það meginhlutverk að þróa doktorsnámið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur og hafi margvísleg og virk alþjóðleg tengsl. Doktorsráð hefur umsjón og eftirlit með náminu og þeirri stjórnáslu sem það krefst í samvinnu við deildir sviðsins. Doktorsráð hefur nán tengsl við Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands.

Á Menntavísindasviði býðst að ljúka doktorsnámi með tvennum hætti:

- Ph.D.-nám í menntunarfræði, 180–240 einingar, sveigjanlegt nám.
- Ed.D.-nám í menntunarfræði, 180 einingar, sveigjanlegt nám.

Ípróttafræðasetur

Ípróttafræðasetur Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni færðist undir Menntavísindasvið Háskóla Íslands við sameininguna 1. júlí 2008. Við það urðu ekki breytingar á starfsemi Ípróttafræðasetursins, en þar fer fram grunn- og meistaranám í íprótta- og heilsufræðum. Ípróttafræðasetrið stuðlar að og veitir þjónustu við rannsóknir og þróunarverkefni á því fræðasviði.

Við Ípróttafræðasetrið er unnið að margvíslegum rannsóknarverkefnum sem hafa skírskotun til kennslu í ípróttum, heilsufars barna, unglunga og aldraðra, heilsuræktar í skólum, afreksíprótta og annars ípróttastarfs í landinu. Við Ípróttafræðasetrið er starfrækt Rannsóknarstofa í íprótta- og heilsufræðum. Nánari upplýsingar um starfsemi setursins er að finna í Ársskýrslu Kennaraháskóla Íslands 2008.

Rannsóknir á Menntavísindasviði

Við sameiningu skólanna var Vísindaráð Kennaraháskólans lagt niður og ýmis verkefni flutt til miðlægrar rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands. Gretar L. Marinósson prófessor tók að sér að vera framkvæmdastjóri rannsókna við Menntavísindasvið frá 1. júlí til áramóta.

Rannsóknarstefna Menntavísindasviðs, sem gildir til fimm ára frá 1. júlí 2008, var staðfest á síðasta fundi háskólaráðs Kennaraháskóla Íslands í júní.

Rannsóknir á Menntavísindasviði beinast einkum að rannsóknum í uppeldis- og menntamállum og fræðasviðum þeirra starfsstétta sem sviðið menntar. Sem dæmi um slík rannsóknarverkefni má nefna samanburðarrannsókn á kennaramenntun á Norðurlöndum, rannsókn á námsáhuga og námsumhverfi, rannsókn á félagsþroska íslenskra barna og unglunga og rannsókn á tónlistaruppeldi í leikskólum.

Á Menntavísindasviði störfuðu ellefu rannsóknarstofur árið 2008, ýmist

þverfræðilegar eða um afmörkuð rannsóknarsvið. Gerð er grein fyrir þeim í Ársskýrslu Kennaraháskóla Íslands 2008.

Eftir sameiningu skólanna var lögð áhersla á ráðgjöf við rannsakendur Menntavísindasviðs vegna breytts skipulags í sameinuðum háskóla. Nánari upplýsingar um rannsóknir á Menntavísindasviði er að finna Ársskýrslu Kennaraháskóla Íslands 2008.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf

Við Menntavísindasvið starfar stofnunin Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf (SRR) sem sinnir verkefnum er lúta að þjónustu við samfélagið, s.s. símenntun, þjónusturannsóknunum, ráðgjöf og útgáfu á sviði uppeldis, menntunar og þjálfunar. Nánar um starfsemina má lesa í Ársskýrslu Kennaraháskóla Íslands 2008. Þjónusta við nemendur og starfsfólk

Fyrir sameiningu skólanna hafði Kennaraháskólinn byggt upp öfluga þjónustu til stuðnings námi, kennslu og rannsóknunum í skólanum með Menntasmiðju sem skiptist í tvær einingar, safn og smiðju. Við sameininguna færðust ýmis verkefni til miðlægrar stjórnýslu Háskólans, en engu að síður var lögð áhersla á að veita nemendum, kennurum og öðru starfsfólki á Menntavísindasviði áfram góða þjónustu innan sviðsins.

Bókasafn Menntavísindasviðs er sérfræðisafn á sviði kennslu, uppeldis, umönnunar og þjálfunar. Þar er veitt öll almenn bókasafnsþjónusta, s.s. útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og aðstoð við heimildaleit.

Nærþjónusta við tölvunet Menntavísindasviðs og umsjón með tæknibúnaði í kennslustofum og ráðstefnusölum og smærri tækjum sem lánuð eru tímabundið er í smiðju. Þar er einnig þjónusta vegna námsumsjónarkerfa og tæknileg umsjón með vef Menntavísindasviðs. Í smiðju er almennt þjónustuborð, vinnuástaða í opnu rými, margmiðlunarstofa og upptökuver.

Í þjónustuveri Menntavísindasviðs er útibú frá nemendaskrá Háskóla Íslands sem sinnir nemendabókhalda sviðsins allt frá umsóknarferli til brautskráningar auk almennrar þjónustu við nemendur, starfsfólk og aðra sem leita þar aðstoðar. Í þjónustuveri er einnig unnið að stundatöflugerð, stofubókunum o.fl. fyrir Menntavísindasvið.

Starfsfólk og húsnæði Menntavísindasviðs

Meginstarfsemi Menntavísindasviðs fer fram í fyrrum húsnæði Kennaraháskólans við Stakkahlíð. Þar eru almennar kennslustofur, ráðstefnusalir, bókasafn, smiðja og þjónustuver auk aðstöðu fyrir stjórnýslu sviðsins. Í Skipholti 37 eru kenndar list- og verkgreinar og þar eru vinnustofur kennara í þeim greinum. Skrifstofur flestra annarra kennara eru í Bolholti 6 og 8 og Skipholti 50c auk þess sem Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf hefur aðstöðu í Bolholti 6. Öll kennsla í íþróttum fer fram á Laugarvatni.

Í lok árs 2008 voru kennarar Menntavísindasviðs 139 í 129,7 stöðugildum og starfsmenn í stjórnýslu og þjónustu 64 í 59,72 stöðugildum.

Skipting starfsmanna eftir kynjum var þannig að 133 konur störfuðu við sviðið og 70 karlar. Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu þeirra eftir stöðuheitum.

Prófessorar	13	7	20
Dósentar	9	13	22
Lektorar	19	40	59
Aðjuntar	14	24	38
Starfsmenn í stjórnýslu og þjónustu	15	49	64
Samtals	70	133	206

Fjármál og rekstur

Við sameiningu skólanna var ákveðið að tilhögun þeirra verkefna er lúta að fjármálastjórn, fjárhagsáætlunum, reikningshaldi, rekstri og viðhaldi fasteigna héldist óbreytt til áramóta 2008 á Menntavísindasviði í samræmi við fjárveitingar til Kennaraháskóla Íslands, sjá nánar í Ársskýrslu Kennaraháskóla Íslands 2008.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Hinn 1. júlí tók gildi nýtt stjórnskipulag Háskólans. Verkfræðideild og Raunvísindadeild voru sameinaðar í sex deildum innan nýs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Forsetar nýju deildanna höfðu verið kjörnir í apríl og maí. Deildirnar og forsetar þeirra voru þessir:

Véla- og iðnaðarverkfræðiskor og tölvunarfræðiskor sameinuðust í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild. Forseti Ólafur Pétur Pálsson, varaforseti Tómas Philip Rúnarsson.

Jarðvísindaskor varð Jarðvísindadeild. Forseti Magnús Tumi Guðmundsson, varaforseti Hreggviður Norðdahl.

Líffræðiskor og land- og ferðamálafræðiskor runnu saman í Líf- og umhverfísindadeild. Forseti Sigurður S. Snorrason, varaforseti Guðrún Gísladóttir.

Rafmagns- og tölvuverkfræðiskor varð Rafmagns- og tölvuverkfræðideild. Forseti Karl S. Guðmundsson, varaforseti Jóhannes R. Sveinsson.

Stærðfræðiskor, eðlisfræðiskor og efnafræðiskor runnu saman í nýja Raunvísindadeild. Forseti Guðmundur G. Haraldsson, varaforseti Gunnar Stefánsson.

Umhverfis- og byggingarverkfræðiskor varð Umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Forseti Sigurður Magnús Garðarsson, varaforseti Guðmundur Freyr Úlfarsson.

Matvæla- og næringarfræðiskor var flutt til Heilbrigðisvísindasviðs en einn kennari skorarinnar, Magnús Már Kristjánsson dósent, færði sig til námsbrautar í efnafræði í hinni nýju Raunvísindadeild. Þá fluttist Helgi Þorbergsson, dósent í tölvunarfræði, til Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar.

Hinn 9. september var svo tilkynnt um ráðningu Kristínar Völu Ragnarsdóttur, prófessors við Bristol-háskóla, í starf sviðsforseta. Kristín Vala tók við starfinu 1. desember en átti áður marga fundi með kennurum og öðru starfsfólki sviðsins á haustmánuðum til að kynna sér aðstæður og undirbúa nýtt skipulag. Í samráði við aðra deildarforseta ákvað Kristín að í fjarveru sinni yrði Sigurður Magnús Garðarsson staðgengill sviðsforseta. Kristín Vala réð síðan Kristínu Baldursdóttur sem rekstrarstjóra sviðsins og kom hún til starfa í byrjun desember.

Starfsfólk gömlu deildanna varð starfsfólk sviðs en ekki einstakra deilda og er það talið upp hér á eftir: Björn Gunnlaugsson, verkefnisstjóri kennslumála, Edda Friðgeirsdóttir, fjármálastjóri, Erna Sigurðardóttir, markaðs- og kynningarstjóri, Guðrún Helga Agnarsdóttir, verkefnisstjóri kennslumála í grunnnámi vestan Suðurgötu, Hafdís Eyjólfsdóttir, verkefnisstjóri kennslumála framhaldsnáms, Hlín Eyglóardóttir, Pálmi Jóhannesson, upplýsinga- og gæðastjóri, Ragnhildur Skjaldardóttir, verkefnisstjóri kennslumála grunnnáms austan Suðurgötu, Steinþór Björgvinsson tækjamaður og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson tækjamaður.

Meginviðfangsefni forseta sviðsins og nýju deildanna til að byrja með var að stilla saman strengina og ákveða starfshætti og skipulag á sviðinu.

Merkisdagar Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Verkfræði- og náttúruvísindasvið tók þátt í Vísindavöku RANNÍS í september. Nemandur og kennarar lögðu metnað í að gera kynninguna sem áhugaverðasta og aðgengilega jafnt fullorðnum og börnum. Það tókst með miklum ágætum og endurspeglaði viðburðurinn þann fjölbreytileika sem einkennir fræðasviðið. Legokeppni grunnskólabarna var haldin í Öskju í nóvember. Þema keppinnar var loftslag. Um 200 grunnskólanemendur á aldrinum 10-15 ára tóku þátt í keppinni. Keppt var í 6-10 manna liðum. Mikil eftirvætning og gleði ríkti meðal þátttakenda. Keppnin var að venju afar spennandi og jöfn. Það var liðið Klakarnir frá Höfn í Hornafirði sem hreppti aðalverðlaun keppinnar og mun taka þátt í Evrópumóti í Danmörku.

Þann 21. desember var veitt viðurkenning úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Viðurkenninguna að þessu sinni hlaut Arnar Björn Björnsson, nemandi á þriðja ári í umhverfis- og byggingarverkfræði fyrir besta námsárangur að loknu öðru námsári.





HR

Pleth

78 /min



ST

mm

II 0.7



Art


mmHg

116/6
(86)

SpO2

%

97



CO2

mmHg

ET 36 FI
RR

AC	N2O	Sev	MAC
T	0	1.9	0.9
T	0	2.2	

Gases			
%	O2	△	N2O
ET	89		0
ET	83		0

Rannsóknastofnanir í tengslum við Háskólann

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur um smáríki

Alþjóðamálastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og er vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf í alþjóðamálum. Ásamt Háskóla Íslands standa utanríkisráðuneytið, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins að Alþjóðamálastofnun. Stofnunin á auk þess í samstarfi við fjölda erlendra og innlendra fræðimanna og stúdenta. Alþjóðamálastofnun hefur verið starfrækt við Háskóla Íslands frá árinu 1990 en var endurskipulögð árið 2002 og hefur í kjölfarið staðið fyrir fjölbreyttum rannsóknum, útgáfustarfsemi, ráðstefnum, málstofum og fyrirlestrum. Helstu rannsóknasvið eru íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál. Sjá nánar vefsíðu: www.hi.is/ams.

Rannsóknasetur um smáríki

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og deilir stjórn og forstöðumanni með stofnuninni. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2002 að frumkvæði Baldurs Þórhallssonar, prófessors í stjórnmálafræði, og hefur sett mark sitt á háskóla-samfélagið frá upphafi með fjölbreyttu starfi. Meginmarkmið setursins er að auka rannsóknir og kennslu í smáríkjafræðum (small state studies). Rannsóknasetrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáríki og heldur úti öflugri ritröð um rannsóknir í smáríkjafræðum. Setrið hefur þegar skapað sér sess sem ein aðalmiðstöð smáríkjarannsókna í heiminum í dag og hefur hlotið fjölda styrkja frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Sjá nánar vefsíðu: www.hi.is/ams.


Stjórn og starfslið

Rektor Háskóla Íslands skipaði stjórn Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki í júlí 2009 til þriggja ára. Stjórnarformaður er Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræðiprófessor, Valur Ingimundarson, sagnfræðiprófessor, er varaformaður stjórnar, en aðrir í stjórn eru: Anna Karlsdóttir, lektor í ferðalandfræði, María Elvira Mendez Pinedo, lektor í Evrópurétti, Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Pétur Reimarsson, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins og Þórir Ibsen, sendiherra.

Forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki er Silja Bára Ómarsdóttir. Í byrjun september fékk Silja Bára tímabundið starfsleyfi og Pia Hansson var ráðin til að leysa hana af. Meistaranevi í alþjóðasamskiptum sinnti hlutastarfi hjá stofnununum og verkefnastjóri var ráðinn til að sinna tímabundnum sérstökum verkefnum á vormánuðum.

Alþjóðlegur sumarskóli

Frá því árið 2003 hefur Rannsóknasetur um smáríki starfrækt sumarskóla um smáríki og Evrópusamrunann í samstarfi við 11 erlenda háskóla. Sumarskólinn



500

300

25



998

100

Mixer

audio output

Level Meter

store data in file

Unit 5

er fjármagnaður með árlegum styrk frá Evrópusambandinu. Námskeiðið sem haldið var 2008 leiddi að venju saman íslenska og erlenda nemendur og kennara. Að jafnaði hafa um átta heimsþekktir fræðimenn á sviði smárikjarannsókna og Evrópumála séð um kennsluna og 15-20 erlendir stúdentar hvaðanæva að úr Evrópu hafa sótt námskeiðið, auk fjölda íslenskra stúdentna. Auk þess að sitja fyrirlestra fara nemendur í heimsóknir í opinberar stofnanir og til samtaka á vinnumarkaði.

Útgáfa

Mikil áhersla er ávallt lögð á rannsóknir og útgáfu fræðiritna. Á árinu 2008 komu út þrjár bækur á vegum Alþjóðamálastofnunar. Í fyrsta lagi gaf stofnunin í samstarfi við Hið íslenska bókmenntafélag út bókina Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007 í ritstjórn Vals Ingimundarsonar en þrettán fræðimenn á ólíkum fræðasviðum eiga greinar í bókinni. Þeir eru: Anna Karlsdóttir, Auður H. Ingólfssdóttir, Áslaug Ásgeirsdóttir, Baldur Þórhallsson, Björg Thorarensen, Gunnar Páll Baldvinsson, Gylfi Zoëga, Helga Björnsdóttir, Kristín Loftsdóttir, Pétur Dam Leifsson, Sigurður Jóhannesson, Steinunn Hrafnisdóttir og Valur Ingimundarson. Þá var gefin út bókina Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tíma-
mót? Brottför Bandaríkjahers frá Íslandi: Aðdragandi og viðbrögð eftir Gunnar Þór Bjarnason sem er byggð á samnefndri meistaraaritgerð Gunnars Þórs í alþjóðasamskiptum. Þá var gefin út bókina Evrópuvitund: Rannsóknir í Evrópufræðum 2007-2008 í ritstjórn Auðuns Arnórssonar en höfundar greina eru: Bjarni Már Magnússon, Brynja Baldursdóttir, Einar Þorvaldur Eyjólfsson, Guðrún Rögnvaldardóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Matthías G. Pálsson og Meike Stommer.

Þá gefur Rannsóknasetur um smárika út ritröð en tvö ný fræðirit litu dagsins ljós árið 2008. Í fyrsta lagi var það ritið Reform of the Public Administration System at the Local and Regional Levels in the Slovak Republic eftir Daniel Klimovský og í öðru lagi The Falcon and the Dragon: Commercial Diplomacy and the Sino-Icelandic Free Trade Negotiations eftir Marc Lanteigne. Í ritstjórn ritraðarinnar sitja sjö virtir fræðimenn á sviði smárikjarannsókna, þau Anders Wivel frá Kaupmannahafnarháskóla, Annica Kronsell frá Háskólanum í Lundi, Cliver Archer (sem er ritstjóri ritraðarinnar) og Neill Nugent frá Manchester Metropolitan háskóla, Iver B. Neumann frá norsku alþjóðamálastofnuninni, Lee Miles frá Liverpool-háskóla og Richard T. Griffiths frá Háskólanum í Leiden í Hollandi.

Önnur verkefni

Stofnanirnar sinntu að vanda fjölbreyttum verkefnum á árinu. Rannsóknasetur um smárika rak sinn árlega sumarskóla með 24 nemendum og kennurum hvaðanæva að úr Evrópu. Þá var fjöldi málstofa og ráðstefna haldinn á árinu, en í heildina stóðu stofnanirnar fyrir 33 opnum viðburðum á árinu 2008.

- 17. janúar var haldinn málfundur á vegum Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands á Háskólatorgi. Peter Clevestig frá Stockholm International Peace Research Institute (SIPRI) hélt erindi sem hann kallaði Biosecurity and Biosafety en að erindi hans loknu tóku Brynjólfur Mogensen, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Haraldur Briem og Sveinn Magnússon þátt í pallborðsumræðum.
- 22. janúar stóð Alþjóðamálastofnun ásamt Rannsóknasetri um innflytjendur og fjölmenningu og Mannfræðistofnun Háskóla Íslands að fyrirlestri Rhacel Parrenas, prófessors við University of California í Davis, undir heitinu Aðskilnaður filippínskra farandverkakvenna í tíma og rúmi. Parrenas, sem er einn fremsti fræðimaður heims á sviði hnattvæðingar, farandverkafólks og kyns, fjallaði sérstaklega um filippseyskar konur sem starfa á skemmtistöðum í Tókýó, en hún vann vettvangsrannsókn þar árið 2007.
- 29. janúar opnaði James Thurber, prófessor og forstöðumaður Center for Congressional and Presidential Studies við American University í Washington D.C., fundaröð Alþjóðamálastofnunar og sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi um forsetakosningarnar vestanhafs með erindi sínu Leiðin í Hvíta húsið: Innsýn í baráttuna um forsetaembætti Bandaríkjanna.
- 6. febrúar hélt Geir Westgárd úr norska utanríkisráðuneytinu fyrirlestur sem hann nefndi Ógnanir og tækifæri í hánorðri: Sýn frá Noregi. Fundurinn var haldinn í samstarfi við norska sendiráðið á Íslandi.
- 21. febrúar stóð Alþjóðamálastofnun öðru sinni fyrir degi ungra fræðimanna í Evrópumálum. Ungum og/eða nýútskrifuðum fræðimönnum gafst tækifæri til að kynna rannsóknarverkefni sín á sviði Evrópufræða, en fyrri part dags var bryddað upp á þeirri nýjung að hafa vinnustofu þar sem

kynntir voru rannsóknasjóðir og atvinnumöguleikar á evrópskum vettvangi. Fjórir ungir fræðimenn héldu erindi: Jóhanna Jónsdóttir, Lára Sigurþórsdóttir, Brynja Baldursdóttir og Magnús Árni Magnússon.

- 29. febrúar hélt Kjetil Skogrand frá Varnarmálastofnun Noregs fyrirlestur um tvíhliða samskipti Noregs og Rússlands undir titlinum Noregur og Rússland: Nágrannar í norðri en fyrirlesturinn var haldinn í samstarfi við utanríkisráðuneytið.
- 12. mars hélt Gunilla Carlsson, þróunarmálaráðherra Svíþjóðar, opinn fyrirlestur sem hún kallaði Norræna víddin í Evrópusambandinu – í nútíð og framtíð. Fyrirlesturinn var haldinn í samstarfi við Evrópusamtökin.
- 14. mars fór fram annar fyrirlesturinn í fyrirlestraröð Alþjóðamálastofnunar og bandaríska sendiráðsins um forsetakosningarnar þegar David Lublin frá American University í Washington D.C. hélt fyrirlestur undir heitinu Áhrif minnihlutahópa í bandarískum kosningum. Lublin hefur unnið að fjölbreyttum rannsóknum á kosningum í Bandaríkjunum, t.d. með áherslu á kyn og minnihlutahópa, endurmótun kjördæma og breytingar á fylgi stóru flokkanna tveggja.
- 18. mars var Ana Cecilia Allen með opinn fyrirlestur, Þjóðaratkvæðagreiðsla um fráverslunarsamninga á Kosta Ríka, en hún er prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans á Kosta Ríka. Fundurinn var haldinn í samstarfi við spænskuskor.
- 9. apríl stóð stofnunin fyrir opnum fyrirlestri með Lars Wedin frá sænska Varnarmálaskólanum um stefnur og strauma í vörnum Norðurlanda. Wedin ræddi meðal annars um öryggis- og varnarstefnu Evrópusambandsins, hlutverk ESB og NATO, samskipti þeirra á milli og afleiðingar fyrir Norðurlöndin.
- 17. apríl stóð Alþjóðamálastofnun fyrir opnum fyrirlestri Diana Wallis, þingmanns á Evrópuþinginu, undir heitinu Breytt ESB án Íslands? Wallis fjallaði um hvaða áhrif það hefur á Ísland að standa utan ESB í ljósi nýgerðs sáttmála sambandsins og nýrrar stefnu á sviði Norðurskautsmála.
- 21. apríl hélt Christopher Coker, prófessor við London School of Economics, erindi sem nefndist Hernaður í hnattvæddum heimi á vegum Alþjóðamálastofnunar.
- 30. apríl hélt Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sendiherra Íslands í Suður-Afríku, erindi undir heitinu: Þróun stjórn mála í Suður-Afríku: Umbrotatímar í ungu lýðveldi. Í fyrirlestrinum fjallaði hún um stjórn málaþróunina í Suður-Afríku og áhrif hennar á þróun mála í nágrannaríkjunum.
- 9. maí var haldin málstofa í tilefni Schumann-dagsins um öryggis- og varnarsamstarf í Evrópu og stöðu Íslands gagnvart því. Undir heitinu Öryggismál í Evrópu: Er Ísland með? héldu Alyson Bailes, gestakennari við Háskóla Íslands, og Árni Páll Árnason þingmaður erindi en að þeim loknum tóku Olivier Mauviseau, sendiherra Frakklands á Íslandi, og Lilja Alfreðsdóttir stjórnmalahagfræðingur þátt í pallborði.
- 22. maí stóð Alþjóðamálastofnun fyrir uppskeruhátíð meistaranema í alþjóðasamskiptum en þar kynntu nemendur ritgerðarefni sín og svöruðu spurningum að erindum loknum.
- 26. maí var haldinn opinn fyrirlestur með Nadereh Chamlou um kyn og þróun í Miðausturlöndum og Norður-Afríku. Chamlou er ráðgjafi um málefni sama heimssvæðis hjá Alþjóðabankanum.
- 12. júní stóð Alþjóðamálastofnun fyrir opnum fyrirlestri undir heitinu Stefna Frakklands í alþjóðlegum öryggismálum með einum þekktasta fræðimanni Frakklands á sviði öryggis- og varnarmála í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Francois Heisbourg hefur víðtæka reynslu á sviði öryggismála og hefur tekið virkan þátt í mótun franskrar öryggisstefnu síðasta aldarfjórðung. Hann hefur m.a. kennt við Sciences-Po í París og veitt forstöðu rannsóknastofnun um öryggismál í Frakklandi.
- 16. júní var haldinn alþjóðleg ráðstefna undir heitinu Small States – Emerging Power? The Larger Role of Smaller States in the 21st Century í samvinnu við utanríkisráðuneytið í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Margir þekktir erlendir fræðimenn héldu erindi, þ.á m. Colin Keating frá Security Council Report, Angus Friday, sendiherra Grenada hjá Sameinuðu þjóðunum, Dunya Maumoon, aðstoðarutanríkisráðherra Maldíveyja og Elisabeth Rehn, fyrrverandi varnarmálaráðherra Finnlands.
- 11. ágúst hélt Philip H. Gordon, fræðimaður hjá Brookings Institution í Washington D.C. og einn af ráðgjöfum Baracks Obama í utanríkismálum, opinn fyrirlestur undir heitinu Bandarísku forsetakosningarnar og utanríkismál. Gordon var áður yfirmaður Evrópuskrifstofu í

Þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna í forsetatíð Bills Clinton, fræðimaður hjá International Institute for Strategic Studies í London, og prófessor við School of Advanced International Studies við Johns Hopkins University í Washington D.C. Hann er höfundur fjölmargra greina og bóka um alþjóðamál, og ber nýjasta bók hans titilinn: *Winning the Right War: The Path to Security for America and the World*. Erindið var haldið í samstarfi við utanríkisráðuneytið.

- 20. ágúst stóð Alþjóðamálastofnun fyrir opnum fyrirlestri Raymond Johansen, aðstoðarutanríkisráðherra Noregs, um reynslu Noregs af friðarumleitunum í samstarfi við norska sendiráðið og utanríkisráðuneytið. Raymond Johansen hefur tekið þátt í fjölda friðarferla í starfi sínu sem aðstoðarutanríkisráðherra undanfarin tvö ár en hann hefur stýrt starfsemi Noregs á sviði friðar- og sáttumleitana. Í fyrirlesturinum ræddi hann reynslu sína á þessu sviði í Mið austurlöndum, Afríku og Kólumbíu, og varpaði ljósi á þær áskoranir sem Noregur hefur mætt í verkefnum sínum við að finna friðsamlegar lausnir á deilumálum.
- 9. september var haldinn fyrsti fyrirlesturinn af þremur um öryggi og varnir í Evrópu. Giovanni Gasparini sem er öryggis- og varnarmálasérfræðingur við alþjóðamálastofnunina í Róm (Istituto Affari Internazionali) veitti innsýn inn í hvernig ríki í Suður-Evrópu líta á öryggisógnir álfunnar.
- 16. september var annar fundur af þremur um öryggi og varnir í Evrópu þegar Pál Dunay fjallaði um sýn Mið-Evrópuríkja á þessi málefni undir heitinu Öryggi og varnir í Evrópu: Ungversk sýn. Dunay starfar við Geneva Centre for Security Policy (GCSP) sem forstöðumaður International Training Course in Security Policy (ITC).
- 23. september var lokafundurinn haldinn í þessari fundaröð Alþjóðamálastofnunar um öryggi og varnir í Evrópu en hún markaði einnig upphaf haustdagskrár stofnunarinnar. Graham Avery fjallaði um frekari stækkun Evrópusambandsins út frá öryggissjónarmiðum undir titlinum *What Final Frontiers for the European Union?* Avery er framkvæmdastjóri Trans European Policy Studies Association í Brussel og aðalráðgjafi við European Policy Centre í Brussel.
- 30. september var haldið málþing í tilefni nýútkominnar bókar Gunnars Þórs Bjarnasonar á vegum Alþjóðamálastofnunar. Bókin heitir *Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tímamót? Brottför Bandaríkjahers frá Íslandi: Aðdragandi og viðbrögð*. Höfundurinn hélt erindi en að loknu því erindi talaði Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, um bókina og viðbrögð sín við henni.
- 10. október var haldið málþing um ritstýrða bók Vals Ingimundarsonar *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótum íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007* sem gefin var út í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag. Þeir greinarhöfundar sem héldu erindi voru: Valur Ingimundarson, Baldur Þórhallsson, Steinunn Hrafnadóttir, Auður H. Ingólfadóttir, Gylfi Zoëga, Sigurður Jóhannesson og Gunnar Páll Baldvinsson.
- 24. október stóð Alþjóðamálastofnun fyrir málþingi á Þjóðarspegli undir titlinum *Utanríkismál og utanríkisstefna Íslendinga*. Erindi héldu Bjarni Már Magnússon, Pétur Dam Leifsson, Baldur Þórhallsson og Silja Bára Ómarsdóttir.
- 30. október stóðu Alþjóðamálastofnun, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst fyrir málþingi í Norræna húsinu um framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna. Erindi héldu Aðalsteinn Leifsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Baldur Þórhallsson, Aðalheiður Héðinsdóttir, Katrín Ólafsdóttir og Alyson Bailes.
- 31. október voru haldnar pallborðsumræður um bandarísku forsetakosningarnar með þátttöku Michael Corgan, stjórn málafræðiprófessors við Boston-háskóla, Lilju Hjartardóttur, stjórn málafræðings, Silju Báru Ómarsdóttur, aðjunktis í Stjórn málafræðideild, og Þórlinds Kjartanssonar, formanns Sambands ungra sjálfstæðismanna.
- 3. nóvember stóðu utanríkisráðuneytið, norska sendiráðið og Alþjóða-málastofnun Háskóla Íslands fyrir opnum fyrirlestri Jonasar Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, í Hátíðarsal Háskóla Íslands undir yfirskriftinni *Iceland and Norway – Neighbours in the High North*. Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, stýrði fundinum.
- 5. nóvember var Andrew Cottey, kennari í alþjóðasamskiptum við Cork-háskóla, með opinn fyrirlestur undir yfirskriftinni *Fjármálakreppan, upp-risa Kína og fall Vesturlanda: Ný skipan heimsmála eða The Financial Crisis, China's Rise and the West's Decline: Welcome to the New World Order*.
- 14. nóvember stóð Alþjóðamálastofnun fyrir degi ungra fræðimanna í þriðja sinn. Fræðimenn sem kynntu rannsóknarverkefni sín voru: Auður

Birna Stefánsdóttir, Ragnar Guðmundsson, Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, Yvonne Griep, Snorri Valsson, Anna Margrét Eggertsdóttir og Haukur Claessen.

- 24. nóvember var Áslaug Ásgeirsdóttir með opinn fyrirlestur um samninga Íslendinga og Norðmanna vegna veiða úr flökkustofnum 1980 til 2000. Áslaug Ásgeirsdóttir er doktor í stjórnmálafræði frá Washington-háskóla í St. Louis, Missouri. Frá árinu 2001 hefur hún kennt við stjórnmálafræðideild Bates-háskóla í Maine. Áslaug hefur lagt áherslu á málefni hafsins í fræðum sínum.
- 1. desember á 90 ára fullveldisafmælinu átti Alþjóðamálastofnun samstarf við Samtök iðnaðarins um málþing í Hátíðarsal Háskóla Íslands undir heitinu Er Ísland ennþá fullvalda? Erindi fluttu Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, Björg Thorarensen, forseti Lagadeildar, Þorvaldur Gylfason, prófessor í þjóðhagfræði, Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði og Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur.

Fjáröflun

- Samtök iðnaðarins eru bakhjarl Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki.
- Landsbankinn veitti 500 þús. kr. styrk til Alþjóðamálastofnunar vegna ráðstefnu um viðskipti og öryggi á norðurslóðum í ágúst.
- Bandaríska sendiráðið styður við starf stofnunarinnar með því að bjóða hingað sérfræðingum sem tala á opnum fyrirlesturum í Háskólanum og með reglulegum gjöfum á bókum um alþjóðamál.
- Evrópusambandið styrkir framkvæmd sumarskóla Rannsóknaseturs um smáriki. Þá hlaut Alþjóðamálastofnun styrk úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins vegna rannsóknarverkefnis undir heitinu EU4SEAS en verkefnið stendur yfir næstu þrjú árin.
- Sænska utanríkisráðuneytið styrkti Alþjóðamálastofnun og systurstofnun hennar í Svíþjóð, UI, til að halda ráðstefnu á Íslandi sumarið 2008.
- Utanríkisráðuneytið styrkti Alþjóðamálastofnun um 3 milljónir á árinu. Meginhluti styrksins nýttist í launakostnað vegna verkefnastjórnar á alþjóðlegri ráðstefnu um smáriki í Hátíðarsal Háskóla Íslands 16. júní 2008.

Mannréttindastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands er sjálfseignarstofnun, stofnuð af Háskóla Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands, 14. apríl 1994. Aðsetur stofnunarinnar er í Lögbergi við Suðurgötu.

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð árið 2008: Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild, formaður, Hjördís Hákonardóttir hæstaréttardómari, Róbert R. Spanó, prófessor við Lagadeild, og Hrefna Friðriksdóttir hdl. meðstjórnendur. Varamenn í stjórn voru Hilmar Magnússon hrl. og Pétur Leifsson, lektor við Lagadeild. Framkvæmdastjóri var María Thejll hdl.


Útgáfa

Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands hóf útgáfu tímarits á íslensku árið 2005 með dómareifunum Mannréttindadómstóls Evrópu en tímaritið kemur út tvisvar á ári. Dómsmálaráðuneytið styrkir útgáfuna en sérstök ritstjórn hefur umsjón með henni. Ritstjóri tímaritsins er Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, en í ritnefnd sitja Eggert Óskarsson, dómari við héraðsdóm Reykjavíkur, og Arnar Þór Jónsson hdl.

Í tímaritinu eru reifaðir valdir dómar sem taldir eru hafa sérstakt gildi fyrir túlkun ákvæða sáttmálans. Þá eru teknir með dómar sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskan rétt, einkum í málum gegn ríkjum annars staðar á Norðurlöndunum þar sem oft er til umfjöllunar löggjöf eða ákvarðanir sem eiga hliðstæðu í íslenskri réttarframkvæmd. Loks eru birtar í heild sinni í íslenskri þýðingu ákvarðanir og dómar í kærumálum gegn íslenska ríkinu sem fram til þessa hafa aðeins verið birtir á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins.

Annað hefti ársins 2007 kom út í apríl 2008 en þar eru reifaðir dómar uppkveðnir



á tímabilinu júl til desember 2007. Fyrsta hefti ársins 2008, með dómum frá janúar til júní 2008, kom út í október 2008.

Fræðirit um mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna

Utanríkisráðuneytið veitti stofnuninni styrk á árinu 2007 til að gefa út fræðirit um mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna og áhrif þeirra á íslenskan rétt. Átta fræðimenn skrifa kafla í bókinni sem unnið hefur verið að allt árið og er útgáfa áætluð haustið 2009. Þeir eru Björg Thorarensen, Róbert R. Spanó, Jakob Möller, Guðmundur Alfreðsson, Kristín Benediktsdóttir, Elsa Porkelsdóttir, Hrefna Friðriksdóttir og Kjartan Bjarni Björgvinsson.

Rannsóknir Réttarstaða útlendinga

Mannréttindastofnun fékk styrk á árinu frá dómismálaráðuneyti til að vinna að rannsókn um réttarstöðu útlendinga. Um er að ræða lögfræðilega rannsókn á réttarstöðunni að undanskilinni réttarstöðu flóttamanna. Áhersla er lögð á að kanna þær skyldur sem staðfestir þjóðréttarsamningar leggja á íslensk stjórnvöld og eftir atvikum einstaklinga og félagasamtök. Dóra Guðmundsdóttir LL.M. stjórnaði verkefninu f.h. MHÍ og með henni störfuðu tveir laganemar að rannsókninni sumarið 2008. Rannsókninni er að mestu lokið og munu niðurstöður birtast á heimasíðu stofnunarinnar upp úr miðju ári 2009.

Rannsókn á álitum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna

Í október 2007 tilkynnti mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um álit sitt í kærumáli tveggja sjómanna gegn íslenska ríkinu þar sem 12 nefndarmenn af 18 töldu lögin um stjórn fiskveiða brjóta í bága við 26. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi um jafnrétti allra manna. Álitid olli miklum deilum og alls ekki augljóst hvernig bregðast þyrfti við því. Mannréttindastofnun fékk styrk dómismálaráðuneytis til að skoða úrskurði Mannréttindanefndarinnar, flokka þá og í framhaldinu greina hvaða réttaráhrif þeir hafa. Tveir laganemar unnu að rannsókninni á árinu en Björg Thorarensen prófessor stjórnaði rannsókninni sem lýkur á árinu 2009.

Styrkveitingar

Auglýstir voru þrír styrkir til verkefna á sviði mannréttinda á vegum Mannréttindastofnunar á árinu. RANNÍS sá um framkvæmd styrkveitingarinnar og skipaði dómnefnd sem í sátu Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dómismálaráðuneyti, Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst, og Pétur Leifsson, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands. Þeir sem fengu úthlutað styrkjum voru: Dóra Guðmundsdóttir til að fullvinna rannsóknarniðurstöður rannsóknar um réttarstöðu útlendinga að íslenskum rétti – áhrif þjóðréttarskuldbindinga, fyrir birtingu á vefnum, Björg Thorarensen prófessor vegna útgáfu fræðiritisins Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi, og Jóhann Björnsson, heimspekingur, til verkefnis um siðfræðilega greiningu á sjónarmiðum í innflytjendamálum á Íslandi í ljósi mannréttinda.

Sjá má nánari upplýsingar á vefangi Mannréttindastofnunar: www.mhi.hi.is.

Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði

Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði er staðsett á Selfossi. Starfsemin sem þar fer fram er í samræmi við stefnu Háskóla Íslands um eflingu rannsókna- og fræðastarfsemi á landsbyggðinni, svo og samnings milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir frá janúar 2007. Miðstöðinni var komið á fót að frumkvæði heimamanna. Hún var sett á fjárlög árið 1999 á vegum dómismálaráðuneytisins vegna tengsla rannsókna - starfseminnar við almannavarnir.

Starfsfólk Rannsóknarmiðstöðvarinnar stundar fjölbreyttar rannsóknir og er lögð megináhersla á áhrif og eðli jarðskjálfta. Auk þess er fjallað um þá vá sem tengist náttúru landsins, svo og áhættugreiningu og áhættumat.

Rannsóknarstarfsemin skiptist í þrjá meginþætti:

- undirstöðurrannsóknir, rekstur mælikerfa og úrvinnsla og túlkun gagna
- rannsóknir fyrir íslenskt atvinnulíf, þar á meðal orkutengdar rannsóknir og áhættugreining
- miðlun upplýsinga og þjálfun starfsfólks við rannsóknarstörf

Sú vinna sem unnin hafur verið við miðstöðina jafngildir um 11 ársverkum. Veruleg aukning var frá fyrra ári vegna verka sem tengdust jarðskjálftum í maí 2008. Á annað þúsund manns heimsóttu miðstöðina í tengslum við upplýsinga- og kynningarstarfsemi.

Landsnet hröðunarmæla

Hornsteinninn í starfsemi Rannsóknarmiðstöðvarinnar á Selfossi er rekstur landsnets hröðunarmæla sem teygir sig yfir helstu jarðskjálftasvæði landsins. Áherslan er lögð á að mæla áhrif jarðskjálfta sem eru svo stórir og valda það mikilli hreyfingu að hún getur valdið skemmdum á undirstöðum og burðarvirki bygginga, svo og búnaði og innbúi. Markmið mælinganna er:

- öflun gagna um áhrif jarðskjálfta á byggingar og tæknikerfi
- öflun gagna og tengdra upplýsinga sem hægt er að nýta við hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum
- öflun gagna sem nýtast við áhættumat og áhættustjórnun

Hröðun yfirborðs jarðar er mæld þegar jarðskjálftar verða og fer skráning fram þegar hröðun fer yfir tiltekin mörk. Mælingarnar byggjast á mælaneti sem skiptist í megindráttum í svonefndar grunnstöðvar og fjölnemakerfi. Grunnstöðvarnar eru í flestum tilvikum staðsettar á undirstöðum bygginga. Fjölnemakerfin eru staðsett í stíflum, orkumannvirkjum, byggingum og samgöngumannvirkjum. Þau mæla hreyfingu á undirstöðum og hreyfingar ofarlega í mannvirkjunum. Alla jafna þjóna fjölnemakerfin einnig hlutverki grunnstöðva.

Hröðunarmælingarnar eru nýttar til þess að meta þá eðlislægu áraun sem mannvirki verða fyrir í jarðskjálftum. Mælingarnar eru mikilvægar og nauðsynlegar í fyrirbyggjandi tilliti, meðal annars til þess að efla og auka áreiðanleika gildandi hönnunarstaðla fyrir byggingar á jarðskjálftasvæðum á Íslandi og annars staðar í Evrópu. Fyrirkomulag mælinganna, úrvinnsla þeirra og dreifing gagna er í samræmi við þá stefnu og aðferðafræði sem tíðkast erlendis.

Í ár er liðinn aldarfjórðungur frá því Íslenska hröðunarmælanetið var byggt upp í núverandi mynd. Margir hafa stutt við þessa starfsemi. Óhætt er að fullyrða að frumkvæði og stuðningur Landsvirkjunar vegi þyngst og hafi valdið mestu um að skipulegum hröðunarmælingum var komið á fót. Af öðrum sem styrkt hafa starfsemina umtalsvert ber að nefna Reykjavíkurborg, Vegagerðina, sveitarfélög á Suður- og Norðurlandi, Rannsóknaráð Íslands, Evrópusambandið og síðast en ekki síst Háskóla Íslands.

Yfirumsjón þessa verkefnis er í höndum Símons Ólafssonar.

ICEARRAY

Nýjung í rannsóknum á áhrifum jarðskjálfta tengist útbreiðslu jarðskjálftabylgna og þeirri áraun sem hún veldur. Kjarni rannsóknatækisins sem beitt er er þétt-riðin fylking jarðskjálftamæla sem nefnd hefur verið ICEARRAY (Icelandic Strong-motion Array). Fylkingin, sem er staðsett í Hveragerði, nemur einkum jarðskjálfta með upptök í gosbeltinu, í Hengli og á Suðurlandsbrotabeltinu. Sérstaða ICEARRAY felst í því að fylkingin samanstendur af 14 hröðunarmælum á svæði sem einungis er tæplega 2 km að þvermáli. Til samanburðar er fjarlægð á milli einstakra mælistaða Íslenska hröðunarmælanetsins af stærðargráðunni 10 kílómetrar að jafnaði. Fylkingar eins og ICEARRAY eru mjög fágætar en eru sérstaklega öflug tæki til rannsókna á upptökum og útbreiðslu jarðskjálftabylgna. Ástæðu þess má meðal annars rekja til nákvæmrar tímamælingar með aðstoð gervitungla, en þannig má leggja áreiðanlegt mat á hegðun bylgna þegar þær breiðast út á svæði netsins. Önnur sérstaða fylkingarinnar er sú að mælar hennar eru í þráðlausu netsambandi við stjórnstöð Rannsóknarmiðstöðvarinnar þar sem sérstakur hugbúnaður tryggir skilvirkni fylkingarinnar í sömu andrá og jarðskjálfti mælist.

Tímasetning ICEARRAY-fylkingarinnar hefur reynst afar heppileg því tæpu ári frá uppsetningu þess varð sterkur Suðurlandsskjálfti í Ólfusi, nánar tiltekið kl. 15:45 þann 29. maí 2008. Jarðskjálftinn var af stærðinni 6,3 og olli töluverðum og víðtækum skemmdum þrátt fyrir að meirihluti bygginga hafi staðist þessa miklu áraun án sýnilegra skemmda. Skemmdir á innanstokksmunum urðu miklar í nágrenni við upptök jarðskjálftans. ICEARRAY-fylkingin mældi yfirborðshreyfinguna af völdum jarðskjálftans afar vel og eru þær mælingar einstakar á heimsælikvarða. Mælingarnar sýndu að jarðskjálftinn hafði afar sterk áhrif í Hveragerði og að áhrifin voru missterk eftir hverfum innan bæjarins. Þá sýndu mælingarnar einnig að sterkasti hluti hreyfingarinnar varði í tiltölulega stuttan

tíma, eða u.þ.b. fimm sekúndur. Athygli vakti að sérstök nærsviðsáhrif jarðskjálftans, í formi sterkra „hnykkja“, voru það öflug að Hveragerði færðist bæði til norðurs og vesturs í jarðskjálftanum.

Vísindamenn við Rannsóknarmiðstöðina hafa unnið ótúllega að úrvinnslu gagnanna sem mældust og hafa þegar birt tvær greinar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum. Þó er vinna við úrvinnsluna tiltölulega stutt á veg komin sökum þeirra gríðarlegu upplýsinga sem felast í þessum einstöku gögnum, sem búist er við að munu hafa áhrif á framtíðarþróun jarðskjálftafræði og jarðskjálftaverkfræði á alþjóðlegum vettvangi. ICEARRAY-fylkingin hefur því þegar sannað gildi sitt og mun skapa fjölda nýrra rannsóknartækifæra í framtíðinni.

Verkefnisstjóri ICEARRAY er Benedikt Halldórsson en hann hlaut Marie Curie heimkomustyrk frá Evrópusambandinu til þess að vinna verkefnið í samvinnu við Rannsóknarmiðstöðina. Auk þess er verkefnið dyggilega stutt af Rannsóknarmiðstöð Íslands (RANNÍS) og af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. Þess má geta að Síminn er sérstakur styrktaraðili práðlausra fjarskipta ICEARRAY-fylkingarinnar.

Rannsóknir fyrir íslenskt atvinnulíf

Í samræmi við sáttmála Háskóla Íslands við samfélagið og þá áherslu sem lögð er á að efla tengsl við atvinnulífið, þá hefur verið reynt að veita íslensku atvinnulífi alla þá þjónustu sem eftir hefur verið leitað og sinna jafnt stórum og smáum verkefnum.

Meirihluti rannsóknarverkefna og þjónustu á vegum miðstöðvarinnar eru unnin í nánnum tengslum við fyrirtæki og stofnanir, einkum aðra ráðgjafa og hönnuði, sem og verkaupa. Fengist er við mjög fjölbreytileg viðfangsefni sem spanna allt frá þróun gervifóta til rannsókna sem tengjast hönnun á 200 m hárrí jarðstíflu. Flest verkefni tengjast umhverfisþáttum í náttúru Íslands svo sem jarðskjálftum og fárviðrum. Sem dæmi um algenga verkþætti má nefna:

- umhverfisvöktun og mælingar af ýmsu tagi
- mat á jarðskjálftavá
- mat á jarðskjálftasvörun mannvirkja
- mat á jarðskjálftasvörun búnaðar í sérhæfðum mannvirkjum
- framsetningu á hönnunarforsendum fyrir flókin eða sérhæfð mannvirki
- mat á vindáraun á mannvirki
- mat á vindsvörun mannvirkja
- mat á vindáhrifum á umhverfið

Undanfarin ár hafa ýmis verkefni sem tengjast hönnun og byggingu Kárahnjúka-virkjunar verið áberandi í starfi Rannsóknarmiðstöðvarinnar. Þar á meðal má nefna endurmat á forsendum jarðskjálftahönnunar, reikningslegt mat á hugsanlegum hreyfingum á sprungum í stíflugrunnum, eftirlit með yfirborðs-hreyfingum, bæði með GPS-mælitækjum og hröðunarnemum. Einnig er unnið að uppsetningu á mælikerfi hröðunarnema við helstu stíflur virkjunarinnar sem verða hluti af öryggis- og vöktunarkerfi tengt viðbragðsáætlunum. Þar verður hægt að fylgjast með yfirborðshreyfingum sem og svörun (hreyfingu) helstu mannvirkja.

Rannsóknarmiðstöðin hefur einnig tekið þátt í að meta jarðvá á Norðurlandi og skilgreina hönnunarforsendur fyrir jarðskjálftaáraun, annars vegar fyrir jörðina Bakka norðan Húsavíkur og hins vegar þau háhitasvæði á Norðurlandi sem tengjast orkuöflun fyrir fyrirhugaða stóriðju á Bakka við Húsavík.

Rannsóknarmiðstöðin hefur um áratuga skeið fylgst með jarðskjálftavirkni á misgengissvæði Suðurlands og meðal annars safnað þar hröðunargöngum í jarðskjálftum. Sérstaklega ber að nefna árið 2000 og 2008, þegar stórir jarðskjálftar áttu þar upptök sín. Þær rannsóknir hafa nýst vel síðustu ár, en Landsvirkjun fékk Rannsóknarmiðstöðina til að meta jarðvá á fyrirhuguðum virkjunarsvæðum í Neðri-Þjórsá og skilgreina hönnunarforsendur fyrir jarðskjálftaáraun á virkjunarmannvirkin.

Vindverkfræði er eitt af þekkingarsviðum starfsmanna

Rannsóknarmiðstöðvarinnar en vindáraun og svörun við henni skiptir miklu máli við hönnun og byggingu hárra húsa. Undanfarid hafa verið byggð allnokkur hús sem þykja há á íslenskan mælikvarða. Hönnuðir þeirra bygginga hafa í mörgum tilfellum leitað ráða hjá Rannsóknarmiðstöðinni. Nýleg dæmi eru háhýsið við Smáratorg og norðurturn Smáralindar. Einnig hefur Rannsóknarmiðstöðin komið

að jarðskjálftahönnun þessara húsa. Stefnt er að því að koma upp hröðunar-mælikerfum í sem flestum slíkum húsum í samvinnu við húseigendur, hönnuði og bæjaryfirvöld.

Stjórnun ofangreindra verkefna er í höndum Jónasar Þórs Snæbjörnssonar.

Alþjóðleg rannsóknarsamvinna og kynningarstarfsemi

Alþjóðleg samvinna og þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum var með blómlegasta móti á árinu. Samstarfsaðilar eru fjölmargir og koma víða að. Hér má m.a. nefna Bretland, Noreg, Portúgal, Ítalíu, Grikkland, Tyrkland, Svíþjóð, Bandaríki Norður-Ameríku og Nýja-Sjáland. Rannsóknaniðurstöður voru kynntar á fjölmörgum ráðstefnum víða um heim. Hæst ber þátttaka í Fjórtaundu heimsráðstefnunni í jarðskjálftaverkfræði (14WCEE) sem fram fór í Kína dagana 12.-17. október. Á ráðstefnunni fluttu sérfræðingar Rannsóknamiðstöðvarinnar 7 erindi, kynntu þrjú veggspjöld og stýrðu tveimur fundum og þeim umræðum sem þar fóru fram. Þá má geta þess að Ragnar Sigbjörnsson prófessor á sæti í ritstjórn tímaritanna Journal of Earthquake Engineering og Bulletin of Earthquake Engineering, svo og Journal of Wind Engineering sem öll eru ISI-tímarit. Þá er sérstök ástæða til þess að nefna fjölþjóðlegt verkefni sem nefnist Internet Site for Strong-Motion Data en sérfræðingar miðstöðvarinnar hafa verið leiðandi í þessu verkefni. Afrakstur verkefnisins er meðal annars ISESD-gagnabankinn, <http://www.ISESD.hi.is>, sem hefur að geyma upplýsingar um mældu hröðun í jarðskjálftum á Íslandi, auk hliðstæðra gagna frá öðrum Evrópulöndum og Austurlöndum nær.

Upplýsingar um Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði og þá starfsemi sem þar fer fram má finna á heimasíðunni www.jardskjalftamidstod.hi.is.

Rannsóknastofa Krabbameinsfélags Íslands og Háskóla Íslands í sameinda- og frumulíffræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði var stofnuð í ársbyrjun 1987 og opnuð formlega í mars 1998. Í árslok 2006 hætti Krabbameinsfélagið rekstri rannsóknastofunnar og færðist hann til Læknadeildar Háskóla Íslands og endurspeglast þetta í löngu nafni rannsóknastofunnar. Samningur var gerður um að Krabbameinsfélagið héldi áfram að hýsa rannsóknastofuna til ársloka 2008. Rannsóknastofan flutti á 4. hæð í Læknagarði í áföngum og var flutningi að fullu lokið í nóvember.

Árin tuttugu hjá Krabbameinsfélaginu voru gjöful og farsæl á margan hátt. Frá rannsóknastofunni komu hátt á annað hundrað greinar í alþjóðlegum vísindatímaritum. Samvinna við Háskóla Íslands var alla tíð nán og fengu rúmlega 60 nemendur þjálfun í vísindum. Tveir nemendur útskrifuðust með doktorspróf og 17 með meistarapróf. Af verkefnum sem unnið var að ber hæst að vísindamenn rannsóknastofunnar áttu drjúgan þátt í skilgreiningu á BRCA2-áhættugeninu fyrir brjóstakrabbameini. Rannsóknir á ættlægum eítillfrumumeinum hafa einnig vakið athygli. Vísindamenn rannsóknastofunnar hafa fengið ýmiss konar viðurkenningar fyrir störf sín.

Með flutningi rannsóknastofunnar skapast ný tækifæri vegna nálægðar við aðra vísindamenn á Lífvísindasetri Læknagarðs. Rannsóknastofan er sú eina innan Háskólans sem leggur stund á grunnrannsóknir í krabbameinsfræðum og því þótti ástæða til að marka þessa sérstöðu með því að gefa henni nýtt nafn. Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum. Stjórn rannsóknastofunnar er sem fyrr í höndum Helgu M. Ögmundsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, sem báðar eru prófessorar við Læknadeild. Einnig hefur rannsóknastofan þriggja manna ráðgefandi stjórn og er því fyrirkomulagi haldið. Í henni sitja nú Guðmundur Eggertsson, prófessor emeritus, Jón Jóhannes Jónsson dósent og Valgerður Andrésdóttir, vísindamaður á Keldum. Á rannsóknastofunni starfa nú einn nýdoktor, einn lífeindafræðingur og tveir líffræðingar, auk þriggja doktorsnema og nokkurra meistaránema.

Rannsóknir

Helstu rannsóknarverkefni rannsóknastofunnar voru á árinu:

- Áhættugen fyrir brjóstakrabbamein, einkum tengsl við sjúkdómsmynd, sjúkdómshorfur og svörun við meðferð, undir stjórn JEE.
- Mergfrumuæxli og skyld afbrigði í starfsemi B-eitilfrumna, undir stjórn HMÓ í samvinnu við blóðmeinafræðinga á LSH.
- Sameindamynstur krabbameinsæxla skoðuð með ýmiss konar örfloögutækni, undir stjórn JEE í samstarfi við RH og Nimblegen.
- Áhrif íslenskra fléttuefna á krabbameinsfrumur, undir stjórn HMÖ, í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Rannsóknir á nýjum sértækum krabbameinslyfjum, undir stjórn JEE, í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Afbrigði í geislaskautum og DNA-viðgerð í frumum sem bera BRCA2-stökkbreytingar, undir stjórn HMÖ.
- Óstöðugleiki erfðaefnis, DNA-viðgerð og litningaendar, undir stjórn SKB og JEE.
- Rannsóknir á áhrifum BRCA2-galla á frumuskiptingar, undir stjórn JEE, Karoly Szuhai og Hans Tanke í Leiden í Hollandi.

Ýmis smærri verkefni eru ónefnd. Sigríður Klara Böðvarsdóttir varði doktorsritgerð sína í september og tveir nemendur luku meistaraþrófi: Linda Viðarsdóttir og Helga Kristín Einarsdóttir.

Mjög ánægjulegt er að geta þess hér að Helga M. Ögmundsdóttir hlaut í janúar 2008 viðurkenningu og styrk úr sjóðnum Selma og Kay Langvads Legat fyrir rannsóknir og uppbyggingu framhaldsnáms við Læknadeild Háskóla Íslands.

Annað

Vísindamenn rannsóknastofunnar hafa aflað góðra rannsóknastyrkja, innlendra og erlendra. Má þar helst nefna almenna verkefnastyrki og öndvegisstyrk frá RANNÍS, tvo styrki úr Markáætlun RANNÍS um erfðafræði í þágu heilbrigðis, styrki úr doktorssjóðum Eimskips og rannsóknasjóðs Háskóla Íslands, almenna styrki úr rannsóknasjóði Háskóla Íslands, styrki úr Aðstoðarmannasjóði og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Loks er að nefna styrki vegna erlendra samvinnuverkefna, Cancer Causation studied in Population-based Registries and Biobanks (CCPRB), sem er „Network of Excellence“, og IMPACT (Identification of Men with genetic predisposition to Prostate Cancer: Targeted screening in BRCA1/2 Mutation carriers and Controls).

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum

Almennt

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, skammstafað RIKK, er þverfagleg stofnun sem heyrir undir háskólaráð. Í daglegu starfi miðlar hún þekkingu um rannsóknir á sviði kvenna- og kynjafræða, stendur fyrir og hvetur til rannsókna og styður fræðimenn við rannsóknir sínar og skipuleggur ráðstefnur og fundi. RIKK tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknarverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. RIKK leggur metnað sinn í að miðla niðurstöðum rannsókna á fræðasviðinu, m.a. með bókaútgáfu, og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum rannsóknarfundum og fyrirlesturum þar sem fræðimenn kynna rannsóknarverkefni sín.

Stjórn og starfslið

Stjórn RIKK var óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Ólöf Ásta Ólafsdóttir en hún er formaður, Þorgerður Einarsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Árni Kristjánsson, Magnfríður Júlíusdóttir og Ásdís Egilsdóttir. Varamaður er Guðmundur Jónsson. Fyrir utan forstöðumann, Irmu Erlingsdóttur, sem er í fullu starfi, hafa sérfræðingar verið ráðnir í einstök rannsóknarverkefni í lengri eða skemmri tíma.

Ráðstefnur og málþing

Auk hefðbundinna hádegisfyrirlestra sem eru haldnir hálfsmánaðarlega stóð stofnunin fyrir nokkrum stærri viðburðum. Í apríl stóð RIKK fyrir málþingi, í samstarfi við jafnréttisnefndir Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, um



jafnrétti á breiðum grundvelli undir yfirskriftinni „Forskot með fjölbreytileika“. Í nóvember skipulagði RIKK tvö málþing. Hið fyrra, „Í heyrandi hljóði“, var haldið í samstarfi við Jafnréttisstofu og fjallaði um kynbundið ofbeldi. Seinna málþingið fjallaði um kyn og byggðapróun á Íslandi og á norðurlöðum og bar yfirskriftina „Lifir landsbyggðin án kvenna?“. Sérstakur gestur var Rasmus Ole Rasmussen, prófessor í hagrænni landfræði við Roskilde-háskóla í Danmörku og forstöðumaður NORS.

EDDA — Öndvegissetur í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum

Árið 2008 var sótt um öndvegissetursstyrki fyrir rannsóknir í kvenna-, kynja- og margbreytileikafræðum. Umsóknarvinnunni (rit)stýrðu Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. Í mars var sótt um styrk í markáætlun Vísinda- og tækniráðs. Verkefnið var eitt af 10 verkefnum sem náðu áfram í aðra umferð og lauk vinnu við framhaldsumsókn í október. Í febrúarmánuði 2009 var úthlutun kynnt og var verkefnið eitt af þremur til að hljóta styrk. Í september var síðan sótt um öndvegissetursstyrk til Háskóla Íslands og náði verkefnið á ný áfram í aðra umferð. Umsóknaferlinu vegna þeirrar umsóknar er enn ólokið. Rannsóknir setursins munu hvíla á þremur meginstöðum: 1) Saga, samfélag, menning; 2) Atvinnulíf og auðlindir; 3) Alþjóðasamskipti og þróunarsamvinna. Á fyrsta áherslusviði klasans er staða sérfræðiþekkingar sterk en örar samfélagsbreytingar kalla á frekari útvíkkun og þróun jafnréttislíkansins. Með hliðsjón af hinum tveimur meginsviðum verkefnisins verður hið íslenska líkan rannsakað í tengslum við atvinnulíf og auðlindamál annars vegar, og hins vegar í tengslum við nýjar áherslur í alþjóðasamstarfi og þróunarsamvinnu Íslendinga. Fyrirhugað er að þetta þriðja rannsóknarvið klasans geti orðið fræðilegur bakhjarl fyrir jafnréttisskóla sem stofnaður verður í desember n.k. og verður sótt um að verði „Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna“. Rannsóknaklasinn verður vettvangur fyrir samstarf fræðimanna, rannsóknastofnana, stofnana, stjórnvalda og fyrirtækja, héraendis og erlendis.

Önnur rannsóknarverkefni

RIKK tók þátt í samnorrænni rannsókn þar sem umfang vændis var kortlagt ásamt því að félagsleg og lagaleg úrræði sem bjóðast á Íslandi voru skoðuð og áhrif þessara úrræða metin. Verkefnisstjórar íslenska hlutans voru Gísli Hrafn Atlason mannfræðingur og Katrín Anna Guðmundsdóttir. Í desembermánuði var undirritaður samningur milli RIKK og Rauða krossins um rannsókn á mansali. Friða Rós Valdímarsdóttir verkefnastýrði rannsókninni.

Alþjóðlegt jafnréttissetur — Jafnréttisskóli

Í lok árs 2007 og árið 2008 var unnið að undirbúningi fyrir stofnun jafnréttisskóla að fyrirmynd háskóla SP á Íslandi. Undirbúningurinn var unninn við RIKK í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Starfsemi og fjármögnum skólans mun falla undir opinbera þróunarsamvinnu Íslands. Formleg undirbúningsvinna hófst í janúar með gerð frumathugunar og niðurstöður hennar lágu fyrir í lok apríl. Eftir miðjan maí hófst formlegur undirbúningur að stofnun skólans og í lok ársins lá fyrir samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins til undirskriftar og verkefnisskjal með ítarlegri lýsingu á starfsemi, skipulagi og fjármögnun jafnréttisskólaverkefnisins fyrir fyrstu þrjú starfsárin (2009-2011). Verkefninu stýrðu Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. Sjöfn Vilhelmsdóttir var starfsmaður verkefnisins.

Kvennaslóðir

Að venju hafði RIKK umsjón með vefritinu Kvennaslóðir – www.kvennaslodir.is. Kvennaslóðir eru upplýsingabanki yfir konur sem eru sérfræðingar á ólíkum sviðum, ætlaður fjölmíðlum, stjórnendum og stjórnvöldum.

Samstarfsnet

RIKK starfar náið með erlendum stofnunum á sviði kvenna- og kynjafræða, m.a. NIKK (Nordisk institutt for kunnskap om kön) sem staðsett er við Háskólann í Ósló. Fulltrúi Íslands er Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. Stofan er aðili að AOIFE (Association of Institutions for Feminist Education and Research in Europe) og ATHENA (Advanced Thematic Network in Activities in Women's Studies in Europe), sem nýtur styrks úr Grundtvig-áætluninni. ATHENA-verkefnið er öflugt rannsóknarnet á sviði kvenna- og kynjafræða og er RIKK virkur aðili að rannsóknarverkefnum á vegum þess. Árið 2008 starfaði RIKK með fjölda innlendra samstarfsaðila líkt og venja hefur verið. Stofnunin á m.a. fulltrúa í stjórn Stofnunar í munnlegri sögu og í jafnréttisráði.

Rannsóknastofnun um mannlegt atferli (RMA)

Almennt yfirlit og stjórnun

Forstöðumaður er Magnús S. Magnússon (MSM) vísindamaður. Eitt stöðugildi er við Rannsóknastofnun um mannlegt atferli (RMA), en það er vísindamannsstaða forstöðumanns hennar við Háskóla Íslands.

Guðberg K. Jónsson gegnir mikilvægu hlutverki hjá RMA m.a. sem framkvæmdastjóri Atferlisgreiningar ehf. (PatternVision Ltd., www.patternvision.com), en náð samstarf er milli RMA og þess fyrirtækis og sem stofnað var árið 2000 í samstarfi við Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands í beinu framhaldi af starfsemi RMA.

Rannsóknir og kynning

Þótt lykilorð í starfsemi ársins hjá RMA megi telja stærðfræði og trúarbragðafræði (sjá neðar) héldu rannsóknir og þróun áfram í samstarfi við erlenda rannsóknahópa í atferlisfræði, taugalífeðlisfræði og sálarfræði, sem tekið hafa upp stærðfræðilegt líkan og greiningaraðferðir MSM varðandi tímalega formgerð atferlis.

Með undirritun rektora viðkomandi þrettán háskóla var lokið við endurnýjun rannsóknasamstarfs um þróun „Methodology for the Analysis of Social Interaction“ (MASI). Auk Háskóla Íslands má þar helst má telja Parísarháskóla (VIII, XIII), Barcelona-háskóla, Milano-háskóla (Bicocca og Catholic Del Sacre Cuore), Heidelberg-háskóla og Rannsóknastofnun í lífeðlisfræði við Læknávisindaakademíuna í Moskvu. Til samningsins var upphaflega stofnað 1995 að undirlagi sálfræðideildarinnar á Sorbonne í París í framhaldi af fyrri rannsóknum MSM þar á sviði sálarfræði og atferlisfræði við Parísarháskóla VIII og XIII, svo og við Mannfræðistofnun Náttúrusögusafns Frakklands í París enda var formgerðarlíkan hans lagt til grundvallar samningnum. RMA gegnir því lykilhutverki í MASI (sjá nánar www.hbl.hi.is/masi.htm).

Sömu nálgun er beitt í þriggja ára bandarísku rannsóknaverkefni styrkt af National Science Foundation með einni milljón dollara. Verkefnið varðar afhjúpun blekkinga (deception) í mannlegum samskiptum og hélt MSM fyrirlestra og vinnufundi við Arizona-háskóla og Chicago-háskóla 2008. Rutgers-, Pittsburgh- og Michigan State háskólarnir eru aðrir aðalþátttakendur í verkefninu ásamt Cologne-háskóla, Imperial College London og Háskóla Íslands (RMA), en MSM er aðferðafræðilegur ráðgjafi Chicago-háskóla þar sem nálgun hans hefur verið beitt undanfarin 30 ár.

Starfsemi RMA 2008 tengdist nánar stærðfræði þar eð MSM hélt fyrirlestra við tvær stærðfræðiráðstefnur: American Institute of Mathematical Sciences (18.-21. maí, Texas, USA) og WCNA, International Federation for Nonlinear Analysis (2.-9. júlí 2008, Florida).

Fyrsta formlega framlag RMA til trúarbragðafræði var fyrirlestur MSM við International Society for Human Ethology, 13.-17. júlí 2008, í Bologna á Ítalíu: Invited symposium: The Biology of Religious Behavior ásamt með tilsvarendi kafla „Religion and Hidden Patterns in Behavior: Religion as a Biological Phenomenon“ í bókinni „The Biology of Religious Behavior: The Evolution of Religion and Faith“ í Praeger, 2009.

Fyrirlestur MSM um sama efni við alþjóðlega ráðstefnu Society for the Scientific Study of Religion (SSSR), 17.-19. október 2008 féll niður á síðasta augnabliki vegna annríkis, en verður í staðinn haldinn við tilsvarendi ráðstefnu SSSR í október 2009 í Denver í Colorado. Samstarf heldur áfram við Babraham Institute, Cambridge í Bretlandi um rannsóknir á samskiptamynstrum í heilatauganetum.

Guðberg K. Jónsson vann að innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi á vegum RMA þar sem ofangreindri nálgun er beitt. Hann vann m.a. við gerð umsóknar til RANNÍS um greiningu á viðskipta- og fjármálaferlum í samstarfi við Landsbanka Íslands.

Sjá nánar um starfsemi RMA á www.hbl.hi.is.

Rannsóknastofa Háskólans í meinafræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa Háskólans í meinafræði er ein stofnana Landspítalans og jafnframt elsta rannsóknastofan tengd Háskóla Íslands, stofnsett 1917. Rannsóknastofan skiptist í fjórar deildir: vefjarannsóknir, réttarlæknisfræði, frumulíffræði og lífsýnasafn. Í árslok 2008 voru starfsmenn 45, þar af voru níu tengdir Háskóla Íslands, 2 prófessorar, 2 klínískir prófessorar, 3 dósentar, einn lektor og einn prófessor emeritus.

Rannsóknir

Umfang þjónusturannsókna jókst um 7,4% frá 2007. Á rannsóknastofunni eru einnig stundaðar umfangsmiklar grunnrannsóknir á krabbameini. Aðaláherslan hefur verið á leit að genum sem hafa áhrif á tilurð og framvindu krabbameina í brjóstum og blöðruhálskirtli. Síðla árs 2007 bættist stofnuninni sérfræðingur í frumu- og sameindalíffræði, Inga Reynisdóttir. Hún hefur, auk þess að annast þjónusturannsóknir faðernismála unnið að því að byggja upp rannsóknaraðstöðu til frumulíffræðirannsókna og fengið til þess veglega styrki. Þessi nýja rannsóknaraðstaða gefur möguleika á að nýta betur gagnagrunna sem byggðir hafa verið upp í tengslum við kortlagningu erfðabrenglana og tjáningarmynsturs í brjóstæxlissýnum með hjálp örflögutækni. Örflögugerkefnið er hluti af norrænu samstarfsverkefni með þátttöku háskólasjúkrahúsanna í Lundi, Helsinki og Reykjavík. Verkleikum hluta þess lauk árið 2007, og höfðu þá hátt í 600 æxlissýni verið skoðuð á örflögum sem gefa upplýsingar í einu og sama æxlissýni um tjáningu 17 þúsund gena, og kortlagningu á tapi og mögnun DNA-raða með 45 þúsund basapara þéttleika. Á árinu var haldið áfram með annað langtímaverkefni deildarinnar sem felur í sér tengslagreiningu á fjölskyldum með mjög háa tíðni brjóstakrabbameins með það að markmiði að staðsetja ný BRCA-gen í íslenska þýðinu. Vísindamenn Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði tóku á sínum tíma þátt í einangrun á BRCA1- og BRCA2-brjóstakrabbameinsgenunum en stökk - breytingar í þeim skýra aukna áhættu myndunar brjóstakrabbameins í rúmlega helmingi íslenskra ætta sem eru með mjög háa tíðni meinsins. Tilurð meinsins er ennþá óútskýrð í hinum helmingi ættanna og vinna vísindamenn stofnunarinnar ásamt Krabbameinslækningadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss að staðsetningu á nýjum áhættugenum með tengslagreiningum í nokkrum þessara ætta. Meistaraneimar eru í þjálfun við rannsóknastofuna auk þess sem nokkuð er um minni nematengd rannsóknaverkefni.

Kynningarstarfsemi

Starfsfólk Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði átti árið 2008 aðild að 36 ritrýndum vísindagreinum og 41 útdrætti. Ekki voru haldnar sérstakar ráðstefnur eða þing á vegum stofnunarinnar árið 2008.

Annað

Rekstur Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði nemur u.þ.b. 300 m.kr. ári og er innan við 1% af heildarrekstri Landspítalans. Starfsmenn rannsóknastofunnar afla á hverju ári umtalsverðra vísindastyrkja innan lands og utan. Starfsemi Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði var í árslok 2008 í fjórum byggingum og eru þrjár á Landspítalalóð, auk lífsýnasafns sem er í leiguhúsnæði Krabbameinsfélaganna við Skógarhlíð. Síðari hluta árs 2008 flutti Frumulíffræði- og sameindameinafræðieining stofnunarinnar í Hús 9 við Barónstíg, sem var áður húsnæði Blóðbankans.

Rannsóknastofa í næringarfræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN) tók til starfa í september 1997 og var gerður samningur um RÍN milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands í maí 2005. Aðstaða er á Landspítala við Hringbraut í Reykjavík en þar deilir RÍN aðstöðu með næringarstofu Landspítalans að Eiríksgötu 29. Í stjórn RÍN sitja Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, formaður stjórnar, Pálmi V. Jónsson dósent, Lilja Stefánsdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri og Oddný Gunnarsdóttir ritari stjórnar.

RÍN hafði fjóra fasta starfsmenn árið 2008, Ingu Þórsdóttir prófessor, sem er forstöðumaður stofunnar, Ingibjörgu Gunnarsdóttur dósent, Alfons Ramel sérfræðing og Guðrúnu Kristínu Sigurgeirsdóttur verkefnastjóra. Fjöldi nemenda hefur aðstöðu og nýtur handleiðslu við rannsóknarverkefni hjá RÍN. Sex nemendur útskrifuðust með meistaraþróf 2008 og unnu lokaverkefni sitt á RÍN. Þrír nýir meistaranemar hófu nám 2008 og 5 doktorsnemar unnu að verkefnum á RÍN ásamt nokkrum starfsmönnum í öðrum verkefnum.

Rannsóknir

Helstu áherslur í rannsóknum Rannsóknastofu í næringarfræði hafa verið á næringu og vöxt ungbarna, barna og unglunga og áhrif þessara þátta á heilsufar bæði á barnsaldri og síðar á ævinni. Meðal annars kom út skýrsla um næringu ungbarna: Ráðleggingar og áhrif á járnþúskaþ; Mataræði íslenskra ungbarna, inntaka næringarefna og vöxtur 2005–2007. Í skýrslunni kom fram að járnþúskaþur hefur batnað umtalsvert síðan ráðleggingunum var breytt, og stoðmjólkkin hefur nú komið inn sem aðal drykkjarmjólkinn eftir brjóstamjólk hjá 6–12 mánaða ungbörnum í stað kúamjólkur. Áhersla hefur einnig verið lögð á rannsóknir sem snúa að meðgöngu og brjóstagjöf auk rannsókna á mataræði og heilsu skólabarna og unglunga.

Rannsókn á mataræði þriggja og fimm ára barna lauk með útkomu skýrslu: Hvað borða íslensk börn á leikskólaaldri? Könnun á mataræði 3ja og 5 ára barna 2007. Einnig fór fram rannsókn á næringu skólabarna, 7–9 ára, sem styrkt er af Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Áhersla hefur því verið mikil á næringu barna og unglunga og áhrif á heilsufar bæði á barnsaldri og síðar á ævinni. Rannsókn á áhrifum lífvirkra efna í fiski við þyngdartap hefur skipað stóran sess í starfsemi á sl. árum, en verkefnið er t.d. styrkt af 6. rammaáætlun Evrópusambandsins og stýrt af Rannsóknastofu í næringarfræði. Rannsóknastofa í næringarfræði stundar einnig rannsóknir á næringarástandi mismunandi sjúklíngahópa og undanfarið aðallega á næringarástandi aldraðra. Nýtt rannsóknarverkefni hófst 2008 sem miðar að því að kanna hvort hágæðaprótein með viðbótaramínósýrum getur bætt heilsu aldraðra og aukið lífsgæði. Verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði. Ákvarðandi þættir mataræðis og lífstíls eru einnig rannsakaðir.

Bókarkafli um fiskneyslu og heilsu hefur birst á árinu sem og fjölmargar niðurstöður rannsókna í alþjóðlegum ritrýndum fagttímaritum og fræðilegar álitserðir. Auk þess hefur starfsfólk RÍN haldið fjölda fyrirlestra og kynnt veggspjöld á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og þingum á árinu.

Samstarf

Rannsóknarstörf RÍN eru afar fjölbreytt og er virkt samstarf við u.þ.b. 30 erlendar stofnanir og háskóla og einnig ýmsar stofnanir hérlendis.

Þjónusta

RÍN veitir ýmiss konar þjónustu út í samfélagið, bæði hérlendis og erlendis, þar sem sérfræðiþekking og rannsóknarniðurstöður stofunnar eru nauðsynlegar eða veita áður óþekktar upplýsingar.

Rannsóknastofa í ónæmisfræði

Ónæmisfræðideild tilheyrir rannsóknasviði Landspítalans. Yfirlæknir er Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor. Við árslok störfuðu 39 einstaklingar við deildina, sumir í hlutastarfi.

Auk Björns Rúnars störfuðu fimm sérfræðingar við deildina (þar af einn prófessor, einn prófessor emeritus, einn klínískur lektor og einn aðjunkt), átta lífeindafræðingar, tveir skrifstofumenn, tveir læknar, einn læknanemi, átján náttúrufraeðingar og tveir hjúkrunarfræðingar. Af framantöldum starfsmönnum eru 8 í námi til meistaraþrófs og 10 í námi til doktorsþrófs.

Kjarnastarfsemi deildarinnar má grófllega skipta upp í þrjá meginþætti: Alhliða þjónusta við sjúklinga sem hafa eða eru grunaðir um að hafa galla eða truflun í starfsemi ónæmiskerfisins.

Að veita fræðilega og hagnýta kennslu í ónæmisfræði og annast þar að auki þjálfun lækna, lífeindafræðinga, líffræðinga og annarra starfshópa innan heilbrigðiskerfisins.

Að annast víðtækar rannsóknir, allt frá hreinum grunnrannsóknnum til klínískra rannsókna og þróunarvinnu.

Helstu áherslur í rannsóknum

Rannsóknir á IgA-mótefnaskorti á Íslandi, áhrif ónæmisboðefnisins TGF- β á þroskun og starfsemi T-eitilfruma. Rannsóknir á bólgumiðlum sem stuðla að myndun kransæðasjúkdóma og iktsýki, og rannsóknir á hlutverki mannanbindilektíns í krónískum bólgusjúkdómum. Rannsóknir á ónæmiskerfi nýbura og ónæmisvörnum og rannsóknir á bólusetningaraðferðum gegn influensu og fjölsykruhúðuðum bakteríum, einkum bakteríum sem valda lungnabólgu, heilahimnubólgu og eyrnabólgu. Rannsóknirnar beinast einnig að samskiptum sýkla og manna og viðbrögðum hvors gegn hinum.

Rannsóknir á orsakapáttum fæðuofnæmis í börnum. Rannsóknir á því hvort sóri (psoriasis) sé sjálfsöfnæmissjúkdómur, gegn hverju T-eitilfrumur eru að bregðast í húð sórasjúklinga og hlutdeild kverkeittla í tilurð sjúkdómsins. Áhrif fitufrumu-boðefna á sóráútbrot og breytingar á ónæmsviðbrögðum sórasjúklinga eftir meðferð í Bláa lóninu. Rannsóknir á áhrifum náttúruafna í sérhæfingu ónæmissvars, rannsóknir á svipgerð T-frumna í börnum sem misstu týmus í frumbersku og rannsóknir á áhrifum lágskammta aspiríns á liðagigt í rottum. Rannsóknir á áhrifum erfða í tengslum við meðferðarvirgni afnæmismedferða. Rannsóknir á hlutverki bólgu í kransæðasjúkdómum ásamt hlutverki æðapelsstofnfruma í því ferli.

Styrkir

Ónæmisfræðideild hlaut um 90 m.kr. í styrki á árinu (háð gengi hverju sinni) meðal annars frá Vísindasjóði LSH, Rannsóknasjóði RANNÍS, Tækjasjóði RANNÍS, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, ferðastyrki Háskóla Íslands, Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, Nýsköpunarsjóði námsmanna, Vísindasjóði Félags íslenskra gigtlækna, Vísindasjóði Wyeth, Norrænu ónæmisfræðisamtökunum (ferðastyrkir), International Pathogenic Neisseria Confrence (ferðastyrkir), sjöttu og sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins, auk annarra erlendra rannsóknastyrkja/samninga.

Kynningarstarfsemi og kennsla

Starfsmenn deildarinnar héldu fjölda fyrirlestra og sýndu veggspjöld á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og fundum og við erlendar rannsóknastofnanir. Þeir birtu 14 greinar í ritrýndum erlendum tímaritum, bókarkafla og greinar í Læknablaðinu og Læknanemanum.

Starfsmenn deildarinnar kenna ónæmisfræði við Læknadeild (læknisfræði og lífeindafræði), líffræðiskor og Lyfjafræðideild. Að jafnaði koma þeir til fjórir 3. árs læknanemar í verkefni á deildinni ár hvert, auk lífeinda- og líffræðinema í BS-námi og lyfjafræðinema í MS-námi.

Haldnir eru fræðslufundir tvisvar í mánuði á vegum deildarinnar. Einnig kynna nemar deildarinnar verkefni sín á fundum sem haldnir eru tvisvar í mánuði.

Tveir starfsmenn deildarinnar unnu ásamt fleirum að undirbúningi 6th International Symposium on Pneumococci and Pneumococcal Diseases, ISPPD-6, sem var haldið 8.-12. júní í Reykjavík (Ingileif Jónsdóttir (formaður), Sigurveig Þ. Sigurðardóttir).

Viðurkenningar

Helgi Valdimarsson sérfræðingur og prófessor emeritus var kjörinn heiðursfélagi í Scandinavian Society for Immunology í ágúst 2008.

Ýmislegt

Hafin var vinna við faggildinguna á árinu. Vinnu við kostnaðargreiningu þjónusturannsókna deildarinnar lauk.

Rannsóknastofa í sýklafræði

Starfsemi

Á deildinni störfuðu sjö sérfræðilæknar í fimm stöðugildum, 32 lífeindafræðingar, einn líffræðingur og sjö aðstoðarmenn og ritarar. Fastir starfsmenn háskólans voru Karl G. Kristinsson prófessor, yfirlæknir deildarinnar, Ólafur Steingrímsson dósent, Martha Á. Hjálmarsdóttir, lektor og Gunnsteinn Æ. Haraldsson, framkvæmdastjóri rannsóknanámsnefndar, allir í Læknadeild. Auk þeirra sinntu allir sérfræðingar deildarinnar og fjórir lífeindafræðingar stundakennslu í Læknadeild (þ.m.t. námsbraut í sjúkraþjálfun), Lyfjafræðideild, Tannlæknadeild og Hjúkrunarfræðideild. Einn doktorsnemi útskrifaðist á árinu og annar bættist við. Vísindarannsóknir

Unnið var að fjölmörgum rannsóknum á árinu, en eftirfarandi voru viðamestar:

- European Resistance Intervention Study (EURIS) og Pneumococcal Resistance Epidemicity and Virulence Study (PREVIS), styrktar af 5. og 6. rammaáætlunum Evrópusambandsins. Þær voru unnar í samstarfi við embætti sóttvarnalæknis, ónæmisfræðideild Landspítalans og aðila í Svíþjóð, Portúgal, Englandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Undirbúningur, íhlutun og gagnaöflun fór fram 2000-2007. Enn er unnið að úrvinnslu og greinaskrifum.
- Erfðir smitsjúkdóma. Rannsókn á erfðum sem tengjast berklum, hjúpuðum bakteríum, influensu og bólusótt. Hófst í lok ársins 2004 og er í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu, smitsjúkdómalækna á Landspítalanum o.fl. Stór styrkur fékkst frá National Institute of Health, USA, til verkefnisins.
- Sameindafaraldsfræði penisillín ónæmra pneumókokka. Doktorsverkefni Mörthu Á. Hjálmarsdóttur, lífeindafræðings.
- Sýklalyfjaónæmi baktería í búfenaði á Íslandi – mögulegur flutningur til manna? Samvinnuverkefni við Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum. Doktorsverkefni Þórunnar R. Þorsteinsdóttur, líffræðings.
- Sýklalyfjaónæmi og sýklalyfjanotkun í Færeyjum – samanburður við Ísland og Danmörku. Doktorsverkefni Maritu Debess Magnussen líffræðings í Færeyjum.
- Rannsókn á sameindafaraldsfræði methisillín-ónæmra Staphylococcus aureus á Íslandi.

Lena Rós Ásmundsdóttir, læknir, lauk doktorsverkefni sínu „Sveppasýkingar í blóði: Faraldsfræði, áhættuþættir, ónæmissvörun og meingerð“, með doktorsvörn við Læknadeild, 3. október.

Kynningarstarfsemi

Tveir starfsmenn deildarinnar, Karl G. Kristinsson prófessor og Helga Erlendsdóttir, klínískur prófessor, sátu í undirbúningsnefnd alþjóðlegrar ráðstefnu um pneumókokka og pneumókokkasýkingar (6th ISPPD), sem haldin var í á Hilton Nordica hótelinu, 8.-12. júní. Ráðstefnuna sóttu 980 þátttakendur frá 86 löndum, en á henni voru 80 fyrirlestrar og kynning á 500 veggspjöldum. Aldrei áður hafa jafn margir þátttakendur sótt þessa ráðstefnu sem tókst mjög vel í alla staði.

Annað

Helena Zemlickova, sérfræðilæknir og forstöðumaður á National Institute of Public Health í Tékklandi, heimsótti deildina í einn mánuð. Til þess og til að koma á rannsóknasamstarfi við Tékkland fékkst styrkur frá Evrópska efnahagssvæðinu (EEA Grant). Karl G. Kristinsson prófessor var formaður nefndar heilbrigðisráðuneytisins um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi, varamaður í sóttvarnaráði og deildarráði Læknadeildar. Ólafur Steingrímsson, dósent, var áfram formaður sóttvarnarráðs. Martha Á. Hjálmarsdóttir lektor var formaður geisla- og lífeindafræðiskorar og sat í deildarráði Læknadeildar. Þótt aðstaða stofn - greiningadeildar og rannsóknanámsnema hafi batnaði til muna með aðstöðu að Ármúla 1A á árinu 2008, þá býr deildin enn við mikil þrengsli á Landspítalalóðinni við Barónstíg.

Rannsóknastofa í veirufræði

Stjórn og starfsfólk

Yfirstjórn rannsóknastofu í veirufræði er óbreytt frá fyrri árum. Forstöðumaður og yfirlæknir er Arthur Löve prófessor en daglegri verkstjórn sinnir Þorgerður

Árnadóttir yfirnáttúrufræðingur. Starfsmenn deildarinnar eru um 20 talsins og sinna þeir bæði þjónustu- og grunnrannsóknunum í veirufræði, sem er, ásamt kennslu heilbrigðisstétta, hlutverk deildarinnar. Er starfsfólk úr ýmsum greinum, þ.e. lækna, náttúrufræðingar, efnafræðingur, lífeindafræðingur og annað rannsóknar- og skrifstofufólk. Einn læknir í hálfu starfi fór í launalaust leyfi til að sinna öðrum störfum. Náttúrufræðingur lét af störfum og var annar ráðinn í hans stað. Annar náttúrufræðingur hóf framhaldsnám í veirufræði til meistaraþrófs við Læknadeild Háskóla Íslands og verður hluti verkefnisins unnið við veirufræðideild háskólasjúkrahúsins í Málmei. Verkefnið er um nýuppgötvaða veiru, parvóveiru 4, en tengsl hennar við sjúkdóma eru enn sem komið er óljós. Hélt viðkomandi utan til Svíþjóðar á haustmánuðum.

Rannsóknir og önnur starfsemi

Gerðar voru yfir 55.000 rannsóknir á sýnum frá sjúklingum sem er talsverð aukning frá fyrra ári en fjöldi rannsókna hefur aukist smátt og smátt. Einnig fléttast grunnrannsóknir inn í starfseminu eftir föngum. Meðal helstu rannsóknarsviða má nefna eyðni- og lifrabólgu rannsóknir. HIV-sýktum sem greinast á hverju ári fjölga hægt og bítandi. Greinast nú nær jafnmargar konur og karlar. Árið 2007 fór að bera á HIV-sýkingum meðal þeirra sem neyta fíkniefna í æð og var það mikið áhyggjuefni. Sem betur fer reyndust aðeins fáir sýkjast þannig og sennilega enginn á árinu 2008. Ef illa færi gætu tugir manna sýkst á stuttum tíma. Farið er að bera á ónámi gegn þeim andveirulyfjum sem notuð eru við meðferð HIV-sýkingar. Þarf flóknar rannsóknir á veirunni þessu til staðfestingar og hefur rannsóknastofa í veirufræði ekki tekið þær upp enn heldur er höfð samvinna við rannsóknarstofu í Kaupmannahöfn við framkvæmd þessara athugana.

Síðla sumars 2007 fór að bera á sýkingum af völdum lifrabólguveiru B meðal þeirra sem neyta fíkniefna í æð. Jókst sá faraldur fyrri hluta árs 2008 en fjaraði síðan út um sumarið. Alls greindust allmargir tugir með sýkinguna en það er aðeins brot allra þeirra sem sýkst hafa. Lifrabólguveira C breiðist enn hratt út meðal sprautufíkla. Þeir yngstu sem greinast nú eru fæddir um og eftir 1990. Eru nú þrjár alvarlegar veirusýkingar meðal sprautufíkla og giskað hefur verið á að þeim muni fjölga nú þegar harðnar í ári í þjóðfélaginu almennt. Forvarnir gegn eiturylfjum ættu að verða eitt af aðalforgangsverkefnum heilbrigðis-, félagsmála- og menntamálaferfanna þar sem mikið er í húfi fyrir framtíðarkynslóðir landsins. Mikilvægt er að greina sýkingarnar sem fyrst þar sem oft tekst með lyfjum að ráða niðurlögum veiranna, a.m.k. halda þeim í skefjum og þá minnka smithættu. Samstarfsverkefni varðandi lifrabólguveiru C, aðrar lifrabólguveirur og einnig ýmsar illa skilgreindar veirur héldu áfram við háskólasjúkrahúsið í Málmei. Annað stórt rannsóknarsvið eru greiningar á öndunarferasýkingum, þar á meðal á svonefndri „respiratory syncytial“-veiru (RS) sem á hverju ári herjar hérlendis og er vel skrásett faraldsfræðilega. Sama gildir um inflúensuveirur, en inflúensu-faraldrar ganga áhrifst. Fjöldi tilfella greindist af svokölluðum calici-veirusýkingum sem er uppkasta- og niðurgangspest sem kemur oft upp á sjúkrahúsum, elliheimilum, öldrunardeildum og víðar. Hófst faraldur þessi á haustmánuðum 2002 og hefur staðið síðan með hléum en haustið 2008 tók tilfellið að fjölga verulega aftur og hefur faraldurinn valdið ófremdarástandi á ýmsum stofnunum um land allt.

Vegna mikilla umræðna og hræðslu við sýklahernað eftir árásirnar 11. september 2001 í Bandaríkjunum er eitt einangrunarherbergi á rannsóknastofunni sérstaklega útbúið til greiningar á torkennilegum sýkingum sem t.d. gætu verið af völdum sýklaárásar. Þessum viðbúnaði og undirbúningi var stöðugt haldið við. Samstarf við Smittskyddsinstitutet í Stokkhólmi varðandi hugsanlega sýklavá hélt áfram sem fyrr. Jafnframt voru sett upp próf fyrir veirum sem taldar eru líkleg - astar að notaðar yrðu í slíkri sýklaárás.

Nú hefur mikið verið rætt um fuglaflensu en hún hefur herjað á fugla í nokkrum heimshlutum þar á meðal í Evrópu. Fáir menn hafa þó tekið veikina. Rannsókna - stofa í veirufræði hefur komið sér upp greiningaraðferð fyrir fuglaflensu skyldi hún stinga sér niður hérlendis, sem verður að telja fremur ólíklegt.

Framhaldsstyrkur frá 6. rammaáætlun ESB fékkst til endurbóta á lífsýnasafni rannsóknastofunnar, sem unnið var að áfram. Kennsla var á árinu viðamikill þáttur í starfsemi rannsóknastofunnar eins og fyrr. Starfsfólk hennar hélt fræðslufundi víða um ýmis efni innan greinarinnar. Skipuleggur starfsfólk deildarinnar námskeið í veirufræði við Háskóla Íslands fyrir læknanema, hjúkrunarnema og lyfjafræðinema og einnig fyrir lífeindafræðinema.

Tveir meistaraþrófsnemar voru skráðir við rannsóknarstofuna. Sem fyrr situr yfirlæknir í sóttvarnaráði og er formaður nefndar til útrýmingar mænuóttar á Íslandi. Hann er einnig formaður stjórnar lífsýnasafns sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans.

Rannsóknastöðin í Sandgerði

Rannsóknastöðin var sett á laggimar 1992 til að þjóna rannsóknarverkefninu „Botndýr á Íslandsmiðum“ (BIOICE). Rannsóknarverkefnið er unnið á vegum umhverfisráðuneytisins í samvinnu Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Líffræðistofnunar Háskólans, í samstarfi við Sandgerðisbæ og fjölda erlendra sérfræðinga og stofnana víða um heim. Hlutverk stöðvarinnar er að flokka og greina sýni BIOICE-verkefnisins í helstu fylkingar og flokka dýraríkisins til að auðvelda nánari greiningu þeirra og veita erlendum samstarfsmönnum aðstöðu til rannsókna.

Í Rannsóknastöðinni unnu á árinu 2008 níu rannsóknamenn í rúmum sjö stöðugildum. Þeir sáu um að flokka botndýr sem söfnuðust í rannsóknarverkefninu „Botndýr á Íslandsmiðum“ (BIOICE), auk þess að sinna öðrum tilfallandi verkefnum fyrir Hafrannsóknastofnunina, Líffræðistofnun Háskólans, Náttúrufræðistofnun Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Umsjón með rekstri stöðvarinnar hafði Guðmundur V. Helgason sjávarlíf-fræðingur.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum á Keldum hefur verið í samstarfi við Rannsóknastöðina. Starfsmenn Fisksjúkdómadeildar hafa notað aðstöðuna í Sandgerði til að gera tilraunir með bóluefni gegn ýmsum fisksjúkdómum á lifandi fiski. Á árinu var hafin bygging á viðbyggingu við Garðveg 1-3 en þar er áformað að hýsa m.a. framtíðaraðstöðu fyrir rannsóknir á fisksjúkdómum.

Annað meginsvið Rannsóknastöðvarinnar felst í mengunarrannsóknum. Í stöðinni hafa undanfarin ár farið fram rannsóknir á áhrifum mengandi efna á íslenskar sjávarlífverur. Á árinu 2008 var lögð áhersla á rannsóknir í samvinnu við Háskólasetur Suðurnesja á áhrifum PAH-sambanda á krækling.

Sérfræðingar Líffræðistofnunar stunduðu margvíslegar rannsóknir við stöðina og nemendur við líffræðiskor nutu aðstöðunnar við rannsóknir sínar. Halldór P. Halldórsson vann hluta rannsóknavinnu doktorsnáms síns í stöðinni. Þá hafa meistaranemarnir Óskar Sindri Gíslason, Marínó Fannar Pálsson, Fannar Þeyr Guðmundsson og Guðjón Már Sigurðsson notað aðstöðuna.

Erlendir vísindamenn dvöldu við rannsóknir í Sandgerði í um 214 daga á árinu, ýmist í tengslum við Rannsóknastöðina, Háskólasetur Suðurnesja eða Náttúrustofu Reykjaness. Stundaðar voru m.a. rannsóknir á öldrun kúfsheljar og fari sanderlu.

Í stöðinni fór einnig fram kennsla á vegum líffræðiskorar. Á vormánuðum fór umfangsmikill verklegur þáttur námskeiðsins Eiturefnavistfræði fram í stöðinni. Stöðin lagði einnig til mikinn efnivið til verklegar kennslu í greinum er fást við lífríki sjávar.

Siðfræðistofnun

Stjórn og starfslíð

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor, tilnefndur af heimspekiskor, formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir, lektor, tilnefnd af Guðfræðideild, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennara - háskóla Íslands og Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, skipaður af háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi er Salvör Nordal.

Rannsóknir Rannsóknir í lífsiðfræði

Unnið var áfram að verkefninu Notkun gagnagrunna á heilbrigðissviði: Siðferðileg álitamál, og meðal annars haldinn umræðufundur um vísindarannsóknir þann 29.



ágúst með þátttöku helstu hagsmunaaðila á þessu sviði. Þar voru meðal annars kynntar niðurstöður úr rannsóknaverkefninu og rætt um hvernig búið er að þessum rannsóknum hér á landi. Í framhaldinu var Siðfræðistofnun falið að skipa fulltrúa í starfshóp heilbrigðisráðuneytisins sem ætlað er að endurskoða lög um vísindarannsóknir hér á landi.

Þá var stofnuninni einnig falið að tilnefna í Vísindasiðanefnd eftir að ný reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði var sett í mars.

Send var inn umsókn í 7. rammaáætlun Evrópusambandsins um neytenda-erfðafræði. Námskeið var haldið í Tartu í Eistlandi í ágúst í tengslum við árlega ráðstefnu ESPHM. Námskeiðið var styrkt af Nordforsk og haldið í samstarfi við háskóla í Eistlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi fyrir meistara- og doktorsnema í lífsiðfræði.

Siðfræðistofnun tekið þátt í margvíslegum erlendum fundum og samstarfsverkefnum. Forstöðumaður er í ráðgjafahópi í rannsóknaverkefninu HEPADIP (Hepatic and Adipose Tissue and Functions in the Metabolic Syndrome) og þátttakandi í verkefninu PRIVILEGED (Privacy in law, ethics and genetic data) og sótti fundi á vegum verkefnisins í Sheffield á Englandi í janúar og Coimbra, Portúgal, í nóvember. Stjórnarformaður situr í stjórn Nordisk bioetisk komité og var formaður nefndarinnar 2007. Hann sótti fjölmarga fundi og málþing á hennar vegum á árinu. Vilhjálmur situr einnig í stjórn European Society for Philosophy of Medicine and Health Care og sótti ársþing félagsins í Tartu. Bæði forstöðumaður og stjórnarformaður fluttu erindi á ársþinginu. Formanni stjórnar var boðið að flytja fyrirlestur á alþjóðlegu málþingi um Progress on Personalising Medicines í University of Warwick, 25. september 2008. Hann sótti einnig alþjóðlegu ráðstefnuna Translating ELSI. Global perspectives on Bioethics í Cleveland 1.-3. maí 2008 og flutti þar erindi. Formaður stjórnar situr í ritnefndum tímaritanna Medicine, Health Care and Philosophy. A European Journal. Kluwer Academic Publishers frá 2000, Genomics and Society. Online journal frá 2005 og Etikk i Praksis. Nordisk tidskrift frá 2007.

Önnur rannsóknarverkefni

Gildismat og velferð barna í neylusamfélagi nútímans sem fékk styrk úr Kristni-hátíðarsjóði 2005 hefur haldið áfram sem samstarfsnet enda hópurinn sem að honum stendur áhugasamur um frekara samstarf. Haldið var málþing 4. janúar í Norræna húsinu um ábyrgð foreldra. Þar töluðu þeir Vilhjálmur Árnason prófessor, Baldur Kristjánsson dósent og Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. Þátttakendur í pallborðsumræðum voru þau Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor og séra Sigurður Pálsson, fyrrv. sóknarprestur. Fundarstjóri var Salvör Nordal.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmiss konar ráðgjöf. Þá hefur Siðfræðistofnun skipulagt námskeið og komið að kennslu í einstökum námskeiðum hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Afmælisfyrirlestrar Siðfræðistofnunar

Í tilefni þess að á haustmisseri 2008 hóf Siðfræðistofnun sitt 20. starfsár var hleypt af stokkunum fyrirlestraröð undir yfirskriftinni Siðfræði og samfélag. Fyrirlestrararnir eru mánaðarlega, haldnir kl. 15:15 á föstudögum í Þjóðarþókhöndunni, og áætlað að þeim ljúki í desember 2009 með útgáfu bókar. Ellefu íslenskir heimspekingar taka þátt í fyrirlestraröðinni. Það eru þau Kristján Kristjánsson, Stefán Hjörleifsson, Ástríður Stefánsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Geir Sigurðsson, Salvör Nordal, Sigurður Kristinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Jón Ólafsson, Jón Kalmannsson og Páll Skúlason, en sá síðastnefndi hóf fyrirlestraröðina 5. september.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var með svipuðum hætti á árinu 2008 og árið á undan. Mikið hagræði var fyrir starfið þegar örnefnasvið gat í ársbyrjun flutt starfsemi sína og gögn úr Garðabæ á Neshaga 16 og komið sér þar fyrir í vinalugu húsrými í sambyli við önnur svið sem fást við

íslenskt mál. Háskóla Íslands eru færðar þakkir fyrir góða aðstoð við að leysa þennan helsta húsnæðisvanda stofnunarinnar eins og sakir standa. Flestum meginverkefnum stofnunarinnar miðaði vel áfram, þótt ekki tækist að ljúka á árinu öllu sem vonir stóðu til. Þó kom nú út í tveimur bindum stórvirkið Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal sem Guðrún Ása Grímsdóttir bjó til prentunar. Unnið var að endurbótum og samræmingu á gagnagrunnum stofnunarinnar, en hægt var á því starfi þegar fjárhagsörðugleikar blöstu við á síðustu mánuðum ársins. Starfi við samningu veflægrar íslensk-norrænnar orðbókar, ÍSLEX, miðaði vel áfram, og sama má segja um vinnu við markaða íslenska málheild þótt ýmsar óviðráðanlega ástæður yrðu til að tefja það verk.

Allmörg rannsóknarverkefni sem styrkt eru af samkeppnissjóðum eru unnin að hluta við stofnunina, þannig að stofnunin sem slík eða einstakir starfsmenn eru þátttakendur. Hér skulu nefnd tvö verkefni sem fóru af stað á fullum krafti á árinu:

ENRICH

Þann 3. desember 2007 var hleypt af stokkunum í Prag samstarfsverkefninu ENRICH sem styrkt er af eContentPlus-áætlun Evrópusambandsins. Heiti verkefnisins ENRICH er skammstöfun fyrir European Networking Resources and Information concerning Cultural Heritage, Evrópskar net- og upplýsingaveitur um menningararfleifð. Markmið þess er að opna greiðan aðgang að stafrænum myndum af fornum heimildum sem varðveittar eru í ýmsum evrópskum menningarstofnunum og skapa með því móti sameiginlegt sýndarumhverfi, einkum til rannsókna á handritum en einnig vögguprenti, fágætum gömlum prentuðum bókum og öðrum sögulegum skjölum. Verkefnið byggir á þeirri reynslu sem fengist hefur af verkefninu Manuscriptorium Digital Library (<http://www.manuscriptorium.eu>) en þar eru samtengd gögn frá 46 söfnum í Tékklandi og erlendis. Verkefnið mun standa yfir í tvö ár eða til loka nóvember 2009.

ENRICH-verkefnið mun ná til því sem næst 85% stafrænna mynda sem fram til þessa hafa verið teknar af handritum í evrópskum þjóðbókasöfnum. Á verk-tímanum mun bætast umtalsverður fjöldi gagna frá háskólabókasöfnum og öðrum stofnunum. Samstarfið mun opna aðgang að rösklega fimm milljónum stafrænna blaðsíðna. Þátttakendur í ENRICH-samstarfsverkefninu eru 18 og að auki styður það fjöldi annarra stofnana sem margar hafa yfir að ráða mikilvægum gagnasöfnum. Þjóðbókasafn Tékklands leiðir verkefnið ásamt tveimur tékkneskum þátttakendum: AiP Beroun og Crossczech Prague hf.

Vinna við ENRICH-verkefnið hófst í desember 2007. Árnastofnun í Reykjavík, Árnasafn í Kaupmannahöfn og Landsbókasafn Íslands hafa sérstaka samvinnu sín á milli innan verkefnisins og stefna að því að koma upp sameiginlegum gagnagrunni þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um handrit í vörslu stofnananna og myndir af þeim. Undirrituðu forstöðumenn stofnananna samning um samstarfið í Árnagarði þann 27. júní.

Vinna við verkefnið felst m.a. í því að allar xml-MASTER-skráningarfærslur sem til voru um handrit stofnunarinnar hafa á árinu verið yfirfærðar á TEI-P5 staðal og verða endurunnar og auknar á styrktímabilinu jafnframt því sem nýjum skráningum er bætt við eftir föngum. Skráning fyrir hvert einstakt handrit er sjálfstætt skjal í gagnagrunninum en jafnhliða eru teknar saman xml-safnskrár (authority files) sem einnig munu liggja í gagnagrunninum með ítarupplýsingum um mannanöfn, staðarnöfn og prentuð rit sem handritunum tengjast og eru tenglar þangað frá handritafærslunum.

DNA-rannsókn á íslensku bókfelli

Verkefnið hlaut í upphafi árs 2008 hámarksstyrk til tveggja ára frá Rannsóknasjóði RANNÍS. Þetta er fyrsta rannsókn sem gerð hefur verið á erfðaeftni (DNA) í íslenskum skinnhandritum. Megintilgangurinn er að ákvarða þær dýrategundir sem hafðar voru til bókfellsgerðar á Íslandi og leggja þar með traustan grunn að þekkingu á uppruna íslensks bókfells sem varpað gæti frekari ljósi á stöðu Íslendinga á sviði handritagerðar, bókmennningar og verslunar með handrit á miðöldum. Undirbúningsvinna hófst árið 2006 og fyrstu sýnatökur hófust 2007. Vinnan hefur síðan aðallega falist í þróun sýnatökuaðferða og PCR-tækni. Bjarni Páll Ingason lífefnafræðingur lagði undirstöðu að verkefninu ásamt Marteini H. Sigurðssyni. Bjarni Páll hefur frá upphafi haft umsjón með helstu rannsóknar-þáttum og hefur hann skipulagt og annast samstarf við aðila utan Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Samstarfsaðilar eru Íslensk erfðagreining

(Ásgeir Sigurðsson, Shyamali Ghosh, Þórarinn Blöndal, Agnar Helgason, Unnur Þorsteinsdóttir og Kári Stefánsson) og Háskóli Íslands (Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor í frumulíffræði). Soffía G. Guðmundsdóttir hefur kortlagt sýnatökustaði og Hersteinn Brynjúlfsson, forvörður Árnastofnunar, hefur tekið sýni úr handritum í nánu samstarfi við Bjarna Pál Ingason. Marteinn H. Sigurðsson hefur umsjón með vali á handritum ásamt Sigurgeiri Steingrímssyni. Vésteinn Ólason forstöðumaður er verkefnisstjóri.

Hús íslenskra fræða

Forstöðumaður tók á árinu þátt í starfi nefndar sem menntamálaráðherra skipaði til að undirbúa hönnunarsamkeppni um hús fyrir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslenskuskor Háskóla Íslands (nú námsbraut í íslensku í Íslensku- og menningardeild). Samkeppnin fór fram og voru úrslit tilkynnt og verðlaun afhent af menntamálaráðherra í Hátíðarsal Háskóla Íslands 21. ágúst. Verðlaunin vann arkitektastofan Hornsteinar sf. Boðuð hefur verið frestun framkvæmda, en hönnun verður haldið áfram. Þetta hús hefur frá upphafi verið mikilvægur þáttur í framtíðarsýn stofnunarinnar – staður samstarfs á sviði íslenskra fræða í nánnum tengslum við Háskóla Íslands og Landsbókasafn – Háskólabókasafn, verðug og traust umgjörð þjóðargersema. Óvíst er nú hvenær framkvæmdir geta hafist, en miklu skiptir að þessi hugsýn lifi á erfiðleikatímum og geti orðið að raunveruleika svo fljótt sem ástæður leyfa.

Handritasafn Árna Magnússonar tilnefnt til skráningar á lista UNESCO um minni heimsins (Memory of the World)

Í samráði við Árnasafn í Kaupmannahöfn og menntamálaráðuneyti var á árinu unnið að undirbúningi umsóknar um að handritasafn Árna Magnússonar með viðaukum, hvort sem það er varðveitt í Reykjavík eða Kaupmannahöfn, verði skráð á lista Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um „Minni heimsins“. Ríkisstjórn Íslands samþykkti 25. janúar 2008 að tilnefna handritasafn Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn á lista UNESCO „Memory of the World International Registe“ í samstarfi við dönsk stjórnvöld og fól um leið S.Á. að vinna verkið af Íslands hálfu. Umsóknin var af hálfu S.Á. unnin af forstöðumanni og Sigurgeiri Steingrímssyni stofustjóra handritasviðs. Hún var undirrituð 26. og 27. mars af Vésteini Ólasyni og M. J. Driscoll, forstöðumanni Árnasafns í Kaupmannahöfn, og send til UNESCO. Afgreiðsla þar tekur nokkurn tíma, en vænta má úrslita á árinu 2009.

Að leiðarlökum

Árið 2008 var síðasta heila starfsár sem undirritaður veitti Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum forstöðu, en áður en hún tók til starfa í september 2006 hafði hann verið forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi frá 1. maí 1999. Ástæða er til að þakka hér að leiðarlökum fyrir samstarf við ótalmarga aðila sem of langt yrði upp að telja, þrjá menntamálaráðherra, forstöðumenn annarra stofnana á skyldum sviðum, Þjóðmenningarhús vegna sýninga o.s.frv. Í stjórn eldri Árnastofnunar sátu rektorar Háskóla Íslands, Páll Skúlason og Kristín Ingólfssdóttir, og allan minn tíma var fulltrúi menntamálaráðherra Sigurður Líndal prófessor. Nýrri Árnastofnun til ráðgjafar og eftirlits er fimm manna stjórn skipuð af ráðherra en að meirihluta samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Formaður hennar hefur verið Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra. Allt þetta fólk hefur sýnt stofnununum velvilja og skilning og forstöðumanni umburðarlyndi. Ágætt samstarf hefur haldið áfram við Kristínu Ingólfssdóttur háskólarektor í samstarfsnefnd stofnunar og Háskóla Íslands. Mest ástæða er auðvitað til að þakka samstarfsfólki á þessum stofnunum. Það er afbragðsvel menntað með fjölþætta reynslu og sérhæfingu eftir því sem verkefni krefjast og vinnur störf sín af hugsjón.

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er rannsókn- og þjónustustofnun sem heyrir undir háskólaráð. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni og byggist á rannsókn- og fræðasetrum Háskóla Íslands um allt land. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir Háskóla Íslands á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Starfsemin hefur notið mikillar velvildar heimamanna og stjórnvalda. Á fjárlögum 2008 og fjárukalögum 2007 veitti Alþingi allmiklu fé til

setranna, m.a. vegna mótvægisáðgerða í kjölfar kvótaskerðingar. Nú er svo komið að setrin ná yfir stærsta hluta landsins og voru í upphafi árs 2008 orðin átta talsins.

Setrin eru faglega sjálfstæðar einingar og hafa hvert sitt áherslusvið sem tengjast sérstökum aðstæðum á hverju svæði. Þrjú megináherslusvið eru þó áberandi: Umhverfissrannsóknir og landnýting, rannsóknir í ferðamálum og rannsóknir á lífríki hafsins. Allt eru þetta svið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setranna og við Háskóla Íslands í Reykjavík.

Forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands og stjórnarformaður er Rögnvaldur Ólafsson. Aðrir starfsmenn árið 2008 voru Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur, verkefnisstjóri stofnunarinnar á Vestfjörðum, og Birna Gunnarsdóttir og Ásta Erlingsdóttir, verkefnisstjórar hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, sem sinntu stjórnsýslustörfum fyrir stofnunina. Stjórn stofnunarinnar er auk stjórnarformanns skipuð þeim Erlu Björk Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Varar – Sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð, Hreini Haraldssyni vegamálastjóra, Jörundi Svavarssyni, prófessor við Háskóla Íslands, og Rannveigu Ólafsdóttur, dósent við Háskóla Íslands.

Ársfundur var að þessu sinni haldinn 21. maí á Háskólatorgi Háskóla Íslands. Rúmlega 60 manns alls staðar að á landinu sóttu fundinn, en yfirskrift hans var Háskóli Íslands – háskóli allra landsmanna. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra setti fundinn og Kristín Ingólfssdóttir rektor flutti stutt ávarp. Frank Rennie, prófessor við University of Highlands and Islands í Skotlandi, flutti erindi í gegnum fjarfundabúnað. Viðar Hreinsson, framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademiunnar, hélt erindi og fulltrúar frá fræðasetrum um land allt kynntu það sem helst er á döfinni á hverjum stað.

Fyrir fundinn var hannað og prentað kynningarefni um fræðasetrin sem dreift var á fundinum og einnig dreift víða síðan.

Vísindavaka. Í september tóku nokkur fræðasetur þátt í Vísindavöku á vegum RANNÍS, og m.a. vakti setrið í Sandgerði mikla athygli gesta í Listasafni Reykjavíkur með áhugaverðri kynningu á kröbbum og marglyttum.

Fræðasetrið á Hornafirði

Fræðasetrið á Hornafirði var stofnað 30. nóvember 2001. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu á umhverfi, náttúruferjum, menningu og samfélagi á Suðaustur-landi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum, erlendum jafnt sem innlendum, aðstöðu til rannsókn- og fræðastarfs heima í héraði. Fræðasetrið er til húsa í þekkingarmiðstöðinni Nýheimum á Höfn og tekur virkan þátt í margvíslegri starfsemi sem þar á sér stað, m.a. í tengslum við nýsköpun og þekkingarmiðlun, auk þess að vera í samstarfi við Þórbergssetrið á Hala í Suðursveit. Sumarið 2008 var komið á fót nýrri starfsstöð setursins á Kirkjubæjarklaustri sem rekin er í samvinnu við Kirkjubæjarstofu. Í stjórn fræðasetursins sitja þrír fulltrúar Háskóla Íslands, Rögnvaldur Ólafsson (formaður), Helgi Björnsson og Karl Benediktsson, ásamt Stefáni Ólafssyni, fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar, og Bjarna Daníelssyni, fulltrúa Skaftárhrepps.

Forstöðumaður setursins er Þorvarður Árnason, umhverfis- og náttúrufræðingur. Auk hans starfa fjórir fastráðnir starfsmenn í aðalstarfsstöð fræðasetursins á Höfn og einn í starfsstöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Lausráðnir starfsmenn á árinu 2008 voru samtals níu. Fjöldi nemenda vinnur að rannsóknum í verkefnum á vegum setursins eða sem tengjast því; árið 2008 voru doktorsnemar í slíkum verkefnum fjórir en meistaranemar tólf, þar af þrír með aðsetur í Nýheimum. Námsverkefni eru unnin á ólíkum sviðum en flest falla þó undir umhverfis- og auðlindafræði, náttúruheimspeki, ferðamálafræði, landfræði eða bókmenntafræði.

Meginviðfangsefni Fræðasetursins á Hornafirði eru rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar, m.a. í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð, svo og fjölbreytt rannsókn- og þróunarverkefni sem lúta að sjálfbærri ferðaþjónustu og/eða annarri nýsköpun í greininni. Við setrið eru einnig stundaðir rannsóknir á bókmenntum og listum og þar hafa enn fremur verið unnin verkefni í landfræði, jöklafræði og þjóðfræði. Viðamestu verkefni Fræðasetursins árið 2008 voru (a)

Íslenskt landslag – flokkun og verðmætamat, unnið í samstarfi við Líffræðistofnun Háskóla Íslands fyrir Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, (b) Vatnajökulsþjóðgarður – áhrif á samfélag og umhverfi, sem felst í vöktun á áhrifum af stofnun þjóðgarðsins til langs tíma, styrkt af Vaxtarsamningi Austurlands, (c) Northern Environmental Education Development project (NEED), samstarfsverkefni með stofnunum í Finnlandi, Noregi og Írlandi um þróun umhverfismenntar og fræðandi ferðaþjónustu í tengslum við friðlýst svæði, styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, og (d) ráðgjöf við gerð verndaráætlana fyrir tvö af fjórum rekstrarsvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Meðal annarra verkefna má nefna rannsóknir á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar, skráningu og úrvinnslu á þjóðfræðilegu efni frá Austur-Skaftafellssýslu, ráðgjöf fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð varðandi mat á umhverfisáhrifum áætlana vegna lagningar nýs hringveggar um Hornafjörð og ýmis samstarfs- og þjónustuverkefni fyrir Ríki Vatnajökuls ehf., ferðaþjónustu-, menningar- og matvælaklasa Hornafjarðar, m.a. varðandi þróun menningartengdrar ferðaþjónustu. Árið 2008 voru haldin fjögur vettvangsnámskeið við Fræðasetrið fyrir íslenska nemendur, þar af tvö sem voru hluti af nýjum námskeiðum við Háskóla Íslands (þ.e. Fagurfræði náttúrunnar og Stjórnun friðlýstra svæða). Setrið hafði einnig milligöngu um komu þriggja erlendra námshópa til Hornafjarðar og veitti enn fremur fjórum erlendum fræðimönnum aðstoð og/eða aðstöðu til starfa. Haldnar voru þrjár ráðstefnur á vegum Fræðasetursins á árinu, auk smærri málþinga, þ.e. ráðstefna í tilefni af 120 ára fæðingarafmæli Þórbergs Þórðarsonar, ráðstefna um byggðapróun og nýsköpun með Framtíðarlandinu og loks fjölþjóðleg ráðstefna um fræðslu á friðlýstum svæðum sem haldin var í tengslum við NEED-verkefnið. Tvær skýrslur komu út á vegum Fræðasetursins á árinu, ásamt tveimur greinum, fjórum bókarköflum og tveimur ritdómum eftir starfsmenn þess. Forstöðumaður setursins flutti enn fremur fyrirlestra á einni alþjóðlegri ráðstefnu og fimm innlendum þingum á árinu, auk fjölmarga smærri erinda.

Rannsóknasetur Vestmannaeyja

Endurskipulagning á Rannsóknasetri Vestmannaeyja hófst á árinu en er ekki lokið. Fyrri hluta ársins veitti Páll Marvin Jónsson setrinu forstöðu en eftir að hann hætti á miðju ári hefur hefðbundin starfsemi setursins legið niðri. Stjórnin er skipuð Þorsteini I. Sigfússyni formanni, Gísla Má Gíslasyni prófessor og Rögnvaldi Ólafssyni, fulltrúum Háskóla Íslands, Elliða Vignissyni bæjarstjóra, fulltrúa Vestmannaeyjabæjar, Arnari Sigurmundssyni, fulltrúa atvinnulífs í Vestmannaeyjum, Val Bogasyni útibússtjóra, fulltrúa rannsóknastofnananna, og Ingvari Atla Sigurðssyni, fulltrúa Náttúrustofu Suðurlands.

Háskólasetrið í Hveragerði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Hveragerði hefur starfað frá árinu 2000 eða í 9 ár. Samstarfssamningur um starfsemina hefur verið gerður til þriggja ára í senn og var hann endurnýjaður í upphafi 2006. Setrið er starfrækt sem sérstakt félag en þátttakendur í því nú eru Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hveragerðisbær, Rannsóknastofnunin Neðri-Ás, Prokaria-rannsóknir ehf. (nú Prokatín ehf.), Sunnlensk orka og Orkuveita Reykjavíkur. Samningur um félagið verður ekki endurnýjaður þegar hann rennur út um áramótin þar sem Háskóli Íslands mun taka við rekstrinum og setrið renna inn í nýtt setur sem stofnað verður á Suðurlandi, Fræðasetur Suðurlands. Það setur mun hafa þrjár starfsstöðvar, í Hveragerði, í Selfossi og í Gunnarsholti.

Í stjórn setursins 2008 sátu Rögnvaldur Ólafson, dósent við eðlisfræðiskor Raunvísindadeildar og forstöðumaður og stjórnarformaður Stofnunar fræðasetra hjá Háskóla Íslands, formaður, Sigurður S. Snorrason, dósent við Líffræðideild Háskóla Íslands, Ágúst Sindri Karlsson hdl. fyrir Prokatín ehf., Gísli Páll Pálsson, framkvæmdastjóri Dvalarheimilisins Áss/Ásbyrgis, Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, Áslaug Helgadóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Steinar Friðgeirsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs hjá RARIK og Hólmsteinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri ytri tengsla og umsýslu hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Um 70% af rekstri setursins 2008 voru kostuð með styrkjum og sjálfsaflafé. Seinni hluta ársins starfaði á setrinu lausráðinn starfsmaður vegna rannsókna á Varmá.

...
andi gildi:

$$Y \text{ (or } Y_1) \leq$$

$$= (Y).$$



Aðstaða

Aðsetur Háskólasetursins að Reykjum í Ölfusi skemmdist talsvert í jarðskjálftunum á árinu en setrið leigði þar aðstöðu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Skrifstofur setursins hafa á ný verið fluttar í húsnæði Rannsóknarstofnunarinnar Neðri-Áss í Hveragerði. Setrið heldur áfram að nota sameiginlega rannsóknarstofu á Reykjum með Landbúnaðarháskóla Íslands og Rannsóknarstöð skógræktar. Setrið hefur einnig til afnota íbúð hjá Rannsóknastofnuninni Neðra-Ási til að nota sem fræðimannsíbúð. Íbúðin og aðstaða setursins er til reiðu fyrir fræðimenn og nemendur sem vinna að rannsóknarverkefnum, m.a. verkefnum sem tengjast landshlutanum eða starfssviði setursins. Íbúðin var talsvert notuð á árinu og vinnuaðstaðan einnig.

Rannsóknir og þjónusta

Á árinu vann Háskólasetrið að rannsóknarverkefnum vegna flokkunar vatna í Garðabæ (Vífilsstaðavatn og Vífilsstaðalæk), Hveragerði (Varmá) og í Árborg (Ölfusá). Rannsóknin á Varmá var einnig liður í vöktun árinna vegna losunar skólps í hana. Setrið tók að sér rannsókn á afleiðingum þess á dýralíf að um einn rúmmetri af óblönduðum klór lak í Varmá. Í kjölfarið var farið af stað með umfangsmikla rannsókn á ánni með þáttöku Líffræðistofnunar og Veidimálastofnunar. Styrkur fékkst til verkefnisins frá Orkuveitu Reykjavíkur. Auk þess annaðist setrið umhverfisráðgjöf og mengunareftirlit í skólphreinsistöðinni í Hveragerði. Þróunarverkefni sem miðar að því að auðvelda nýtingu afgangshitaveituvatns til upphitunar jarðvegs í gördum var haldið áfram. Setrið er þar í samvinnu við Robert Dell hjá Cooper Union háskólanum í New York. Setrið er einnig þátttakandi í rannsóknum á vegum Háskólans í Utrecht en vísindamenn frá honum hafa nýtt sér aðstöðu setursins á undanförmum árum til rannsókna á áhrifum hlýnandi loftslags á viðbrögðum votlendis við mengun. Rannsóknin sem nú er hafin felst í rannsókn á niðurbroti lífræns efnis í grassverði við mismunandi hitastig. Hlaut hún styrk frá hollenska rannsóknarráðinu. Verkfræðinemar frá Háskóla Íslands komu í verklegar æfingar í mengunarmælingum á skólpi og mati á virkni skólphreinsistöðvarinnar. Einnig heimsóttu setrið líffræðinemar frá St. Andrews háskólanum í Skotlandi til að fræðast um hveravistkerfi og líf í heitu vatni.

Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði

Háskólasetur Suðurnesja var formlega stofnað árið 2004. Það er staðsett að Garðvegi 1 í Sandgerði en þar eru einnig til húsa Náttúrustofa Reykjaness (NR). Botndýrarrannsóknastöðin (BIOICE) og Fræðasetrið í Sandgerði. Háskólasetrið samnýtir ýmsa aðstöðu með þessum stofnunum og mörg rannsóknaverkefni eru unnin í samvinnu við ofangreinda aðila. Á árinu 2008 höfðu tveir doktorsnemar og fimm meistaranemar meginástöðu í Háskólasetrinu, auk þess sem sérfræðingar frá Líffræðistofnun Háskóla Íslands hafa þar aðstöðu.

Forstöðumaður Háskólaseturs Suðurnesja er Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur.

Í stjórn Háskólasetursins sitja Oddný Harðardóttir, tilnefnd af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Guðrún Marteinsdóttir, tilnefnd af Háskóla Íslands, Jörundur Svavars-son, formaður stjórnar, tilnefndur af Háskóla Íslands, Guðmundur Jóhann Árnason, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneytinu, Rögnvaldur Ólafsson, tilnefndur af Háskóla Íslands og Sigurður Valur Ásbjarnarson, tilnefndur af Sandgerðisbæ. Háskólasetur Suðurnesja leggur megináherslu á rannsóknir á lífríki sjávar, lífnaðarhætti fugla og áhrif mengandi efna á lífverur. Helstu rannsóknaverkefni á árinu 2008 voru athuganir á botndýrum á Íslandsmiðum (unnið í samvinnu við botndýrastöðina), mat á forsendum þess að skilgreina þjóðgarða í sjó (samvinna við NR), rannsóknir á lífríki á hörðum botni á djúpslóð á Íslandsmiðum og víðar (samvinna við Hafannsóknastofnun; DEEP-WEST-verkefnið), rannsóknir á tímgun og útbreiðslu grjótkrabba (styrkt af sjávar -útvegsráðuneytinu) og athuganir á útbreiðslu brennihvelju á Íslandsmiðum (styrkt af AVS). Á árinu voru einnig rannsakaðir farhættir sandlerla, farhættir og lífslíkur sílamáfa, kynjahlutföll og lífslíkur sendlinga, og mældur var þjáminstyrkur í eggjum íslenskra fugla (verkefni unnin í samvinnu við NR). Þá fóru fram rannsóknir á frumulíffræði kúfskelja og mælingar á áhrifum ýmissa mengandi efna á krækling, en tilraunastofusjórin að Garðvegi 1 er einstaklega hentugur fyrir slíkar rannsóknir í ljósi hreinleika hans. Forstöðumaður setursins sá um hluta verklegar kennslu í námskeiðum um eiturefnavistfræði, sjávarvistfræði og sjávarhryggleysingja við líffræðiskor Háskóla Íslands.

Í Háskólasetrinu er sýningin Heimskautin heilla, sem fjallar um líf og störf franska landkönnuðarins Jean-Baptiste Charcot. Sýningin, sem er samvinnuverkefni Háskólasetursins og Sandgerðisbæjar, var opnuð í febrúar 2007 og hefur vakið verðskuldaða athygli.

Háskólasetur Snæfellsness, Stykkishólmi

Háskólasetur Snæfellsness var stofnað snemma á árinu 2006. Setrið hefur aðsetur í Ráðhúsi Stykkishólms við Hafnargötu 3 og í Egilsenshúsi við Aðalgötu 2. Starfsmenn setursins nýta rannsóknastofuaðstöðu Náttúrustofu Vesturlands og Stykkishólmsbæ veitir setrinu afnot af íbúð fyrir gesti.

Forstöðumaður setursins er Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Fastir starfsmenn eru fjórir, tveir sérfræðingar í vistfræði, einn doktorsnemi og einn tæknimaður. Þá starfa þar tveir framhaldsnemar í líffræði undir stjórn sérfræðinga setursins. Gistinætur erlendra fræðimanna og sjálfboðaliða sem unnu í tengslum við setrið voru rúmlega 300 á árinu 2008.

Fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn setursins eru Rögnvaldur Ólafsson (formaður), Arnþór Garðarsson og Jörundur Svavarsson en Guðbjörg Gunnarsdóttir, Magnús Ingi Bæringsson og Menja Von Schmalensee eru tilnefnd af Héraðsnefnd Snæfellinga, Stykkishólmsbæ og Náttúrustofu Vesturlands.

Við setrið hafa einkum verið stundaðar rannsóknir á fuglum. Rannsóknir á stofnvistfræði æðarfugls hafa verið fyrirferðarmiklar og eru unnar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, Líffræðistofnun Háskóla Íslands og University of East Anglia í Bretlandi. Þær munu bæta skilning á þáttum sem stjórna fjölda æðarfugla á smáum og stórum mælikvörðum. Verkefnið er unnið í samvinnu við æðarbændur sem safnað hafa staðtölum í vörpum sínum, oft í áratugi. Þessi gögn gefa einstæða innsýn í stjórnun stofna langlífra dýra. Vöktun á æðarfuglum á Breiðafirði hefur verið stunduð við setrið síðan 2007 og verið er að þróa fleiri anga af æðarfuglarannsóknunum. Þá eru rannsóknir á kríum í fullum gangi en þær eru doktorsverkefni og eru unnar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og University of East Anglia í Bretlandi. Eitt aðalmarkmið með þeim rannsóknunum er að bæta skilning á tengslum fæðuframboðs sjófugla og framvindu varpa og stofna. Rannsóknir á stofntakmörkun farfugla hafa verið fyrirferðarmiklar við setrið frá stofnun og hafa verið unnar í samvinnu við fagfólk úr ýmsum Evrópulöndum sem kemur í árlega leiðangra til Íslands. Rannsóknir á tengslum landbúnaðar við líffræðilega fjölbreytni hófust á árinu 2008 en þeim er ætlað að mæla tengsl ákefðar í landnotkun við fjölbreytileika og lífmagn smádýra og fugla. Háskólasetrið hefur tekið virkan þátt í starfi W-23 hópsins sem er samstarfsvettvangur við Náttúrustofu Vesturlands, Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og Vör – Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð. Samstarfið er styrkt af Vaxtarsamningi Vesturlands en hópurinn hélt m.a. vísindavöku fyrir almenning nýlega í samstarfi við RANNÍS. Þá hafa starfsmenn setursins tekið þátt í kennslu í dýrafræði og fuglafræði við Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Rannsóknna og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Bolungarvík

Rannsóknna- og fræðasetur Háskóla Íslands hóf störf með ráðningu forstöðumanns í nóvember 2007. Forstöðumaður Rannsóknna- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum er Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir náttúrufræðingur.

Háskóli Íslands, Náttúrustofa Vestfjarða og Bolungarvíkurkaupstaður eru samstarfsaðilar og skipa stjórn setursins ásamt fulltrúa frá Fjórðungssambandi Vestfjarða. Stjórnarmenn eru Rögnvaldur Ólafsson, Gísli Már Gíslason, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Guðrún Edvardsdóttir, Smári Haraldsson og Úlfar B. Thoroddsen. Forstöðumaður setursins er staðsettur í Bolungarvík en setrið hefur einnig starfsstöð á Patreksfirði. Á árinu 2008 störfuðu við rannsóknasetrið 16 sérfræðingar og háskólanemar um lengri eða skemmri tíma. Í desember 2008 voru við starfsstöðina í

Bolungarvík tveir starfsmenn og fimm nemendur í rannsóknanámi en við starfsstöð á Patreksfirði einn starfsmaður og einn rannsóknanemi.

Verkefni rannsóknasetursins hafa einkum verið á sviði náttúrufræða og ferðamála, með áherslu á viðfangsefni sem tengjast náttúruvernd og atvinnumálum á Vestfjörðum. Meðal smærri verkefna sem lokið hefur verið á árinu má nefna „Ferðamenn á Vestfjörðum“, „Viðhorf landeiganda á Hornströndum og við Látrabjarg til ferðabjónustu“ og „Áhrif ferðamanna á refi“. Sem dæmi um stærri rannsóknaverkefni nemanda má nefna „Viðhorf Íslendinga til landsbyggðarinnar“, „Uppbygging ferðabjónustu á Vestfjörðum“, „Myndun og viðhald líffræðilegs fjölbreytileika“, „Uppeldisstöðvar þorskeiða“ og „Atferli þorska í kvíum“. Rannsóknaverkefni sem sérfræðingar setursins stýra hafa verið styrkt af eftirfarandi aðilum: Rannsóknasjóði Rannsóknaráðs Íslands, AVS – rannsóknarsjóði í sjávarútvegi, Verkefnasjóði sjávarútvegsins, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Vaxtarsamningi Vestfjarða. Samtals tók setrið eða sérfræðingar á vegum þess þátt í tíu samstarfsverkefnum sem hafa þegar verið styrkt af rannsóknasjóðum, í samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki innan lands og utan.

Á árinu hafa verið unnar fimm lokaskýrslur verkefna og sjö handrit eftir sérfræðinga rannsóknasetursins hafa verið birt eða eru samþykkt til birtingar í ritrýndum tímaritum. Auk þess hafa starfsmenn og nemandur haldið fjölda fyrirlestra og kynninga á vísindaráðstefnum og fundum fyrir almenning. Þá hefur umfjöllun um þrjú verkefni á vegum setursins birst í fjölmiðlum. Sérfræðingar setursins sinntu stundakennslu í tveimur námskeiðum við Líf- og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands auk þess að hafa umsjón með námskeiði á meistarastigi við Háskólasetur Vestfjarða.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík, var formlega opnað hinn 4. desember 2008 í nýju húsnæði að Hafnarstétt 3, að viðstöddum fjölda gesta. Starfsemi setursins hófst þó árið 2007.

Forstöðumaður setursins er Marianne H. Rasmussen.

Í stjórn setursins sitja Rögnvaldur Ólafsson formaður, Páll Hersteinsson og Árni Einarsson, skipaðir af Háskóla Íslands, og Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Gunnlaugur Karl Hreinsson og Ásbjörn Björgvinsson, tilnefndir af Náttúrustofu Norðausturlands, Sveitarfélaginu Norðurþingi og Héraðsnefnd Þingeyinga.

Forstöðumaður tók þátt í nokkrum samstarfsverkefnum um rannsóknir og má þar nefna verkefni um háhyrninga við Vestmannaeyjar í samstarfi við Háskólann í St. Andrews í Skotlandi og rannsókn á Grænlandi í apríl og ágúst í samstarfi við Auðlindastofnun Grænlands, Greenlandic Institute of Natural Resources. Þá var unnið að verkefni styrktu af RANNÍS með Vör – Sjávarrannsóknasetri við Breiðafjörð.

Í samvinnu við Háskólann á Havai var komið fyrir hlustunartækjum (Ecological Acoustic Recorders) í Skjálfaflóa. Hlustunartækin nýtast m.a. við doktorsverkefni Eddu E. Magnúsdóttur sem var ráðin til starfa við setrið frá 1. október 2008. Rannsóknasetrið og Háskólinn í St. Andrews á Skotlandi stóðu sameiginlega fyrir námskeiði um sjávarspendýr í náttúrunni (LÍF 110F). Námskeiðið var haldið á Húsavík, nemendur voru frá Háskóla Íslands (5), Háskólanum á Akureyri (1) og Háskólanum í St. Andrews (8).

Forstöðumaður tók þátt í kennslu námskeiðsins Vistfræði spendýra við Líf- og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands og námskeiðs í sjávarlíffræði við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Einnig voru haldnir fyrirlestrar á ráðstefnum og fundum.

Tveir danskir stúdentar unnu verkefni á Húsavík og nýttu sér þar aðstöðu á hvalaskoðunarbátum. Annað verkefnið fjallaði um steypireyði og hitt um hnýðinga. Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti verkefni sem unnið var við setrið og fjallaði það um áhrif hvalaskoðunar á líf hvala.

Setrið tekur þátt í alþjóðlegu verkefni sem skoða má á www.thewildnorth.org. Vinnustofa var haldin í Húsavík 9. og 10. desember 2008.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Egilsstöðum hóf starfsemi á árinu 2008. Setrið hefur aðsetur í Þekkingarsetrinu á Egilsstöðum ehf. og mun starfa náið með Þekkingameti Austurlands og öðrum stofnunum sem þar verða til húsa. Setrið verður fyrsta setur Háskóla Íslands á sviði félagsvísinda sem staðsett verður á landsbyggðinni. Meginviðfangsefni setursins verður samfélagsþróun í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi.

Stjórn setursins skipa þau Irma Erlingsdóttir, Magnfríður Júlíusdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, formaður, sem skipuð eru af Háskóla Íslands og Björn Hafþór Guðmundsson, tilnefndur af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Halla Eiríksdóttir, tilnefnd af sveitarstjórn Fljótisdalshéraðs, og Sigrún Harðardóttir, tilnefnd af Þekkingarsetri Austurlands.

Starfsemi setursins á að felast í þverfræðilegum verkefnum á sviði atvinnu-, byggða- og velferðarmála. Í upphafi verður lögð áhersla á fræðilegar rannsóknir, úttektir og ráðgjöf varðandi svæðisbundnar forsendur þekkingarsamfélagsins og aðgerðir til að styrkja þróun þess. Lilja Mósésdóttir var ráðin forstöðumaður setursins í upphafi árs en hún hætti á árinu og var því engin starfsemi þar í lok árs 2008.

Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

Stofnun Sæmundar fróða er ætlað að stuðla að rannsóknum og kennslu um sjálfbæra þróun og vera einnig vettvangur fyrir þverfræðilegar rannsóknir með samvinnu innan og utan háskólans, svo sem við stjórnvöld, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagsamtök og einstaklinga – bæði heima og erlendis.

Á árinu flutti SSf í nýtt húsnæði á efstu hæð í Gimli, ásamt flestum þverfræðilegum stofnunum Háskólans. Þarna er einnig vinnurými framhaldsnema í ýmsum fræðum og hefur þar skapast fjölbreytt og lifandi samfélag. SSf hefur fengið 3 skrifstofur og hlut í opnu vinnurými fyrir verkefnaráðna starfsmenn. Á þessari hæð er einnig gott fundarherbergi og stórar skjólgóðar svalir. Þetta nýja húsnæði hentar stofnuninni mjög vel.

Starfsmenn

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, líffræðingur og umhverfisfræðingur, kom til starfa sem verkefnastjóri við SSf í byrjun ársins, en aðrir starfsmenn voru Brynhildur Davíðsdóttir umhverfis- og auðlindafræðingur og Guðrún Pétursdóttir framkvæmdastjóri.

Verkefnaráðnir sérfræðingar á árinu voru Anna Sigurveig Ragnarsdóttir, Anna Theódóra Rögnvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Dagný Arnarsdóttir, Helga Ögmundardóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Ingunn Ósk Árnadóttir, Richard Bilocca, Sólveig Þorvaldsdóttir og Tryggvi Hjörvar.

Rannsóknarnemar með fasta vinnuástöðu hjá SSf voru: Ólafur Ögmundarson, Ruth Shortall og Sigrún María Kristinsdóttir, auk margra sem óreglulega notuðu les- og vinnuástöðu hjá SSf.

Rannsóknarverkefni

Unnið var að ýmsum rannsóknarverkefnum á árinu, bæði nýjum og eldri. Þeirra helst eru:

Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum

Formleg lok þessa verkefnisins voru hinn 4. september 2008 með kynningarfundum í Hátíðarsal Háskólans þar sem forsætisráðherra var afhent fyrsta eintak bókar um verkefnið. Eftir jarðskjálftana á Suðurlandi í maílok 2008 fór Samband íslenskra

sveitarfélaga fram á að fá þegar í stað aðgang að kafla verkefnisins sem nefnist Leiðbeiningar til starfsmanna sveitarfélaga um langtíma viðbrögð við náttúruhamförum. Starfsmenn verkefnisins aðstoðuðu við aðlögun leiðbeininganna að þörfum sveitarfélaganna Árborgar og Hveragerðis og hafa þær verið notaðar þar síðan. Verkefnið var kynnt víða á fundum og í fjölmiðlum.

Verkefnið var unnið í samvinnu við Rainrace hf., Almannaárvannadeild ríkislögreglustjóra, Viðlagatryggingu Íslands, Ísafjarðarbæ og Rauða krossinn, með aðkomu og stuðningi forsætis-, dómsmála-, umhverfis-, samgöngu- og félagsmálaráðuneytis. Verkefnaráðnir sérfræðingar voru Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir. Anna Theódóra Rögnvaldsdóttir bjó ritið til prentunar.

Verkefnið naut styrkja frá ofantöldum ráðuneytum, RANNÍS, Bjargráðasjóði, Ofanflóðasjóði, og Viðlagatryggingu Íslands.

Verkefnisstjóri er Guðrún Pétursdóttir.

Strengir – samanburður á valkostum við orkuflutninga á Íslandi, einkum jarðstrengjum og loftlínunum.

Á árinu var unnið að tveimur verkþáttum:

- Sannprófun á umhverfismati orkuflutningsmannvirkja (audit of environmental impact assessment) þar sem farið var í saumana á umhverfismati á Sultartangalínu 3 og afdrifum þeirra þátta sem þar eru nefndir með ítarlegri vettvangsrannsókn. Að þessum þætti unnu einkum Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Ingunn Ósk Árnadóttir.
- Mat á sjónrænum umhverfiskostnaði (visual environmental impact assessment) þar sem kannaður er greiðsluvilji fólks til að losna við háspennumöstur og línur á Hellisheiði og í nágrenni Hveragerðis. Að þessum verkþætti unnu einkum Sigurður Jóhannesson hagfræðingur, Anna Sigurveig Ragnarsdóttir meistaranemi, Birgir Jónsson verkfræðingur, Brynhildur Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Sigurður Snorrason líffræðingur. Verkefnið er styrkt af Landsneti hf. og Orkuveitu Reykjavíkur. Verkefnisstjóri er Guðrún Pétursdóttir.

CEVIS – Comparative Evaluation of Innovative Solutions in European Fisheries management er Evrópuverkefni um samanburð á stjórnmálum í evrópskum fiskveiðum. Verkefninu lauk að mestu á árinu – enn er þó unnið að útgáfu bókar. Að verkefninu vann Richard Bilocca MSc.

Verkefnisstjóri íslenska verkþáttarins er Guðrún Pétursdóttir.

CEDER Catch – Effort Discard Estimation in Real Time er Evrópuverkefni um gerð veiðispár eftir fjarefirlitsgögnum (VMS), rafrænum afladagbókum, löndunarskýrslum o.fl. Verkefninu lauk að mestu á árinu. Íslenski verkþátturinn var unninn í samvinnu við Fiskistofu. Að verkefninu vann Tryggvi Hjörvar meistaranemi í verkfræði. Verkefnisstjóri íslenska verkþáttarins er Guðrún Pétursdóttir.

Loftmengun og heilsa er nýtt samstarfsverkefni þar sem Lungnadeild LSH, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Veðurstofa Íslands og Hjartavernd leggja til gríðarmikil gagnasöfn sín um loftmengun, veður og lungnasjúkdóma. Leitast verður við að skýra orsakasamhengi milli bílaumferðar, loftmengunar, veðurfars og heilsu. Að verkefninu vinnur þverfræðilegt teymi sérfræðinga Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og LSH, og eru Hanne Krage Carlsen, meistaranemi í lýðheilsufræðum, og Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræðum, meðal þeirra. Unnið er að fjármögnun verkefnisins í heild en þegar er hafið starf við einstaka undirþætti.

Verkefnisstjóri er Guðrún Pétursdóttir.

Innivist: Mengun innandyrna í Reykjavík

Verkefnið er samstarfsverkefni við Umhverfissvið Reykjavíkurborgar þar sem rannsakað er samband loftmengunar innan- og utandyra, ásamt loftgæðum almennt í grunnskólum í Reykjavík. Verkefninu lauk á árinu en þar voru rannsakaðir orsakavaldar mismunandi loftgæða og heilsufar og líðan barna athuguð með spurningalistum. Niðurstöður nýtast til ráðgjafar um hvernig bæta má innivist í skólum.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Dan Norbäck, dósent í vinnuvistfræði við Háskólann í Uppsöllum, og var meistarafræðingur Vöndu Helsing í umhverfis- og auðlindafræðum. Verkefnið var styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur.

Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

Gagnagrunnur um slys á sjómönnum

Eitt brýnasta verkefnið til að bæta forvarnir slysa á sjó er að setja saman áreiðanlegan gagnagrunn um slys á sjómönnum. Rannsóknarnefnd sjóslysa, Siglingastofnun, LSH og Slysavarnarskóli sjómanna búa yfir miklum upplýsingum um slys á sjó, en slíkar upplýsingar liggja víðar, t.d. hjá Tryggingastofnun ríkisins, tryggingarfélögum, heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum. Hafin var vinna við að safna gögnum og samstilla þau í samstarfi við Brynjólf Mogensen og Kristin Sigvaldason, lækna á LSH. Tryggvi Hjörvar vinnur að verkefninu. Verkefnisstjórar eru Guðrún Pétursdóttir og Hilmar Snorrason.

Slys á sjómönnum 2001-2005

Á árinu voru kynntar frumniðurstöður þessarar rannsóknar, þar sem unnið var úr NOMESCO-skrá um slys á sjómönnum, sem haldin hefur verið á LSH frá 2001. Þar eru ítarlegar upplýsingar um slysin, hinn slasaða, orsakir slyssins, aðstæður um borð og á sjó, o.s.frv. Samstarfsaðilar eru Háskóli Íslands, LSH, Siglingastofnun og Rannsóknarnefnd sjóslysa. Að verkefninu vinnur þverfræðilegt teymi en Friðrik Þór Tryggvason læknanemi vann frumrannsóknina. Verkefnisstjóri er Kristinn Sigvaldason, yfirlæknir á LSH.

Heilsuveitur Orkuveitu Reykjavíkur

Ekkert hefur haft viðlíka áhrif á heilbrigði og líf Reykvíkinga og Vatnsveitan, Rafmagnsveitan og Hitaveitan. Þær gjörbreyttu lífsháttum bæði heima og á vinnustað og höfðu gífurleg áhrif á aðstæður innanhúss og utan, vinnulag, líkamlegt álag, hreinlæti, húshita og loftgæði. Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á þessa sögu.

Í upphafi 20. aldar þjuggu Íslendingar við svipaðar aðstæður og forfeður þeirra en á öldinni urðu ítrekað byltingarkenndar breytingar á lífsháttum, sem tengja má beint og óbeint við þær veitur sem nú heyra undir Orkuveitu Reykjavíkur.

Draga má upp mynd af því hvernig greiður aðgangur að veitum vatns, rafmagns og hita hefur haft áhrif á heilsufar manna með því að taka saman þátt þessara veita á líf Reykvíkinga á 20. öld.

Unnið var að gagnasöfnun og undirbúningi verkefnisins í samvinnu við sagnfræðingana Guðmund Jónsson prófessor og Ólöfu Garðarsdóttur dósent og Önnu Dröfn Ágústsdóttur meistaranema í sagnfræði.

Orkuveita Reykjavíkur styrkir verkefnið.

Verkefnisstjóri er Guðrún Pétursdóttir.

Sjálfbær orkuþróun: þróun orkuvísa

Í þessu verkefni, sem unnið er í samvinnu við Boston University, verður haldið áfram þróun margvíðrar vísitölu sem mælir sjálfbæra orkuþróun (SOP) samtímis í öllum víddum sjálfbærrar þróunar. Markmiðið er að vísitalan verði mælistika á þróun orkukerfa, jafnt í einstökum löndum og í héruðum, og gefi til kynna hvort kerfin eru að færast í átt til SOP eða ekki. Vísitalan verður reiknuð fyrir 6 lönd, og verður Ísland notað sem dæmi og til að staðfesta hvort vísitalan uppfyllir sett markmið. Þegar hefur verið birt ein grein úr þessari rannsókn og eru 4 til viðbótar í vinnslu. Rannsóknin er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur og Boston University. Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

Vetnissamfélagið Ísland, heildaráhrif þess að nýta vetni í samgöngum

Verkefnið, sem unnið er í samstarfi Háskóla Íslands við Íslenska nýorku, miðar að því að nota svipmyndir (scenarios) og kvik hag-, félags- og umhverfislíkön til að spá fyrir um heildaráhrif þess á íslenskt samfélag að taka upp nýtt innlent eldsneyti í samgöngum. Áhersla í þessu verkefni er á vetni sem orkubera, en aðrar rannsóknir sem gerðar eru samhliða kanna áhrif framleiðslu lífeldsneytis, tilbúins eldsneytis (gervieldsneytis) og rafvæðingar samgangna. Umhverfisáhrif hinna ýmsu kosta hafa þegar verið metin í tveimur meistararitgerðum í umhverfis- og auðlindafræðum og verkfræði. Elisabeth A. Unger skrifaði um umhverfisáhrif framleiðslu lífeldsneytis og Rósa Guðmundsdóttir skrifaði um umhverfisáhrif vetnisvæðingar. Helga Ögmundardóttir mannfræðingur vinnur að rannsókn á félagslegum þáttum tæknibreytinga í samgöngum og hefur nú þegar verið skrifuð ein vísindagrein úr verkefninu og verður það kynnt víða á ráðstefnum árið 2009. Verkefnið er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur.

Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

Hagrænt mat á þjónustu vistkerfa Heiðmerkur

Verkefnið er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann, Skógrækt ríkisins við Mógilsá, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Garðabæ og Orkuveitu Reykjavíkur.

Markmið verkefnisins er að rannsaka hagrænt verðgildi fjölþættrar þjónustu náttúrunnar og beita viðurkenndum hagrænum aðferðum við mat hennar. Heiðmörkin er vettvangur rannsóknarinnar, enda er hún gott dæmi um svæði sem veitir fjölþætta þjónustu. Þangað sækir OR neysluvatn og rafmagn handa borgarbúum. Þar er jafnframt eithvert vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins með möguleikum fyrir silungsvæði, gönguferðir, skíðaiðkun, hestamennsku o.s.frv.

Kristín Eiríksdóttir, doktorsnemi í hagfræði, vinnur að verkefniinu, auk Höllu Jóhannsdóttur og Gabriel Pic, meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum. Þess að auki vinnur fjöldi meistara og grunnnema sem aðstoðarmenn við rannsóknina. Rannsóknin er styrkt af RANNÍS og Orkuveitu Reykjavíkur. Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

Sjálfbærnivísar fyrir jarðhitaiðnaðinn

Verkefnið er unnið í samvinnu við Orkustofnun og sjálfbærnihóp Rammaáætlunar. Í þessari rannsókn verður þróuð aðferð til mats á sjálfbærri nýtingu jarðhita með gerð sjálfbærnivísa. Til þess verður hönnuð matsaðferð sem byggist á lögmálum sjálfbærrar þróunar og stuðst verður við svokölluð Bellagio-lögmál ásamt aðferðafræði sem þróuð hefur verið af International Hydropower Association. Matsaðferðinni verður svo beitt á Kröfluvirkjun í samvinnu við Landsvirkjun Power og Orkustofnun. Verkefnið er styrkt af RANNÍS, Orkustofnun og Landsvirkjun.

Rúth Shortall, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræðum, vinnur að rannsókninni. Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

Landgræðsla og ágengar aðfluttar tegundir

Verkefnið er unnið í samvinnu SSf og Landgræðslu ríkisins. Í þessari rannsókn verður þróað líkan til að greina ágengi aðfluttra tegunda í landgræðslu og möguleg viðbrögð við þeim, þar sem alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis*) verður notuð sem dæmi.

Fjármögnun verkefnisins stendur yfir, en samstarfsverkefni um rannsóknir á eitrun lúpínu hafa þegar farið fram undir stjórn Magnúsar H. Jóhannssonar á Landgræðslu ríkisins.

Verkefnisstjórar eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson (SSf) og Kristín Svavarsdóttir (Lr).

Styrkumsóknir og samstarf

Mikil vinna fór í styrkumsóknir á árinu, einkum í hin stóru klasa- og öndvegisverkefni sem RANNÍS og Háskóli Íslands lýstu út. Þar má fyrst telja verkefnið IceClimate, þar sem sótt var um styrk til rannsóknarklasa á sviði áhrifa loftslagsbreytinga.

Verkefnisstjóri var Árni Snorrason, nú Veðurstofustjóri, en að umsókninni kom fjöldi sérfræðinga frá mörgum stofnunum. Verkefnið fór ásamt 9 öðrum gegnum fyrstu hindrun og var unnið að ítarlegri umsókn sem skilað var í október, en hún laut í lægra haldi fyrir öðrum umsóknum.

Einnig var sótt um öndvegisklasa á sviði loftgæða og heilsu, bæði hjá RANNÍS og Háskóla Íslands. Svona vinna er mjög tímafrek og fyrirferðarmikil í starfi SSf.

Einnig var sótt um styrk til Northern Periphery Programme til fjölþjóðlegrar rannsóknar á viðbúnaði smárra strandsamfélaga við afleiðingum loftslagsbreytinga. Sá styrkur fékkst og hefst verkefnið, CoastAdapt, í ársbyrjun 2009.

Stjórnir og ráð

Þátttaka í stjórnnum og ráðum heima og erlendis er snar þáttur í starfi Stofnunar Sæmundar fróða. Þeirra helstar eru:

- Stjórn Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (GP)
- Stjórn Nordisk Arbeidsgruppe for Fiskeriforskning (NAF) (GP)
- Stjórnarformennska í Nordic Marine Academy, sem er norrænt samstarf um námskeið fyrir doktorsnema, á vegum norrænu ráðherranefndarinnar (GP)
- Þátttaka í FAO Advisory Committee on Fishery Research (ACFR) (GP)
- Þátttaka í Global Roundtable on Climate Change (GROCC) (BD og GP)
- Stjórn North Atlantic Islands Programme (NAIP) (GP)
- Formennska í sérfræðinganevnd umhverfisráðuneytisins til að kanna möguleika Íslands í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (BD)
- Þátttaka í vinnuhóp 2 í Rammaáætlun í nýtingu vatns og jarðhita (BD)
- Formaður námsstjórnar RES Orkuskólans á Akureyri (BD)
- Fulltrúi háskólasamfélagsins í ráðgjafaráði Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (BD)
- Stjórn Náttúrufræðingsins (GIG)
- Formennska í stjórn Félags umhverfisfræðinga á Íslandi (GIG)

Viðburðir

Stefnumót Stofnunar Sæmundar fróða og umhverfisráðuneytisins eru opnir hádegisfundir um umhverfismál sem eru efst á baugi hverju sinni. Fimm stefnumót

voru haldin á árinu 2008 og fjölluðu þau um margvísleg málefni: siglingar olíuskipa á Íslandsmiðum, vistvænar byggingar, utanvegaakstur, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og háhitasvæða, og framleiðslu vistvæns eldsneytis á Íslandi. Stefnumótin eru haldin í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands og hafa verið einkar vel sótt.

SSf stóð að málþingi um stjórnun verndaðra svæða í maí 2008 ásamt námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, Fræðasetri Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði, Þjóðgarðinum á Þingvöllum, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarði og Félagi umhverfisfræðinga á Íslandi. Á málþinginu var rætt á heildstæðan og gagnrýninn hátt um tilurð, tilgang og aðferðir við stjórnun náttúruverndarsvæða í alþjóðlegu og innlendu samhengi. Hugmyndafræðin á bak við þjóðgarða og verndun náttúrunnar, gildi og aðferðir verndunar og áherslubreytingar í stjórnun náttúruverndarsvæða í fortíð og nútíð voru rædd og sérstök áhersla var lögð á stjórnun náttúruverndarsvæða á Íslandi og hvernig nota megja breyttar áherslur í stjórnun jafnt sem reynslu erlendis frá í starfinu hér heima og í uppbyggingu á nýjum verndarsvæðum. Tæplega hundrað manns mættu á málþingið.

SSf stóð ásamt Rainrace hf. fyrir opnum fundi í Hátíðarsal Háskóla Íslands til að fagna verklokum og útkomu rits um Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum. Geir H. Haarde forsætisráðherra ávarpaði fundinn og veitti viðtöku fyrsta eintaki bókarinnar. Auk kynningar á sjálfu verkefninu var sagt frá því hvernig það hefði reynst við endurreisn samfélaga á Suðurlandi eftir jarðskjálftana þar í maílok 2008.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Almennt yfirlit og stjórn

Tilraunastöðin tengist Læknadeild Háskóla Íslands og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Í stjórn Tilraunastöðvarinnar voru: Stefán B. Sigurðsson prófessor (formaður), Eggert Gunnarsson dýralæknir, Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Páll Hersteinsson prófessor og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir ónæmisfræðingur. Forstöðumaður er Sigurður Ingvársson prófessor og framkvæmdastjóri er Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur. Starfsemi er skipt í þrjár fagdeildir: 1) Veiru- og sameindalíffræðideild, yfirmaður er Bergljót Magnadóttir, 2) Bakteríu- og sníkjudýradeild, yfirmaður er Eggert Gunnarsson og 3) Rannsóknadeild fisksjúkdóma, yfirmaður er Sigurður Helgason. Alls inntu 65 manns tæplega 50 ársverk af hendi á starfsárinu og er það svipað og árið áður. Fimm starfsmenn unnu við stjórnarsýslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 17 og þeim til aðstoðar hátt í þrjú tugir háskólamenntaðs, sérmenntaðs og ófaglærðs starfsfólks.

Rannsóknir

Meginviðfangsefni Tilraunastöðvarinnar er rannsóknir á dýrasjúkdómum og varnir gegn þeim. Tilraunastöðin hefur skapað sér sérstöðu með framúrskarandi rannsóknum m.a. vegna mannauðs og sérstakrar sjúkdómastöðu á Íslandi sem tiltölulega auðvelt er að halda skráningu yfir. Vegna einangrunar landsins eru hér vel skilgreindir dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist. Rannsóknir á slíkum efnivið hefur gefið Tilraunastöðinni sérstöðu. Helstu rannsóknasviðin voru ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, hæggengir smitsjúkdómar, þ.e. mæði-visna, riða og skyldir sjúkdómar, sumarexem í hestum og sníkjudýra- og sýklafræði. Einn sérstæðasti efniviðurinn til rannsókna voru sýni úr hvítábjörnum. Allmargir áfangar náðust sem kynntir voru á fjölmörgum ráðstefnum hérlendis og erlendis. Í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í prion-, veiru-, bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar átján greinar í ISI-tímaritum, sem er nálægt meðaltali síðastliðinna ára. Flestir sérfræðingar stofunarinnar eiga samstarf við innlenda og erlenda vísindamenn. Rannsóknir á sjúklegum breytingum í nýrum bleikja staðfestu PKD-sýki (Proliferative Kidney Disease) sem er af völdum smásæs sníkjudýrs (einfrumungs) og er það í fyrsta sinn sem þetta smitefni greinist hér á landi. M.a. greindust tvær áður óþekktar hníslategundir við rannsóknir á sníkjudýrum á og í rjúpum. Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum sem eru í nánnum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem best. Sértekjur fengust vegna útseldrar sérfræðivinnu, einkum vegna sjúkdómagreininga. Tilraunastöðin framleiddi bóluefni og mótefnablóðvökva gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé. Einnig var safnað blóði úr hrossum, kindum og naggrísam til notkunar á rannsóknastofum. Smádyr voru notuð við tilraunir, bæði fyrir Tilraunastöðina og aðrar rannsóknastofnanir.

Kynningarstarfsemi

Auk þess að birta greinar í vísindatímaritum var ársskýrslu dreift víða og Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences. Fræðslufundur, haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega, voru öllum opnir og kynntir víða m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Ýmislegt var gert til að fagna sextugasta starfsafmæli Tilraunastöðvarinnar, m.a. var haldin alþjóðleg ráðstefna um fisksjúkdóma og fiskaónæmisfræði (International Conference on Fish Diseases and Fish Immunology). Rannsóknir á fisksjúkdómum og fiskaónæmisfræði hafa fylgt áherslum í íslensku fiskeldi, í fyrstu í tengslum við laxeldi og nú á síðustu árum við aðrar tegundir. Því þótti vel við hæfi að hafa áherslu ráðstefnunnar um þetta efni og er það í takt við þróun Tilraunastöðvarinnar. Þátttakendur ráðstefnunnar voru frá sex heimsálfum og 26 löndum. Ráðstefnuhefti hefur verið gefið út en þar er að finna útdrætti (samantekt) um helstu niðurstöður og ályktanir. Ítarlegar upplýsingar um starfsemina eru á heimasíðu (www.keldur.hi.is).

Annað

Framlög á fjárlögum voru um 197 m.kr., sértekjur um 117 m.kr. og styrkir um 75 m.kr. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir fyrir ýmis önnur verkefni, frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Framleiðnisjóði landbúnaðarins og AVS – rannsóknasjóði í sjávarútvegi. Unnið er að uppbyggingu öryggisrannsóknastofu en þessi byggingarframkvæmd er sú flóknasta tæknilega séð sem unnin hefur verið á Keldum. Víða hefur verið leitað fanga varðandi upplýsingar um fyrirkomulag og hönnun. Í nýbyggingunni er nú unnið að innréttingum og tæknimálum og innan skamms verður öryggisrannsóknastofan tilbúin til notkunar. Vel hefur verið staðið að verkinu, útkoman er glæsileg og mun aðstaðan verða sú fullkomnasta sinnar tegundar á Íslandi í dag. Öryggisrannsóknastofan uppfyllir BSL3-kröfur (Biosafety Level 3) og mun þar fara fram margvísleg vinna með smitefni, s.s. tilraunavinna með smitefni, smitefni tengd frumurækt og gerð frumulína, þjónusta við hreinsun smitefna, smitefni sem eru jákvætt viðmið í skimunarvinnu, vinna með smitefni sem vítað er að eru í landinu, vinna með smitefni sem ekki hafa greinst en gætu verið í landinu (t.d. fuglaflensa) og verður aðstaðan viðbúnaðarrannsóknastofa ef grunur kemur upp um nýtt smitefni sem ekki hefur áður greinst í landinu. Tilraunastöðin tók þátt í vinnu sem fór fram í sambandi við nýbyggingaráform LSH og Háskóla Íslands á Landspítalalóð við að skilgreina framtíðarhúsakynni og aðstöðu fyrir Tilraunastöðina. Arkitektfirmaet C. F. Møller Norge AS lagði fram nýjar teikningar með tillögum að framtíðarskipulagi. Þar eru teiknaðir 5.712 m² fyrir starfsemi Tilraunastöðvarinnar í sérstöku húsnaði á þremur hæðum. Í skýrslunni er einnig gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum. Teikningarnar ná til innra skipulags Tilraunastöðvarinnar og fermetrar fyrir einstök fræðasvið og starfseiningar eru skilgreindir. Í árslok 2008 var unnið að texta fyrir „Samkeppnislýsingu“. Einnig liggur fyrir frumkostnaðarmat vegna uppbyggingar Tilraunastöðvarinnar í Vatnsmýrinni. Í fjárlögum ársins 2009 er gert ráð fyrir hönnunarsamkeppni en að öðru leyti liggur fjármögnun verkefnisins ekki fyrir og kostnaður vegna nýbygginga Tilraunastöðvarinnar hefur ekki verið skilgreindur í fjárlögum. Tímarammi flutninga er óljós. „Skilagrein“ frá nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um framtíð og skipan Tilraunastöðvarinnar liggur fyrir en þar kemur m.a. fram í niðurstöðum og tillögum að fella skuli lög um starfsemina niður og að stofnunin heyri beint undir háskólaráð með sérstök tengsl við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.



Þjónustustofnanir

Endurmenntun Háskóla Íslands

Endurmenntun 25 ára

Endurmenntun hélt hátíðlegt aldarfjórðungs afmæli sitt á árinu 2008. Á þessum 25 árum hefur stofnunin vaxið og dafnað. Hún hefur ávallt verið leiðandi á sviði endur- og símenntunar og notið virðingar og trausts í hugum fólks. Þessum árangri hefur Endurmenntun náð með öflugri nýsköpun og þróun, frábærum kennurum, samstarfsaðilum og starfsfólki í gegnum tíðina.

Starfsemin

Stjórn Endurmenntunar er skipuð af háskólaráði. Í stjórn árið 2008 sátu sem aðalmenn: Ágúst Ú. Sigurðsson frá BHM, frá Háskóla Íslands voru Árelía Eyðís Guðmundsdóttir, Guðný Eydal, Guðrún Nordal, Jón Ólafur Skarphéðinsson og Magnús Þór Jónsson stjórnarformaður, frá Verkfræðingafélagi Íslands Sigurður M. Garðarsson, frá Arkitektafélagi Íslands Hilmar Þór Björnsson, frá Félagi framhaldsskólakennara Ósa Knútsdóttir og frá Tæknifræðingafélagi Íslands Gísli Nordal.

Á árinu 2008 voru 16 föst stöðugildi við Endurmenntun. Aðrir sem koma að verkefnum fyrir stofnunina til lengri eða skemmri tíma skipta hundruðum. Fjöldi námskeiða á árinu 2008 voru rúmlega 300 og sóttu liðlega 6.500 einstaklingar fræðslu eða nám í Endurmenntun á eftirfarandi sviðum:

- Eininganámskeiðum á grunn- og framhaldsstigi
- Fjármálum og reikningskilum
- Fólki og færni
- Heilbrigðis- og félagssviði
- Hugbúnaði og hugbúnaðargerð
- Leigumiðlun, réttindanámi á vegum ráðuneytis
- Lögfræði
- Menningu, sjálfsrækt og tungumálum
- Sálgæslu
- Sérnámskeiðum fyrir ríkistarfsmenn
- Sérsniðnum lausnum
- Stjórnun og starfsþróun
- Uppeldis- og kennslusviði
- Verkfræði, tæknifræði og arkitektúr

Á 25 árum hafa hátt á 3.000 einstaklingar brautskráðst af námsbrautum Endurmenntunar, sem ýmist eru alfarið á vegum Endurmenntunar eða í samstarfi við deildir Háskóla Íslands.

Eftirfarandi námsbrautir voru starfræktar á árinu 2008:

- Gæðastjórnun í samvinnu við Verkfræðideild
- Leiðsögunám á háskólastigi, ný námsbraut á árinu 2008 í samvinnu við skor í ferðamálafræði og Hugvísindadeild
- Mannauðsstjórnun
- Markaðssamskipti, stefnumörkun og framkvæmd, ný námsbraut á árinu 2008
- Nám í hugrænni atferlismeðferð í samvinnu við Félag um hugræna atferlismeðferð og Oxford Cognitive Center
- Nám í löggildingu fasteigna, fyrirtækja og skipa, réttindanámi á vegum ráðuneytis
- Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun á vegum Nordica ehf.
- Þjónustustjórnun á vegum Viðskipta- og hagfræðideildar
- Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun á vegum Viðskipta- og hagfræðideildar

Námsleiðir sem Endurmenntun hafði ákveðna umsjón og verkefnastjórn með þar sem nemendur teljast ekki til nemenda stofnunarinnar:

- MBA (Master of Business Administration) í samvinnu við Viðskipta- og hagfræðideild
- MPM (Master of Project Management) í samvinnu við Verkfræðideild

Endurmenntun fyrir framhaldskólakennara

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara ráðstafar því fé sem menntamálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara, skv. kjarasamningum. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur með höndum umsýslu þeirra námskeiða, vettvangsnáms og námi á meistarastigi sem nefndin býður upp á í samvinnu við umsjónarmenn þeirra, auk þess Endurmenntun Háskóla Íslands sér um umsýslu styrkja til einstaklinga, fagfélaga og skóla sem nefndin ráðstafar.

Þau nám og námskeið sem voru í boði skólaárið 2007-2008 voru:
Vettvangsnám fyrir tungumálakennara – lotunám – 27 þátttakendur luku námi.
Nýjungar í kennsluháttum – nám á MA-stigi – 16 luku námi.

Sumarnámskeið styrkt af SEF – Samtals 21 námskeið og 470 þátttakendur.

Samstarfsaðilar

Í stefnumótun Endurmenntunar frá árinu 2006 er mörkuð sú stefna að með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu Endurmenntunar sé áfram unnið að því að auka hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi. Með það að markmiði hefur verið unnið náið með deildum Háskóla Íslands og öðrum samstarfsaðilum. Í stefnunni segir jafnframt að Endurmenntun sé skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins. Endurmenntun er því bakland deilda og stofnana Háskólans við miðlun þekkingar Háskólans til atvinnulífs og almennings. Samvinna við háskóladeildir hefur aukist jafnt og þétt og hefur fjöldi námskeiða sem veita einingar vaxið mikið. Námskeið eru ýmist á grunnstigi eða meistarastigi þar sem fjöldi þeirra er mestur. Framboð þetta hefur verið hvatning til frekara framhaldsnáms og verður því aðveita meistaranema í Háskóla Íslands. Með því að opna stök námskeið úr Háskólanum sem annars væru einungis fyrir reglubundna meistaranema fyrir starfandi fagfólk eykst úrval námskeiða á meistarastigi. Það gerist á þann hátt að fleiri nemendur taka þátt í námskeiðunum og því hafa verið haldin námskeið sem annars væru of fámenn til að hægt væri að halda þau.

Endurmenntun á einnig viðtækt samstarf við deildir um einstakar námsleiðir og fer þeim fjölgandi ár hvert, bæði á grunn- og framhaldsstigi. Námsleiðir eru minnst tvö misseri og mest fjögur misseri. Námsbrautir eru ýmist þróaðar í náinni samvinnu við deildir Háskólans auk námsbrauta, sem þróaðar eru innan deilda og á faglega ábyrgð þeirra. Endurmenntun sér um framkvæmd og umsjón í samvinnu við Háskóla Íslands. Reynslan hefur sýnt að ávinningur að þessu samstarfi er ótvíræður fyrir báða aðila.

Annar stór þáttur í starfsemi Endurmenntunar er umsjón með námi og námskeiðum fyrir fyrirtæki og stofnanir þar sem sérþekking á fræðslustarfi og framkvæmd náms er undirstaðan. Í sumum tilfellum er um að ræða framkvæmdina eingöngu en í öðrum er um að ræða þátttöku í mótun námsins og val á kennurum. Má hér nefna Starfsmennt sem mikilvægan samstarfsaðila.

Samstarfssamningar

Markvisst hefur verið unnið að því að meta þarfir samfélagsins fyrir aukna fræðslu. Má í því sambandi nefna kannanir í fagfélögum og fyrirtækjum sem Endurmenntun hóf á árinu 2008 að bjóða samstarfsaðilum sínum auk hefðbundinna rýnifunda. Formlegum samstarfssamningum við ýmis félög og fyrirtæki hefur fjölgað jafnt og þétt á fjölbreyttum sviðum samfélagsins. Samstarfið byggist á gagnkvæmum hagsmunum samstarfsaðila, gæðum, sveigjanleika og góðum samskiptum. Á árinu 2008 voru undirritaðir samstarfssamningar við eftirtalda aðila:

- Asíusetrið
- Biskupsstofu
- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Félag um hugræna atferlismeðferð
- Félag leiðsögumanna
- Félag lífeindafræðinga
- Geðsvið Landspítala háskólasjúkrahúss
- Kvasir – Fræðslumiðstöðvar
- Rannsóknarstofnun um lyfjamál – símenntun lyfjafræðinga

- Tollstjóraembættið
- Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Endurmenntun hefur einnig haft frumkvæði að því að leiða saman fagfélög og deildir eða stofnanir Háskóla Íslands til árangursríks og öflugs samstarfs um námskeið.

Fjarnám

Markmið Endurmenntunar er að auka framboð á námsbrautum og námskeiðum í fjarnámi. Á árinu 2008 voru fjórar námsbrautir boðnar í fjarnámi og fjöldi námskeiða í fjarfundi. Eitt af markmiðum með samstarfsamningi við Kvasir er að fjölga enn frekar námskeiðum sem send eru í fjarfundi á landsbyggðina, ásamt því að fjölga námsbrautum sem boðnar eru í fjarnámi.

Happdrætti Háskóla Íslands

Almennt

Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) var stofnað með lögum árið 1933. Meginástæða þess var að Alþingi hafði veitt heimild til að byggja yfir Háskóla Íslands þegar fjárveiting fengist en veitti svo ekki fé til byggingarinnar. Fyrsti útdráttur fór fram 10. mars 1934. Happdrættið er eins og nafnið gefur til kynna í eigu Háskóla Íslands en lýtur sérstakri stjórn. Tilgangur þess er að afla fjár til húsbygginga háskólans, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. Nær allar háskólabyggingar hafa verið reistar fyrir ágóða af rekstri happdrættisins.

Starfsfólk, stjórn og húsnæði

Hinn 15. nóvember 2007 skipaði háskólaráð stjórn happdrættisins fyrir árið 2008. Í stjórnina voru kosin Eyvindur G. Gunnarsson, lektor, Ebba Þóra Hvannberg, dósent, og Óskar Magnússon, hrl.

Forstjóri happdrættisins er Brynjólfur Sigurðsson. Rekstur HHÍ er þrískiptur og er rekstrarstjóri yfir hverri rekstrareiningu. Árið 2008 var Guðmundur Bjarnason rekstrarstjóri flokkahappdrættis, Róbert Sverrisson rekstrarstjóri Gullnámu og Steinunn Björnsdóttir rekstrarstjóri Happaþrennu. Yfirmaður stoðdeilda var Alma Jónsdóttir. Stöðugildi í árslok 2008 voru tuttugu og átta. Höfuðstöðvar HHÍ eru að Tjarnargötu 4 í Reykjavík en utan þeirra starfar fjöldi umboðsmanna víðs vegar um landið.

Happdrætti Háskóla Íslands hefur leigt húsnæði fyrir starfsemi sína að öllu leyti þar til á miðju ári 2007 en þá var húseignin að Tjarnargötu 4 keypt. Happdrættið átti fyrir næstu lóðir sem afmarkast af Tjarnargötu, Vonarstræti og Suðurgötu. Á útmánuðum 2008 var húseign að Bildshöfða 16 keypt fyrir viðgerðaverkstæði HHÍ en þar eru happdrættisvélar lagfærðar og gert við sjálfsala Happaþrennunnar. Í apríl 2005 var óskað eftir að Happdrætti Háskóla Íslands keypti 50 fermetra í fyrirhuguðu Háskólatorgi. Stjórn HHÍ samþykkti kaupin í ljósi þess að hægt væri að nýta húsnæðið til að vekja athygli á starfsemi happdrættisins. Á stjórnarfundi 8. apríl 2008 var samþykkt að húsnæðinu yrði úthlutað sem vinnuástöðu fyrir afburðanemendur sem væru að vinna að lokaverkefnum.

Rekstrararkoma og greiðslur til Háskóla Íslands

Rekstrartekjur HHÍ á árinu 2008 námu 4.550 m.kr. Það er sem næst sama fjárhæð og á árinu 2007. Lögum samkvæmt skal hagnaði HHÍ að frádregnu leyfisgjaldi, sem greitt er til ríkisins, varið til uppbyggingar Háskóla Íslands. Hagnaðurinn rennur til nýbygginga, viðhalds fasteigna og lóða og til tækjakaupa. Samkvæmt rekstraráætlun HHÍ var ætlunin að greiða 600 m.kr. til Háskóla Íslands á árinu 2008. Ríkisstjórn og Alþingi breyttu þeirri fjárhæð í 215 m.kr. Háskóla Íslands tókst að fá heimild á fjáráukalögum fyrir 200 m.kr. til viðbótar þannig að Happdrætti Háskóla Íslands greiddi 415 m.kr. til Háskóla Íslands á árinu 2008. Beint peningalegt framlag nam 407 m.kr. á árinu en afborganir og vextir af lánum námu 8 m.kr. Þar var um að ræða síðustu greiðslu af láni sem var tekið vegna kaupa á Nýja-Garði 1996.

Hjá Happdrætti Háskóla Íslands ríkir sú meginregla að varðveita sjóði happdrættisins með eins öruggum hætti og kostur er. Talsvert fé var í peningamarkaðssjóði Landsbanka Íslands þegar bankahrunið átti sér stað og tapaði HHÍ 189 m.kr. vegna þess. Þá er rétt að geta þess að viðskiptavinir flokkahappdrættisins voru óvenjuheppnir á árinu 2008. Reiknað er með að



vinningshlutfallið sé 70% en á árinu 2008 reyndist það 75,4%. Það hafði í för með sér að greiddir vinningar voru 64 m.kr. hærrí en ráðgert hafði verið.

Lagalegt umhverfi

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happdrætti hér á landi nema með leyfi dómsmálaráðherra. Tilgangurinn með ákvæðinu er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og að halda uppi allsherjarreglu (public order). Í Evrópu og reyndar einnig í Vesturheimi eru í gangi málaferli m.a. vegna þess að ýmis einkafyrirtæki á happdrættismarkaði vilja ekki láta sér nægja sinn heimamarkað. Þau vilja einnig geta selt á erlendum mörkuðum. Íslenski happdrættismarkaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á ásókn erlendra einkafyrirtækja. Þar er einkum um að ræða fyrirtæki sem bjóða þjónustu sína á Netinu. Hinn 4. maí 2007 skipaði dómsmálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Nefndin er skipuð fulltrúum happdrættanna og dómsmálaráðuneytisins. Upphaflega var Páll Hreinsson skipaður formaður nefndarinnar. Í apríl 2008 óskaði Páll að láta af störfum í nefndinni vegna anna í Hæstarétti Íslands. Samþykkt var að Eyvindur G. Gunnarsson, stjórnarformaður HHÍ tæki sæti í nefndinni í stað Páls og var hann skipaður formaður hennar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með Evrópurétti á sviði happdrættismála, gera tillögur til dóms- og kirkjumálaráðherra um framkvæmd vísindarannsóknna um spilafíkn og ólögleg fjárhættuspil og gera tillögur um réttarbætur á sviði happdrættismála. Nefndin er með lagafrumvarp í burðarliðnum sem ætlað er að koma böndum á fjarspilun (Remote Gaming). Til stóð að fá frumvarpið lagt fyrir Alþingi á síðasta hausti en vegna bankahrunsins og anna Alþingis sem af því leiddi var þeirri gerð frestað.

Eftirlit

Eftirlit með útdráttum og vinningum í HHÍ er í höndum sérstaks happdrættisráðs sem dómsmálaráðherra skipar. Í því áttu sæti árið 2008 Bryndís Helgadóttir, lögfræðingur, formaður, Fanney Óskarsdóttir, lögfræðingur, og Rósa Dögg Flosadóttir, lögfræðingur. Varamaður er Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur. Eftirlit með happdrættisvélum er hjá sýslumannsembættinu á Hvolsvelli en eftirlitið var flutt þangað frá dómsmálaráðuneytinu 2007. Ársreikningar Happdrættis Háskólans eru endurskoðaðir í umboði ríkisendurskoðunar og birtast þeir í ríkisreikningi.

Háskólaútgáfan

Stjórn og starfsfólk

Stjórn og forstöðumaður Háskólaútgáfunnar ákváðu á árinu, í samræmi við samþykkt háskólaráðs frá 29. maí 2008, að hér eftir muni frumsamin fræðirit akademískra starfsmanna Háskóla Íslands sem berast Háskólaútgáfunni verða ritrýnd. Ritnefnd, sem skipuð er fulltrúum útgáfunnar og vísindasviðs, ásamt fagritstjóra, tilnefna ritrýnendur.

Þau verk sem samþykkt verða til útgáfu munu jafnframt fá verulegt ritstjórnaraðhald á vegum útgáfunnar og er þá bæði átt við almenna og sérfræðilega ritstjórn. Ritstjóra útgáfunnar og fagritstjóra úr viðkomandi fræðigrein verður falið að vinna með höfundi að frágangi endanlegs handrits til útgáfu. Öll ritrýnd verk verða sérstaklega auðkennd á vísun stað í prentaðri gerð. Sjá nánar um ritrýniferlið og umsóknir á heimasíðu útgáfunnar: haskolautgafan.hi.is

Stjórn útgáfunnar skipa Ástráður Eysteinnsson, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir og Sigurður J. Hafsteinsson, Starfsmaður útgáfunnar, Jón Bjarni Bjarnason, sem annaðist sölu- og kynningarmál hefur látið af störfum. Ráðnir voru tveir nýir starfsmenn í árslok, Sigríður Harðardóttir ritstjóri og María Brynhildur Johnson skrifstofustjóri. Kristinn Gunnarsson er framleiðslustjóri og Jörundur Guðmundsson forstöðumaður.

Almennt

Fjöldi útgefna nýrra titla á árinu 2008 var rúmlega fimmtíu. Endurútgáfur voru tólf, auk minni og stærri prentverka fyrir ýmsar einingar Háskólans.

Helstu rit ársins voru eftirfarandi

Af jarðarinnar hálfu
Afbrot á Íslandi
Áfmælisrit Háskólans á Akureyri 2007
Almanak Háskóla Íslands 2008
Almenningsfræðsla á Íslandi I og II
Árbók Háskóla Íslands 2007
Bókabylting á 18. öld
Det nationale og det Norrøne
Eftir skyldu míns embættis
Elucidarius
Evrópuvitund: Rannsóknir í Evrópufræðum
Færeyingasaga
Fagurfræði og miðlun
Formálar íslenskra sagnaritara
Frá manni til manns
Fyrirbærafræði
Galdramenn. Galdrar og samfélag á miðöldum
Heimspækisaga
Hið póstmóderníska ástand
Hjúkrunarheimili. Greinasafn
Hugur 19. árg. 2007
Hugur 20. árg. 2008
Hvað eru vísindi?
Í garði Sæmundar fróða
Í ljóssins barna selskap
Legends and Landscape
Magnúsarkver
Mimesis. Framsetning veruleikans í vestr. bókm.
Nýsköpunar- og frumkvöðlafræði
Nýtt fólk. Þjóðerni og verkalýðsstjórnmal 1901-1944
Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tímamót
Raddir kvenna frá Kúbu
Rithöfundur Íslands. Skáldskaparfræði Hallgríms H.
Ritið 2/2008 – Saga og sjálfsmýndir
Ritið 2-3/2007 – Innflytjendur
Rússneska með réttu lagi
Saga Bandalags háskólamanna
Sigurðarsaga þögla
Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólasterfi
Skóli, nám og samfélag
Stjórnun og rekstur félagasamtaka
Svo grænar og frjósamar
Svört sól: Geðdeyfð og þunglyndi
Um móðurmálsbókmenntir
Ungmenni og ættartengsl
Útlendingurinn.
Veftímarit Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála
Willard Fiske. Vinur og velgjörðarmaður Íslands
Þjóðfræði og þakkarskuld
Proskahömlun barna
Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hitardal, I og II

Jón K. Helgas. og Torfi Tulinius ritstjórar
Helgi Gunnlaugsson
Hermann Óskarsson ritstjóri
Þorsteinn Sæmundsson ritstjóri
Loftur Guttormsson ritstjóri
Magnús D. Baldursson og Magnús Guðmundsson ritstjórar
Aðalgeir Kristjánsson
Annette Lassen
Már Jónsson
E. S. Firchow / K. Grimstad
Auðunn Arnórsson ritstjóri
Ólafur Halldórsson ritstjóri
Walter Benjamin
Sverrir Tómasson
Haraldur Ólafsson
Dan Zahavi
Torfi H. Tulinius ritstjóri
Gunnar Skirbekk. Endurskoðuð útgáfa
Jean-Francois Lyotard
Margrét Gústafsdóttir ritstjóri
Geir Sigurðsson ritstjóri
Geir Sigurðsson ritstjóri
Erlendur Jónsson
Gunnar Harðarson o.fl. ritstjórar
Listvinafélag Hallgrímskirkju
Terry Gunnell ritstjóri
Anthony Faulkes
Erich Auerbach
Ívar Jónsson
Ragnheiður Kristjánsdóttir
Gunnar Þór Bjarnason
Erla Erlendsdóttir ritstjóri
Alda Björk Valdimarsdóttir
Hugvísindastofnun
Hugvísindastofnun
Olga Korotkova
Friðrik G. Olgeirsson
M. J. Driscoll ritstjóri
Jóhanna Einarsdóttir
Wolfgang Edelstein
Ómar Kristmundss o. fl. ritstjórar
Erla Erlendsdóttir og Kristín Jónsdóttir ritstjórar
Julia Kristeva
Dante Alighieri
Sigrún Júlíusdóttir o. fl. ritstjórar
Albert Camus
Margrét Björnsd. o. fl. ritstjórar.
Kristín Bragadóttir
Jón Hnefill Aðalsteinsson
Bryndís Halldórsdóttir
Séra Þórður Jónsson

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Skv. lögum hefur safnið margþætt hlutverk, það er þjóðbókasafn, bókasafn Háskóla Íslands og rannsóknarbókasafn sem skal halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Landsbókavörður er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Í samstarfsnefnd eru Þórður Kristinsson frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnars - dóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir frá safninu. Velta safnsins sl. ár var um 800 m.kr. og ársverk um 83. Hér verður einkum fjallað um helstu samstarfsfleti Háskólans og safnsins en nánari upplýsingar um starfsemi er að finna í ársskýrslu safnsins á vefnum www.landbokasafn.is.

Háskólabókasafn

Meginmarkmið háskólabókasafnsins er að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands og að stuðla að sjálfstæði og frumkvæði háskólanema í námi. Í safninu eru um 950 þúsund einingar auk aðgangs að stafrænu efni.

Gagnakaup

Lög um skylduskil til safna tryggja aðgang að öllu útgefnu íslensku efni nema sjónvarpsefni og kvikmyndum í safninu. Aðföng vegna Háskólans felast einkum í innkaupum á erlendu fræðiefni. Kennarar ákveða innkaup og miðast þau við það fé sem svið skólans setja í ritakaup. Árið 2008 var keypt prentað efni, diskar og myndbönd fyrir 19.6 m.kr. og aðgangur að stafrænu fyrir 8.5 m.kr. Þá var miðlægt framlag vegna Landsaðgangs að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum sem nam 25.9 m.kr. Þar fyrir utan er nokkuð keypt fyrir Háskólann af því ritakaupafé sem safnið fær á fjárlögum.

Stafræn gögn

Undanfarin ár hefur safnið lagt kapp á aukinn aðgang að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum, bæði í Landsaðgangi og svo séráskriftir fyrir einstakar deildir skólans sem eru aðgengilegar á háskólanetinu.

Samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið rekur safnið Landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum eða www.hvar.is. Fimm manna stjórnarnefnd starfar við hlið landsbókavarðar og hlutverk hennar er m.a. stefnumótun, ákvarðanir um samninga og um greiðsluskiptingu en bókasöfn, stofnanir og einkaaðilar greiða fyrir aðganginn. Fulltrúi Háskólans í stjórnarnefndinni er Sigurður J. Hafsteinsson. Efni í Landsaðgangi var nánast óbreytt árið 2008. Í gegnum Landsaðgang er nú hægt að nálgast um 15.000 tímarit auk útdráttá úr greinum úr yfir 6.000 tímaritum, 12 gagnasöfnum, fullum texta yfir 10.000 greiningarskýrslna og 500 rafbókum. Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2008 var 124 m.kr. Framlag ríkisins var 36 m.kr. en Háskóli Íslands er langstærsti einstaki greiðandinn.

Með séráskriftum Háskólans bætast við um 1.000 tímarit. Meðal séráskrifta sem opnaður var aðgangur að á háskólanetinu á árinu eru Encyclopedia of Geology, tímarit frá Institute of Physics (IOP) og JSTOR. Sem dæmi um einstök rit sem nú er aðgangur að eru Nature, Science, Polar Research og Harvard Business Review.

Skemman og skil námsritgerða á stafrænu formi

Á árinu var unnið að undirbúningi þess að safnið tæki við rekstri Skemmunar, sem er opið (Open Access) geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanemenda. Verkefnið fór af stað sem samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, en Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Listaháskóli Íslands hafa nú bæst við. Samþykkt var í háskólaráði 21. febrúar 2008 erindi frá samstarfsnefnd safnsins um rafræn skil og varðveislu lokaritgerða nemenda.

Fræðigreinin þín

Á vef safnsins er tenglasafn sem nefnist Fræðigreinin þín og er þar yfirlit og leiðarvísar um helstu hjálpargögn við heimildaleit. Því er nú skipt í 40 fræðigreinar.

Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem tekið er frá í tengslum við tiltekin námskeið. Gögnin eru ýmist til notkunar á staðnum eða lánuð í styttri lánnum. Unnið var að uppsetningu námsbókasafnsþáttar í Gegni á árinu. Hann auðveldar utanumhald um gögn námsbókasafnsins, kennarar geta tekið efnið frá í Gegni og hvert námskeið fær sína síðu.

Safnkynningar

Upplýsingadeild safnsins sér um safnkennslu fyrir nemendur og kennara og á árinu komu 113 hópar í safnið í formlega kynningu eða um 2014 manns. Þar fyrir utan er boðið upp á leiðbeiningar til einstaklinga. Nýjum kennurum er einnig boðið í stutta kynningu í upphafi anna. Hægt er panta safnkynningar á vef safnsins.

Útlán í tölvupósti

Til að auðvelda samskipti vegna útlána og pantana fá notendur nú sendar upplýsingar í tölvupósti. Lánþegar geta sjálfir pantað rit sem eru í útláni í gegnum Gegni. Þeir fá síðan senda tilkynningu í tölvupósti þegar ritið er komið í safnið og

er það geymt í viku. Lánþegar geta einnig sjálfir endurnýjað lánsfrest í Gegni þrisvar sinnum. Ef annar notandi hefur pantað ritið fá þeir upplýsingar um það í tölvupósti. Kennarar fá árlega sent yfirlit yfir það efni sem þeir eru með í láni.

Notendatölvur

Sumarið 2007 voru allar notendatölvur safnsins bæði í opnu rými og í lesherbergjum endurnýjaðar. Tölvurnar eru um 90 talsins. Á þeim er Microsoft Office 2007. Forritið SPSS er á nokkrum tölvum í kennslustofu.

Lengdur afgangslutími í prófum

Afgangslutími er auglýstur á vef safnsins. Hann er lengdur á prófatíma og er það auglýst sérstaklega.

Þjóðbókasafn

Meginmarkmið þjóðbókasafnsins er að safna öllu prentuðu útgefnu íslensku efni auk tón- og myndefnis. Einnig er safnað handritum og einkaskjalasöfnum en í handritadeild eru varðveitt um 15 þúsund handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá 13. öld og fram til dagbóka og bréfa frá 20. öld. Til útgefins efnis telst einnig það efni sem er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet. Því er safnað öllum íslenskum vefsíðum nema innri vefjum stofnana og fyrirtækja. Í vefsafninu eru nú um 450 milljónir skjala.

Stafræn endurgerð og vefurinn timarit.is

Markvisst er unnið að stafrænni endurgerð íslenskra dagblaða og tímarita og aðgangur veittur um vefinn www.timarit.is. Á árinu var tekinn í notkun nýr gagnagrunnur og vinnslulína fyrir timarit.is og 1. desember 2008 var opnaður endurskoðaður vefur. Í árslok var aðgangur að um 2,6 milljónum blaðsíðna úr íslenskum ritum. Unnið er að því að ljóslesa (OCR) ritin þannig að hægt verði að bjóða upp á textaleit í öllu efninu.

Doktoraskrá og Útgáfuskrá

Sífelld er unnið að því að auka aðgang um vefinn að skrá safnsins (sbr. handritaskrár). Sem dæmi um slíkar skrár eru Íslensk útgáfuskrá, www.utgafuskra.is, sem er skrá um prentefni, hljóðrit og myndbönd útgefin á Íslandi og skrá um doktorsritgerðir Íslendinga, doktor.bok.hi.is. Í henni eru nú um 1890 doktorar.

Ýmis samstarfsverkefni

Safnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og erlendu samstarfi. Markmiðið er meðal annars að sækja nýja þekkingu til að miðla safnkostinum til notenda, auk þess að bæta þjónustu safnsins.

Miðstöð munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu tók til starfa í safninu árið 2007. Miðstöðin er safn og rannsókn- og fræðslustofnun á sviði munnlegrar sögu og er samstarfsvettvangur fjögurra aðila: Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK), Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Efni miðstöðvarinnar er varðveitt á netþjónum safnsins og er nú um 300 gígabæt. Nánari upplýsingar eru á www.munnlegsaga.is.

Samningur við Árnastofnanir

Gerður var samningur við Árnastofnanir í Reykjavík og Kaupmannahöfn um gerð samskrár íslenskra handrita í apríl 2008. Unnið var að undirbúningi verkefnisins og frumgerð má skoða á vefnum www.handrit.is. Á árinu var gert talsvert átak í skráningu einstakra safna. Stafræn afrit af prentuðum handritaskrárum eru á vef safnsins auk þess sem hafin var birting á s.k. leiðarvísium fyrir einstök söfn.

Nordbib og Open Access

Safnið tekur þátt í norrænu verkefni, Nordbib, um þróun opins aðgangs að vísindaupplýsingum og rannsóknarniðurstöðum (Open Access). Um er að ræða fjögurra ára fjármögnunarverkefni (2006-2009) á vegum NordForsk til að þróa slíkan aðgang sem er mikið hagsmunamál fyrir háskóla, bókasöfn og vísindastofnanir. Nánari upplýsingar eru á vefnum www.nordbib.net. Safnið stóð fyrir málþingi um opinn aðgang á vordögum og er efni frá þinginu aðgengilegt á vef safnsins.

Evrópuverkefni

Safnið tekur þátt í Evrópubókasafninu (The European Library – TEL). Það rekur gátt með samtímaleit og aðgangi að um 270 gagnasöfnum frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum, www.theeuropeanlibrary.org. Safnið tekur auk þess þátt í verkefnum á sviði stafrænnar endurgerðar sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við TEL og síðar stafræna Evrópusafnið á vefnum www.europeana.eu.

IIPC

Safnið er stofnaðili alþjóðlegra samtaka um söfnun og varðveislu veraldarvefsins og nefnast þau International Internet Preservation Consortium (IIPC). Safnið tekur þátt í nokkrum vinnuhópum á vegum samtakanna og fór með formennsku 2007-2008. Vefur samtakanna er www.netpreserve.org.

Listasafn Háskóla Íslands

Stjórn

Stjórn Listasafns Háskóla Íslands til fjögurra ára (frá janúar 2008) skipa Salvör Nordal formaður, Vilhjálmur Lúðvíksson og Hjálmar H. Ragnarsson. Auður Ólafsdóttir lektor í listfræði er forstöðumaður safns í umboði stjórnar og er hún eini fasti starfmaður safnsins í 50% stöðu. Ný stjórn hefur sl. ár unnið að því að móta háskóla listasafninu framtíðarstefnu í samræmi við markmið stofnenda (1980) og stöðu Háskóla Íslands í samfélaginu í dag.

Helstu verkefni og starfsemi

Helstu verkefni forstöðumanns og stjórnar Listasafns Háskóla Íslands er að varðveita, byggja upp og kynna eftir föngum hina miklu og verðmætu listaverka-eign safnsins, svo sem með sýningarhaldi, en einnig með mótun stefnu í innkaupum nýrra verka, í samræmi við sérstöðu safnsins, safneignina og sýningaraðstöðu. Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er það hlutverk safnsins að sinna upplýsinga- og þjónustuhlutverki gagnvart þeim sem stunda rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu. Safnið hefur í samræmi við það unnið að því á sl. árum að efla tengingu safns við rannsóknar- og kennsluumhverfi Háskóla Íslands, m.a. við nám í listfræði við Hugvísindadeild en safnstjóri er jafnframt lektor í listfræði.

Sýningarhald

Uppsetningar verka innan Háskóla Íslands og opinberar sýningar

Verk úr eigu Listasafns Háskóla Íslands er nú að finna á 38 stöðum innan Háskólasamfélagsins. Sett voru upp fjölmörg listaverk í nýjum byggingum Háskóla Íslands árið 2008, s.s. í Háskólatorgi og Gimli, og eru nú flest mikilvægari verka safnsins sýnileg í opinberu rými Háskólans. Samkvæmt reglum safnsins eru ekki sett verk inn á einkaskrifstofur (svo sem kennara), undantekning er stjórnsýslugeirinn, þar sem húsnæði er jafnframt nýtt undir fundarhöld. Sú meginregla gildir þó að listaverk njóti sín með tilliti til húsnæðis, svo sem stærðar veggflata, lýsingar, hitastigs og öryggis.

Sýning á verkum Þorvalds Skúlasonar í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar 4.10.-10.11. 2008

Í október 2008 var stór sýning opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar á verkum samtíðarmannanna og brautryðjenda í íslenskri myndlist á 20.öld: Þorvalds Skúlasonar listmálara (1906-1984) og Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara (1908-1982).

Sýningin bar heitið Sigurjón og Þorvaldur. Tveir módernistar og var hún samstarfsverkefni Listasafns Háskóla Íslands og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Sýningarstjórnar voru Auður Ólafsdóttir, safnstjóri Listasafns Háskóla Íslands, og Birgitta Spur, safnstjóri Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Sigurjón Ólafsson myndhöggvari og Þorvaldur Skúlason listmálari voru í hópi framsæknustu listamanna sinnar kynslóðar og mikilvægir frumkvöðlar módernisma í íslenskum myndlistarheimi. Þeir voru svo til jafnaldrar; Þorvaldur fæddur árið 1906, Sigurjón árið 1908 og báðir féllu frá á níunda áratugnum með

skömmu millibili, Sigurjón árið 1982 og Þorvaldur 1984. Ferill þeirra spannar 50 ár og hélst vinskapur með þeim og samgangur til æviloka.

Markmið sýningarinnar var að draga fram sameiginlegan kjarna í verkum þeirra, þann sem kenna má við móðerníska listsýn. Snertifletir í list þeirra Sigurjóns og Þorvalds liggja víða. Báðir listamennirnir voru alla tíð uppteknir af þeirri myndhugsun sem býr í samspili forms, rýmis og efniviðar og leituðust við að ná fram sterkum áhrifum á eins einfaldan og úthugsaðan hátt og hægt var. Gildir það jafnt um figúratíf og abstrakt verk þeirra. Þá sýna verk þeirra hversu mikinn áhuga þeir Sigurjón og Þorvaldur höfðu á mætti dýnamískrar hreyfingar, annar í tvívíðum fleti málverksins, hinn í kyrrstæðu efni höggmyndar. Oft má líka greina sambærilegar formbreytingar í verkum þeirra Sigurjóns og Þorvalds sem báðir unnu gjarnan í tímabilum þar sem þeir „tæmdu“ möguleika tiltekins forms eða efniviðar. Verkin á sýningunni endurspegluðu að báðir listamennirnir áttu mikilvægan þátt í að innleiða skilning og upplifun á myndlist á forsendum formsins inn í íslenskan myndlistarheim og lögðu í þeim efnum allt undir. Þannig þótti Þorvaldi sérstök ástæða til að áréttta fyrir landslagsmálverkþjóðinni að menn vissu „í rauninni ekki hvað blái liturinn væri fyrr en menn hættu að tengja hann hafi, himni eða fjalli“. Þá sýndu verkin jafnframt að móðernískur þráður listar þeirra Sigurjóns og Þorvalds liggur í gegnum kynni og áhrif af ýmsum evrópskum framúrsteffnum og listamönnum á fyrri hluta 20. aldar.

Öll verkin á sýningunni voru úr fórum listasafnanna tveggja en Listasafn Háskóla Íslands á stærsta safn verka eftir Þorvald Skúlason (Þorvaldssafn). Á sýningunni var m.a. að finna á annað hundrað teikningar eftir Þorvald úr fórum háskólastasafnsins sem aldrei áður hafa komið fyrir sjónir almennings. Sýningin hlaut mjög góðar viðtökur og mikla aðsókn og var í gagnrýni sögð „sérlega falleg og mannbætandi“.

Í tilefni sýningarinnar var gefin út sýningarskrá með greinum eftir Auði A. Ólafsdóttur listfræðing og safnstjóra Listasafns Háskóla Íslands og Gunnar J. Árnason heimspeking.

Nokkuð var um lán verka úr eigu Listasafns Háskóla Íslands á árinu á sýningar í öðrum listasöfnum landsins.

Rannsóknarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Rannsóknarsjóður Listasafns Háskóla Íslands var stofnaður af Sverri Sigurðssyni árið 1999 og hefur það sérstaka hlutverk að vera ætlað að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna (eins og segir í stofnskrá).

Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn vorið 2008 og styrk úthlutað í júnílok. Stjórn Listasafns Háskóla Íslands ákvað að veita Margréti Elísabetu Ólafsdóttur, doktorsnema í fagurfræði, 400.000 kr. úr rannsóknarsjóðnum til rannsóknar á íslenskri vídeólist og til útgáfu á niðurstöðum rannsóknarinnar.

Rannsóknþjónusta Háskólans

Almennt

Árið 2008 var 22. starfsár Rannsóknþjónustunnar. Unnið var eftir þeirri stefnu sem stjórn stofnunarinnar samþykkti árið 2006 í framhaldi af stefnumótun Háskóla Íslands. Markmið Rannsóknþjónustu Háskólans er að styrkja tengsl Háskóla Íslands og atvinnulífs á sviðum rannsókna, nýsköpunar og hæfnis - uppbyggingar. Tilgangur þessara tengsla er að veita íslensku atvinnulífi stuðning á sem flestum sviðum og styrkja um leið starfsemi Háskóla Íslands. Helstu viðfangsefni ársins voru þátttaka í rekstri Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB, rekstur þjónustuskrifstofu við sókn í samkeppnissjóði og þjónusta við hagnýtingu, auk reksturs tveggja hlutafélaga sem Háskóli Íslands á ráðandi hlut í.

Starfsfólk og stjórn

Stjórn Rannsóknþjónustu Háskólans var skipuð frá 8. apríl 2008 til tveggja ára, en í henni sitja þrír fulltrúar frá Háskóla Íslands og þrír fulltrúar atvinnulífsins tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Ársverk Rannsóknáþjónustunnar og þeirra fyrirtækja sem hún rekur auk sértækra verkefna voru rúmlega tólf árið 2008. Starfsmenn við sjálfa stofnunina voru ellefu í árslok og tveir hjá hlutafélögum. Ágúst H. Ingþórsson veitti stofnuninni áfram forstöðu og Ásta S. Erlingsdóttir var staðgengill og starfandi forstöðumaður í 10 vikur á haustönn. Tveir starfsmenn hættu í árslok 2007 og komu tveir nýir starfsmenn til starfa á fyrstu vikum ársins 2008: Birna Gunnarsdóttir sem sinnir verkefnum við sókn í samkeppnisjóði og fyrir Stofnun fræðasetra og Ásta Vigdís Jónsdóttir sem vinnur fyrir Landskrifstofu Mennta-áætlunar ESB að útgáfu og upplýsingatæknimálum. Undir lok ársins kom síðan Margrét K. Sverrisdóttir til starfa hjá Landskrifstofunni og sinnir þar yfirfærsluverkefnum í námsleyfi verkefnisstjóra á árinu 2009.

Menntaáætlun ESB

Stærsta einstaka verkefni Rannsóknáþjónustunnar var áfram rekstur Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB sem rekin er sameiginlega með Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Rannsóknáþjónustan sér sem fyrr um Leónardó-hlutann, auk annarra smærri þátta og má skipta verkefnunum í tvo meginþætti.

Annars vegar er úthlutun styrkja í fjórum flokkum, samtals rúmlega 160 m.kr.:

1. Til mannskiptaverkefna, þar sem heildarúthlutun ársins nam um 44 m.kr. miðað við gengi fyrir bankahrun og mun það nýtast til náms- og/eða starfsdvalar fyrir rúmlega 150 einstaklinga.
2. Til yfirfærsluverkefna sem miða að því að yfirfæra efni og góða hugmyndir sem hafa verið styrkar af fyrri áætlunum til notkunar í fleiri löndum. Sjö umsóknir bárust og voru fjögur verkefni styrkt, samtals að upphæð um 105 m.kr. Þar er um að ræða fjölbjóðleg verkefni undir stjórn íslenskra aðila. Til viðbótar þessum fjórum verkefnum, eru íslenskir aðilar þátttakendur í yfirfærslu- og þróunarverkefnum undir stjórn aðila frá öðrum löndum.
3. Til samstarfsverkefna, þar sem 12 m.kr. var úthlutað til 5 verkefna. Þetta er nýr flokkur fyrir starfsmenntageirann en hefur verið við lýði lengi í almennu samstarfi grunn- og framhaldsskóla.
4. Loks eru undirbúningsstyrkir til vegna ferða til að undirbúa umsóknir í ofantalda flokka – þar sem úthlutað var tæplega 3 m.kr. til 12 aðila. Hins vegar er rekstur Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar og Europass-verkefnanna. Evrópumíðstöðin er upplýsingamiðlun og samstarfsvettvangur sem Evrópusambandið styrkir með það fyrir augum að miðla evrópskri vídd og undirstrika mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, starfsþjálfunar og símenntunar í upplýsingasamfélagi nútímans. Europass er samræmd starfsferilsmappa sem Evrópusambandið er að hvetja ungt fólk í Evrópu til að nota til að skrá með skipulegum og samræmdum hætti nám, hæfni og getu. Á slík mappa að nýtast gagnvart væntanlegum vinnuveitendum og við eigin starfsþróun.

Rannsóknáætlun Evrópusambandsins

Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun er stærsta einstaka rannsóknáætlunin sem starfsfólk Háskóla Íslands hefur aðgang að. Fimm starfsmenn komu að því verkefni á árinu að kynna áætlunina og aðstoða við umsóknir. Vel gekk að virkja starfsfólk Háskólans til sóknar og komu nokkrir styrkir til verkefna sem skólinn tekur þátt í. Á árinu fékkst stærsti einstaki styrkurinn sem veittur hefur verið til skólans úr rannsóknáætlun ESB þegar Bernhard Örn Pálsson, gestaprófessor við Háskóla Íslands og prófessor í lífverkfræði við University of California í San Diego, hlaut 2,4 milljóna evra (um 350 m.kr.) styrk frá Evrópska rannsóknarráðinu (European Research Council, ERC).

Hagnýting rannsóknaniðurstaðna

Starfsmenn Rannsóknáþjónustunnar hafa starfað með Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi síðan nefndin var sett á laggirnar. Hlutverk hennar er að fjalla um tilkynningar starfsfólks um einkaleyfataekar uppfinningar og einnig önnur erindi sem berast um tengd hugverkaréttindum. Nefndinni bárust 4 ný erindi og haldnir voru 9 fundir í nefndinni.

Stærsta verkefni ársins varðandi hagnýtingu var samkeppnin „Upp úr skúffunum“, sem haldin var í tíunda sinn. Stuðningsaðilar verkefnisins voru Árnason/Faktor, Tæknigarður hf. og Einkaleyfastofa. Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru svo veitt af háskólaþingnum við hátíðlega athöfn 21. nóvember. Fyrstu verðlaun hlaut tillaga sem unnin var í samvinnu sjúkrahjálfunar og Verkfræðideildar. Þrjár nemendur, 2 frá Verkfræðideild og 1 úr sjúkrahjálfun, unnu verkið undir leiðsögn Karls S. Guðmundssonar, dósentis í verkfræði, Fjólu

Jónsdóttur, prófessors í verkfræði, og Þorbjargar Guðjónsdóttur, lektors í sjúkráþjálfun. Tillagan nefnist „Gönguhermir“ og er upphafsþróun að tæki sem ætlað er fyrir mikið hreyfihömluð börn. Anna Harðardóttir fékk önnur verðlaun fyrir verkefnið „Stöðluð skráning meðferða í sjúkráþjálfun“ sem er byggt á meistarařitgerð sem Arna birti vorið 2007. Tillaga Ólínu Þorvarðardóttur „Spánverjavígin 1615 – sögusafn og söguslóð“ hlaut síðan þriðju verðlaun.

Rekstur hlutafélaga

Rannsóknþjónustan rekur tvö hlutafélög sem eru að hluta í eigu Háskóla Íslands. Rekstur Tæknigarðs hf. var með hefðbundnu sniði á árinu og var full nýting á því húsnæði sem til útleigu er og raunar skortur á húsnæði til leigu til fyrirtækja. Ekki urðu miklar breytingar á leigjendum – en vert er að geta Innovit sem er nýsköpunarsetur námsmanna og sem fékk aukið rými í húsinu á árinu með stuðningi frá Tæknigarði sem gaf eftir hluta húsaleigu. Hefur Innovit þegar getið af sér um sex sprotafyrirtæki námsmanna og undir lok árs 2008 leigði fyrsta fyrirtækið sjálfstætt rými í Tæknigarði. Tækniþróun hf. á virkan hlut í tveimur sprotafyrirtækjum og sátu starfmenn Rannsóknþjónustunnar áfram í stjórnun þeirra.

Jákvæð rekstrarafkoma og mikil umsvif

Fjárhagslega gekk rekstur stofnunarinnar ágætlega á árinu 2008 og voru rekstrartekjur hærri en útgjöld. Var það þriðja árið í röð þar sem var jákvæður afgangur og er rekstur stofnunarinnar þar með kominn í gott jafnvægi.

Á heildina litið var árið 2008 bæði viðburða- og árangursríkt í starfi Rannsóknþjónustunnar og þeirra fyrirtækja sem stofnunin hefur umsjón með. Þau verkefni sem Rannsóknþjónustan hefur tekið að sér að reka gengu almennt vel. Í árslok var verkefnastaða stofnunarinnar traust og stofnunin vel í stakk búin til að veita áfram góða þjónustu og taka virkan þátt í að ná þeim markmiðum sem Háskóli Íslands hefur sett sér til næstu ára.

Veffang Rannsóknþjónustu Háskólans er: www.rthj.hi.is.

Reiknistofnun

Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) sér um uppbyggingu og rekstur upplýsingakerfa og símnets Háskóla Íslands í umboði háskólaráðs. Rekstur stofnunarinnar gekk vel á árinu 2008. Fjárhagsleg afkoma var viðunandi miðað við miklar framkvæmdir á árinu sem lýst er hér að neðan. Í stjórn voru Helgi Þorbergsson dósent í tölvunarfræði, stjórnarformaður, Fjóla Jónsdóttir dósent í verkfræði, Guðmundur B. Arnkelsson dósent í Félagsvísindadeild, Gunnar Hjálmarsson prófessor í Raunvísindadeild og Arnfríður Guðmundsdóttir dósent í Guðfræðideild. Helgi og Arnfríður áttu jafnframt sæti í háskólaráði Háskóla Íslands. Forstöðumaður var Sæþór L. Jónsson.

Starfsemin

Lítil hreyfing var á starfmönnum RHÍ á árinu 2008. Hallfríður Þóra Haraldsdóttir fór í árs fæðingarorlof undir lok ársins og í hennar stað var Eva Dögg Jónsdóttir ráðin í 50% starf sem ritari og 50% starf sem þjónustustjóri Uglunnar. Stofnunin skiptist í 4 deildir, Hugbúnaðarþróun, Kerfisþjónusta, Netdeild og Notendþjónusta. Reiknistofnun hefur, þrátt fyrir sveiflukennar breytingar verið einstaklega lánsöm með starfsfólki og byggir á sterkum kjarna sem hefur þjónað háskólanum dyggilega á liðnum árum. 28 starfsmenn starfa nú í fullu starfi hjá RHÍ fyrir utan starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið. Vaxandi ánægja er með þjónustuborð RHÍ á fyrstu hæð í Tæknigarði og hið nýja þjónustuborð á Háskólatorgi.

Starfsmenn Reiknistofnunar koma einnig að rekstri RHnets hf. (Rannsókn- og háskólanet Íslands) og situr forstöðumaður í stjórn þess sem varaformaður, í stjórn FSnets (Net framhaldsskóla og símenntunarstöðva) og í stjórn NORÐUnet A/S (Samtenginet Norðurlanda) sem stjórnarformaður fyrir hönd Háskóla Íslands.

Mikil vinna allra deilda fór í undirbúning að sameiningu Kennaraháskóla Íslands við Háskóla Íslands. Þetta mikla aukaálag, ásamt miklum flutningum í tengslum við Háskólatorg, lagði á starfsmenn jafnframt hefðbundinni starfsemi. Aukið húsnæði fékkst fyrir Notendþjónustuna á 1. hæð í Tæknigarði og flutti Hugbúnaðarþróun í hennar stað og gaf eftir sitt húsnæði til Icenic. Eru nú húsnæðismál í þokkalegu ástandi.

Þjónustuvélar

Þjónustuvélar eða svokallaðar „kiosk-vélar“ eru nú 19 talsins á háskólasvæðinu. Nýjasta viðbótin er 6 stykki í Gimli og í Háskólatorgi var þeim fjölgað úr 7 í 10. Oddi, VR11 og Aðalbygging hafa svo eina hver bygging. Skipt var um kerfi sem keyrt er á vélunum til þess að auka samhæfni við vefsíður og hefur það reynst vel.

Upplýsingaskjái

Á Háskólatorgi, Gimli, VR-II, Odda og Öskju eru stórir skjái sem birta dagskrá viðkomandi bygginga. Á árinu voru teknir í notkun bræður þeirra sem standa þeim við hlið. Þessir skjái (gjarnan kallaðir Skjár 2) birta ítarlegri auglýsingar um atburði í Háskólanum. Ólíkt fyrri skjánum, sem birtir sjálfkrafa dagskrá í stöðluðu formi út frá gagnagrunni, eru „Skjár 2“ uppfærðir handvirkt með skjáauglýsingum sem fylla út í skjáinn og geta innihaldið allar samsetningar af texta og myndum.

Windows-kerfisþjónusta

Eftirlitskerfi Háskólans var bætt með uppsetningu öryggismyndavélaþjóns í samvinnu við rekstur fasteigna og Öryggismiðstöðina. Um 30 öryggismyndavélar á háskólasvæðinu eru tengdar við þjóninn. Greiðslukortþjónn í tengslum við nýtt þjónustuborð nemendaskrár í Háskólatorgi var settur upp.

Gengið var í uppsetningu nýrrar stimpilklukku að beiðni launadeildar þar sem nýtt kerfi innan Oracle, Vinnustund, á að taka við af gamla kerfinu, Bakverði. Miklar umbætur á myndasafni Háskólans voru gerðar. Skjalasafn, sem sér um skráningu myndanna, opnaði vefinn formlega við hátíðlega athöfn. Hægt er að skoða safnið á <http://myndasafn.hi.is>.

Kerfi til að fylgjast með notkun tölvuvera í rauntíma, LabStats, var tekið í notkun og HP JetAdmin, sem er umsjónakerfi fyrir prentara, var fært á nýjan þjón. Nýtt eftirlitskerfi, Nagios, var tekið í notkun þar sem það þykir einfaldara í rekstri heldur en Hobbit sem áður var notað til að fylgjast með netþjónum.

Vírusvarnarþjónusta Sophos var færð á nýja vél ásamt BlackBoard-kerfi Kennaraháskóla Íslands og MA.

Tölvuver Reiknistofnunar

Reiknistofnun Háskólans rekur nú 16 tölvuver sem staðsett eru í 11 byggingum Háskólans, samtals á fjórða hundrad tölva. Auk þess sér Reiknistofnun einnig um uppsetningu og viðhald tölva í kennslustofum og fyrirlestrarsölum Háskólans. Þær tölvur eru nú 130 talsins.

Endurnýjun tölva átti sér stað í 2 tölvuverum, í Odda 102 og tölvuveri tölvunarfræðiskorar í kjallara Endurmenntunar. Meðal nýjunga í tölvuveri Odda 102 eru Apple iMac-tölvur sem keyra nú Windows-stýrikerfi.

Tvö ný og glæsileg tölvuver voru opnuð í ársbyrjun, í Gimli 101 og Háskólatorgi 302 (Aðgengissetur). Tölvuver í Skógarhlíð 10 var lagt niður.

Reiknistofnun leggur áherslu á að vélbúnaður í tölvuverum og kennslustofum sé ekki eldri en þriggja ára og hefur því u.þ.b. þriðjungur allra tölva verið endurnýjaður árlega. Þannig hafa nemendur Háskólans ávallt haft aðgang að nýjasta tölvubúnaði á hverjum tíma.

Lögð var áhersla á að koma til móts við óskir nemenda um hraðvirkari og skilvirkari prentun. Í því augnamiði voru settir upp 3 öflugir prentarar í tölvuverum, sem bjóða upp á bæði tvíhliða prentun (Duplex) ásamt skönnun. Einnig er nú boðið upp á litaprentun í fyrsta skipti í stærsta tölvuverinu á Háskólatorgi.

Prentbiðröðum fyrir útprintun af þráðlausu neti (fartölvuprentun) var einnig fjölgað. Fartölvunotendur geta nú nýtt sér 19 prentara víðs vegar um Háskólasvæðið til útprintunar af þráðlausu neti.

Nýjustu leiðbeiningar varðandi notkun og tengingu við prentara Reiknistofnunar er að finna á vef: <http://www.rhi.hi.is/category/prentun/>.

Hugbúnaðarþróun

Árið 2008 fór að mestu í sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Sameiningin fól í sér umfangsmikla breytingu á skipulagi skólanna sem olli því að mjög miklar breytingar þurfti að gera á þeim fjölmörgu forritum sem mynda upplýsingakerfi skólanna. Uglu. Skipulagsbreytingar við sameiningu skólanna höfðu einnig mikil áhrif á eldri nemendakerfi skólanna, Keili (Háskóli Íslands) og Heklu (Kennaraháskóli Íslands). Ýmsum málum var frestað vegna þessa mikilvæga verkefnis. Má þar á meðal nefna framþróun á umsóknarkerfi, meðhöndlun kennitölulausra nemenda og starfsmanna o.fl.

Það var flókið að sameina gögn skólanna eins og t.d. upplýsingar um nemendur, námsleiðir, námskeið, kennsluskrá, starfsmannaupplýsingar, stofubókanir, kennsluvefi o.s.frv. Sem dæmi þá var Uglan fyrir Háskóla Íslands með hátt í 500 töflur í gagnagrunni og tugi milljóna færslna. Það þurfti að leysa ýmsa árekstra og byggja brýr til að koma gögnum í einn sameiginlegan grunn.

Eitt stærsta vandamálið sem þurfti að leysa var að gögn þurftu að töluverðu leyti að vera sameinuð áður en sameining á sér stað. Verðandi nemendur þurftu að geta sótt upplýsingar um námsframboð og sótt um aðgang að sameinuðum skóla áður en breyta mátti gögnum fyrir núverandi nemendur skólanna.

Um leið og breytingar vegna sameiningar áttu sér stað var tækifærið nýtt og ýmsar aðrar breytingar gerðar á bæði kerfunum sem og verklagi við vinnslu gagna. Nýtt númerakerfi fyrir námskeið var tekið í gagnið sem gerir það að verkum að breyta þurfti nær öllum kerfum Uglunnar sem tengdust námskeiðum að einhverju leyti. Skipulag kennsluskrár var endurnýjað að miklu leyti. Umsóknarkerfi fyrir nýnema og árlega skráningu þurfti einnig að uppfæra mjög mikið. Námsleiðakerfið fékk mikla yfirhalningu. Nú er búin til ný útgáfa af hverri námsleið og kjörsviðum tengdum námsleiðum á hverju ári.

Til hliðar við þessi verkefni var einnig unnið að því að hægt yrði að bæta með einföldum hætti síðum og vefsvæðum inn í Ugluna. Þannig er auðvelt að setja inn upplýsingar sem tengjast sviðum/deildum/starfsmönnum inn í Ugluna. Ýmislegt fleira fylgdi með þessum pakka eins og almennir umræðuvefir, staður fyrir starfsmenn og nemendur til að koma á framfæri auglýsingum o.fl.

Ljóst var að gömlu nemendakerfin myndu ekki þola nýjar skipulagsbreytingar. Fræðasvið, ný námskeiðsnúmer, nýtt skipulag á námsferlum o.s.frv. kom í veg fyrir að hægt yrði að keyra gömlu nemendakerfin með nýjum sameinuðum gögnum. Notkun á þessum gömlu kerfum var því hætt fyrir 1. júlí 2008.

Miklar breytingar voru gerðar á kennslukönnun um haustið þegar kennslukönnun var framkvæmd í fyrsta skipti eftir sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Farið var eftir hönnun Einars Guðmundssonar dósents í sálfræði.

Í september hófst vinna við uppsetningu á vörhúsi gagna og áætlað er að uppsetning klárast snemma á árinu 2009. Með vörhúsinu gjörbreytist skýrsluumhverfi skólans. Það verður mun auðveldara að kalla fram tilfallandi skýrslur og skoða tölfræði gagna í nemendabókhaldinu.

Margt annað var unnið á árinu af hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar. Of langt mál er að telja allt upp en meðal annars var unnið að fjölmörgum viðbótum við nemendakerfi Uglunnar, kennsluskrá var endurbætt og skráning í sjúkra- og upptökupróf var framkvæmd í fyrsta skiptið á rafrænan hátt svo fátt eitt sé upp talið.

Kerfisþjónusta

Nokkrar breytingar urðu á kerfisþjónustu RHÍ á árinu.

Við sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands fjölgaði notendum um rúman fjórðung og nemendum um tæpan þriðjung vegna sameiningarinnar og almennrar fjölgunar nýnema við Háskóla Íslands. Við þetta hefur álag á miðlæga þjónu aukist en vegna óvissunnar á seinni hluta ársins var minna um endurnýjun búnaðar en gert var ráð fyrir.

Í ársbyrjun voru settar upp tvær nýjar tölvur af gerðinni Sun SPARC Enterprise T5220 og leysa þær af hólmi nokkrar gamlar vélar auk þess sem ný þjónusta hefur einnig verið sett á þær. Þær hafa hvor um sig einn örgjörva af gerðinni

UltraSPARC T2 sem hefur 64 sýndarörgjörva og 8 SSL-hraðla ásamt 64 GB í minni. Á þessum vélum er hægt að setja upp sýndarvélar sem eru algerlega óháðar hver annarri auk þess sem samtengja má sýndarvélar á milli vélanna í eins konar þyrpingu (e. high availability cluster) sem virkar þannig að þyrpingin sem heild er í gangi þótt ein sýndarvél fari niður. Þetta getur aukið rekstraröryggi til muna. Meðal þess sem hefur verið flutt á þessar vélar eru heimasvæði notenda og vefpóstkerfi.

Í lok apríl voru gerðar viðamiklar breytingar á póstkerfinu sem fólust einkum í því að farið var að nota LDAP til að geyma samnefni (aliasa), sem auðveldar alla meðhöndlun með þá og algerlega var greint á milli IMAP- og SMTP-þjónustu þannig að þær keyra ekki lengur á sömu vél. Þá var sett upp nýtt vefpóstkerfi og notendur geta nú valið á milli gamla kerfisins, SquirrelMail, og þess nýja, RoundCubeMail.

Á árinu var settur upp vefþjónn fyrir ytri vef Háskóla Íslands. Hann notar opinn hugbúnað, Drupal, sem keyrir í opnu umhverfi sem er oft skammstafað LAMP (Linux, Apache, MySQL og PHP). Þá var vefurinn blog.hi.is settur upp á árinu og er eins og nafnið bendir til blog-kerfi fyrir starfsmenn og stúdenta Háskóla Íslands. Um áramót voru yfir 500 notendur skráðir á þann vef. Sá vefur notar blog-hugbúnaðinn WordPress Multi User. Þá hefur orðið töluverð aukning á vefhýsingu fyrir ýmsar stofnanir sem notast við WordPress-kerfið en það er einnig opinn hugbúnaður sem keyrir á LAMP.

Net- og símadeild

Árið var annasamt. Mikið var um flutninga á fólki innan Háskólans vegna tilkomu Háskólatorgs og Gimlis. Þangað fluttu margar deildir sem losuðu þar af leiðandi húsnaði sem aðrir fluttu svo í og allt þetta kostaði miklar breytingar á net- og símatengingum.

Seinni hluta vetrar fór í fullan ganga undurbúningur að sameiningu Háskóla Íslands við Kennaraháskóla Íslands. Þetta var mikið og stórt verkefni þar sem ákveðið var að skipta um allan netbúnað Kennaraháskóla Íslands og voru keyptur nýr búnaður og hann settur upp samhliða þeim búnaði sem fyrir var þannig að þegar að sameiningunni kom var hægt að fara allt kerfið yfir á net RHÍ án þess að notendur yrðu nokkurn tímann sambandslausir. Þetta var mikil vinna sem var unnin í samvinnu við kerfisstjóra Kennaraháskóla Íslands og gekk þessa tæknilega vel þó þetta hafi tekið meiri tíma en menn bjuggust við.

Allar tengingar Kennaraháskóla Íslands voru fluttar á RHÍ-netið. Stakkahlíðar-svæði er tengt með „hráum ljósleiðara (dark fiber)“ frá Gagnaveitunni, og er hann hringtengdur: Læknagarður/Stakkahlíð og Tæknigarður/Stakkahlíð. Á Laugarvatni var fenginn ný tenging frá Símanum og jókst samskiptahraði úr 4 Mbit/s í 100 Mbit/s. Þar voru einnig gerðar nokkrar breytingar á nettengingum innan svæðisins, t.d. tengingu að Íþróttahúsi og Stúdentagörðum. Reiknistofnun beitti sér fyrir samningi við Símann fyrir starfsfólk Menntavísindasvið á Laugarvatni svo það fengi ADSL-heimatengingar því ekki var hægt að bjóða upp á heimatengingar eftir þessa breytingar eins og áður var hjá Kennaraháskóla Íslands.

Símkerfi Kennaraháskóla Íslands var sameinað kerfi Háskólans. Þetta var gert á tvennan hátt. Símtöðinni í Stakkhlíð var breytt í útstöð frá aðalsímstöð Háskólans í aðalbyggingu. Á Laugarvatni var farin sú leið að setja upp IP-síma sem tengjast aðalsímstöð Háskóla Íslands í gegnum tölvunetkerfið og er því hin nýja 100Mbit/s lína er bæði notuð fyrir síma- og tölvutengingar. Öllum símanúmerum í Kennaraháskóla Íslands var breytt í númer frá Háskóla Íslands og símsvörunarþjónustan færð á skiptiborð Háskóla Íslands.

Hús Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut var tekið yfir af Háskóla Íslands og var það endurbyggt og fékk nafnið Stapi, þar var algerlega endurnýjað netkerfið og inntakið fyrir húsið flutt og nýr tengiskápur settur upp, 2 nýir svissar og 5 þráðlausir sendar.

Miklar umbætur voru gerðar á Keldum, ný 100Mbit/s tenging var fengin hjá Símanum og öllum netbúnaði skipt út og er þar nú allur netbúnaður, svissar og þráðlausir sendar tengdir okkar eftirlits- og umsjónarkerfi. ADSL-tengingin við Vodafone var stækkuð úr 10 Mbit/s í 1 Gbit/s.

Nokkrar tengingar voru lagðar niður á árinu: Neskirkja, Valsheimilið, Skógarhlíð 10, Ármúli 30 og Háskólasetrið á Höfn. Ný tenging var sett í lesaðstöðu læknanema í Skógarkoti.

Þráðlausa kerfið var eins og undanfarin ár í þróun, nokkrum sendum var bætt við, mest í Aðalbyggingu. Þeir sendar sem hafa verið teknir í notkun á síðasta ári, og einnig þeir sem eru í nýbyggingum Háskóla Íslands, eru með tengimöguleika bæði fyrir 802.11g og 802.11a tengingar, sem dreifir betur álagi og gerir sendana afkastameiri.

EDUROAM-tengingar eru nú mögulegar á Laugarvatni og í Stakkahlíð.

Nokkrir fundir voru haldnir vegna endurbyggingar á vélasalnum og hugsanlegrar stækkunar hans. Þetta var unnið í samvinnu við RTS-verkfræðistofuna. Öllum rafhlöðum í stóra varaafgjafanum í vélasal RHÍ var skipt út á árinu.

Þekkingarnet

Almennt yfirlit og stjórn

Þekkingarnet er verkefni sem tók við af starfsemi Upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands (UH) árið 2005. Markmið þess er þróun gagna og tækni til að styðja rannsóknir, nýsköpun, hagræðingu og menntun með „vöktun“ nýrrar tækni og þekkingar.

Verkefnið „Þekkingarnet“ byggir á aðferðum, tækni og gögnum sem þróuð voru hjá UH frá árinu 1998, þ.e. einkum Framleiðni í námi og fræðslu. Gagnabanki þess inniheldur einnig efni úr öðrum verkefnum er unnið hefur verið að svo sem hagræðingu í ríkisrekstri og heilbrigðismálum, nýsköpun o.fl.

Einn starfsmaður, Jón Erlendsson verkfræðingur vinnur að verkefninu. Yfirumsjón hefur Magnús Jóhannsson, prófessor og forstöðumaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.

Starfsemi

Starfsemi ársins fólst í áframhaldandi þróun og endurnýjun efnis gagnabanka Þekkingarnetsins.

Vefsíður gagnabankans innihalda einkum valin kjarnaatriði og tilvitnanir í gögn á Veraldarvefnum. Í þær eru innbyggðar leitarSKIPANIR sem auðvelda notandanum að finna ítarefni og skyld gögn. Allt efnið er opið og aðgengilegt á Veraldarvefnum. Með hraðvirkum tilvísunum má nýta það á einfaldan hátt sem kennslugögn (t.d. skjáglærur) af hverjum sem vill. Tilvist þess getur því sparað notendum mikla vinnu. Gögn Þekkingarnetsins nema nú nálægt 35.000 vefsíðum og skráum.

Aðgengi að gögnunum byggist á notkun almennra leitarvéla, svo sem Google

Með vefsíðum Þekkingarnetsins er unnt að gefa tafarlaus skrifleg svör við margháttuðum fyrirspurnum er varða efni þeirra. Þeir aðilar sem hafa nýtt sér þetta hafa látið í ljósi mikla ánægju með þann hraða og nákvæmni sem þessi möguleiki skapar.

Þrátt fyrir tilkomu Veraldarvefsins, og fjölda háþróaðra leitarvéla, s.s. Google, vantar enn mikið upp á að margir notendur netsins nái góðum árangri við leit. Þetta hefur verið staðfest í fjölda erlendra rannsókna. Enn er því mikið um soun á tíma og fé í ómarkvissa leit á Vefnum. Talið er að starfsfólk er vinnur „þekkingarstörf“ eyði um 15-35% af vinnutíma sínum í að leita að upplýsingum. (Feldman, 2004). Ljóst er því að mikil hagræðing felst í hraðvirkri og markvissri upplýsingaleit.

Kynningarstarf

Kynning Þekkingarnetsins á árinu byggðist á því almenna aðgengi að gögnum þess sem lýst hefur verið hér að framan. Fjöldi tilvísana í efni þess má finna á Veraldarvefnum.

Kennsla

Jón Erlendsson kennir 1. árs námskeiðið Námi og störf í rafmagns- og tölvuverkfræðiskor. Í því er nemendum kynnt innlent atvinnulíf og innlendir vinnumarkaður með heimsóknum í fyrirtæki, gestafyrirlestur o.fl.

Húsnæði

Starfsemin er vistuð í húsnæði verkfræði- og raunvísindadeildar (VRIII).

Kennitölur úr rekstri Reiknistofnunar

	nóv. '02	nóv. '03	nóv. '04	nóv. '05	nóv. '06	nóv. '07	nóv. '08	breyting ('07 -> '08)
Notendur								
Skráðir notendur	11.128	12.546	12.976	13.759	15.069	14.461	18.231	26%
Þar af nemendur	9.114	10.155	10.305	10.730	11.956	11.446	14.864	30%
Notendur Unix-véla	1.189	437	292	325	392	264	167	-37%
Tengingar Windows NT-notenda við Unix	5.635	6.097	6.557	6.441	6.100	5.828	5.828	0%
HÍ-net								
Skilgreind tæki	4.964	6.636	7.697	8.837	9.798	10.917	12.870	15%
Í léni RHÍ	3.160	3.465	3.856	4.289	5.091	5.912	8.017	26%
Tölvupóstur								
Fjöldi pósthólfa	9.920	12.546	12.976	13.759	15.069	14.461	18.231	26%
Samanlögð stærð kerfispósthólfa (GB)	45	150	300	669	917	1.560	2.931	88%
Fjöldi IMAP-tenginga (þús.)	1.750	3.353	4.350	6.387	7.147	7.556	10.669	41%
Fjöldi IMAP-notenda		9.978	9.225	10.045	11.618	11.606	14.250	23%
Fjöldi POP-tenginga (þús.)	1.363	1.792	1.542	1.358	1.032	974	960	-1%
Fjöldi POP-notenda		4.517	1.452	979	750	637	729	14%
Diskarými								
Á netþjónum (GB)	1.668	2.158	3.450	4.911	5.700	8.000	11.000	38%
Tölvuver								
Fjöldi tölvuvera RHÍ	13	18	18	18	18	18	16	-11%
Fjöldi tölva í tölvuverum RHÍ	209	270	282	297	297	297	305	3%
Fjöldi tölva í þjónustu RHÍ	328	344	363	394	404	404	431	7%
Innhringiaðgangur starfsmanna								
Innhringinotendur	630	406	248	134	40	23	8	-65%
ADSL-notendur	180	640	1.216	1.716	1.836	1.186	1.082	-9%
Flakkarar	257	383	518	652	792	1.009	1.243	23%
Þráðlaus netkort	1.293	2.612	4.846	6.588	8.099	9.021	13.648	51%
Notendur á stúdentagörðum	435	554	568	596	702	708	709	0%
Póstlistar								
Fjöldi póstlista	183	108	123	137	148	157	168	7%
Ugla								
Innskráningar	105.965	150.931	256.118	309.060	357.725	395.619	435.400	10%
Fjöldi notenda	7.232	8.598	11.673	12.821	12.913	13.326	14.226	7%
Meðalfjöldi innskráninga @ hvern notenda	14,65	17,56	21,94	24,11	27,70	29,70	30,6	3%

Fjármál

Kostnaður við laun og rekstur var 5,080 m.kr. á árinu 2008.



Brautskráningar- ræður háskólarektors og ávörp við önnur hátíðleg tækifæri

Ávarp rektors við brautskráningu kandídata 23. febrúar 2008

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, deildarforsetar, kandídatar,
aðrir góðir gestir.

Á þessum hátíðardegi eru mér efstar í huga árnaðaróskir til ykkar, kæru
kandídatar. Þið hafið lagt hart að ykkur og náð settu marki. Þetta er ykkar dagur.
Háskóli Íslands gerir strangar kröfur til nemenda og starfsfólks, og leggur
alþjóðlega gæðamælikvarða á allt sitt starf. Þetta gerir skólinn til að tryggja að
prófgráða ykkar beri öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim. Það
styrkir ykkur sem einstaklinga að hafa staðist skýrar og strangar námskröfur.
Það styrkir líka samfélagið og það styrkir framþróun Háskóla Íslands.

Íslensk þjóð fótar sig nú á nýjum vegi, hraðbraut alþjóðavæðingar viðskipta,
atvinnulífs og menningarlífs. Á öllum þessum sviðum ríkir vaxandi samkeppni.
Markmið okkar sem þjóðar er að treysta í sessi þá velsæld sem hefur verið
sköpuð. Hlutverk Háskóla Íslands er að leggja til vegferðarinnar með stöðugri
þekkingarsköpun og með því að benda á og virkja ný tækifæri.

Til þess að Háskólinn geti sinnt þessu hlutverki og náð árangri þarf hann að
leggja áherslu á þrennt: í fyrsta lagi á sérstöðu sína og styrk, í öðru lagi á getu til
að skapa þekkingu í samstarfi við leiðandi einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki og í
þriðja lagi getu til að virkja mannauð og hæfileika stúdenta og starfsfólks.

Ég nefndi fyrst sérstöðu og innri styrk. Á hvaða sviðum höfum við sérstöðu? Hvað
er sérstakt við Ísland? Ekki eru nema rúm 30 ár frá því að Ísland var flokkað í
hópi þróunarríkja og þáði þróunaraðstoð. Það er ekki síður merkilegt að á sama
tímabili og Ísland hefur siglt hraðbyri í átt til velmegunar hefur þjóðinni tekist að
þróa svo orkunotkun sína að nú er hlutfall endurnýjanlegrar og umhverfisvænnar
orku orðið það hæsta í heimi, eða 72% af heildarorkunotkun. Þetta er einstakur
árangur. Fyrir vikið er leitað til Íslendinga um samstarf um brýnasta viðfangsefni
sam tímans - að skapa orku til efnalegra framfara án þess að ógna loftslagi og
lífríki. Þarna er sérstaðan. Háskólinn hefur átt hér hlut að máli og framlag hans
hefur grundvallast á framlagi sérfræðinga og því breiða fræðasviði sem byggt
hefur verið upp á sviðum jarðvísinda, orkuvísinda, verkfræði, eðlisfræði, líffræði,
hagfræði, vistfræði og auðlindafræði.

Ég nefndi í öðru lagi að við þyrftum í vaxandi mæli að treysta á samvinnu.
Íslendingar njóta velvildar og virðingar í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Við finnum
mikinn og vaxandi áhuga virtra mennta- og vísindastofnana og fyrirtækja á
samstarfi við Háskóla Íslands. Nýjasta dæmið er samningur sem ég undirritaði
fyrir hönd Háskólans fyrir í þessum mánuði við Auðlindastofnun Indlands. Af hálfu
stofnunarinnar undirritaði samninginn Rachendra Pachauri. Pachauri tók við
friðarverðlaunum Nóbels nýverið sem formaður vísindanefndar Sameinuðu
þjóðanna um loftslagsbreytingar. Þessi samningur, sem er gerður að frumkvæði

Pachauris, felur í sér víðtækt samstarf í rannsóknnum á umhverfismálum og auðlindanýtingu, orku- og jarðvísindum og sjálfbærri þróun.

Fram til þessa höfum við lagt mesta áherslu á uppbyggingu alþjóðlegs samstarfs við háskóla í Bandaríkjunum og Evrópu. Háskóli Íslands hefur til dæmis kappkostað að veita efnilegum stúdentum færi á að taka hluta af kennslu- og rannsóknþjálfun sinni við virtustu háskóla í Bandaríkjunum. Nýjasti samstarfs-samningur af því tagi er við California Institute of Technology / CalTech sem er einn af allra bestu háskólum í heiminum. Nemendur frá Háskóla Íslands munu starfa með vísindamönnum CalTech næsta sumar, og nemendur frá CalTech munu sækja okkur heim. Fyrir voru samningar við Harvard, Kaliforníuháskóla, Stanford, Columbia og aðra háskóla í fremstu röð.

Undanfarin misseri hefur vaxandi áhersla verið lögð á samstarf í þeim ríkjum heims þar sem búist er við hraðastri framþróun í efnahagslífi og vísindum á næstu áratugum. Þetta eru lönd á borð við Indland, Kína og Rússland.

Samstarfið við Auðlindastofnun Indlands er af þeim toga. Í vetur var einnig gengið til samstarfs við Fudan-háskóla í Shanghai í Kína, sem er tvímælalaust í allra fremstu röð þar í landi. Þetta samstarf er meðal annars á sviðum verkfræði og kínverskra fræða. Nemendur frá Háskóla Íslands sækja nú þegar námskeið við háskóla í Kína, Indlandi, Japan og Rússlandi. Með þessu alþjóðlega vísinda- og fræðasamstarfi verður Háskólinn sterkari, hann veitir stúdentum fjölpættari og betri menntun, mikilvæg tengsl skapast og grunnur er lagður að vaxandi framtíðarsamstarfi íslenskra fyrirtækja við þessi lönd.

Alþjóðlegt samstarf tekur á sig margar myndir – sú nýjasta birtist í því að Háskóli Íslands og tækniháskólinn í Grenoble veittu nýlega sameiginlega doktorsgráðu framúrskarandi frönskum stúdent í rafmagnsverkfræði. Hann sóttist eftir leiðbeinanda frá Háskóla Íslands og varði hluta af námstíma hér og hluta í Frakklandi.

Ég vík nú að þriðja þættinum sem ég tel skipta sköpum til að Háskóli Íslands geti sinnt hlutverki sínu – að tryggja að við nýtum hæfileika nýrra kynslóða til fulls, að kraftar allra fái notið sín. Þetta felur annars vegar í sér áherslu á að greiða sem flestum leið að menntun og námi óháð þjóðfélagsstöðu og aðstæðum og hins vegar áherslu á að opna nýjar leiðir þeim stúdentum, sem sýna afburðahæfileika, getu og vilja.

Menntamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvörp um leikskóla, grunn-skóla og framhaldsskóla þar sem báðir framangreindir áhersluþættir eru undir-strikaðir. Lögð er áhersla á aukna samfellu milli skólastiga, aukið sjálfstæði skólanna, og aukna virðingu fyrir verkmenntun. Með þessum frumvörpum ásamt lögum um háskóla sem tóku gildi 2006, og lögum um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands frá 2007 hafa stjórnvöld sett skýr markmið um að efla íslenskt menntakerfi í heild og að auka áherslu á gæðaeftirlit á öllum skólastigum.

Með nýju frumvörpunum er gert ráð fyrir úrræðum fyrir nemendur með ýmsar sérþarfir, jafnframt að auka sveigjanleika og greiða þeim leið sem sýna afburðagetu, vilja og áhuga.

Háskóli Íslands fagnar þessum áherslum og vill á næstu árum leggja sértakt lóð á þessa vogarskál. Við munum leggja okkur fram um að efla þjónustu við alla nemendur skólans, en jafnframt taka á málum þeirra sem hafa sérstakar þarfir varðandi stuðning og aðbúnað eða hafa sérstaka getu sem við þurfum að þjóna.

Mig langar að þessu sinni að ræða sérstaklega um mikilvægi þess að við sköpum farveg þar sem afburðanemendur geta fundið kröftum sínum farveg.

Ég nefndi hér að framan í tengslum við erlent samstarf hvernig Háskólinn er að opna þeim sem hafa getu og vilja nýjar leiðir til að stunda hér nám sem byggt er upp í samvinnu við vísinda- og menntastofnanir í fremstu röð.

Háskólinn vill ganga lengra og háskólaráð hefur nú samþykkt að setja á stofn afreks- og hvatningasjóð til styrktar afburðanemendum. Annars vegar verður um að ræða styrki til nemenda sem ná afburðarárangri á stúdentsprófi og innritast í Háskóla Íslands og hins vegar til nemenda sem skara fram úr í háskólanámi sínu eftir að hafa innritast. Úthlutað verður í fyrsta sinn í haust.

Þessi nýi sjóður kemur til viðbótar við aðra styrktarsjóði sem styðja afburðanemendur við Háskóla Íslands. Ég nefni örfá dæmi. Háskólasjóður Eimskipafélagsins, sem byggður er á framlögum Vestur-Íslendinga, er stærsti styrktarsjóður fyrir nemendur í framhaldsnámi. Fyrir atbeina Björgólfs Guðmundssonar hefur sjóðurinn orðið Háskóla Íslands nýr afgangi og styrkir afburðanemendur til doktorsnáms svo um munar. Auk þessara tveggja sjóða eru aðrir sem styðja stúdenta í einstökum greinum. Bent Scheving Thorsteinsson er mikill velgjörðarmaður Háskóla Íslands og hefur lagt samtals um 60 milljónir króna til þriggja styrktarsjóða: fyrir afburðanemendur í lyfjafræði, í barnalæknisfræði og til rannsókna á einelti. Ég nefni fleiri dæmi um sjóði sem stofnaðir hafa verið af einstaklingum eða til minningar um einstaklinga: Minningarsjóður Þorvaldar Finnbogasonar verðlaunar nemendur í verkfræði; Verðlaunasjóður Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi styrkir framúrskarandi námsárangur í eðlisfræði og efnafraði; Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur styrkir nemendur í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum; Þórsteinssjóður styrkir blinda stúdenta til náms; Steinmaur, sjóður Gunnars Björgvinssonar styrkir doktorsnema í nanótækni.

Þetta eru aðeins örfá af ótalmörgum dæmum um einstakt örlæti og skilning á mikilvægu hlutverki Háskóla Íslands. Að auki mætti nefna fjölmörg fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga, sem sýna skólanum einstaka velvild í formi styrkja við einstök uppbyggingarverkefni og vísindaverkefni. Margir sjóðir styrkja rannsóknir vísindamanna Háskóla Íslands og gefa þar með efnilegum stúdentum tækifæri til þátttöku.

Kæru kandiðatar og aðrir gestir.

Það er mikill hugur í starfsfólki og stúdentum í Háskóla Íslands þessa daga. Við erum að sækja fram og leggja grunn að glæsilegri framtíð skólans. Í desember tókum við í notkun glæsilegt húsnæði á Háskólatorgi, sem gerir kleift að efla til muna þjónustu við stúdenta, bæði faglega og félagslega. Um síðustu helgi stóðu Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameiginlega að námskynningu á Háskólatorgi þar sem kynntar voru námsleiðir í sameinuðum háskóla næsta haust. Þessi kynning var glæsilegt merki um þann kraft sem býr í kennurum og nemendum, sem skýrðu ungu og áhugasömu fólki frá þeim ótalmörgu tækifærum sem bjóðast. Mörg ykkar sem hér sitjið tókuð virkan þátt, og færi ég ykkur bestu þakki fyrir.

Auk þess að bæta aðbúnað og þjónustu erum við að breyta öllu skipulagi og stjórnkerfi skólans til að styrkja einingar hans til áframhaldandi sóknar.

Kæru kandiðatar.

Dagurinn í dag er ykkar dagur. Þið hafið lagt hart að ykkur í námi og náð settu marki með ómetanlegum stuðningi aðstandenda ykkar og kennara sem samfagna með ykkur hér í dag.

Fyrir hönd Háskóla Íslands óska ég ykkur hjartanlega til hamingju og þakka ykkur samfylgdina.

Ávarp rektors Háskóla Íslands við brautskráningu kandiðata 14. júní 2008

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, forsetafrú Dorritt Moussaieff, Frú Vígðís Finnbogadóttir, deildarforsetar, kandiðatar og fjölskyldur og aðrir góðir gestir.

Það er mér mikill heiður að fá að taka í hönd ykkar, kæru kandiðatar, á þessum hátíðardegi. Því þið eruð fyrirheit um þá framtíð sem Íslandi er búin. Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar hjartanlega til hamingju með daginn og vel unnið verk.

Háskóli Íslands vinnur nú markvisst eftir 5 ára markmiðsáætlun sem miðar að því að skólinn nái framúrskarandi árangri í kennslu og vísindum. Við höfum lagt alþjóðlega viðurkennda mælikvarða á starf okkar og fylgjumst grannt með hvernig gengur að ná settu marki. Nú þegar er árangur þessarar markmiðasetningar kominn berlega í ljós.

Við settum okkur að ná ákveðnum markmiðum á fimm árum. Þessi markmið fólu meðal annars í sér eftirfarandi:

Að tvöfalda fjölda birtra greina um niðurstöður vísindarannsókna í kröfuhörðustu alþjóðlegu tímaritum. Á tveimur árum hefur þessum birtingum fjölgað um 35%.

Að fjölga ungu og kraftmiklu vísindafólki, svokölluðum nýdöktorum, í störfum hjá Háskólanum, um 100% á 5 árum. Þeim hefur fjölgað um 50% á tveimur árum. Við settum okkur að fimmfalda fjölda útskrifaðra doktora. Með nýjungum í doktorsnámi, sem meðal annars gefa doktorsnemum færri á að stunda nám sem fullt starf, eru horfur á að skólinn nái markmiðum sínum.

Við vildum fjölga störfum í fræðasetrum Háskóla Íslands á landsbyggðinni um 100%. Á tveimur árum hefur fjölgunin þegar orðið um 60%.

Við settum okkur að auka sértekjur verulega. Þær hafa aukist um 33% á tveimur árum, og eru nú um þriðjungur af heildartekjum skólans.

Við settum okkur að endurskoða stjórnkerfi og alla innri uppbyggingu skólans. Það hefur nú tekist á undraskömmum tíma og nýtt skipulag og stjórnkerfi taka gildi 1. júlí.

Allt þetta eru mikilvægir áfangar í sókn skólans í hóp fremstu háskóla. Við sjáum að við getum það sem við setjum okkur.

Nú er komið að því að setja ný og mikilvæg áfangamarkmið í uppbyggingu Háskóla Íslands. Skólinn mun á næstu fimm árum byggja upp 4-6 afburðarannsóknasvið eða stofnanir. Þetta eru metnaðarfull áfangamarkmið. Þau eru hins vegar í samræmi við stefnumótun þeirra háskóla sem við viljum miða okkur við og grunnur að þessari nálgun var lagður með samningi Háskólans við menntamálaráðuneytið fyrir rúmu ári.

Ég tel að við eigum síðan að setja markið enn hærra og að í tengslum við uppbyggingu afburðasviða eigi skólinn að leggja áherslu á að að minnsta kosti eitt þessara sviða eða stofnana verði í hópi 10 fremstu á sínu sviði í heiminum. Þessari hugmynd þarf að vinna fjárhagslegan stuðning bæði til uppbyggingar og rekstrar. Þetta er dýrt verkefni og við þurfum að sækja töluverðan hluta þess fjármagns til alþjóðlegra styrktarsjóða og fyrirtækja.

Uppbygging af því tagi sem ég hef lýst mun draga að skólanum afburðavísindamenn og kennara, efla tengsl skólans við alþjóðlegar vísinda- og fræðastofnanir. Þetta verður öðrum deildum og sviðum jafnframt ómetanleg hvatning og stuðningur við að bæta stöðu sína. Þannig mun þetta beint og óbeint styrkja kennslu og gera skólann á alla lund betri. Störfum við skólann mun fjölga og fjöldi afleiddra starfa verður til úti í samfélaginu í krafti nýsköpunar sem þessi uppbygging leiðir af sér.

Við lifum nú erfiða umbrotatíma í atvinnu- og viðskiptalífi. Hlutverk Háskólans á slíkum tímum er sem endranær virk þátttaka í að leggja grunn að framtíðarvelferð samfélagsins. Grunnstoðir íslensks samfélags, þar á meðal menntakerfið, eru afar traustar og því full ástæða til bjartsýni á framtíðina. Háskólinn mun ekki standa hjá sem hlutlaus greinandi heldur taka fullan þátt. Nú er tími til að leggja nýjar línur, hugsa stórt og skapa.

Samstarf við virta háskóla og vísindastofnanir í Evrópu, Ameríku og Asíu er meðal helstu áherslupáttá í stefnu Háskólans. Þetta hefur aukist mjög á undanförunum misserum og styrkir skólann sem alþjóðlega menntastofnun.

Meðal þess sem nýtt er af nálinni má nefna að vísindamenn Harvard-háskóla í lýðheilsuvísindum koma nú til kennslu við Háskólann og til að leiðbeina nemendum. Námskeið í samkeppnishæfni var nú kennt í fyrsta sinn í samstarfi Harvard-háskóla og Viðskipta- og hagfræðideildar.

Rannsóknasamstarf milli vísindamanna Háskóla Íslands og California Institute of Technology/Caltech hefur eflst og stúdentar frá Háskóla Íslands fara í sumar og vinna rannsóknaverkefni, m.a. með Nóbelsverðlaunahöfum við Caltech.

Samstarf okkar við University of Minnesota eykst með hverju ári í mörgum greinum.

Eins og áður, komu kennarar frá MIT, Massachusetts Institute of Technology, til kennslu við Verkfræðideild.

Íslenskir stúdentar sækja nú námskeið við Fudan-háskóla í Shanghai, einn virtasta háskóla í Kína, sem hluta af náminu.

Eins og ég sagði fyrr er samstarf af þessu tagi afskaplega mikilvægt og styrkir Háskólann sem alþjóðlega menntastofnun. Það segir einnig sitt um alþjóðlega stöðu að kandidatar frá Háskóla Íslands eiga greiða leið til framhaldsnáms við allar bestu menntastofnanir í heiminum. Það er mælikvarði á gæði náms við Háskóla Íslands.

Góðir gestir.

Alþjóðavæðing viðskiptalífs og menningar er einn mikilvægasti kaflinn samfélagsþróunarinnar nú um stundir. Háskólinn undirstrikar hlutverk sitt í að búa samfélagið til slíkrar þátttöku með kennslu á sviði tungumála og rannsóknnum innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Spænska er það Vesturlandamál sem hefur langmesta útbreiðslu. Því er mikill ávinningur í stofnsetningu Cervantes-tungumálasetsins við Háskólann í samvinnu við stjórnvöld á Spáni.

Nýlega var stofnað Konfúsíusarsetur við Háskóla Íslands með stuðningi íslenskra og kínverskra stjórnvalda til að efla kennslu og rannsóknir í kínversku og kínverskum fræðum. Þá hafa vildarvinir stutt Háskólann til að bjóða kennslu í rússnesku og til að efla japönskukennslu til muna.

Skólinn gerði í vetur samstarfssamning við vísindastofnun Indlands sem Rachendra Pachauri, friðarverðlaunahafi Nóbels veitir forstöðu. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, átti mikinn þátt í að koma þeim tengslum á.

Í fyrradag veitti Háskóli Íslands Donna E. Shalala, fyrrverandi heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, heiðursdoktorsnafnbót vegna framlags til heilsuhagfræði og stjórnmálahagfræði. Shalala er nú rektor háskólans í Miami sem er hratt að sækja í hóp mikilvægustu menntastofnana Bandaríkjanna.

Sókn Háskóla Íslands miðar að því að gera skólann betri. En sóknin miðar einnig að því að gera góðan skóla aðgengilegan fyrir alla. Það er ánægjulegt að geta þess hér að tveir heyrnarlausir stúdentar útskrifuðust í dag, Kristinn Arnar Diego með BA-próf í félagsráðgjöf og Þórður Örn Kristjánsson með meistaraþróf í líffræði. Þórður Örn er brautryðjandi – hann er fyrsti heyrnarlausni nemandinn til að ljúka meistaranámi frá Háskóla Íslands.

Ágætu kandidatar.

Veturinn hefur verið okkur öllum viðburðaríkur. Gríðarlegur kraftur og vöxtur hefur verið í innra starfi Háskólans. Þetta endurspeglast í umræðu um skólann í samfélaginu og stórákinni aðsókn nýstúdentna.

Í skoðanakönnun Gallup í vetur kom fram að Háskóli Íslands nýtur trausts 90% þjóðarinnar. Þetta er meira traust en ríkir til nokkurrar annarrar stofnunar sem spurt er um. Þetta tel ég meðal annars skýringuna á mikilli aðsókn nýnema haustið 2008. Þrisvar sinnum fleiri vilja nú læra matvæla- og næringarfræði en á fyrra ári. Tvöfalt fleiri vilja læra rafmagns- og tölvuverkfræði. Sextíu og fimm prósent fleiri vilja í hagfræði, 40% í lögfræði, 43% í umhverfis- og byggingarverkfræði. Töluverð aukning er einnig í aðsókn að félagsráðgjöf, stjórnmálafræði, sagnfræði og í Íslensku- og menningardeild.

Góðir gestir.

Það er ekki einasta mikil gróska í innra starfi Háskólans og alþjóðlegu samstarfi. Umgjörðin hefur líka gjörbreytst. Í vetur opnuðum við Háskólatorg, nýtt 10 þúsund fermetra húsnæði sem hefur gjörbreytt lífi okkar allra í háskólasamfélaginu. Við höfum nú lokið undirbúningi fyrir byggingu 20.000 fermetra í Vísindagörðum þar sem 4 öflug verkfræðifyrirtæki verða til húsa í nánum tengslum við verkfræðideildir skólans.

Eftir að hefðbundinni háskólakennslu og prófum lauk nú í vor, hefur Háskólatorgið og lóðin öll iðað af lífi. Unglingar á aldrinum 12-15 ára komu til að læra í Háskóla unga fólksins og lögðu stund á lögfræði, sálfræði, matvæla- og næringarfræði, japönsku, hugbúnaðarverkfræði, stjarnfræðisfræði og margt fleira.

Þann 1. júlí næstkomandi verða mikilvæg þáttaskil í starfi Háskóla Íslands. Nýtt skipulag og stjórnkerfi tekur gildi og Kennaraháskólinn og Háskóli Íslands

sameinast. Við þessa sameiningu verður til 13.000 manna samfélag stúdenta, kennara, vísindamanna og annars starfsfólks. Þegar háskólarnir tveir leggja saman þekkingarauðlegð sína verður samtalan meiri en summa eininganna. Nýr Háskóli Íslands skiptist í fimm ný fræðasvið: Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Forsetar fræðasviðanna fimm verða ráðnir fyrir 1. september. Innan hvers sviðs verða þrjár til sex deildir, sumar óbreyttar frá því sem nú er, aðrar nýjar. Markmið með skipulagsbreytingum er að styrkja sókn skólans, gera stjórnslu skilvirkari og bæta þjónustu við nemendur og kennara.

Kæru kándídatar.

Háskóli Íslands stendur á tímamótum og á fyrir höndum mikið verk á nýjum vettvangi. Hið sama gildir í ykkar lífi. Þið hafið nú lokið ströngum áfanga og standið líka á tímamótum. Ég vona að Háskólinn hafi búið ykkur vel til að takast á við næsta áfanga og að hér hafið þið hnýtt bönd vináttu við samstúdenta ykkar og kennara sem endast út lífið.

Það skiptir Háskólann miklu að eiga vináttu ykkar og stuðning, – að skólinn verði áfram og um alla tíð ykkar skóli.

Fyrir hönd Háskóla Íslands þakka ég ykkur samfylgdina og óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar gæfu og góðs gengis í því sem fram undan er.

Ávarp rektors Háskóla Íslands við brautskráningu kándídata 25. október 2008

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, frú Vígðís Finnbogadóttir, fyrrverandi rektorar, kándídatar og fjölskyldur, aðrir góðir hátíðargestir.

Ég óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju með þennan útskriftardag, sem ber upp á fyrsta dag vetrar. Einhverjum kann að finnast að vetrarkoman kallist nú með táknrænum hætti á við þann skyndilega efnahagsvetur sem sest hefur að okkur hér. En þá er útskrift þessara glæsilegu kándídata eins og áminning um vor sem jafnan fylgir vetri. Ný kynslóð, nýr hópur kándídata er jafnan von okkar og víska um endurnýjun, góð von um gott vor.

Háskóli Íslands hefur verið ein af grunnstoðum samfélagsins, fyrst í sjálfstæðisbaráttu og svo allan lýðveldistímum. Nú á erfiðleikatímum spyrjum við hvernig Háskólinn geti orðið afstöð sem knúið getur samfélagið upp úr öldudal og til nýrrar framfarasóknar.

Í starfi sínu þjónar Háskólinn jafnt efninu og andanum. Hann sinnir verkefnum sem leggja grunn að efnahagslegri velferð, og verkefnum sem miða að því að gera samfélagsgerðina og mannlífið betra. Nú þegar við þurfum að bregðast við breyttum kringumstæðum og mótlæti þjónar Háskólinn okkur best ef við eflum jafnt báða þessa þætti í starfi hans. Háskólinn er vel í stakk búinn að sinna þessu starfi. Hann vinnur í samræmi við skýr stefnumarkmið og við höfum breytt öllu innra skipulagi skólans og stjórnkerfi til þess að geta beitt honum af meiri krafti til að ná þessum markmiðum.

Efnahagsleg velferð á Íslandi, lífskjörin, mun batna í hlutfalli við þau verðmæti sem hér verða sköpuð á næstu árum. Við þurfum að auka framleiðni í þeim atvinnugreinum sem fyrir eru og við verðum að skapa nýtt.

Ég tel að Háskóli Íslands eigi að leggja enn aukna áherslu á nýsköpunarverkefni á öllum sviðum vísinda og fræða innan skólans. Markmiðið er að skólinn geti ungað út hugmyndum, verkefnum og sprotafyrirtækjum sem verði nýr þáttur í atvinnulífinu. Til að þetta gerist munum við styrkja enn umgjörð nýsköpunarverkefna til að hraða þróun þeirra og auka líkur á að þau verði að fullburða fyrirtækjum sem láti að sér kveða í atvinnu- og verðmætaskapandi starfsemi.

Á sínum tíma varð stórfyrirtækið Marel til sem afsprengi rannsóknaverkefnis innan Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands undir stjórn Rögnvaldar Ólafssonar eðlisfræðings. Hann leiddi saman fólk sem þekkti til í fiskvinnslu og nemendur og kennara sem þekktu til eðlisfræði og tölvutækni. Samræða þessa fólks gat af sér hugmynd, sem á endanum varð að stóru alþjóðlegu fyrirtæki.



Sprotafyrirtækjum, sem hafa verið stofnuð innan Háskóla Íslands, hefur fjölgað talsvert á undanförunum árum. Mig langar að nefna tvö dæmi um slík fyrirtæki sem nú eru að hasla sér völl.

Fyrirtækið Oxymap var stofnað af vísindamönnum í læknisfræði og verkfræði við Háskólann til að þróa tækjabúnað sem getur metið blóðþurrðarsjúkdóma í augnbotnum með stafrænni myndvinnslu. Tæknin nýtist við meðhöndlun á sykursýki, bláæðastíflum í sjónhimnu og gláku og metur einnig áhrif lyfja og leysimeðferðar.

Annað srotafyrirtæki, BP lífefni ehf., var stofnað af vísindamönnum Háskóla Íslands í sameindalíffræði. Fyrirtækið vinnur að þróun lyfja sem drepa bakteríur með því að örva framleiðslu bakteríudrepandi peptíða í líkamanum.

Frumkvöðlarnir, sem standa að þessum srotafyrirtækjum innan Háskólans, hafa aflað innlendra og erlendra styrkja til rannsókna. Þær hafa getið af sér hagnýtar niðurstöður sem fyrirtækin eru grundvölluð á. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar hafa lagt til fjármagn á síðari stigum. Háskóli Íslands hefur fóstorað fyrirtækin, lagt þeim til aðstöðu og fé til rannsókna og opnað möguleika á samstarfi við nemendur í meistara- og doktorsnámi. Þessi verkefni hafa getað nýtt sér alþjóðlegt tengslanet skólans og fengið aðstoð við undirbúning og umsóknir vegna einkaleyfa.

Fyrr í þessari viku var greint frá því að srotafyrirtæki stúdenta, CLARA, hefði hlotið verðlaun á norrænu nýsköpunarþingi. Fyrirtækið var stofnað af stúdentum í vélaverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, tölvunarfræði, sálfræði, viðskiptafræði og ensku. Það beitir gervigreind til að greina upplýsingar úr skoðanakönnunum á netinu og nýtir aðferðina í markaðsrannsóknir. Srotafyrirtækið hefur þegar vakið athygli erlendra fjárfesta.

Í gær varði ungur kandiðat doktorsritgerð í vélaverkfræði hér við skólann í samstarfi við fyrirtækið Össur. Annar andmælandinn við doktorsvörðina, prófessor við Kaliforníuháskóla, hrósaði verkefninu mjög og hvatti til þess að sú aðferð sem fundin var upp í doktorsverkefninu yrði þegar í stað varin með einkaleyfi.

Það er hlutverk Háskóla Íslands að finna og örva rannsóknarverkefni sem geta orðið vísir að srotafyrirtækjum. Það er líka hlutverk Háskólans að leggja á ráðin um uppbyggingu til framtíðar og læra af reynslu annarra. Fyrir rúmum fimmtán árum urðu Finnar fyrir reynslu, sem um margt svipar til þess sem við Íslendingar göngum nú í gegnum.

Finnar höfðu byggt efnahagslíf á náttúruauðlindum, en nú bætist fjármálaþjónusta við eftir einkavæðingu. Fasteignaverð hækkaði ört, einkaneysla var mikil og almenn velsæld. En skjótt skipuðust veður í lofti. Fjármagn flæddi út úr landinu meðal annars í kjölfar sameiningar Þýskalands og vaxtahækkunar þar. Í efnahagshruninu lentu bankar og fyrirtæki í miklum hremmingum, fjöldi fyrirtækja varð gjaldþrota, atvinnuleysi jókst og varð rétt undir 20% af vinnuafli. Einkaneysla snöggminkaði og velferð hnignaði.

En Finnar sáu tækifæri til að byggja upp efnahagslíf á nýjum grunni bættrar menntunar, rannsókna og tækni framfara. Innan tíu ára frá hruninu voru útgjöld þeirra til rannsókna og þróunar orðin með því hæsta sem þekktist í heiminum. Aðsókn í háskóla var meiri en í flestum ríkjum OECD. Hvergi lögðu hlutfallslega fleiri stund á rannsóknir og vísindi. Ný og öflug fyrirtæki urðu til á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni og Finnar sköruðu brátt fram úr á þessu sviði. Það má til dæmis ætla að hér í salnum sé þriðji hver maður með ónefnda tegund finnskra farsíma.

Nú leita Íslendingar nýrra leiða eftir mesta efnahagsáfall í sögu lýðveldisins. Þá horfa margir til þessarar reynslu Finna. Stefna Háskóla Íslands, sem felur í sér að hraða uppbyggingu vísindastarfs og að stórefla rannsóknatengt framhaldsnám, örva nýsköpun í vísindum og styðja við srotafyrirtæki vísindamanna og nemenda, er í fullkomnum takti við finnsku leiðina. Íslensk stjórnmöld hafa stutt þessa stefnu og gert samning við Háskólann um aukin fjárframlög háð árangri skólans.

Markmið í stefnumótun Háskóla Íslands er að komast í hóp 100 bestu háskóla í heiminum. Til að meta hvar háskólar standa eru ýmsir mælikvarðar lagðir á starf

skólanna. Á sumum þessara mælikvarða stendur Háskóli Íslands nú jafnfætis skólum sem náð hafa inn á þennan lista. Á öðrum sviðum eigum við lengra í land en sækjum hratt fram. Þessi stefnumörkun Háskólans er því fyllilega raunhæf. Við höfum hér í næsta nágrenni gott dæmi um hvað hægt er að gera með skýrum markmiðum og kraftmikilli vinnu. Háskólinn í Árósum í Danmörku komst í haust inn á 100 háskóla listann. Norðurlöndin eiga nú samtals 8 háskóla á þessum lista.

Það er brýnt að Háskóli Íslands haldi fast við stefnu um afburðaárangur í menntun, vísindum og nýsköpun. Þegar þessi stefna var mótuð töldum við hana skipta miklu til að auka áfram velferð samfélagsins. Við þær kringumstæður sem nú ríkja er hún lífsnauðsynleg.

Góðir gestir.

Margir segja að sú barátta sem við Íslendingar þurfum að heyja á næstu misserum og árum sé í raun ný sjálfstæðisbarátta. Við erum lítil þjóð með laskað efnahagslíf. En barátta okkar fyrir sjálfstæði í heimi alþjóðavæðingar viðskipta og menningar er ekki aðeins efnahagsleg barátta. Hún snýst jafn mikið um sjálfstæða tilveru okkar sem þjóðar, menningarlegt sjálfstæði, sjálfsvitund og sjálfstraust.

Einnig hér leggur Háskólinn þung lóð á vogarskálarnar. Hann fjallar um, rannsakar og leitast við að styrkja menningu, tungu og sögu þjóðarinnar, hagkerfi og alla félagsbyggingu, þar með talið heilbrigðis- og menntakerfi. Þegar við hefjum uppbyggingu og nýja sókn ríður á að efla skólann í öllu þessu starfi. Þannig skapar hann þá breidd og þann styrk sem þjóðin þarf til að ná nýrri fótfestu.

Í því uppbyggingarstarfi í hagsýslu og stjórnsýslu, sem fyrir höndum er, hefur Háskóli Íslands á að skipa afburðaliði fræðimanna í hagfræði, lögfræði, viðskiptafræði, stjórn málafræði og félagsfræðum. Við sem þjóð þurfum í raun að skapa nýjan grunn viðskipta, hagstjórnar og reglufestu í fjármálalífi og efla og auka traust á grunnstofnunum samfélagsins. Þar hafa fræðimenn háskólans miklu hlutverki að gegna.

Ég nefndi hér að framan alþjóðavæðingu viðskipta- og menningarlífs. Þetta er eitt af því sem ekki mun breytast, þrátt fyrir stöðnun og jafnvel samdrátt í heimbúskapnum.

Það er því áfram hlutverk og hlutskipti Háskólans á ýmsum sviðum hugvísinda að gera okkur sem þjóð færari til þátttöku í þessum alþjóðavædda heimi. Við göngum sterkust til leiks á alþjóðlegum vettvangi ef okkar eigin menning er í senn sterk og opin. Það fylgir kreppunni ákveðin hættu. Það getur kreppt svo að í þjóðarsálinni að við hneigjumst til einangrunar, tortryggni og innilokunar. Á Hugvísindasviði Háskólans er afar fjölbætt starfsemi á sviði íslenskra fræða, tungumálakennslu, menningarrýni, bókmenntafræði, kvikmyndufræði, listfræði og fleiri þátta sem í senn byggja undir stolt okkar og sjálfsöryggi vegna eigin menningar en stuðla á sama tíma að því að við skiljum stöðu okkar í samhengi við aðrar þjóðir. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, sem leggur áherslu á tungumálakunnáttu og læsi á menningu og samfélag þeirra þjóða sem málin tala, vinnur nú að því að byggja upp alþjóðlega miðstöð tungumála á Íslandi.

Kæru kandiðatar.

Ég nefndi áðan í einni andrá vetrarkomuna og efnahagsveturinn sem hefur sest að okkur. En ég nefndi líka að þið, hin nýja kynslóð, eruð von okkar um vor, áheit um endurnýjun.

Þið eruð kynslóðin sem tekur við og reisir merkið. Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar, sem margar eru hér með ykkur í salnum, til hamingju með þann mikilvæga árangur sem þið hafið náð. Ég þakka ykkur samfylgdina hér við Háskóla Íslands og óska ykkur gæfu og guðs blessunar.

Ávarp rektors við sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands

1. júlí 2008

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, háskólaráð Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, rektorar annarra háskóla.

Góðir gestir.

Ég vil byrja á því að þakka menntamálaráðherra fyrir hlý orð í garð sameinaðs Háskóla Íslands og fyrir að opna nýja vefinn fyrir okkur. Ég vil einnig þakka henni fyrir að afhjúpa nýtt skilti við Stakkahlíð í morgun.

Sameining háskólanna og nýtt skipulag og stjórnkerfi, sem tekur gildi í dag, styrkir það mikilvæga starf sem er unnið í skólunum báðum. Sameiningin gefur einstakt tækifæri til að efla menntun kennara á öllum skólastigum og rannsóknastarf í uppeldis- og menntavísindum og skapar þannig forsendur til að efla íslenska skólakerfið í heild. Á Menntavísindasviði, sem og á öðrum fræðasviðum nýs háskóla, verður tekið mið af því besta sem þekkist í alþjóðlegum háskólum.

Gæði kennaramenntunar og virðing sem kennarar njóta í samfélaginu skiptir sköpum þegar kemur að því að styrkja námsframmistöðu nemenda og glæða áhuga þeirra á viðtækri þekkingaröflun, m.a. í tækni- og raunvísindum. Kennarar geta ráðið úrslitum um velferð og afdrif þeirra sem skapa framtíðina. Störf kennara hljóta því, að öðrum ólöstuðum, að vera einhver mikilvægustu störf samfélagsins.

Það er ekki einfalt að sameina tvær öflugar, aldargamlar stofnanir.

Menntamálaráðherra á lof skilið fyrir frumkvæði og forystu og fyrir vandað verklag við undirbúning. Í upphafi var leitað álits í báðum háskólunum og þeir fengnir til að taka þátt í að skilgreina kosti og galla sameiningar. Skólarnir komu síðan að öllu ferlinu fram að gerð frumvarps til laga um sameinaðan háskóla. Þetta góða skipulag, samráð og rúmur tími sem var til stefnu hefur gefið skólunum og starfsfólki þeirra tækifæri til að kynnst betur og sjá og skilja þau tækifæri sem sameiningin skapar.

Ég vil þakka öllum sem hafa starfað að sameiningunni af miklum krafti eftir að hún var ákveðin. Ég þakka Steinunni Halldórsdóttur verkefnisstjóra og verkefnisstjórn skipaðri fulltrúum beggja háskóla og einnig þeim fjölmörgu starfsmönnum og stúdentum sem unnið hafa að samþættingu faglegra málefna, tæknilegum úrlausnum og umbótarverkefnum.

Þá vil ég þakka þeim sem hafa lagt nótt við dag til að gera okkur kleift að opna nýjan vef hins sameinaða háskóla hér í dag. Vefurinn er ætlaður nemendum, kennurum og almenningi sem skólinn er í nánu sambandi við á degi hverjum.

Ég nefndi hér í upphafi að auk sameiningar háskólanna tæki í dag gildi endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Hið nýja skipulag endurspeglar stefnu skólans og er ætlað að tryggja framgang hennar. Skipan skólans í fimm sterk fræðasvið gefur færi á að efla skólann faglega, auka þjónustu við nemendur, skapa kennurum öflugra bakland, nýta fjármuni betur, gera stjórnsýslu skilvirkari og í stuttu máli styrkja Háskólann til samvinnu við atvinnulífið í landinu og til samstarfs á alþjóðavísu. Ég vil þakka af einlægni öllum þeim fjölmörgu innan skólans sem komið hafa að skipulagsbreytingunum og lagt sig fram um að tryggja farsælan framgang þeirra.


Það er ekki sjálfgefið að háskóli í fámennu ríki í miðju Atlantshafi sé eftirsóttur til samstarfs við virtustu háskóla, stofnanir og fyrirtæki í heimi. Það er ekki sjálfgefið að nemendur sem útskrifast úr slíkum háskóla eigi greiða leið í framhaldsnám í kröfuhörðustu alþjóðaháskóla. Það er ekki sjálfgefið að kennarar við slíkan háskóla skili afburðaárangri í vísindum og séu eftirsóttir til kennslu við virtustu háskóla í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Þessi árangur hefur náðst vegna þess að við höfum á að skipa framúrskarandi starfsfólki, – fólki sem er reiðubúið að leggja mikið á sig til að ná árangri og vinna að markmiðum sem eru í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru mestar í alþjóðlegu háskólasamfélagi. Skipulagsbreytingarnar nú eru ekki síst gerðar til að styðja við störf þessara

kraftmiklu einstaklinga.

Góðir gestir.

Ólafur Proppé hverfur nú úr embætti rektors Kennaraháskóla Íslands og hefur ákveðið við þessi tímamót að láta af störfum. Ég færi honum þakkir fyrir þá mikilvægu sýn hans að þessar tvær stofnanir geti náð lengra saman en hvor í sínu lagi. Árið 2002 bar Ólafur upp hugmynd um sameiningu háskólanna við Pál Skúlason, þáverandi rektor Háskóla Íslands, sem tók hugmyndinni vel. Í kjölfar var unnin skýrsla sem stuðst hefur verið við í sameiningarferlinu nú. Það hefur verið einstæð upplifun að kynna Ólafi, sýn hans og heilindum. Þáttur Ólafs hefur skipt gríðarlega miklu við að tryggja sátt um þetta umfangsmikla verkefni. Háskóli Íslands óskar Ólafi gæfu og góðs gengis í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur í framtíðinni.

Í vetur bauð Ólafur háskólaráði og deildarforsetum Háskóla Íslands í heimsókn á Laugarvatn, þar sem Íþróttfræðasetur Kennaraháskólans – nú Menntavísindasviðs – er til húsa. Þar tók kennari einn, og sjálfur afreksmaður í íþróttum, til máls og sagði: „Við hér á Laugarvatni hlökkum til að komast í ykkar lið“. Ég ætla að taka undir með honum nú, og segi við allt starfsfólk og nemendur hins nýja sameinaða Háskóla Íslands: „Velkomin í nýtt lið. Við skulum saman setja markið hátt og fylgja fast eftir.“



Brautskráðir kandídatar

Brautskráning kandídata laugardaginn 23. febrúar 2008

Laugardaginn 23. febrúar 2008 voru
eftirtaldir 336 kandídatar brautskráðir
frá Háskóla Íslands.

Guðfræðideild (3)

Embættispróf í guðfræði (1)
Grétar Halldór Gunnarsson

BA-próf í guðfræði (1)
Haraldur Hreinsson

BA-próf í guðfræði - djáknanám (30e) (1)
Ólöf Ingibjörg Davíðsdóttir

Læknadeild (3)

MS-próf í líf- og læknavísindum (3)
Berglind Gísladóttir
Linda Viðarsdóttir
Margrét S Sigurðardóttir

Lagadeild (22)

Meistarapróf í lögfræði (6)
Agnar Þór Guðmundsson
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir
Hrannar Már Sigurðsson Hafberg
Ívar Bragason
Jóhann Magnús Jóhannsson
Kristín Rannveig Snorradóttir

Kandídatspróf í lögfræði (3)
Erna Jónsdóttir
Valgerður Rún Benediksdóttir
Þorsteinn Magnússon

BA-próf í lögfræði (13)
Almar Þór Möller
Ágúst Ingvarsson
Dagbjört Hákonardóttir
Eldjárn Árnason
Freyr Björnsson
Gísli Örn Kjartansson
Guðrún Edda Guðmundsdóttir
Inga Pórey Óskarsdóttir
Ingunn Anna Hjaltadóttir
Margrét Rósa Pétursdóttir
Oddur Magnús Sigurðsson
Ólafur Páll Ólafsson
Sigrún Jóhannsdóttir

Viðskipta- og hagfræðideild (69)

MS-próf í hagfræði (3)
Einar Bergur Ingvarsson
Guðrún Sóley Gunnarsdóttir
Hrafn Steinarsson

MS-próf í heilsuhagfræði (2)
Hrefna Sigurðardóttir
Jakob Jóhannsson

MS-próf í viðskiptafræði (12)
Ásdís Björg Jónsdóttir
Birna Ósk Einarsdóttir
Einar Svansson
Hugi Sævarsson
Ingibjörg Sigþórsdóttir
Oddur Ingimarsson
Sigríður Ólafsdóttir
Sigrún Hallgrímsdóttir
Sturla Geirsson
Sveinn Aðalsteinsson
Viðar Káráson
Þorbjörg Gunnarsdóttir

MA-próf í mannaúdsstjórnun (8)
Ester Rós Gústavsdóttir
Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir
Hulda Björk Halldórsdóttir
Lea Kristín Guðmundsdóttir
Soffía Sveinsdóttir
Una Björg Einarsdóttir
Þórdís Ágústa Ingólfssdóttir
Þórunn Eggertsdóttir

*M.Acc.-próf í reikningshaldi og
endurskoðun (11)*
Arnar Kristinn Þorkelsson
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir
Elín Hanna Pétursdóttir
Ester Sif Harðardóttir
Hrafnhildur Kristjánsdóttir
Hulda Sigurbjörnsdóttir
Ólafur Pálsson
Pétur Hansson
Signý Magnúsdóttir
Stefán Þórhallur Björnsson
Sveinn Rúnar Reynisson

Kandídatspróf í viðskiptafræði (3)
Erla Símonardóttir
Guðrún Þóra Hálfdrámsdóttir
Kristín Fanney Þorgrímsdóttir

BS-próf í viðskiptafræði (21)
Ari Guðmundsson
Árni Ólafur Jónsson
Birgir Guðmundsson
Birta Mogensen
Bogi Hauksson
Brynjar Smári Rúnarsson
Einar Sverrir Sigurðsson
Guðbjörg G Sveinbjörnsdóttir
Haukur Ingi Hjaltalín
Heiðrún Þráinsdóttir

Inga Valdíís Þorvaldsdóttir
Jóhannes Guðni Jónsson
Kristín Skúladóttir
Ólafur Björnsson
Ragnhildur Lilja Ásgeirsdóttir
Sigrún Helga Pétursdóttir
Sigurást Heiða Sigurðardóttir
Steinar Örn Erlendsson
Teitur Þór Ingvarsson
Una Sveinsdóttir
Þuríður Guðmundsdóttir

BS-próf í hagfræði (8)
Andri Örn Jónsson
Anna Sigríður Halldórsdóttir
Ásgerður Ósk Pétursdóttir
Gísli Björn Björnsson
Hinrik Arnarson
Ingi Þór Þ Wium
Kristín Eiríksdóttir
Tryggvi Guðmundsson

BA-próf í hagfræði (1)
Ásgeir Tryggvason

Hugvísindadeild (61)

MA-próf í ensku (3)
Hulda Kristín Jónsdóttir
Marion Elizabeth Scobie
Sigríður Helga Sverrisdóttir

MA-próf í fornleifafræði (1)
Ragnheiður Gló Gylfadóttir

MA-próf í hagnýtri menningarmiðlun (1)
Sigrún Jónsdóttir

MA-próf í íslenskum bókmenntum (1)
Helga Birgisdóttir

MA-próf í miðaldafræðum (2)
Marina Belejkanicová
Samantha Rideout

MA-próf í þýðingarfræði (1)
María Vigdíís Kristjánsdóttir

M.Paed.-próf í íslensku (1)
Vilborg Birna Þorsteinsdóttir

M.Paed.-próf í sagnfræði (1)
Birna Björnsdóttir

*BA-próf í tveimur aðalgreinum:
- almenn bókmenntafræði og sænska (1)*
Ragnar Ólafsson

BA-próf í almennri bókmenntafræði (7)
Bryndís Vilbergisdóttir
Greta Ósk Óskarsdóttir
Hilmar Örn Óskarsson
Kristín Stella Lorange
Margeir Gunnar Sigurðsson
Sigrún Margrét Guðmundsdóttir
Steingrímur Karl Teague

BA-próf í Austur-Asíufræðum (1)
Loftur Þórarinnsson

BA-próf í dönsku (2)
Guðrún Helgadóttir
Linda Margrét Lundbergisdóttir

BA-próf í ensku (8)
Anna Rut Bjarnadóttir
Freyja Theresa Ásgeirsson
Hafsteinn Mar Sigurbjörnsson
Hjördís Kolbrún Rögnvaldsdóttir
Ragnar Egilsson
Sigríður Aðils Magnúsdóttir
Tryggvi Heiðar Gunnarsson
Una Sighvatsdóttir

BA-próf í fornleifafræði (2)
Ármann Guðmundsson
Óskar Leifur Arnarsson

BA-próf í frönsku (4)
Jóna Harpa Gylfadóttir
Jóna Sólveig Magnúsdóttir
Margrét Óskarsdóttir
Svala Ísfeld Ólafsdóttir

BA-próf í heimsspeki (5)
